Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af búvélum		930 600
Tryggingastofnun ríkisins	930 600	
Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs		1 418 000
Atvinnuleysistryggingasjóður	1 418 000	
Jöfnunargjald		389 000
Iðntæknistofnun Íslands	125 000	
Iðnþróun	76 000	
Efling iðnaðar og tækninýjungar	30 000	
Útflutningsmiðstöð iðnaðarins	67 400	

	Þús. kr.	Þús. kr.
Iðnrekstrarsjóður	63 600	
Athugun á orkufrekum iðnaði	15 000	
Ullar- og skinnaverkefni	12 000	
Gjald af seldum vindlingum		68 000
Landgræðslusjóður	19 380	
Krabbameinsfélag Íslands	19 380	
Íþróttasamband Íslands	14 620	
Slysavarnafélag Íslands	14 620	
Sérleyfisgjald		24 000
Sérleyfissjóður	24 000	
Hluti rekstrarhagnaðar ÁTVR		9 000
Gæsluvistarsjóður	9 000	
Útflutningsgjald af sjávarafurðum		311 300
Byggingarsjóður hafrannsóknaskips	112 070	
Bygging rannsóknastofna sjávarútvegsins	12 450	
Framleiðslueftirlit sjávarafurða	186 780	
Gjald af eyðublöðum heillaskeyta		400
Krabbameinsfélag Íslands	400	
Vitagjald		18 000
Vita- og hafnamálastofnunin	18 000	
Skipaskoðunargjald		11 000
Siglingamálastofnun ríkisins	11 000	
Bifreiðaskattur		3 350 000
Vegasjóður	3 350 000	
Skipulagsgjald		187 400
Skipulagsstjóri	187 400	
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H.Í.		145 400
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	145 400	
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða		200 000
Ríkisábyrgðasjóður	200 000	
Sérlyfjagjald		8 000
Lyfjaskrárnefnd um sérlyfjaeftirlit	8 000	
Samúðarskeyti Landssímans		18 000
Minningarsjóður Landspítalans	18 000	
Rafmagnseftirlitsgjald		239 400
Rafmagnseftirlit ríkisins	239 400	
Verðjöfnunargjald		2 900 000
Orkusjóður	2 900 000	
Markaðir tekjustofnar skv. tekjuáætlun		38 336 500
Markaðir tekjustofnar skv. gjaldaáætlun	36 677 600	
Skerðing tekjustofna, sbr. greinargerð	1 658 900	
Samtals	**38 336 500**	**38 336 500**

10. Tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa

Skipting eftir viðtakendum

		Þús. kr.
01 171	Byggðasjóður:	
	Álgjald	395 000
02 276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:	
	Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis H.Í.	145 400
02 974	Sinfóníuhljómsveit Íslands:	
	Hluti skemmtanaskatts	27 000
02 976	Menningarsjóður:	
	Miðagjald	37 000
02 985	Félagsheimilasjóður:	
	Hluti skemmtanaskatts	218 700
02 989	Íþróttasamband Íslands:	
	Hluti gjalds af seldum vindlingum	14 620
04 271	Landgræðslusjóður:	
	Hluti gjalds af seldum vindlingum	19 380
05 215	Framleiðslueftirlit sjávarafurða:	
	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	186 780
05 271	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips:	
	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	112 070
05 272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins:	
	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	12 450
07 271	Húsnæðismálastofnun ríkisins:	
	Hluti af eignarskatti	63 750
	Launaskattur	8 111 550
	Hluti af eignarskatti einstaklinga, eignarskatti félaga, tekjuskatti einstaklinga, tekjuskatti félaga og aðflutningsgjöldum	759 900
07 301	Skipulagsstjóri ríkisins:	
	Skipulagsgjald	187 400
07 971	Erfðafjársjóður:	
	Erfðafjárskattur	327 200
07 999	Slysavarnafélag Íslands:	
	Hluti gjalds af seldum vindlingum	14 620
08 271	Tryggingastofnun ríkisins:	
	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	5 625 000
	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættugjöld af trillubátum og búvélum	930 600
08 273	Atvinnuleysistryggingasjóður:	
	Atvinnuleysistryggingasjóðsgjald	1 418 000
08 399	Lyfjanefnd og sérlyfjaeftirlit:	
	Sérlyfjagjald	8 000
08 399	Krabbameinsfélag Íslands:	
	Hluti gjalds af seldum vindlingum	19 380
	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	400
08 399	Minningarsjóður Landspítalans:	
	Samúðarskeyti Landssímans	18 000
08 471	Gæsluvistarsjóður:	
	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	9 000
09 971	Ríkisábyrgðasjóður:	
	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	200 000

		Þús. kr.
10 211	Vegagerð ríkisins:	
	Gúmmígjald	107 000
	Innflutningsgjald af bensíni	10 700 000
	Bifreiðaskattur	3 350 000
10 332	Vitamál:	
	Vitagjald	18 000
10 341	Siglingamálastofnun ríkisins:	
	Skipaskoðunargjald	11 000
10 672	Sérleyfissjóður:	
	Sérleyfisgjald	24 000
11 201	Iðntæknistofnun Íslands:	
	Hluti af jöfnunargjaldi	125 000
11 203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins:	
	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	78 000
11 221	Iðnrekstrarsjóður:	
	Hluti af jöfnunargjaldi	63 600
11 235	Útflutningsmiðstöð iðnaðarins:	
	Hluti af jöfnunargjaldi	67 400
11 299	Efling iðnþróunar og tækninýjungar:	
	Hluti af jöfnunargjaldi	30 000
11 299	Athugun á orkufrekum iðnaði:	
	Hluti af jöfnunargjaldi	15 000
11 299	Ullar- og skinnaverkefni:	
	Hluti af jöfnunargjaldi	12 000
11 299	Iðnþróun:	
	Hluti af jöfnunargjaldi	76 000
11 301	Rafmagnseftirlit ríkisins:	
	Rafmagnseftirlitsgjald	239 400
11 371	Orkusjóður:	
	Verðjöfnunargjald	2 900 000
		36 677 600

11. Hlutfallsleg skipting ríkistekna eftir tegund skatta og gjalda

		%
Beinir skattar		19,2
Eignarskattar	2,3	
Tekjuskattar	16,9	
Óbeinir skattar		79,0
Gjöld af innflutningi	19,4	
Gjöld af framleiðslu	7,3	
Gjöld af seldri vöru og þjónustu	46,6	
Aðrir óbeinir skattar	5,7	
Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta		0,3
Ýmsar tekjur		1,5
	Samtals	100,0

12. Samanburður á fjárveitingum samkvæmt ríkisreikningi 1978, fjárlögum 1979 og frumvarpi til fjárlaga 1980, eftir ráðuneytum og stofnunum (A-hluti)

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**	**1 233 445**	**1 505 668**	**2 171 741**
101	Embætti forseta Íslands	52 669	65 056	88 878
201	Alþingi	1 002 807	1 248 195	1 802 074
301	Ríkisstjórn	126 878	127 552	171 617
401	Hæstiréttur	51 091	64 865	109 172
01	**Forsætisráðuneyti**	**2 228 925**	**2 746 429**	**3 038 461**
101	Aðalskrifstofa	113 138	136 725	177 168
102	Þjóðhagsstofnun	66 006	78 363	113 854
171	Byggðasjóður, framlag	2 004 000	2 458 000	2 635 000
901	Húsameistari ríkisins	28 395	42 281	65 175
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd	14 511	31 060	47 264
999	Ýmislegt	2 875	—	—
02	**Menntamálaráðuneyti**	**26 607 229**	**32 368 107**	**46 643 683**
101	Aðalskrifstofa	310 584	370 818	526 147
102	Húsakaup Laugavegi 166, Rvk, hluti	155 400	—	—
201	Háskóli Íslands	1 948 365	2 398 134	3 618 275
202	Tilraunastöð háskólans á Keldum	82 492	101 830	160 394
203	Raunvísindastofnun háskólans	217 523	305 760	448 254
205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	80 812	103 342	150 812
206	Orðabók háskólans	26 137	36 076	52 117
231	Náttúrufræðistofnun Íslands	48 641	64 225	93 596
232	Rannsóknaráð ríkisins	41 465	63 613	97 220
276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	86 000	91 200	145 400
301	Menntaskólinn í Reykjavík	277 669	347 714	508 220
302	Menntaskólinn á Akureyri	260 469	296 720	445 049
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	101 003	100 971	145 795
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	384 651	470 297	681 380
305	Menntaskólinn við Sund	296 585	433 838	640 607
306	Menntaskólinn á Ísafirði	136 751	221 177	316 583
307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	131 830	272 066	168 995
308	Menntaskólinn í Kópavogi	105 050	154 385	223 328
310	Menntaskólar, almennt	18 922	170 115	248 196
321	Kennaraháskóli Íslands	470 767	492 131	895 512
322	Æfinga- og tilraunaskóli kennarahás.		129 986	209 791
331	Íþróttakennaraskóli Íslands	53 871	59 283	137 026
336	Hússtjórnarkennaraskóli Íslands	13 869	19 710	26 938
351	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	573 473	691 120	889 575
352	Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli	173 087	210 311	326 660
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	225 995	333 907	439 389
354	Fjölbrautaskólinn á Akranesi	107 275	207 938	297 375
371	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	—	—	96 124

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
372	Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum ..	—	—	87 035
421	Fræðslumyndasafn	18 521	30 297	41 190
422	Ríkisútgáfa námsbóka	296 118	268 122	357 800
423	Endurskoðun námsefnis	116 065	166 507	238 184
431	Iðnfræðsluráð	56 851	81 156	119 788
501	Tækniskóli Íslands	240 437	316 015	448 858
560	Vélskóli Íslands	195 571	214 063	301 214
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	90 813	120 496	164 287
514	Iðnskólinn í Reykjavík	531 027	593 994	904 702
515	Iðnskólar utan Reykjavíkur	298 644	385 889	511 172
516	Iðnskólar, almennt	—	118 000	149 000
517	Hótel- og veitingaskóli Íslands	41 844	57 845	70 380
518	Fiskvinnsluskólinn	31 920	42 398	60 104
521	Hjúkrunarskóli Íslands	205 892	291 163	184 915
522	Nýi hjúkrunarskólinn	36 189	39 431	52 691
523	Fósturskóli Íslands	40 391	66 832	104 551
553	Hússtjórnarskólar	161 728	211 983	301 558
561	Myndlista- og handíðaskólinn	61 039	91 525	121 120
662	Leiklistarskólinn	39 934	64 685	89 923
563	Tónlistarfræðsla	392 045	435 418	635 456
571	Sjómannaskólahúsið	84 991	105 211	139 864
581	Verslunarskólar	386 845	383 986	568 571
601	Héraðsskólinn Reykholti	78 007	62 664	91 745
602	Héraðsskólinn Núpi	77 167	71 141	99 908
603	Héraðsskólinn Reykjanesi	55 069	46 932	60 037
604	Héraðsskólinn Reykjum	88 760	63 137	91 057
605	Alþýðuskólinn Eiðum	90 906	76 039	106 728
606	Héraðsskólinn Skógum	67 692	63 055	89 979
607	Héraðsskólinn Laugarvatni	49 822	51 704	80 466
609	Héraðsskólinn Laugum	131 328	65 529	99 929
610	Héraðsskólar, almennt	—	229 500	254 000
621	Skálholtsskóli	18 665	25 839	37 022
679	Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni	7 927	3 500	3 500
700	Grunnskólar, Reykjavík	3 032 152	3 070 984	4 383 179
710	Grunnskólar, Reykjanesi	2 199 155	2 157 136	3 124 107
730	Grunnskólar, Vesturlandi	852 852	858 722	1 243 653
740	Grunnskólar, Vestfjörðum	588 403	599 105	867 469
750	Grunnskólar, Norðurlandi vestra ...	696 913	676 778	980 383
760	Grunnskólar, Norðurlandi eystra ..	1 357 940	1 399 025	2 024 403
770	Grunnskólar, Austurlandi	831 726	753 823	1 092 904
780	Grunnskólar, Suðurlandi	1 238 365	1 117 053	1 617 222
791	Grunnskólar, almennt	139 955	180 485	564 043
792	Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög	—	1 979 500	2 500 000
793	Bygging skóla f. þroskahömluð börn	20 009	90 000	—
797	Stofnanir afbrigðilegra barna	397 535	529 137	670 780
799	Heyrnleysingjaskólinn	115 533	124 271	198 010
801	Vistheimilið Breiðavík	30 288	29 565	—

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
802	Vernd barna og ungmenna	8 532	16 664	39 106
803	Dagvistarheimili, stofnkostnaður	179 811	360 000	500 040
871	Unglingaheimili ríkisins	26 900	52 324	112 027
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 620 208	2 234 861	4 173 887
881	Náms- og fræðimenn, framlög	69 655	76 350	182 350
883	Lektorar í íslensku við erlenda háskóla	2 526	3 794	5 613
884	Jöfnun á námskostnaði	218 381	295 000	400 000
885	Fullorðinsfræðsla	3 200	5 200	5 200
901	Landsbókasafn Íslands	92 168	114 650	162 624
902	Þjóðminjasafn Íslands	111 612	150 661	210 664
903	Þjóðskjalasafn Íslands	42 606	51 178	75 280
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	14 603	16 144	22 961
905	Listasafn Ásgríms Jónssonar	4 661	6 537	10 359
906	Listasafn Einars Jónssonar	3 536	5 084	8 526
907	Listasafn Íslands	72 953	103 272	129 474
931	Náttúruverndarráð	84 580	91 903	94 647
972	Ríkisútvarpið, sjónvarp, aðflutningsgjöld	590 000	340 000	—
973	Þjóðleikhúsið, framlög	527 806	584 331	739 983
974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	137 998	140 466	216 324
975	Vísindasjóður	8 015	8 000	8 000
976	Menningarsjóður, framlag	28 983	26 000	37 000
977	Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu	149 157	75 000	300 000
982	Listir, framlög	178 142	283 541	325 441
983	Ýmis vísindaleg starfsemi	6 588	2 300	2 300
984	Norræn samvinna	27 102	28 939	49 637
985	Félagsheimilasjóður	142 281	166 500	218 700
986	Íþróttasjóður	266 640	347 640	447 640
987	Endurbætur á Viðeyjarstofu	4 932	5 000	5 000
988	Æskulýðsmál	33 182	49 050	49 050
989	Ýmis íþróttamál	64 534	99 850	99 850
991	Húsfriðunarsjóður	7 171	12 291	17 603
999	Ýmislegt	57 046	59 270	72 752
03	**Utanríkisráðuneyti**	**1 947 114**	**2 188 285**	**3 193 073**
101	Aðalskrifstofa	334 767	312 427	487 183
102	Varnarmáladeild	36 590	37 453	54 933
201	Lögreglustjórinn á Keflav.flugvelli	434 389	486 231	682 658
301	Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd Íslands hjá Evrópuráði	71 885	69 243	99 274
302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	63 836	70 261	110 690
303	Sendiráð Íslands í London	58 052	67 776	101 128
304	Sendiráð Íslands í Moskvu	49 531	57 437	82 185
305	Sendiráð Íslands í Osló	55 117	58 713	95 702
306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO	81 011	80 449	128 293
307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	48 022	50 996	80 257

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
308	Sendiráð Íslands í Washington	60 841	65 724	95 030
309	Fastanefnd Íslands hjá S.þ. og aðalræðism.skrifstofa Íslands í New York	161 381	86 334	128 922
311	Sendiráð Íslands í Brussel og fastanefnd Íslands hjá NATO	95 397	105 688	149 659
312	Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf	73 024	77 372	117 851
313	Sendiráð, almennt	—	38 987	39 313
399	Ýmis utanríkismál	49 769	82 000	191 600
401	Alþjóðastofnanir	273 502	441 194	548 395
04	**Landbúnaðarráðuneyti**	**9 249 045**	**10 636 697**	**15 100 637**
101	Aðalskrifstofa	64 400	81 964	130 288
171	Jarðeignir ríkisins, framlög	43 397	41 650	55 000
172	Jarðasjóður	9 179	10 800	10 600
201	Búnaðarfélag Íslands	218 200	293 410	451 601
205	Veiðistjóri	55 422	38 068	59 927
206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	415 680	476 966	683 157
231	Skógrækt ríkisins	245 955	325 555	437 134
235	Landgræðsla ríkisins	492 994	715 223	861 449
241	Landnám ríkisins	97 322	86 782	95 505
242	Mat á landbúnaðarafurðum	12 653	17 112	24 869
243	Sauðfjárveikivarnir	85 594	88 871	133 281
244	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	8 117	11 190	16 111
246	Veiðimálaskrifstofan	86 269	102 122	162 058
247	Yfirdýralæknir	146 285	175 263	263 621
271	Landgræðslusjóður, framlag	17 416	19 380	19 380
272	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	14 162	12 976	23 120
286	Landbúnaður, framlög	70 840	113 840	124 790
287	Stofnlánadeild landbúnaðarins	475 551	643 500	913 700
288	Jarðræktarframlög	1 016 100	1 100 979	1 718 973
289	Framræsla	175 000	260 000	385 000
290	Uppbætur á útfl. landbúnaðarafurðir	4 896 326	5 337 000	7 600 000
291	Til búfjárræktar skv. l. nr. 31/1973	142 400	188 301	270 963
299	Ýmis starfsemi á sviði landbún.mála	124 323	51 189	58 889
501	Bændaskólinn Hvanneyri	171 735	233 853	315 615
502	Bændaskólinn Hólum	75 365	93 684	119 890
503	Garðyrkjuskóli ríkisins	88 360	117 019	165 716
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**	**4 015 423**	**4 596 894**	**6 409 940**
101	Aðalskrifstofa	87 778	108 413	185 326
201	Fiskifélag Íslands	120 530	157 164	230 291
202	Hafrannsóknastofnun	1 087 595	1 265 524	1 982 330
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	191 270	230 096	313 618
215	Framleiðslueftirlit sjávarafurða	356 209	430 415	626 906
221	Verðlagsráð sjávarútvegsins	22 024	27 479	39 500
271	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips	143 201	116 433	134 203
272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	11 337	14 632	12 500

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
274	Aflatryggingarsjóður	422 854	480 300	606 950
275	Fiskveiðasjóður	—	1 275 500	1 617 000
298	Fiskleit, vinnslutilraunir og markaðsöflun	169 081	150 000	210 000
299	Ýmislegt á sviði sjávarútvegs	1 287 673	189 118	227 720
901	Skrifst. rannsóknastofnana atvinnuveganna	115 871	151 820	222 596
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	**10 679 428**	**11 135 492**	**15 814 167**
101	Aðalskrifstofa	99 863	105 310	169 360
102	Stjórnartíðindi	35 380	43 169	54 588
103	Kosningar	47 324	—	—
201	Hæstiréttur	39 156	54 779	78 151
202	Ríkissaksóknari	64 369	87 611	124 589
203	Borgardómarinn í Reykjavík	125 529	143 462	211 293
204	Borgarfógetinn í Reykjavík	136 247	140 076	219 640
205	Sakadómur Reykjavíkur	130 483	175 445	222 180
206	Lögreglustjórinn í Reykjavík	1 788 679	2 021 531	3 082 644
207	Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík	4 354	12 210	—
208	Rannsóknarlögregla ríkisins	536 344	406 473	609 584
211	Embætti sýslumanna og bæjarfógeta	7 234	13 514	9 200
212	Bæjarfógeti Akranesi	124 653	115 532	161 850
213	Sýslumaður Borgarnesi	79 468	111 666	138 496
214	Sýslumaður Stykkishólmi	141 044	132 985	195 419
215	Sýslumaður Búðardal	29 581	23 195	36 582
216	Sýslumaður Patreksfirði	73 980	73 970	93 402
217	Bæjarfógeti Bolungarvík	52 478	49 733	63 805
218	Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði	141 470	109 130	168 231
219	Sýslumaður Hólmavík	20 033	22 015	44 945
221	Sýslumaður Blönduósi	93 310	79 272	113 355
222	Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkr.	81 644	82 948	111 373
223	Bæjarfógeti Siglufirði	83 866	72 649	105 240
224	Bæjarfógeti Ólafsfirði	42 264	35 131	54 113
225	Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri	315 553	314 320	462 151
226	Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík	165 285	134 458	191 286
227	Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisf.	76 211	64 910	103 003
228	Bæjarfógeti Neskaupstað	43 903	41 812	61 442
229	Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði	87 102	119 217	124 953
230	Sýslumaður Höfn í Hornafirði	58 803	48 860	71 681
231	Sýslumaður Vík í Mýrdal	41 993	31 657	44 390
232	Sýslumaður Hvolsvelli	62 153	60 233	94 511
233	Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	166 796	159 913	234 147
234	Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	210 396	161 197	239 917
235	Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	392 074	361 868	546 300
236	Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarf.	447 266	417 365	610 291
237	Bæjarfógeti Kópavogi	316 887	259 681	381 548
238	Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum	22 223	27 060	38 628

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
241	Hegningarhús	76 520	75 067	113 458
242	Vinnuhælið Litla-Hrauni	237 126	245 880	371 420
243	Vinnuhælið Kvíabryggju	53 881	47 510	80 322
244	Fangelsi við Síðumúla	66 074	79 432	109 829
247	Eftirlitsstofnun með brotamönnum	9 584	10 725	15 189
251	Landhelgisgæslan	2 223 525	2 595 870	3 301 921
252	Bifreiðaeftirlit ríkisins	330 858	357 252	467 232
253	Almannavarnir	39 473	40 476	59 108
254	Sjómælingar Íslands	75 755	75 762	114 980
255	Umferðarráð	30 505	44 397	70 688
261	Öryggiseftirlit ríkisins	33 761	—	—
262	Löggildingarstofan	15 112	22 166	33 784
281	Dómsmál, ýmis kostnaður	118 449	94 729	155 153
282	Ýmis löggæslukostnaður	75 262	88 517	161 864
283	Fangamál, ýmis kostnaður	168 076	130 763	157 958
284	Áfengis- og fíkniefnamál	1 286	3 376	5 028
301	Þjóðkirkjan	671 268	852 863	1 240 345
371	Kirkjubyggingasjóður	15 000	13 500	22 500
372	Kirkjugarðasjóður	100	100	100
373	Kristnisjóður	52 415	42 750	60 000
07	**Félagsmálaráðuneyti**	**6 915 616**	**7 740 889**	**12 161 573**
101	Aðalskrifstofa	56 699	67 274	116 365
271	Húsnæðismálastofnun ríkisins	5 513 211	6 143 700	8 950 500
272	Byggingarsjóður verkamanna	389 742	297 000	382 500
301	Skipulagsstjóri ríkisins	135 704	174 000	249 355
302	Ríkissáttasemjari	—	12 107	96 333
371	Lánasjóður sveitarfélaga, framlag	132 856	152 100	261 813
372	Landakaup kaupstaða og kauptúna	10 000	10 000	2 000
391	Vegna tjóns af náttúruhamförum í Norður-Þingeyjarsýslu	70	—	—
399	Vatnsveitur	49 953	65 000	85 000
951	Brunamálastofnun ríkisins	÷ 2 374	—	—
952	Endurhæfingarráð	10 426	12 389	18 376
953	Jafnréttisráð	7 272	8 713	13 634
971	Erfðafjársjóður, framlag	180 257	144 000	327 200
972	Bjargráðasjóður	77 692	83 700	158 062
974	Styrktarsjóður fatlaðra	7 000	10 500	—
975	Styrktarsjóður vangefinna	150 000	150 000	—
976	Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra	—	—	1 020 000
981	Vinnumál	48 802	172 661	204 985
999	Ýmis framlög	148 306	237 745	274 950
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**	**57 439 306**	**67 097 230**	**110 770 806**
101	Aðalskrifstofa	98 921	118 409	197 172
271	Tryggingastofnun ríkisins	42 872 415	47 903 200	82 543 600
273	Atvinnuleysistryggingasj., framlag	1 755 432	3 104 100	4 254 000

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
301	Landlæknir	44 857	54 167	79 378
302	Ríkisspítalar, skrifstofa	188 579	232 904	317 038
310	Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar	—	210 000	336 175
311	Rannsóknastofa háskólans	147 432	255 846	268 307
312	Blóðbankinn	70 867	97 211	115 783
319	Matvælarannsóknir ríkisins	—	50 536	83 348
321	Geislavarnir ríkisins	9 659	12 494	17 792
322	Heilbrigðiseftirlit ríkisins	53 212	45 174	65 304
323	Tryggingaeftirlitið	2 437	—	—
371	Landspítalinn	5 170 550	6 309 483	9 780 460
372	Landspítalinn, kvennadeild	695 436	992 997	1 473 698
373	Kleppsspítali	1 764 508	1 933 946	3 011 282
374	Vífilsstaðaspítali	591 179	676 926	1 012 055
375	Kristneshæli	261 846	307 334	471 304
376	Kópavogshæli	778 963	812 530	1 370 206
377	Vistheimilið Gunnarsholti	103 474	126 123	151 350
378	Læknishéraðasjóður	15 296	22 500	30 000
380	Námslán læknastúdenta	2 173	2 000	—
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	1 667 356	2 431 483	3 147 228
391	Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar	651 197	780 851	1 204 189
392	Berklavarnir	13 885	15 617	22 807
393	Skólayfirlæknisembættið	7 071	11 156	16 038
394	Heyrnar- og talmeinastöð	—	—	82 565
399	Ýmis heilbrigðismál	305 550	434 403	488 860
471	Gæsluvistarsjóður, framlag	83 497	64 600	101 700
481	Bindindisstarfsemi	21 017	28 010	34 695
501	Ljósmæðraskóli Íslands	36 482	35 242	52 506
502	Þroskaþjálfaskólinn	26 015	27 988	41 466
09	**Fjármálaráðuneyti**	**6 204 202**	**8 164 514**	**20 900 840**
101	Aðalskrifstofa	208 288	243 737	353 450
103	Ríkisbókhald	111 469	167 590	237 506
104	Ríkisfjárhirsla	47 894	46 025	71 099
201	Embætti ríkisskattstjóra	182 010	224 008	326 114
202	Skattstofan í Reykjavík	308 487	371 886	533 620
203	Skattstofa Vesturlands, Akranesi	42 277	53 645	75 730
204	Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði	38 324	47 639	69 315
205	Skattstofa Norðurlands vestra, Siglufirði	40 719	51 605	74 523
206	Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri	71 757	96 739	141 112
207	Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum	39 031	46 064	67 459
208	Skattstofa Suðurlands, Hellu	44 409	53 594	79 926
209	Skattstofa Vestmannaeyja	21 371	22 637	33 494
211	Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði	98 251	120 593	176 789
212	Skattstofur, sameiginleg útgjöld	110 718	88 992	184 447
214	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	30 052	37 407	66 347
251	Gjaldheimtan í Reykjavík	105 560	90 881	137 011

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
261	Tollstjórinn í Reykjavík	320 891	321 840	475 960
263	Tollgæslan	379 092	434 658	626 799
282	Tollamál, sameiginlegur kostnaður	19 646	14 300	19 300
381	Uppbætur á lífeyri	2 129 390	3 351 039	4 464 404
382	Eftirlaun samkvæmt launalögum	15 043	25 034	35 851
383	Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn	53 979	48 580	48 580
384	Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur		28 330	28 330
385	Eftirlaunasjóður aldraðra	—	—	408 789
402	Fasteignamat ríkisins	133 006	137 504	222 729
481	Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum	10 744	110 000	110 000
901	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	37 427	46 890	65 628
971	Ríkisábyrgðasjóður, framlag	562 507	660 000	700 000
981	Skrifstofubygging við Grensásveg	—	135 000	40 000
989	Launa- og verðlagsmál	—	—	9 703 246
998	Kjaradómur og kjaranefnd	16 852	—	—
999	Ýmislegt	1 025 008	1 088 297	1 323 282
10	**Samgönguráðuneyti**	**14 834 529**	**19 191 120**	**30 477 096**
101	Aðalskrifstofa	61 549	72 301	113 389
211	Vegagerð ríkisins	9 637 245	12 628 000	21 963 000
321	Strandferðir, framlög	615 225	890 228	1 147 265
325	Rekstrardeild ríkisskipa	50 948	64 960	95 676
331	Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa	72 910	116 221	184 452
332	Vitamál	208 031	267 184	420 929
333	Hafnarmál	2 088 039	2 373 068	2 590 660
341	Siglingamálastofnun ríkisins	139 355	177 323	282 636
342	Sjóslysanefnd	7 416	8 583	11 574
471	Flugmálastjórn	1 433 872	1 968 766	2 549 834
481	Flugbjörgunarsveitir, framlög	550	1 100	—
485	Ýmis framlög	—	—	39 253
651	Ferðamál	89 823	36 000	219 589
652	Veðurstofa Íslands	349 522	484 318	717 184
656	Landmælingar Íslands	61 385	81 068	117 155
672	Sérleyfissjóður	18 659	22 000	24 000
11	**Iðnaðarráðuneyti**	**4 420 856**	**7 394 531**	**12 506 429**
101	Aðalskrifstofa	80 109	78 710	135 781
201	Iðntæknistofnun Íslands	257 398	287 152	415 135
203	Rannsóknastofnun byggingariðn.	121 359	161 797	244 492
204	Verkstjórnarnámskeið	7 276	11 837	17 258
205	Stjórnunarnámskeið	8 000	10 882	15 891
206	Námskeið í stjórn vinnuvéla	7 722	9 671	13 920
207	Eftirmenntun í iðju og iðnaði	9 796	12 000	12 000
221	Lánasjóðir iðnaðarins	325 000	320 000	488 400
235	Fyrirtæki og stofnanir, framlög	98 016	20 000	67 400

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
299	Iðja og iðnaður, framlög	71 199	119 775	172 775
301	Orkustofnun	802 600	1 122 134	1 594 999
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	142 595	145 573	239 378
321	Rafmagnsveitur ríkisins	—	—	1 000 000
332	Jarðvarmaveitur ríkisins	44 000	—	—
371	Orkusjóður	2 445 786	5 095 000	8 089 000
12	**Viðskiptaráðuneyti**	**12 681 471**	**20 067 120**	**25 730 705**
101	Aðalskrifstofa	87 434	92 858	150 057
201	Niðurgreiðslur á vöruverði	11 785 481	18 902 900	23 000 000
202	Styrkur vegna olíunotkunar til húsahitunar	693 880	910 000	2 300 000
902	Verðlagsstofnun	113 176	152 184	266 456
903	Skráning hlutafélaga	—	7 678	12 192
999	Vörusýningar erlendis	1 500	1 500	2 000
13	**Hagstofa Íslands**	**122 981**	**182 473**	**242 550**
101	Aðalskrifstofa	87 336	136 884	173 289
102	Þjóðskráin	35 645	45 589	69 261
14	**Ríkisendurskoðun**	**165 797**	**220 301**	**336 842**
101	Aðalskrifstofa	165 797	220 301	336 842
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**	**6 514 706**	**7 050 669**	**15 875 348**
101	Aðalskrifstofa	68 588	90 712	153 081
181	Ríkisbifreiðir, framlög	—	17 000	25 000
182	Rafreiknar, framlög	—	—	100 000
991	Ýmis lán ríkissjóðs	6 446 118	6 942 957	15 597 267
	Samtals öll ráðuneyti (A-hluti)	**165 260 073**	**202 286 419**	**321 373 891**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1980, sem hér er lagt fram, er þáttur í samræmdri stefnu í efnahagsmálum, sem nánari grein verður gerð fyrir í skýrslu ríkisstjórnarinnar um þjóðhagsáætlun fyrir árið 1980 og forsætisráðherra leggur fram á Alþingi. Meginmarkmið stefnunnar í efnahagsmálum er að tryggja fulla atvinnu, draga úr verðbólgu, tryggja viðunandi jöfnuð í viðskiptum við önnur lönd og beina framkvæmdafé þjóðarinnar í arðbærar framkvæmdir, ekki síst á sviði orkumála, vegamála, iðnaðar og fiskiðnaðar. Fjárlagafrumvarpið og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar miðast við þessi markmið.

Í lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., er tekið fram að frumvarp til fjárlaga skuli samið með tilliti til þjóðhagsáætlunar og að áætlanir um tekjur og gjöld í fjárlagafrumvarpi skuli gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Í samræmi við þetta er frumvarpið við það miðað að verðhækkun frá upphafi til loka árs 1980 verði um 30% og meðalhækkun verðlags 1979—1980 verði 37%. Um forsendur tekna og útgjalda vísast að öðru leyti til kaflans um meginforsendur frumvarpsins hér á eftir.

Til þess að draga úr verðbólgu að þessu marki á næsta ári og til þess að koma henni enn neðar á árinu 1981 mun ríkisstjórnin beita sér fyrir samræmdu átaki á öllum sviðum efnahagsmála, og er því ætlað að standa bæði árin 1980 og 1981 samfleytt. Meðal annars mun ríkisstjórnin grípa til sérstakra ráðstafana á sviði verðlags- og launamála til þess að ná þessum árangri í ákveðnum áföngum. Engin von er þó til þess að ráðstafanir á sviði verðlags- og launamála dugi einar sér til viðnáms gegn verðbólgu. Ríkisvaldið verður að ganga á undan í baráttunni við verðbólguna með því að tryggja að við ríkjandi aðstæður verði ekki halli á ríkisbúskapnum á árinu 1980. Í frumvarpinu er stefnt að greiðsluhallalausum ríkisbúskap. Stjórn peningamála verður einnig að miðast við þetta.

Þegar ríkisstjórnin kom til valda fyrir rúmu ári blasti við mikill vandi í efnahags- og atvinnumálum sem dregist hafði að leysa. Ríkisstjórnin varð þegar í stað að grípa til ráðstafana er tryggt gætu áframhaldandi rekstur atvinnuvega og frið á vinnumarkaðinum. Til þess að sameina þessi sjónarmið var í upphafi farið inn á þá braut að hamla gegn verðhækkunum með auknum niðurgreiðslum og lækkun óbeinna skatta á nauðsynjum. Hluta af verðbólguvandanum var þannig breytt í ríkisfjármálavanda þótt fjárhagur ríkissjóðs væri raunar ekki nógu traustur fyrir. Viðfangsefni ríkisfjármálanna var því afar erfitt úrlausnar á þessu ári, ekki síst þegar ofan á þennan vanda bættist efnahagsáfall af völdum hækkunar olíuverðs á heimsmarkaði og af völdum verðlags- og launahækkana umfram upphaflegar áætlanir. Einnig hefur reynst erfitt að ná tökum á útgjöldum til heilbrigðismála. Með þeim ráðstöfunum sem ríkisstjórnin hefur gripið til á þessu hausti með hækkun söluskatts og vörugjalds, má telja að tekist hafi að tryggja fjárhag ríkissjóðs á næsta ári. Er þá ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á tekjuöflunarkerfi ríkisins að öðru leyti en því að hin nýja heildarlöggjöf um tekju- og eignarskatt, sem samþykkt var vorið 1978, kemur til framkvæmda á næsta ári. Þegar lögin voru sett var gert ráð fyrir að löggjöf um staðgreiðslukerfi skatta fylgdi í kjölfarið. Svo varð þó ekki og þarf þess vegna m. a. að breyta ákvæðum tekju- og eignarskattslaganna um skattþrep og skatthlutföll til þess að ná sömu fjárhæðum og fyrri skattalög hefðu gefið, miðað við að skattar hækki hlutfallslega með tekjum milli áranna 1978 og 1979. Nánari grein er gerð fyrir þessu í greinargerð um tekjur ríkissjóðs hér á eftir.

Samkvæmt 11. grein laga nr. 13/1979 skulu ákvarðanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1980 við það miðaðar að heildartekjur og útgjöld á fjárlögum haldist innan

marka sem svara til 30% af vergri þjóðarframleiðslu. Heildartekjur samkvæmt fjárlagafrumvarpi nema 330,3 milljörðum króna. Er það um 29% af áætlaðri þjóðarframleiðslu og því örugglega innan við það stefnumark um aðhald að ríkisumsvifum sem sett var með lögum um stjórn efnahagsmála. Þótt í þessu felist nokkur hækkun skatthlutfalls frá því sem verið hefur á síðustu árum er hér fyrst og fremst um það að ræða að koma á jafnvægi milli gjalda og tekna ríkissjóðs í samræmi við útgjöldin eins og þau hafa verið á undangengnum árum. Hér er þannig verið að viðurkenna nauðsyn þess að afla tekna til nauðsynlegra útgjalda og til að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs.

Framvinda ríkisfjármála hefur það sem af er þessu ári verið óhagstæð og lakari en ráð var fyrir gert. Til þess að mæta þessu hefur fjármálaráðherra verið heimilað samkvæmt lögum nr. 74/1979 að taka skammtímalán hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 4 500 m.kr. Lánið á að greiðast upp á fyrstu mánuðum næsta árs af nýjum tekjustofnum, þ. e. hækkuðum söluskatti og vörugjaldi. Af tekjum verða því ekki nema 325,8 milljarðar króna til ráðstöfunar til greiðslu útgjalda ársins 1980. Þetta er 28,6% af áætlaðri þjóðarframleiðslu og svipað hlutfall og tekjuöflun ríkisins nemur á árinu 1979.

Um næstu áramót verður síðasta áfanga náð í tollalækkanaferlinum sem um var samið með fríverslunarsamningunum við Efta og Efnahagsbandalagið. Almennir verndartollar á iðnaðarvörum hafa þá verið afnumdir hér á landi og lækkaðar tolltekjur af þessum sökum eru taldar munu nema tæpum 4 milljörðum króna á næsta ári.

Sem fyrr segir eru innheimtar tekjur ríkissjóðs áætlaðar samtals 330,3 milljarðar króna, en það er um 99 milljörðum eða 42,5% meira en í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1979. Beinir skattar, þ. e. tekjuskattar og eignarskattar, eru áætlaðir 63,4 milljarðar króna eða 19,2% af heildartekjum. Gert er ráð fyrir, að tekjuskattur einstaklinga hækki sem svarar tekjubreytingu milli áranna 1978 og 1979 og skatturinn verði óbreyttur sem hlutfall af þeim tekjum, sem hann er lagður á. Óbeinir skattar eru áætlaðir 261,1 milljarður króna eða 79,0% af tekjum ríkissjóðs. Aðrar tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 5,8 milljarðar króna eða 1,8% af heildartekjum og er það sama hlutfall og á þessu ári.

Heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 1980 eru áætluð 321,4 milljarðar króna. Rekstrarjöfnuður, þ. e. tekjur umfram gjöld, nemur því tæpum 9 milljörðum króna. Á lánahreyfingum er áætlað innstreymi að fjárhæð 10,4 milljarðar króna, útstreymi er aftur á móti 18,4 milljarðar króna en auk þess er gert ráð fyrir nettóútstreymi á viðskiptareikningum sem nemur 750 milljónum króna. Greiðsluafgangur er 275 milljónir króna. Innifalið í útstreymi á lánahreyfingum er afborgun lána til Seðlabanka Íslands að fjárhæð 9,6 milljarðar króna auk endurgreiðslu skammtímaláns, 4,5 milljarða sem að framan er getið. Rétt er að geta þess að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1979 voru laun miðuð við verðlag í desember 1978 en í þessu frumvarpi hefur verið tekið mið af væntanlegri launaþróun 1980. Í þessu skyni eru ætlaðir 9,7 milljarðar króna á sérstökum fjárlagalið undir fjármálaráðuneyti.

Fjárlagafrumvarpið ber með sér að sérstök áhersla er lögð á framkvæmdir í orkumálum og vegamálum. Aftur á móti er leitast við að halda í við framkvæmdir á öðrum sviðum. Á sl. ári voru framlög til fjárfestingarlánasjóða 10% lægri en ákveðið er í lögum. Í fjárlagafrumvarpinu 1980 er hins vegar gert ráð fyrir 15% skerðingu framlaga til fjárfestingarlánasjóða. Ríkisstjórnin hefur skipað nefnd fulltrúa þingflokka í samræmi við 8. gr. laga nr. 13/1979. Nefndinni er m. a. ætlað að taka til endurskoðunar ákvæði í lögum er kveða á um mörkun einstakra tekjustofna til sjóða og verkefna. Hins vegar er verkefni þessarar nefndar miklu víðtækara. Í lögunum segir, að fyrir árslok 1979 skuli ákvæði í lögum, sem kveða á um skyldu ríkissjóðs til fjárframlaga til sjóða og einstakra verkefna með föstum reglubundnum hætti, tekin til endurskoðunar, og það kannað, að hve miklu leyti fjárframlög til þessara þarfa verði framvegis ákveðin með fjárlögum ár hvert. Við endurskoðun þessa skal höfð

sérstök hliðsjón af stöðu og verkefnum einstakra sjóða, m. a. með tilliti til félagslegra markmiða. Þá skal samráð vera haft við hagsmunaaðila. Mikilvæg forsenda þess, að mögulegt sé að draga verulega úr ríkisútgjöldum og þar með lækka skatta, er að fyrrnefnd endurskoðun fari fram, þar sem mjög stór hluti útgjalda ríkissjóðs er lögbundinn í einu eða öðru formi.

Ástæða er til að drepa sérstaklega á nokkra útgjaldaliði fjárlagafrumvarpsins. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir vaxtagreiðslum af lánum ríkissjóðs og rekstrarlánum að upphæð 15,6 milljarðar króna, svo og greiðslum afborgana umfram lántökur að fjárhæð 3,4 milljarðar króna. Í öðru lagi nema fjármagnsútgjöld vegna Kröfluvirkjunar 3,9 milljörðum króna í fjárlagafrumvarpinu, en ríkissjóður verður að standa straum af þessum kostnaði og ekki von til tekna á móti. Þá nema niðurgreiðslur í fjárlagafrumvarpinu 23 milljörðum króna. Ennfremur er rétt að geta nokkurra nýrra liða sem ekki hafa verið á fjárlögum fyrr. Hér má nefna framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra 1 020 m.kr., framlag til Rafmagnsveitna ríkisins 1 000 m.kr., rekstur nýrrar geðdeildar 360 m.kr. og eftirlaun aldraðra sem munu nema tæpum 500 m.kr. á árinu 1980. Þeirri meginstefnu hefur verið fylgt við gerð fjárlagafrumvarpsins að heimila ekki nýjar stöður. Undantekning frá þeirri reglu hefur þó reynst óhjákvæmileg þegar um hefur verið að ræða nýja starfsemi, t. d. rekstur geðdeildar eða framkvæmd nýrra laga.

Í frumvarpinu eins og það er hér lagt fram eru drög að lánsfjáröflunaráætlun fyrir A og B-hluta ríkissjóðs. Þar greinir að afla þurfi með lánum 29,8 milljarða króna samanborið við 17,3 milljarða króna 1979. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verður fjallað um allar hliðar fjárfestingar- og lánamálanna. Þegar heildarmyndin liggur fyrir af erlendum lántökuáformum kann að reynast nauðsynlegt að taka þessar tölur um lán til opinberra framkvæmda til endurskoðunar. Að því verður stefnt að stemma stigu við erlendri skuldasöfnun til þess að halda greiðslubyrði vegna vaxta og afborgana af erlendum lánum innan skynsamlegra marka. Ríkisstjórnin hefur frá upphafi stefnt að því að ná betri tökum á stjórn fjárfestingarmála, bæði til þess að halda framkvæmdum í heild innan þeirra marka sem framleiðslugetan setur, og til þess að beina fé til þeirra framkvæmda sem mikilvægastar eru fyrir framfarir í landinu. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar er miðað við að fjárfestingin í heild verði um 25% af vergri þjóðarframleiðslu á árinu 1980. Þetta felur í sér að fjárfesting eykst nokkuð á næsta ári eða um 4%. Ástæðan er fyrst og fremst sú að brýnt er að efla innlenda orkuframleiðslu og koma upp dreifikerfum fyrir hana vegna þeirra óvæntu og verulegu breytinga sem hafa orðið í þjóðarbúskapnum vegna olíukreppunnar. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 verður lögð fyrir Alþingi ásamt frumvarpi til lánsfjárlaga þegar mælt hefur verið fyrir frumvarpi þessu, enda skal hún fylgja fjárlagafrumvarpi samkvæmt lögum nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl.

YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1979

Meginforsendur frumvarpsins

Í lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., er kveðið á um að frumvarp til fjárlaga hverju sinni skuli samið með tilliti til þjóðhagsáætlunar. Fjárlagafrumvarpið er fellt að ákveðnum forsendum um þróun launa, verðlags og gengis frá árinu 1979 til ársloka 1980. Í fjárlagafrumvarpi og síðar í fjárlögum fyrir árið 1979 var gert ráð fyrir launahækkun 7,5% 1. desember 1978, sem síðan reyndist 6,12%. Hækkun verðbótavísitölu hinn 1. mars s.l. var 6,9% og launatengd gjöld hækkuðu úr 5,5% í 6,5%. Samanvegnar fela þessar tölur í sér 6,5% hækkun, en í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1980 er tekið mið af 7,5%, m. a. vegna afnáms vísitöluþaks. Hinn 1. apríl s.l. varð 3% grunnkaupshækkun og verðbótavísitala hækkaði um 9,22% 1. júní og um 9,17% 1. september. Sem forsendur við gerð frumvarpsins var miðað við 9,5% hækkun 1. desember á verðbótum á laun opinberra starfsmanna, en það jafngildir að verðbætur á laun hækki þá að meðaltali um 9%. Laun einstakra stofnana eru sett fram í frumvarpinu á desemberverðlagi 1979. Áætluð launahækkun 1980, sem nemur 9,7 milljörðum króna, er færð á sérstakan lið fjármálaráðuneytis og verður dreift á stofnanir við framkvæmd fjárlaga. Þessi fjárhæð er miðuð við að á árinu 1980 dragi úr launahækkunum um nálægt 1% á ársfjórðungi. Í forsendum um breytingu innlends verðlags er við það miðað að vísitala byggingarkostnaðar verði að meðaltali 37% hærri en á þessu ári.

Tekjuáætlun þessa frumvarps er reist á sömu forsendum um laun og verðlag og gjaldaáætlun. Áætlanir um helstu stofna óbeinna skatta eru miðaðar við að velta haldist óbreytt að raungildi frá þessu ári. Í áætlun um aðflutningsgjöld er reiknað með tollalækkun um næstu áramót samkvæmt tollskrá og er tekjutap ríkissjóðs af þessum sökum metið til tæpra 4 000 m.kr. Áætlanir um tekjuskatt einstaklinga eru miðaðar við að hin nýju lög um tekju- og eignarskatt, sem koma til framkvæmda í fyrsta skipti við álagningu á næsta ári, skili sömu álagningu og þau skattalög sem giltu við álagningu á þessu ári. Í þessu felst að tekjuskattur einstaklinga hækki sem svarar tekjubreytingum milli áranna 1978 og 1979 og skatturinn verði því óbreyttur sem hlutfall af þeim tekjum sem hann er lagður á. Í tekjuáætluninni er gert ráð fyrir að tveir tímabundnir skattar, skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði skv. lögum nr. 112/1979 og gjald á ferðalög til útlanda skv. 13. gr. laga nr. 121/1979, verði framlengdir óbreyttir út árið 1980, en þeir eiga samkvæmt gildandi lögum að falla úr gildi í lok þessa árs. Þá er gert ráð fyrir að þeim hluta aðlögunargjalds (skv. lögum nr. 58/1979) sem innheimtist á árinu 1980 verði ráðstafað á árinu 1981. Í tekjuáætlun er reiknað með að séu skattar og gjöld reist á gjaldskrá með fastri fjárhæð verði gjaldskrár hækkaðar í samræmi við breytingar verðlags. Þannig mun bensíngjald og bifreiðaskattur breytast á sama hátt og verið hefur, en auk þess er reiknað með sérstakri hækkun á árgjaldi dísilbíla til samræmis við þá hækkun mælagjalds sem ákveðin var í tengslum við niðurfellingu söluskatts af dísilolíu fyrr á þessu ári. Að öðru leyti er miðað við óbreytt lög og reglur um mikilvægustu skatta og gjöld frá því sem er síðari huta ársins 1979. Athygli skal vakin á að rekstrarliðir og tekjur B-hluta fyrirtækja, sem ekki fá rekstrarframlög úr ríkissjóði, eru á því verðlagi sem notað var við tillögugerð. Að venju verður nánar fjallað um fjármál þessara fyrirtækja af fjárveitinganefnd.

Að síðustu er rétt að geta þess að breytingar hafa verið gerðar á framsetningu frumvarpsins frá frumvarpi 1979. Í 1. gr. frumvarpsins er áætluð breyting á stöðu

viðskiptareikninga sýnd sem sérstakur liður en ekki sem hluti af lánajöfnuði eins og verið hefur. Er þetta gert í samræmi við bókhaldsreglur. Í fjárlögum hefur í 7. gr. verið fjallað um skattvísitölu hvers árs. Ný lög um tekju- og eignarskatt taka gildi um næstkomandi áramót. Þar af leiðir að ákvæði um skattvísitölu er óþarft og þar með þessi grein frumvarpsins. Í greinargerð frumvarpsins eru einnig gerðar minni háttar breytingar. Í greinargerðum frumvarpa undanfarinna ára hefur verið sérstakur kafli um ráðuneyti og málefnaflokka. Sú breyting er nú gerð að fjallað er um málefnaflokka hvers ráðuneytis næst á undan almennum athugasemdum um einstaka fjárlagaliði. Í greinargerð um lánahreyfingar er sá háttur nú á hafður að fjalla fyrst um áætlaðar lántökur ríkissjóðs og síðan um útstreymi á lánahreyfingum. Þá má nefna að framsetning á töflu 8 í töfluyfirliti er nú breytt þannig að flokkum opinberra framkvæmda er fjölgað úr þremur meginflokkum í fjóra. Sem áður er sýnd fjármögnun framkvæmda.

Gjaldahlið

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi eru 321 374 m.kr. og er hækkun um 119 088 m.kr. frá fjárlögum 1979 eða 58,9%. Af heildarhækkun útgjalda nemur hækkun markaðra tekjustofna 12 136 m.kr. eða 49,4%. Hækkunin að frátöldum mörkuðum tekjustofnum verður þannig 106 952 m.kr. eða 60,2% eins og sést af eftirfarandi yfirliti.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun m.kr.	Hækkun %
Útgjöld á rekstrarreikningi	202 286	321 374	119 088	58,9
Þar af markaðir tekjustofnar	24 542	36 678	12 136	49,4
Útgjöld án markaðra tekjustofna	177 744	284 696	106 952	60,2

Forsendur frumvarpsins fela m. a. í sér að framlög til fjárfestingarlánasjóða eru skert um 15% eins og áður er greint frá. Þessi lækkun nær einnig til sjóða sem hafa markaða tekjustofna og nemur sú lækkun 1 659 m.kr., sbr. töfluyfirlit 9 og 10. Lækkun þessi skýrist þannig að markaðir tekjustofnar byggingarsjóðs ríkisins af launaskatti lækka um 1 432 m.kr., af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum um 145 m.kr. Ennfremur er markaður tekjustofn erfðafjársjóðs, þ. e. erfðafjárskattur, lækkaður um 58 m.kr. og stofn félagsheimilasjóðs, skemmtanaskattur, um 24 m.kr. Þá skal þess getið að hvorki er gert ráð fyrir mörkuðum tekjum til styrktarsjóðs vangefinna né framlagi, þar sem hlutverk sjóðsins hefur verið fellt undir verksvið framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra, sbr. athugasemd um þann sjóð.

Yfirlit það sem fer hér á eftir sýnir skiptingu ríkisútgjalda á helstu gjaldategundir ásamt samanburði við fjárlög 1979. Á eftir töflunni fylgja skýringar á helstu orsökum útgjaldahækkunarinnar.

Rekstrarliðir og rekstrartilfærslur:	Fjárlög 1979 m. kr.	Frumvarp 1980 m. kr.	Hækkun m. kr.	Hækkun %
Laun	53 872	90 487	36 615	67,9
Önnur rekstrargjöld	14 010	20 031	6 021	42,9
Viðhald	5 278	8 179	2 901	54,9
Vextir	6 946	15 599	8 653	124,5
Almannatryggingar	47 903	82 544	34 641	72,3
Niðurgreiðslur	18 902	23 000	4 098	21,7
Útflutningsbætur	5 337	7 600	2 263	42,4
Oliustyrkur	910	2 300	1 390	152,7
Aðrar rekstrartilfærslur	14 682	21 151	6 469	44,1
Samtals	167 840	270 891	103 051	61,4
Frá dregst: Sértekjur	4 000	6 169	2 169	54,2
Mismunur	163 840	264 722	100 882	61,6
Framkvæmdaframlög:				
Hreinar rikisframkvæmdir	11 073	18 943	7 870	71,1
Framkv. kostaðar af fleiri aðilum	8 724	11 121	2 397	27,5
Fjárf.styrkir til sveitarfélaga	1 255	1 665	410	32,7
Fjárf.styrkir til einstaklinga	301	130	-171	
Framlög til fjárfestingarsjóða	11 648	16 899	5 251	45,1
Framlög til lánagreiðslna	5 445	7 894	2 449	45,0
Samtals	38 446	56 652	18 206	47,3
Heildarútgjöld í A-hluta	202 286	321 374	119 088	58,9

Laun. Laun hækka í heild um 36 615 m. kr. eða 67,9% og nema alls 90 487 m. kr. Launaáætlun fjárlaga ársins 1979 var byggð á forsendum um laun eins og þau voru talin í ársbyrjun 1979. Þar var því hvorki áætlað fyrir grunnkaupshækkunum né verðbótum á laun á árinu 1979. Laun í áætluninni fyrir 1980 eru hins vegar miðuð við ákveðinn launaferil til ársloka 1980.

Á þetta við um launalið A-hluta fjárlaga, en ekki B-hluta, eins og áður er að vikið. Framsetning launa í áætluninni er með þeim hætti að öll útgjöld vegna áætlaðra launahækkana á árinu 1980 eru sett á tiltekinn lið 09—989 undir fjármálaráðuneytinu. Þessi launaþáttur nemur alls 9 703 m. kr. og felur í sér launahækkanir á árinu 1980, eins og getið var í meginforsendum um frumvarpið.

Að frátalinni áætlaðri hækkun launa á árinu 1980 nemur launaþátturinn 80 784 m.kr., og skiptist sú upphæð á einstakar stofnanir, þar sem laun þeirra eru sett fram í frumvarpinu, á væntanlegu launastigi í desember 1979. Hækkun launa frá fjárlögum 1979 til frumvarps 1980 skal nú skýrð. Laun fjárlaga 1979 námu alls 53 872 m. kr. en eru í frumvarpinu 80 784 m. kr. að frátalinni launahækkun sem bundin er við árið 1980. Hækkunin er 49,8% og eru ýmis atriði þar til skýringar: Í fyrsta lagi hafa átt sér stað hækkanir á launatöxtum. Hækkun launa frá fjárlögum 1979 til mars 1979, þ. e. þess verðlags launa sem stofnanir og ráðuneyti gerðu tillögur á, er um 7,5%.

Þessi hækkun á sér nokkrar orsakir, þ. e. 6,9% hækkun verðbótavísitölu 1. mars s.l., hækkun launatengdra gjalda úr 5,5% af öllum launum í 6,5%, og launahækkunin 1. des. 1978 reyndist 6,12% í stað 7,5% eins og áætlað var í fjárlögum, auk

áhrifa afnáms vísitöluþaks á laun 1. janúar 1979. Þá hafa eftirtaldar almennar launahækkanir orðið á árinu 1979: 3% grunnkaupshækkun 1. apríl fyrir launþega BSRB, 9,22% hækkun verðbótavísitölu 1. júní, 9,17% 1. september, auk þess sem miðað var við 9,5% hækkun 1. desember sem vinnuforsendu. Frá síðustu fjárlögum hafa bæst við nýjar stofnanir, ný verkefni og fjölgun starfsliðs á stofnunum. Þessi þáttur skýrir um 1 900 m.kr. eða 3,6% hækkunarinnar. Í þessu tilliti vegur þyngst sem oftar vegagerð ríkisins en launaliður þeirrar stofnunar hækkar um 800 m. kr. umfram eðlilega taxtabreytingu og er það í samræmi við vegáætlun. Í annan stað má nefna verkefni eins og eftirlaunasjóð aldraðra, 408 m. kr. á verðlagi í des. 1979, nýjar stöður á ríkisspítölum 372 m. kr. og ýmsir smærri liðir um 330 m. kr., s.s. embætti ríkissáttasemjara, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, hækkun launa sendiráða vegna gengisbreytinga o. fl.

Ýmis önnur atriði hafa leitt til launahækkana eins og breyting á flokkaskipan heilbrigðisstétta, umtalsverð flokkahækkun kennara um mitt ár 1979 og aðrar flokkahækkanir annarra starfsmanna ríkisins auk Sóknarsamninga. Alls skýra áhrif þessara þátta 1,6% af heildarlaunahækkuninni.

Athygli er vakin á að í fjárveitingum til ríkisspítalanna eru yfirvinnu og álagsgreiðslum settar skorður sem fela í sér allnokkurt aðhald. Sama má segja um löggæslukostnað, þar er stefnt að því að yfirvinna við löggæslu aukist ekki frá því sem áætlað var í fjárlögum fyrir árið 1979, en þá var stefnt að samdrætti í yfirvinnu hjá löggæslunni. Hliðstæðu máli gegnir um launakostnað við grunnskóla. Þar hefur verið dregið úr launagreiðslum, bæði með takmörkun yfirvinnu og fækkun kennslustunda í grunnskólum, og er það í samræmi við markaða stefnu fjármála- og menntamálaráðherra á árinu 1979.

Önnur rekstrargjöld. Þessi liður hækkar um 6 021 m. kr. eða 42,9%. Ekki verður talað um eðlilega verðlagsbreytingu á þessum lið vegna mjög mismunandi verðbreytinga á rekstrargjöldum. Vegur þar þyngst mikil hækkun á orkuliðnum. Í frumvarpinu hefur verið leitast við að áætla útgjöld með hliðsjón af verðbreytingum stærstu rekstrargjaldaliða, því er algengt að rekstrargjöld hækki á bilinu 42—48% frá fjárlögum.

Viðhald. Hækkun viðhaldsliðar er 2 901 m.kr. eða 54,9%. Vísitöluhækkun byggingarkostnaðar frá maí 1978 til maí 1979 var 45,8%. Almenn forsenda um hækkun vísitölu byggingarkostnaðar frá meðaltali 1979—1980 er hins vegar 37%. Viðhaldsliður vegagerðar ríkisins nemur 5 870 m. kr. eða 71,5% alls viðhalds og hækkar það um 2 170 m. kr., eða 58,6%. Viðhald til annarra verkefna hækkar því um 731 m. kr. eða 46,3%. Magnaukning í viðhaldi, öðru en vegaviðhaldi, nemur því um 6,8% og er það í samræmi við stefnu frumvarpsins að auka viðhald þar sem fasteignir liggja undir skemmdum vegna skorts á viðhaldi utanhúss.

Vextir. Vaxtakostnaður eykst um 8 653 m. kr. sem er 124,5% hækkun. Skýrist þessi hækkun í megindráttum af tvennu: Í fyrsta lagi hækka vextir af lánum ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands um 4 489 m. kr., þar af vextir af yfirdrætti á viðskiptareikningi um 4 000 m. kr., en alls er áætlað að greiða Seðlabankanum 7 986 m. kr. í vexti. Í öðru lagi hækka vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs hjá öðrum en Seðlabanka um 4 165 m. kr. Hækkunin skiptist sem hér segir: Vísitölubætur 1 220 m. kr., vextir af erlendum lánum 1 058 m. kr. og vextir af væntanlega teknum lánum 1979, spariskírteinalánum o. fl. 1 887 m. kr. Að lántöku og vaxtamálum ríkissjóðs er vikið nánar síðar í greinargerðinni.

Almannatryggingar. Framlög til almannatrygginga hækka um 34 641 m.kr. eða 72,3%. Hér er reiknað með verðlagsbreytingu frá áramótum 1978/1979 til meðalverðlags 1980. Útgjöld vegna lífeyristrygginga hækka samtals um 15 254 m.kr. eða 61,2%. Aftur á móti hækka útgjöld sjúkratrygginga um 20 040 m.kr. eða 93,7% sem er

umfram verðlagsbreytingar. Ýmsir þættir skýra þessa miklu hækkun sjúkratrygginganna, svo sem mikil hækkun lyfjakostnaðar, hækkun vistgjalda, áætluð halladaggjöld o. fl. Að lokum má geta þess að iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga lækka um 653 m.kr. Að öðru leyti vísast til athugasemda um einstaka liði almannatrygginga síðar í þessari greinargerð.

Niðurgreiðslur. Á þessum útgjaldalið verður 4 098 m.kr. hækkun eða 21,7% og verður liðurinn alls 23 000 m.kr. Áætluð útgjöld 1980 miðað við niðurgreiðslur í *júlí 1979* nema 19 790 m.kr., en 2 020 m.kr. renna til þess að auka niðurgreiðslur á árinu 1980. Að lokum er þess að geta að framlag til lífeyrissjóðs bænda nemur 1 190 m.kr. Til frekari skýringa um þennan lið vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Útflutningsbætur. Áætlaðar uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir nema alls 7 600 m.kr. og hækka því um 2 263 m.kr. eða 42,4% frá fjárlögum 1979. Er þá miðað við fullnýtingu verðábyrgðar ríkissjóðs á árinu sem er 10% af framleiðsluverðmæti landbúnaðarvara samkvæmt mati Hagstofu Íslands.

Olíustyrkur. Styrkur þessi er áætlaður í frumvarpinu 2 300 m.kr. og er það hækkun um 1 390 m.kr. frá fjárlögum 1979. Nú eru greiddar í olíustyrk 18 200 kr. á styrkþega ársfjórðungslega og jafngildir það 3 600 m.kr. miðað við 48 000 styrki og styrk til rafveitna. Á fundi sínum 19. júlí s. l. féllst ríkisstjórnin á tillögu um hækkun olíuverðs og var þá jafnframt gerð samþykkt um að hækkun á olíu skuli ekki leiða til hækkunar á upphitunarkostnaði heimila. Ríkisstjórnin hefur skipað nefnd til þess að fjalla um upphitunarkostnað íbúðarhúsnæðis. Ákvörðun um olíustyrk og nauðsynlega fjáröflun fyrir næsta ár mun því koma til ákvörðunar síðar við afgreiðslu fjárlaga. Að öðru leyti vísast til almennu athugasemdanna um þennan lið.

Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur. Þessi liður útgjalda hækkar um 6 469 m.kr. eða 44,1% sem er ekki fjarri eðlilegri launa- og verðlagshækkun. Til glöggvunar eru í eftirfarandi yfirliti sýndir stærstu liðir þessa gjaldaflokks og samanburður gerður við fjárlög 1979.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M. kr.	Hækkun %
Lánasjóður ísl. námsmanna	2 235	4 174	1 939	86,7
Þjóðleikhúsið	584	740	156	26,7
Aflatryggingarsjóður	480	607	127	26,5
Ríkisábyrgðasjóður	660	700	40	6,0
Strandferðir, framlög	890	1 147	257	28,9
Flugmálastjórn	1 969	2 550	581	29,5
Verðjöfnunargjald af raforku	1 210	2 900	1 690	139,7
Annað	6 654	8 333	1 679	25,3
Samtals	14 682	21 151	6 469	44,1

Framkvæmdaframlög. Framkvæmdaframlög í A-hluta hækka í heild um 18 206 m.kr. og er það 47,3% hækkun frá fjárlögum. Hækkun framlaga til hreinna ríkisframkvæmda er alls 7 870 m.kr. eða 71,1%, þar af 6 434 m.kr. vegna vegagerðar. Hækkun annarra ríkisframkvæmda er því 1 436 m.kr. Framkvæmdir kostaðar af *ríki og fleiri aðilum* aukast um 2 397 m.kr. eða 27,5%. Í hækkuninni vega þyngst framlög til grunnskóla og sjúkrahúsa og nemur hækkun þeirra liða 894 m.kr. en annarra liða um 1 503 m.kr. Samtals hækka því framlög til verklegra framkvæmda um 10 267 m.kr. eða 51,9%. Það er nokkru umfram hækkun byggingarvísitölu frá

gerð síðustu fjárlaga og jafnframt umfram verðlagsforsendu frumvarpsins. Miðað við verðlagsforsendu frumvarpsins, þ. e. 37% hækkun verðlags milli ára 1979 og 1980, er magnaukning í verklegum framkvæmdum um 10,8% en að vegagerð frádreginni er um 7,3% magnminnkun að ræða. Á liðnum fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga verður 410 m.kr. hækkun eða 32,7% og er sú hækkun vegna framlaga til vegamála, þ. e. a. s. í kaupstöðum og kauptúnum. Aðrir liðir þessa flokks hækka ekki. Framlög í formi styrkja til einstaklinga og samtaka lækka um 171 m.kr. og skýrist sú lækkun í megindráttum af því að framlög til styrktarsjóðs fatlaðra og styrktarsjóðs vangefinna hafa verið felld niður en verkefni þessara sjóða falla nú undir framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra. Framlög til fjárfestingarlánasjóða hækka um 5 251 m.kr. eða 45,1% og er þá fylgt þeirri stefnu að framlög til allra veigamestu fjárfestingarlánasjóðanna verði skert um 15%. Helstu hækkunarliðir eru stofnlánadeild landbúnaðarins 110 m.kr., fiskveiðasjóður 342 m.kr., byggingarsjóður ríkisins 2 291 m.kr., framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra 1 020 m.kr., sem er nýtt verkefni, og lánasjóðir iðnaðarins 168 m.kr. Til frekari skýringa á framlögum til einstakra sjóða vísast til athugasemda um einstaka liði frumvarpsins. Framlög til lánagreiðslna og endurlána hækka um 2 449 m.kr. eða 45,0%. Hækkunin skýrist í megindráttum af auknum fjármagnsútgjöldum vegna Kröfluvirkjunar 1 520 m.kr., yfirtöku láns af Rafmagnsveitum ríkisins að upphæð 600 m.kr. og framlagi til jarðhitaleitarlána 250 m.kr. Á móti þessu er nú ekkert framlag til Orkusjóðs vegna lánveitinga til hitaveituframkvæmda en það nam 330 m.kr. í fjárlögum 1979. Fjár til þessa verkefnis er aflað með lántökum eins og fram kemur í greinargerð um lánsfjáröflun ríkissjóðs. Framlög til annarra lánagreiðslna hækka því um 409 m.kr. og hækkuninni veldur umfram annað vísitölu- og gengisbreyting frá fjárlögum 1979.

Í yfirliti 7 er nánari sundurliðun á framkvæmdaframlögum.

Tekjuhlið

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1980 er gerð í Þjóðhagsstofnun og er annars vegar reist á forsendum þjóðhagsspár, sem getið er hér að framan, en hins vegar á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á líðandi ári.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1980 eru áætlaðar samtals 330,3 milljarðar króna samanborið við 231,2 milljarða í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1979 og 209,0 milljarða í fjárlögum ársins 1979. Samkvæmt tekjuáætluninni aukast heildartekjur ríkissjóðs um 99,1 milljarð króna eða um 43% en frá fjárlögum 1979 nemur aukningin 121,4 milljörðum eða 58%.

	Fjárlög 1979 m.kr.	Áætlun 1979 m.kr.	Fjárlagafrumvarp 1980 m.kr.
Almennar tekjur	183 603	205 120	291 993
Markaðar tekjur	25 348	26 068	38 337
Heildartekjur	208 951	231 188	330 330

Eignarskattar. Samkvæmt skattskrá nam álagður eignarskattur einstaklinga 1 930 m.kr. á árinu 1979 og eignarskattur félaga nam 2 628 m.kr. Álagningin samkvæmt skattskrá hefur því alls numið 4 558 m.kr. Þetta eru að heita má sömu álagningartölur og reiknað var með í tekjuáætlun fjárlaga 1979 og innheimtuáætlun þessa árs er því óbreytt frá fjárlögum, 4 413 m.kr. Innheimtuáætlunin sýnist fela í sér óverjuhátt innheimtuhlutfall miðað við álagningartölur en ástæðan er sú að eignarskattsauki, sem lagður var á haustið 1978 samkvæmt lögum nr. 121/1978, var að hálfu innheimtur á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs. Eignarskattsaukinn, sem nam 50% af álögðum eignarskatti einstaklinga 1978 og 100% af eignarskatti félaga, var einvörðungu bundinn við árið 1978. Á hinn bóginn var eignarskattur hækkaður með

lögum nr. 119/1979 þannig að skatthlutfall í eignarskatti einstaklinga var hækkað úr 0,8% í 1,2% af skattgjaldseign og eignarskattshlutfall félaga úr 0,8% í 1,6%, og var þessi hækkun talin koma í stað hins tímabundna eignarskattsauka. Skattfrjáls eign einstaklinga var á hinn bóginn hækkuð um 42,5% í samræmi við hækkun fasteignamats en jafnframt voru með lögum tekin upp ný ákvæði um lækkun eignarskatts hjá lífeyrisþegum og hjá tekjulágum gjaldendum. Samkvæmt skattskrá hefur þessi lækkun numið 173 m.kr. Sem fyrr segir nam álagður eignarskattur einstaklinga 1 930 m.kr. samkvæmt skattskrá 1979, en á árinu 1978 nam álagningin 914 m.kr. og álagður eignarskattsauki nam 444 m.kr. þannig að samtals námu álagðir eignarskattar einstaklinga 1 358 m.kr. á árinu 1978. Álagningin hefur því hækkað um 42% í heild en að frátöldum eignarskattsaukanum er hækkunin 111%. Gjaldendur eru á þessu ári taldir vera um 15 800 samanborið við 15 300 í fyrra og hefur því fjölgað um 3%. Að frátalinni fjölgun gjaldenda hefur álagður eignarskattur einstaklinga því hækkað um 38%. Álagður eignarskattur félaga nam 932 m.kr. á árinu 1978, eignarskattsauki nam 912 m.kr. og samtals var álagningin 1 844 m.kr. Álagningin á þessu ári nam 2 628 m.kr. samkvæmt skattskrá og hafði því hækkað um 42,5% frá fyrra ári, en að frátöldum eignarskattsaukanum er hækkunin 182%.

Í áætlun fyrir árið 1980 er gert ráð fyrir að ákvæði gildandi laga um skatthlutföll og um lækkun eignarskatts hjá lífeyrisþegum og lágtekjufólki haldist óbreytt. Reiknað er með að fasteignamat hækki í samræmi við 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, og að eignastofn hækki um 40%, að mestu vegna hækkunar fasteignamats, en niðurstöður um breytingu fasteignamats lágu ekki fyrir við gerð þessarar áætlunar. Jafnframt er gert ráð fyrir að skattstiga eignarskatts einstaklinga verði breytt þannig að skattfrjáls eign hækki um svipað hlutfall og fasteignamatið. Álagður eignarskattur félaga er í þessari áætlun talin hækka um sama hlutfall og eignarskattur einstaklinga eða um 40%. Á þessum forsendum er álagður eignarskattur einstaklinga áætlaður 2 700 m.kr. en eignarskattur félaga 3 640 m.kr. Miðað við þá álagningu er heildarinnheimta eignarskatts einstaklinga áætluð 2 438 m.kr., innheimta eignarskatts félaga 3 336 m.kr. en byggingarsjóðsgjald af eignarskatti 56 m.kr.

Með lögum nr. 112/1978 var ákveðið að lagður skyldi á sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á árinu 1979. Í tekjuáætlun er hér gert ráð fyrir að ákvæði þessara laga verði framlengd óbreytt fyrir árið 1980. Samkvæmt skattskrá þessa árs hefur álagður skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði numið 1 030 m.kr. og miðað við innheimtureynslu af eignarsköttum er innheimta þessa skatts nú áætluð um 750 m.kr. á þessu ári. Á svipuðum forsendum og beitt er um eignarskatta má ætla að álagning þessa skatts geti orðið um 1 500 m.kr. á árinu 1980 og innheimta 1 300 m.kr.

Tekjuskattur. Álagður tekjuskattur einstaklinga 1979, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds hefur verið dreginn frá, er um 38 950 m.kr. Barnabætur eru um 8 300 m.kr., afsláttur til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds nemur 1 600 m.kr. og því er nettóálagning tekjuskatts einstaklinga um 29 000 m.kr. Að meðtöldum eftirstöðvum fyrri ára, innheimtu sérstaks tekjuskatts á þessu ári skv. IV. kafla laga um kjaramál nr. 121/1978 og að frátöldum barnabótum og greiðslu upp í útsvar og sjúkratryggingagjald er áætlað að innheimtur tekjuskattur einstaklinga nemi 24 450 m.kr. 1979 að meðtöldu byggingarsjóðsgjaldi. Þetta er 1 600 m.kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun og er ástæðan sú að tekjur einstaklinga jukust talsvert meira á s. l. ári en reiknað var með við gerð fjárlaga eða um 57% í stað 54%.

Ný lög um tekju- og eignarskatt gengu í gildi um síðustu áramót og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1980. Í áætlun fyrir árið 1980 er reiknað með að skattstigi og skatthlutföll í hinum nýju lögum verði ákveðin þannig að lögin skili sömu álagningu og gömlu lögin hefðu gert. Er þá reiknað með að tekju-

skattur einstaklinga hækki hlutfallslega með tekjubreytingum milli áranna 1978 og 1979, þ. e. að skatturinn verði óbreyttur sem hlutfall af þeim tekjum sem hann er lagður á.

Áætlunin um tekjuskatt einstaklinga á árinu 1980 er einkum reist á mati á breytingum kauptaxta og tekna á þessu ári. Er talið að tekjur einstaklinga til skatts hækki um 46% milli áranna 1978 og 1979 að meðtalinni fjölgun framteljenda. Áætlun um álagningu tekjuskatts einstaklinga 1980 er reist á þessum forsendum um tekjur. Samkvæmt þessu er áætlað að álagður tekjuskattur einstaklinga á árinu 1980 verði rúmlega 57 000 m.kr. en um 43 000 m.kr. að frádregnum barnabótum og persónuafslætti til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds. Miðað við svipaðar forsendur um innheimtu og í ár er innheimta tekjuskatts einstaklinga 1980 áætluð 37 400 m.kr. og hefur þá verið tekið tillit til áætlaðra eftirstöðva um næstu áramót, þ. m. t. af hinni sérstöku álagningu 1978, og innheimtu þeirra á næsta ári.

Álagt sjúkratryggingagjald 1979 er 5 250 m.kr. og er það nokkru hærri fjárhæð en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Miðað við svipaðar forsendur og um innheimtu tekjuskatts einstaklinga er áætlað að innheimta gjaldsins verði um 4 700 m.kr. samanborið við 4 350 m.kr. á fjárlögum. Við áætlun um sjúkratryggingagjald á árinu 1980 er gert ráð fyrir að gjaldið verði óbreytt og jafnframt er miðað við sömu forsendur um tekjubreytingar milli áranna 1978 og 1979 og gert er við tekjuskattsáætlun. Samkvæmt því er talið að álagning sjúkratryggingagjalds nemi 7 600 m.kr. 1980. Miðað við svipaðar innheimtuforsendur og á þessu ári og að teknu tilliti til innheimtu áætlaðra eftirstöðva í árslok er innheimt sjúkratryggingagjald talið vera 6 950 m.kr. á árinu 1980.

Álagður tekjuskattur félaga á þessu ári er um 7 450 m.kr. en í fjárlagaáætlun var reiknað með 8 600 m.kr. álagningu. Fjárlagaáætlunin var einkar óviss þar sem veigamiklar breytingar voru gerðar á skattlagningu fyrirtækja fyrir afgreiðslu fjárlaga og forsendur áætlunarinnar því óvenju óljósar. Innheimta tekjuskatts félaga í ár er áætluð nema tæplega 7 000 m.kr. að meðtalinni innheimtu af álögðum sérstökum skatti á tekjur og fyrningar eigna í atvinnurekstri skv. 10. gr. laga nr. 121/1978. Í áætlun fyrir árið 1980 er reiknað með að álagning tekjuskatts félaga aukist nokkru meira en nemur áætlaðri almennri veltubreytingu milli áranna 1978 og 1979. Er hér reiknað með að álagður tekjuskattur félaga 1980 verði 11 600 m.kr. og að innheimta skattsins nemi 10 850 m.kr.

Innheimt byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga og félaga er áætlað 395 m.kr. í ár og 612 m.kr. á árinu 1980.

Gjöld af innflutningi. Almennar tolltekjur ríkissjóðs eru áætlaðar verða 34 000 m.kr. á þessu ári en það er um 4 600 m.kr. meira en í fjárlagaáætlun. Sú áætlun var hins vegar miðuð við verðlag og gengi í árslok 1978 og í áætlunum, sem gerðar voru fyrir mitt þetta ár, var reiknað með um 5 700 m.kr. meiri tolltekjum en á fjárlögum. Innflutningur hefur á hinn bóginn reynst minni en reiknað var með fyrri hluta ársins og aðflutningsgjöld fyrstu átta mánuði ársins hafa verið töluvert undir spám um mánaðarinnheimtu tekna. Stafar það m. a. af meiri samdrætti í bílainnflutningi en reiknað hafði verið með.

Í áætlun fyrir árið 1980 er gert ráð fyrir að almennur vöruinnflutningur haldist nokkurn veginn óbreyttur að raungildi frá þessu ári. Reiknað er með að erlent verð innflutnings annars en olíu hækki um 7% á næsta ári en í krónum hækki innflutningsverðið um 35% að meðaltali frá þessu ári. Í fjárlagaáætlun 1979 var reiknað með að nokkuð drægi úr kaupum hátollavöru eftir mikinn innflutning árin 1977 og 1978 og virðist þetta hafa gengið eftir. Fyrir árið 1980 er á hinn bóginn reiknað með svipaðri samsetningu innflutnings og á þessu ári. Loks er í frumvarpinu reiknað með tollalækkun í ársbyrjun 1980 og er tolltekjutap ríkissjóðs vegna þessa talið nema nær 4 000 m.kr. Svarar það til þess að tollhlutfall al-

menns vöruinnflutnings annars en olíu lækki úr 11,2% 1979 í 9,6% 1980. Tollur af bensíni hefur aukist töluvert á þessu ári vegna stórhækkunar á innflutningsverði þess. Bensíntollur er nú áætlaður verða um 5 000 m.kr. á árinu 1979 en um 7 600 m.kr. á árinu 1980 og er þá reiknað með að erlent verð á bensíni haldist óbreytt frá því sem er í september 1979.

Samkvæmt þessum forsendum eru tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 43 200 m.kr. á árinu 1980 og er það um 27% aukning frá áætlun fyrir árið 1979.

Innflutningsgjald af bensíni er á þessu ári áætlað 7 483 m.kr. og er það óbreytt frá fjárlagaáætlun. Forsendur hafa hins vegar breyst í veigamiklum atriðum, einkum þannig að ljóst virðist að bensínsala verði töluvert minni en reiknað var með á fjárlögum en á móti kemur að bensíngjald hefur hækkað meira en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Gera má ráð fyrir, að bensínsalan tímabilið nóvember 1978 til október 1979, sem skilar sér í innheimtu á þessu ári, verði um 122 milljónir lítra samanborið við 121,5 milljónir lítra tólf mánuðina næstu á undan. Í áætlun fyrir árið 1980 er reiknað með 123 milljónum lítra og hefur bensínsalan þá aðeins aukist um 1,2% á tveimur árum, en þar sem bílum hefur fjölgað felst í þessu að bensíneyðsla dregst töluvert saman þessi tvö ár. Þá er áætlað að bensíngjald hækki í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins og er reiknað með hækkun í ársbyrjun og á miðju ári með byggingarvísitölu. Á þessum forsendum er áætlað að tekjur af bensíngjaldi verði 10 700 m.kr. á árinu 1980. Gúmmígjald er áætlað 107 m.kr. á árinu 1980.

Innflutningsgjald af bifreiðum er áætlað 4 700 m.kr. á þessu ári en í fjárlagaáætlun var gert ráð fyrir 4 300 m.kr. innheimtu. Þetta er nokkru minni aukning en búast mátti við miðað við verð- og gengisbreytingar frá fjárlagaforsendum en bílainnflutningur hefur verið nokkru minni en reiknað var með í fyrstu. Á þessu ári er talið að alls verði fluttir inn 7 300 bílar. Bílainnflutningur hefur verið mjög breytilegur frá ári til árs. Árin 1972—1974 voru að meðaltali fluttir inn 8 400 bílar á ári en síðan dró mjög úr bílainnflutningi. Á árinu 1975 voru fluttir inn 3 350 bílar og 2 755 bílar 1976, en 1977 og 1978 varð mikil aukning og 7 558 bílar fluttir inn árið 1977 og 8 600 árið 1978. Í áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að inn verði fluttir 7 500 bílar og að óbreyttum reglum og með tilliti til verðbreytinga er innflutningsgjaldið talið nema 6 500 m.kr. á árinu 1980.

Af öðrum aðflutningsgjöldum má nefna að gjald af gas- og brennsluolíu er áætlað 550 m.kr. á næsta ári eða 35 m.kr. minna en í ár. Gjaldið er fast í krónutölu pr. kg gasolíu og brennsluolíu og reiknað er með að heldur dragi úr þeim olíuinnflutningi á næsta ári. Jöfnunargjald á innfluttar iðnaðarvörur er talið skila um 1 200 m.kr. á þessu ári en aðlögunargjald, sem tekið var upp með lögum nr. 58/1979, er talið skila 700 m.kr., en innheimta gjaldsins hófst á miðju ári. Á næsta ári er áætlað að jöfnunargjaldið verði 1 700 m.kr. en þar af verði 750 m.kr. varið til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts. Aðlögunargjald er sömuleiðis áætlað 1 700 m.kr.

Gjöld af innflutningi á árinu 1980 eru í heild áætluð tæplega 64 000 m.kr. samanborið við 48 500 m.kr. 1979 og er það 32% aukning.

Skattar af framleiðslu. Heildartekjur af þessum gjöldum eru áætlaðar 16 000 m.kr. á þessu ári samanborið við 13 715 m.kr. í fjárlagaáætlun. Með bráðabirgðalögum nr. 74/1979 var sérstöku vörugjaldi breytt þannig að lægri gjaldflokkur vörugjaldsins var hækkaður úr 18% í 24% en jafnframt var gjaldið fellt niður af nokkrum vöruflokkum. Þessi breyting var talin skila 1 100 m.kr. tekjuauka á þessu ári og í heild eru tekjur af gjaldinu áætlaðar 15 250 m.kr. á árinu 1979. Í áætlun fyrir árið 1980 er sérstakt vörugjald talið verða 23 200 m.kr. en þar af eru 4 050 m.kr. vegna breytingar gjaldsins í september.

Tekjur af hinu eldra vörugjaldi, sem nú er ótímabundið skv. lögum nr. 9/1979, eru áætlaðar 435 m.kr. á þessu ári og hinu næsta. Er þá miðað við að gjaldskrá

haldist óbreytt en ákvæði til bráðabirgða um framlag til Styrktarsjóðs vangefinna verði fellt niður.

Álgjald er áætlað nema 315 m.kr. á þessu ári en 395 m.kr. á árinu 1980.

Skattar af seldri vöru og þjónustu. Í fjárlögum ársins 1979 voru heildartekjur undir þessum lið áætlaðar 97 866 m.kr. en nú eru horfur á að þær nemi 107 754 m.kr. eða 11% umfram fjárlagatöluna. Tekjur af söluskatti eru nú áætlaðar 70 500 m.kr. samanborið við 61 400 m.kr. í fjárlögum. Þetta stafar annars vegar af verðlagsbreytingum umfram forsendur fjárlaga, sem miðuðust við verðlag í árslok 1978, og hins vegar af hækkun söluskatts úr 20% í 22% samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 73/1979 en sú hækkun er talin skila ríkissjóði 1 600 m.kr. á þessu ári. Áætlunin um söluskatt 1980 ræðst af þeim forsendum um kauplag, verðlag og þjóðarútgjöld sem áður er getið. Á þessum forsendum er innheimtustofn söluskatts talinn aukast um 38% frá þessu ári. Innheimtur söluskattur er áætlaður 104 850 m.kr. en þar af stafa 9 400 m.kr. af hækkun skattsins í september sl. Þetta er tæplega 32% af heildartekjum ríkissjóðs en verður að líkindum um 30,5% heildartekna í ár. Hér er eingöngu um að ræða hlut ríkissjóðs í hinu almenna 20% sölugjaldi auk 2% söluskattsaukans sem er óskiptur. Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 8% af almenna sölugjaldinu, er ekki meðtalinn.

Launaskattur er áætlaður 11 670 m.kr. á þessu ári eða 800 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Miðað við launaforsendur þessa frumvarps, sem áður er frá greint, er launaskattur áætlaður 16 700 m.kr. 1980.

Iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga nema í heild 7 974 m.kr. og er það 1 851 m.kr. eða 30% meira en í fjárlögum 1979.

Rekstrarhagnaður ÁTVR var áætlaður 18 200 m.kr. í fjárlögum þessa árs og var þá gert ráð fyrir nokkurri verðhækkun um mitt ár. Hagnaðurinn hefur reynst mjög í samræmi við spár á þessu ári og á miðju ári var útsöluverð hækkað um svipað hlutfall að meðaltali og reiknað hafði verið með við samþykkt fjárlaga. Áætlunin fyrir þetta ár er því óbreytt frá fjárlögum. Á næsta ári eru tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis og tóbaks áætlaðar 23 000 m.kr. og er þá miðað við nokkra verðhækkun á árinu.

Flugvallagjald var í fjárlögum þessa árs áætlað 770 m.kr. en er nú talið verða nokkru lægra eða 720 m.kr. Á árinu 1980 er gjaldið áætlað 980 m.kr. og er þá miðað við að gjaldið verði hækkað í ársbyrjun í samræmi við verðbreytingar.

Aðrir óbeinir skattar eru áætlaðir 13 174 m.kr. á þessu ári samanborið við 10 624 m.kr. á fjárlögum. Munurinn stafar einkum af verðhækkun umfram fjárlagaforsendur og meiri innheimtu stimpilgjalds en reiknað var með í fjárlögum. Í áætlun fyrir árið 1980 er yfirleitt miðað við að gjaldskrár hækki með verðlagi þar sem um það er að ræða. Þetta á m. a. við um bifreiðaskatt, en þar að auki reiknað með sérstakri hækkun árgjalds til samræmis við þá hækkun mælagjalds á þessu ári sem ákveðin var í tengslum við niðurfellingu söluskatts af dísilolíu. Bifreiðaskattur er samtals áætlaður 1 950 m.kr. á þessu ári en 3 350 m.kr. á næsta ári og er þá miðað við að þessi gjöld verði hækkuð til jafns við bensíngjald auk hinnar sérstöku hækkunar árgjalds sem áður er getið. Gjald á ferðalög til útlanda á samkvæmt gildandi ákvæðum í lögum nr. 121/1978 að ganga úr gildi í lok þessa árs en í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að gjaldið verði framlengt óbreytt út árið 1980. Gjald þetta skilar að líkindum 1 450 m.kr. á þessu ári en í fjárlögum var reiknað með 1 600 m.kr. innheimtu. Á næsta ári er gjaldið talið skila 1 900 m.kr. en í heild eru tekjur af sölu erlends gjaldeyris áætlaðar 3 940 m.kr. Verðjöfnunargjald af raforku var í fjárlögum áætlað 1 210 m.kr. miðað við 13% gjald eins og verið hafði. Eftir hækkun gjaldsins í 19% er innheimta gjaldsins vegna raforkusölu á þessu ári áætluð 1 650 m.kr. Fram að þessu hefur tekjuáætlun fjárlaga aðeins sýnt hluta af áætlaðri innheimtu verðjöfnunargjalds, en sá hluti gjaldsins sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa innheimt sjálfar hefur staðið utan tekjuáætlunar. Í tekju-

áætlun þessa frumvarps er gjaldið hins vegar sýnt í heild og er það í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á færslu gjaldsins í ríkisbókhaldi. Þannig er verðjöfnunargjald áætlað 2 900 m.kr. á árinu 1980. Nýbyggingargjald samkvæmt lögum nr. 117/1978 var áætlað 300 m.kr. á fjárlögum en verður að líkindum töluvert minna eða e. t. v. um 200 m.kr. Er þá haft í huga að innheimta í ár kunni að vera minni en ella þar sem nokkur tími leið frá samþykkt laganna um álagningu gjaldsins uns álagning hófst í byrjun þessa árs. Þetta gjald er áætlað 400 m.kr. á árinu 1980.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta eru taldar verða 557 m.kr. í ár og er það óbreytt frá fjárlögum. Á næsta ári eru þessar tekjur áætlaðar 835 m.kr. en þar vega tekjur af fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli langþyngst.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar 3 652 m.kr. á þessu ári samanborið við 2 802 m.kr. á fjárlögum og stafar munurinn af meiri innheimtu vaxtatekna en reiknað var með á fjárlögum. Á árinu 1980 eru þessar tekjur áætlaðar um 5 000 m.kr. en þar af eru vaxtatekjur 4 400 m.kr.

Yfirlit. Hér fer á eftir yfirlit áætlaðra tekna ríkissjóðs 1980 og til samanburðar er sýnd tekjuáætlun fjárlaga 1979 og áætlun um innheimtar tekjur þessa árs. Fyrstu átta mánuði ársins námu tekjur ríkissjóðs 137 371 m.kr. og höfðu aukist um 49% frá sama tíma í fyrra. Hér er gert ráð fyrir að heildarinnheimta í ár (að frátalinni endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts) verði 231 188 m.kr. þannig að 93 817 m.kr. verði innheimtar síðustu fjóra mánuði ársins.

Hlutdeild markaðra tekna í heildartekjum ríkissjóðs var um 12% í fjárlögum 1979 en reynist að líkindum nokkru lægri eða rösklega 11%. Á næsta ári verður hlutfallið svipað eða u. þ. b. 11.5%.

Samkvæmt yfirlitinu verður hlutdeild beinna skatta í tekjum ríkissjóðs 1979 um 18% í stað 19,5% í fjárlögum ársins en hlutdeild óbeinna skatta hækkar úr 78,9% í fjárlögum í 80,2% í áætlun 1979. Aðrar tekjur voru 1,6% í fjárlögum en tæplega 1,8% í áætlun 1979. Samkvæmt frumvarpinu verður hlutdeild beinna skatta 19,2%, hlutdeild óbeinna skatta verður 79,0% og hlutdeild annarra tekna verður 1,8%. Athygli skal vakin á að iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga eru nú talin með óbeinum sköttum en í framsetningu fyrri tekjuáætlana hafa þessi iðgjöld verið talin til beinna skatta.

	Endurskoðuð Fjárlög 1979	áætlun 1979	Frumvarp 1980
1. Eignarskattar[1]	**5 200**	**5 475**	**7 515**
2. Tekjuskattar[1]	**35 612**	**36 098**	**55 845**
a) Tekjuskattur einstaklinga	23 459	24 448	37 941
b) Tekjuskattur félaga	7 803	6 970	10 954
c) Sjúkratryggingagjald	4 350	4 680	6 950
3. Gjöld af innflutningi	**42 575**	**48 478**	**63 971**
a) Almenn aðflutningsgjöld[1]	29 414	33 985	43 216
b) Bensín- og gúmmígjald	7 590	7 590	10 807
c) Innflutningsgjald af bílum	4 300	4 700	6 500
d) Annað	1 271	2 203	3 448
4. Skattar af framleiðslu	**13 715**	**16 000**	**24 030**
a) Sérstakt vörugjald	13 000	15 250	23 200
b) Annað	715	750	830
5. Skattar af seldri vöru og þjónustu	**97 866**	**107 754**	**154 224**
a) Söluskattur	61 400	70 500	104 850
b) Launaskattur	10 850	11 670	16 700
c) Iðgjöld atvinnurekenda	6 123	6 123	7 974
d) ÁTVR	18 200	18 200	23 000
e) Annað	1 293	1 261	1 700
6. Aðrir óbeinir skattar	**10 624**	**13 174**	**18 902**
7. Arðgreiðslur úr B-hluta	**557**	**557**	**835**
8. Ýmsar tekjur	**2 802**	**3 652**	**5 008**
Samtals	208 951	231 188	330 330
Markaðar tekjur	25 348	26 068	38 337
Almennar tekjur	183 603	205 120	291 993
Beinir skattar	40 812	41 573	63 360
Óbeinir skattar	164 780	185 406	261 127
Aðrar tekjur	3 359	4 209	5 843

[1]) Byggingarsjóðsgjald meðtalið.

Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins er yfirlit yfir lánahreyfingar. Þar kemur fram að útstreymi umfram innstreymi á lánahreyfingum er 7 930 m.kr. og útstreymi á viðskiptareikningum er áætlað 750 m. kr. Þessir liðir eru jafnaðir með afgangi á rekstrarreikningi. Hér á eftir verður vikið að inn- og útstreymi lánajafnaðarins og einstökum liðum sem til hans teljast. Í skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem lögð verður fram á haustþingi, verður fjallað um lánamálin í heild.

Lánahreyfingar inn

Í 1. gr. kemur fram að heildarfjáröflun nemur 30 866 m. kr. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting innlendrar og erlendrar fjáröflunar og samanburður gerður við lánsfjáráætlun 1979 að viðbættri fjáröflun sem heimiluð var með lögum nr. 71/1979.

	Áætlun 1979	Frumvarp 1980	Hækkun
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé ..	6 050	8 866	2 816
÷ Innlausn spariskírteina	5 075	2 658	2 417
	975	6 208	5 233
Útgáfa spariskírteina	4 200	5 600	1 400
Innlend fjáröflun alls	5 175	11 808	6 633
Erlend lántaka	12 085	19 058	6 973
Samtals	17 260	30 866	13 606

Innlend lánsfjáröflun eykst um 6 633 m.kr. eða 128,2%. Hækkun umfram það sem rekja má til verðlagsþróunar skýrist í megindráttum af því að innlausn eldri spariskírteinaflokka er fremur léttbær 1980. Engir nýir flokkar spariskírteina falla í gjalddaga en ávallt er um nokkra endurgreiðslu eldri flokka að ræða og er það talið nema 2 658 m.kr. Fjáröflun innanlands byggist á lögum nr. 36/1975, um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, svo og á heimild í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins. Heimildar til erlendrar lántöku mun samkvæmt venju leitað með sérstöku lagafrumvarpi sem lagt verður fyrir þingið með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980.

Lánahreyfingar út

Niðurstöðutala á lánahreyfingum út er 18 413 m.kr. Stærsti liðurinn þar er afborganir af almennum lánum ríkissjóðs 17 859 m.kr. Þar af eru 9 612 m.kr. vegna almennra lána ríkissjóðs í Seðlabanka, 4 500 m.kr. er endurgreiðsla bráðabirgðaláns sem tekið var í tengslum við lausn á fjárhagsvanda ríkissjóðs 1979 og 3 747 m. kr. til annarra aðila. Aukning á eiginfjárframlagi ríkissjóðs í Landsvirkjun nemur 263 m. kr. og færist sem útstreymi á lánahreyfingum. Ennfremur er gert ráð fyrir lokagreiðslu hlutafjárframlags til Járnblendifélagsins, alls 195 m. kr. Þar með er lokið greiðslum á hlutafjárframlagi ríkissjóðs samkvæmt samningi. Þá er að nefna framlag Íslands til Iðnþróunarsjóðs Portúgals alls 96 m. kr. og er það 5. og síðasta greiðsla framlags til sjóðsins. Loks er áætlað 750 m. kr. nettóútstreymi á viðskiptareikningum vegna innheimtufjár fyrir aðra, þ. e. markaðra tekjustofna, tollalána o. fl. Heildarfjáröflun til framkvæmda og annarra þarfa skv. 1. gr. er alls 30 866 m. kr. Til A-hluta renna 10 383 m. kr. en í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979 nam fjárhæðin 4 750 m. kr., hækkunin er því 5 633 m. kr. Lánsfjárráðstöfun vegna B-hluta er alls áætluð 20 483 m. kr. en nam 12 510 m. kr. samkvæmt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979, að viðbættri viðbótarlánsfjáröflun að fjárhæð 1 530 m. kr. sem heimiluð var á miðju ári með lögum nr. 71/1979. Aukningin er 7 973 m.kr. eða um 64%. Ráðstöfun fjáröflunarinnar vegna A og B-hluta ríkissjóðs skiptist þannig í meginflokka.

	Áætlun 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M.kr.	Hækkun %
Framkvæmdir	12 809	24 084	11 275	88,0
Skuldagreiðslur	2 971	3 824	853	28,7
Annað, hlutafjárframlög o. fl.	1 480	2 958	1 478	99,8
Samtals	17 260	30 866	13 606	78,8

Fjáröflun til opinberra framkvæmda hækkar þannig um 11 275 m. kr. eða 88,0% milli ára. Hér fer á eftir yfirlit um skiptingu fjármagns á einstakar framkvæmdir ásamt samanburði við áætlun 1979 og fylgir greinargerð um hvern lið fyrir sig.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs 1980

	Áætlun 1979	Frumvarp 1980
A-hluti:		
Þjóðarbókhlaða	200	300
Vegagerð	3 130	7 800
Landshafnir	150	125
Flugöryggistæki	200	—
Laxastigi í Laxá	60	—
Hafnargerð við Grundartanga	230	100
Landsvirkjun, eiginfjárframlag	180	263
Járnblendifélagið, hlutafjárframlag	600	195
Yfirtaka láns vegna RARIK	—	600
Samtals	4 750	9 383
B-hluti:		
Byggðasjóður	—	2 500
Lánasjóður ísl. námsmanna	—	1 200
Ríkisútvarpið	—	500
Flugmálastjórn	160	—
RARIK, almennar framkvæmdir	2 487	3 496
— vegna Vestmannaeyjastrengs	290	—
— vegna skuldagreiðslna	600	—
Byggðalínur	2 337	4 459
Bessastaðaárvirkjun	600	1 550
Kröfluvirkjun	270	750
Jarðvarmaveitur ríkisins:		
vegna Kísiliðjunnar	575	—
Jarðboranir ríkisins	200	—
Lyfjaverslun ríkisins	180	—
Borgartún 6	460	—
Orkusjóður:		
vegna Orkubús Vestfjarða	360	—
vegna styrkingar dreifikerfis	520	800
vegna sveitarafvæðingar	200	415
vegna einkarafstöðva	—	20
vegna jarðhitaleitar	250	—
vegna byggðalína	—	3 090
vegna hitaveitulána	—	500
Virkjunarrannsóknir	—	300
Póstur og sími:		
vegna jarðstöðvar	1 260	400
vegna skuldagreiðslna	485	—
vegna vörukaupalána	400	469
Endurlán vegna Grundartanga	176	34
Samtals	12 510[1])	20 483

[1]) Þ.e. lánsfjáráætlun 10 980 m. kr. auk 1 530 m. kr. vegna viðbótar við lánsfjáráætlun 1979.

A-hluti fjárlaga

Þjóðarbókhlaða. Gert er ráð fyrir 300 m. kr. lántöku til áframhaldandi byggingarframkvæmda við þjóðarbókhlöðu, og er það 100 m.kr. hærri fjárhæð en var í lánsfjáráætlun 1979.

Vegagerð. Lánsfjáröflun til vegagerðar er ráðgerð 7 800 m.kr. sem er 4 670 m.kr. hækkun frá lánsfjáráætlun fyrir árið 1979. Heildarútgjöld til vegamála samkvæmt vegáætlun 1979—82 nema alls 21 957 m. kr. Markaðir tekjustofnar vegagerðarinnar nema 14 157 m. kr. og lántökur 7 800 m. kr. eins og áður sagði.

Landshafnir. Samtals er gert ráð fyrir 125 m.kr. lánsfjáröflun til framkvæmda við landshafnir. Fjármagnið skiptist þannig að 100 m.kr. renna til áframhaldandi framkvæmda við landshöfnina í Keflavík — Njarðvík til að bæta viðleguaðstöðu og 25 m. kr. til hafnargerðar á Rifi á Snæfellsnesi.

Hafnargerð við Grundartanga. Framkvæmdum við Grundartangahöfn er nú að mestu lokið. Lokafrágangur við höfnina á árinu 1979 hefur farið að nokkru fram úr kostnaðaráætlun og er áformað að afla lánsfjár alls 134 m. kr. til lúkningar framkvæmda og uppgjörs skulda. Kostnaður við hafnargerðina skiptist í sömu hlutföllum og gildir um almenna hafnargerð, þ. e. 75% ríki og 25% sveitarfélög. Eftirstöðvar af kostnaðarhluta ríkissjóðs eru 100 m. kr. og hlutur sveitarfélaga 34 m. kr., sem kemur fram í yfirliti um lánsfjáröflun til B-hluta.

Landsvirkjun. Fyrirhugað er að afla 263 m. kr. lánsfjár til að inna af hendi 2. framlag af 5 til Landsvirkjunar vegna aukningar eiginfjár fyrirtækisins.

Járnblendifélagið, hlutafjárframlag. Á árinu 1979 var ákveðið að fresta greiðslu á samningsbundnu hlutafjárframlagi ríkissjóðs vegna 1979 til ársins 1980. Er nú ráðgert að afla 195 m. kr. lánsfjár til að inna af hendi lokaframlag hlutafjárins.

Yfirtaka láns vegna framkvæmda RARIK 1979. Í lánsfjáráætlun 1979 er RARIK heimiluð lántaka að fjárhæð 600 m. kr. til að leysa úr fjárhagserfiðleikum og endurgreiða skammtímaskuldir. Áformað er að ríkissjóður yfirtaki lánið og létti af RARIK lántöku þessari frá 1979.

B-hluti fjárlaga

Byggðasjóður. Ráðgerð lánsfjáröflun til Byggðasjóðs er alls 2 500 m. kr., fjárveiting til sjóðsins nemur 2 635 m. kr. og eigið fé sjóðsins 783 m. kr. Ráðstöfunarfé sjóðsins er því alls 5 918 m.kr. eða 1,85% af heildarútgjöldum A-hluta og hefur þá verið tekið tillit til 15% almennrar lækkunar framlags til Byggðasjóðs eins og til annarra fjárfestingarlánasjóða.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Á árinu 1979 var LÍN veitt heimild til 1 100 m. kr. lántöku til þess að inna af hendi greiðsluskuldbindingar. Fyrirhugað er að afla 1 200 m. kr. lánsfjár á árinu 1980 til þess að sjóðurinn geti uppfyllt gildandi reglur um lánveitingar allt að 85% umframfjárþarfar lántakenda. Sjóðnum er ætlað að taka umrætt lán og annast skil vaxta og afborgana. Þar sem útlán sjóðsins hafa verið verðtryggð er gert ráð fyrir að eiginfjárstaða sjóðsins styrkist í framtíðinni og geri sjóðnum kleift að standa undir auknum lántökum. Brýnt er að fjárhagsstaða sjóðsins verði metin, meðal annars m. t. t. skynsamlegra lántökuáforma og endurgreiðslugetu.

Ríkisútvarpið. Í lögum nr. 20/1979 um heimild til lántöku, ríkisábyrgðir o. fl. var veitt heimild til innlendrar eða erlendrar lántöku að fjárhæð 300 m.kr. til að greiða framkvæmdakostnað við dreifikerfi sjónvarps á árinu 1979. Á árinu 1980 er ráðgerð lánsfjáröflun að fjárhæð 500 m. kr. til áframhaldandi framkvæmda við uppbyggingu dreifikerfisins. Heildarfjárfestingaráætlun fyrir Ríkisútvarp — sjónvarp verður væntanlega lögð fram á haustmánuðum. Ríkisstjórnin felur þriggja manna nefnd frá stjórnarflokkunum að gera áætlun um heildarfjárfestingu Ríkisútvarpsins á næstu árum, m. a. til undirbúnings fjárlaga 1980, og geri nefndin tillögu um fjármögnun þessara framkvæmda með ákveðnum framlögum úr ríkissjóði, hugsanlegri hækkun afnotagjalda í þessu skyni og lántökum til lengri tíma.

RARIK, almennar framkvæmdir. Áformaðar framkvæmdir á vegum RARIK nema alls 4 096 m. kr. og skiptast þannig:

	Áætlun 1979	Frumvarp 1980
Virkjanir, stofnlínur og aðveitustöðvar	1 752	2 479
Innanbæjarkerfi	600	1 100
Dísilvélar, vélar og tæki og aðstöðusköpun	225	517
Þar af lánsfjármagnað	2 487	3 496

Fjármögnun framkvæmda er þríþætt. Í fyrsta lagi eru tekjur af heimtaugargjöldum áætlaðar 200 m.kr. Í öðru lagi nemur beint framlag ríkissjóðs á fjárlögum 400 m.kr. og í þriðja lagi nemur lántaka 3 496 m. kr. Ríkissjóður mun annast greiðslur vaxta og afborgana af 600 m.kr. af lánsfénu.

Athugun mun fara fram á félagslegum þætti í framkvæmdum RARIK og vísast í því sambandi til greinargerðar um stofnunina undir iðnaðarráðuneyti. Auk þessa annast RARIK framkvæmdir sem fjármagnaðar eru með framlögum úr Orkusjóði, þ.e. 800 m. kr. til styrkingar dreifikerfa í sveitum og 415 m. kr. vegna sveitarafvæðingar. Nánari grein verður gerð fyrir einstökum framkvæmdaliðum í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980.

Byggðalínur. Ráðgerð er 4 459 m. kr. lántaka vegna byggðalína. Meginverkefni ársins 1980 er lokaáfangi við byggingu Vesturlínu en til þess verks renna alls 4 387 m.kr. Áformað er að orkuveitusvæði Mjólkárvirkjunar tengist aðalorkuveitusvæði landsmanna haustið 1980. Önnur byggðalínuverkefni eru 40 m. kr. til frágangs á Norðurlínu og 32 m. kr. til búnaðar vegna tengingar Austurlínu á Akureyri.

Bessastaðaárvirkjun. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 voru veittar 600 m. kr. til áætlanagerðar og undirbúnings virkjunar í Bessastaðaá. Á árinu 1980 er áformuð lántaka alls 1 550 m. kr. til hönnunar, eftirlits og gerðar útboðsgagna, auk vegagerðar og uppsetningar vinnubúða.

Kröfluvirkjun. Lánsfé vegna Kröfluvirkjunar er áætlað 750 m. kr. og verður fénu varið til gæslu virkjunarinnar, auk borunar einnar holu í suðurhlíðum Kröflu og nauðsynlegra tenginga. Staðan í orkuöflunarmálum Kröfluvirkjunar verður metin að þessari framkvæmd lokinni og frekari ákvarðanir teknar á grundvelli þess. Í ákvæðum um lántökuheimildir er leitað heimildar til lántöku til borana tveggja borhola.

Orkusjóður vegna dreifikerfa í sveitum. Til styrkingar dreifikerfa í sveitum er áformað að verja alls 800 m. kr. og verða framkvæmdir á vegum RARIK. Verkefni þetta er fjármagnað með lánsfé, alls 800 m.kr.

Orkusjóður vegna sveitarafvæðingar. Áætluð er 415 m. kr. lántaka vegna sveitarafvæðingar og er það 215 m. kr. hærri fjárhæð en í lánsfjáráætlun fyrir 1979. Fjárins er aflað til viðbótarframkvæmda við eldri veitur. Rafvæðingaráætlun um tengingu býla í allt að 3 km fjarlægð frá aðaldreifikerfi mun sem næst lokið. Verkefni, sem leyst verða með lánsfjáröflun ársins 1980, eru annars vegar viðbætur við eldri veitur, þ.e. tenging nýrra notenda á svæðum sem þegar eru rafvædd, og hins vegar tenging býla sem eru í sem svarar 4 km fjarlægð frá samveitu.

Orkusjóður vegna einkarafstöðva í sveitum. Raunhæf lausn raforkumála býla sem eru afskekkt er í mörgum tilfellum bygging smárra vatnsaflsstöðva eða uppsetning dísilstöðva. Orkuráð ákveður lánveitingar til einkarafstöðva og er áformuð lánsfjáröflun til þessa verkefnis 20 m. kr.

Orkusjóður vegna byggðalína. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 aflar ríkissjóður lánsfjár vegna fjármagnskostnaðar við byggðalínur. Lántaka Orkusjóðs vegna þessa er áætluð 3 090 m. kr.

Orkusjóður vegna hitaveitulána. Framkvæmdir vegna hita- og fjarvarmaveitna verða fjármagnaðar með ýmsum hætti eins og skýrt verður í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir 1980. Einn liður í þeirri fjármögnun er lánveiting úr Orkusjóði. Í því skyni er Orkusjóði ætlað lánsfjármagn til endurlána alls 500 m.kr.

Virkjunarrannsóknir. Á vegum Orkustofnunar standa nú yfir umfangsmiklar rannsóknir á virkjunarkostum landsmanna. Til þessa hafa rannsóknir á vegum Orkustofnunar verið fjármagnaðar með fjárveitingu á fjárlögum. Nú er áformað að sveigja fjármögnun þessa þáttar í þá veru, að framvegis verði litið á fjármögnun rannsókna helstu virkjunarkosta sem afturkræft fé. Stofnsett er B-hluta fyrirtækið „Virkjanarannsóknir" og er því ætluð 300 m.kr. lántaka til ráðstöfunar í samráði við iðnaðar- og fjármálaráðherra og Orkustofnun. Tilhögun endurgreiðslu af hálfu orkuframleiðslufyrirtækja og/eða ríkissjóðs verður ákveðin síðar.

Póstur og sími vegna jarðstöðvar o. fl. Til framhaldsframkvæmda við jarðstöð og tengd mannvirki er áformað að afla 400 m. kr. lánsfjár vegna hluta póst- og símamálastofnunarinnar í heildarframkvæmdinni, en henni mun ljúka á árinu 1980.

Póstur og sími vegna vörukaupalána. Á sama hátt og gert var í lánsfjáráætlun fyrir 1979 er áætlað fyrir vörukaupalánum Pósts og síma í tengslum við ýmsar framkvæmdir. Nú er ákveðið að afla 469 m. kr. lánsfjár í þessu tilliti.

Endurlán vegna Grundartangahafnar. Eins og fram kemur í greinargerð um lánsfjáröflun A-hluta fjárlaga lýkur framkvæmdum við Grundartangahöfn á þessu ári. Ríkissjóður annast lánsfjáröflun vegna hluta sveitarfélaga við þessa hafnargerð og eru eftirstöðvarnar 34 m. kr.

Loks er í eftirfarandi yfirliti sýnd sundurliðun á afborgunum almennra lána ríkissjóðs ásamt samanburði við fjárlög 1979 í þús. kr.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Mismunur
Lán hjá Seðlabanka Íslands	**5 099 270**	**9 612 170**	**4 512 900**
Lán vegna yfirdráttarskulda	3 666 011	5 613 293	1 947 282
Lán vegna yfirdráttarskulda 1977/78 o. fl. (óverðtr.)	550 000	550 000	—
Lán vegna yfirdráttarskulda 1978/79 (með verðbótaauka)	—	2 364 100	2 364 100
Lán vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins	49 372	—	-49 372
Lán vegna kaupa á Þórshamri	5 092	7 391	2 299
Lán vegna yfirdráttarskulda RARIK	484 176	703 005	218 829
Lán vegna vegagerðar, yfirdráttarskuld	171 101	248 430	77 329
Lán vegna vegagerðar, erlent lán	173 518	125 951	-47 567
Önnur lán	**1 909 716**	**3 747 486**	**1 837 770**
Spariskírteinalán, önnur en til vegag. (endurlán)	132 109	141 125	9 016
Ýmis endurlán (erlend)	133 939	451 862	317 923
Ýmis endurlán (innlend)		1 484	1 484
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	356	1 048	692
Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir)	2 784	4 731	1 947
Lánastofnanir (fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir) erlent fé	6 309	41 902	35 593
Lánastofnanir (fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir) innlent fé	14 482	4 844	-9 638
Ýmis erlend lán	184 293	173 741	-10 552
Ýmis innlend lán	56 848	156 359	99 511
Yfirtekin lán vegna kaupa á Baldri (innl. og erlend)	71 194	93 329	22 135
Lán vegna kaupa á Landakotsspítala	33 075	34 729	1 654
Skyldusparnaður, innheimtur með sköttum	431 271	227 403	-203 868
Ýmis lán, ósundurliðuð	101 100	1 200 000	1 098 900
Lán til vegagerðar (önnur en í Seðlabanka):			
Spariskírteinalán (endurlán)	267 963	382 360	114 397
Önnur endurlán (erlend)	196 783	406 052	209 269
Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir)	668	925	257
Lánastofnanir, erlent fé	248 397	403 185	154 788
Ýmis innlend lán	1 992	5 345	3 353
Lán ríkisstofnana í A-hluta	26 153	17 062	-9 091
Samtals	7 008 986	13 359 656	6 350 670

Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum sem átt hafa sér stað á gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum 1979. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er vikið nánar að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1979. Ekki verður sérstaklega rætt um breytingar á fjárlagaliðum sem eingöngu eiga rætur að rekja til launa- og verðlagsþróunar. Gerð er grein fyrir þætti hennar framar í þessum athugasemdum.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára eins og hér segir í m. kr.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M. kr.	Hækkun %
Æðsta stjórn ríkisins	1 505,7	2 171,7	666,0	44,2

401 **Hæstiréttur.** Fjárveiting hækkar um 44 307 þús. kr. og verður 109 172 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 24/1979 skulu sjö dómarar skipa hæstarétt. Dómurum fjölgar því um einn og er kostnaður vegna þess áætlaður 13 710 þús. kr. Að öðru leyti er um almennar grunnlaunahækkanir að ræða.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka forsætisráðuneytisins breytast milli ára eins og hér segir í m.kr.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	136,7	177,2	40,5	29,6
Annað	2 609,7	2 861,3	251,6	9,6
Samtals	2 746,4	3 038,5	292,1	10,6
Þar af markaður tekjustofn	270,0	395,0	125,0	46,3

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis er árgjald, sem rennur til Byggðasjóðs.

101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 40 443 þús. kr. og skiptist þannig: Vegna yfirstjórnar 37 057 þús. kr. sem er eingöngu vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana. Þá hækkar rekstrarkostnaður vegna stjórnarráðshúss um 2 285 þús kr. sem er einnig vegna eðlilegra verðlagsbreytinga. Hækkun vegna viðhalds og rekstrar ráðherrabústaðar nemur 3 101 þús. kr. en framlag til Hrafnseyrar lækkar um 2 000 þús. kr.

171 **Byggðasjóður.** Framlag til Byggðasjóðs nemur 2 635 000 þús. kr. en auk þess er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki lán að upphæð 2 500 000 þús. kr. Þá er áætlað að eigið fé Byggðasjóðs verði 783 000 þús. kr. Verður því ráðstöfunarfé sjóðsins samtals 5 918 000 þús. kr. sem er 1,85% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Hefur þá verið tekið tillit til 15% almennrar lækkunar á framlagi til Byggðasjóðs eins og til annarra fjárfestingarlánasjóða. Er það í samræmi við meginforsendur frumvarpsins.

902 **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.** Heildarhækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 16 204 þús. kr. sem er 52,1% hækkun frá fjárlögum 1979. Skiptist hækkunin þannig milli gjaldategunda: Laun hækka um 6 844 þús. kr., önnur rekstrargjöld hækka um 2 410 þús. kr. og viðhald um 400 þús.

kr. Allar eru þessar hækkanir eðlilegar launa- og verðlagshækkanir. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 9 500 þús. kr. og er það 65,5% hækkun frá fjárlögum 1979. Sértekjur hækka um 2 950 þús. kr. en stofnkostnaður að fjárhæð 24 000 þús. kr. skiptist þannig: Til Þingvallabæjar er varið 6 000 þús. kr. til endurnýjunar á þaki og lokafrágangs vatnsveitu. Framlag til lífrannsókna í Þingvallavatni er 2 500 þús. kr. Áformað er að endurnýja bifreið þjóðgarðsvarðar og eru ætlaðar 6 000 þús. kr. í því skyni. Þá eru veittar 9 500 þús. kr. til annarra verkefna, s.s. tjaldsvæða, bílastæða og girðinga.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld hinna einstöku málefnaflokka menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun m.kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	370,8	526,1	155,3	41,9
Fræðslumál	29 229,7	42 813,8	13 584,1	46,5
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	2 767,6	3 303,8	536,2	19,4
Gjöld samtals	32 368,1	46 643,7	14 275,6	44,1
Þar af markaðir tekjustofnar	316,8	442,7	125,9	39,7

Markaðir tekjustofnar, sem flokkast undir útgjöld þessa ráðuneytis, hækka sem hér segir: Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna sem fær hluta í einkaleyfisgjaldi og hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands 54,2 m.kr. Hluti af skemmtanaskatti sem rennur til sinfóníuhljómsveitarinnar og félagsheimilasjóðs og hækkar um 60,7 m.kr. Miðagjald sem rennur til menningarsjóðs og hækkar um 11,0 m.kr. og að lokum er hlutur Íþróttasambands Íslands í gjaldi af seldum vindlingum og er hann óbreyttur frá fjárlögum 1979.

201 **Háskóli Íslands.** Framlag til Háskóla Íslands hækkar um 1 220 141 þús. kr. Laun og rekstrargjöld hækka samtals um 1 290 330 þús. kr., og áætlað fjármagn frá Happdrætti Háskóla Íslands og byggingarsjóði hækkar um 601 400 þús. kr. Gert er ráð fyrir nýrri stöðu prófessors í vefjafræði og að fjölga adjúnktum í læknadeild um þrjá. Kostnaðarauki, sem af þessu leiðir, nemur 9 800 þús. kr. Veitt er fé til stöðu dósents í hjúkrunarfræði allt árið, en staðan hafði verið heimiluð frá 1.7.1979, útgjaldaauki vegna þessa er 3 700 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir 4. árs kennslu við námsbraut í sjúkraþjálfun allt árið. Efnt er til hálfrar stöðu sérfræðings við Verkfræðistofnun og er fjárveiting vegna hennar 3 400 þús. kr. Hækkun rekstrargjalda frá fjárlögum 1979 nemur 216 998 þús. kr. Er það 54 000 þús. kr. hækkun umfram verðlagshækkanir og skýrist í meginatriðum af eftirfarandi þáttum: Gert er ráð fyrir leigugjöldum vegna sjúkraþjálfunar að fjárhæð 10 000 þús. kr. Vegna aukinna bóka- og tímaritakaupa Háskólabókasafns 3 400 þús. kr. Þá hækkar ferðakostnaður í rannsóknarleyfum um 13 000 þús. kr. Hækkun að fjárhæð 27 600 þús. kr. skiptist á ýmis viðfangsefni vegna samningsbundinna greiðslna, sameiginlegra rekstrarútgjalda, aukinna rannsókna og stundakennslu. Áætlað er að ráðstöfunarfé til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa Háskólans muni nema samtals 1 235 300 þús. kr. og að því verði ráðstafað með eftirfarandi hætti.

	Þús. kr.
Nýbygging á landspítala- og háskólalóðum	985 300
Viðhald húsa og lóða	65 000
Tækjakaup deilda, námsbrauta og stjórnsýslu	120 000
Skipulagning lóðar og áætlunargerð vegna nýbyggingar á háskólalóð	15 000
Húsnæði og búnaður vegna nýrra námsleiða, breytingar á húsnæði og flutningur milli leiguhúsnæðis	18 000
Endurnýjun og viðhald húsgagna og búnaðar	22 000
Úrbætur í símamálum	10 000
Samtals	1 235 300

Í byrjun árs 1979 fjallaði fjárveitinganefnd Alþingis um byggingarmál á landspítala- og háskólalóð og kynnti sér m. a. álit samráðshóps, sem menntamálaráðherra skipaði hinn 17. nóvember 1978 til að endurmeta stöðu byggingarmála á vegum Háskóla Íslands og á landspítalalóð, en álitið er dagsett 11. desember 1978.

Þeir er skipuðu fjárveitinganefnd þ. 14. mars 1979 gátu fyrir sitt leyti fallist á þau áform um framkvæmdir og fjármögnun sem fram eru sett í áliti samráðshópsins. Fjármögnunin fól í sér að til viðbótar framlagi Happdrættis Háskóla Íslands þyrfti að koma til fjárveiting úr ríkissjóði á næstu árum. Sérstaklega voru höfð í huga næstu þrjú árin, vegna ákvarðana um framkvæmdir sem verið var að taka á útmánuðum 1979. Upphæðin er 300 m.kr. á ári miðað við verðlag í október 1978.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1980 er ekki gert ráð fyrir beinni fjárveitingu til byggingarframkvæmda á vegum Háskóla Íslands. Hönnunarvinna hefur verið tímafrekari en reiknað var með og framkvæmdir dregist. Með þeim byggingarhraða, sem fyrrnefndur samráðshópur lagði til grundvallar, er fjárveiting úr ríkissjóði ekki nauðsynleg á árinu 1980. Það er því eðlilegt að áform um fjárveitingar til byggingarframkvæmda á vegum Háskóla Íslands færist til í tíma um eitt ár.

203 **Raunvísindastofnun háskólans.** Framlag til Raunvísindastofnunar verður 448 254 þús. kr. og er það 142 494 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 130 228 þús. kr. sem er eingöngu vegna eðlilegra verðlags- og grunnlaunahækkana. Viðhald hækkar um 4 790 þús. kr., og verður 16 855 þús. kr., þar af eru 9 000 þús. kr. áætlaðar til viðhalds á húsi stofnunarinnar. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 6 576 þús. kr. og verður 38 950 þús. kr. Þá eru sértekjur stofnunarinnar áætlaðar 2 100 þús. kr. sem er 900 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979.

231 **Náttúrufræðistofnun Íslands.** Framlag hækkar um 29 371 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 26 271 þús. kr. sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum. Viðhald verður 2 000 þús. kr. og hækkar um 850 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 5 250 þús. kr. og verður 8 350 þús. kr. Skal fénu m. a. varið til kaupa á safnhirslum, sýningarborðum og þunnsneiðavél. Sértekjur eru áætlaðar 3 000 þús. kr. en ekki hefur verið áætlað fyrir sértekjum áður.

232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Á öndverðu ári 1979 kynnti Rannsóknaráð ríkisins ráðamönnum þjóðarinnar langtímaáætlun um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Í skýrslunni kemur fram að Íslendingar verja mun minna fjármagni til rannsókna- og þróunarstarfsemi en aðrar þjóðir á svipuðu hagþróunarstigi. Af vergum þjóðartekjum verja Íslendingar 0,4—0,5% til rann-

sókna en aðrar þjóðir 1%—2,5%. Í 25. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. segir: „Til stuðnings áætlanagerðar um atvinnuvegina skal efla rannsóknarstarfsemi í þeirra þágu, með hliðsjón af langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um það efni, eins og hún verður staðfest af stjórnvöldum".

Þær stofnanir sem falla undir Rannsóknaráð ríkisins eru: Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, auk Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna sem annast m. a. fjárreiður fyrrgreindra stofnana. Framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins átti fund með fjárveitinganefnd á s. l. vori þar sem sérstaklega var rætt starfsskipulag á grundvelli verkefna auk annarra atriða langtímaáætlunarinnar. Í því sambandi var rætt um gerð fjárlaga og hugsanlegar breytingar á vinnubrögðum sem því væru samfara að fjárveitingar miðuðust við verkefni. Var afráðið að rannsóknastofnanirnar skyldu senda fjárveitingabeiðnir sínar með hefðbundnum hætti, en auk þess vinna að því að deila beiðnunum niður á verkefni. Í júní s. l. var síðan efnt til fundar með forstöðumönnum rannsóknastofnananna, fulltrúum fagráðuneyta, formanni fjárveitinganefndar og hagsýslustjóra. Þar var gerð grein fyrir fjárveitingabeiðnum, skipt niður á verkefni, og tengslum fjárveitingabeiðna við langtímaáætlun. Beiðnirnar fólu í sér m. a. óskir um aukinn mannafla sem nam 61 stöðugildi fyrir stofnanirnar allar.

Við undirbúning fjárlaga og yfirferð Fjárlaga- og hagsýslustofnunar á fjárveitingabeiðnum áðurgreindra stofnana þurfti að hafa eftirfarandi atriði í huga. Í fyrsta lagi fást fleiri stofnanir við rannsóknastarfsemi en þær stofnanir sem falla undir Rannsóknaráð ríkisins. Má þar m. a. nefna Orkustofnun og Háskóla Íslands. Í öðru lagi hefur olíukreppan valdið búsifjum og þar af leiðir að stjórnvöld hafa lagt áherslu á rannsóknir á sviði orkumála. Í þriðja lagi var lögð á það rík áhersla við samningu fjárlagafrumvarpsins að nýjum stöðum yrði ekki fjölgað. Svigrúm til að auka starfsemi rannsóknastofnana, sem tilheyra Rannsóknaráði ríkisins, er því mjög takmarkað. Sem skref í átt að því marki sem langtímaáætlunin felur í sér var leitast við að gera tvennt. Annars vegar að gefa forstöðumönnum rannsóknastofnana kost á að raða verkefnum að nýju inn í niðurskorinn fjárlagaramma og hins vegar að kanna möguleika á auknum sértekjum stofnununum til handa. Var þá haft í huga að stofnanir gætu eflst við að fá verkefni sem gæfu af sér nægar tekjur til að standa straum af kostnaði þeim samfara. Tekið var skýrt fram að starfsmenn, sem að slíkum verkefnum væru ráðnir, yrðu verkefnaráðnir, þannig að viðkomandi stofnun sæti ekki uppi með starfsmennina þegar verkefninu lyki. Við undirbúning fjárlagafrumvarps var sérhverri rannsóknarstofnun ákveðinn fjárhagslegur rammi til að starfa innan. Aftur á móti var ekki að fullu gengið frá niðurröðun verkefna nokkurra stofnana. Er þess getið í greinargerð og er vísað til fjárveitinganefndar.

Langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna mun ekki enn hafa verið staðfest af stjórnvöldum. Verði það gert væri eðlilegt að hugað yrði nánar að eftirfarandi atriðum:

a) Skilgreind yrði grunnstærð hverrar stofnunar og hún tengd langtímaáætlun. Grunnstærðin yrði þá eins konar heimanmundur frá ríkinu, en að auki yrði sjálfsaflafé stofnana þeim til eflingar. Sérstakrar athugunar þarf við þegar ríkið eða ríkisstofnanir eru aðal- eða einu kaupendur þjónustu rannsóknastofnananna. Er þar einkum átt við að gjaldskrám sé ekki misbeitt.
b) Endurskoða og samræma þarf gjaldskrár rannsóknastofnananna.
c) Skilgreina þarf nánar hvernig staðið skuli að verkefnaráðningu starfsmanna. Kemur m. a. til álita að ráðningin sé borin undir Ráðninganefnd ríkisins ef ætla má að verkefnið taki lengri tíma en eitt ár.

276 **Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Framlag til sjóðsins, sem er eingöngu framlag frá Happdrætti H.Í., hækkar um 54 200 þús. kr. og verður 145 400 þús. kr. Skal fjárhæðinni varið til greiðslu vaxta og afborgana af skuldbindingum sjóðsins 32 888 þús. kr. og til frekari uppbyggingar á Keldnaholti 112 512 þús. kr.

301 **Menntaskólinn í Reykjavík.** Fjárveiting til skólans hækkar um 160 506 þús. kr. og nemur framlag ríkissjóðs þá 508 220 þús. kr. Hækkun fjárveitingarinnar skýrist af eftirfarandi: Laun hækka um 156 527 þús. kr., sem er um 12 000 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir, en það skýrist af því að gert er ráð fyrir nokkurri fjölgun nemenda við skólann. Þá hækka önnur rekstrargjöld um 3 979 þús. kr. en gjaldfærður stofnkostnaður verður 10 000 þús. kr. Er það óbreytt upphæð frá fjárlögum 1979 og er fjárveitingin ætluð til húsa- og lóðarkaupa á lóð skólans.

302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Fjárveiting til skólans verður 445 049 þús. kr. og er það hækkun um 148 329 þús. kr. frá fjárlögum 1979. Laun hækka um 130 242 þús. kr. sem er um 11 000 þús. kr. meiri hækkun en launaforsendur gefa tilefni til. Gert er ráð fyrir fjölgun nemenda, þannig að bæta verði við tveimur bekkjardeildum, og skýrir það launahækkunina. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 087 þús. kr. sem er innan við eðlilegar verðlagshækkanir. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 8 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr. sem fara á til frekari undirbúningsvinnu við íþróttahús skólans.

307 **Menntaskólinn á Egilsstöðum.** Kennsla hefst við skólann haustið 1979 í fjórum bekkjardeildum. Laun eru áætluð 64 755 þús. kr., en það eru laun skólameistara, fimm kennara, húsvarðar, fulltrúa í hálfu starfi og húsbónda á heimavist í hálfu starfi eða átta stöðugildi alls, auk þess sem áætlað er fyrir ræstingarkostnaði og öðrum launakostnaði. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 9 240 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður er áætlaður 95 000 þús. kr., þar af 80 000 þús. kr. til áframhaldandi framkvæmda við 1. áfanga, sem er heimavist og mötuneyti, og 15 000 þús. kr. vegna kennaraíbúða. Heildarframlag til Menntaskólans á Egilsstöðum er því samtals 168 995 þús. kr.

308 **Menntaskólinn í Kópavogi.** Fjárveiting til skólans hækkar um 68 943 þús. kr. Launaliður hækkar um 76 191 þús. kr. sem er umfram almennar launahækkanir en skýrist af fjölgun bekkjardeilda um eina. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 752 þús. kr. sem nemur almennum verðlagshækkunum. Gjaldfærður stofnkostnaður er 20 000 þús. kr., sem er 10 000 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1979, og skal varið til að leysa húsnæðismál skólans.

321 **Kennaraháskóli Íslands.** Fjárveiting til skólans hækkar um 403 381 þús. kr. Laun hækka um 220 836 þús. kr. sem skýrist af almennum launahækkunum og fjölgun um eitt stöðugildi lektors. Er það til komið vegna eldri heimildar að ⅔ hlutum auk nýrrar heimildar að ⅓ hluta. Önnur rekstrargjöld hækka um 63 945 þús. kr. Skýringin felst í verðlagshækkunum og af framlagi til viðfangsefnisins námskeið réttindalausra kennara 32 000 þús. kr. Liður þessi var áður á fjárlagalið 02 791 Grunnskólar, almennt, en framlag í fjárlögum 1979 nam 11 000 þús. kr. Viðhald verður 7 900 þús. kr. sem er lækkun um 600 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 178 000 þús. kr. sem er 120 500 þús. kr. hærra framlag en í fjárlögum 1979. Þar af eru 13 000 þús. kr. til tækjakaupa en 165 000 þús. kr. til nýbyggingar við aðalbyggingu skólans. Þá hækka sértekjur um 1 300 þús. kr.

331 **Íþróttakennaraskóli Íslands.** Framlag til skólans hækkar um 77 743 þús. kr. Laun hækka um 33 082 þús. kr., þar af um 6 200 þús. kr. vegna einnar stöðu

kennara til viðbótar. Önnur hækkun umfram almennar launahækkanir er til komin vegna verulegrar fjölgunar nemenda við skólann og aukins kennsluumagns því samfara. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 761 þús. kr. sem nemur almennum verðlagshækkunum. Viðhald verður 6 000 þús. kr. en var 4 000 þús. kr. í fjárlögum 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 50 000 þús. kr. en var 10 000 þús. kr. í fjárlögum 1979. Framlaginu skal varið til áframhaldandi hönnunar og byggingar íþróttahúss við skólann. Þá hækka sértekjur um 100 þús. kr. og verða 200 þús. kr.

351 **Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.** Framlag til skólans hækkar um 198 455 þús. kr. Laun hækka um 242 002 þús. kr. sem er um 40 000 þús. kr. umfram almennar launahækkanir vegna fjölgunar nemenda við skólann. Önnur rekstrargjöld hækka um 13 253 þús. kr. og er það í samræmi við verðlagshækkanir. Viðhald er 7 000 þús. kr. en var 5 000 þús. kr. í fjárlögum 1979. Stofnkostnaður er áætlaður 141 200 þús. kr. sem er 58 800 þús. kr. lækkun frá fjárlögum 1979. 1 200 þús. kr. eru ætlaðar í ýmsan búnað, 20 000 þús. kr. til áframhaldandi hönnunar á E-álmu og 120 000 þús. kr. er endurgreiðsla ríkissjóðs vegna þeirra framkvæmda sem Reykjavíkurborg hefur annast.

352 **Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli.** Fjárveiting til skólans hækkar um 116 349 þús. kr. Laun hækka um 114 049 þús. kr. Þar af eru 10 500 þús. kr. vegna fjölgunar fastráðinna kennara um 1,84 stöðugildi en nemendum hefur fjölgað verulega við skólann. Hluti ríkissjóðs í launagreiðslum skólaritara, matráðskonu, umsjónarmanns og gangavarðar auk ræstingar, sem nemur u. þ. b. 13 400 þús. kr., er nú talið með launalið en var talið með öðrum rekstrargjöldum í fjárlögum 1979. Þetta skýrir jafnframt hækkun þess liðar um 2 300 þús. kr. eða 12,2%. Gjaldfærður stofnkostnaður er 15 000 þús. kr. sem er sama fjárveiting og 1979. Er þar um að ræða greiðslu á hluta ríkissjóðs samkvæmt samningi um nýbyggingu skólans og breytingar á eldra húsi hans.

353 **Fjölbrautaskóli Suðurnesja.** Framlag til skólans hækkar um 105 482 þús. kr. Laun hækka um 83 032 þús. kr. sem er um það bil 30 000 þús. kr. lægri upphæð en almennar launahækkanir gera ráð fyrir. Er það vegna endurskoðaðrar áætlunar um nemendafjölda sem var ofáætlaður í fjárlögum 1979. Önnur rekstrargjöld hækka um 20 450 þús. kr., þar af eru um 13 500 þús. kr. vegna vanáætlunar í fjárlögum 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður er 65 000 þús. kr. og er varið til endurgreiðslu ríkissjóðs vegna byggingar kennsluhúss skólans. Það er 2 000 þús. kr. hærra framlag en var árið 1979.

371 **Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki.** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða en skólinn tekur við hlutverki iðnskóla og framhaldsdeilda grunnskóla á Sauðárkróki sem lagðir hafa verið niður. Heildarframlag er áætlað 96 124 þús. kr.

372 **Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum.** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða en skólinn tekur við hlutverki iðnskóla, vélskóla og stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum sem lagðir hafa verið niður. Heildarframlag er áætlað 87 035 þús. kr.

421 **Fræðslumyndasafn.** Hækkun á þessum lið er 10 893 þús. kr. og er þar eingöngu um að ræða almennar launa- og verðlagshækkanir. Stöðuheimildir eru auknar um 0,4 stöðugildi vegna þess að staða forstöðumanns er nú setin að fullu í stað 60% undanfarið.

501 **Tækniskóli Íslands.** Framlag ríkissjóðs verður 448 858 þús. kr., og er það hækkun um 132 843 þús. kr. sem skiptist þannig á einstakar gjaldategundir. Laun hækka um 119 943 þús. kr. sem er um 9 000 þús. kr. umfram eðlilegar

launahækkanir. Hækkun þessi er tilkomin vegna eftirtalinna liða: Stundakennslu, prófgæslu, námsskrárgerðar og persónuuppbótar. Aðrir gjaldaliðir hækka samtals um 12 640 þús. kr. Þá lækka sértekjur um 260 þús. kr.

521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Lækkun á þessum lið, 106 248 þús. kr., skýrist fyrst og fremst af því að launaliður lækkar um 116 428 þús. kr. Laun nema vegna bóklega þáttar námsins falla niður en voru í fjárlögum 1979 áætluð nálægt 115 000 þús. kr. Einnig er um að ræða nettó fækkun stöðugilda um 4,62 sem þýðir um 22 000 þús. kr. lækkun á launum. Að öðru leyti er um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 7 285 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður er áætlað 6 600 þús. kr. Það er 3 900 þús. kr. hærri fjárhæð en fjárveitingin nam 1979. Þá eru sértekjur hækkaðar um 1 005 þús. kr.

522 **Nýi hjúkrunarskólinn.** Fjárveiting hækkar um 13 260 þús. kr. Laun hækka um 11 660 þús. kr., þar af eru 2 700 þús. kr. vegna fjölgunar stöðugilda kennara um 0,5 en önnur laun lækka á móti. Nokkur fækkun nemenda á sér stað þannig að launaliðurinn er í samræmi við tillögur skólans og hækkar um 38,3% og er það eðlilegt miðað við áætlað kennslumagn. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 600 þús. kr., sem er um 18% hækkun frá fjárlögum 1979, og er tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings árið 1978.

553 **Húsmæðrakennaraskólar.** Liðurinn hækkar um 89 575 þús. kr. Laun hækka um 71 672 þús. kr. eða sem nemur almennum launahækkunum þrátt fyrir fækkun um 1,23 stöðugildi kennara. Önnur rekstrargjöld hækka um 12 141 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður er áætlaður 37 262 þús. kr. sem er 12 262 þús. kr. hærri fjárveiting en 1979. Sértekjur eru áætlaðar 6 500 þús. kr. en ekki hefur verið áætlað fyrir sértekjum áður.

610 **Héraðsskólar, almennt.** Fjárveiting til héraðsskóla, almennt hækkar um 37 500 þús. kr. og verður fjárveitingin 254 000 þús. kr. Framlag til viðhalds héraðsskólanna hækkar um 24 000 þús. kr. og verður 72 000 þús. kr. Þá hækkar liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður um 13 000 þús. kr. og verður 182 000 þús. kr. Fjárveitinganefnd Alþingis mun ákveða skiptingu fjár til viðhalds og stofnkostnaðar á milli einstakra héraðsskóla. Ekki er áætlað fyrir sértekjum en þær voru 500 þús. kr. í fjárlögum 1979.

700—780 **Grunnskólar, rekstur.** Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla hækkar um 4 700 694 þús. kr. frá fjárlögum 1979 eða um 44,2%. Launaliðurinn hækkar um 4 391 735 þús. kr. Hefur þá verið tekið tillit til hækkunar launatengdra gjalda um 1% og launaflokkahækkunar kennara. Til lækkunar kemur fækkun yfirvinnustunda fastra kennara í samræmi við fyrirmæli menntamálaráðuneytisins á s. l. sumri. Er þessi sparnaður í samræmi við skerðingu kennslustunda sem var ákveðinn við afgreiðslu fjárlaga ársins 1979 og þá metinn á 150 000 þús. kr.

Vegna óvissu um hvaða áhrif þessar ráðstafanir munu hafa á starfsemi grunnskóla landsins er gert ráð fyrir fjárveitingu undir liðnum grunnskólar, almennt (02.791) 324.113 þús. kr. sem verður til skipta til einstakra fræðsluumdæma, ef þörf krefur, við endurmat á fjárþörf grunnskólanna.

Ennfremur kemur til lækkunar að tveir framhaldsskólar hafa verið stofnaðir, í Vestmannaeyjum og á Sauðárkróki, og eru nú með sérstök fjárlaganúmer. Almennt framhaldsnám þessara skóla tilheyrði grunnskólum viðkomandi umdæma í fjárlögum 1979.

Önnur rekstrargjöld hækka um 267 075 þús. kr. eða 36,7%. Er um að ræða hækkun til grunnskóla í öllum umdæmum nema í Reykjavík, þar sem þessi liður lækkar um 14 458 þús. kr. Ástæðan er sú að kostnaður við heilsu-

gæslu er tekinn út þar sem hann er borinn uppi af almennri heilsugæslu. Yfirfærslur til sveitarfélaga — framlög til fræðsluskrifstofa — hækka verulega eða um 41 884 þús. kr. Er framlag ríkissjóðs reiknað í samræmi við ákvæði 85. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, þ. e. að dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara (14. launafl.) verði greitt á hvern nemanda í grunnskólum umdæmisins þannig að 1,4 stundir koma á hverja fyrstu 2200 nemendur og 0,4 stundir á hvern nemanda þar umfram. Reiknað var með launum samkvæmt launatöflu í mars að viðbættum 34,47%. Við þetta framlag er síðan bætt 1 750 þús. kr. fyrir húsaleigu og ferðakostnaði í hverju umdæmi.

791 **Grunnskólar, almennt.** Fjárveiting á þessum fjárlagalið nemur samtals 564 043 þús. kr. og er það 383 558 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979. Áætlað er nú til nýs liðar, laun og önnur rekstrargjöld í grunnskólum 324 113 þús. kr., (sjá nánar í greinargerð 700—780 Grunnskólar, rekstur). Þar af eru laun 300 000 þús. kr. og önnur rekstrargjöld 24 113 þús. kr. Aðrar hækkanir sem orðið hafa eru sem hér segir: Laun kennara sem orlof fá 16 574 þús. kr., stjórnskipaðir prófdómarar 17 930 þús. kr., til umferðarfræðslu í skólum 1 881 þús. kr., til framkvæmdar sundskyldu í skólum 34 060 þús. kr. Þá fellur niður viðfangsefnið námskeið kennara sem ekki hafa full réttindi, en fjárveiting var 11 000 þús. kr. í fjárlögum 1979. Fjárveiting þessi færist yfir til Kennaraháskóla Íslands.

792 **Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Fjárveiting á þessum lið hækkar um 520 500 þús. kr. og verður 2 500 000 þús. kr. Svo sem venja hefur verið mun fjárveitinganefnd Alþingis ákveða skiptingu þessa fjár til einstakra framkvæmda.

793 **Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn.** Liður þessi fellur niður hér en framlög eru nú á fjárlagalið 07 976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra.

797 **Stofnanir afbrigðilegra barna.** Liðurinn hækkar um 141 643 þús. kr. Laun hækka um 143 672 þús. kr. Þess er að geta að fækkun á sér stað um 0,33 stöðugildi kennara við Tjaldanesheimilið. Fluttar eru á liðinn 02—700 Grunnskólar í Reykjavík eftirfarandi stöðuheimildir: 4,25 stöðugildi uppeldisfulltrúa við sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur, 2,0 kennarastöður við Barnaspítala Hringsins og 3,0 kennarastöður við sjúkrakennslu utan stofnana. Þá voru 1,5 stöðugildi kennara við Heyrnleysingjaskólann og 1,0 kennarastaða við Unglingaheimili ríkisins talin með þessum lið í síðustu fjárlögum en eru nú á viðkomandi stofnunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 35 237 þús. kr. Viðhald er áætlað 6 561 þús. kr. sem er 191 þús. kr. lægri fjárveiting en var 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður, sem var 20 134 þús. kr., fellur nú undir liðinn 07 976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra. Yfirfærslur til einstaklinga og samtaka hækka um 1 094 þús. kr. Að lokum er þess að geta að sértekjur eru áætlaðar 18 035 þús. kr. en fyrir þeim hefur ekki verið áætlað áður. Þar er um að ræða örorkubætur nemenda sem eru vistaðir á vegum Öskjuhlíðarskóla, að upphæð 15 318 þús. kr., og endurgreiðslur Reykjavíkurborgar vegna aksturs hreyfihamlaðra barna á dagheimilinu Múlaborg að upphæð 2 717 þús. kr.

799 **Heyrnleysingjaskólinn.** Liðurinn hækkar um 73 739 þús. kr. Laun hækka um 65 004 þús. kr. Þar af eru 7 545 þús. kr. vegna launa 1,5 kennara sem voru á fjárlögum 1979 á lið 02—797 Stofnanir afbrigðilegra barna. Einnig er gert ráð fyrir 1 500 þús. kr. vegna sérkennslu nemenda sem hafa takmarkað gagn af hópkennslu. Aðrir liðir hækka alls um 8 735 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir.

801 **Vistheimilið Breiðavík.** Liður þessi fellur niður enda hefur starfsemi heimilisins verið hætt samkvæmt tillögu nefndar sem endurskoðaði rekstur þess.

802 **Vernd barna og ungmenna.** Liðurinn hækkar um 22 442 þús. kr. Rekstrarliðir hækka samtals um 4 842 þús. kr. eða sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum. Yfirfærslur til einstaklinga og samtaka hækka um 17 600 þús. kr. og verða 21 300 þús. kr. Þar af er nýtt viðfangsefni, meðferðarheimilið að Smáratúni í Fljótshlíð, með 17 000 þús. kr. rekstrarstyrk.

803 **Dagvistarheimili, stofnkostnaður.** Framlag hækkar um 140 040 þús. kr. og verður 500 040 þús. kr. Fjárveitinganefnd Alþingis mun skipta framlagi þessu á einstakar framkvæmdir.

871 **Unglingaheimili ríkisins.** Liður þessi, sem er framlag til B-hluta stofnunar hækkar um 59 703 þús. kr. Launaliðurinn hækkar um 53 553 þús. kr. Eitt stöðugildi kennara er flutt af lið 02 797 Stofnanir afbrigðilegra barna. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði á árinu ráðningu sálfræðings í 0,75 stöðugildi sem er nýtt. Þá er fyrirhuguð stofnun göngudeildar við heimilið með launalið sem nemur 5 000 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður er áætlaður 17 100 þús. kr., þar af 15 000 þús. kr. til kaupa á húsnæði fyrir göngudeild. Aðrar hækkanir eru vegna almennra launa- og verðlagshækkana.

872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Framlag hækkar um 1 939 026 þús. kr. og verður 4 173 887 þús. kr. í heild. Auk þessa framlags verður sjóðnum aflað heimildar til lántöku allt að 1 200 000 þús. kr. Geta sjóðsins til lánveitinga er alls 4 659 000 þús. kr. og styrkveitingar alls 218 000 þús. kr. og kemur þetta fram í B-hluta frumvarpsins. Fjárveiting og lántökur eru við það miðaðar að sjóðurinn geti staðið undir 85% umframfjárþörf eins og hún er metin af sjóðsstjórn og er það óbreytt frá gildandi reglu. Fjölgun lánveitinga á áætluninni er miðuð við 8% frá árinu 1979 og verðlagsbreyting milli ára miðast við 35% í samræmi við forsendur um innlent og erlent verðlag og gengisbreytingar. Afborganir lána og vaxtagreiðslur sjóðsins hafa farið ört vaxandi á síðustu árum. Full ástæða er til þess að fram fari athugun á fjármálum sjóðsins, ekki síst m.t.t. lánsfjármögnunar sjóðsins og endurgreiðslu veittra lána.

881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Fjárveiting verður 182 350 þús. kr. og er það hækkun um 106 000 þús. kr. frá fjárlögum 1979. Skiptist hækkunin þannig á einstök viðfangsefni: Framlag til Félagsstofnunar stúdenta hækkar um 6 000 þús. kr. og verður 35 000 þús. kr. Stúdentagarðar, viðhald hækkar um 75 000 þús. kr. og verður 100 000 þús. kr. Þar af eru 50 000 þús. kr. vegna greiðslu skuldar sem er tilkomin vegna viðhalds á Gamla Garði og aðrar 50 000 þús. kr. til áframhaldandi viðhalds stúdentagarðanna. Þá er tekið upp nýtt viðfangsefni, hjónagarðar 25 000 þús. kr., en framlag þetta er ætlað til að létta á skuldabyrði vegna byggingar hjónagarða við Suðurgötu. Hinn 30. janúar s. l. skipaði menntamálaráðherra nefnd til að gera tillögur um hvernig best megi tryggja rekstrargrundvöll Félagsstofnunar stúdenta í framtíðinni. Nefndin hefur skilað áliti og er það til athugunar hjá ríkisstjórninni. Við ákvörðun ofangreindra framlaga var tekið mið af áliti nefndarinnar.

931 **Náttúruverndarráð.** Fjárveiting hækkar um 2 744 þús. kr. Laun hækka um 16 994 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 4 750 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 4 000 þús. kr. og verður 25 000 þús. kr. Skiptist hann þannig á einstök verkefni: Til gerðar tjaldstæða í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum 11 500 þús. kr., til þjóðgarðsins í Skaftafelli 4 000 þús. kr., framlag til Friðlýsingarsjóðs verður 7 000 þús. kr., merkingar og eftirlit friðlýstra svæða 1 500 þús. kr. og að lokum

er 1 000 þús. kr. vegna stofnkostnaðar við yfirstjórn. Sértekjur hækka um 22 500 þús. kr. og verða þær 26 000 þús. kr. Fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé Þjóðhátíðarsjóðs rennur til Friðlýsingarsjóðs og er sú fjárhæð áætluð 21 000 þús. kr. Aðrar sértekjur eru áætlaðar 5 000 þús. kr. sem er að mestu leiga af tjaldstæðum.

972 **Ríkisútvarpið, sjónvarp, aðflutningsgjöld.** Bein fjárveiting úr ríkissjóði fellur niður, þess í stað er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið taki lán að upphæð 500 000 þús. kr. til að standa straum af þeim framkvæmdum er hingað til hafa verið fjármagnaðar með framlagi úr ríkissjóði. Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að fela þriggja manna nefnd frá stjórnarflokkunum að gera áætlun um heildarfjárfestingu Ríkisútvarpsins á næstu árum, m. a. til undirbúnings fjárlaga 1980, og geri nefndin tillögu um fjármögnun þessara framkvæmda með ákveðnum framlögum úr ríkissjóði, hugsanlegri hækkun afnotagjalda í þessu skyni og lántökum til lengri tíma.

974 **Sinfóníuhljómsveit Íslands.** Framlagið hækkar um 75 858 þús. kr. Þar af eru 19 360 þús. kr. hlutdeild ríkissjóðs vegna fjölgunar hljóðfæraleikara um tíu. Aðrar hækkanir eru í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir.

976 **Menningarsjóður.** Hækkun á þessum lið er 11 000 þús. kr. og nemur fjárveiting þá 37 000 þús. kr. sem er í samræmi við tekjuáætlun.

977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.** Framlagið til byggingar þjóðarbókhlöðu verður 300 000 þús. kr., sem fjármagnað verður með lántöku.

982 **Listir, framlög.** Hækkun á þessum lið er 41 900 þús. kr. sem kemur fram á eftirfarandi viðfangsefnum: Launasjóður rithöfunda hækkar um 33 407 þús. kr. Rithöfundasjóður hækkar um 8 875 þús. kr. Kvikmyndasjóður lækkar um 5 000 þús. kr. Starfslaun listamanna hækka um 4 618 þús. kr. Önnur framlög á þessum lið eru óbreytt í krónutölu frá fjárlögum 1979.

984 **Norræn samvinna.** Liður þessi hækkar um 20 698 þús. kr. Hækkun á hluta Íslands í norrænu menningarfjárlögunum nemur 22 528 þús. kr. Viðfangsefnið Norræna vatnafræðifélagið 100 þús. kr. fellur niður. Viðfangsefnið styrkur handa rithöfundi til dvalar á Norðurlöndum, sbr. lög nr. 28/1967, 100 þús. kr. féll niður í fjárlögum 1979 en kemur inn að nýju. Framlag Íslands til byggingar norræns húss í Þórshöfn 1 830 þús. kr. fellur niður sem sjálfstæður liður en er talinn með í framlagi Íslands til norrænu menningarfjárlaganna. Önnur framlög eru óbreytt.

985 **Félagsheimilasjóður.** Hlutur sjóðsins af áætluðum skemmtanaskatti að frádreginni skerðingu, er nemur 24 300 þús. kr., er 218 700 þús. kr. Er það 52 200 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979.

986 **Íþróttasjóður.** Fjárveiting á þessum lið nemur samtals 447 640 þús. kr. og er það hækkun um 100 000 þús. kr. frá fjárlögum 1979. Fjárveitinganefnd Alþingis mun sjá um skiptingu fjárveitingarinnar milli einstakra framkvæmda svo sem verið hefur.

999 **Ýmislegt.** Liður þessi hækkar um 13 482 þús. kr. og skýrist þannig að niður fellur 300 þús. kr. framlag til minnisvarða um Jón Eiríksson en í fjárlögum 1979 var um lokaframlag að ræða. Einnig fellur niður 600 þús. kr. framlag til brúðuleikhúsa. Viðfangsefnið forseti FIDE hækkar um 5 000 þús. kr. Nýtt viðfangsefni er tekið upp, stórmeistarar í skák 9 382 þús. kr., en hér er átt við laun tveggja stórmeistara sem fengu áður greitt af liðnum Grunnskólar, almennt. Önnur framlög eru óbreytt frá fjárlögum 1979.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast sem hér segir í m. kr.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	349,9	542,1	192,2	54,9
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	486,2	682,7	196,5	40,4
Sendiráðin	829,0	1 228,3	399,3	55,4
Alþjóðastofnanir	523,2	740,0	216,8	41,6
Samtals	2 188,3	3 193,1	1 004,8	45,9

Helstu breytingar sem orðið hafa á framlögum til einstakra málefnaflokka skal nú skýra nánar.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 174 755 þús. kr., þar af vegna starfrækslu aðalskrifstofu ráðuneytisins 137 165 þús. kr. Laun á aðalskrifstofu hækka um 77 691 þús. kr., þar af 6 148 þús. kr. vegna flutnings á einni stöðu frá sendiráðinu í London til aðalskrifstofu ráðuneytisins en samsvarandi lækkun á launum á sér stað við sendiráðið í London. Að öðru leyti er um eðlilegar grunnlaunahækkanir að ræða að fjárhæð 71 543 þús. kr. Önnur rekstrargjöld á aðalskrifstofu hækka um 57 875 þús. kr. og er það 54,9% hækkun frá fjárlögum 1979. Hækkun umfram eðlilegar verðlagshækkanir á rót sína að rekja til þess að heimiluð hefur verið aukning á húsnæði ráðuneytisins og nemur kostnaður vegna þess 10 800 þús. kr. Viðhald og stofnkostnaður hækkar samtals um 1 600 þús. kr. Framlög til einstakra verkefna breytast sem hér segir: Kostnaður vegna samninga við erlend ríki hækkar um 1 900 þús. kr. og verður 3 000 þús. kr., kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum eykst um 16 300 þús. kr. og verður 52 600 þús. kr., framlag til kjörræðismanna hækkar um 1 000 þús. kr. og verður 4 300 þús. kr., til upplýsinga- og kynningarstarfsemi er varið 22 200 þús. kr. og nemur hækkunin 5 040 þús. kr., til kaupa á kvikmyndum er varið 3 000 þús. kr. og er það hækkun um 2 000 þús. kr., hækkun vegna markaðsmála nemur 4 650 þús. kr. og verður framlagið þá 21 700 þús. kr. Þá er tekið inn eitt nýtt viðfangsefni sem er vegna sameiginlegrar menningarkynningar Norðurlanda í Bandaríkjunum. Áformað er að umrædd kynning fari fram árið 1982 og nemur framlag vegna þessa verkefnis 6 700 þús. kr.

102 **Varnarmáladeild.** Heildargjöld varnarmáladeildar hækka um 17 480 þús. kr. Hækkun launa nemur 11 921 þús. kr. og önnur rekstrargjöld hækka um 5 379 þús. kr. Nemur hækkun þessi 51,5% frá fjárlögum ársins 1979. Heimiluð var aukning á húsnæði varnarmáladeildar, m. a. til þess að unnt yrði að skapa nýskipaðri öryggismálanefnd viðunandi starfsaðstöðu. Skýrist hækkun á rekstrargjöldum, sem er umfram eðlilegar verðlagshækkanir, af þessari aukningu. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 200 þús. kr. og verður 600 þús. kr.

301—313 **Sendiráðin.** Kostnaður vegna starfrækslu sendiráða Íslands erlendis hækkar um 438 311 þús. kr., þar af hækkar launaliður um 266 225 þús. kr. Heimilað hefur verið hálft stöðugildi við sendiráðið í Stokkhólmi og nemur hækkun vegna þess 3 112 þús. kr., að öðru leyti stafar launahækkunin af gengisbreytingum íslensku krónunnar. Önnur rekstrargjöld hækka um 163 574 þús. kr. sem er nær eingöngu gengisáhrif. Á fjárlagaliðinn Sendiráð, almennt eru færðar 39 313 þús. kr. vegna ýmissa óvissuþátta sem teknir verða til sérstakrar athugunar. Á þessum lið voru 38 987 þús. kr. á fjárlögum 1979. Viðhaldsliður sendiráðanna hækkar um 11 837 þús. kr. en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar hins vegar um 4 429 þús. kr.

399 **Ýmis utanríkismál.** Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 109 600 þús. kr. sem skiptist þannig: Aðstoð Íslands við þróunarlöndin 64 000 þús. kr. sem er vegna samningsbundinna verkefna aðstoðarinnar. Þá færist framlag til Háskóla Sameinuðu þjóðanna af fjárlagaliðnum Alþjóðastofnanir og nemur aukning vegna þessa 45 600 þús. kr.

401 **Alþjóðastofnanir.** Hækkun framlaga til alþjóðastofnana nemur samtals 107 201 þús. kr. Flest öll framlögin sem veitt eru á þessum fjárlagalið eru bundin í dollurum og er hækkunin því vegna gengisbreytinga íslensku krónunnar.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m. kr.:

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	134,4	195,9	61,5	45,7
Búnaðarmál	10 057,7	14 303,5	4 245,8	42,2
Skólar	444,6	601,2	156,6	35,2
Samtals	10 636,7	15 100,0	4 463,9	42,0
Þar af markaðir tekjustofnar	19,4	19,4	—	—

Markaður tekjustofn, sem telst til landbúnaðarráðuneytisins, er hluti gjalds af seldum vindlingum sem rennur til Landgræðslusjóðs. Gjaldið er óbreytt frá fjárlögum 1979.

Til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokka skulu nú helstu fjárlagaliðir ræddir nánar.

101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun á framlagi til aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur samtals 48 324 þús. kr. eða 58,9%. Laun hækka um 37 572 þús. kr., þar af er sérstök fjárveiting 9 820 þús. kr. vegna skipulagsmála í landbúnaði samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Að öðru leyti er um eðlilegar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 752 þús. kr. vegna eðlilegra verðlagshækkana.

171 **Jarðeignir ríkisins.** Framlag ríkissjóðs hækkar um 13 350 þús. kr. og verður 55 000 þús. kr. Er það 32,0% hækkun frá fjárlögum 1979.

172 **Jarðasjóður.** Lögbundið framlag til Jarðasjóðs er lækkað um 1 400 þús. kr. frá ákvæðum laga og verður 10 600 þús. kr. Lækkun þessi er í samræmi við lækkun framlaga til fjárfestingarsjóða samkvæmt meginforsendum frumvarpsins.

201 **Búnaðarfélag Íslands.** Framlag til Búnaðarfélags Íslands hækkar um 158 191 þús. kr. og nemur samtals 451 601 þús. kr. Fjárveitingar eru til þriggja nýrra verkefna. Það eru forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum sem stofnað er til með lögum nr. 32/1979 og nemur fjárveiting 32 697 þús. kr. Þá er veitt til starfs hrossaútflutningsráðunautar 1 832 þús. kr. og framlag ríkissjóðs til varahlutaþjónustu landbúnaðarins nemur kr. 1 251 þús. kr. Að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagsbreytingar að ræða.

205 **Veiðistjóri.** Hækkun á framlagi nemur 21 859 þús. kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 3 706 þús. kr. og er hér um eðlilegar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 085 þús. kr. sem er innan eðlilegra verðlagshækkana. Þá hækkar liðurinn Til sveitarfélaga um 16 068 þús. kr. og er það 67,1% hækkun frá fjárlögum 1979, en liður þessi hefur verið vanáætlaður að undanförnu og er ætlunin að leiðrétta það hér með.

206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Framlag til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hækkar um 206 191 þús. kr. og nemur samtals 683 157 þús. kr., þar af hækkar launaliður um 90 731 þús. kr. vegna eðlilegra launahækkana. Rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 71 603 þús. kr. Af þeirri fjárhæð er hækkun vegna landgræðsluáætlunar 8 513 þús. kr. sem er greiðsla á verðbótum vegna síðasta hluta þjóðargjafarinnar. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 1 610 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 17 000 þús. kr. og verða 30 000 þús. kr. Framlög til tilraunastöðvanna hækka samtals um 59 247 þús. kr. Þau verða 181 626 þús. kr. og skiptast sem hér segir:

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Breyting
Hestur	25 163	41 834	16 671
Reykhólar	12 998	20 323	7 325
Möðruvellir	39 243	51 503	12 260
Skriðuklaustur	28 513	42 400	13 887
Sámsstaðir	16 462	25 566	9 104
Samtals	122 379	181 626	59 247

Af fjárveitingunni til Hestsbúsins fara 5 200 þús. kr. til tækjakaupa en 36 634 þús. kr. er rekstrarfjárveiting. Á Reykhólum eru 3 000 þús. kr. af fjárveitingunni til tækjakaupa en 17 323 þús. kr. er rekstrarfjárveiting. Fjárveiting til tilraunastöðvarinnar á Möðruvöllum er 51 503 þús. kr., þar af eru 17 000 þús. kr. til áframhaldandi framkvæmda við tilraunafjós, 541 þús. kr. til tækjakaupa og 33 962 þús. kr. rekstrarfjárveiting. Af framlagi til Skriðuklausturs fara 5 750 þús. kr. til tækjakaupa en 36 650 þús. kr. er rekstrarfjárveiting. Framlag til tilraunastöðvarinnar á Sámsstöðum skiptist þannig að 6 700 þús. kr. eru til tækjakaupa en 18 866 þús. kr. er rekstrarfjárveiting.

231 **Skógrækt ríkisins.** Framlag til Skógræktar ríkisins hækkar samtals um 111 579 þús. kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 70 551 þús. kr., eingöngu vegna almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 18 300 þús. kr. og verða 59 000 þús. kr., þar af er sérstök fjárveiting 1 000 þús. kr. sem er til að safna borsýnum úr trjám og mæla árhringi. Viðhald hækkar um 11 800 þús. kr. og verður 39 500 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 30 928 þús. kr. og verður 181 137 þús. kr. Þar af er greiðsla verðbóta vegna landgræðsluáætlunar 145 137 þús. kr. Framlag til einstaklinga og samtaka hækkar um 4 000 þús. kr. og verður 13 000 þús. kr. Þá eru sértekjur hækkaðar um 24 000 þús. kr.

235 **Landgræðsla ríkisins.** Framlag hækkar um 146 226 þús. kr., þar af hækka laun og önnur rekstrargjöld samtals um 68 298 þús. kr. sem er eingöngu vegna eðlilegra launa- og verðlagsbreytinga. Viðhald hækkar um 14 600 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 87 328 þús. kr., þar af hækkar landgræðsluáætlun um 97 328 þús. kr. sem er vegna greiðslu verðbóta. Sértekjur stofnunarinnar eru hækkaðar um 24 000 þús. kr.

241 **Landnám ríkisins.** Framlag til Landnáms ríkisins hækkar samtals um 8 723 þús. kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 14 163 þús. kr. sem er eingöngu vegna umsaminna launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 3 460 þús. kr. sem er vegna almennra verðlagsbreytinga. Viðhald verður 250 þús. kr. Yfirfærsla til B-hluta 25 000 þús. kr. fellur niður en í fjárlögum 1979 voru veittar 10 000 þús. kr. til Fóðuriðjunnar í Ólafsdal og 15 000 þús. kr. til Grænfóðurverksmiðjunnar í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu.

Þá verður framlag til einstaklinga og samtaka 20 000 þús. kr. og skiptist þannig: Vegna Hólsfjallaáætlunar 17 000 þús. kr., vegna Kleppjárnsreykja 2 000 þús. kr. og vegna Möðrudals 1 000 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 4 150 þús. kr.

247 **Yfirdýralæknir.** Framlag til embættis yfirdýralæknis hækkar um 88 358 þús. kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 63 073 þús. kr. Þar af eru 3 362 þús. kr. vegna dýralæknis í Strandaumdæmi, en Strandaumdæmi hefur hingað til verið gegnt frá dýralæknisembættinu í Húnavatnssýslu. Að öðru leyti er um eðlilegar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 4 181 þús. kr. vegna almennra verðbreytinga. Þá hækkar viðhaldsliður um 7 000 þús. kr. og verður 14 000 þús. kr. en ætlunin er að efla viðhald dýralæknisbústaða á næsta ári. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 12 000 þús. kr. og verður 42 000 þús. kr. sem ætlað er til síðasta áfanga byggingar á dýralæknisbústað á Þórshöfn og byggingar dýralæknisbústaðar á Barðaströnd. Þá hækkar yfirfærsla til einstaklinga og samtaka um 2 104 þús. kr.

271 **Landgræðslusjóður.** Framlag til sjóðsins er óbreytt frá fjárlögum 1979 19 380 þús. kr. Er hér um að ræða hluta vindlingagjalds sem rennur í sjóðinn.

286 **Landbúnaður, framlög.** Hækkun á þessum lið nemur 10 950 þús. kr. og er hækkunin öll vegna Veðdeildar Búnaðarbankans, en með lögum nr. 34/1979 er kveðið á um að árlegt framlag ríkissjóðs skuli vera 25 000 þús. kr. Framlag þetta er skert um 15% og er það í samræmi við meginforsendur frumvarpsins. Önnur framlög eru óbreytt.

287 **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Framlagið til stofnlánadeildarinnar, sem er lögbundið, hækkar um 270 200 þús. kr. og verður þá 913 700 þús. kr. Hefur þá 15% skerðing átt sér stað í samræmi við meginforsendur frumvarpsins.

288 **Jarðræktarframlög.** Framlag til jarðræktarframlaga hækkar um 570 000 þús. kr. og verður alls 1 560 000 þús. kr. Bráðabirgðaákvæði laga nr. 43/1979 er á þá leið að í fjárlögum 1980—1985 skuli ætla til framkvæmda skv. 10. gr. jarðræktarlaga fjárhæð sem nemur meðaltali slíkra framlaga árin 1978 og 1979. Á þá fjárhæð skal árlega greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda. Áætlun um framlag ríkissjóðs 1980 er reist á meðalframlagi ríkissjóðs til jarðræktar í fjárlögum á árunum 1978 og 1979. Til framreiknings á verðlagi 1978—79 er notuð vísitala jarða- og húsabóta frá Hagstofu Íslands, sem hækkar að meðaltali um 49,7%. Samkvæmt áætlun sömu stofnunar má vænta hækkunar á vísitölu jarða- og húsabóta að meðaltali um 42,9% á árinu 1979—1980 og er það hlutfall lagt til grundvallar útreikningunum.

289 **Framræsla.** Framlög vegna framræslu hækka um 125 000 þús. kr. og verða 385 000 þús. kr. Þar af er flýtigreiðsla 65 000 þús. kr.

290 **Útflutningsbætur.** Áætlaðar uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir vegna framleiðsluársins 1979/80 nema alls 7 600 000 þús. kr. og hækka um 2 263 000 þús. kr. eða 42,4% frá fjárlögum 1979. Er þá miðað við fullnýtingu verðábyrgðar ríkissjóðs á árinu sem er 10% af framleiðsluverðmæti landbúnaðarvara samkvæmt mati Hagstofu Íslands. Á þessu stigi er óljóst hvort og hve stór hluti af verðábyrgðarreikningum vegna útfluttra landbúnaðarafurða vegna framleiðsluársins 1979/80 verða greiddir á þessu ári en ákvörðun þar að lútandi getur haft áhrif á framlag til útflutningsbóta á næsta ári.

291 **Búfjárrækt skv. lögum nr. 31/1973.** Framlag vegna búfjárræktar hækkar um 82 662 þús. kr. og verður 270 963 þús. kr. Hækkun launa um 35 802 þús. kr.

er eingöngu tilkomin vegna almennra launabreytinga. Framlög til hinna einstöku búgreina hækka samtals um 46 860 þús. kr. og verða 153 400 þús. kr.

501 **Bændaskólinn Hvanneyri.** Hækkun á framlagi til Bændaskólans á Hvanneyri nemur samtals 81 762 þús. kr. og skiptist hækkunin þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 68 677 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launabreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 36 240 þús. kr. vegna almennra verðlagshækkana. Viðhaldsliður hækkar um 6 460 þús. kr. og verður 23 460 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 6 500 þús. kr. og verður 60 000 þús. kr. Skiptist stofnkostnaðurinn sem hér segir: Áætlað er að verja 52 000 þús. kr. til húsbyggingarframkvæmda og 8 000 þús. kr. vegna lóða og lagna. Þá hækka sértekjur skólans um 23 115 þús. kr. og verða 100 815 þús. kr.

502 **Bændaskólinn á Hólum.** Hækkun á framlagi til Bændaskólans á Hólum nemur samtals 26 206 þús. kr. og verður framlagið þá 119 890 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á gjaldategundir: Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 30 356 þús. kr. sem eru eingöngu eðlilegar launa- og verðlagshækkanir. Þá hækkar viðhald um 4 200 þús. kr. og verður 17 000 þús. kr. Viðhaldsliðurinn skiptist á eftirfarandi hátt: Til viðhalds á skólahúsi, kennarabústöðum I og II, starfsmannahúsi og skólastjórahúsi er áætlað að verja 12 000 þús. kr., til viðhalds á útihúsum eru ætlaðar 2 000 þús. kr. Þá eru 2 000 þús. kr. áformaðar til viðhalds vatnsveitu og 1 000 þús. kr. til viðhalds á vélaverkstæði skólans. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 650 þús. kr. og verður 19 000 þús. kr., þar af eru 17 000 þús. kr. til lúkningar á 1. áfanga hesthúss á staðnum og 2 000 þús. kr. til véla- og verkfærakaupa. Sértekjur skólans eru hækkaðar um 9 000 þús. kr.

503 **Garðyrkjuskóli ríkisins.** Framlag ríkissjóðs til Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum hækkar samtals um 48 697 þús. kr. og verður 165 716 þús. kr. Skiptist hækkun þessi þannig á einstaka gjaldaliði: Laun hækka um 33 719 þús. kr. og verða 99 535 þús. kr., þar af eru 2 875 þús. kr. vegna ráðningar á sérfræðingi í ljóstækni- og lífeðlisfræði plantna, að öðru leyti er um eðlilegar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 11 135 þús. kr. og verða 38 268 þús. kr. sem er eingöngu vegna eðlilegra verðlagshækkana. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 14 630 þús. kr. og verður 50 000 þús. kr. Af stofnkostnaðinum eru ætlaðar 48 100 þús. kr. til að ljúka heimavist III og 1 900 þús. kr. til frágangs á anddyri. Þá eru sértekjur skólans hækkaðar um 10 787 þús. kr. og verða 22 087 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára sem hér segir í m. kr.:

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	108,4	185,8	77,4	71,4
Útvegsmál	4 336,7	6 001,5	1 664,8	38,4
Annað	151,8	222,6	70,8	46,6
Samtals	4 596,9	6 409,9	1 813,0	39,4
Þar af markaðir tekjustofnar	215,0	311,3	96,3	44,8

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis eru hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum sem hækkar um 96,3 m.kr. frá fjárlögum ársins 1979. Skipting milli viðtakenda er þessi: Byggingarsjóður hafrannsóknaskips fær 112,1 m.kr. og er það

lækkun um 4,3 m.kr., framleiðslueftirlit sjávarafurða fær 186,8 m.kr. og er það hækkun um 102,9 m.kr. og til byggingar rannsóknastofu sjávarútvegsins renna 12,4 m.kr. og er það lækkun um 2,0 m.kr. frá fjárlögum 1979. Helstu fjárlagaliðir skulu nú skýrðir nánar til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokka.

101 **Aðalskrifstofa.** Heildarhækkun á aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur 77 413 þús. kr. og er það 71,4% hækkun frá fjárlögum ársins 1979. Hækkun á launalið er 62 075 þús. kr. og skýrist af eftirfarandi: Heimiluð hefur verið staða ritara og nemur kostnaður vegna þess 3 586 þús. kr. Í fjárlögum 1979 var launaliður ráðuneytisins varðandi nefndakostnað og aðkeypta vinnu verulega vanáætlaður og er það nú lagfært með 10 000 þús. kr. hækkun. Að öðru leyti er um eðlilegar launahækkanir að ræða. Þá eru rekstrargjöld hækkuð um 15 838 þús. kr., viðhald um 2 000 þús. kr., en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 2 500 þús. kr.

202 **Hafrannsóknastofnun.** Fjárveiting til Hafrannsóknastofnunar hækkar um 717 306 þús. kr. eða 56,6% frá fjárlögum ársins 1979 og skýrist hækkun þessi þannig: Laun hækka um 374 517 þús. kr. vegna eðlilegra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 268 909 þús. kr. sem er 78,4% hækkun frá fjárlögum 1979. Hækkun þessi skýrist af tvennu. Í fyrsta lagi er nú gert ráð fyrir að rannsóknaskipið Hafþór verði gert út allt árið 1980 en í fjárlögum 1979 var aðeins gert ráð fyrir úthaldi skipsins að hluta á því ári. Í öðru lagi skýrist hækkun þessi af miklum verðhækkunum sem orðið hafa á olíu. Að öðru leyti er um eðlilegar verðlagshækkanir að ræða á öðrum rekstrargjöldum. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 88 880 þús. kr. sem er innan eðlilegra verðlagshækkana. Þá hækka sértekjur stofnunarinnar um 15 000 þús. kr. Skipting þess fjárhagslega ramma, sem stofnuninni er hér settur, verður endurskoðuð í meðferð frumvarpsins hjá fjárveitinganefnd og vísast í því sambandi til greinargerðar um Rannsóknaráð ríkisins.

203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Heildarfjárveiting til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins verður 313 618 þús. kr. og er það 83 522 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979. Skiptist hækkun þessi þannig milli gjaldaflokka: Laun hækka um 76 499 þús. kr., þar af eru 4 034 þús. kr. vegna verkefnaráðningar en að öðru leyti er um eðlilegar launahækkanir að ræða. Aðrar hækkanir á framlagi til stofnunarinnar, samtals 7 023 þús. kr., eru í samræmi við almennar verðlagshækkanir.

274 **Aflatryggingarsjóður.** Mótframlag ríkissjóðs til almennu deildar sjóðsins hækkar um 126 650 þús. kr. og verður 606 950 þús. kr. Við ákvörðun á mótframlagi ríkissjóðs er miðað við að lög nr. 3/1979 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5/1976 verði framlengd í óbreyttri mynd.

275 **Fiskveiðasjóður.** Framlag til Fiskveiðasjóðs hækkar um 341 600 þús. kr. og verður 1 617 000 þús. kr. Þá hefur verið gert ráð fyrir að lög nr. 3/1979 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5/1976 verði framlengd óbreytt. Þá á sér stað 15% lækkun miðað við ákvæði laga nr. 3/1979 í samræmi við meginforsendur frumvarpsins.

299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Framlag hækkar um 38 602 þús. kr. og skiptist þannig milli einstakra viðfangsefna: Tekin eru inn tvö ný viðfangsefni, vinnu- og rekstrarhagræðing í fiskvinnslufyrirtækjum 10 000 þús. kr. og til mörkunar fiskveiðistefnu 30 000 þús. kr. Fellt er niður framlag til tveggja verkefna, verðuppbætur á línufisk 40 000 þús. kr. og fiskvinnsluvélanámskeið 2 500 þús. kr. Eftirtalin framlög hækka frá fjárlögum 1979: Framlag til sjóvinnunámskeiða hækkar um 2 000 þús. kr., til skólabáta 5 500 þús. kr. og eftirlit með hvalvinnslustöðvum 135 þús. kr., til að tryggja útgerðarfyrirtækjum viðgerðarþjónustu á

fiskleitartækjum 300 þús. kr. og veiðieftirlit 33 267 þús. kr. Framlag til vátryggingasjóðs fiskiskipa lækkar um 100 þús. kr. og verður 68 000 þús. kr. Hér er um að ræða lokagreiðslu á halla vátryggingasjóðs fiskiskipa eftir eldra kerfi samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá árinu 1976. Þessum greiðslum átti að ljúka á þessu ári en því var breytt í meðförum Alþingis við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1979.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dómsmálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í m.kr.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun m.kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	148,5	223,9	75,4	50,8
Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	10 077,8	14 267,4	4 189,6	41,6
Þjóðkirkjan	909,2	1 322,9	413,7	45,5
Gjöld samtals	11 135,5	15 814,2	4 678,7	42,0

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokka.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 64 050 þús. kr. Laun hækka um 52 822 þús. kr., þar af eru 7 200 þús. kr. vegna launa lausráðins starfsmanns er hafi það verkefni að vinna að auknu aðhaldi og bættu skipulagi við sýslumanns- og bæjarfógetaembættin. Þetta verkefni er flutt af liðnum 06 211 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Aðrar hækkanir launa, 45 622 þús. kr., eru vegna almennra launahækkana. Aðrir gjaldaliðir hækka um 11 228 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir.

202 **Ríkissaksóknari.** Framlag til þessa fjárlagaliðar hækkar samtals um 36 978 þús. kr. og verður fjárveitingin þá 124 589 þús. kr. Athugað hefur verið hvort ekki sé ástæða til að tölvuvæða sakaskrána. Mál þetta þarfnast nánari athugunar og er gert ráð fyrir framlagi til þessa verkefnis á fjárlagaliðnum Rafreiknar, framlög (15—182).

204 **Borgarfógetaembætti.** Liðurinn hækkar um 79 564 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 25 121 þús. kr. og er það 15 000 þús. kr. umfram verðlagshækkanir. Umframfjárhæðin er ætluð til endurskipulagningar á þinglýsingarbókum til einföldunar og bættrar þjónustu. Aðrar hækkanir 54 443 þús. kr. eru vegna almennra launa- og verðlagshækkana.

206 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Fjárveiting hækkar um 1 061 113 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 935 744 þús. kr. eða sem nemur almennum verðlags- og grunnlaunahækkunum. Viðhald verður 123 509 þús. kr. sem er 32 231 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 54 170 þús. kr. og verður 89 820 þús. kr. sem skiptist í meginatriðum á eftirtalin verkefni: Vegna áframhaldandi undirbúnings framkvæmda við lögreglustöð í Breiðholti 20 000 þús. kr., til kaupa á bifreiðum og bifhjólum fyrir lögreglustjóraembættið 45 000 þús. kr., til kaupa á bifreið fyrir útlendingaeftirlitið 6 000 þús. kr., ýmis áhöld fyrir yfirstjórn 6 100 þús. kr. og 10 000 þús. kr. eru til kaupa á ýmsum öðrum búnaði. Sértekjur lækka um 38 968 þús. kr. en þær reyndust ofáætlaðar í fjárlögum 1979.

207 **Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík.** Fjárveiting fellur niður enda var um lokaframlag að ræða í fjárlögum 1979.

208 **Rannsóknarlögregla ríkisins.** Liðurinn hækkar um 203 111 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 178 611 þús. kr. eða sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum. Viðhald verður 6 200 þús. kr. sem er 2 000 þús. kr. hækkun. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 24 500 þús. kr. og verður 34 500 þús. kr. Er það vegna 20 000 þús. kr. lokagreiðslu fyrir framkvæmdir að Auðbrekku 61 í Kópavogi, endurnýjunar á einni bifreið 6 000 þús. kr. og ýmiss skrifstofubúnaðar 8 500 þús. kr. Sértekjur, sem er nýr liður, eru áætlaðar 2 000 þús. kr. vegna sölu einnar bifreiðar og skrifstofuvéla.

237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Heildarhækkun framlaga er 1 365 400 þús. kr. frá fjárlögum 1979. Laun hækka alls um 1 111 590 þús. kr. Breytingar á starfsmannahaldi eru eftirfarandi: Aukning um hálft stöðugildi lögreglumanns á Suðureyri. Sú staða skal vera samnýtt með stöðum við bæjarfógetaembættið á Ísafirði. Ráðninganefnd hefur heimilað aukningu um hálft stöðugildi sakaskrárritara á Akureyri. Fjölgað er um eitt stöðugildi rannsóknarlögreglumanns í Keflavík er starfi einkum við rannsókn fíkniefnamála. Eins og segir í athugasemdum við aðalskrifstofu ráðuneytisins eru laun á lið 06 211 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta flutt á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Með tilliti til þessa hækka laun sem nemur almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 211 485 þús. kr. og verða 710 328 þús. kr. og er það í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Viðhald verður 67 866 þús. kr. sem er 20 408 þús. kr. hærri fjárveiting en 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 202 078 þús. kr. sem er 40 286 þús. kr. hærra framlag en var 1979. Helstu framkvæmdaframlög eru: 30 000 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar og sýsluskrifstofu í Borgarnesi, 15 000 þús. kr. vegna lögreglustöðvar á Bolungarvík, 12 000 þús. kr. til kaupa á húsnæði á Hólmavík, 2 000 þús. kr. til endurbóta á skrifstofu í Ólafsfirði, 8 000 þús. kr. til endurbóta á húsnæði löggæslu á Seyðisfirði, 5 000 þús. kr. til athugunar á húsnæði fyrir löggæslu á Hvolsvelli, 3 000 þús. kr. til breytinga á fangahúsi í Vestmannaeyjum, en framlag til þessa í fjárlögum 1979 var ekki notað, 70 000 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar í Keflavík, einnig 8 000 þús. kr. til að fullgera innréttingar í skrifstofu embættisins. Þá eru ýmsir smærri stofnkostnaðarliðir samtals 49 078 þús. kr. Sértekjur hækka um 18 369 þús. kr. og verða alls 48 069 þús. kr.

241 **Hegningarhús.** Fjárveiting hækkar um 38 391 þús. kr. og verður 113 458 þús. kr. Laun hækka um 29 666 þús. kr. sem er um 4 900 þús. kr. meira heldur en almennar launahækkanir gefa tilefni til. Stafar hækkun þessi af því að launaliður var vanmetinn í fjárlögum 1979 og er það nú lagfært. Aðrar hækkanir nema samtals 8 725 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir.

242 **Vinnuhælið Litla-Hrauni.** Framlag hækkar um 125 540 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 118 540 þús. kr. eða sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum. Viðhald verður 10 500 þús. kr. sem er 5 500 þús. kr. hærra framlag en var árið 1979. Áætlað er að verja 7 000 þús. kr. til viðhalds húseigna og 3 500 þús. kr. til viðhalds framleiðsluvéla og bifreiðar. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 11 000 þús. kr. sem er 9 000 þús. kr. hærri fjárveiting en var 1979. Skal verja 8 000 þús. kr. til að girða lóð vinnuhælisins og 3 000 þús. kr. vegna ýmiss búnaðar. Sértekjur hækka um 7 500 þús. kr. og verða 42 000 þús. kr. sem er vegna seldra framleiðsluvara.

243 **Vinnuhælið Kvíabryggju.** Framlag hækkar um 32 812 þús. kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 27 645 þús. kr. sem er nokkru meira en almennar launahækkanir gefa tilefni til en við ákvörðun launaliðar hefur verið tekið mið af rauntölum ársins 1978. Rekstrargjöld hækka

um 6 117 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Þá hækkar viðhald um 400 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 750 þús. kr. Sértekjur hækka um 2 100 þús. kr. frá fjárlögum 1979.

251 **Landhelgisgæslan.** Fjárveiting hækkar um 706 051 þús. kr. og er það um 27,2% hækkun frá fjárlögum ársins 1979. Launaliður hækkar um 358 559 þús. kr. Gert er ráð fyrir að dregið verði úr úthaldi varðskipanna. Launaliður er því um 100 000 þús. kr. lægri heldur en almennar launaforsendur gefa tilefni til sé miðað við óbreytta starfsemi Landhelgisgæslunnar. Önnur rekstrargjöld hækka um 225 860 þús. kr. Hækkun þessi nær ekki almennum verðlagshækkunum og er það vegna minna úthalds varðskipanna. Þá hefur ennfremur verið dregið úr áhættutryggingum skipanna og lækka tryggingaiðgjöld vegna þess um 100 000 þús. kr. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 77 322 þús. kr. Framlag til landhelgissjóðs, sem er í B-hluta, hækkar um 44 310 þús. kr. Sértekjur eru óbreyttar frá fjárlögum 1979 eða 4 000 þús. kr.

252 **Bifreiðaeftirlit ríkisins.** Liðurinn hækkar um 109 980 þús. kr. Rekstrargjöld hækka um 187 168 þús. kr. og er það í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður eru 7 440 þús. kr. hærri en var í fjárlögum 1979. Þá hækka sértekjur um 84 628 þús. kr. og er það í samræmi við endurskoðaða tekjuáætlun fyrir stofnunina. Öll starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins er nú til gagngerðrar endurskoðunar. Á haustmánuðum er vænst álits nefndar sem dómsmálaráðherra skipaði í þessu skyni og ríkir því óvissa um hvert umfang starfseminnar verður á árinu 1980.

261 **Öryggiseftirlit ríkisins.** Stofnunin hefur tekjur af öryggiseftirlitsgjaldi sem standa á undir rekstri stofnunarinnar. Hækkun gjalda og tekna nemur 54 762 þús. kr. Þess er að geta að Ráðninganefnd heimilaði 1978 fjölgun um eitt stöðugildi öryggisskoðunarmanns, en staðan féll niður í fjárlögum 1979. Annars hækka einstakir liðir sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum.

281 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Hækkun á þessum lið er 60 424 þús. kr. Tekið er upp eitt nýtt viðfangsefni, útgáfa lagasafns 4 034 þús. kr. Hækkanir á öðrum liðum eru sem hér segir: Námskostnaður 20 991 þús. kr., meðdómsmenn 15 043 þús. kr., setu- og varadómarar 4 234 þús. kr., matsnefnd eignarnámsbóta 5 474 þús. kr. Aðrir liðir hækka samtals um 10 648 þús. kr.

282 **Ýmis löggæslukostnaður.** Framlag hækkar um 73 347 þús. kr., þar af lögreglubifreiðir um 54 000 þús. kr. Aðrar hækkanir 19 347 þús. kr. eru vegna almennra launa- og verðlagshækkana.

283 **Fangamál, ýmis kostnaður.** Liðurinn hækkar um 27 195 þús. kr. Laun hækka um 2 105 þús. kr. eða sem nemur almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld lækka um 14 910 þús. kr. vegna minni kostnaðar við sjúkrakostnað refsifanga, þ. e. vistun geðsjúkra fanga á hælum á Norðurlöndum. Gjaldfærður stofnkostnaður er 40 000 þús. kr. hærri en var í fjárlögum 1979 og verður 140 000 þús. kr. sem varið verður til byggingar gæsluvarðhaldsfangelsis á Tunguhálsi og einangrunarálmu á Litla-Hrauni. Yfirfærsla til félagssamtakanna Verndar er óbreytt 4 600 þús. kr.

301 **Þjóðkirkjan.** Framlag til þjóðkirkjunnar verður 1 240 345 þús. kr. og er það 387 482 þús. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1979. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 323 782 þús. kr. og er þessi hækkun eingöngu vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana. Þá hækkar viðhaldsliður um 41 100 þús. kr. og verður 92 700 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 17 050 þús. kr. og verður 55 950 þús. kr. Yfirfærslur til einstaklinga og samtaka hækka um 3 550 þús. kr.

og verða 30 850 þús. kr. og sértekjur lækka um 2 000 þús. kr. Helstu hækkanir á einstökum viðfangsefnum eru sem hér segir: Yfirstjórn þjóðkirkjunnar hækkar um 15 294 þús. kr. sem er eingöngu eðlilegar launa- og verðlagshækkanir. Æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar hækkar um 9 147 þús. kr. Prestar og prófastar hækkar samtals um 281 960 þús. kr. sem er eingöngu vegna launahækkana. Viðhald embættisbústaða hækkar um 40 000 þús. kr. og verður 90 000 þús. kr. en fyrirhugað er að efla viðhald á embættisbústöðum presta. Þá hækkar liðurinn byggingar á prestsetrum um 16 000 þús. kr. og verður 46 000 þús. kr. Önnur viðfangsefni hækka samtals um 25 081 þús. kr.

373 **Kristnisjóður.** Hér er um lögbundið framlag ríkissjóðs að ræða samkvæmt ákvæðum 20. gr. laga nr. 35/1970. Framlag hækkar um 17 250 þús. kr. og verður 60 000 þús. kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í m.kr.:

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	67,3	116,4	49,1	72,9
Húsnæðismál	6 440,7	9 333,0	2 892,3	44,9
Önnur félagsmál	1 232,9	2 712,2	1 479,3	120,0
Gjöld samtals	7 740,9	12 161,6	4 420,7	57,1
Þar af markaðir tekjustofnar	6 408,1	9 464,4	3 056,3	47,7

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka frá fjárlögum 1979 sem hér segir: Tekjustofnar er renna til Húsnæðismálastofnunar ríkisins hækka samtals um 2 810,7 m.kr., skipulagsgjald hækkar um 62,4 m.kr., erfðafjársjóður hækkar um 183,2 m.kr. Þá er gjald af seldum vindlingum, er rennur til Slysavarnafélags Íslands, óbreytt frá fjárlögum 1979. Verður nú nánar vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlags til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins.

101 **Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa.** Útgjöld skrifstofunnar nema alls 116 365 þús. kr. og er það 49 091 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979. Laun hækka um 40 808 þús. kr., þar af 7 137 þús. kr. vegna fjölgunar um einn deildarstjóra er sinni málefnum þroskaheftra, sbr. lög nr. 47/1979, svo og vinnumálum sbr. IX. kafla laga nr. 13/1979. Staða aðstoðarmanns félagsmálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra var talin að öllu leyti hjá félagsmálaráðuneytinu í fjárlögum 1979 en er nú talin að hálfu hjá hvoru ráðuneyti um sig. Hækkanir launa, 33 671 þús. kr., eru vegna almennra launahækkana starfsmanna og hækkun þóknana nefnda á vegum ráðuneytisins. Önnur rekstrargjöld hækka um 7 583 þús. kr. eða sem nemur almennum verðlagshækkunum. Viðhald hækkar um 200 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 500 þús. kr.

271 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Hækkun framlaga til stofnunar nemur samtals 2 806 800 þús. kr. eða 45,6% frá fjárlögum 1979. Við afgreiðslu laga um heimild til lántöku, ábyrgðir o. fl. nr. 20/1979 hækkuðu áætlaðar tekjur stofnunarinnar vegna áætlaðrar hækkunar á mörkuðum tekjustofnum. Hækkun framlaga í þessu frumvarpi frá áætlaðri ráðstöfun til stofnunarinnar 1979 er 2 291 400 þús. kr. eða 34,4%. Í samræmi við forsendur frumvarpsins eru eftirtaldir tekjustofnar stofnunarinnar skertir um 15%.

	Áætlun markaðra stofna þús. kr.	15 % skerðing þús. kr.	Framlag 1980 þús. kr.
Framlag skv. lögum nr. 30/1970	75 000	11 250	63 750
Heilsuspillandi húsnæði	18 000	2 700	15 300
Launaskattur	9 543 000	1 431 450	8 111 550
Byggingarsjóðsgjald	894 000	134 100	759 900
Samtals	10 530 000	1 579 500	8 950 500

Viðfangsefnið Byggingarþjónusta Arkitektafélags Íslands, sem veittar voru 3 000 þús. kr. í fjárlögum 1979, er nú fellt niður. Fjárveitingin er nú færð á sérstakt viðfangsefni undir Iðju og iðnaði hjá iðnaðarráðuneytinu.

272 **Byggingarsjóður verkamanna.** Framlag hækkar um 85 500 þús. kr. og verður 382 500 þús. kr. Lækkun á framlagi er í samræmi við forsendur frumvarpsins um lækkun framlaga til fjárfestingarsjóða.

301 **Skipulagsstjóri ríkisins.** Hækkun útgjalda nemur 75 855 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagsbreytinga, en eins og áður eru útgjöld embættisins áætluð jöfn lögbundnum framlögum. Samkvæmt lögum nr. 42/1974 er skylt að greiða árlega úr ríkissjóði til framkvæmda skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs. Auk þess rennur til embættisins skipulagsgjald sem er markaður tekjustofn.

302 **Ríkissáttasemjari.** Í fjárlögum 1979 var embætti ríkissáttasemjara fært í fyrsta sinn sem sérstök stofnun. Starfsemi stofnunarinnar hefur nú færst í fastara form en var við gerð síðustu fjárlaga og skal nú gerð grein fyrir fjárveitingum til stofnunarinnar. Alls hækkar fjárveitingin um 84 226 þús. kr. frá fjárlögum og verður 96 333 þús. kr. Laun eru alls 55 833 þús. kr. og er þá miðað við laun þriggja fastráðinna starfsmanna, þ. e. ríkissáttasemjara, aðalfulltrúa og skrifstofustjóra. Launaútgjöld vegna fastra starfsmanna eru alls um 30 065 þús. kr. Aðrar launagreiðslur vegna yfirvinnu, sáttanefndastarfa o. fl. eru áætlaðar alls 25 768 þús. kr. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 15 000 þús. kr. og stofnkostnaður 25 500 þús. kr. Stofnkostnaðarframlaginu mun í aðalatriðum varið til tækja- og húsgagnakaupa fyrir skrifstofu embættisins.

371 **Lánasjóður sveitarfélaga.** Framlag hækkar um 109 713 þús. kr. eða 72,1% og nemur alls 261 813 þús. kr. Framlagið hefur þá verið lækkað í samræmi við forsendur frumvarpsins um framlög til fjárfestingarsjóða. Samkvæmt lögum skal árlegt framlag ríkissjóðs eigi vera lægra en 2½ % af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sama ár.

372 **Landakaup kaupstaða og kauptúna.** Lög nr. 35/1973 kveða á um að lágmarksframlag ríkissjóðs til landakaupa kaupstaða og kauptúna á árunum 1974—83 skuli vera 10 000 þús. kr. árlega. Frá því lög um þetta efni voru samþykkt hefur verðgildi framlagsins rýrnað mjög mikið og er eins og nú stendur tæplega til þess fallið að veita kaupstöðum og kauptúnum umtalsverðan stuðning. Ástæða er því til að taka afstöðu til þess hvort afnema skuli þetta framlag eða auka það í þeim mæli að gagn verði að. Í þessu frumvarpi eru veittar 2 000 þús. kr. til þessa verkefnis.

399 **Vatnsveitur.** Framlag til vatnsveitna er alls 85 000 þús. kr. og er það 20 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979.

971 **Erfðafjársjóður.** Framlag til sjóðsins hækkar um 183 200 þús. kr. og verður alls 327 200 þús. kr., en framlagið er skert um 15% í samræmi við frumvarpsforsendur.

972 **Bjargráðasjóður.** Framlag ríkissjóðs hækkar um 74 363 þús. kr. og verður alls 158 062 þús. kr. þegar tillit hefur verið tekið til 15% lækkunar eins og til annarra fjárfestingarlánasjóða. Framlagið er lögbundið og er annars vegar 50 kr. á hvern íbúa landsins og hins vegar 0,35% af söluvörum landbúnaðarins. Framlag sveitarfélaga til sjóðsins nemur jafnhárri upphæð.

976 **Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra.** Með lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta var stofnaður Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra og er hann í vörslu félagsmálaráðuneytisins. Tekjur sjóðsins eru m. a. árlegt framlag ríkissjóðs, a. m. k. 1 000 000 þús. kr., og skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni. Framlag ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu er 1 080 000 þús. kr. og hefur þá verið tekið tillit til áætlaðrar verðlagshækkunar á árinu 1980 og 15% skerðingar á framlögum í samræmi við almenna stefnu frumvarpsins. Hlutverk sjóðsins er að fjármagna ýmsar framkvæmdir til styrktar á aðstöðu og búnaði stofnana er sinna málefnum öryrkja og þroskaheftra. Frumvarp þetta miðast því við það að nokkur framlög falli niður sem hafa verið færð undir félagsmálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti, þ. e. til Styrktarsjóðs fatlaðra 08—974, til Styrktarsjóðs vangefinna 08—975, til byggingar skóla fyrir þroskahömluð börn 02—793, byggingarstyrkur til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra 07—999 og stofnkostnaður á liðnum Stofnanir afbrigðilegra barna 02—797.

981 **Vinnumál.** Þessi liður hækkar um 32 324 þús. kr. og skýrist hækkunin þannig: Framlag til félagsdóms hækkar um 2 324 þús. kr. og ríkisábyrgð á laun vegna gjaldþrota hækkar um 30 000 þús. kr. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum.

999 **Ýmis framlög.** Framlög á þessum lið hækka um 37 205 þús. kr. og eru nokkrir liðir þar til skýringar: Meðlög skv. 21., 22., og 23. gr. framfærslulaga hækka um 7 500 þús. kr. og meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1947 hækka um 79 000 kr. Eftirtalin atriði eru til lækkunar: Framlög til Slysavarnafélags Íslands vegna tilkynningarskyldu fiskiskipa 24 615 þús. kr. færast yfir á ýmis framlög samgönguráðuneytis. Framlag til Neytendasamtakanna 1 500 þús. kr. færist á aðalskrifstofu viðskiptaráðuneytis. Framlag til umbúðasmiði vegna fatlaðra 80 þús. kr. fellur niður, einnig framlag til Styrktarfélags vangefinna vegna norræns móts á Íslandi 1979 600 þús. kr. og framlag vegna tjóns af náttúruhamförum í Norður-Þingeyjarsýslu 12 000 þús. kr. Að síðustu fellur byggingarstyrkur Landssambands fatlaðra niður á þessum lið 10 500 þús. kr., enda fellur verkefnið undir verksvið Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra eins og áður sagði. Aðrir liðir eru óbreyttir.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og eftirfarandi yfirlit sýnir:

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	118,4	197,2	78,8	66,5
Tryggingamál	51 007,3	86 797,6	35 790,3	70,2
Heilbrigðismál	15 815,7	23 545,6	7 729,9	48,9
Annað	155,8	230,4	74,6	47,9
Gjöld alls	67 097,2	110 770,8	43 673,6	65,1
Þar af markaðir tekjustofnar	6 174,2	8 028,4	1 854,2	30,6

Markaðir tekjustofnar sem teljast til þessa ráðuneytis eru atvinnurekendaiðgjöld til lífeyristrygginga er hækka um 2 121,0 m.kr., slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda lækka um 653,6 m.kr., iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um

383,3 m.kr. og hluti gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR hækkar um 2 500 m.kr. Hluti Krabbameinsfélagsins í vindlingagjaldi verður óbreyttur. Sérlyfjagjald er einnig óbreytt svo og gjald af eyðublöðum heillaskeyta. Aftur á móti verða tekjur af samúðarskeytum Landssímans, er renna til Minningarsjóðs Landspítalans, 18,0 m.kr. og hækka um 1,0 m.kr. Helstu fjárlagaliðir skulu nú ræddir nánar til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokka:

101 **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa.** Útgjöld vegna skrifstofunnar eru alls 197 172 þús. kr. og er það hækkun um 78 763 þús. kr. eða 66,5% frá fjárlögum. Launaútgjöld aukast um 48 506 þús. kr., að hluta vegna launa lausráðins skrifstofumanns 3 389 þús. kr. og að hluta vegna hækkunar á ýmsum launum í samræmi við reikningsniðurstöður auk eðlilegra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 19 757 þús. kr. vegna verðlagsbreytinga, viðhald hækkar um 250 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 11 000 þús. kr. og verður alls 12 000 þús. kr. Ráðgert er að flytja þann hluta skrifstofu ráðuneytisins sem er á Skólavörðustíg 46 að Laugavegi 116. Kostnaður við innréttingar og nauðsynlegar breytingar áætlast 10 000 þús. kr. Til endurnýjunar véla- og húsbúnaðar í aðalskrifstofu ráðuneytisins í Arnarhvoli eru áætlaðar 2 000 þús. kr.

271 **Tryggingastofnun ríkisins.** Framlög á þessum lið renna til slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður allra tryggingaþátta dregnar saman og hækkunin frá fjárlögum 1979 sýnd:

Almannatryggingar 1979 og 1980
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun
Slysatryggingar	1 584	931	÷ 653
Lífeyristryggingar	24 924	40 178	15 254
(þar af atvinnurekendur)	(3 504)	(5 625)	(2 121)
Sjúkratryggingar	21 395	41 435	20 040
Samtals	47 903	82 544	34 641
Hlutur ríkissjóðs	42 815	75 988	33 173
Hlutur atvinnurekenda	5 088	6 556	1 468

Framlög til almannatrygginga hækka samkvæmt yfirlitinu um 34 641 m.kr. eða 72,3% og koma af þeirri fjárhæð 1 468 m.kr. í hlut atvinnurekenda og 33 173 m.kr. í hlut ríkissjóðs. Verðlagshækkun þessa liðar spannar frá áramótum 1978/79 til miðs árs 1980. Útgjöld slysatrygginga eru borin af atvinnurekendum með greiðslu iðgjalda, sbr. 36. gr. almannatryggingalaga, sem eru miðuð við áætlun um bótagreiðslur, varasjóðstillag og rekstrarkostnað slysatrygginga ár hvert. Iðgjald af launþegum er ákveðið með reglugerð fyrir eitt ár í senn og er reiknað sem hundraðshluti af greiddum launum ársins áður en bótagreiðslur verða til. Þegar iðgjaldið er ákvarðað, en 1979 var það 0,352% af launum ársins 1978, skal taka tillit til tekjuafgangs eða halla næsta reikningsárs á undan. Meginástæða þess að áætluð iðgjöld slysatrygginga 1980 lækka um 653 m.kr. er að búist er við færri bótagreiðslum svo og að ráðgert er að varasjóður slysatrygginganna standi undir hluta væntanlegra bótagreiðslna. Heildarhækkun kostnaðar við lífeyristryggingar er 15 254 m.kr. eða 61,2% frá fjárlögum 1979. Þar af koma 13 133 m.kr. í hlut ríkissjóðs og 2 121 m.kr. í hlut atvinnurekenda. Kostnaður við lífeyristryggingar samkvæmt fjárlögum 1979 og frumvarpi 1980 er sýndur í eftirfarandi yfirliti:

Lífeyristryggingar 1979 og 1980
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun
Elli- og örorkulífeyrir	12 670	21 095	8 425
Tekjutrygging	5 975	9 820	3 845
Uppbót á lífeyri	1 140	1 625	485
Heimilisuppbót	652	1 195	543
Örorkustyrkur	1 026	1 710	684
Barnalífeyrir	968	1 380	412
Mæðralaun	777	1 080	303
Ekkju- og makabætur	880	1 390	510
Bætur alls	24 088	39 295	15 207
Kostnaður	346	485	139
Til varasjóðs	490	398	÷ 92
Gjöld alls	24 924	40 178	15 254
Hlutur ríkissjóðs	21 420	34 553	13 133
Hlutur atvinnurekenda	3 504	5 625	2 121

Ástæður útgjaldabreytinga vegna lífeyristrygginga, auk fjölgunar bótaþega í hverjum bótaflokki, eru í höfuðdráttum tvær. Í fyrsta lagi hafa orðið bótahækkanir frá samþykkt síðustu fjárlaga en bótahækkanir fylgja hækkun launataxta ASÍ. Bótahækkanir sem fram eru gengnar á árinu 1979 eru 6,9% 1. mars, 11,4% 1. júní, 3% 1. júlí og 9,17% 1. sept. og áætlað er að bætur hækki um 9,5% 1. des. Á árinu 1980 eru hækkanir miðaðar við forsendur frumvarpsins um þróun launamála. Á hitt ber jafnframt að líta að einstakir bótaflokkar hækka mismikið. Þessu veldur að útgjaldaáætlunin fyrir 1980 er byggð á öðrum forsendum en tíðkast hefur til þessa, þ. e. a. s. mið er m. a. tekið af raunverulegum útgjöldum í einstökum bótaflokkum á fyrstu 7 mánuðum ársins 1979. Athygli er vakin á að tillag til varasjóðs lífeyristrygginganna lækkar um 92 m.kr. frá fjárlögum en samkvæmt 21. gr. almannatryggingalaga má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs allt að 2% af áætluðum útgjöldum. Ástæða þess að einungis er gert ráð fyrir að varasjóðstillagið verði 1% af áætluðum útgjöldum er að frumvarp þetta byggir á þeirri forsendu að lög og reglur um greiðslur barnsmeðlaga verði endurskoðaðar fyrir afgreiðslu fjárlaga. Sá háttur er nú á að Tryggingastofnun ríkisins leggur út fyrir barnsmeðlögum en fær þau síðan endurgreidd af Innheimtustofnun sveitarfélaga eftir því hver innheimta er hverju sinni. Í árslok 1978 námu skuldir sveitarfélaga vegna þessa um 1 860 m.kr. og lætur nærri að allir varasjóðir lífeyristrygginganna hafi verið bundnir í þessu verkefni. Í þessu frumvarpi er sú stefna mörkuð að á árinu 1980 leysi Tryggingastofnun ríkisins út fyrir meðlögum eins og verið hefur og að Innheimtustofnun sveitarfélaga skili mánaðarlega innheimtufé til stofnunarinnar. Jafnframt verði ákvæðum breytt þannig að í lok hvers þriggja mánaða tímabils geri Jöfnunarsjóður sveitarfélaga upp óinnheimt meðlög tímabilsins. Um skuld sveitarfélaga eins og hún verður í lok 1979 verði samið sérstaklega. Tilhögun sem þessi dregur mjög úr þörfinni fyrir að Tryggingastofnunin haldi umtalsverða varasjóði. Verði ekki fallist á breytingu sem þessa er óhjákvæmilegt að vaxtareikna útistandandi skuldir sveitarfélaga við stofnunina. Loks er þess að geta varðandi lífeyristryggingar að framlag atvinnurekenda er nú reiknað

sem hundraðshhluti af greiddum launum hliðstætt og gildir um iðgjald atvinnurekenda til slysatrygginga. Á árinu 1979 nam hlutfall þetta 2,0% en það er ákveðið með reglugerð fyrir eitt ár í senn.

Framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga á árinu 1980 nema alls 41 435 m.kr. Hækkun einstakra liða frá fjárlögum er eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

Sjúkratryggingar 1979 og 1980
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun
Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum ..	16 925	29 923	12 998
Læknishjálp	1 355	3 540	2 185
Lyf	2 470	5 945	3 475
Dagpeningar	1 062	1 492	430
Tannlækningar	790	1 660	870
Ýmis sjúkrakostnaður	1 340	3 480	2 140
Skrifstofukostnaður	380	550	170
Til varasjóðs	120	230	110
	24 442	46 820	22 378
Útgjaldahluti ríkissjóðs	21 395	41 435	20 040

Af heildarútgjöldum vegna sjúkratrygginga nemur framlag ríkissjóðs um 88,5% og hlutur sveitarfélaga um 11,5%. Hækkun framlags ríkissjóðs frá fjárlögum er 20 040 m.kr. eða um 93,7%. Um hækkanir einstakra liða sjúkratrygginga er þetta að segja: Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum hækka um 12 998 m.kr. eða 76,8% frá síðustu fjárlögum. Hækkunin skýrist þannig í megindráttum: Taxtar rekstrardaggjalda hækkuðu um 11,7% 1. mars s. l. og síðan aftur 1. ágúst um 13,4%. Auk þess kom til sérstök leiðrétting vegna dráttar á ákvörðun um ný daggjöld 1. júní sem hefur áhrif á daggjöld á árinu 1980. Áætlað er að rekstrargjöld sjúkrahúsa hækki um 9,5% 1. september og 9.0% 1. des. og að vistgjöld hækki í hátt við laun á árinu 1980. Að síðustu er þess að geta að magnaukning og aðrar rekstrarbreytingar jafngilda 3% hækkun á vistgjaldaliðum. Allsendis er óljóst hver rekstrarafkoma sjúkrahúsanna verður á árinu 1979. Áætlað er fyrir 800 m.kr. í halladaggjöld en sú fjárhæð jafngildir því að rekstrarhalli sjúkrahúsanna 1979 verði 3—5% af heildarveltu. Þess ber að geta að úr daggjöldum fyrir árið 1980 hafa verið felldar 1 200 m.kr. vegna laga nr. 57/1978, en þar er gert ráð fyrir að viðhald sjúkrahúsa greiðist að jöfnu af ríki og sveitarfélögum og að til þess komi bein fjárveiting á fjárlögum: Sú fjárveiting verður 600 m.kr. og er færð á lið 08—391. Verði þátttaka ríkissjóðs í viðhaldi greidd sem hluti af vistgjöldum með 85% þátttöku ber nauðsyn til að breyta lögum þar að lútandi og afla tekna til þessa verkefnis. Útgjöld vegna læknishjálpar aukast um 2 185 m.kr., vegna lyfja um 3 475 m.kr. og vegna tannlækninga um 870 m.kr. Hækkun þessara liða er á bilinu 110—160% sem er verulega umfram verðlagshækkanir. Skýringin er margþætt. Í fyrsta lagi má nefna að gjaldskrárbreyting vegna þátttöku sjúklinga í lyfjakostnaði og læknishjálp tók ekki gildi fyrr en í apríl en fjárlög 1979 miðuðust við að hún kæmi til framkvæmda við áramót. Útgjaldatölur einstakra mánaða 1979 benda jafnframt til þess að útgjöld sjúkrasamlaga vegna lyfja- og læknishjálpar hafi ekki dregist saman eins og búist var við í kjölfar hækkunar á þátttöku sjúklinga í kostnaði. Í öðru lagi voru útgjaldatölur fjárlaga 1979 á verðlagi um áramót 1978/1979 en frumvarpstölur 1980

eru á verðlagi 1980 og er það verðlag miðað við forsendur um hækkun innlends og erlends verðlags. Í þriðja lagi má nefna að áætlunartölur ársins 1980 eru fundnar með hliðsjón af raunverulegum greiðslum á fyrstu sjö mánuðum ársins 1979 og er ótvírætt um verulega magnaukningu að ræða milli ára, sérstaklega hvað snertir lyf. Að lokum er þess að geta að áætlunin er við það miðuð að þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði og kostnaði vegna sérfræðiþjónustu aukist hlutfallslega eins og útgjöld sjúkrasamlaga vegna þessa. Um aðra liði áætlunarinnar er ekki að fjölyrða en þeir liðir hækka yfirleitt í samræmi við hækkun verðlags, líklega magnaukningu og reynslu síðustu mánaða.

273 **Atvinnuleysistryggingasjóður.** Heildarframlag til sjóðsins hækkar um 1 149 900 þús. kr. eða 37,0%, þar af nemur atvinnuleysistryggingagjald atvinnurekenda 383 300 þús. kr. sem færist jafnframt á tekjuhlið frumvarpsins. Mótframlag ríkissjóðs, sem er tvöfalt framlag atvinnurekenda, hækkar því um 766 600 þús. kr.

310 **Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar.** Í fjárlögum 1978 og 1979 hefur verið nokkur fjárhæð á þessum lið sem fjárveitinganefnd hefur síðan ráðstafað. Í fjárlögum 1979 nam þessi fjárhæð 210 000 þús. kr. Nú eru áætlaðar 336 175 þús. kr. á þessum lið og er það hækkun um 126 175 þús. kr. eða 60,0%. Hækkun umfram það sem telja má eðlilega launahækkun er m. a. vegna óvissu um meðferð á starfsmannafjölda á ríkisspítölum, sem nánar er vikið að síðar, og vegna óvissu um nauðsynlega fjölgun starfsfólks á nýjum heilsugæslustöðvum.

319 **Matvælarannsóknir ríkisins.** Framlag hækkar um 32 812 þús. kr. eða 64,9% og nemur alls 83 348 þús. kr. Laun hækka um 19 527 þús. kr., þar af um 9 865 þús. kr. vegna tveggja stöðugilda sem verður ráðstafað í samráði við fjárveitinganefnd. Að öðru leyti er um eðlilegar launahækkanir að ræða. Rekstrargjöld hækka um 8 435 þús. kr., viðhald um 300 þús. kr. og stofnkostnaður um 5 000 þús. kr. Nemur hann alls 16 000 þús. kr. og er ráðstafað til tækjakaupa. Að lokum hækka sértekjur stofnunarinnar um 450 þús. kr.

302, 311, 312, 371—377. **Ríkisspítalar.** Í fjárlögum 1979 var stefnt að sérstökum aðgerðum til lækkunar útgjalda við ríkisspítalakerfið. Sérstök athugun var gerð á starfsmannahaldi spítalanna og tengdra stofnana, auk þess sem mat var lagt á þátt afleysinga, yfirvinnu og álagsgreiðslna í heildarlaunakostnaði hlutaðeigandi stofnana. Í samræmi við markaða stefnu í fjárlögum 1979 hefur stjórn ríkisspítalanna beitt sér fyrir ýmsum sparnaðaraðgerðum, svo sem lækkun yfirvinnu lækna o. fl. Athuganir á miðju ári 1979 benda engu að síður til þess að ekki hafi tekist að halda starfsemi stofnana innan þeirra marka, sem sett voru með fjárlögum. Sýnist því full þörf á að tilhögun á ráðningu starfsfólks til ríkisspítalanna verði tekin til endurskoðunar. Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga 1979 var sérstakt yfirlit um stöðuheimildir á einstökum stofnunum ríkisspítalanna. Heimilaðar stöður hafa breyst nokkuð frá þeim tíma, m. a. vegna ákvörðunar fjárveitinganefndar varðandi árið 1979 og vegna nýrra staða sem ráðgert er að bæta við á árinu 1980. Í eftirfarandi yfirliti er sýndur fjöldi heimilaðra staða samkvæmt frumvarpi 1979, fjárlögum 1979 og frumvarpi 1980.

	Frumvarp 1979	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980
Skrifstofa ríkisspítalanna	38,5	38,5	38,5
Rannsóknastofa háskólans	54,7	54,7	54,7
Blóðbankinn	18,7	18,7	18,7
Landspítalinn	735,5	765,0	815,5
Kvennadeild Landspítalans	110,5	110,5	110,5
Kleppsspítali	295,7	295,7	295,7
Vífilsstaðaspítali	108,0	115,9	115,9
Kristneshæli	40,9	40,9	40,9
Kópavogshæli	144,2	170,2	170,2
Vistheimilið Gunnarsholti	10,0	10,0	10,0
Samtals	1 556,7	1 620,1	1 670,6

Stöðufjölgun varð á Landspítala, Vífilsstaðaspítala og Kópavogshæli. Fjárveitinganefnd heimilaði 29,5 stöður á Landspítala í tengslum við afgreiðslu fjárlaga, þ. e. 16,5 stöður vegna Hátúnsdeildar og 13,0 stöður vegna geðdeildar. Þá heimilaði nefndin einnig 9 stöður á Kópavogshæli. Auk þess hefur fjármálaráðherra fallist á að 17 nemastöður á Kópavogshæli verði gerðar að föstum stöðum en sú formbreyting hefði engan viðbótarkostnað í för með sér. Þá er að geta þess að fjölgun um 7,9 stöður á Vífilsstaðaspítala er leiðrétting sem hefur verið fallist á. Frumvarp 1980 miðast við að stöðum á Landspítala fjölgi um 50,5, þar af eru 4,5 stöður vegna geisladeildar, 6,0 stöður vegna Hátúnsdeildar og 40,0 stöður vegna geðdeildar. Í tillögum heilbrigðisráðuneytisins um fjárveitingu vegna starfsemi geðdeildar er beðið um 82 stöður til þess að koma af stað starfrækslu á tveim sjúkradeildum og tveim göngudeildum geðdeildarinnar. Fjárveiting til 40,0 staða miðast við að sömu starfsemi verði komið á fót en mannafli, sem þarf til viðbótar, verði fenginn með skipulagsbreytingu á starfsemi Kleppsspítala og þeim stofnunum og deildum sem þeim spítala tilheyra. Í eftirfarandi yfirliti er sýndur launakostnaður við ríkisspítalana og samanburður gerður við fjárlög 1979.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M. kr.	Hækkun %
Skrifstofa ríkisspítalanna	187,3	252,9	65,6	35,0
Rannsóknastofa háskólans	336,2	470,1	133,9	39,8
Blóðbankinn	100,7	140,0	39,3	38,9
Landspítalinn	4 014,3[1]	6 304,7[2]	2 290,4	57,1
Kvennadeild Landspítalans	660,0	926,5	266,5	40,3
Kleppsspítali	1 498,2	2 194,3	696,1	46,4
Vífilsstaðaspítali	491,7	759,8	268,1	54,5
Kristneshæli	220,7	335,0	114,3	51,7
Kópavogshæli	624,5[1]	990,5	366,0	58,6
Vistheimilið Gunnarsholti	65,7	88,8	23,1	35,0
Samtals	8 199,3	12 462,6	4 263,3	52,0

[1] Launatölur eru hækkaðar frá prentuðum fjárlögum í samræmi við ákvörðun fjárveitinganefndar, þ. e. Landspítali 108,6 m.kr. og Kópavogshæli 31,1 m.kr.

[2] Þar af 45,0 m.kr. vegna geisladeildar, 42,2 m.kr. vegna Hátúnsdeildar og 285,3 m.kr. vegna geðdeildar.

Launaliður hækkar því alls um 4 263,3 m.kr. eða 52%. Ef sú starfsemi sem kostar 372,5 m.kr. er frátalin hækkar launaliðurinn um 3 890,8 m.kr. eða 47,5%. Launaliðurinn hækkar samkvæmt þessu, miðað við sama starfsmagn og í fjárlögum 1979, nokkru meira en taxtabreyting gefur tilefni til, þ. e. 47,5% í stað 44,6%. Þessi hækkun skýrist í aðalatriðum af áætlun um yfirvinnu- og álagsgreiðslur, þó svo að taka verði tillit til þess að hækkun launa er allbreytileg eftir stofnunum. Í fjárlögum 1979 var við það miðað að launaútgjöld spítalanna vegna afleysinga, veikinda o. fl. væru um 17% af föstum launum. Þetta hlutfall er óbreytt 1980. Áætluð útgjöld vegna yfirvinnu og álagsgreiðslna eru reiknuð á hliðstæðann hátt og er hlutfall yfirvinnu 16% og álagsgreiðslna 14% í frumvarpi 1980. Í fjárlögum 1979 nam hlutfall yfirvinnu 13—14% af föstum launum og álagsgreiðslna 11—12%. Í frumvarpinu er því komið nokkuð til móts við þá skoðun heilbrigðisráðuneytisins að fjárveitingar vegna yfirvinnu og álagsgreiðslna 1979 hafi verið óraunhæfar. Á hitt ber jafnframt að líta að bráðabirgðareikningstölur fyrir fyrri árshelming 1979 benda til þess að yfirvinna umfram annað verði hærra hlutfall af föstum launum en 16%.

Rekstrargjöld ríkisspítalanna aukast alls um 2 220,8 m.kr. eða 69,0% og verða alls 5 437,4 m.kr. Þar af er rekstrargjaldaaukning vegna nýrrar starfsemi 183,0 m.kr., þ. e. 18,0 m.kr. vegna geisladeildar, 20.0 m.kr. vegna Hátúnsdeildar og 145,0 m.kr. vegna geðdeildar. Rekstrargjöld hækka frá fjárlögum 1979 í umtalsverðum mæli umfram forsendur um hækkun þessa liðar. Skýrist þetta í aðalatriðum af tvennu. Í fyrsta lagi er staðreynd að ýmis sjúkrahúsakostnaður, svo sem lyfjakostnaður, hefur hækkað mjög mikið á síðasta ári. Kemur þetta m. a. fram í reikningum Tryggingastofnunar og í gögnum daggjaldanefndar. Í öðru lagi er áætlun um rekstrargjöld samræmd við áætlun um sértekjur stofnana en það var ekki gert í fjárlögum 1979. Áætlun um rekstrargjöld svo og sértekjur er byggð á rauntölum fyrstu sjö mánaða þessa árs og að teknu tilliti til þessa verður hækkun rekstrargjalda 55,2% eins og eftirfarandi yfirlit sýnir. Bæði rekstrargjöld og sértekjur eru þá á áætluðu verðlagi ársins 1980.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M.kr.	Hækkun %
Rekstrargjöld	3 216,6	5 437,4	2 220,8	69,0
÷ Sértekjur	685,1	1 508,2	823,1	120,1
Mismunur	2 531,5	3 929,2	1 397,7	55,2[1])

[1]) Þ. e. 48,0% að frádreginni nýrri starfsemi.

Í eftirfarandi yfirliti eru framlög til viðhalds og stofnkostnaðar sýnd í samandregnu formi og samanburður gerður við fjárlög 1979 (í millj. kr.).

	Fjárlög 1979		Frumvarp 1980	
	Viðhald	Stofnkostnaður	Viðhald	Stofnkostnaður
Skrifstofa ríkisspítalanna ..	4,5	—	7,0	—
Rannsóknastofa háskólans ..	15,6	—	21,0	5,0
Blóðbankinn	15,0	5,0	10,0	5,0
Landspítalinn	300,0	629,2	360,0	793,7
Kvennadeild Landspítala	22,0	35,0	31,5	43,0
Kleppsspítali	46,0	—	100,0	49,0
Vífilsstaðaspítali	27,0	—	30,0	—
Kristneshæli	18,0	2,0	30,0	10,0
Kópavogshæli	17,4	—	60,0	5,0
Vistheimilið Gunnarsholti ..	17,5	—	20,0	—
	483,0	671,2	669,5	910,7

Framlag til viðhalds hækkar um 186,5 m.kr. eða 38,6% og er óþarft að fjölyrða um þennan lið, en sérstök áhersla er lögð á að fram fari nauðsynlegt viðhald á fasteignum og búnaði á Kleppsspítala og Kópavogshæli.

Framlög vegna stofnkostnaðar á ríkisspítölum hækka um 239,5 m.kr. eða 35,7% og verða samtals 910,7 m.kr. Skiptast þau þannig á einstök sjúkrahús og verkþætti:

Rannsóknastofa háskólans, tækjakaup		5,0
Blóðbankinn, tækjakaup		5,0
Landspítali:		793,7
Geðdeild	70,0	
Göngudeild, Hátúni	6,0	
Símstöð	26,0	
Sjúkramóttaka og tengigangar	100,0	
Færsla deilda	160,0	
Tækjakaup	140,0	
Sumargjöf	35,0	
Stjórn og eftirlit	40,0	
Endurbygging fæðingardeildar	70,0	
	647,0	
Ýmis tækjakaup	146,7	
Kvennadeild Landspítalans, tækjakaup		43,0
Kleppsspítali, bygging lyftuhúss og uppsetning lyftu		49,0
Kristneshæli, hitaveita		10,0
Kópavogshæli, eldvarnarkerfi		5,0
Alls		910,7

Þvottahús ríkisspítalanna er gjarnan talið með ríkisspítalakerfinu þó þar sé um B-hluta stofnun að ræða. Frumvarpið miðast við að starfsmannafjöldi stofnunarinnar verði óbreyttur en að sótthreinsunardeild færist frá Landspítalanum í húsakynni þvottahússins. Til þessa verkefnis eru ætlaðar 25 000 þús. kr. í fjárfestingu. Tekjur stofnunarinnar af seldri vöru og þjónustu hafa til þessa staðið undir útgjöldum og er í frumvarpinu miðað við að stofnanir endurgreiði fjármálaráðuneytinu skuld vegna launagreiðslna 1978, sem færð er á viðskiptareikning, alls 192 000 þús. kr.

378 **Læknishéraðasjóður.** Framlag til sjóðsins nemur alls 30 000 þús. kr. og hækkar því um 7 500 þús. kr.

380 **Námslán læknastúdenta.** Framlag til þessa verkefnis er ákveðið með heimildargrein í lögum og með reglugerð. Frumvarpið miðar við að þetta framlag falli niður að öllu leyti en það var 2 000 þús. kr. í fjárlögum 1979.

381 **Til sjúkrahúsa og læknisbústaða.** Heildarhækkun framlaga til þessa liðar nemur 715 745 þús. kr. og verður samtals 3 147 228 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 355 000 þús. kr., styrkur til heilsuverndarstöðva 60 745 þús. kr. og vegna viðhalds sjúkrahúsa 300 000 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 57/1978 fellur viðhald bygginga og tækja úr daggjöldum en til að standa straum af þessu koma að hluta beinar fjárveitingar úr ríkissjóði. Um þetta atriði vísast til frekari skýringa undir lið 08—271. Til að reisa sjúkrahús og læknisbústaði renna alls 2 200 000 þús. kr. og verður áætlun um ráðstöfun fjárins lögð fyrir fjárveitinganefnd.

391 **Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar.** Framlag hækkar um 423 338 þús. kr. eða 54,2% og skýrist þannig: Laun hækka um 370 238 þús. kr. frá fjárlagatölum 1979. Fjárveitinganefnd ákvað að ráðstafa á árinu 1979 70 300 þús. kr. af lið 08—310 Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar til fjölgunar á stöðum lækna og hjúkrunarfólks á heilsugæslustöðvum. Hækkun, ef starfsmagn væri óbreytt, er því 39,7% í stað 54,1%. Frumvarp þetta miðast við fjárveitingu til 130 staða, þ. e. 71 læknis, 47 hjúkrunarfræðinga og 12 ljósmæðra, og er þá ekki gert ráð fyrir fjölgun frá veittum heimildum 1979. Rekstrargjöld hækka um 12 100 þús. kr., viðhald um 30 000 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 11 000 þús. kr. Með lögum nr. 57/1978 er ákveðið að viðhald heilsugæslustöðva deilist jafnt á milli ríkis og sveitarfélaga. Til þessa verkefnis er nú varið 30 000 þús. kr.

394 **Heyrnar- og talmeinastöð.** Í fjárlögum 1979 var framlag til þessarar stofnunar 20 000 þús. kr. og fært á lið 08—388 Ýmis heilbrigðismál. Nú fær stofnunin sjálfstætt fjárlaganúmer en til hennar var stofnað með lögum nr. 74/1978. Fjárveiting til stofnunarinnar á árinu 1980 nemur alls 82 565 þús. kr. og skiptist þannig: Laun 68 672 þús. kr. og er þá miðað við 11,5 stöður á föstum launum, 10 000 þús. kr. til rekstrargjalda og 10 000 þús. kr. til stofnkostnaðar sem renna mun til tækjakaupa. Þá er hluti sveitarfélaga, sem er 10% af rekstrargjöldum, áætlaður 6 107 þús. kr.

399 **Ýmis heilbrigðismál.** Þessi liður hækkar alls um 54 457 þús. kr. eða 12,5%, þar af 5 000 þús. kr. vegna útgáfu lyfjaverðskrár og 5 000 þús. kr. vegna athugunar á útbreiðslu atvinnusjúkdóma en hvort tveggja eru ný viðfangsefni. Niður falla starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar 2 500 þús. kr., framlag til lyfjasölusjóðs 20 000 þús. kr. og framlag til heyrnar- og talmeinastöðvar 20 000 þús. kr. Þá lækkar framlag til Hjartaverndar um 5 000 þús. kr. og kostnaður vegna laga um farsóttir og sóttvarnir um 17 150 þús. kr. Helstu hækkunarliðir eru: Skólar heilbrigðisstétta 26 149 þús. kr., ljósmæðralaun 23 673 þús. kr., til tóbaksvarna 7 000 þús. kr., Minningarsjóður Landspítalans 8 400 þús. kr., lyfjanefnd 8 276 þús. kr., lyfjaeftirlit 6 017 þús. kr. og aðrir liðir um 29 592 þús. kr.

471 **Gæsluvistarsjóður, framlag.** Framlag hækkar um 37 100 eða 65,2% og er öll hækkunin á viðfangsefninu gæsluvistarsjóður. Aðrir liðir eru óbreyttir.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m. kr.:

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	457,4	662,0	204,6	44,7
Toll- og skattheimta	2 076,4	3 088,0	1 011,6	48,7
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	3 453,0	4 985,9	1 532,9	44,4
Annað	2 177,7	12 164,9	9 987,2	458,6
Samtals	8 164,5	20 900,8	12 736,3	156,0
Þar af markaðir tekjustofnar	60,0	200,0	140,0	233,3

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til ríkisábyrgðasjóðs.

Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka.

104 **Ríkisfjárhirsla.** Samtals nemur hækkun á framlagi 25 074 þús. kr. og verður 71 099 þús. kr. Laun hækka um 21 512 þús. kr. sem er 4 875 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Tala fastra starfsmanna er óbreytt en hækkun þessi verður á ýmsum öðrum launum og er þá tekið mið af reikningstölum sl. árs. Hækkun á öðrum rekstrargjöldum, viðhaldi og gjaldfærðum stofnkostnaði nemur samtals 3 562 þús. kr. og er það í samræmi við eðlilegar verðlagshækkanir.

206 **Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri.** Fjárveiting hækkar um 44 373 þús. kr. og verður 141 112 þús. kr. Laun hækka um 39 129 þús. kr. sem er 1 140 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Tala fastra starfsmanna er óbreytt eða 14. Hækkun þessi verður á ýmsum öðrum launum og er þá tekið tillit til reikningsniðurstöðu síðustu ára við ákvörðun launaliðar. Önnur rekstrargjöld hækka um 4 974 þús. kr. og er hækkunin eingöngu vegna almennra verðlagsbreytinga. Þá hækkar viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður samtals um 570 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar eru hækkaðar um 300 þús. kr.

207 **Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum.** Framlag hækkar um 21 395 þús. kr. og verður 67 459 þús. kr. Laun hækka um 18 886 þús. kr. og verða 57 823 þús. kr. sem er um 1 170 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Tala fastra starfsmanna er óbreytt, en hækkun þessi á sér stað á ýmsum öðrum launum og er þá tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings við ákvörðun launaliðar. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 709 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður lækka samtals um 20 þús. kr. Þá eru sértekjur hækkaðar um 180 þús. kr.

208 **Skattstofa Suðurlands, Hellu.** Fjárveiting hækkar um 26 332 þús. kr. og verður 79 926 þús. kr. Laun hækka um 23 437 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launahækkana. Þá hækka önnur rekstrargjöld um 2 805 þús. kr. og verða 7 580 þús. kr. Er það nokkuð umfram eðlilegar verðlagshækkanir en við ákvörðun rekstrargjalda hefur verið tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1978. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 330 þús. kr. Þá eru sértekjur hækkaðar um 240 þús. kr.

211 **Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði.** Fjárveiting hækkar um 56 196 þús. kr. og verður 176 789 þús. kr., þar af hækkar launaliður um 53 392 þús. kr. eða 3 000 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Hækkun þessi á rót sína að rekja

til þess að ráðningarnefnd hefur heimilað fjölgun um einn starfsmann frá fjárlögum 1979. Aðrar hækkanir eru samtals 2 804 þús. kr. sem er einvörðungu vegna almennra verðlagshækkana.

212 **Skattstofur, sameiginleg útgjöld.** Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 95 455 þús. kr. og verður framlag því 184 447 þús. kr. Laun eru samtals 13 447 þús. kr. sem er vegna tveggja starfsmanna sem heimilaðir voru á sl. ári til að vinna að framkvæmd hinna nýju skattalaga. Önnur rekstrargjöld verða 171 000 þús. kr. sem er 90 040 þús. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1979. Ljóst er að framkvæmd hinna nýju skattalaga og efling skatteftirlits mun hafa verulegan kostnaðarauka í för með sér. Þar sem erfitt er að meta hvernig viðbótarkostnaður þessi muni snerta hverja skattstofu fyrir sig er þessi væntanlegi kostnaðarauki áætlaður í einu lagi á þessum fjárlagalið.

214 **Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd.** Framlag hækkar samtals um 28 940 þús. kr. og verður 66 347 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 22 706 þús. kr. sem er 7 668 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Í stað þess að seta í ríkisskattanefnd sé aukastarf sex manna er gert ráð fyrir að nefndin verði skipuð mönnum er hafi nefndarstörfin að aðalstarfi en skipun fastra aðalmanna í nefndina verði felld niður. Laun hækka vegna þessa nýja fyrirkomulags um 21 326 þús. kr. en á móti kemur að felld eru niður laun fastra aðalmanna í ríkisskattanefnd og nemur sú lækkun 17 244 þús. kr. Þá hefur verið heimiluð lausráðning í hálfa stöðu skrifstofumanns og nemur hækkun vegna þess 3 586 þús. kr., að öðru leyti er um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 2 364 þús. kr. sem er einvörðungu vegna almennra launahækkana. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 3 870 þús. kr. til kaupa á skrifstofuáhöldum.

261 **Tollstjórinn í Reykjavík.** Framlag hækkar um 154 120 þús. kr., þar af hækkar launaliður um 144 658 þús. kr. sem er um 8 362 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Hækkun þessi á rót sína að rekja til þess að í fjárlögum 1979 voru laun vanáætluð sem svarar launum 1½ stöðu skrifstofumanns. Aðrir gjaldaliðir hækka samtals um 42 728 þús. kr. vegna almennra verðlagshækkana. Þá eru sértekjur stofnunarinnar hækkaðar um 33 266 þús. kr.

263 **Tollgæslan.** Fjárveiting hækkar um 192 141 þús. kr., þar af hækka laun um 193 174 þús. kr. sem er um 14 400 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Í fjárlögum 1979 féllu niður tvö stöðugildi og er nú gert ráð fyrir launum vegna þeirra. Er þá áætlað fyrir 78,67 stöðugildum. Aðrir gjaldaliðir hækka í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 19 216 þús. kr.

381 **Uppbætur á lífeyri.** Liður þessi hækkar um 1 113 365 þús. kr. og verður 4 464 404 þús. kr. sem er vegna greiðslu á lífeyri.

385 **Eftirlaunasjóður aldraðra.** Á sl. vetri var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um eftirlaun aldraðra. Frumvarpið náði ekki fram að ganga en verður lagt fram að nýju á þessu þingi. Til að mæta útgjöldum sem hlytust af samþykkt frumvarpsins ákvað ríkisstjórnin að ætla nokkurt fé á fjárlögum í þessu skyni. Er þar um að ræða 408 789 þús. kr. á verðlagi í desember 1979 en upphæðin yrði verðbætt eins og önnur laun á fjárlögum.

402 **Fasteignamat ríkisins.** Framlag hækkar um 85 225 þús. kr. og verður 222 799 þús. kr. Laun hækka um 67 686 þús. kr., eingöngu vegna almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 50 139 þús. kr., sem er 25 300 þús. kr. um-

fram eðlilegar verðlagshækkanir, og við þau er tekið mið af reikningstölum 1978. Viðhald hækkar um 500 þús. kr. en stofnkostnaður um 6 900 þús. kr. og verður 8 000 þús. kr. Þá hækka sértekjur stofnunarinnar um 40 000 þús. kr.

999 **Ýmislegt.** Fjárveiting á þessum fjárlagalið hækkar samtals um 234 985 þús. kr. og verður 1 323 282 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstök verkefni: Nýtt viðfangsefni er Borgartún 6 182 113 þús. kr. til greiðslu vaxta vegna húseignar ríkissjóðs að Borgartúni 6. Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið hækkar um 15 075 þús. kr. Liðurinn til kaupa á blöðum samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar hækkar um 20 000 þús. kr. Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum hækka um 12 001 þús. kr. Þungaskattsálagning með ökumælum hækkar um 7 772 þús. kr. Þá hækkar lífeyrissjóður bænda um 127 500 þús. kr., eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum samkvæmt lögum nr. 63/1971 hækkar um 37 000 þús. kr. Eftirfarandi framlög lækka frá fjárlögum 1979 sem hér segir: Ýmis sameiginlegur kostnaður lækkar um 10 000 þús. kr., dómskröfur og málskostnaður lækkar um 20 161 þús. kr. Framlag til að bæta framkvæmd skattalaga og efla skatteftirlit er nú á liðnum Skattstofur, sameiginleg útgjöld og er liðurinn því felldur niður á þessum stað. Þá fellur niður viðfangsefnið til samtaka opinberra starfsmanna 3 500 þús. kr. og óviss útgjöld lækka um 50 000 þús. kr. frá fjárlögum 1979.

10. Samgönguráðuneyti

Framlög til hinna einstöku málefnaflokka samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun m.kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	72,3	113,9	41,6	57,5
Vegamál	12 628,0	21 963,0	9 335,0	73,9
Önnur samgöngumál	6 490,8	8 400,2	1 909,4	29,4
Samtals	19 191,1	30 477,1	11 286,0	58,8
Þar af markaðir tekjustofnar	9 491,0	14 210,0	4 719,0	49,7

Markaðir tekjustofnar samgönguráðuneytisins eru þessir: Gúmmígjald sem er óbreytt frá fjárlögum 1979 107,0 m.kr., innflutningsgjald af bensíni hækkar um 3 217,0 m.kr. og verður 10 700,0 m.kr. og bifreiðaskattur hækkar um 1 500,0 m.kr. og verður 3 350,0 m.kr. Þessi framantöldu gjöld renna öll til vegagerðar ríkisins og eru samtals 14 157,0 m.kr. Vitagjald, sem fer til vitamála, er óbreytt eða 18,0 m.kr., skipaskoðunargjald verður óbreytt eða 11,0 m.kr. Þá verður sérleyfisgjald 24,0 m.kr., sem er hækkun um 2,0 m.kr. frá fjárlögum 1979, en gjaldið rennur til sérleyfissjóðs.

Verður nú nánar vikið að þeim liðum er skýra hækkanir á framlögum til einstakra málefnaflokka frá fjárlögum 1979.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 41 588 þús. kr. eða 57,5%. Launahækkun nemur alls 31 188 þús. kr. eða 62,7%. Þar af nema hálf laun aðstoðarmanns ráðherra 3 606 þús. kr. en helmingur launa hans færist á aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins. Að öðru leyti hækka laun um 27 582 þús. kr. sem er nokkru umfram eðlilegar launahækkanir og er það vegna hækkunar á ýmsum launum skrifstofunnar. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 400 þús. kr. og er það innan marka eðlilegra hækkana.

211 **Vegagerð ríkisins.** Framlag hækkar um 9 335 000 þús. kr. eða 73,9% frá fjárlögum 1979 og nemur fjárframlagið alls 21 963 þús. kr. Af þessari heildarfjárhæð renna 6 000 þús. kr. til greiðslu styrkja til gististaða. Framlaginu að öðru leyti, þ. e. 21 957 þús. kr., er ráðstafað í samræmi við vegáætlun 1980. Á s. l. ári samþykkti Alþingi vegáætlun þar sem gert er ráð fyrir að verja 21 957 000 þús. kr. til vegamála. Samkvæmt áætluninni nam fjárvöntun 8 847 000 þús. kr. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1980 er gert ráð fyrir sömu heildarfjárhæð til vegamála og gert er ráð fyrir í vegáætlun. Markaðir tekjustofnar samkvæmt tekjuáætlun fjárlagafrumvarps eru hins vegar áætlaðir 14 157 000 þús. kr. en voru áætlaðir í vegáætlun 13 110 000 þús. kr. Að svo stöddu er því lántaka til vegamála áætluð 7 800 000 þús. kr. en áformað er að endurskoða vegáætlun á komandi vetri. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að skipa nefnd þingmanna til þess að endurskoða tekjuöflun til vegamála og ráðstöfun tekna ríkisins af umferð. Til athugunar kæmi m. a. sérstakt vegagjald til lagningar bundins slitlags.

321 **Strandferðir, framlög.** Hækkun framlags til Skipaútgerðar ríkisins nemur 257 037 þús. kr. Launaliður hækkar um 277 800 þús. kr. sem er um 42 000 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Hækkun þessi á rót sína að rekja til þess að veitt hefur verið framlag til að taka á leigu strandferðaskip á næsta ári og með því er ætlað að efla strandferðaþjónustu ríkisins. Aðrir rekstrarliðir hækka samtals um 342 374 þús. kr., þar af vegna leigu skipsins 201 000 þús. kr. Seldar vörur og þjónusta stofnunarinnar hækka um 357 687 þús. kr., þar af er áætlað að tekjur vegna leigu skipsins verði 182 000 þús. kr. Framlag til fjárfestingar er 31 000 þús. kr. en það er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1979. Framlag til flóabáta og vöruflutninga er óbreytt frá fjárlögum ársins 1979.

331 **Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa.** Framlög hækka um 68 231 þús. kr. og skýrist sú breyting þannig: Útgjöld vegna launa- og rekstrargjalda hækka um 75 031 þús. kr. og er þar um eðlilega hækkun að ræða. Viðhald hækkar um 3 900 þús. kr. og nemur alls 5 000 þús. kr. Er það sérstaklega ætlað til lagfæringar á húsnæði skrifstofunnar. Stofnkostnaður hækkar um 9 300 þús. kr. og verður alls 10 000 þús. kr. Þar af er áætlað að um 8 000 þús. kr. verði varið til kaupa á bókhaldsvélum samkvæmt kröfum ríkisbókhalds. Á móti kemur að sértekjur hækka um 20 000 þús. kr. en vinna verkfræðinga og tæknifræðinga er seld með álagi þeim aðilum er að hlutaðeigandi hafnargerð standa.

332 **Vitamál.** Hækkun nemur 153 745 þús. kr., þar af vegna launa og rekstrargjalda 127 145 þús. kr. Rekstrargjöld hækka nokkuð umfram almennar forsendur frumvarpsins og er þá tekið tillit til reikningsniðurstöðu 1978 og þess að orkuliðurinn vegur þungt í rekstrargjöldum stofnunarinnar. Viðhald hækkar um 25 600 þús. kr. og nemur alls 50 000 þús. kr. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 13 000 þús. kr. og verður alls 40 000 þús. kr. Að síðustu hækka sértekjur um 12 000 þús. kr. og verða alls 40 000 þús. kr. Tekjur eru tvíþættar. Annars vegar hlutdeild Veðurstofu Íslands í launum vitavarða og hins vegar þjónusta við innsiglingarljós sem hafnarsjóðir bera kostnað af.

333 **Hafnarmál.** Framlög til hafnarmála hækka samtals um 217 592 þús. kr. og skýrist sú breyting þannig: Liðirnir hafnarrannsóknir og mælingar hækka um 5 100 þús. kr., hafnarmannvirki og lendingarbætur um 391 600 þús. kr., ferjubryggjur um 3 100 þús. kr. en framlög til sjóvarnargarða lækka um 29 000 þús. kr. og er það vegna sérstaks verkefnis sem fé var veitt til í fjárlögum 1979. Framlag til hafnarbótasjóðs hækkar um 6 720 þús. kr. og hefur sjóðurinn þá verið skertur í samræmi við almenna stefnu frumvarpsins um skerð-

ingu framlaga til fjárfestingarsjóða. Greiðslur vaxta og afborgana af landshafnalánum lækka um 4 928 þús. kr. og framkvæmdaframlög til landshafna, sem fjármögnuð eru með lánsfé, lækka um 25 000 þús. kr. Til landshafnarinnar Keflavík—Njarðvík renna nú 100 000 þús. kr. eða sama fjárhæð og 1979 en til hafnarinnar á Rifi renna 25 000 þús. kr. eða helmingur þess er veitt var á fjárlögum 1979. Að síðustu er að geta þess að framlög til Grundartangahafnar lækka um 130 000 þús. kr. enda er þeirri hafnargerð að mestu lokið. Í þeim hluta greinargerðarinnar er varðar lánsfjármagnaðar framkvæmdir er gerð grein fyrir framlögum til Grundartangahafnar.

341 **Siglingamálastofnun.** Hækkun nemur samtals 105 313 þús. kr. og skýrist í höfuðdráttum þannig: Laun hækka alls um 78 671 þús. kr. eða 53,4%. Þar af 4 940 þús. kr. vegna stöðu skipaskoðunarmanns sem heimiluð var af ráðninganefnd og 6 586 þús. kr. vegna stöðu sem heimiluð er til eins árs til að sinna sérverkefni. Að öðru leyti hækka laun alls um 67 145 þús. kr. og er það vegna almennra launahækkana. Rekstrargjöld hækka um 11 492 þús. kr. vegna verðlagsbreytinga og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 15 150 þús. kr. og verður alls 22 350 þús. kr. Framlagi til stofnkostnaðar er ráðstafað þannig að 12 150 þús. kr. fara til ýmiss búnaðar í tengslum við mengunarvarnir, 8 200 þús. kr. til nýrrar kvikmyndar um notkun gúmmíbjörgunarbáta og 2 000 þús. kr. til annarra verkefna.

471 **Flugmálastjórn.** Framlag til flugmálastjórnar hækkar um 581 068 þús. kr. og skýrist í meginatriðum þannig: Laun hækka um 441 395 þús. kr. og verða 1 224 455 þús. kr. Hækkun þessi, sem er nokkru umfram eðlilegar launahækkanir, á rót sína að rekja til nýrra samninga við flugumferðarstjóra ásamt því að mið hefur verið tekið af rauntölum ársins 1978. Aðrir rekstrarliðir hækka um 160 084 þús. kr. sem er vegna eðlilegra verðlagshækkana. Þá hækka sértekjur stofnunarinnar um 128 445 þús. kr. Afborgun lána hækkar um 8 659 þús. kr. og innheimtar afborganir hækka um 625 þús. kr. Í fjárlögum 1979 voru veittar 200 000 þús. kr. til flugöryggistækja og 600 000 þús. kr. til framkvæmda. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 900 000 þús. kr. framkvæmdaframlagi og mun fjárveitinganefnd Alþingis ákveða skiptingu þess fjár.

485 **Ýmis framlög.** Tekinn er upp nýr fjárlagaliður Ýmis framlög. Á þessum lið eru tvö viðfangsefni, þ. e. framlög til flugbjörgunarsveita, sem áður var sérstakt fjárlaganúmer 10 481 og er fjárveitingin óbreytt frá fjárlögum 1 100 þús. kr. Þá hefur viðfangsefnið Slysavarnafélag Íslands vegna tilkynningarskyldu fiskiskipa, sem áður var á ýmsum framlögum félagsmálaráðuneytisins, verið fært undir þennan lið. Framlag þetta nemur alls 38 153 þús. kr.

651 **Ferðamál.** Í fjárlögum 1979 taldist til ferðamála undir þessum lið einungis framlag til ferðamálasjóðs. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að útgjöld vegna ferðamála færist inn í fjárlög. Framlag vegna launa nemur alls 33 117 þús. kr. og er það miðað við 4 fastráðna starfsmenn, auk annarra launa. Til rekstrargjalda er varið 40 000 þús. kr. og til stofnkostnaðar 122 472 þús. kr. Framlög til launa, annarra rekstrargjalda og stofnkostnaðar eru í samræmi við það fé sem stofnuninni er ætlað af skilafé Fríhafnarinnar í Keflavík. Miðað er við að til stofnunarinnar renni 187 100 þús. kr. og er það 30% af skilafé Fríhafnarinnar. Þá eru stofnuninni áætlaðar 10 000 þús. kr. í sértekjur.

Framlag ríkissjóðs til ferðamálasjóðs er 34 000 þús. kr. þegar tillit er tekið til 15% skerðingar á framlögum til fjárfestingarsjóða.

652 **Veðurstofa Íslands.** Framlag hækkar alls um 232 866 þús. kr. Hækkun allra liða er í samræmi við launa- og verðlagsforsendur og þarfnast ekki umsagnar. Bætt hefur verið við einu nýju viðfangsefni, þ. e. snjóflóðavarnir, og er til þessa verk-

efnis varið 15 000 þús. kr. sem færðar eru til annarra rekstrargjalda. Fjárveitingin er við það miðuð að til að byrja með verði um lausráðningu starfsmanns að ræða eða aðkeypta sérfræðiþjónustu.

656 **Landmælingar Íslands.** Framlag hækkar um 36 087 þús. kr. og skýrist hækkunin þannig: Laun hækka um 37 600 þús. kr., rekstrargjöld um 19 402 þús. kr. og viðhald um 175 þús. kr. sem allt eru hækkanir innan eðlilegra verðlagshækkana. Stofnkostnaður hækkar aftur á móti um 52 110 þús. kr. og verður alls 54 310 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir kaupum á margumbeðnu tæki, afréttara fyrir ljósmyndir, 49 910 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir að 2 800 þús. kr. verði varið til kaupa á tæki til flutnings á upplýsingum af ljósmyndum yfir á kort og 1 600 þús. kr. renna til annarra verkefna. Að lokum skal þess getið að sértekjur stofnunarinnar hækka um 73 200 þús. kr. eða 146,4% og er forsenda þessara auknu sértekna sú að stofnunin fái umrædd tæki.

11 Iðnaðarráðuneyti

Framlög til hinna einstöku málefnaflokka iðnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	78,7	135,8	57,1	72,5
Iðnaðarmál	953,1	1 447,2	494,1	51,8
Orkumál	6 362,7	10 923,4	4 560,7	71,7
Gjöld samtals	7 394,5	12 506,4	5 111,9	69,1
Þar af markaðir tekjustofnar	1 587,6	3 606,4	2 018,8	127,2

Markaðir tekjustofnar iðnaðarráðuneytisins breytast sem hér segir: Jöfnunargjald hækkar um 222,0 m.kr. og verður 389,0 m.kr. Jöfnunargjaldi er ráðstafað til eftirtalinna aðila: Iðntæknistofnun Íslands 125,0 m.kr., til iðnþróunar 76,0 m.kr., til eflingar iðnþróunar og tækninýjunga 30,0 m.kr., Útflutningsmiðstöð iðnaðarins 67,4 m.kr., Iðnrekstrarsjóður 63,6 m.kr., til athugunar á orkufrekum iðnaði 15,0 m.kr. og ullar- og skinnaverkefni 12,0 m.kr. Þá hækkar byggingariðnaðarsjóðsgjald um 28,0 m.kr. og verður 78,0 m.kr. Verðjöfnunargjald hækkar um 1 690 m.kr. og verður 2 900,0 m.kr., rafmagnseftirlitsgjald hækkar um 78,8 m.kr. og verður 239,4 m.kr. Verður nú nánar vikið að þeim fjárlagaliðum er skýra hækkanir á framlögum til einstakra málefnaflokka frá fjárlögum 1979.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 57 071 þús. kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 55 869 þús. kr. sem er um 30 187 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Ráðninganefnd hefur heimilað tvær stöður fulltrúa og nemur kostnaður vegna þeirra 10 690 þús. kr. Þá hefur verið veitt fjárveiting vegna lausráðningar ritara og stöðu fulltrúa er starfa mun við vörumerkja- og einkaleyfisskráningar. Kostnaður vegna þessara tveggja síðasttöldu staða er 8 740 þús. kr. Þá hækka ýmis önnur laun um 10 757 þús. kr. og er hækkun þessi byggð á niðurstöðum ríkisreiknings árið 1978. Aðrir gjaldaliðir hækka samtals um 12 202 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlagsbreytinga. Sértekjur hækka um 1 000 þús. kr. og verða 15 000 þús. kr. Hækkun þessi er tilkomin vegna skráningar vörumerkja- og einkaleyfisumsókna. Sú gjaldskrá var hækkuð á þessu ári og er miðuð við að tekjur af vörumerkjum og einkaleyfum geti staðið undir nauðsynlegri þjónustu á þessu sviði.

201 **Iðntæknistofnun Íslands.** Fjárveiting til Iðntæknistofnunar Íslands hækkar samtals um 127 983 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 134 920 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlags- og launahækkana. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 6 937 þús. kr. Iðntæknistofnun Íslands er ein af þeim stofnunum sem fjallað hefur verið um m. t. t. langtímaáætlunar Rannsóknaráðs ríkisins og vísast í því sambandi til greinargerðar um Rannsóknaráð ríkisins (02—232).

203 **Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.** Fjárveiting til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins hækkar um 82 695 þús. kr. Þar af hækka laun um 93 077 þús. en það er um 22 100 þús. kr. umfram eðlilegar launabreytingar. Á s. l. ári féll niður fjárveiting til stöðu tækniteiknara, en laun vegna þessarar stöðu eru nú áætluð 6 000 þús. kr. Eftir að fjárhagslegur rammi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins hafði verið ákveðinn komu fram óskir um að fjölga verkefnaráðnum sérfræðingum en draga úr stofnkostnaði og auka sértekjur sem þeim kostnaði næmi. Launakostnaður vegna verkefnaráðningar er áætlaður 16 100 þús. kr. Hækkun annarra rekstrargjalda nemur 22 418 þús. kr., sem er um 4 000 þús. kr. umfram verðlagshækkanir, en við ákvörðun rekstrargjalda var tekið nokkurt mið af rauntölum ársins 1978. Framlag til viðhalds og stofnkostnaðar hækkar samtals um 5 200 þús. kr. Þá fellur niður framlag til byggingarþjónustu Arkitektafélags Íslands, sem var 3 000 þús. kr. í fjárlögum 1979, en fjárveiting er nú til þessa verkefnis á liðnum iðja og iðnaður. Áætlað er að sértekjur stofnunarinnar hækki um 35 000 þús. kr.

221 **Lánasjóðir iðnaðarins.** Framlag til lánasjóðs iðnaðarins hækkar um 168 400 þús. kr. og verður 488 400 þús. kr. Iðnlánasjóður hækkar um 99 900 þús. kr. og verður 369 900 þús. kr. Framlag til Iðnrekstrarsjóðs hækkar um 68 500 þús. kr. Verður fjárveiting til Iðnrekstrarsjóðs þá 118 500 þús. kr. en þar af eru 63 600 þús. kr. hluti af jöfnunargjaldi, sbr. lög nr. 83/1978.

235 **Fyrirtæki og stofnanir, framlög.** Framlag hækkar um 47 400 þús. kr. og nemur fjárveiting þá 67 400 þús. kr. Framlag þetta er hluti af jöfnunargjaldi, sbr. lög nr. 83/1978 og rennur óskert til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.

299 **Iðja og iðnaður, framlög.** Framlög á þessum fjárlagalið hækka samtals um 53 000 þús. kr. og verða 172 775 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig milli einstakra verkefna: Til þróunar og tækninýjunga í iðnaði hækkar um 8 000 þús. kr. og verður 30 000 þús. kr. Til athugunar á orkufrekum iðnaði hækkar um 5 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr., ullar- og skinnaverkefni hækkar um 4 000 þús. kr. og verður 12 000 þús. kr., framlag til iðnþróunar er óbreytt frá fjárlögum 1979 eða 76 000 þús. kr. Þessi framangreindu framlög eru hluti af jöfnunargjaldi, sbr. lög nr. 83/1978. Þá er tekið inn eitt nýtt viðfangsefni, orkusparnaður, og veitt til þess 30 000 þús. kr. sem ætlað er að verja til fræðslu og áætlanagerðar um orkusparnað.

Framlag til byggingarþjónustu Arkitektafélags Íslands 6 000 þús. kr. er flutt af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Húsnæðismálastofnun ríkisins. Framlag þetta, sem er óbreytt frá fjárlögum 1979, var áður hjá tveimur fyrrnefndum stofnunum. Önnur framlög eru óbreytt.

301 **Orkustofnun.** Framlag til stofnunarinnar hækkar um 472 865 þús. kr. og verður framlagið 1 594 999 þús. kr. Laun hækka um 290 440 þús. kr. vegna almennra launahækkana og verða 924 243 þús. kr. Er þessi fjárveiting miðuð við starfsmannahald eins og hér segir: Fastar stöður eru alls 90 og í 20 stöður eru starfsmenn ráðnir til sérstakra verkefna. Stöður alls eru því 110. Skipting á þessum stöðum á einstakar deildir er eftirfarandi: Fastir starfsmenn skrifstofu og hagdeildar eru 12. Í raforkudeild eru 38 fastir starfsmenn og

6 eru ráðnir til sérstakra verkefna. Fastir starfsmenn jarðhitadeildar eru 36 og 11 ráðnir til sérstakra verkefna. Þá eru fastir starfsmenn jarðkönnunardeildar 4 og 3 eru ráðnir til sérstakra verkefna. Önnur rekstrargjöld hækka um 221 763 þús. kr., og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 21 962 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 65 600 þús. kr. og verða 207 600 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir að jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna muni fá aðstöðu innan Orkustofnunar en framlag til skólans kemur frá utanríkisráðuneytinu. Í B-hluta fjárlagafrumvarps er gert ráð fyrir lántöku Orkusjóðs að upphæð 300 000 þús. kr. og verður ákvörðun um ráðstöfun þess fjár tekin af iðnaðarráðherra, fjármálaráðherra og Orkustofnun.

321 **Rafmagnsveitur ríkisins.** Á árinu 1980 mun ríkissjóður yfirtaka 600 000 þús. kr. lán sem RARIK tók samkvæmt lánsfjáráætlun 1979 til að bæta greiðslustöðu sína. Ennfremur er fyrirhugað að ríkissjóður yfirtaki 600 000 þús. kr. af skuldum RARIK á árinu 1981. Auk þessa er gert ráð fyrir framlagi til RARIK í fjárlagafrumvarpi 1980 að upphæð 400 000 þús. kr. Það sem liggur að baki framlaginu og að dregið er úr skuldabyrði RARIK eru ýmsar félagslegar framkvæmdir á vegum fyrirtækisins.

Ríkisstjórnin samþykkir að frá og með árinu 1980 beri ríkissjóður allan kostnað af félagslegum framkvæmdum sem Rafmagnsveitum ríkisins er falið að ráðast í og standa fyrir. Verði gert ráð fyrir slíku framlagi frá ríkissjóði í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1980. Um mat á félagslegum þætti framkvæmda verði fjallað af fulltrúum frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og iðnaðarráðuneyti.

Ríkisstjórnin hefur jafnframt ákveðið að fram fari gagnger athugun og úttekt á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins.

371 **Orkusjóður.** Framlag til Orkusjóðs hækkar um 3 094 þús. kr. og nemur framlag ríkissjóðs þá 8 089 000 þús. kr. Hækkun framlagsins skýrist af eftirfarandi: Verðjöfnunargjald af raforku hækkar um 1 690 000 þús. kr. og verður 2 900 000 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir að verðjöfnunargjald sé 19% af seldri raforku skv. lögum nr. 6/1979. Til Rafmagnsveitna ríkisins renna 2 320 000 þús. kr. eða 80% og 580 000 þús. kr. fara til Orkubús Vestfjarða eða 20%, sbr. fyrrnefnd lög. Bein fjárveiting til styrkingar dreifikerfa í sveitum fellur niður, að upphæð 220 000 þús. kr. Þess í stað er gert ráð fyrir að Orkusjóður taki 800 000 þús. kr. lán til að standa straum af þessum framkvæmdum. Þá hækka lán til jarðhitaleitar um 250 000 þús. kr. og verða 600 000 þús. kr. Framlög til lánagreiðslna hækka um 81 000 þús. kr. og verða 674 000 þús. kr. Fjármagnsútgjöld vegna Kröfluvirkjunar, sem eru vegna afborgana og vaxtagreiðslna, hækka um 1 520 000 þús. kr. og verða 3 900 000 þús. kr. Lán til hitaveituframkvæmda, sem var 330 000 þús. kr. í fjárlögum ársins 1979, fellur niður sem framlag ríkissjóðs. Þess í stað er gert ráð fyrir að Orkusjóður taki lán að upphæð 500 000 þús. kr. í þessu skyni. Að lokum er gert ráð fyrir að útgjöld vegna reksturs Orkusjóðs hækki um 3 000 þús. kr. og verði 15 000 þús. kr.

12. Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og eftirfarandi yfirlit sýnir:

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun m.kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	92,8	150,0	57,2	61,5
Niðurgreiðslur	18 902,9	23 000,0	4 097,1	21,6
Ollustyrkur og annað	1 071,4	2 580,6	1 509,2	140,9
Samtals	20 067,1	25 730,6	5 663,5	28,2

Engir markaðir stofnar teljast til þessa ráðuneytis en helstu liðir til skýringar á hækkun framlaga eru sem nú skal greina:

101 **Aðalskrifstofa.** Framlag hækkar um 57 199 þús. kr. og verður alls 150 057 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig að laun hækka um 41 659 þús. kr., þar af 4 940 þús. kr. vegna lausráðins skrifstofumanns en að öðru leyti vegna hækkunar ýmissa annarra launa og launabreytinga, alls 36 719 þús. kr. Rekstrargjöld hækka um 11 440 þús. kr. og viðhald um 600 þús. kr. Tekinn er nú upp nýr gjaldaliður, sem er framlag til Neytendasamtakanna, alls 3 500 þús. kr. Jafnframt hefur framlag til Neytendasamtakanna sem fært var undir liðnum ýmis framlög félagsmálaráðuneytisins í fjárlögum 1979 verið fellt niður.

201 **Niðurgreiðslur.** Niðurgreiðslur ríkissjóðs á vöruverði eru áætlaðar 23 000 000 þús. kr. á árinu 1980. Þar af er framlag í lífeyrissjóð bænda 1 190 þús. kr. Hækkar liðurinn í heild um 4 097 100 þús. kr., þar af beinar niðurgreiðslur um 3 663 000 þús. kr. og lífeyrissjóðsframlag um 434 100 þús. kr. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting niðurgreiðslna á einstaka þætti ásamt framlagi í lífeyrissjóð bænda:

	Áætlað sölumagn	Niðurgreiðsla kr./einingu júlí 1979	Ársútgjöld m. kr.
1. Dilkakjöt	8 900 tonn	669	5 820
2. Annað kindakjöt	1 600 —	328	480
3. Vaxta- og geymslukostnaður kindakjöts			2 200
4. Nautakjöt	2 600 —	428	800
5. Mjólk úr mjólkurbúum	50,0 millj. l	98	4 900
6. Heimamjólk	0,4 —	48	19
7. Undanrenna	3,5 —	28	98
8. Rjómi	1,3 —	325	422
9. Smjör	1 500 tonn	1 887	2 830
10. Skyr	1 700 —	139	236
11. Ostur 45%	670 —	181	120
12. Ostur 20% og 30%	610 —	90	55
13. Kartöflur	12 000 —	90	1 000
14. Ull	1 650 —	489	810
			19 790
Til hækkunar niðurgreiðslna á árinu 1980			2 020
			21 810
Framlag í lífeyrissjóð bænda			1 190
			23 000

Niðurgreiðslur eru hér áætlaðar 19 790 000 þús. kr. á heilu ári miðað við það niðurgreiðslustig sem ákveðið var í júlí 1979. Þetta gildir um alla útgjaldaflokka nema vaxta- og geymslukostnað, ull og framlag í lífeyrissjóð bænda. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að á árinu 1980 verði beinar niðurgreiðslur auknar um 2 020 000 þús. kr. og verður ákvörðun um framkvæmd þeirrar hækkunar tekin síðar.

202 **Styrkur vegna olíunotkunar til húsahitunar.** Styrkfjárhæð þessi er áætluð í frumvarpinu 2 300 000 þús. kr. og er það hækkun um 1 370 000 þús. kr. frá fjárlögum 1979. Nú eru greiddar í olíustyrk 18 200 kr. á mann ársfjórðungslega. Miðað við 48 000 styrki og styrki til rafstöðva má áætla að olíustyrkir nemi

3 600 000 þús. kr. á árinu 1980. Á fundi sínum 19. júlí s. l. féllst ríkisstjórnin á tillögu um hækkun olíuverðs og var þá jafnframt gerð eftirfarandi samþykkt:

„Það er stefna ríkisstjórnarinnar að umrædd hækkun olíuverðs leiði ekki til hækkunar á upphitunarkostnaði heimila". Í samræmi við markaða stefnu hefur ríkisstjórnin ákveðið hækkun olíustyrks úr 3 700 kr. á mann ársfjórðungslega í 18 200 kr. Ríkisstjórnin hefur skipað nefnd til þess að fjalla um upphitunarkostnað íbúðarhúsa og hefur henni verið gert að skila áliti 15. október. Ákvörðun olíustyrks og nauðsynleg fjáröflun fyrir næsta ár mun því koma til ákvörðunar síðar með afgreiðslu fjárlaga en stefna ríkisstjórnarinnar kemur fram í áðurnefndri tilvitnun í samþykktina frá 19. júlí.

902 **Verðlagsstofnun.** Framlag til stofnunarinnar hækkar um 114 272 þús. kr. og skýrist sú hækkun þannig: Laun hækka um 84 779 þús. kr., þar af 8 423 þús. kr. vegna einnar stöðu fulltrúa og hálfrar stöðu skrifstofumanns. Fjárveiting til ráðningar þessara starfsmanna er veitt svo koma megi í framkvæmd ákvæðum laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Auk fjárframlaga til nýrra staða eru veittar 15 000 þús. kr. til sérfræðiþjónustu, sem er hluti rekstrargjalda og skýrir hækkun þessa liðar umfram verðlagshækkanir, en alls hækka rekstrargjöld um 24 720 þús. kr. Að öðru leyti hækka laun um 76 356 þús. kr. sem er nokkru umfram almennar launahækkanir og skýrist sú hækkun í öllum meginatriðum af því að staða stofnunarinnar hefur verið endurmetin sem leitt hefur til flokkahækkana starfsmanna. Viðhald hækkar um 88 þús. kr. og stofnkostnaður um 4 685 þús. kr. og verður alls 8 790 þús. kr. Þar af er ráðgert að verja 7 000 þús. kr. til endurnýjunar símaskiptiborðs.

903 **Skráning hlutafélaga.** Í fjárlögum 1979 er í fyrsta skipti veitt fé til þessarar stofnunar. Framlag 1980 hækkar um 4 514 þús. kr. og skýrist hækkunin þannig: Laun hækka um 3 584 þús. kr., þar af 1 613 þús. kr. vegna yfirvinnu sem ekki var áætlað fyrir 1979 og 1 971 þús. kr. vegna launahækkana. Rekstrargjöld hækka um 1 230 þús. kr. sem er nokkru umfram verðlagshækkun og kemur sú hækkun til af óvissu um stofnunina árið 1979.

Að síðustu eru veittar 300 þús. kr. í viðhald í fyrsta skipti en stofnkostnaður lækkar um 600 þús. kr.

13 Hagstofa Íslands

101 **Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 36 405 þús. kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 22 183 þús. kr. sem er 20,2% hækkun frá fjárlögum 1979. Skýringin á þessari litlu hækkun er sú að niður fellur fjárveiting til endurskoðunar á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar að upphæð 26 500 þús. kr. Aðrar hækkanir eru samtals 15 446 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir.

14 Ríkisendurskoðun

101 **Ríkisendurskoðun, aðalskrifstofa.** Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar samtals um 116 541 þús. kr. Laun verða 291 032 þús. kr. sem er 100 858 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979. Hækkun launaliðar, sem er um 14 300 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir, skýrist af flokkatilfærslum starfsmanna ásamt því að búist er við auknum verkefnum sem stofnunin þarf að annast, m. a. með tilliti til 12. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl. Aðrir liðir hækka samtals um 15 683 þús. kr. sem er vegna almennra verðlagsbreytinga.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Málefnaflokkar fjárlaga- og hagsýslustofnunar hækka milli ára sem hér segir í m.kr.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	107,7	278,1	170,4	158,2
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	6 943,0	15 597,3	8 654,3	124,6
Gjöld samtals	7 050,7	15 875,4	8 824,7	151,2

Verður nú nánar vikið að einstökum liðum til skýringar á hækkun frá fjárlögum 1979.

101 **Aðalskrifstofa.** Heildarkostnaður hækkar um 62 369 þús. kr. Laun hækka um 43 439 þús. kr. Munar þar mestu að gert er ráð fyrir tveimur nýjum starfsmönnum vegna aukinna verkefna sem lögð eru á ráðuneytið í lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl. Eru þessi laun áætluð 12 783 þús. kr. auk 3 000 þús. kr. til annarra launa vegna aukinna verkefna. Að öðru leyti er um eðlilegar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 15 080 þús. kr. sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun. Viðhald hækkar um 50 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 3 800 þús. kr. Aukinn stofnkostnaður kemur til vegna eflingar Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, bæði á sviði hagsýslu og fjárlagagerðar.

182 **Rafreiknar, framlög.** Á undanförnum árum hefur notkun tölvukerfa farið vaxandi hjá opinberum aðilum hér á landi. Aukningin hefur ekki síst verið tengd verkefnum á sviði fjármála og tækni. Aðrar þjóðir hafa í ríkum mæli tekið tölvutækni í notkun við öflun og miðlun upplýsinga. Á næstu árum kemur til álita aukin tölvuvæðing hjá ýmsum stofnunum ríkisins, sem leið til hagræðingar og bættrar þjónustu. Í því sambandi má nefna verkefnasvið svo sem innheimtukerfi ríkisins, tollafgreiðslur og verðlagseftirlit, fasteignaskráningu, verkefni á sviði skattamála, upplýsingar um starfsemi sjúkrahúsa, viðfangsefni tengd Tryggingastofnun ríkisins og verkefni á sviði dóms- og lögreglumála.

Fjármálaráðherra telur mikilvægt að mörkuð verði stefna í tölvumálum ríkisstofnana og fyrirtækja sem taki m. a. tillit til heildarhagsmuna ríkisins varðandi hug- og tækjabúnað. Í þessu frumvarpi er lagt til að fjárveiting til slíkra verkefna færist á sérstakt viðfangsefni hjá fjárlaga- og hagsýslustofnun, en með því gefst tækifæri til að meta einstök verkefni og ákveða forgangsröð þeirra. Lagt er til að framlög til þessara verkefna verði 100 000 þús. kr. á fjárlögum ársins 1980.

991 **Ýmis lán ríkissjóðs.** Vaxta- og vísitölubótagreiðslur af almennum lánum ríkissjóðs og yfirdrætti á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands hækka um 8 654 310 þús. kr. og verða 15 597 267 þús. kr. Vextir af lánum í Seðlabanka hækka um 4 489 483 þús. kr. en áætlað er að vextir af öðrum lánum hækki um 4 164 827 þús. kr. Alls eru vaxtagreiðslur til Seðlabanka á árinu 1980 áætlaðar 7 985 884 þús. kr., þar af vextir af erlendum og gengistryggðum lánum 1 066 523 þús. kr., af nýju láni með verðbótaauka 458 250 þús. kr. og af öðrum lánum

1 461 111 þús. kr., auk vaxta af yfirdrætti 5 000 000 þús. kr. Vextir og vísitölubætur af lánum ríkissjóðs hjá öðrum en Seðlabanka eru áætlaðir 7 611 383 þús. kr., þar af vísitölubætur 2 876 968 þús. kr. Vextir og vísitölubætur af innlendum lánum tryggðum samkvæmt byggingarvísitölu (spariskírteinalán) verða 2 504 059 þús. kr., þar af vísitölubætur 2 117 578 þús. kr., en vextir og vísitölubætur af lánum tryggðum samkvæmt framfærsluvísitölu (skyldusparnaður innheimtur með sköttum og lán vegna kaupa á Landakotsspítala) eru 854 101 þús. kr., þar af vísitölubætur 759 390 þús. kr. Vextir af erlendum og gengistryggðum lánum eru áætlaðir 1 985 243 þús. kr. og vextir af ýmsum innlendum lánum 267 980 þús. kr. (þar með taldir vextir af happdrættisskuldabréfum 173 600 þús. kr.). Þá eru áætlaðar 2 000 000 þús. kr. til að mæta ýmsum hugsanlegum óvæntum greiðslum vaxta og vísitölubóta umfram forsendur frumvarpsins og ekki eru fyrirséðar við samningu þess. Má þar nefna vaxtabreytingar, en mörg lánanna bera breytilega vexti, gengisbreytingar, breytingar á vísitölum, yfirtökur lána vegna ríkisfyrirtækja og fasteignakaupa o. s. frv. Á þessum fjárlagalið eru meðtaldar greiðslur af lánum teknum vegna vegagerðar og nema heildargreiðslur af þessum lánum 1 183 642 þús. kr. í vexti og 1 307 583 þús. kr. í vísitölubætur eða samtals 2 491 225 þús. kr. Afborganagreiðslur af lánum vegna vegagerðar eru áætlaðar 1 572 248 þús. kr.

Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð
A-HLUTI

Aflatryggingarsjóður
Almannavarnir ríkisins
Alþingi
Alþingistíðindi, útgáfukostnaður
Alþjóðaskákmót
Alþjóðastofnanir
Alþýðuskólinn Eiðum
American Field Service, félagsstarfsemi
Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag

Áfengis- og fíkniefnamál
Áfengisvarnir
Álag vegna afhendingar kirkna
Árni Friðriksson r/s RE 100

Bandalag ísl. farfugla
Bandalag ísl. leikfélaga
Bandalag ísl. listamanna
Bandalag ísl. skáta
Bandalag ísl. skáta, hjálparsveitir
Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns
Berklavarnir
Bifreiðaeftirlit ríkisins
Bifreiðastjóra- og ökukennaranámskeið
Bindindisstarfsemi
Biskupsbústaður
Biskups- og prestabókasöfn
Bjargráðasjóður Íslands
Bjarni Sæmundsson r/s RE 30
Bláa bandið
Blindrafélagið
Blindravinafélagið
Blóðbankinn
Blóðrannsóknir ungbarna
Borgardómarinn í Reykjavík
Borgarfógetinn í Reykjavík
Bridgesamband Íslands
Brunamálastofnun ríkisins
Búfjártryggingar
Búnaðarbanki Íslands, veðdeild
Búnaðarfélag Íslands
Búnaðarfræðsla
Búnaðarsamband Suðurlands, tilraunastöð
Búnaðarsambönd
Byggðasjóður, framlag
Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög
Bygging orlofsheimila verkalýðssamtakanna

Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins
Byggingar á prestsetrum
Byggingarsjóður hafrannsóknaskips
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna
Byggingarsjóður verkamanna
Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu
Byggingarþjónusta Arkitektafélags Íslands
Bæjarfógeti Akranesi
Bæjarfógeti Bolungarvík
Bæjarfógeti Kópavogi
Bæjarfógeti Neskaupstað
Bæjarfógeti Ólafsfirði
Bæjarfógeti Siglufirði
Bæjarfógeti Vestmannaeyjum
Bændakirkja Bjarnarhöfn á Ströndum
Bændanámskeið
Bændaskólinn Hólum
Bændaskólinn Hvanneyri

Daggjaldanefnd
Dagvistarheimili, stofnkostnaður
Dómkröfur og málskostnaður
Dómprófastsembættið í Reykjavík
Dómsmál, ýmis kostnaður
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa
Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum
Dröfn r/s RE 135
Dýralæknisbústaðir
Dýrasöfn
Dýraverndunarfélag Íslands

Efnarannsóknastofa Norðurlands
Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum samkv. lögum nr. 63/1971
Eftirlaun presta og ekkna, viðbót
Eftirlaun samkvæmt launalögum
Eftirlaunasjóður aldraðra
Eftirlit með vínveitingahúsum
Eftirlitsstofnun með brotamönnum
Eftirmenntun í iðju og iðnaði
Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey
Eiturefnanefnd
Embætti forseta Íslands
Embætti sýslumanna og bæjarfógeta
Endurhæfingarráð
Endurskoðun námsefnis á grunnskóla- og framhaldsskólastigi
Erfðafjársjóður, framlag
Evrópska lyfjaskráin
Exem- og psoriasissjúklingar
Eyðing vargfugls

Fangahjálp
Fangamál, ýmis kostnaður
Fangelsi við Síðumúla
Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf

Fastanefnd Íslands hjá S.þ. og aðalræðismannsskrifst. Íslands í New York
Fastanefnd þjóðkirkjunnar
Fasteignamat ríkisins
Fálkaorðan
Ferðakennsla í íþróttum
Ferðamálaráð
Ferjubryggjur
Ferlinefnd fatlaðra
Félag astmasjúklinga
Félag áhugamanna um fiskrækt
Félagsdómur
Félagsheimilasjóður
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa
Félagsstofnun stúdenta
Fiskifélag Íslands
Fiskleit, vinnslutilraunir og markaðsöflun
Fiskveiðasjóður
Fiskvinnsluskólinn
Fjárlaga- og hagsýslustofnun, aðalskrifstofa
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa
Fjölbrautaskólinn á Akranesi
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki
Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli
Flóabátar og vöruflutningar
Flugbjörgunarsveitir
Flugmálastjórn
Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra
Foreldrasamtök barna með sérþarfir
Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum
Forseti FIDE
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa
Fósturskóli Íslands
Framhaldsnám iðnaðarmanna erlendis
Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum
Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins
Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra
Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Framleiðslueftirlit sjávarafurða
Framræsla
Friðlýsingarsjóður
Friðlýst svæði, merkingar og yfirlit
Fræðslumyndasafn ríkisins
Fuglaverndunarfélag Íslands
Fullorðinsfræðsla
Fyrirhleðslur
Fyrirtæki og stofnanir, framlög

Garðyrkjufélag Íslands
Garðyrkjuskóli ríkisins
Geðlækninga- og sálfræðiþjónusta við refsifanga
Geðverndarfélag Íslands

Geislavarnir ríkisins
Geysir í Haukadal
Gjaldheimtan í Reykjavík
Gjöf Jóns Sigurðssonar
Gróðurvernd í Búðahrauni
Grunnskólar, almennt
Grunnskólar, Austurlandi
Grunnskólar, Norðurlandi vestra
Grunnskólar, Norðurlandi eystra
Grunnskólar, Reykjanesi
Grunnskólar, Reykjavík
Grunnskólar, Suðurlandi
Grunnskólar, Vestfjörðum
Grunnskólar, Vesturlandi
Gæsluvistarsjóður, framlag
Göngudeild háþrýstirannsókna

Hafnabótasjóður, framlag
Hafnarmannvirki og lendingarbætur
Hafnarmál
Hafnarrannsóknir og mælingar
Hafrannsóknastofnun
Hafþór r/s RE 40
Hagsmunasamtök einstæðra foreldra
Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa
Hallgrímskirkja í Reykjavík
Háskóli Íslands
Hegningarhús
Heiðurslaun listamanna
Heilbrigðiseftirlit ríkisins
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa
Heilsuverndarstöðvar
Heimilisiðnaðarfélag Íslands
Heyrnarhjálp
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands
Heyrnleysingjaskólinn
Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar
Héraðslögregla
Héraðsskjalasafn á Egilsstöðum
Héraðsskólar, almennt
Héraðsskólinn Laugarvatni
Héraðsskólinn Laugum
Héraðsskólinn Núpi
Héraðsskólinn Reykholti
Héraðsskólinn Reykjanesi
Héraðsskólinn Reykjum
Héraðsskólinn Skógum
Hið íslenska biblíufélag
Hjartavernd
Hjálparstofnun kirkjunnar
Hjónagarðar
Hjúkrunarkennaranám á Norðurlöndum, styrkur
Hjúkrunarskóli Íslands

Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur
Hólar í Hjaltadal
Hótel- og veitingaskóli Íslands
Hrafnseyri
Hreindýraeftirlit
Hrossaræktarbúið að Kirkjubæ
Hrossaútflutningsráðunautur
Húsameistari ríkisins
Húsfriðunarsjóður
Hús Guðmundar Böðvarssonar
Hús Jóns Sigurðssonar
Hús Jóns Sigurðssonar, bókasafn
Húsnæðismálastofnun ríkisins
Hússtjórnarkennaraskóli Íslands
Hússtjórnarskólar
Hæstiréttur
Hæstiréttur
Höfundamiðstöð

Iðja og iðnaður, framlög
Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa
Iðnfræðsluráð
Iðnlánasjóður
Iðnnemasamband Íslands
Iðnrekstrarsjóður
Iðnskólar, almennt
Iðnskólinn í Reykjavík
Iðnskólar utan Reykjavíkur
Iðntæknistofnun Íslands

Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn
Íslendingafélagið í Osló
Íslendingafélagið í Þrándheimi
Íslensk-ensk orðabók
Íslensk réttarvernd
Íslenskir ungtemplarar
Íþróttakennaraskóli Íslands
Íþróttamál fatlaðra
Íþróttasamband Íslands
Íþróttasjóður

Jafnréttisráð
Jarðasjóður
Jarðeignir ríkisins, framlög
Jarðræktarframlög
Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir
Jöfnun á námskostnaði

Kanadasjóður, framlag
Kennaraháskóli Íslands
KFUM og KFUK, starfsstyrkir
Kirkjubyggingasjóður
Kirkjugarðaeftirlit
Kirkjugarðasjóður

Kirkjukórasamband Íslands .....
Kirkjuráð .....
Kirkjuþing .....
Kjörræðismenn .....
Kleppsspítali .....
Kópavogshæli .....
Krabbameinsfélag Íslands .....
Kristneshæli .....
Kristnisjóður .....
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld .....
Kvenfélagasamband Íslands .....
Kvenréttindafélag Íslands .....
Kvikmyndasafn Íslands .....
Kvikmyndasjóður .....
Kvikmyndir til landkynningar .....
Kynning á menningu Norðurlanda .....
Kynsjúkdómavarnir .....

Landakaup kaupstaða og kauptúna .....
Landakotsskóli, rekstrarstyrkur .....
Landakotsspítali, röntgentæki .....
Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi .....
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa .....
Landbúnaðarsýning .....
Landbúnaður, framlög .....
Landgræðsla ríkisins .....
Landgræðslusjóður, framlag .....
Landgræðsluverðir .....
Landhelgisgæslan .....
Landhelgissjóður .....
Landlæknir .....
Landmælingar Íslands .....
Landnám ríkisins .....
Landsbókasafn Íslands .....
Landshafnir, afborganir lána .....
Landshöfn Keflavík — Njarðvík, framkvæmdir .....
Landshöfn Rifi, framkvæmdir .....
Landspítalinn .....
Landspítalinn, kvennadeild .....
Landssamband ísl. hestamannafélaga .....
Landvernd, félagssamtök .....
Landþurrkun .....
Laun kennara, sem orlof fá .....
Laxárvirkjun, vegna yfirtöku lána .....
Lánasjóðir iðnaðarins .....
Lánasjóður íslenskra námsmanna .....
Lánasjóður sveitarfélaga, framlag .....
Leigjendasamtökin .....
Leikfélag Akureyrar .....
Leikfélag Reykjavíkur .....
Leiklistarskóli Íslands .....
Lektorar í íslensku við erlenda háskóla .....
Listamannalaun .....

Listasafn Ásgríms Jónssonar
Listasafn Einars Jónssonar
Listasafn Íslands
Listasöfn
Listir, framlög
Listir og menningarmál
Listkynning
Lífeyrissjóður bænda
Lífeyrissjóður sjómanna
Ljósmæðralaun
Ljósmæðraskóli Íslands
Lúðrasveitir
Lyfjanefnd
Lyfjaverðlagsnefnd
Læknishéraðasjóður
Löggildingarstofan
Lögreglubifreiðar
Lögregluskóli
Lögreglustjórinn í Reykjavík
Lögreglustjórinn Keflavíkurflugvelli

Manneldisráð
Markaðsmál
Mat á landbúnaðarafurðum
Matsnefnd eignarnámsbóta
Matsnefnd vinveitingahúsa
Matthíasarsafnið
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna
Matvælarannsóknir
Matvælarannsóknir ríkisins
Meðlög samkvæmt 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga
Meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1974
Menningarsjóður, framlag
Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa
Menntaskólar, almennt
Menntaskólinn á Akureyri
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Menntaskólinn á Ísafirði
Menntaskólinn í Kópavogi
Menntaskólinn á Laugarvatni
Menntaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Menntaskólinn við Sund
Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi
Milliþinganefndir
Minkarækt
Minningarkapella um séra Jón Steingrímsson
Minningarsjóður Landspítalans
Minnisvarði um Ara fróða
Modern Scholars Committee
Mógilsá, skógræktartilraunir
Mótframlag vegna styrks frá Alþjóðakjarnorkustofnuninni
Myndlista- og handíðaskólinn

Myndlistarskólar .....
Myndlistarsýning .....
Mæðrastyrksnefndir .....

Nautgriparæktarsambönd .....
Náms- og fræðimenn, framlög .....
Námskeið í stjórn vinnuvéla .....
Náttúrufræðistofnun Íslands .....
Náttúrugripasafn Akureyrar .....
Náttúrugripasafn Neskaupstaðar .....
Náttúrugripasafn Vestmannaeyja .....
Náttúrugripasafnið í Borgarnesi .....
Náttúrulækningafélag Íslands, vegna byggingarframkvæmda í Hveragerði
Náttúruminjasafn .....
Náttúruverndarráð .....
Náttúruverndarstofur .....
Neyðarhjálparstofnun Sameinuðu þjóðanna .....
Niðurgreiðslur á vöruverði .....
Norræn nefnd um neytendamál .....
Norræn samvinna .....
Norræn samvinna á sviði sakfræði .....
Norræn samvinna í lyfjasölumálum .....
Norræna búfræðifélagið .....
Norræna félagið .....
Norrænt samstarf .....
Nýi hjúkrunarskólinn .....

Orðabók háskólans .....
Orkusjóður .....
Orkusparnaður .....
Orkustofnun .....
Ólympíunefnd .....
Óviss útgjöld .....

Rafmagnseftirlit ríkisins .....
Rafmagnsveitur ríkisins .....
Rafreiknar, framlög .....
Rannsóknaráð ríkisins .....
Rannsóknarlögregla ríkisins .....
Rannsóknastofa háskólans .....
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins .....
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins .....
Rannsóknastofnun landbúnaðarins .....
Rannsóknastöðin Katla, Víkurbakka .....
Rannsóknastörf við Mývatn .....
Rannsóknir á útbreiðslu atvinnusjúkdóma .....
Rauði kross Íslands .....
Raunvísindastofnun háskólans .....
Ráðherrabústaður á Þingvöllum .....
Ráðherrabústaður við Tjarnargötu .....
Ráðningastofa landbúnaðarins .....
Rekstrardeild ríkisskipa .....
Reykholtsstaður .....
Rhesusvarnir .....

Rithöfundasjóður Íslands
Rit presta í Hólastifti
Ríkisábyrgðasjóður, framlag
Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota
Ríkisbifreiðar, framlag
Ríkisbókhald
Ríkisendurskoðun, aðalskrifstofa
Ríkisfangelsi og vinnuhæli, bygging
Ríkisfjárhirsla
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli
Ríkissaksóknari
Ríkissáttasemjari
Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd
Ríksskattstjóri
Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar
Ríkisspítalar, skrifstofa
Ríkisstjórn
Ríkisútgáfa námsbóka

Safnahúsið við Hverfisgötu
Sakadómur Reykjavíkur
Samband ísl. karlakóra
Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni
Sameindalíffræðiþing Evrópu
Sameinuðu þjóðirnar
Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa
Samstarf á sviði menningarmála samkvæmt samnorrænni fjárhagsáætlun
Samtök áhugamanna um áfengisbölið
Sauðfjárveikivarnir
Saurbæjarkirkja
Sendiráð, almennt
Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd Íslands hjá Evrópuráði
Sendiráð Íslands í Brussel og fastanefnd Íslands hjá NATO
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn
Sendiráð Íslands í London
Sendiráð Íslands í Moskvu
Sendiráð Íslands í Osló
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi
Sendiráð Íslands í Washington
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka
Sérleyfissjóður
Siglingadómur
Siglingamálastofnun ríkisins
Sinfóníuhljómsveit Íslands
SÍBS
Sjálfsbjörg
Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa
Sjómannaskólahúsið
Sjómannastofur
Sjómælingar Íslands
Sjóslysanefnd
Sjóvarnargarðar

Sjúkrahús og læknisbústaðir .....
Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur ..
Sjúkrakostnaður refsifanga .....
Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum .....
Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri .....
Skattstofa Norðurlands vestra, Siglufirði .....
Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði .....
Skattstofa Suðurlands, Hellu .....
Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði .....
Skattstofa Vestmannaeyja .....
Skattstofa Vesturlands, Akranesi .....
Skattstofan í Reykjavík .....
Skattstofur, sameiginleg útgjöld .....
Skáksamband Íslands .....
Skálholtsskóli .....
Skálholtsstaður .....
Skipaútgerð ríkisins .....
Skipulagsstjóri ríkisins .....
Skíðakennsla í skólum .....
Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum .....
Skógrækt ríkisins .....
Skógræktarfélag Íslands .....
Skólar heilbrigðisstétta .....
Skólayfirlæknir .....
Skráning hlutafélaga .....
Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs .....
Skrifstofa Rannsóknastofnana atvinnuveganna .....
Skrifstofubygging við Grensásveg .....
Slysavarnafélag Íslands .....
Slysavarnafélag Íslands, vegna tilkynningarskyldu fiskiskipa .....
Snjóflóðavarnir .....
St. Jósefsspítali í Hafnarfirði, byggingarstyrkur .....
Starfsemi stúdenta .....
Starfslaun listamanna .....
Stjórnarráðið, símakostnaður og burðargjöld .....
Stjórnarráðshús .....
Stjórnartíðindi .....
Stjórnskipaðir prófdómarar .....
Stjórnunarnámskeið .....
Stofnanir afbrigðilegra barna .....
Stofnlánadeild landbúnaðarins .....
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi .....
Stórmeistarar í skák .....
Stórstúka Íslands .....
Strandferðir, framlög .....
Stúdentagarðar .....
Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur .....
Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn .....
Styrkur handa rithöfundi til dvalar á Norðurlöndum .....
Styrkur til að bjóða grænlenskum stúdent til námsdvalar .....
Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum .....
Styrkur til færeysks fræðimanns .....

Styrkur til færeysks fræðimanns til dvalar á Íslandi
Styrkur til Íslendings til náms í tungu Grænlendinga
Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar
Stýrimannaskólinn í Reykjavík
Sumarnámskeið í Heiðarskóla
Sumarskóli í Edinborg
Sundskylda í skólum
Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri
Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði
Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði
Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík
Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði
Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík
Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki
Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi
Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði
Sýslumaður Blönduósi
Sýslumaður Borgarnesi
Sýslumaður Búðardal
Sýslumaður Hólmavík
Sýslumaður Hvolsvelli
Sýslumaður Höfn í Hornafirði
Sýslumaður Patreksfirði
Sýslumaður Stykkishólmi
Sýslumaður Vík í Mýrdal
Sædýrasafnið í Hafnarfirði
Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar
Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar

Taflfélag Reykjavíkur
Til búfjárræktar skv. lögum nr. 31/1973
Tilraunabúið Hesti
Tilraunastöð háskólans á Keldum
Tilraunastöðvar landbúnaðarins
Tollamál, sameiginlegur kostnaður
Tollgæslan
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli
Tollstjórinn í Reykjavík
Tóbaksvarnir
Tónlistarfræðsla
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum
Tryggingaeftirlitið
Tryggingastofnun ríkisins
Tækniskóli Íslands

Ullarrannsóknir
Umbætur í kristindómsfræðslu í skólum
Umferðarfræðsla í skólum
Umferðarráð
Unglingafræðsla
Unglingaheimili ríkisins
Ungmennafélag Íslands
Uppbætur á lífeyri
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir

Utanríkisráðuneyti
Útflutningsmiðstöð iðnaðarins
Útgáfa lagasafns
Útgáfa lyfjaverðskrár
Útgáfa norræns dómasafns
Útgjöld samkv. sérstökum lögum og heimildarlögum
Útlendingaeftirlit

Varahlutaþjónusta landbúnaðarins
Varnarmáladeild
Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar
Vatnsveitur
Veðurstofa Íslands
Vegagerð ríkisins
Veiðimálaskrifstofan
Veiðistjóri
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða
Verðlagsráð sjávarútvegsins
Verðlagsstofnun
Verkstjórnarnámskeið
Vernd
Vernd barna og ungmenna
Verslunarskólar
Vestur-íslenskar kirkjur
Vélskóli Íslands
Viðeyjarstofa, endurbætur
Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa
Vinnuhælið Kvíabryggju
Vinnuhælið Litla-Hrauni
Vinnumál
Vistheimilið Gunnarsholti
Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa
Vitamál
Vífilsstaðaspítali
Vísindasjóður
Vörusýningar erlendis

Yfirdýralæknir

Ýmis framlög á sviði félagsmála
Ýmis heilbrigðismál
Ýmis íþróttamál
Ýmis lán ríkissjóðs
Ýmis löggæslukostnaður
Ýmis utanríkismál
Ýmis vísindaleg starfsemi
Ýmislegt á sviði menningarmála
Ýmislegt á sviði sjávarútvegs
Ýmsir sérsjóðir Sameinuðu þjóðanna

Zontaklúbbur Akureyrar, vegna Nonnahúss

Þátttökugjald í Nordforsk
Þingmannafundir Evrópuráðs
Þingmannasamtök NATO

Þjóðdansafélagið .....
Þjóðgarðurinn Skaftafelli .....
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd .....
Þjóðhagsstofnun .....
Þjóðkirkjan .....
Þjóðleikhúsið, framlög .....
Þjóðminjasafn Íslands .....
Þjóðskjalasafn Íslands .....
Þjóðskráin .....
Þroskahjálp, landssamtök .....
Þroskaþjálfaskóli Íslands .....
Þungaskattsálagning með ökumælum .....

Æðarræktarfélag Íslands .....
Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskólans .....
Æskulýðsmál .....
Æskulýðsráð ríkisins .....
Æskulýðssamband Íslands .....
Æskulýðsstörf .....

Öryggiseftirlit ríkisins .....
Öryrkjabandalag Íslands .....

B-HLUTI

Aflatryggingarsjóður .....
Arnarhvoll .....
Atvinnuleysistryggingasjóður .....

Áburðarverksmiðja ríkisins .....
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins .....

Bessastaðaárvirkjun .....
Bjargráðasjóður Íslands .....
Borgartún 6 .....
Borgartún 7 .....
Brunabótafélag Íslands .....
Byggðalínur .....
Byggðasjóður .....
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins .....
Byggingarsjóður hafrannsóknaskips .....
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna .....
Byggingarsjóður ríkisins .....
Byggingarsjóður verkamanna .....
Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu .....

Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey .....
Erfðafjársjóður .....

Ferðaskrifstofa ríkisins .....
Fiskimálasjóður .....
Flugmálastjórn .....
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli .....
Fóðuriðjan Ólafsdal .....
Fóður- og fræframleiðsla Gunnarsholti .....
Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra .....
Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli .....

Grænfóðurverksmiðja í Flatey, A-Skaftafellssýslu .....
Gæsluvistarsjóður .....

Hafnabótasjóður .....
Happdrætti háskólans .....
Háskólabíó .....

Innkaupastofnun ríkisins .....

Jarðboranir ríkisins .....
Jarðeignir ríkisins .....
Jarðvarmaveitur ríkisins .....

Kirkjubyggingasjóður .....
Kirkjugarðasjóður .....
Kristnisjóður .....
Kröfluvirkjun .....

Lagmetisiðjan Siglósíld .....
Landakaup kaupstaða og kauptúna .....
Landgræðslusjóður .....

Landhelgissjóður .....
Landshöfn Keflavík — Njarðvík .....
Landshöfn Rifi .....
Landshöfn Þorlákshöfn .....
Landssmiðjan .....
Landsvirkjun .....
Laxárvirkjun .....
Laxeldisstöðin Kollafirði .....
Lánasjóður ísl. námsmanna .....
Lánasjóður sveitarfélaga .....
Lyfjaverslun ríkisins .....
Læknishéraðasjóður .....
Lögbirtingablað .....

Menningarsjóður .....

Orkusjóður .....

Póstur og sími .....

Rafmagnsveitur ríkisins .....
Ríkisábyrgðasjóður .....
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg .....
Ríkisspítalar, þvottahús .....
Ríkisútgáfa námsbóka, skólavörubúð .....
Ríkisútvarpið, hljóðvarp .....
Ríkisútvarpið, sjónvarp .....

Sala varnarliðseigna .....
Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni .....
Sementsverksmiðja ríkisins .....
Sérleyfissjóður .....
Sinfóníuhljómsveit Íslands .....
Síldarverksmiðjur ríkisins .....
Skipaútgerð ríkisins .....
Stórólfsvallarbúið .....

Tilraunabúið Hesti .....
Tilraunastöðin Möðruvöllum .....
Tilraunastöðin Reykhólum .....
Tilraunastöðin Sámsstöðum .....
Tilraunastöðin Skriðuklaustri .....
Tryggingastofnun ríkisins, lífeyristryggingar .....
Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingar .....
Tryggingastofnun ríkisins, slysatryggingar .....

Umferðarmiðstöðin .....
Unglingaheimili ríkisins .....

Vegagerð ríkisins, áhaldahús .....
Virkjunarrannsóknir .....
Vitamálastjórn, áhaldahús .....
Vísindasjóður .....

Ýmsar fasteignir ríkissjóðs .....

Þjóðleikhúsið .....

Sþ. 2. Skýrsla

um þjóðhagsáætlun fyrir árið 1980.

(Lögð fram af forsætisráðherra hinn 11. október 1979.)

Inngangur.

Í 2. gr. laga nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. er ákveðið, að fyrir hvert reglulegt Alþingi skuli ríkisstjórnin leggja skýrslu um þjóðhagsáætlun fyrir árið sem í hönd fer. Hér með er fram lögð fyrsta skýrslan samkvæmt þessum lögum. Skýrslan skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta hluta er gerð grein fyrir framvindu efnahagsmála á árinu 1979 og horfum fyrir árið 1980. Í öðrum hluta er gerð grein fyrir markmiðum í efnahagsmálum fyrir árið 1980. Í þriðja hluta er gerð grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem þarf að beita til þess að nálgast markmiðin, sem efnahagsstefnunni eru sett á næsta ári.

Með þessari þjóðhagsáætlun er lagður grundvöllur að stefnunni í efnahagsmálum á næsta ári og eru fjárlagafrumvarp og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 samin í samræmi við hana og reist á sömu meginforsendum um þjóðhagshorfur og ráðstafanir í efnahagsmálum. Þjóðhagsáætluninni er ætlað að verða undirstaða umræðna og ákvarðana á sviði efnahags- og fjármála á þessu þingi.

I. hluti. Framvinda efnahagsmála 1979 og horfur 1980.

Hér á eftir verður fjallað um efnahagsframvinduna á árinu og horfur á næsta ári. Greinargerð þessi er samin í Þjóðhagsstofnun. Mat á horfum fyrir árið 1980 er að nokkru leyti reist á forsendum um markmið og aðgerðir í efnahagsmálum, sem fjallað er um í öðrum og þriðja hluta þessarar skýrslu.

Efnahagsþróunin í umheiminum.

Síðustu árin hefur hagvöxtur í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku verið tæplega 4% að meðaltali á ári og er það nokkuð neðan við meðalvöxt undanfarin 20—30 ár. Hagvöxtur hefur verið yfir meðaltali í Bandaríkjunum en yfirleitt hægari í öðrum ríkjum. Þrátt fyrir tiltölulega hægan hagvöxt hefur verðbólga verið 7—8% að meðaltali, en það er talsvert meira en venjulegt var á árunum frá 1950 til 1970. Þrálát verðbólga er reyndar talin ein meginástæða þess, að hagvöxtur hefur ekki aukist meira en raun ber vitni eftir stöðnun og reyndar samdrátt á árunum 1974 og 1975.

Örari hagvöxtur í Bandaríkjunum en í öðrum iðnríkjum olli því, að halli varð á utanríkisviðskiptum Bandaríkjanna árin 1977 og 1978, og er það talin ein ástæða þess að gengi Bandaríkjadollars hefur lækkað talsvert gagnvart ýmsum Evrópumyntum á síðustu tólf mánuðum. Þetta hefur bein áhrif á viðskiptakjör Íslendinga þar sem meiri hluti útflutningstekna er í dollurum, en stærstur hluti greiðslna fyrir innflutning er í Evrópumyntum. Sem dæmi má nefna, að frá ágúst 1978 til ágúst 1979 hefur verð á Bandaríkjadollar í íslenskum krónum hækkað um 42%, en meðalgengi vöruinnflutnings (meðalgengi vegið með hlutdeild landa í vöruinnflutningi) hefur hækkað um 49% gagnvart íslenskri krónu.

Í spám ýmissa alþjóðastofnana (t. d. OECD) á fyrri hluta ársins var talið, að hagvöxtur yrði svipaður eða heldur hægari í ár en síðustu tvö árin, en hins vegar gæti verðbólga aukist. Þetta átti einkum við um Bandaríkin. Í síðustu spám er reiknað með, að hagvöxtur í ár og á næsta ári verði minni en áður var talið líklegt og því minni en hann hefur verið undanfarin þrjú ár. Ástæðan er m. a. sú, að í Bandaríkjunum hefur dregið fyrr og meira úr hagvexti en áður var búist við, auk þess sem áhrif mikillar olíuverðshækkunar í ár hafa lamandi áhrif á heimsbúskapinn. Í desember síðastliðnum ákváðu OPEC ríkin að hækka verð á hráolíu

um samtals 14% í nokkrum áföngum á árinu 1979. Stöðvun olíuútflutnings frá Íran olli síðan miklu umróti á olíumarkaði og hækkuðu þá mörg olíuframleiðsluríki útflutningsverð á hráolíu og OPEC-ríkin fylgdu því eftir með sameiginlegri verðhækkun. Opinbert verð á hráolíu hækkaði þannig um 60% frá desember 1978 til júlí á þessu ári. Skráð verð á Rotterdammarkaði á unnum olíuvörum hækkaði hins vegar mun meira, en nær allur olíuinnflutningur til Íslands miðast við þessa verðskráningu.

Áhrif olíuverðshækkunarinnar eru talin koma smám saman fram í minnkandi hagvexti og aukinni verðbólgu í heiminum á næstu misserum. Reyndar hefur verðbólgan þegar færst í aukana í flestum löndum. Sem dæmi um það má nefna, að frá júní 1978 til jafnlengdar á þessu ári hækkaði neysluverð í OECD-ríkjum að meðaltali um 9,4% samanborið við 7,9% hækkun árið 1978. Verðhækkunin á fyrri helmingi þessa árs jafngildir 11% hækkun á ári.

Hækkun olíuverðs hefur komið hart niður á sjávarútvegi víðar en á Íslandi, en í mörgum löndum hefur verið gripið til þess ráðs að greiða niður olíuverð til fiskiskipa og í einstökum tilfellum bætist þessi niðurgreiðsla við aðra styrki til sjávarútvegs. Þetta veikir því stöðu Íslendinga í samkeppni við sjávarútveg í þessum löndum.

Útflutningsframleiðsla.

Í spá Þjóðhagsstofnunar í desember 1978[1]) var gert ráð fyrir, að sjávarafurðaframleiðslan gæti aukist um 2% á árinu 1979, þótt dregið yrði úr þorskafla og aðhalds gætt við loðnuveiðar. Það sem af er árinu hefur framleiðsla aukist mun meira en spáð var, enda hefur þorskaflinn orðið meiri en reiknað var með. Í ágústlok var þorskaflinn orðinn 287 þús. tonn eða jafnmikill og að var stefnt á árinu öllu. Þetta er 6% meiri afli en á sama tíma í fyrra, þrátt fyrir víðtækari sóknartakmarkanir. Ef ekki verður gripið til strangari takmarkana það sem eftir er ársins en gert var á síðasta ári eða beinlínis ákveðið aflahámark, er útlit fyrir, að þorskaflinn verði a. m. k. 330 þús. tonn á þessu ári samanborið við 320 þús. tonn í fyrra. Annar botnfiskafli hefur einnig aukist verulega og verður mun meiri á árinu en talið var líklegt í ársbyrjun. Á móti þessu vegur, að gera verður ráð fyrir talsvert minni loðnuafla á sumar- og haustvertíð en reiknað var með í fyrri spám. Veiði var treg framan af vertíðinni auk þess sem talið er að draga þurfi úr afla frá því sem var á sumar- og haustvertíð í fyrra svo ekki verði gengið of nærri loðnustofninum.

Í lok júlí var framleiðsla sjávarafurða frá áramótum um 14% meiri en á sama tíma í fyrra, fyrst og fremst vegna meiri þorskafla og annars botnfiskafla, eins og áður var getið, en einnig vegna þess, að mun verðmætari framleiðsla fékkst úr loðnuafla á vetrarvertíð í ár en í fyrra, þar sem meira var fryst af loðnu og loðnuhrognum. Vegna minni loðnuafla verður að gera ráð fyrir, að sjávarvöruframleiðslan á tímabilinu ágúst—desember í ár verði minni en á sama tíma í fyrra. Eins og nú horfir gæti ársframleiðslan orðið um 5% meiri en í fyrra.

Í ljósi þess, að þorskaflinn verður meiri á þessu ári en talið er ráðlegt, verður að ætla, að á næsta ári verði dregið úr þorskveiðum. Hér verður tekið sem dæmi, að þorskaflinn á árinu 1980 verði nálægt 300 þús. tonnum. Minnkun þorskafla verður ekki nema að nokkru leyti unnt að mæta með aukinni sókn í aðra botnfiska, þar sem sá afli hefur þegar aukist verulega á þessu ári. Einnig verður að reikna með að loðnuafli á næsta ári verði minni en í ár. Af þessu leiðir, að gera verður ráð fyrir, að framleiðsluaukning í ár umfram upphaflega spá gangi til baka á næsta ári og framleiðsla sjávarafurða minnki um nálægt 3% á árinu 1980.

Álframleiðslan verður svipuð og í fyrra, en á næsta ári lýkur stækkun verksmiðjunnar og eykst þá framleiðslan líklega um 7%. Útflutningur ullar- og skinnavöru hefur aukist talsvert á þessu ári og búast má við frekari aukningu á næsta ári.

---

1) Úr þjóðarbúskapnum nr. 9, 5. desember 1978.

Útflutningur á járnblendi er hafinn og verður hann líklega rúmlega 1% af heildarútflutningi á þessu ári. Síðari áfanga járnblendiverksmiðjunnar á að ljúka haustið 1980 og framleiðslan gæti þá meira en tvöfaldast á næsta ári, en framleiðsluaukningin jafngildir nær 2% aukningu heildarframleiðslu til útflutnings.

Séu framangreindar spár um framleiðslu í einstökum útflutningsgreinum dregnar saman, verður niðurstaðan sú, að útflutningsframleiðslan vaxi um 6% í ár og um 1% á næsta ári, þrátt fyrir að dragi úr framleiðslu sjávarafurða.

Markaður fyrir afurðir hefur verið góður og ekki útlit fyrir að birgðir útflutningsvöru verði meiri í árslok en um síðustu áramót. Vaxandi óvissa ríkir hins vegar um efnahagsframvindu í heiminum á næsta ári, eins og áður hefur verið rakið, og þar með um þróun utanríkisviðskipta. Í þessu sambandi má geta þess, að sjávarútvegur fer nú vaxandi á ný við austurströnd Norður-Ameríku með 200 mílna efnahagslögsögu á þeim slóðum. Þaðan gæti komið aukið framboð á fiski á Bandaríkjamarkað á næstu árum. Í þessu sambandi er þess þó að geta að fiskneysla hefur verið í nokkrum vexti vestanhafs og gæti það vegið á móti auknu framboði. Sjávarútvegur í Vestur-Evrópu hefur aftur á móti dregist saman og þar gæti því orðið um vaxandi markað að ræða fyrir íslenskar sjávarafurðir.

Viðskiptakjör.

Viðskiptakjör þjóðarinnar gagnvart útlöndum (þ. e. hlutfallið milli útflutningsverðs og innflutningsverðs) bötnuðu um samtals 21% á árunum 1976 og 1977, en voru þó enn um 6% lakari en þau urðu best á þessum áratug, 1973. Í fyrra héldust viðskiptakjörin óbreytt að meðaltali frá árinu 1977 en fóru versnandi er leið á árið. Í byrjun þessa árs bötnuðu þau nokkuð vegna verðhækkunar á frystiafurðum á Bandaríkjamarkaði, en hafa síðan rýrnað að mun vegna hinnar miklu hækkunar á olíuverði. Á fyrri hluta ársins voru viðskiptakjörin um 6% lakari en að meðaltali á árinu 1978, og var það eingöngu vegna olíuverðshækkunarinnar, þar sem verð á öðrum innflutningi hækkaði líkt og útflutningsverð. Á þriðja ársfjórðungi má enn búast við, að viðskiptakjörin rýrni verulega, þar sem hið afar háa olíuverð á Rotterdammarkaði um og eftir mitt ár verður þá að fullu komið fram í verslunarskýrslum. Olíuverð hefur nú lækkað nokkuð frá því sem það var hæst, og gætu viðskiptakjörin því batnað lítilsháttar á síðasta fjórðungi ársins, ef olíuverð hækkar ekki. Að óbreyttu olíuverði er nú útlit fyrir, að viðskiptakjörin verði að jafnaði 11—12% lakari í ár en þau voru í fyrra og undir lok ársins gætu þau verið 3—4% lakari en að meðaltali á árinu. Má rekja alla rýrnun viðskiptakjara til hækkunar olíuverðs, þar sem hækkun útflutningsverðs hefur vegið upp verðhækkun á innflutningi öðrum en olíu.

Skráð verð á olíuvörum á Rotterdammarkaði var mjög stöðugt árin 1975 til 1977 og fram á mitt síðasta ár, er það tók að hækka og rauk upp á fyrstu mánuðum þessa árs. Sem dæmi um framvinduna má taka verð á gasolíu, en hún vegur þyngst í olíuinnflutningi Íslendinga. Á árinu 1978 var meðalverð þeirrar gasolíu, er flutt var til landsins, um 123 Bandaríkjadollarar hvert tonn f. o. b. Um síðastliðin áramót var skráð verð 160 dollarar, en um miðjan febrúar var það komið í 340 dollara. Verðið lækkaði síðan ört niður í um 225 dollara eftir miðjan mars, en tók þá að hækka á ný og fór hæst í um 385 dollara um mánaðamótin júní og júlí. Undanfarnar vikur hefur verðið verið á bilinu 300—330 dollarar. Fyrsta október var skráð verð 335 dollarar. Þegar litið er á verðþróunina á árinu verður að telja óvíst, að verðið haldist óbreytt út árið, en að óbreyttu verði, lætur nærri að meðalinnflutningsverð, eins og það kemur fram í verslunarskýrslum, verði um 290 dollarar hvert tonn eða 136% hærra en á síðasta ári. Um þessar mundir er verðið 15% hærra en þetta áætlaða meðalverð ársins. Verð á bensíni hefur hækkað álíka mikið og gasolíuverð, en hins vegar hefur svartolíuverð hækkað mun minna. Verðhækkun á heildarolíuinnflutningunum gæti orðið 110—120% í erlendri mynt að meðaltali í ár og undir lok ársins gæti verðið verið 15—20% yfir ársmeðaltalinu.

Þróun útflutningsverðs hefur verið hagstæð á árinu og verð nær allra mikilvægustu útflutningsafurða farið hækkandi. Veigamesta undantekningin er verð á loðnumjöli, en það var lægra á fyrri hluta ársins en í fyrra, en síðustu mánuðina hefur mjölverð á heimsmarkaði farið heldur hækkandi. Líkur eru á, að útflutningsverð hækki nokkuð á síðustu mánuðum ársins, og gæti ársmeðaltalið orðið um 9% hærra í erlendri mynt en í fyrra. Er það talsvert meiri hækkun en á árinu 1978. Verð á innflutningi öðrum en olíu hefur einnig hækkað meira í ár en í fyrra og útlit fyrir, að það hækki líkt og útflutningsverð eða um 9% í erlendri mynt, en að olíu meðtalinni hækkar innflutningsverð um 23%.

Eins og áður sagði, eru horfur á, að viðskiptakjör verði lakari undir lok ársins en þau verða til jafnaðar á árinu, miðað við núverandi olíuverð. Spár ýmissa alþjóðastofnana benda til, að verð á mikilvægum útflutningsafurðum Íslendinga gæti hækkað nokkuð á næsta ári, en í því efni eru raunar ýmsar blikur á lofti. Í ljósi verðlagsþróunar í heiminum er hins vegar næsta ólíklegt, að hækkun útflutningsverðs geri betur en að vega upp áframhaldandi verðhækkun á innfluttum vörum öðrum en olíu. Á næsta ári munu viðskiptakjörin því enn að miklu leyti ráðast af olíuverði og framvindan því ákaflega óljós. Minnkandi hagvöxtur í heiminum dregur úr olíunotkun en óvissa ríkir um árangur orkusparnaðaraðgerða stjórnvalda í iðnríkjum. Skjótvirkur árangur þeirra aðgerða er talinn skilyrði þess, að jafnvægi komist aftur á milli framboðs og eftirspurnar á olíu. Þegar til lengdar lætur ræðst markaðsskráning í Rotterdam aðallega af heildarframboði og eftirspurn olíu í heiminum, en verð á þeim markaði getur hækkað miklu meira en rekja má til verðhækkunar á hráolíu frá OPEC-ríkjum og sveiflast mikið eins og reynslan í ár sýnir. Ýmsir erlendir aðilar spá, að verð á Rotterdammarkaði hækki enn í byrjun næsta árs, og búast megi við áframhaldandi sveiflum á næsta ári. Allir slíkir spádómar hljóta að vera að miklu leyti getgátur. Að svo stöddu er því vart um annað að ræða en að miða við núverandi olíuverð, enda óvíst hvernig olíuviðskiptum Íslendinga verður háttað á næsta ári. Á þessum forsendum verða viðskiptakjör á næsta ári óbreytt frá því sem ætla má að þau verði á síðasta fjórðungi þessa árs, en í því felst, að á árinu 1980 verði þau að jafnaði um 3—4% rýrari en á þessu ári. Er þá gert ráð fyrir 7% hækkun útflutningsverðs en 10—11% hækkun innflutningsverðs.

Verðlag.

Í þjóðhagsspá í desember 1978 var rakið dæmi um verðlagsþróun á árinu 1979, og var dæmið meðal annars reist á ákveðnum forsendum um launabreytingar í samræmi við efni athugasemda við frumvarp til laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.[1]) Mikilvægar forsendur dæmisins voru einnig þær, a) að viðskiptakjör breyttust ekki á árinu 1979, b) að ríkisfjármál yrðu í þeim skorðum, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi, og c) að peningamagn og útlán ykjust ekki örar en verðlag átti að hækka samkvæmt spánni. Eftir þessum forsendum var niðurstaða dæmisins sú, að vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 30% frá upphafi til loka árs samanborið við 38% hækkun 1978 og 35% hækkun 1977.

Um það leyti sem lög um stjórn efnahagsmála o. fl. nr. 13/1979 voru afgreidd frá Alþingi í apríl, var áætlað, að vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 35—40% á árinu. Áhrifa olíuverðshækkunarinnar var þá þegar farið að gæta auk þess sem ákvæði laganna um launamál voru rýmri en miðað hafði verið við í desemberspánni. Í apríláætluninni voru forsendur meðal annars þær, a) að olíuverð hækkaði ekki frekar en orðið var, b) að ekki yrðu grunnkaupshækkanir á árinu og ekki síst, c) að þróun peningamála og ríkisfjármála yrði með þeim hætti sem að var stefnt í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar og fjárlögum.

---

[1]) Sbr. þingskjal 117, 106. mál á 100. löggjafarþingi, 1978—1979.

Síðustu áætlanir benda til, að framfærsluvísitalan hækki um 53—55% frá upphafi til loka ársins. Margar ástæður valda því, að verðlagsþróunin á árinu hefur orðið frábrugðin því sem gert var ráð fyrir á liðnum vetri.

Nefna má nokkur mikilvæg atriði:

1. Við útreikning framfærsluvísitölu í maí reyndist hækkunin frá febrúar talsvert meiri en spáð hafði verið í apríl. Þetta gaf þegar vísbendingu um, að verðbólgan væri þá meiri en ætlað hafði verið.
2. Olíuverð hækkaði mjög mikið um mitt ár en í aprílspá var ekki gert ráð fyrir frekari hækkun en þá var komin fram, eða 2%. Bein áhrif viðbótarhækkunarinnar eru líklega nálægt 3% í framfærsluvísitölu, auk þess sem óbein áhrif eru margvísleg. Vegna viðskiptakjarafrádráttar í verðbótavísitölu hefur olíuverðshækkunin aðeins að litlu leyti orðið tilefni kauphækkana, en hins vegar hefur hún valdið meira gengissigi en ella hefði orðið og þar með vixlhækkun verðlags og kaupgjalds í gildandi verðbótakerfi. Óbein áhrif og víxláhrif olíuverðshækkunar umfram aprílforsendur mætti meta nálægt 2% í framfærsluvísitölu. Samtals gætu bein áhrif olíuverðshækkunar verið um 5% á árinu og óbein áhrif og víxláhrif annað eins.
3. Í apríláætlun var ekki reiknað með grunnkaupshækkun á árinu, en nú hefur grunnkaup hækkað almennt um 3%. Bein verðlagsáhrif þessarar kauphækkunar eru líklega 1—1½% í framfærsluvísitölu til áramóta (að öllu öðru óbreyttu) og víxláhrif annað eins, m. a. vegna gengisaðlögunar.

Hér að framan hafa verið nefndar þrjár ástæður breytinga á verðlagsspá frá apríl. Séu áhrifin eingöngu áætluð út frá samhengi kostnaðartilefna og verðbreytinga og miðað við litla fyrirstöðu í peningakerfinu, má rekja nær 7% viðbótarhækkun framfærsluvísitölu á árinu til áðurnefndra þriggja atriða. Með óbeinum áhrifum og víxláhrifum verður hækkunin 12—13% frá aprílspá og hækkar spáin því af þessum ástæðum úr rúmlega 35% í um 50%. Hér getur þó ekki verið um ótvíræðar skýringar að ræða, þar sem mörg atriði eru vandmetin og ýmislegt fleira hefur gerst, sem áhrif hefur á verðlagið. Má þar t. d. nefna hækkun söluskatts og vörugjalds í september, sem veldur 1—1,5% hækkun verðlags á árinu.

Í aprílspánni var, eins og áður sagði, gert ráð fyrir ströngu aðhaldi í ríkisfjármálum og peningamálum. Raunin hefur þó orðið önnur, eins og fram kemur í köflunum um ríkisfjármál og peningamál hér á eftir. Nú er sýnt að greiðsluafkoma ríkissjóðs á árinu verður mun lakari en að var stefnt í fjárlögum, og það sem af er árinu hefur verið mikill rekstrarhalli á ríkissjóði, sem að miklum hluta hefur verið fjármagnaður með yfirdrætti í Seðlabanka. Þetta er ein ástæða þess, að peningamagn og útlán bankakerfisins hafa aukist meira en samrýmist aðhaldssamri stefnu lánsfjáráætlunar. Sömu áhrif hafði innstreymi erlends gjaldeyris vegna mikils útflutnings framan af árinu. Þau tæki, sem stjórnvöld ráða yfir, hafa ekki reynst nógu öflug til þess að hamla að marki gegn svo mikilli peningaþenslu, og ekki útlit fyrir, að þróun peningamála muni að óbreyttu ganga gegn áhrifum kostnaðarþátta á verðlagið á næstu mánuðum. Þannig bendir allt til þess, að framfærsluvísitala hækki meira en 50% frá upphafi til loka ársins og að meðaltali um 44% frá árinu áður.

Hækkun vísitölu byggingarkostnaðar hefur verið jafnari en hækkun framfærsluvísitölu og er ef til vill betri mælikvarði á verðbólguþróunina en vísitala framfærslukostnaðar. Í þessu sambandi má meðal annars minna á hinar margháttuðu niðurfærsluráðstafanir í september og desember á síðasta ári, er drógu mjög úr árshækkun framfærsluvísitölunnar um tíma. Í fyrra hækkaði byggingarvísitala um 46% frá upphafi til loka árs og í ár eru horfur á, að hækkunin verði heldur meiri.

Lausleg áætlun um verðlagsþróunina fyrstu mánuði næsta árs bendir ekki til, að hún verði að marki hægari en um þessar mundir. Hækkun framfærsluvísitölu frá nóvember til febrúar gæti að vísu orðið eitthvað minni en hækkunin frá ágúst

til nóvember, sem nú er áætluð 13%. Reynsla undanfarinna ára bendir hins vegar til þess, að framfærsluvísitala hækki meira frá febrúar til maí en þrjá mánuðina næstu á undan. Verði framvinda ríkisfjármála og peningamála með líkum hætti á næsta ári og í ár og vísitölukerfi launa óbreytt eru engar líkur á að úr verðbólgu dragi á næsta ári. Hún yrði á flesta mælikvarða nálægt 45—50% og þaðan af meiri ef viðskiptakjör breyttust mikið eða samið yrði um almennar grunnkaupshækkanir.

Í II. og III. hluta þessarar skýrslu er gerð grein fyrir markmiðum og aðgerðum í efnahagsmálum á næsta ári. Þar er meðal annars fjallað um markmið í peningamálum og ríkisfjármálum eins og þau koma fram í fjárlagafrumvarpi, og aðgerðir til þess að ná þeim markmiðum. Einnig er þar fjallað um þá stefnu í verðlags- og launamálum, a) að almennar grunnkaupshækkanir verði ekki á næsta ári enda ekkert svigrúm talið til þeirra, b) að hækkun launa verði sett ákveðið hámark við hvern útreikning verðbótavísitölu, og c) að verðhækkanir vegna launahækkana umfram þessi mörk verði ekki leyfðar.

Á grundvelli þessara forsendna og þess, sem áður var sagt um viðskiptakjör á næsta ári, má setja fram spá um þróun verðlags til loka næsta árs. Framan af árinu mun enn mjög gæta áhrifa verðbólgunnar á þessu ári svo að lítið mun draga úr árshækkun framfærsluvísitölunnar á fyrstu mánuðum ársins (þ. e. hækkun frá sama tíma árið áður). Margvísleg áhrif vaxandi verðbólgu undanfarin tvö ár eiga enn eftir að koma fram í verðlagi á næstunni, jafnvel án nýrra tilefna verðhækkana. Af þessum sökum má telja víst, að vísitala framfærslukostnaðar í febrúar 1980 verði enn um eða yfir 50% hærri en í febrúar í ár, hvað sem gert yrði á næstu mánuðum. Með beinum niðurfærsluráðstöfunum mætti að vísu ná lægri árshækkun um sinn, en þær hefðu hins vegar lítil áhrif á verðbólguna til lengdar og veikja jafnframt stöðu ríkisfjármála. Reynslan á undanförnu ári sýnir þetta glöggt.

Á ofangreindum forsendum má búast við, að smám saman dragi úr verðhækkunum þegar líður á næsta ár og árshækkanir bæði framfærsluvísitölu og byggingarvísitölu fari minnkandi og verði komnar niður undir 30% í lok ársins. Meðalhækkun byggingarvísitölu milli ára yrði þá um 37% en meðalhækkun framfærsluvísitölu nálægt 40%. Hafa ber í huga, að þessi spá er reist á ákveðnum forsendum um framvindu mikilvægra þátta efnahagsmála á næsta ári. Víki þróun þessara þátta að marki frá forsendum mun það óhjákvæmilega hafa áhrif á verðlagsþróunina. Eigi árangur að nást af þeim efnahagsaðgerðum, sem hér er fjallað um, er óhjákvæmilegt að þær standi samfellt og um alllangan tíma. Jafnframt er mikilvægt, að stjórnvöld hafi yfir að ráða tækjum til þess að bregðast skjótt við breyttum aðstæðum. Þetta á ekki síst við um peningamál, þ. e. að til séu nógu öflug tæki til þess að hamla í tæka tíð gegn þenslu vegna utanaðkomandi áhrifa, eða til þess að draga úr árstíðabundnum þensluáhrifum ríkisfjármála og útflutningsframleiðslu.

Tekjur og kaupmáttur.

Kauptaxtar launþega hækka að líkindum um 42% að meðaltali á árinu 1979 samanborið við 55% hækkun 1978. Sé miðað við að vísitala framfærslukostnaðar hækki um 44% að meðaltali í ár, verður kaupmáttur kauptaxta 1—2% minni í ár en í fyrra. Framan af árinu var kaupmáttur nokkru meiri en 1978 en síðan hefur hann minnkað. Ástæðurnar eru einkum frádráttur frá verðbótahækkun launa vegna versnandi viðskiptakjara, annar frádráttur við ákvörðun verðbóta (búvörufrádráttur, áfengi og tóbak, olíustyrkur) og vaxandi verðbólga. Móti þessu vegur að nokkru 3% grunnkaupshækkun opinberra starfsmanna í apríl og ASÍ-félaga í júní. Sé litið til loka ársins er líklegt, að kaupmáttur rýrni nokkuð frá þriðja til fjórða ársfjórðungs og verði þá 2—3% undir ársmeðaltali, og er ástæðan fyrst og fremst rýrnun viðskiptakjara.

Atvinnutekjur í heild munu hækka meira í ár en nemur hækkun kauptaxta, m. a. vegna ýmissa sérsamninga einstakra launþegahópa og almennra samnings-

Tekjur, verðlag, kaupmáttur 1970—1979.

Vísitölur 1970 = 100 Tekjur:	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	Spá 1979
Kautaxtar launþega	100	118	151	187	277	352	444	639	991	1407
Ráðstöfunartekjur einstaklinga á mann	100	123	155	209	319	422	560	826	1284	1850
Verðlag:										
Vísitala framfærslukostnaðar	100	107	118	144	206	307	406	529	762	1097
Vísitala byggingarkostnaðar	100	111	132	164	241	358	448	571	847	1220
Kaupmáttur:										
Kaupmáttur kauptaxta[1])	100	111	128	130	135	115	109	121	130	128
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann[2])	100	114	127	137	146	130	133	149	161	161
Breyting frá fyrra ári, %:										
Kauptaxtar	24,4	18,5	27,5	23,5	48,7	27,0	26,0	44,0	55,0	42
Ráðstöfunartekjur á mann ..	30,0	22,6	26,1	35,0	52,7	32,3	32,7	47,5	55,5	44
Vísitala framfærslukostn. ..	13,2	6,8	10,4	22,1	43,0	49,0	32,2	30,5	44,1	44
Vísitala byggingakostnaðar ..	17,2	12,2	22,0	27,8	52,0	42,1	23,5	27,5	48,2	44
Kaupmáttur kauptaxta	9,9	11,0	15,5	1,1	4,0	—14,7	—4,7	10,3	7,6	—1,5
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	13,8	14,4	10,8	7,9	7,1	—11,2	2,0	12,5	8,0	0

[1]) Miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.
[2]) Miðað við verðlag einkaneyslu.

ákvæða um starfsaldurshækkanir o. þ. h. Atvinnuástand hefur verið gott á árinu og ekki sjáanleg merki um, að vinnutími hafi stytst að marki. Tekjur sjómanna hafa hækkað nokkru meira en kauptaxtar launþega og ýmsar tilfærslutekjur, svo sem bætur lífeyristrygginga og lífeyrissjóða, hækka væntanlega nokkru meira í ár en kauptaxtar. Má því búast við, að brúttótekjur einstaklinga hækki að minnsta kosti um 45—46% milli ára. Ráðstöfunartekjur hækka þó heldur minna, þar sem beinir skattar eru nokkru hærra hlutfall af tekjum í ár en í fyrra. Niðurstaðan virðist því sú, að kaupmáttur ráðstöfunartekna verði svipaður eða ívið meiri í ár en á síðasta ári.

Eins og áður sagði, verður kaupmáttur kauptaxta 2—3% minni á síðasta fjórðungi ársins en að meðaltali á árinu. Miðað við verðlagsspána, sem rakin var í kaflanum hér á undan, og launaforsendur hennar, verður kaupmáttur kauptaxta ívið minni á næsta ári en hann er undir lok ársins í ár. Miðað við reynslu síðustu ára má gera ráð fyrir, að tekjur hækki nokkru meira en kauptaxtar og því er líklegt, að kaupmáttur tekna á árinu 1980 verði svipaður og hann verður á síðasta fjórðungi ársins í ár. Hér veltur þó mikið á því, að verðhækkanir á næsta ári verði ekki umfram það sem hér er gert ráð fyrir. Í bessu felst, að kaupmáttur tekna í heild verður heldur minni á árinu 1980 en í ár, eða ef til vill um 2%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna verður 2—3% minni, þar sem í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir, að beinir skattar verði þá ívið hærri sem hlutfall af tekjum en í ár. Mikilvæg forsenda þessara áætlana er sú að verulega dragi úr verðbólgu á næsta ári og staða atvinnuvega haldist viðunandi.

Þjóðarútgjöld — innflutningur.

Neysla.

Framan af ári var búist við, að einkaneysla í ár yrði um 3% meiri en á árinu 1978. Nú eru hins vegar horfur á, að aukningin verði heldur minni eða ef til vill um 1—2%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna verður minni en áður var gert ráð fyrir og tiltækar upplýsingar um útgjöld heimilanna benda einnig til lítillar aukningar. Einkum

á þetta við um innflutning neysluvöru, sem dregist hefur saman á árinu, og neysluútgjöld hafa því í meira mæli en áður beinst að innlendri vöru og þjónustu.

Eins og áður kom fram, er í þjóðhagsspá gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna minnki nokkuð á næsta ári frá ársmeðaltali 1979. Þótt margt fleira hafi áhrif á neysluútgjöld heimilanna en kaupmáttur, þá verður að telja líklegt, að einkaneysla dragist heldur saman á næsta ári, eða ef til vill um 1—2%. Samdrátturinn gæti orðið meiri eftir því sem vaxtakjör færast nær raunvöxtum, en það ætti að auka sparnað heimilanna og þar með draga úr neysluútgjöldum.

Vöxtur samneyslu hefur verið hægur síðustu ár en þó yfirleitt reynst meiri en spáð var í upphafi árs. Af þróun ríkisfjármála að dæma verður samneysluaukningin í ár einnig meiri en reiknað var með, e. t. v. 2%. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi verða útgjöld til samneyslu svipuð að raungildi á næsta ári en að meðtöldum útgjöldum sveitarfélaga gæti orðið um lítilsháttar aukningu að ræða.

Fjármunamyndun.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1979 var gert ráð fyrir að heildarútgjöld til fjármunamyndunar yrðu 182,2 milljarðar króna á þessu ári. Í þessari spá fólst, að fjármunamyndunin drægist saman um tæplega 7% að raungildi. Nú er ljóst, að útgjöld til fjármunamyndunar verða töluvert meiri en áður var spáð og veldur hvort tveggja, að verðlag hefur hækkað mun meira en reiknað var með í fjárfestingaráætlun og að minni samdráttur verður í fjármunamynduninni en áður var spáð. Auk þess má benda á, að endanlegu uppgjöri fjármunamyndunar fyrir árin 1977 og 1978 er nú lokið, en það hafði dregist alllengi vegna tafa við innheimtu byggingarskýrslna. Samkvæmt endanlegum tölum verða útgjöld til fjármunamyndunar 1977 tæplega 5% meiri í krónutölu en reiknað var með í áætlun og um 3% meiri 1978, en þessar breytingar hafa að sama skapi áhrif á áætlanir um fjárhæð fjármunamyndunarútgjalda á árinu 1979.

Samkvæmt núgildandi spá verða heildarútgjöld til fjármunamyndunar 208 milljarðar króna eða um 4% minni að raungildi en á árinu 1978. Fjármunamyndunarskýrslur sýna hins vegar 203,8 milljarða króna, en mismunurinn stafar af því, að andvirði tryggingabóta fyrir þotu Flugleiða hf. sem fórst á liðnu hausti, er dregið frá fjármunamynduninni á þessu ári, en bótafjárhæðin nemur 4,2 milljörðum króna. Tryggingabæturnar verða hins vegar færðar sem tekjur á þjónustuviðskiptum við útlönd og hafa þessar færslur því ekki áhrif á tölur um þjóðarframleiðslu.

Samkvæmt þjóðhagsspá fyrir árið 1979 eru heildarútgjöld til fjármunamyndunar talin verða 25.4% af þjóðarframleiðslu samanborið við 26.1% 1978, en þetta hlutfall var um 29% á árunum 1976—1977 og 32—33% á árunum 1974—1975, og er þá miðað við endurskoðaðar þjóðarframleiðslutölur þessara ára. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun þessa árs var að því stefnt, að dregið yrði úr fjárfestingu á þessu ári þannig að hún yrði ekki meiri en svaraði 24—25% af þjóðarframleiðslu, og svipað stefnumark var ákveðið í 20. gr. laga um stjórn efnahagsmála o. fl. Frá því lánsfjáráætlun var sett fram á síðastliðnu vori hafa þjóðarframleiðslutölur fyrri ára verið endurskoðaðar og hækkað töluvert, og þegar af þeirri ástæðu verður fjárhæð þjóðarframleiðslunnar á þessu ári hærri en áður var reiknað með. Þetta hefur í för með sér, að hlutfall fjármunamyndunar af þjóðarframleiðslu á þessu ári verður lægra en ella og verður að hafa það í huga við samanburð ofangreindra talna fyrir árið 1979.

Ýmsar ástæður valda því, að nú er sýnt, að fjármunamyndunin á þessu ári verður meiri — bæði í krónum og að raungildi — en áður var talið.

Í núgildandi spá fyrir árið 1979 er reiknað með að verðlag hækki um 44% en í fyrri spá var miðað við 34% meðalverðhækkun. Þessi hækkun verðlags umfram fyrri forsendur felur í sér hækkun framkvæmdakostnaðar í krónutölu ef unnt er að útvega viðbótarfjármagn til að standa við upphaflegar framkvæmdaáætlanir, en að öðrum kosti rýrir verðhækkunin framkvæmdir. Auk meiri verðhækkana en

reiknað var með verða ýmsar framkvæmdir meiri að raungildi en áður var reiknað með. Metin á föstu verðlagi aukast fjárfestingarútgjöld um 3% frá fyrri spá og er hér bæði um að ræða fjármunamyndun atvinnuveganna og opinberar framkvæmdir. Aukningin stafar meðal annars af því, að framkvæmdir, sem talið var að lyki á síðasta ári, hafa dregist fram á þetta ár, en auk þess er nú sýnt að nokkrir liðir hafa verið vanáætlaðir. Loks hefur verið ákveðið í kjölfar olíuverðshækkana að auka orkuframkvæmdir frá því sem ætlað var í ársbyrjun.

Frumdrög fjármunamyndunarspár fyrir árið 1980 benda til að í heild séu horfur á 3% aukningu og stafar aukningin að öllu leyti af raforkuframkvæmdum. Fjármunamyndun atvinnuveganna er talin dragast saman um 7% á árinu 1980. Þar af dragast framkvæmdir í landbúnaði saman um fimmtung, fjármunamyndun í fiskveiðum dregst saman um 13% vegna minni skipakaupa en á þessu ári, en gert er ráð fyrir svipaðri fjárfestingu í fiskvinnslu og á þessu ári. Á árinu 1980 lýkur stækkun álverksmiðjunnar og auk þeirra framkvæmda verður unnið við uppsetningu hreinsibúnaðar, en í heild verður töluverður samdráttur í framkvæmdum álverksmiðju. Byggingu járnblendiverksmiðjunnar lýkur að mestu á árinu 1980 og eru fjárfestingarútgjöld járnblendifélagsins áætluð heldur minni en á þessu ári. Í öðrum iðnaði virðast horfur á nokkurri aukningu í fjármunamyndun. Innflutningur flutningatækja eykst vegna umsaminna þotukaupa Flugleiða, en á hinn bóginn er reiknað með samdrætti í innflutningi ýmissa véla og tækja svo og í byggingu verslunar-, skrifstofu- og gistihúsa.

Íbúðabyggingar hafa verið miklar undanfarin ár, þær jukust um 5½% á árinu 1977 og héldust síðan á svipuðu stigi á árinu 1978. Á þessu ári virðist nokkuð hafa dregið úr íbúðarbyggingum og byrjunum hefur heldur fækkað, m. a. vegna skorts á lóðum á höfuðborgarsvæðinu. Er reiknað með 3% samdrætti í íbúðarbyggingum á þessu ári og svipuðum samdrætti á árinu 1980.

Áætlað er, að opinberar framkvæmdir verði auknar um fimmtung á árinu 1980. Um 48% aukning sýnist líkleg í raforkuframkvæmdum og stafar það einkum af röskri tvöföldun framkvæmda við Hrauneyjafossvirkjun. Dregið var úr framkvæmdum í ár en það verður að vinna upp á næsta ári, eigi að vera unnt að taka virkjunina í notkun á tilsettum tíma haustið 1981. Reiknað er með nokkurri aukningu í hitaveitufram kvæmdum og af nýjum verkefnum má helst nefna hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar frá Deildartunguhver. Á undanförnum árum hefur heldur dregið úr framkvæmdum við samgöngumannvirki og er talið að þær verði á þessu ári 5—6% minni en árið áður og 17% minni en á árinu 1975. Á árinu 1980 eru þessar framkvæmdir taldar aukast um 13% en þar fer mest fyrir um 50% aukningu vegaframkvæmda sem samþykkt hefur verið í vegaáætlun.

Forsendur fjármunamyndunar um verðlagsbreytingar eru þær, að byggingarvísitala hækki að meðaltali um 37% milli áranna 1979 og 1980 og verðlag erlendra kostnaðarþátta hækki um svipað hlutfall. Á þessum forsendum eru heildarútgjöld til fjármunamyndunar talin verða um 293.6 milljarðar króna eða um 25,8% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Nánari greinargerð um fjárfestingarhorfur mun koma fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1980, sem lögð verður fyrir Alþingi á næstunni.

Innflutningur.

Í ágústlok var vöruinnflutningur frá áramótum aðeins um 6% meiri en á sama tíma í fyrra, ef reiknað er á sama gengi bæði árin. Að teknu tilliti til verðbreytinga í erlendri mynt er því um samdrátt að ræða. Þetta er minni innflutningur en reikna mátti með á grundvelli áætlana frá síðastliðnu vori og er ástæðan einkum sú, að almennur vöruinnflutningur[1]) hefur dregist talsvert saman. Líklegt er, að svo verði áfram það sem eftir er ársins, og gæti samdrátturinn á árinu öllu orðið nálægt

1) Vöruinnflutningur án innflutnings skipa og flugvéla, til Landsvirkjunar, álverksmiðju og járnblendiverksmiðju.

5%. Innflutningur skipa og flugvéla verður heldur meiri í ár en í fyrra en innflutningur til stórframkvæmda minni. Rekstrarvöruinnflutningur álverksmiðjunnar gæti orðið svípaður og á síðasta ári, en nokkur innflutningur verður vegna framkvæmda. Í heild gæti vöruinnflutningur orðið 3% minni að raungildi en á síðasta ári.

Eins og áður kom fram, er reiknað með að verð á almennum vöruinnflutningi öðrum en olíu hækki um 9% í erlendri mynt, en olíuverð hækki um 110—120%, og verðhækkun almenns vöruinnflutnings verði því um 23%. Litlar verðbreytingar hafa orðið á rekstrarvörum álverksmiðjunnar. Sé allur vöruinnflutningur tekinn saman gæti verðbreytingin orðið nálægt 20% í erlendri mynt. Í krónum er verðhækkunin hins vegar um 60% þar sem verð á erlendum gjaldeyri hækkar að meðaltali um 34% milli ára en það jafngildir 25% lækkun á gengi krónunnar. Samtals yrði vöruinnflutningur þá um 262 milljarðar króna (f. o. b.). Þar af yrði olíuinnflutningur 52 milljarðar eða 20% alls vöruinnflutnings samanborið við 11% árið 1978.

Á grundvelli áætlana um þjóðarútgjöld má búast við lítilsháttar aukningu heildarinnflutnings á næsta ári. Almennur vöruinnflutningur dregst nokkuð saman, en rekstrarvöruinnflutningur til álverksmiðju og járnblendiverksmiðju eykst með vaxandi framleiðslu. Innflutningur vegna virkjunarframkvæmda verður mikill á árinu. Á næsta ári kemur til landsins ný þota Flugleiða og samtals verður innflutningur skipa og flugvéla meiri á næsta ári en í ár.

Viðskiptajöfnuður — greiðslujöfnuður.

Mánuðina janúar til júní í ár var vöruskiptajöfnuður jákvæður um 4,3 milljarða króna[1]) samanborið við rúmlega 10 milljarða halla á sama tíma í fyrra á sambærilegu gengi. Hins vegar varð 5,4 milljarða króna halli á þjónustuviðskiptum í ár, en í fyrra var jöfnuður í þessum viðskiptum. Þetta er veruleg breyting á þjónustujöfnuði frá undanförnum árum, einkum þegar tillit er tekið til þess, að tryggingabætur vegna flugvélar Flugleiða, er fórst á síðastliðnu hausti, voru færðar til tekna í ár. Þrátt fyrir jákvæðan vöruskiptajöfnuð varð þannig halli á viðskiptajöfnuði er nam um 1 milljarði króna. Innstreymi erlends fjármagns var talsvert á fyrri hluta ársins eða alls um 7,3 milljarðar króna nettó. Í heild var greiðslujöfnuður jákvæður um 7 milljarða króna og er þá einnig meðtalin viðbótarúthlutun sérstakra dráttarréttinda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Nú er áætlað, að vöruútflutningur verði um 264 milljarðar króna í ár en vöruinnflutningur um 262 milljarðar, þannig að nokkur afgangur verði í vöruskiptum við útlönd á árinu. Hins vegar er útlit fyrir, að þjónustujöfnuður verði áfram óhagstæður á síðari hluta ársins, þótt hallinn verði e. t. v. ekki eins mikill og á fyrri hluta ársins. Gera verður ráð fyrir, að hallinn á árinu öllu verði um 7 milljarðar króna og viðskiptahalli því ef til vill 5 milljarðar, samanborið við 11 milljarða króna afgang í fyrra, reiknað á gengi ársins í ár. Þetta væri nokkru minni halli en búist var við um mitt ár, enda verður útflutningur meiri, ef framleiðsluspár standast, og innflutningur minni en þá var gert ráð fyrir. Í þjóðhagsspánni í desember 1978 var hins vegar reiknað með afgangi í utanríkisviðskiptum, en þar var ekki gert ráð fyrir versnandi viðskiptakjörum. Erlendar lántökur munu gera meira en jafna viðskiptahallann og greiðslujöfnuður ætti því að verða jákvæður og gjaldeyrisstaðan að batna.

Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 voru erlendar lántökur ráðgerðar 39 milljarðar króna og afborganir 25,5 milljaðar króna. Síðustu áætlanir benda hins vegar til þess, að erlendar lántökur í ár verði rúmlega 50 milljarðar króna. Að nokkru leyti stafar aukningin af því, að verð á erlendum gjaldeyri verður hærra en miðað var við í lánsfjáráætlun, en samt sem áður er hér a. m. k. 10 milljarða króna aukningu að ræða. Erlendar skuldir þjóðarbúsins munu því aukast meira í ár en að var stefnt.

1) Til ágústloka var vöruskiptajöfnuður jákvæður um 14 milljarða króna.

Spárnar um útflutning og innflutning fela í sér, að á árinu 1980 gæti vöruútflutningur orðið um 360 milljarðar króna á verðlagi og gengi þess árs og vöru-

Utanríkisviðskipti 1979—1980.

	Milljarðar króna, f.o.b.-virði		Magnbreytingar frá fyrra ári, %	
Útflutningsframleiðsla:	Spá 1979	Spá 1980	1979	1980
Sjávarafurðir	198,0	258,0	5,0	÷3,0
Ál	37,0	54,5	0,0	7,0
Járnblendi	3,5	12,0	1,3[2])	2,0[3])
Annað	25,5	35,5	9,5	3,0
Samtals	264,0	360,0	6,0	1,0
Vöruútflutningur	264,0	360,0	2,5	1,0
Vöruinnflutningur:				
Skip og flugvélar	10,5	16,2	5,0	12,5
Til Landsvirkjunar	1,5	6,3	0,6[4])	1,7[4])
Til álverksmiðju[1])	19,5	27,5	7,5	4,5
Til járnblendiverksmiðju[1])	4,2	9,5	1,6[4])	2,6[4])
Almennur vöruinnflutningur	226,3	305,5	÷4,5	÷3,0
Vöruinnflutningur alls	262,0	365,0	÷3,0	0,5
Vöruskiptajöfnuður	2,0	÷5,0	.	.
Þjónustuútflutningur	120,0	170,0	6,0	5,0
Þjónustuinnflutningur	127,0	175,0	9,0	2,5
Þjónustujöfnuður	÷7,0	÷5,0	.	.
Viðskiptajöfnuður	÷5,0	÷10,0	.	.
Viðskiptajöfnuður sem % af vergri þjóðarframleiðslu	÷0,6	÷0,9	.	.

[1]) Hráefni og fjárfestingarvörur.
[2]) Hlutfall af heildarútflutningsframleiðslu.
[3]) Framleiðsluaukning sem hlutfall af heildarútflutningsframleiðslu fyrra árs.
[4]) Hlutfall af heildarvöruinnflutningi.

innflutningur 365 milljarðar, og því yrði nokkur halli á vöruskiptajöfnuði, fyrst og fremst vegna rýrnunar viðskiptakjara. Afar erfitt er að spá þjónustuviðskiptum á næsta ári, en þó verður að reikna með að áfram verði halli á þeim. Samtals gæti viðskiptahallinn því orðið um 10 milljarðar króna eða tæplega 1% af þjóðarframleiðslu.

Fyrstu áætlanir benda til þess að endurgreiðslur langra erlendra lána muni nema um 45 milljörðum króna á næsta ári. Til þess að gjaldeyrisstaðan versnaði ekki þyrftu ný erlend lán að nema um 55 milljörðum miðað við að einnig þurfi að mæta viðskiptahalla upp á 10 milljarða. Til viðbótar endurgreiðslu langra lána þarf að greiða 10 milljarða af skammtímaskuldum á næsta ári — einkum til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins — en það hefur ekki áhrif á gjaldeyrisstöðuna þótt það rýri gjaldeyrisforðann. Til þess að forðinn rýrnaði ekki þyrftu erlendar lántökur að nema um 65 milljörðum króna. Erlendar lántökur umfram þetta mark gætu torveldað stjórn peningamála á næsta ári og fela í sér hættu á aukinni greiðslubyrði á næstu árum. Hér er miðað við, að erlendar lántökur verði ákveðnar með tilliti til þessa og erlendra kostnaðarþátta brýnustu orkuframkvæmda og framkvæmda í útflutningsiðnaði.

Þjóðarframleiðsla, þjóðartekjur og þjóðarútgjöld 1979—1980.

	Milljarðar króna, verðlag hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, %	
	Spá 1979	Spá 1980	1979	1980
Einkaneysla	520,0	716,0	1,5	÷2,0
Samneysla	100,2	139,4	2,0	1,0
Fjármunamyndun, alls	203,8	293,6	÷ 6,0	5,0
Atvinnuvegir	86,9	116,2	÷10,0	÷2,5
Íbúðarhús	47,5	63,1	÷ 3,0	÷ 3,0
Opinberar framkvæmdir	69,4	114,3	÷ 3,0	20,0
Þjóðarútgjöld	824,0	1 149,0	1,5	0,0—0,5
Útflutningur vöru og þjónustu	384,0	530,0	3,6	2,4
Innflutningur vöru og þjónustu	389,0	540,0	0,5	1,1
Vöruskiptajöfnuður	÷ 5,0	÷ 10,0	.	.
Verg þjóðarframleiðsla	819,0	1 139,0	2,5	0,7—1,0
Viðskiptakjaraáhrif[1])	.	.	÷ 3,3	÷ 0,9
Vergar þjóðartekjur	.	.	÷ 0,8	0,0

1) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs.

Þjóðarframleiðsla — þjóðartekjur.

Nú eru horfur á, að þjóðarframleiðsla vaxi um rúmlega 2% í ár. Þetta er nokkru meiri hagvöxtur en reiknað var með framan af árinu, fyrst og fremst vegna þess, að útflutningsframleiðslan verður meiri en þá var gert ráð fyrir. Vegna versnandi viðskiptakjara munu þjóðartekjur hins vegar minnka um nálægt 1%, þ. e. viðskiptakjaraskellurinn skerðir þjóðartekjur um rúmlega 3%.

Fyrstu niðurstöður þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1980 benda til, að þjóðarframleiðslan vaxi um nálægt 1% en hins vegar verði þjóðartekjur nánast óbreyttar vegna versnandi viðskiptakjara. Þetta felur í sér, að þjóðartekjur á mann dragist saman á árinu 1980.

Þjóðarframleiðsla á mann:										Spá	Frumdrög spár
	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980
Vísitölur	100	112	116	123	126	122	125	131	135	138	138
Breyting frá fyrra ári, %	7,7	11,7	4,2	6,1	2,1	÷3,0	1,9	5,2	3,3	1,6	0
Viðskiptakjör:											
Vísitölur	100	112	111	128	116	99	111	120	120	106	103
Breyting frá fyrra ári, %	14,0	12,0	÷0,9	15,3	÷9,8	÷14,6	12,7	8,4	0	÷11	÷3
Þjóðartekjur á mann:											
Vísitölur	100	115	119	131	130	122	128	139	143	140	139
Breyting frá fyrra ári, %	11,9	14,7	3,8	10,0	÷0,3	÷6,8	5,3	8,2	3,3	÷1,9	÷1
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann:											
Vísitölur	100	114	127	137	146	130	133	149	161	161	158
Breyting frá fyrra ári, %	13,8	14,4	10,8	7,9	7,1	÷11,2	2,0	12,5	8,0	0	÷2

Framleiðsla og hagur atvinnuvega.

Sjávarútvegur.

Eins og áður hefur verið getið eru nú horfur á, að sjávarvöruframleiðslan aukist um 5% á þessu ári. Verðmæti sjávarvöruframleiðslunnar f.o.b. verður að líkindum um 198 milljarðar króna, en það er um 67 milljörðum eða 51% meira en á árinu 1978. Þessi verðmætisaukning er einkum af þrennum toga spunnin, þ.e. 5% aukningu framleiðslunnar, 9—10% hækkun útflutningsverðs í dollurum og 31% hækkun á verði dollars í krónum.

Hagur sjávarútvegsgreina hefur verið ærið misjafn á þessu ári. Hagur fiskvinnslufyrirtækja virðist hafa farið batnandi frá síðasta ári, einkum vegna framleiðsluaukningar. Afkoma frystihúsanna var orðin mjög þröng á miðju ári 1978, en hefur farið heldur batnandi síðan. Batinn stafar einkum af mikilli framleiðsluaukningu fyrri hluta þessa árs, ekki síst vegna mikillar loðnufrystingar, og af gengislækkun krónunnar, auk þess sem markaðsverð frystiafurða hækkaði í byrjun þessa árs og í maí, en það hefur haldist óbreytt síðan. Verðhækkunin í ársbyrjun hafði í för með sér nokkrar inngreiðslur í frystideild Verðjöfnunarsjóðs, en lengst af hefur þó hvorki verið um greiðslur í eða úr frystideild sjóðsins að ræða á þessu ári. Við ríkjandi rekstrarskilyrði síðari hluta sumars er talið, að í heild svari staða frystiiðnaðarins — miðað við heilsársrekstur — til þess að fyrir afskriftir sé um nokkurn hagnað að ræða, en eftir afskriftir standi reksturinn í járnum. Hagur söltunar og herslu var bágur á síðastliðnu ári, en herslan hefur rétt mjög úr kútnum í ár, bæði vegna framleiðsluaukningar og batnandi markaðsskilyrða. Hagur söltunar er enn þröngur eftir verðfall á saltfiski á erlendum markaði, en markaðsverð hefur farið hækkandi á þessu ári og söluhorfur vænkast og fer þess væntanlega að gæta í afkomutölum fyrir síðari hluta þessa árs. Vegna verðfallsins á síðastliðnu ári hefur saltfiskverkunin notið verulegra greiðslna úr Verðjöfnunarsjóði að undanförnu. Afkoma fiskmjölsfyrirtækja hefur verið fremur knöpp, markaðsverð lækkaði á fyrsta fjórðungi ársins en hefur farið heldur hækkandi að undanförnu.

Hagur útgerðarfyrirtækja verður að teljast viðunandi um þessar mundir. Miklir rekstrarerfiðleikar steðjuðu að útgerðinni eftir að hækkandi olíuverðs fór að gæta í byrjun þessa árs. Við þeim vanda var snúist með upptöku olíugjalds utan hlutaskipta með lögum nr. 3 og 4/1979 og síðar með hækkun olíugjaldsins og upptöku verðuppbóta á ufsa og karfa með lögum nr. 69 og 72/1979. Þessar aðgerðir og mikill sjávarafli hafa haldið útgerðinni gangandi og stöðu afkastamesta hluta flotans — skuttogara — vel viðunandi.

Eftir mikla tekjuaukningu sjómanna miðað við aðrar stéttir á árinu 1977 er talið að á síðastliðnu ári hafi tekjur sjómanna aukist minna en tekjur landverkafólks. Á hinn bóginn má ætla, að hlutur sjómanna hafi batnað á þessu ári.

Landbúnaður.

Harðindi og ótíð hafa valdið bændum í nokkrum héruðum búsifjum á þessu ári. Allt bendir til, að framleiðslan í heild dragist saman á árinu. Magn innveginnar mjólkur hjá mjólkursamlögunum jókst að vísu fyrstu mánuði ársins en tímabilið janúar—ágúst var mjólkurframleiðslan orðin 2,4% minni en á sama tíma í fyrra. Framleiðsla sauðfjárafurða mun óefað dragast saman á þessu ári, einkum vegna minni fallþunga dilka en á undangengnum árum. Á hinn bóginn er líklegt að óvenjumörgu fé verði slátrað á þessu hausti þar sem ásetning verður með minnsta móti. Að öllu samanlögðu má reikna með um 4—6% samdrætti búvöruframleiðslunnar.

Landbúnaðurinn ætti að vera óvenju vel búinn undir erfiðleikana á þessu ári. Góðæri hefur verið í landbúnaði undanfarin tvö ár, framleiðsla farið vaxandi og tekjur bænda hafa aukist meira en annarra stétta, einkum á árinu 1978. Þá hefur

innanlandssala búvöru verið tiltölulega mikil á árinu og tekjur ættu því að skila sér fyrr og betur en vant er. Loks hefur búvöruverð til bænda verið hækkað að mun á þessu ári. Á hinn bóginn hlýtur hinn rýri heyfengur að valda því, að kaup á fóðri, ekki síst kjarnfóðri, verða með mesta móti þannig að til rekstrar- og greiðslufjárerfiðleika gæti komið hjá bændum á óþurrka- og harðindasvæðum.

Iðnaður.

Útlit er fyrir, að framleiðsla iðnaðarvara á árinu 1979 aukist í líkum mæli og í fyrra, ef marka má niðurstöður hagsveifluvogar iðnaðarins og ýmsar aðrar framleiðslutölur, sem handbærar eru fyrir tvo fyrstu fjórðunga þessa árs. Framleiðsla álverksmiðjunnar minnkaði að vísu um 3,8% fyrstu sex mánuði þessa árs frá sama tíma í fyrra, áburðarframleiðsla dróst saman um 3,6%, en framleiðsla kísilgúrs jókst um 6,1%. Framleiðsla járnblendis hófst á árinu, og má ætla að tilkoma hennar valdi ein sér 1½% aukningu á heildarframleiðslu iðnaðar. Framleiðsla annarrar iðnaðarvöru er talin hafa aukist um 2—3% fyrstu tvo fjórðunga þessa árs miðað við sama tíma árið 1978.

Með hliðsjón af framvindunni fyrri hluta ársins og upphafi járnblendiframleiðslu má ætla, að iðnaðarvöruframleiðslan í heild gæti aukist um 5% samanborið við 4—5% aukningu árið 1978. Erfiðleikar í raforkuvinnslu vegna vatnsskorts gætu þó dregið úr framleiðslu áls og kísiljárns á síðustu mánuðum ársins og yrði aukningin á árinu þá eitthvað minni.

Áætlanir um afkomu almenns iðnaðar um mitt ár 1979 bentu til þess, að hagur hans væri þá, þegar á heildina er litið, heldur lakari en á árinu 1978. Vergur hagnaður var áætlaður um 4% af heildartekjum, sem er lakara en meðalafkoma árin 1969—1977, en þá nam vergur hagnaður 6—7% af tekjum iðnaðarins. Þessu valda einkum örar hækkanir á launum, aðföngum og öðrum framleiðslukostnaði umfram verðhækkun framleiðsluvara og einnig slæm staða útflutningsiðnaðar, einkum ullar-, fata- og skinnaiðnaðar á miðju árinu.

Við rekstrarskilyrði í júlí sl. var áætlað, að tap í útflutningsiðnaði næmi að meðaltali allt að 4% af tekjum eða sem næst 5,5% af gjaldeyristekjum og virtist staðan vera verst í ullariðnaði. Útflutningsiðnaðurinn hefur síðan fengið nokkra tekjuhækkun við gengissig frá í júlí eða allt að 8,5% ef miðað er við dollaragengi. Afkoma í útflutningsgreinum iðnaðar ætti því að vera viðunandi um þessar mundir, þar sem saman fara tekjuhækkun vegna gengisbreytinga og veruleg magnaukning frá fyrra ári. Hér er þó vandinn hinn sami og hjá sjávarútvegi að sífelldar hækkanir innlends kostnaðar grafa undan samkeppnisstöðunni og kalla á stöðugt gengissig meðan ekki er breyting á verðbólgunni innanlands.

Afkoma heimamarkaðsgreina og viðgerðargreina iðnaðarins var um mitt þetta ár mun betri en hjá útflutningsfyrirtækjunum, enda eiga fyrirtæki í þessum greinum hægara með að velta innlendum kostnaðarhækkunum út í verðlag á framleiðsluvörum sínum. Vegna fremur takmarkaðrar framleiðsluaukningar má ætla, að hagur þessara greina verði þó vart betri á þessu ári en í fyrra, en þá var afkoman með slakasta móti.

Hið ótrygga efnahagsástand, sem fylgir verðbólgunni, er iðnþróun fjötur um fót. Öll áætlanagerð og arðsemismat á nýjum fyrirtækjum og verkefnum brenglast af verðbólgunni og kann þetta að tefja framfarir í iðnaði.

Verslun.

Afkoma verslunar á árinu 1978 er áætluð hafa verið heldur lakari en nokkur undanfarin ár, m. a. vegna 3% lægri meðalálagningar en árið 1977, en leyfilegri hámarksálagningu á vörum, sem eru háðar verðlagsákvæðum, var tvívegis breytt samhliða gengislækkun í febrúar og september á sl. ári. Áætlanir um afkomu verslunarinnar í byrjun þessa árs bentu til enn lakari stöðu verslunarinnar þá en í fyrra, og þegar á heildina var litið virtist ekki vera um teljandi hagnað að ræða.

Í apríl á þessu ári var hámarksálagning hækkuð nokkuð, einkum hjá smásöluverslun, sem hefur á undanförnum árum verið verr stödd en aðrar greinar verslunar. Eftir þessa álagningarbreytingu virtist staða verslunar um mitt þetta ár svipuð og á árinu 1977, en eftir launahækkanir í júní og í september hefur staða verslunar heldur veikst á ný og er hreinn hagnaður áætlaður innan við 1½% af tekjum eða einungis lítið eitt hærri en að meðaltali 1978. Horfur fyrir allt árið benda þó til þess, að í heild verði afkoman eitthvað betri á þessu ári en í fyrra, þar sem vörusala er talin aukast nokkuð að raungildi.

Hagur einstakra verslunargreina er nokkuð misjafn og er hagur smásöluverslunar einna lakastur en hagur byggingarvöruverslunar og almennrar heildverslunar sæmilegur þótt lakari sé en á árunum 1974—1977. Töluverður samdráttur hefur orðið í bifreiðaverslun það sem af er þessu ári eftir mikla veltuaukningu á árinu 1978.

Skýrslur um verslunarveltu samkvæmt söluskattsframtölum á fyrstu sex mánuðum þessa árs sýna, að velta heildverslunargreina án olíuverslunar hefur aukist um rösklega 37% frá sama tíma í fyrra, þar af 56% í byggingarvörum, 25% í bifreiðaverslun og 38% í annarri heildverslun. Á sama tíma jókst velta smásöluverslunar um 46%, en aukning var nokkuð misjöfn eftir greinum. Við mat á þessum tölum má hafa í huga, að ætla má, að á fyrri helmingi þessa árs hafi almennt innlent verðlag verið um 42% hærra að meðaltali en á sama tíma árið áður og innflutningsverð í krónum um 50% hærra. Samkvæmt þessu virðist velta hafa dregist saman að raungildi í innflutningsverslun annarri en byggingarvöruverslun, en í smásöluverslun er um nokkra aukningu að ræða í greininni í heild.

Fjármál ríkisins.

Í fjárlögum ársins 1979 var gert ráð fyrir að innheimtar tekjur ríkissjóðs yrðu tæpir 209 milljarðar króna en útgjöld 202,3 milljarðar og þannig næðist um 6,7 milljarða króna tekjuafgangur á árinu. Fjárlagatölur voru settar fram á verðlagi í lok ársins 1978 og við samanburð við tölur ársins 1979 verður að hafa í huga, að áætlað er að meðalverðlag ársins verði um það bil 20% hærra en það verðlag, sem fjárlög voru við miðuð.

Framvinda ríkisfjármálanna það sem af er árinu hefur verið óhagstæð og lakari en gert var ráð fyrir á fjárlögum. Fyrstu átta mánuði ársins voru innheimtar tekjur 137,4 milljarðar króna en útgjöld námu 148,7 milljörðum og voru því um 11,3 milljarðar umfram tekjur. Mikill halli var á ríkissjóði þegar á fyrstu mánuðum ársins og var hallinn frá áramótum orðinn 13 milljarðar króna í aprílok. Í maí og júní hélst hallinn að mestu óbreyttur en júlímánuður var afar óhagstæður, og í lok þess mánaðar var hallinn orðinn 17,7 milljarðar frá áramótum. Staðan batnaði síðan verulega í ágúst eða um 6,4 milljarða króna.

Sé leitað skýringa þessarar framvindu má í fyrsta lagi líta á tekjuhlið ríkisfjármálanna. Það sem af er árinu hafa innheimtar tekjur reynst í nokkuð góðu samræmi við spár um mánaðainnheimtu. Tolltekjur hafa þó slaknað töluvert nú síðustu mánuðina vegna tiltölulega lítils innflutnings af völdum dvínandi eftirspurnar og verkfalls á farskipum. Þetta hefur hins vegar verið að fullu unnið upp af söluskattsinnheimtu og innheimtu beinna skatta, en horfur eru á að þeir verði meiri en reiknað var með á fjárlögum. Í öðru lagi má líta á hið venjubundna árstíðamynstur ríkisfjármálanna, þ. e. að útgjöld ríkissjóðs falla til fyrr á ári hverju en tekjur. Þannig má nefna, að árin 1976—1978 féllu að meðaltali tæplega 46% útgjaldanna til á fyrri helmingi ársins en aðeins tæplega 43% teknanna. Þessi árstíðasveifla hefur verið töluvert áhyggjuefni, þar sem rekstrarhalli ríkissjóðs fyrri hluta árs veldur jafnan auknu framboði fjár á peningamarkaði sé hallinn fjármagnaður með yfirdrætti í Seðlabanka eins og gert hefur verið að mestu undanfarin ár. Síðustu tvö ár hefur verið leitast við að vinna á móti árstíðasveiflunni með því að auka innheimtu beinna skatta fyrri hluta árs, en hlutfall greiðslna upp í þinggjöld þessa

árs var ákveðið 75% af þinggjöldum liðins árs, en hafði verið 70% árið áður og 65% á árinu 1977. Auk þess hefur rekstrarhalla ríkissjóðs á þessu ári í mun meira mæli en áður verið mætt með sölu ríkissjóðsvíxla, en með sölu þeirra til innlánsstofnana snemma árs og endurgreiðslu á síðari hluta ársins er beinlínis verið að draga úr þensluáhrifum af árstíðahalla ríkissjóðs. Í marslok höfðu innlánsstofnanir þegar keypt ríkissjóðsvíxla fyrir 2,5 milljarða króna, en frá því í júní hafa innlánsstofnanir smám saman leyst inn hluta af þessum víxlum í Seðlabankanum. Í ágústlok áttu innlánsstofnanir ennþá ríkissjóðsvíxla að andvirði 1,8 milljarðar króna. Af 11,3 milljarða króna rekstrarhalla fyrstu átta mánuði ársins hefur 2,7 milljörðum verið mætt með lántökum utan Seðlabanka og 1,1 milljarði hefur verið mætt með lántökum hjá viðskiptamönnum. Gagnvart Seðlabanka hefur greiðsluafkoma ríkissjóðs versnað um 7,6 milljarða, en þar af hefur 1,8 milljörðum verið mætt með sölu ríkissjóðsvíxla en 5,8 milljarðar hafa verið fjármagnaðir með auknum yfirdrætti í Seðlabankanum. Yfirdrátturinn var mestur 11 milljarðar í júlílok.

Samanburður við tölur fyrri ára bendir til þess, að sú ástæða, sem hér hefur verið nefnd til skýringar á hinum mikla rekstrarhalla ríkissjóðs framan af ári, þ. e. árstíðasveifla í fjárþörf og innheimtu, sé ekki næg til að skýra hinn mikla rekstrarhalla á þessu ári. Rekstrarhallinn virðist að töluverðu leyti eiga rætur að rekja til mikillar aukningar útgjalda, annað hvort vegna þess, að útgjöld falli til fyrr á þessu ári en undangengin ár eða vegna hins að heildarútgjöld ríkissjóðs stefni í hærri tölur en reiknað var með á fjárlögum að teknu tilliti til verðbreytinga. Fyrstu átta mánuði ársins voru ríkisútgjöld um 51½% meiri en á sama tíma 1978 en tekjur um 49% meiri. Ætla má, að þetta tímabil hafi laun og verðlag að jafnaði verið um 42% hærra en árið áður. Það sem af er árinu hafa ríkisútgjöldin því aukist nokkru meira en ríkistekjur og mun meira en verðlag og kauplag í landinu.

Áætlanir fyrir árið 1979 benda til þess, að ríkissjóður verði rekinn með halla á árinu öllu. Endurskoðuð tekjuáætlun fjárlaga bendir til að innheimtar tekjur verði 231½ milljarður króna eða um 11% umfram fjárlög. Síðustu áætlanir um útgjöld benda til að þau verði um 237 milljarðar króna eða um 17% meiri en reiknað var með á fjárlögum. Samkvæmt þessu yrði um 5—6 milljarða króna rekstrarhalli á ríkissjóði á árinu. Áætlað er, að lánahreyfingar utan Seðlabanka verði jákvæðar um 700 m.kr. og greiðslujöfnuður því óhagstæður um 4½—5 milljarða króna. Til að mæta þessum halla hefur fjármálaráðherra verið heimiluð skammtímalántaka hjá Seðlabanka að fjárhæð 4,5 milljarðar króna, skv. bráðabirgðalögum nr. 74, 10. september sl. Samkvæmt þessum áætlunum gengur lánsfjárinnstreymi að mestu á móti rekstrarhalla ríkissjóðs á árinu. Á hinn bóginn skilar ríkissjóður þá engu til að bæta stöðu sína við Seðlabankann, en á fjárlögum var reiknað með rösklega 5 milljarða króna afborgun af lánum til bankans á árinu. Lítið má út af bera svo hallinn á ríkissjóði verði ekki meiri en hér er áætlað.

Um ríkisfjármálaáætlanir fyrir árið 1980 vísast til frumvarps til fjárlaga, sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að heildartekjur nemi 330,3 milljörðum króna en útgjöld 321,4 milljörðum. Þannig er stefnt að 9 milljarða rekstrarafgangi hjá ríkissjóði á árinu 1980. Niðurstaða áætlana frumvarpsins um lánahreyfingar sýnir neikvæðan lánajöfnuð að fjárhæð 8,7 milljarðar króna, einkum þar sem reiknað er með endurgreiðslu 4,5 milljarða skammtímaláns frá þessu ári og afborgun af lánum við Seðlabanka að fjárhæð 9,6 milljarðar. Þannig er stefnt að því, að ríkissjóður verði rekinn án greiðsluhalla á árinu 1980 jafnframt því sem hann bætir stöðu sína við Seðlabankann.

Peningamál.

Í áætlunum um peningamál fyrir árið 1979, sem settar voru fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar, var að því stefnt, að haldið yrði aftur af framboði lánsfjár og peningamagni í umferð þannig að þessir þættir ykjust hægar en næmi verðlagsbreytingum yfir árið og minna en verðmæti þjóðarframleiðslu. Með þessu

var ætlunin, að framvinda peninga- og lánsfjármála verkaði fremur til aðhalds en þenslu í þjóðarbúskapnum og ætti þannig þátt í því að draegi úr hraða verðbólgu. Þróun peningamála það sem af er þessu ári hefur á hinn bóginn einkennst af miklu framboði peninga, en aftur á móti hafa innlán aukist afar mikið, að vísu að verulegu leyti í formi veltiinnlána.

Margir samverkandi þættir hafa valdið þessu. Í fyrsta lagi hefur útflutningur verið afar mikill. Samkvæmt bráðabirgðatölum var viðskiptajöfnuðurinn við útlönd að meðtöldum framlögum án endurgjalds að vísu óhagstæður um 1,6 milljarða króna á fyrri helmingi ársins en var á sama tíma í fyrra óhagstæður um 10,7 milljarða reiknað á sama gengi. Vegna erlendra lána hefur innstreymi gjaldeyris þó verið mun meira en útstreymi og fyrstu átta mánuði ársins batnaði gjaldeyrisstaða bankanna um 11,2 milljarða króna — mælt á gengi í ágústlok. Rekstrarhalli ríkissjóðs framan af ári hefur og átt drjúgan þátt í peningaþenslunni. Að hluta hefur hallinn verið fjármagnaður með lántöku utan Seðlabanka og með sölu ríkissjóðsvíxla, en miklum hluta hans hefur hins vegar verið mætt með auknum yfirdrætti í Seðlabankanum, Peningaáhrif ríkisfjármálanna hafa því unnið gegn þeirri stefnu, sem mörkuð var í fjárlögum og lánsfjáráætlun. Bati gjaldeyrisstöðunnar og halli ríkissjóðs hafa valdið miklu útstreymi fjár úr Seðlabankanum og af þessum sökum svo og vegna mikillar aukningar spariinnlána í kjölfar aukinnar verðtryggingar á árinu hafa innlán aukist afar mikið. Undangengna tólf mánuði hafa innlán innlánsstofnana aukist um 61% samanborið við 41% aukningu tólf mánuðina á undan.

Ymsum ráðstöfunum hefur verið beitt til að draga úr peningaþenslu á þessu ári og jafna framboð og eftirspurn eftir peningum. Má þar helst nefna fyrstu áfanga verðtryggingar samkvæmt lögum um stjórn efnahagsmála í júní og september, hækkun innlánsbindingar úr 25% í 27% í apríl og í 28% í júní auk þess sem í júní og júlí var innheimt sérstök aukabinding sem nam 1% af heildarinnlánum innlánsstofnana. Loks var endurkaupahlutfall afurðalánavíxla lækkað í ársbyrjun. Síðasttalda aðgerðin hefur raunar átt þátt í því að halda mjög aftur af útstreymi vegna endurkaupa, en þar hefur þess jafnframt gætt, að útflutningur hefur verið afar mikill og því mikið um endurgreiðslur þessara lána. Hinn mikli útflutningur hefur ef til vill einnig valdið því, að lausafjárstaða fyrirtækja hefur verið rúm en jafnframt hafa lánskjör afurðalána verið hert og kann þetta hvort tveggja að hafa valdið því að dregið hefur úr eftirspurn eftir afurðalánum. Fyrstu átta mánuði ársins jukust heildarendurkaup (að meðtöldum endurkeyptum lánum til olíufélaganna) um 13% en þau jukust um 21% á sama tíma í fyrra.

Hinar víðtæku ráðstafanir í peningamálum, sem gerðar hafa verið á þessu ári, hafa ekki dugað einar sér til þess að halda aftur af peningaþenslu í þeirri verðbólguþróun, sem ríkt hefur á árinu. Útlán innlánsstofnana hafa aukist mjög á þessu ári enda hefur aukning innlána bein áhrif á útlánagetu bankanna og svigrúm stjórnvalda til að hafa áhrif á lausafjárstöðu bankanna er mjög takmarkað. Í ágústlok nam tólf mánaða aukning útlána innlánsstofnana 43% samanborið við 48% tólf mánuðina næstu á undan. Í lánsfjáráætlun og í samningum Seðlabankans við innlánsstofnanir var gert ráð fyrir, að almenn útlán ykjust ekki meira en um 33% og heildarútlán um 30% frá upphafi til loka árs, en þá var við það miðað, að verðlag hækkaði um 30% yfir árið. Í ágústlok höfðu heildarútlán innlánsstofnana þegar aukist um 32% og almenn útlán um 47%. Samkvæmt fyrri reynslu má ætla, að árið allt verði útlánaaukningin svipuð eða ef til vill heldur minni en hún er þegar orðin. Nú er gert ráð fyrir að almennt verðlag innanlands hækki um nálægt 50% frá upphafi til loka árs.

Undangengna tólf mánuði hefur peningamagn í umferð (M1) aukist um 62% samanborið við 18% tólf mánuðina næstu á undan, en peningamagn og sparifé (M3) hefur aukist svipað eða um 60% sl. tólf mánuði samanborið við 36% aukningu næstu tólf mánuðina á undan. Í lánsfjáráætlun og í lögum um stjórn efnahagsmála

o. fl. er kveðið á um, að stefnt skuli að 25% aukningu peningamagns í umferð (M1) á þessu ári, en markmið um aukningu peningamagns og sparifjár (M3) var í lánsfjáráætlun sett 32% eða heldur lægra en nam aukningu þjóðarframleiðslu í krónum. Undir lok ársins gæti dregið úr aukningu peningamagns, og eru horfur á, að aukning peningamagns og sparifjár allt árið verði minni en svarar hækkun verðlags yfir árið.

II. hluti. Viðfangsefni og markmið í efnahagsmálum.

Þegar litið er yfir framvindu íslenskra efnahagsmála að undanförnu og horfurnar framundan, virðist sumt fara vel en annað miður. Telja má að vel hafi tekist að halda hér fullri atvinnu og nokkurri aukningu framleiðslu jafnframt því, sem viðskipti við önnur lönd hafa verið nær hallalaus á fyrri helmingi ársins 1979. Á hinn bóginn hefur stórhækkun olíuverðs valdið alvarlegri skerðingu viðskiptakjara, þannig að þau eru á þriðja fjórðungi ársins 1979 í sömu lægð og þau voru á árinu 1975. Þetta hefur þegar valdið mikilli verðhækkun hér á landi og mun á næstunni óhjákvæmilega koma fram í veikari stöðu landsins út á við. Verðbólgan er enn óleyst vandamál og verður að viðurkenna, að ráðstafanir stjórnvalda hafa alls ekki dugað til þess að draga úr hraða verðbólgunnar eins og þyrfti. Olíuverðshækkunin á hér hlut að máli en einnig sú staðreynd, að ekki hefur tekist að ná því marki, sem sett var um aðhaldssemi í ríkisfjármálum og peningamálum og reyndar einnig í launa- og verðlagsmálum. Þannig er fyrirsjáanlegur halli á ríkisbúskapnum. Erlendar lántökur og lánveitingar til framkvæmda fara fram úr áætlun. Ekki hefur tekist að ná allsherjarsamkomulagi um þá stefnu, sem ríkisstjórnin markaði í upphafi starfstíma síns, að ekki yrðu grunnkaupshækkanir á árinu 1979. Allt hefur þetta valdið því, að verðlag hefur hækkað miklu meira á árinu en að var stefnt.

Lögin um stjórn efnahagsmála frá í apríl síðastliðnum hafa gert gagn að því leyti, að versnandi viðskiptakjör vegna hækkunar innflutningsverðs umfram útflutningsverð hafa ekki komið fram í launahækkun og aukin verðtrygging sparifjár hefur án efa átt þátt í að halda aftur af innflutningi. Enn er mikið verk að vinna við að framfylgja þeirri samræmdu stefnu í efnahagsmálum, sem lögunum er ætlað að stuðla að. Þetta á bæði við um stefnuna í ríkisfjármálum og stefnuna í verðlags- og launamálum.

Eins og fram hefur komið hér að framan eru verðbólga og stórhækkun verðs á innfluttu eldsneyti helstu vandamálin á sviði almennra efnahagsmála. Við þessum vanda verður að snúast með ákveðnum hætti á þessu og næsta ári. Jafnframt þarf að tryggja fulla atvinnu, nokkurn hagvöxt og jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd. Forsenda árangurs í þessum efnum er, að íslenskir atvinnuvegir búi við viðunandi samkeppnisaðstöðu.

Nánar tiltekið eru eftirfarandi markmið í efnahagsmálum sett á árinu 1980 á grundvelli þess mats á efnahagshorfum, sem fram er sett hér að framan:

1. Full atvinna haldist.
2. Dregið verði verulega úr hraða verðbólgunnar og honum komið niður í 30% í lok árs 1980 og enn neðar 1981 og stefnt í 15—20% í lok þess árs.
3. Stefnt verði að réttlátri tekjuskiptingu í landinu.
4. Kaupmáttur ráðstöfunartekna almennings haldist svipaður á árinu 1980 og er á síðustu mánuðum ársins 1979.
5. Viðunandi jafnvægi verði í viðskiptum við önnur lönd.
6. Erlendar lántökur verði miðaðar við erlenda kostnaðarþætti brýnustu orkuframkvæmda og þau mörk, sem greiðslubyrði erlendra skulda setur.
7. Rekstrargrundvöllur undirstöðugreina atvinnulífsins verði tryggður og stefnt að nokkurri framleiðsluaukningu 1980.

Á sviði atvinnumála ber fjögur verkefni hæst:

Að stuðla að hagkvæmri nýtingu nytjafiskstofnanna við landið og efla fiskiðnaðinn.

Að tryggja hæfilega framleiðslu landbúnaðarafurða fyrir innlendan markað og æskilega nýtingu landgæða.

Að auka framleiðslu og nýtingu innlendrar orku og draga úr innflutningi olíu.

Að greiða fyrir vexti innlends iðnaðar bæði til útflutnings og innanlandsþarfa.

Atvinnuöryggi verður áfram meginmarkmið efnahagsstefnunnar á næsta ári. Það er mikilvæg forsenda fyrir atvinnuöryggi að dregið verði úr þeirri miklu verðbólgu, sem ríkt hefur hér á landi undanfarin ár. Leggja ber því ríka áherslu á það að koma árshraða verðbólgunnar niður í 30% á næsta ári og enn neðar 1981 eða í 15—20% í lok þess árs. Til þess að þetta takist þarf samræmt átak á öllum sviðum efnahagsmála, átak, sem verður að standa samfellt í langan tíma, a. m. k. 2—3 ár. Það er ekki aðeins af efnahagslegum ástæðum, sem nauðsynlegt er að draga úr verðbólgu, heldur er einnig mikilvægt að eyða því öryggisleysi og spennu, sem er fylgifiskur verðbólgunnar. Í þeirri ringulreið, sem hlotist getur af mikilli verðbólgu, fara ekki einungis efnisleg verðmæti forgörðum, og hún veldur ekki aðeins ósanngjörnum tilfærslum eigna og tekna, heldur hefur hún skaðleg áhrif á þjóðlífið allt. Á síðustu árum hefur viðfangsefni hagstjórnarinnar fyrst og fremst verið að eyða þessum óheillavænlegu áhrifum verðbólgunnar fremur en að fást við hana sjálfa. Nú er mál að á þessu verði breyting.

Efnahagsástandið í heiminum er um þessar mundir einkar ótryggt og ýmsar blikur á lofti. Meðal annars óttast menn, að samdráttur framleiðslu og atvinnuleysi fylgi í kjölfar olíuverðshækkunarinnar á þessu ári líkt og varð í olíukreppunni 1974. Við þessar aðstæður og vegna beinna áhrifa olíuverðshækkunar á viðskiptakjörin eru ekki sjáanlegar neinar forsendur fyrir auknum kaupmætti tekna almennings á næsta ári frá því stigi sem er um þessar mundir. Viðskiptakjaraákvæði í þeim kafla efnahagsmálalaganna frá í apríl, sem fjallar um verðbætur á laun, hafa þegar haft þau áhrif að kaupmáttur kauptaxta er nú heldur lægri en ætla má, að hann verði á árinu 1979 sem heild, eins og fram kemur í fyrsta hluta þessarar skýrslu. Þess verður að freista að varðveita þennan kaupmátt. Þessu marki þarf að ná með sem minnstri hækkun verðlags og launa, til þess að samkeppnisstaða íslenskra útflutningsgreina haldist viðunandi. Þetta er þeim mun mikilvægara, sem efnahagsástand í umheiminum er ótryggara. Við þessar aðstæður er sérlega brýnt að auka ekki erlendar skuldir landsmanna nema í mjög takmörkuðum mæli og eingöngu vegna framkvæmda, sem styrkja greiðslujöfnuðinn við útlönd til langs tíma litið, eins og til dæmis framkvæmdir við hitaveitur og raforkumannvirki, sem spara olíuinnflutning eða eru grundvöllur nýrrar útflutningsframleiðslu. Lántökum þessum eru settar þröngar skorður, þar sem greiðslubyrði vegna eldri lána er þung á næstu árum. Verður því að miða lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 við það, að aukning erlendra skulda verði ekki meiri en svarar til erlendra kostnaðarþátta í brýnustu framkvæmdum á sviði orkumála.

Markmiðið er að tryggja atvinnu og þau góðu lífskjör, sem landsmenn njóta nú, um leið og lagður er grundvöllur að framförum í atvinnuvegunum á komandi árum.

III. hluti. Stefna og aðgerðir í efnahagsmálum.

Til þess að nálgast þau fjölþættu markmið sem efnahagsstefnunni eru sett, og framar öllu til þess að tryggja fulla atvinnu þótt þunglega horfi um efnahagsástand í umheiminum og viðskiptakjör þjóðarinnar út á við, þarf að móta samræmda efnahagsstefnu, og er það gert í þessari skýrslu, í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem birt verður á næstunni.

Meginatriðin í þeirri efnahagsstefnu sem framfylgja verður bæði á næsta ári og komandi árum, má draga saman svo:

1. Þjóðarútgjöldum 1980 verði í hóf stillt, einkum einkaneysluútgjöldum. Þessi stefna ræður gerð fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar og er þáttur í þeirri viðleitni að draga úr verðhækkunum innanlands og ná jöfnuði í utanríkisviðskiptum.
2. Fylgt verði ákveðinni stefnu í verðlags- og kjaramálum í samráði við samtök launafólks og vinnuveitenda í því skyni að takmarka hækkun verðlags og kostnaðar innanlands. Breytingum verðlags og peningalauna verði sett ákveðin efri mörk, sem við það eru miðuð að ná þessum árangri jöfnum skrefum.
3. Fjárfestingarstefnan miðist við það, að framkvæmdir í heild verði í samræmi við þau mörk, sem sett eru um eftirspurnarstig innanlands og viðskiptajöfnuð. Þetta mark virðist nú liggja nærri 25—26% af þjóðarframleiðslunni. Hér er þó vitaskuld eðli málsins samkvæmt ekki unnt að slá fastri einni, réttri tölu, en sem stefnumark er hún gild. Innan þessara marka verði fjármagni beint til orkuframkvæmda, fiskiðnaðar og iðnaðarfjárfestingar.
4. Stefnan í peninga- og lánamálum verði byggð á lögum um stjórn efnahagsmála nr. 13/1979. Þannig verður að stefna að því, að aukning peningamagns og útlána fylgi markmiðum verðlags- og launamálastefnu eftir, og verðtrygging fjárskuldbindinga fylgi verðlagsþróun. Vaxta- og verðbótakostnaður gæti því farið lækkandi í lok ársins 1980 og á árinu 1981 ef sú viðleitni að draga úr verðhækkunum ber tilætlaðan árangur. Reglur um afurða- og rekstrarlán verði athugaðar sérstaklega.
5. Sókn í ofnýtta fiskstofna verði takmörkuð og hvatt til sóknar í þá fiskstofna, sem nýta má betur. Komið verði í veg fyrir óþarfa stækkun fiskiskipastólsins og greitt fyrir tæknilegum umbótum í fiskiðnaði. Ráðstafanir verði gerðar til þess, að útvegurinn geti klofið stóraukinn olíukostnað, bæði með orkusparnaði og tekjuskiptingaraðgerðum, ef þörf krefur.
6. Í landbúnaði verði fylgt þeirri stefnu, sem mótuð var á síðasta þingi, að miða búvöruframleiðslu fyrst og fremst við neysluþarfir þjóðarinnar jafnframt því sem afkoma bænda sé tryggð og sjónarmið um jafnvægi í byggð landsins og eðlilega landnýtingu séu í heiðri höfð. Í framleiðslumálum verði fylgt eftir þeim bráðabirgðaráðstöfunum, sem lögfestar voru á síðasta þingi, og sérstökum ráðstöfunum beitt til að auðvelda bændum á kostarýrum jörðum að hætta búskap. Jafnframt verði lögð áhersla á eflingu nýrra búgreina og aukna fjölbreytni í framleiðslu. Tillögur verði fluttar um breytingar á verðlagningarkerfi búvöru í þá átt að teknir verði upp beinir samningar bænda og ríkisvalds um verðlagningu landbúnaðarafurða. Ráðstafanir verði gerðar til þess að tryggja áframhaldandi átak í landgræðslu og gróðurvernd.
7. Unnið verði kappsamlega að iðnþróunarmálum og sérstök áhersla lögð á að örva framleiðni og jafna starfsskilyrði iðnaðarins og annarra greina atvinnulífsins. Í því skyni verði gerðar athuganir á jöfnun aðstöðu í skattamálum, tollamálum og lánamálum og lánasjóðir iðnaðarins efldir eftir mætti. Unnið verði að því að efla rannsóknar- og þjónustustofnanir iðnaðarins. Jafnhliða uppbyggingu í orkubúskap landsmanna verði athugað um uppbyggingu orkufreks iðnaðar til útflutningsframleiðslu.
8. Mikil áhersla verði áfram lögð á orkuframkvæmdir til að nýta sem best innlenda orkugjafa og draga úr olíuinnflutningi og til að auka útflutningsframleiðslu. Helstu raforkuframkvæmdir verða við Hrauneyjafossvirkjun, sem tekin verður í notkun haustið 1981 og lagning suður- og austurlínu. Stefnan í orkumálum verði miðuð við að unnt verði að efla orkufrekan iðnað til útflutningsframleiðslu um leið og séð er fyrir vaxandi orkuþörf til almennra

innanlandsþarfa. Hitaveituframkvæmdum verði gefinn forgangur, þar sem þær eru hagkvæmar. Greitt verði fyrir framkvæmdum og unnið að athugunum á rafhitun og fjarhitunarkerfum með olíu eða afgangsorku frá iðnaði sem orkugjafa, á þeim svæðum, þar sem jarðhita nýtur ekki. Haldið verði áfram rannsóknum á landgrunninu með olíuleit fyrir augum. Jafnframt verði leitað leiða til að tryggja örugga og sem ódýrasta olíuaðdrætti til landsins.

1. Stefnan í verðlags- og kjaramálum.

Verðlagsbreytingar á árinu 1979 fara langt fram úr því marki, sem ríkisstjórnin setti sér í upphafi starfstíma síns. Upphaflega var markmiðið að koma hraða verðbólgunnar í árslok 1979 niður undir 30% miðað við tólf mánaða tímabil. Þegar lögin um stjórn efnahagsmála voru samþykkt var talið að takast mætti að halda verðbreytingum frá upphafi til loka árs á bilinu 35—40%. Eins og fram hefur komið er árshraði verðbólgunnar um þessar mundir 45—50% eftir því á hvaða kvarða er mælt. Ástæðurnar fyrir því, að svona fór, eru einkum þrjár. 1) Stórhækkun olíuverðs umfram það sem reiknað var með í byrjun árs 1979. 2) Almenn hækkun grunnkaups um 3%, sem ekki var reiknað með, auk þess sem tekjuákvarðanir fyrir einstakar stéttir hafa farið fram úr þessu marki, meðal annars verslunarmanna, farmanna og bænda. Þá hefur aukinn afli hækkað tekjur í sjávarútvegi umfram það sem við var miðað. 3) Aðgerðir á sviði ríkisfjármála og peningamála hafa ekki veitt það aðhald, sem að var stefnt í fjárlögum og lánsfjáráætlun fyrir árið.

Stefnan í efnahagsmálum á næstunni verður að beinast að því að bæta úr þeim veilum, sem fram hafa komið í þessum efnum á árinu. Verðlags- og tekjustefnan er mikilvægur þáttur í þessari viðleitni. Til þess að rjúfa vítahring verðbólgunnar verður að taka enn ákveðnar á verðmyndun og ákvörðun peningalauna en gert hefur verið. Mikil óvissa og sveiflur í viðskiptakjörum gera það að verkum að óhjákvæmilegt er að setja takmarkanir á hækkun verðlags og peningalauna á næstu misserum. Í áætlunum um ríkisfjármál og opinberar framkvæmdir og útlán hafa eftirfarandi markmið verið sett um efri mörk fyrir ársfjórðungslegum breytingum verðlags og peningalauna.

1. desember 1979	9%
1. mars 1980	8%
1. júní 1980	7%
1. september 1980	6%
1. desember 1980	5%

Á árinu 1981 verður að miða launa- og verðbreytingar við áframhaldandi lækkun ársfjórðungslegra breytinga. Þess verður enn að freista að koma verðbólgunni í hagkerfinu niður á við í hæfilegum skrefum. Stefnan er að telja hana niður á tveimur til þremur árum í það horf, sem algengast er í umheiminum. Ákvörðun peningalauna er svo mikilvæg í þessu sambandi, að þar verður að setja ákveðin mörk, ef árangur á að nást. Þessa stefnu mætti nefna niðurtalningu verðbólgunnar. Henni þarf að framfylgja. Í fyrsta lagi með því móti, að verðlagsyfirvöld samþykki ekki neinar verðhækkanir, sem reistar eru á meiri launahækkunum en 9,17% frá 1. sept. síðastliðnum og framangreindum tölum þar eftir, þegar tekið hefur verið eðlilegt tillit til framleiðnibreytinga. Strangt verðlagseftirlit verði áfram í gildi og að því stefnt, að verðbreytingar almennt fari ekki fram úr launabreytingum á fyrrgreindum tímabilum. Fyrirvara verður að gera um óviðráðanlegar breytingar, sem verða kynnu á innfluttu eldsneyti og hráefnum, en markmiðið er að halda verðlagsbreytingum innan fyrrgreindra marka fyrir peningalaunatekjur þannig að á árinu 1980 haldist kaupmáttur launa óbreyttur frá því sem hann er um þessar

mundir, þegar á heildina er litið. Í öðru lagi verður afstaða í samningum við opinbera starfsmenn að vera í samræmi við ofangreinda stefnu.

Rétt er talið að setja fram þessa ákveðnu stefnu í verðlags- og kjaramálum áður en almennir samningar um kaup og kjör renna út, þannig að aðilar geti tekið mið af henni við samningagerðina. Ríkisstjórnin mun hafa samráð við samtök launamanna og atvinnurekenda um að framfylgja þessari stefnu og telur æskilegast, að hún komist á með frjálsum samningum.

Í þessu sambandi þarf að hafa í huga, að samningar aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands renna út um næstkomandi áramót, en samningar stéttarfélaga opinberra starfsmanna eru lausir frá 1. júlí síðastliðnum að telja. Ákvæði laga nr. 13/1979 um greiðslur verðbóta á laun gilda hins vegar ótímabundið, þegar frá eru talin þau ákvæði til bráðabirgða, sem eru tímabundin í eðli sínu. Reynist réttur til verðbóta samkvæmt þessum lögum ásamt umsömdum kaupbreytingum á þessu eða næsta ári fara fram úr þeim mörkum, sem launabreytingum voru sett hér að framan þarf að grípa til viðeigandi ráðstafana. Einnig þarf að kanna hvort breytingar á ákvæðum skattalaga gætu stuðlað að framgangi þessarar kjarastefnu á næsta ári, en þó ekki þannig að hætta sé á halla hjá ríkissjóði af þeim sökum. Nú þegar þarf að taka upp viðræður við samtökin á vinnumarkaðnum um stefnuna í kjara- og verðlagsmálum og tengsl hennar við stefnuna í efnahagsmálum.

Lífeyrir almannatrygginga mun að sjálfsögðu fylgja launabreytingum á árinu 1980 og ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að frumvarp til laga um eftirlaun fyrir aldraða verði að lögum á árinu 1979, og þannig tryggt, að þeir sem verið hafa utan lífeyrissjóða fái bættan hlut. Þetta er mikið réttlætismál og mikilvægt skref í áttina að heilsteyptu og samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.

2. Fjármál ríkisins.

Engin von er til þess að ráðstafanir á sviði verðlags- og launamála dugi einar sér til viðnáms gegn verðbólgu. Ríkisvaldið verður að ganga á undan í baráttunni við verðbólguna með því að tryggja, að ekki verði halli á ríkisbúskapnum við ríkjandi aðstæður og helst að stefna að greiðsluafgangi.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1980 eru innheimtar tekjur ríkissjóðs áætlaðar samtals 330,3 milljarðar króna en það er tæpum 99 milljörðum eða 42½% meira en í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1979. Beinir skattar, þ. e. tekjuskattar og eignarskattar, eru áætlaðir 63,4 milljarðar króna eða 19,2% af heildartekjum, samanborið við 17,9% í áætlun fyrir árið 1979. Óbeinir skattar eru áætlaðir 261,1 milljarður króna eða 79,1% af tekjum samanborið við 80,2% á líðandi ári. Aðrar tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 5,8 milljarðar króna eða 1,8% af heildartekjum og er það sama hlutfall og á þessu ári.

Heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 1980 eru áætluð 321,4 milljarðar króna. Rekstrarjöfnuður, þ. e. tekjur umfram gjöld, nemur því tæpum 9 milljörðum króna. Á lánahreyfingum er áætlað innstreymi að fjárhæð 10,4 milljarðar króna, útstreymi er aftur á móti 18,4 milljarðar króna, en auk þess er gert ráð fyrir nettóútstreymi á viðskiptareikningum, sem nemur 750 milljónum króna. Greiðsluafgangur er 275 milljónir króna. Innifalið í útstreymi á lánahreyfingum er afborgun lána til Seðlabanka Íslands að upphæð 9,6 milljarðar króna auk endurgreiðslu skammtímaláns, 4,5 milljarðar, sem að framan er getið. Þannig er stefnt að því, að ríkissjóður verði rekinn án greiðsluhalla á árinu 1980 jafnframt því sem hann bæti stöðu sína við Seðlabankann.

Hallalaus ríkisbúskapur eða greiðsluafgangur hjá ríkissjóði er þó ekki einhlítur í þessu efni. Þess verður einnig að gæta, að ríkisútgjöldin í heild valdi ekki þenslu. Þessi viðhorf móta fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1980.

Þegar ríkisstjórnin kom til valda fyrir rúmu ári blasti við mikill vandi í efnahags- og atvinnumálum, sem dregist hafði að leysa. Ríkisstjórnin varð þegar í stað að grípa til ráðstafana, er tryggt gætu áframhaldandi rekstur atvinnuvega og frið á vinnumarkaðnum. Til þess að sameina þessi sjónarmið var í upphafi farið inn á þá braut að draga úr verðbólgu með auknum niðurgreiðslum og lækkun óbeinna skatta á nauðsynjum. Hluta af verðbólguvandanum var þannig breytt í ríkisfjármálavanda auk þess sem fjárhagur ríkissjóðs var ekki nógu traustur fyrir. Viðfangsefni ríkisfjármálanna var því erfitt úrlausnar á þessu ári, ekki síst þegar ofan á þennan vanda bættist búskellur af völdum hækkunar olíuverðs á heimsmarkaði, og verðlags- og launahækkun umfram upphaflegar áætlanir. Með þeim ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin hefur gripið til á þessu hausti með hækkun söluskatts og vörugjalds má telja að tekist hafi að tryggja fjárhag ríkissjóðs á næsta ári. Er þá ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á tekjuöflunarkerfi ríkisins að öðru leyti en því, að hin nýja heildarlöggjöf um tekju- og eignarskatt, sem samþykkt var vorið 1978 kemur til framkvæmda á næsta ári. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga hækki hlutfallslega með tekjubreytingum milli áranna 1978 og 1979, þ. e. að skatturinn verði óbreyttur sem hlutfall af þeim tekjum, sem hann er lagður á. Ákvæðum hinna nýju skattalaga um skattþrep og skatthlutföll verður breytt þannig að heildarfjárhæð tekjuskatts verði hin sama samkvæmt fyrri skattalögum miðað við forsendu fjárlagafrumvarps. Í framhaldi af þessu þarf að endurskoða nýju skattalögin í ljósi reynslu á næsta ári og sérstaklega með tilliti til samtímagreiðslu skatta. Á næsta ári þarf að vinna markvisst að undirbúningi að því að koma á samtímagreiðslu allra beinna skatta á árinu 1981, og stefna jafnframt að upptöku almenns veltuskatts með virðisaukasniði í stað núgildandi söluskatts. Niðurstaðan á tekjuhlið fjárlagafrumvarps er um það bil 29% af þjóðarframleiðslu og er þannig örugglega innan við það stefnumark, sem sett var með lögum um stjórn efnahagsmála nr. 13/1979 um aðhald að ríkisumsvifum. Þótt í þessu felist nokkur hækkun skatthlutfalls frá því sem verið hefur á síðustu árum er hér fyrst og fremst um það að ræða að koma á jafnvægi milli gjalda og tekna ríkissjóðs í samræmi við útgjöldin eins og þau hafa verið á undanförnum árum. Hér er þannig verið að viðurkenna nauðsyn þess að afla tekna til þess að mæta þeim útgjöldum, sem stofnað er til. Breytingar á gjaldahlið fela það í sér fyrst og fremst, að hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu haldist í aðalatriðum óbreytt. Einnig er að því stefnt enn á ný að endurgreiða hluta af skuldinni við Seðlabankann, sem myndast hefur á síðustu árum. Auk þess sem hér hefur verið nefnt, þarf sérstakt átak á næsta ári til að draga úr og helst eyða með öllu hinum árstíðabundna halla á ríkissjóði framan af ári.

Hér er fylgt ákveðinni og ábyrgri stefnu í ríkisfjármálum, en þó séð vel fyrir nauðsynlegri almannaþjónustu og framkvæmdum. Nánar er gerð grein fyrir þessu í athugasemdum fjárlagafrumvarps.

3. Peninga- og lánamál.

Í lögum nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála voru mikilvæg nýmæli um stjórn peningamála, ákvörðun gengis og vaxta. Efnahagsstefnan á árinu 1980 verður að vera í samræmi við þessi ákvæði. Eðli málsins samkvæmt eru almennar viðmiðanir fyrir breytingar peningamagns og útlána ekki til þess fallnar að festa þær í ákveðnum tölum í lagagreinar, en sem stefnumarkmið eru þær engu að síður mjög mikilvægar. Vegna þess að ytri skilyrði þjóðarbúsins þróuðust á annan veg en ætlað var í upphafi árs 1979 og verðbólguþróunin hélt áfram hafa peningamagn og útlán aukist meira á árinu 1979 en að var stefnt. Á árinu 1980 verður á ný að

stefna að því að halda vexti helstu peningastærða innan við þau mörk, sem verðbreytingum eru sett í þessari þjóðhagsáætlun, eins og nánar kemur fram í lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir 1980, sem bráðlega verður lögð fyrir þingið. Í þessu skyni verður beitt bæði samkomulagi við lánastofnanir og verðtryggingarstefnu þeirri í vaxtamálum, sem mörkuð er í VII. kafla laga nr. 13/1979. Takist að fylgja verðlags- og tekjustefnu þessarar þjóðhagsáætlunar er von til þess, að vaxtakostnaður geti farið lækkandi undir lok ársins 1980. Til þess að fylgja eftir þeirri aðhaldssömu stefnu, sem hér er lýst, er nauðsynlegt að draga úr peningaframboði.

Gengisskráningu verður að haga í samræmi við ákvæði 32. gr. laga nr. 13/1979, þ. e. að ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skuli miðast við það að halda sem stöðugustu gengi, en þó þannig að þeim markmiðum, sem sett eru um viðskiptajöfnuð í þessari þjóðhagsáætlun megi ná, og að tryggður sé rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuveganna og þeirra atvinnugreina, sem eiga í samkeppni við innfluttar vörur á heimamarkaði.

Eins og nánar verður skýrt í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar verða erlendum lántökum sett ákveðin mörk með tilliti til greiðslubyrðar og erlendra kostnaðarþátta brýnustu orkuframkvæmda.

4. Stefnan í fjárfestingarmálum.

Ríkisstjórnin hefur frá upphafi stefnt að því að ná betri tökum á stjórn fjárfestingarmála, bæði til þess að halda framkvæmdum í heild innan þeirra marka, sem framleiðslugetan setur, og til þess að beina fé til þeirra framkvæmda, sem mikilvægastar eru fyrir framfarir í landinu. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar er stefnan sett fram nánar en hér er kostur. Þjóðhagsáætlunin, sem hér er sýnd, er á því reist að fjárfestingin í heild verði innan við 25—26% af vergri þjóðarframleiðslu á árinu 1980. Þetta felur í sér að fjárfesting aukist nokkuð á næsta ári eða um 5%. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að brýnt er að efla innlenda orkuframleiðslu og koma upp dreifikerfum fyrir innlenda orku við þær aðstæður, sem nú eru uppi í orkumálum í heiminum. Íslendingar hafa snúist við vanda hækkandi orkuverðs 1973 og 1974 með stórátaki í hitaveitu- og raforkuframkvæmdum og hefur með því lánast að draga úr þörf fyrir innflutning á olíu. Þessari þróun verður nú að halda áfram af fullum krafti, þó þannig að eingöngu sé ráðist í arðbærar framkvæmdir miðað við ríkjandi orkuverð. Í efnahagsmálalögunum frá í apríl sl. var sett stefnumark fyrir fjárfestinguna í heild á árinu 1979, 25% af vergri þjóðarframleiðslu. Ekki er talin ástæða til að binda þetta markmið í lög fyrir árið 1980, en hins vegar þarf að keppa að svipuðu marki á árinu 1980 og gert var 1979. Jafnframt þarf að beina fjármagni lífeyrissjóða og fjárfestingarsjóða í meira mæli en áður til framkvæmda í fiskiðnaði og öðrum iðnaði en draga fremur úr fjármagni til fiskiskipakaupa og sérstaklega til innflutnings fiskiskipa og landbúnaðarfjárfestinga í samræmi við atvinnumálastefnu ríkisstjórnarinnar.

5. Atvinnumálastefnan.

Grundvallaratriði í málefnum sjávarútvegsins hafa verið mjög til umræðu á þessu og síðustu árum. Afskipti hins opinbera eru nauðsynleg til þess að vernda fiskstofnana við landið og tryggja hagkvæma nýtingu þeirra og til þess að draga úr sveiflum í þessari undirstöðugrein þjóðarbúsins. Vandinn er hér sá að ganga hvergi lengra en almannaheill krefst í því að setja hömlur á athafna- og atvinnufrelsi manna, því frjáls aðgangur að auðlindum sjávarins er gróin meginregla. Á næstunni þarf að setja reglur um nýtingu þorskstofnsins sem stefna að því,

að afli úr þeim stofni fari ekki fram úr leyfilegum hámarksafla á árinu 1980 og þannig að sóknarkostnaður verði sem minnstur. Einnig verði settur leyfilegur hámarksafli fyrir loðnuafla og síldarafla. Hér verður að leita nýrra leiða til þess að tryggja framtíðarviðkomu nytjafiskstofnanna við landið og afkomu þeirra, sem af sjávarútvegi lifa. Þær stjórnaraðferðir, sem til þessa hafa verið notaðar, hafa ekki reynst sérlega vel. Hér er mikill vandi á höndum. Um leið og sókn í ofnýtta stofna er takmörkuð verður að hvetja til veiða á vannýttum tegundum með verðuppbótum, sem fjármagnaðar verði með afgjöldum af afla af öðrum tegundum. Unnið er að löggjöf um þetta mál. Þá verða lögð fyrir þingið frumvörp til laga um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna olíuverðshækkunar. Óhjákvæmilegt hefur reynst að ætla útvegskostnaði aukinn hlut í fiskverði vegna olíuverðshækkunar. Þetta hefur verið gert og verður að gera þannig að hlutur sjómanna verði ekki fyrir borð borinn af þeim sökum.

Áfram þarf að vinna að þeirri stefnu í landbúnaðarmálum í samráði við samtök bænda að samræma sem best framleiðslu og innanlandsneyslu, að efla nýjar búgreinar og auka fjölbreytni í framleiðslu. Stefnan í iðnaðar- og orkumálum á næsta ári kemur ef til vill einna skýrast fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, þar sem miklu fé er varið til þess að byggja upp þessar framtíðargreinar á íslenska þjóðarbúinu, auk þess sem starfsskilyrði iðnaðarins og annarra atvinnugreina verði jöfnuð og hlutur orkufreks iðnaðar í iðnþróun athugaður sérstaklega. Á vegum ráðuneyta er nú unnið að gerð atvinnuvegaáætlana, sem eru hugsaðar sem leiðbeinandi og stefnumarkandi yfirlit yfir þróunarhorfur og möguleika helstu atvinnugreina, og verður gerð grein fyrir því starfi síðar á þessu þingi. Það er meginatriði í efnahagsstefnu þessari að tryggja sem bestar framfarir og hagræðingu í atvinnuvegum, sem orðið gæti undirstaða bættra lífskjara í framtíðinni. Til þess að það megi takast þarf að draga úr verðbólgu og beina framkvæmdafé þjóðarinnar í tæknilegar endurbætur í hinum hefðbundnu greinum atvinnulífsins og til nýrra atvinnugreina, sem nýta landkostina vel.

Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1970—1978.
(Milljónir króna)

	Á verðlagi hvers árs								
	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978
Einkaneysla	28 183	35 667	44 685	60 919	93 210	124 990	164 110	232 380	354 550
Samneysla	4 230	5 519	7 225	9 924	15 670	21 968	29 938	42 978	68 360
Fjármunamyndun	10 511	16 050	19 100	28 610	45 150	63 560	78 010	108 750	150 540
Birgðabreytingar	—393	1 580	—840	—189	2 578	3 680	—1 710	7 030	—6 070
Verðmætaráðstöfun, alls	42 531	58 816	70 170	99 264	156 608	214 198	270 348	391 138	567 380
Útflutningur vöru og þjónustu	21 138	22 373	26 205	37 390	48 080	72 190	105 520	145 270	249 805
Frádr.: Innflutningur vöru og þjónustu	20 487	26 233	27 960	40 025	63 610	93 570	109 910	154 925	241 385
Viðskiptajöfnuður	651	—3 860	—1 755	—2 635	—15 530	—21 380	—4 390	—9 655	8 420
Verg þjóðarframleiðsla	43 182	54 956	68 415	96 629	141 078	192 818	265 958	381 483	575 800

	Á verðlagi ársins 1969								
	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978
Einkaneysla	25 311	29 459	32 292	35 101	37 558	33 802	34 140	36 871	39 083
Samneysla	3 551	3 791	4 078	4 463	4 736	4 964	5 311	5 353	5 554
Fjármunamyndun	9 272	13 171	13 043	15 670	17 360	15 900	15 490	17 270	16 040
Birgðabreytingar	—255	1 351	—787	—350	952	1 243	—770	570	—358
Verðmætaráðstöfun, alls	37 879	47 772	48 626	54 884	60 606	55 909	54 171	60 064	60 319
Útflutningur vöru og þjónustu	19 095	18 366	20 255	22 052	21 888	22 187	24 836	27 403	31 395
Frádr.: Innflutningur vöru og þjónustu	19 932	24 356	24 699	29 368	33 250	29 819	29 455	34 950	36 970
Viðskiptajöfnuður	—837	—5 990	—4 444	—7 316	—11 362	—7 632	—4 619	—7 547	—5 575
Verg þjóðarframleiðsla	37 042	41 782	44 182	47 568	49 244	48 277	49 552	52 517	54 744
Áhrif viðskiptakjarabreytinga	1 463	2 807	2 815	4 881	3 782	1 673	3 395	5 195	5 392
Vergar þjóðartekjur	38 505	44 589	46 997	52 449	53 026	49 950	52 947	57 712	60 136

Athugasemd: Hér er um að ræða endurskoðaðar raðir og fela þær í sér töluverðar breytingar frá þeim tölum, sem áður hafa verið birtar um þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfun árin 1970—1978.

Sþ. 3. Tillaga til þingsályktunar [2. mál]

um iðnaðarstefnu.

Frá iðnaðarráðherra.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir framkvæmd iðnaðarstefnu, sem hafi eftirfarandi meginmarkmið:

1) Að örva framleiðni í íslenskum iðnaði þannig að framleiðnistig hans verði sambærilegt við það, sem gerist í helstu viðskiptalöndum, og skilyrði skapist fyrir bætt lífskjör.
2) Að stuðla að hagkvæmri fjárfestingu, til að fjölga störfum í iðnaði og tryggja fulla atvinnu með hliðsjón af aðstæðum í öðrum atvinnugreinum og áætlunum um fjölda fólks á vinnumarkaði.
3) Að leggja sérstaka áherslu á að efla iðnað á þeim sviðum, þar sem innlendir samkeppnisyfirburðir geta nýst til arðbærrar framleiðslu á vörum og þjónustu, jafnt fyrir heimamarkað sem til útflutnings.
4) Að bæta starfsskilyrði og auka áhrif starfsfólks á vinnustöðum, og koma í veg fyrir skaðleg áhrif af völdum iðnvæðingar á náttúru landsins og umhverfi.
5) Að tryggja forræði landsmanna yfir íslensku atvinnulífi og auðlindum, og stuðla að æskilegri dreifingu og jafnvægi í þróun byggðar í landinu.

Fyrrgreindum markmiðum verði m. a. náð með áætlunum, er taki til einstakra iðngreina og verkefna í nýiðnaði og með opinberum aðgerðum, sem í aðalatriðum miði að eftirfarandi:

1) Bættri aðstöðu til iðnrekstrar með markvissri jöfnun á starfsskilyrðum iðnaðarins við aðra höfuðatvinnuvegi, m. a. í skattamálum og lánamálum.
2) Gengisákvarðanir verði í ríkari mæli miðaðar við samkeppnisstöðu iðnaðarins jafnt á heimamarkaði sem erlendis.
3) Lánasjóðir iðnaðarins verði efldir og þeim gert kleift að auka verulega þátttöku sína í fjármögnun á umbótum og nýsköpun í iðnaði.
4) Hlutverk þjónustustofnana iðnaðarins verði endurskoðað og lagað að breyttum þörfum, er m. a. miðist við að auka fræðslu og stuðla að bættri framleiðni og nýsköpun í iðnaði og greiða fyrir útflutningi iðnaðarvara. Jafnframt verði aukin áhersla lögð á rannsóknar- og þróunarstarfsemi í þágu iðnaðar.
5) Ríkisvaldið hafi forystu um verulegt átak í uppbyggingu fjármagnsfreks nýiðnaðar, m. a. með því að stjórn á iðnrekstri á þess vegum verði gerð markvissari, og skipulagslegt forræði á þessum atvinnurekstri verði sett í hendur eins aðila, sem hafi fjárhagslegt bolmagn og sjálfstæði til ákvarðana um arðvænleg nýiðnaðarverkefni.
6) Iðngarðar verði byggðir með lánafyrirgreiðslu til sveitarfélaga eða samtaka í iðnaði.
7) Útflutningsviðleitni fyrirtækja sé örvuð, m. a. með skattalegum aðgerðum.
8) Opinberum innkaupum verði beitt til að ýta undir og efla iðnþróun.
9) Felld verði að fullu niður aðflutningsgjöld á aðföngum til samkeppnisiðnaðar og þeirra þjónustugreina iðnaðar, er eiga í samkeppni.
10) Iðnaður á heimamarkaði fái aðstöðu til verðlagningar hliðstætt því, sem gerist um innfluttar samkeppnisvörur.

11) Nýting orkulinda og verðlagning orku miði að því að skapa innlendum iðnaði samkeppnisyfirburði.
12) Í því skyni að auka fjárfestingu í iðnaði verði hvatt til aukinnar eiginfjármyndunar fyrirtækja, m. a. með ráðstöfunum í skattamálum.
13) Stuðlað verði að félagslegum rekstrarformum og um leið að auknum réttindum og ábyrgð starfsfólks á vinnustað og á rekstri fyrirtækja.
14) Hið almenna skólakerfi taki mið af æskilegri iðnþróun, m. a. með aukinni samvinnu milli skólakerfisins og stofnana og samtaka iðnaðarins. Aukin áhersla verði lögð á fullorðinsfræðslu og bætta almenna starfsmenntun.
15) Rannsóknir á hag og þróunarhorfum íslensks iðnaðar verði efldar.
16) Mótuð verði stefna um verktakastarfsemi, sem m. a. geri innlendum aðilum kleift að annast stórar verklegar framkvæmdir. Samkeppnisstaða innlendra verktaka gagnvart erlendum aðilum verði jöfnuð.
17) Rík áhersla verði lögð á bætt starfsumhverfi, og samstarf stjórnvalda og aðila í iðnaði aukið, til að ná því markmiði, svo og til að tryggja nauðsynlegar mengunarvarnir og koma í veg fyrir óæskilega röskun umhverfis af völdum iðnrekstrar.

Iðnaðarráðuneytið hafi forystu um að samræma aðgerðir hins opinbera, stofnana iðnaðarins og samtaka hans, til að greiða fyrir framgangi þessarar stefnu.

Greinargerð:

Tillaga þessi til þingsályktunar um iðnaðarstefnu var lögð fram skömmu fyrir lok síðasta Alþingis og kom þá ekki til umræðu. Hún er nú flutt hér óbreytt að efni til ásamt fylgiskjali, þar sem er álit Samstarfsnefndar um iðnþróun frá því í maí 1979. Eftirfarandi greinargerð er einnig samhljóða þeirri greinargerð er fylgdi tillögunni síðast, en henni fylgir umsögn nokkurra aðila, er ályktað hafa um efni þingsályktunartillögunnar eftir að hún var lögð fram.

1. Tilgangur þingsályktunartillögunnar.

Með tillögu þeirri til þingsályktunar, sem hér er lögð fram, er gerð tilraun til þess að móta samræmda stefnu í iðnaðarmálum af hálfu hins opinbera og fá fram skýra afstöðu Alþingis til þess, hver eigi að verða þáttur iðnaðar í þeim umbreytingum í atvinnulífinu, sem sýnast nauðsynlegar á næstu árum. Með tillögunni er reynt að skapa samstöðu um þær aðgerðir, sem nauðsynlegar eru taldar, ef iðnaðurinn á að geta gegnt því hlutverki að verða ein megin undirstaða framfara í atvinnu- og efnahagslífi á komandi árum.

Þess er vænst að með skýran vilja Alþingis í þessu máli að bakhjarli, geti stjórnvöld tekið með virkum hætti á þeim fjölmörgu vandamálum, sem enn standa í vegi fyrir eðlilegri þróun iðnaðar og búið honum hagstæðari skilyrði til vaxtar.

Við meðferð máls þessa í ríkisstjórn var fallist á, að þingsályktunartillaga þessi um iðnaðarstefnu yrði flutt á Alþingi, en jafnframt kom fram að einstakir ráðherrar hafa ekki tekið endanlega afstöðu til vissra efnisatriða tillögunnar.

2. Tillögur Samstarfsnefndar um iðnþróun.

Í september 1978 skipaði iðnaðarráðherra nefnd 9 manna, með víðtæk tengsl og reynslu í iðnaðarmálum, og skyldi nefndin m. a. hafa það hlutverk að undirbúa fyrir iðnaðarráðuneytið drög að iðnaðarstefnu, sem hafa mætti til hliðsjónar við opinbera stefnumótun á þessu sviði. Í þeirri þingsályktunartillögu, sem hér er lögð fram, hefur í meginatriðum verið tekið mið af tillögum nefndarinnar. Fylgir álit hennar með þessari þingsályktunartillögu.

3. Horfur í atvinnumálum — staða iðnaðar.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi áliti Samstarfsnefndar um iðnþróun, ríkir nú meiri óvissa um þróun í atvinnumálum og varðandi atvinnuöryggi á næstu árum en áður hefur verið talið, og gætu framundan verið miklar breytingar á þróun atvinnulífs og skiptingu vinnuafls í landinu eftir atvinnugreinum.

Ástæður slíkra breytinga má í aðalatriðum rekja til þeirrar þróunar, sem hér greinir:

1) Líklegt er að fleira fólk komi á vinnumarkaðinn en áður hefur verið talið, m. a. með aukinni þátttöku kvenna í atvinnulífinu.
2) Fækkun fólks við landbúnaðarstörf gæti orðið meiri en áður hefur verið gert ráð fyrir.
3) Fjölgun starfa í iðnaði hefur orðið mun hægari en áður var áætlað, og hefur starfsfólki í iðnaði fækkað hlutfallslega gagnstætt því sem ráð var fyrir gert.
4) Líklegt er talið, að hlutur starfa í byggingariðnaði af heildarvinnuafli í landinu dragist nokkuð saman á næstunni.
5) Störfum í sjávarútvegi mun ekki fjölga verulega á næstu árum, þar sem auknum afla verður væntanlega mætt með aukinni hagræðingu í fiskvinnslustöðvum og með bættri nýtingu framleiðslugetunnar.
6) Brottflutningur fólks af landinu hefur aukist verulega á síðustu árum og var um 3500 manns sitt hvort árið 1976 og 1977, en það eru 1000 fleiri en fluttust til landsins hvort ár.

Ekki verður séð að unnt reynist að leysa þennan aðsteðjandi vanda á viðunandi hátt á næstu árum nema áhersla verði lögð á að efla og byggja upp arðvænlegan iðnað, sem skilað geti mikilli framleiðni.

Líkur benda til, að iðnaður þurfi að taka við a. m. k. 3000 manns til viðbótar í arðbær störf fram til ársins 1982 og um 1600 að auki fram til ársins 1987, eða alls um 4600 miðað við óbreytta þátttöku kvenna í atvinnulífi frá því, sem var á árinu 1977. Haldi hlutur kvenna áfram að vaxa svo sem verið hefur, verða þessar tölur um 4000 árið 1982 og nálægt 2500 til viðbótar fram til 1987. Hugsanlega gæti þessi þörf fyrir ný störf orðið mun meiri, ef veruleg aukning yrði á framleiðni í iðnaði og fækkun í einstökum greinum hans. Á móti því gæti þó aukinn hlutur þjónustu vegið í verulegum mæli.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt um nauðsyn iðnþróunar og að breikka þurfi undirstöður efnahagslífsins. Stjórnvöld hófu alvarlegar tilraunir við skipulega stefnumótun í iðnaðarmálum í byrjun sjötta áratugsins og hafa síðan öðru hvoru verið gerðar einstaka tilraunir til skipulegra átaka, m. a. í tengslum við EFTA-inngöngu, með tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna upp úr 1970 og störfum Iðnþróunarnefndar 1973—75. Þrátt fyrir þessa viðleitni og tillögur, sem fram hafa komið, verður að telja, að til þessa hafi ekki verið mótuð samræmd iðnaðarstefna af hálfu hins opinbera.

Þetta stefnuleysi hefur leitt til þess, að lítið hefur gætt skipulegra átaka til að efla og byggja upp innlendan iðnað.

Á árunum 1968 til 1973 varð að vísu veruleg aukning á framleiðslu í iðnaði, þannig að heildarframleiðslan í þeim greinum, sem tölulegar upplýsingar liggja fyrir um, nálægt tvöfaldaðist. Eftir árið 1973 hefur hins vegar dregið mjög úr framleiðsluaukningu og borið hefur á samdrætti sum árin.

Svipaða sögu er að segja um framleiðni í iðnaði. Hún jókst hröðum skrefum á árunum 1968 til 1973, en hefur nær staðnað hin síðari ár. Eins og nú horfir dragast Íslendingar aftur úr öðrum þjóðum í framleiðni í iðnaði, þrátt fyrir að fjárfesting í iðnaði hafi haldist nokkuð jöfn allt tímabilið.

Þá miklu aukningu á framleiðslu og framleiðni í iðnaði, sem varð á árunum 1968 til 1973, má fyrst og fremst rekja til þeirra hagstæðu skilyrða, sem honum voru sköpuð á þessum tíma, eftir efnahagsráðstafanir í kjölfar samdráttar í sjávarútvegi 1967—1968. Gengisskráning var þá iðnaði hagstæð og með bættum tollakjörum, eflingu sjóða iðnaðarins og aukinni lánafyr-

irgreiðslu og hagræðingarstarfi, m. a. í tengslum við inngönguna í EFTA, batnaði nýting á framleiðslugetu í iðnaði, og hann dafnaði ört.

Hin hagstæða þróun í sjávarútvegi á árunum 1972—73, sem m. a. leiddi til gengishækkunar vorið 1973, hafði í för með sér erfiðari stöðu í iðnaði, og á árinu 1974 kom til mikilla erfiðleika í útflutningsiðnaði. Þar eð þess hefur ekki verið gætt að leiðrétta og jafna aðstöðu iðnaðarins, m. a. með hliðsjón af þróun í sjávarútvegi, hefur þetta ástand í rauninni varað hingað til.

Samhliða þessari þróun hefur iðnaðurinn mætt vaxandi samkeppni af völdum innflutnings eftir afnám tolla og minnkandi innflutningshöft. Þótt aðeins hafi í undantekningartilvikum orðið verulegur samdráttur í framleiðslu af völdum innflutnings, hefur aðstaða innlendra framleiðenda þrengst á markaðnum og ekki orðið framleiðsluaukning hjá mörgum þeirra. Aðlögunartíminn í kjölfar EFTA-aðildar hefur nýst illa vegna ófullnægjandi aðgerða til stuðnings iðnaði, örrar verðbólguþróunar og alþjóðlegra efnahagserfiðleika í kjölfar olíuverðhækkana veturinn 1973.

Nauðsynlegt er að menn líti fordómalaust á þann sérstaka vanda fyrir íslenskan iðnað, sem leiðir af sambýli við sjávarútveginn. Þar eð sjávarútvegurinn hefur haft alla yfirburði sem aðalútflutningsatvinnuvegur landsmanna og í reynd verið burðarásinn í hagvexti hérlendis fram á síðustu ár, hafa ákvarðanir um meginatriði í efnahagsmálum ráðist af hagsmunum og aðstæðum í sjávarútvegi. Þannig ræðst gengi íslensku krónunnar og þar með afurðaverð útflutningsiðnaðar og samkeppnisverð á innfluttum iðnaðarvörum fyrst og fremst af afkomu og viðskiptakjörum sjávarútvegsins. Eftir afnám verndartolla og innflutningshafta skiptir þetta atriði sköpum fyrir iðnaðinn.

Þessi sambýlisvandi iðnaðar og sjávarútvegs hefur sennilega haft meiri áhrif á þróunarmöguleika iðnaðar en margir gera sér grein fyrir og hefur að líkindum orðið afdrifaríkari en breytingar af völdum erlendrar samkeppni. Telja verður það eitt af grundvallaratriðum fyrir árangursríkri iðnþróun, að komið verði á jafnræði með þessum atvinnuvegum á þeim sviðum, er máli skipta til að skapa vaxtarforsendur fyrir iðnað.

Margt bendir nú til að Íslendingar séu á tímamótum í atvinnumálum, þar sem hagnýta þurfi mun fjölþættari kosti en hingað til. Þannig verði auk öflugs sjávarútvegs og fiskiðnaðar að koma til fjölbreyttur iðnaður, sem m. a. byggi á og vaxi upp af þeirri þekkingu og reynslu, sem við höfum öðlast í hefðbundnum atvinnugreinum hingað til. Af öðrum þáttum, sem rennt geta stoðum undir öfluga innlenda iðnþróun, má nefna ýmsar hráefnisauðlindir og innlenda orku, svo og ýmis önnur náttúruskilyrði og hugvit, til að framleiða samkeppnishæfar iðnaðarvörur til heimanota og útflutnings.

Þessu nýja hlutverki sínu fær iðnaðurinn ekki valdið nema til komi breytt viðhorf gagnvart málefnum hans og að honum verði markvisst sköpuð skilyrði til vaxtar.

4. Leiðir að markmiðum:

Að baki tillögum þeim, sem fram koma í þingsályktunartillögunni um aðgerðir til að efla iðnað, liggja eftirfarandi meginviðhorf gagnvart iðnþróun og þeim leiðum, sem áhersla er lögð á:

1) Að iðnþróun sé viðfangsefni, sem ekki verður unnið að með árangri nema með samhæfðu átaki margra aðila í fyrirtækjum og samtökum iðnaðarins, stofnunum hans og í opinberum stjórnsýslustofnunum.
2) Að leggja verði forgangsáherslu á þróun iðnaðar á næstu árum, með sérstakri áherslu á aukinn útflutning iðnaðarvara.
3) Að búa þurfi iðnaðinum hagstæð vaxtarskilyrði í þjóðlífinu, og markvisst verði unnið að því að jafna stöðu iðnaðar og annarra atvinnuvega. Þegar teknar eru ákvarðanir um aðalatriði efnahagsmála verði sérstaklega gætt að áhrifum þeirra á iðnaðinn.

4) Skapa þarf jarðveg til að dreift frumkvæði fái notið sín við margbreytileg viðfangsefni í iðnaði og horft sé til sem flestra kosta en ekki eingöngu byggt á afmörkuðum sviðum iðnaðar.
5) Jafnframt þessu verði lögð áhersla á að efla sérstaklega þær greinar og fyrirtæki, sem hafa góð vaxtarskilyrði og geta veitt varanlega samkeppnisyfirburði. Iðnaður með mikla framleiðni getur að jafnaði greitt góð laun og þannig valdið miklum margföldunaráhrifum á atvinnu í þjónustugreinum. Er því talið vænlegast að leggja fyrst og fremst áherslu á uppbyggingu iðnaðar, sem getur skilað mikilli framleiðni, bæði til að leysa atvinnuvandamálið og lyfta lífskjörum landsmanna. Greinum, sem fara halloka í samkeppni, þarf að hjálpa til að umbreytast, en ekki að verja þær með óraunhæfri aðstoð eða varnaraðgerðum.
6) Sérstaklega þarf að kanna með hvaða hætti verði unnt að nýta orkulindir landsins þannig að landsmenn haldi forræði í þeirri uppbyggingu, og að hún samrýmist að öðru leyti settum þjóðfélagslegum markmiðum, sem víðtæk samstaða getur tekist um.
7) Stuðlað sé að aðlögun og nýsköpun í efnahagslífinu með því að hvetja til vöruþróunar, markaðsleitar og rannsóknar- og þróunarstarfsemi hjá fyrirtækjum, m. a. með skattalegum aðgerðum og fjárhagslegri aðstoð hins opinbera og tæknilegum stuðningi frá stofnunum iðnaðarins.
8) Gera þarf hinum almenna iðnaði auðveldara að takast á við stærri verkefni en hingað til. Jafnframt þarf að styðja sveitarfélög til að greiða fyrir iðnþróun í byggðum landsins, t. d. með byggingu iðngarða.
9) Óhjákvæmilegt er að ríkið eitt sér eða í samvinnu við aðra aðila taki þátt í stofnun meiriháttar nýiðnaðarfyrirtækja. Stjórn ríkisins á eigin atvinnurekstri þarf að verða markvissari og setja ætti eignarforræði yfir fyrirtækjum í ríkiseign á eina hendi. Gera þarf auknar arðsemiskröfur til ríkisfyrirtækja og ráðstafa arði af slíkum iðnfyrirtækjum til þróunar og uppbyggingar nýiðnaðar.
10) Nauðsynlegt er að auka áhrif starfsfólks á eigið vinnuumhverfi og gefa mönnum þannig kost á að hafa áhrif á viðfangsefni sín og skilja þýðingu þeirra. Er vænlegast að ná þessu marki með því að leggja áherslu á rekstur á félagslegum grundvelli og með auknum réttindum og ábyrgð starfsmanna í fyrirtækjum. Er hugsanlegt að þannig megi bæta rekstrarárangur fyrirtækja jafnframt því sem félagslegum þörfum er fullnægt.
11) Kappkosta verður að vaxandi iðnaður leiði ekki af sér óæskilega röskun á náttúru og félagslegu umhverfi. Aukin framleiðsla og sókn til betri lífskjara má ekki verða á kostnað heilbrigðs umhverfis eða skynsamlegrar nýtingar auðlinda.
12) Við breytingar á atvinnuháttum þarf að tryggja sem best jafnvægi í þróun byggðar í landinu og að ekki skapist misvægi, sem leiði til verulegrar byggðaröskunar. Sérstaklega þarf að huga að iðnaði, sem geti viðhaldið byggð í sveitum landsins og byggðakjörnum þar, og tekið við vinnuafli, sem ekki fær verkefni við landbúnaðarstörf.

Framkvæmd iðnaðarstefnu.

Skortur á samhæfingu á störfum og stefnu hinna fjölmörgu aðila, sem í reynd hafa áhrif á gang mála, er sá þáttur, sem öðrum fremur hefur staðið í vegi fyrir æskilegri þróun iðnaðar. Í fámennu og tiltölulega fjármagnsvana þjóðfélagi ber brýna nauðsyn til sameiginlegs átaks margra aðila, til að koma umbótum í framkvæmd. Á sviði iðnþróunar hefur vöntun á stefnumörkun haft í för með sér sundurvirkni í störfum opinberra stofnana, sem iðnaðinum þjóna, lánasjóða iðnaðarins og samtaka hans, með þeim afleiðingum að ekki hefur tekist að koma ýmsum nauðsynjamálum fram.

Að fenginni afstöðu Alþingis til þeirra stefnumiða, sem sett eru fram í þessari þingsályktunartillögu, þarf iðnaðarráðuneytið og aðrir aðilar, er málið varðar, að ná fram nauðsynlegri

samstöðu og móta nánar þær aðgerðir, sem hér eru boðaðar, m. a. með nýmælum í löggjöf.

Sú reynsla, sem fengist hefur af starfi Samstarfsnefndar um iðnþróun til þessa, bendir til að þar sé æskilegt samstarfsform til að tengja þá aðila, sem láta sig málefni iðnaðarins varða.

Í framhaldi af mótun iðnaðarstefnu skiptir miklu að skapa sem víðtækasta samstöðu um framkvæmd hennar og tryggja að einstök mál verði farsællega til lykta leidd.

Jafnframt því sem iðnaðarráðuneytið hyggst nýta áfram þann samráðsvettvang, sem fenginn er innan Samstarfsnefndar um iðnþróun, hlýtur ráðuneytið sjálft að beita sér fyrir framgangi iðnþróunarmálefna innan stjórnkerfisins.

Mikilvægt er að starf að iðnþróunarmálefnum verði sem samfelldast og unnt sé að halda því áfram með eðlilegum hætti, þótt breytingar verði á forystu í landsmálum og á einstökum áherslum og stefnumiðum.

Fylgiskjal I

Álit Samstarfsnefndar um iðnþróun fylgir þingsályktunartillögu þessari í sérstöku riti.

Fylgiskjal II

Í ályktun 38. Iðnþings Íslendinga, sem haldið var á vegum Landssambands iðnaðarmanna 4.—6. október 1979 segir m. a. um iðnaðarstefnu og iðnþróun:

„Það er skoðun Iðnþings að aldrei fyrr hafi verið þörf á jafn miklu átaki til eflingar iðnaði og einmitt nú. Iðnþingið fagnar þingsályktunartillögu iðnaðarráðherra, sem lögð var fram á síðasta Alþingi og byggð var á tillögum Samstarfsnefndar um iðnþróun. Þingið fagnar sérstaklega að nú skuli Alþingi gefast kostur á að marka samræmda heildarstefnu um iðnað hér á landi. Iðnþingið vekur athygli á þeim megin tilgangi þingsályktunartillögunnar að reyna að skapa víðtæka samstöðu um þær aðgerðir, sem nauðsynlegar eru taldar, ef iðnaðurinn á að geta gegnt hlutverki sínu. Þingið vill sérstaklega taka undir þá skoðun að brýna nauðsyn beri til sameiginlegs átaks margra aðila til að koma umbótum í iðnaðarmálum í framkvæmd. Jafnframt sé mjög mikilvægt að starf að iðnþróunarmálum verði sem samfelldast og unnt sé að halda því áfram með eðlilegum hætti, þótt breytingar verði á forystu í landsmálum og einstökum áherslum og stefnumiðum. Þannig telur þingið að tillögur Samstarfsnefndar um iðnþróun geti verið grunnur að samræmdri heildarstefnu í iðnaðarmálum, þrátt fyrir að menn séu ekki sammála um alla einstaka þætti tillagnanna. Iðnþróunarstefna er gagnslaus ef henni fylgja ekki aðgerðir. Iðnþing leggur til að viðhöfð verði samskonar vinnubrögð hér á landi og í Noregi og Svíþjóð, þar sem 3—4 ráðuneyti lögðu sameiginlega fram lagafrumvarp um samræmdar aðgerðir til þess að auðvelda iðnfyrirtækjum og eigendum þeirra að bregðast við nýjum viðhorfum og aðstæðum.

Um leið og Iðnþing fagnar því, að í starfi Samstarfsnefndar um iðnþróun og í þingsályktunartillögu iðnaðarráðherra er tekið meira mið af grundvallarstefnu Landssambands iðnaðarmanna en áður hefur verið gert, vill þingið enn einu sinni ítreka þá skoðun sína, að eigi aðgerðir til eflingar iðnaði að bera nægilegan árangur má ekki einskorða þær við svokallaðan samkeppnisiðnað eins og lengi hefur verið gert. Nauðsynleg forsenda árangursríkrar iðnaðarstefnu er að hún taki mið af öðrum atvinnuvegum og nái til alls iðnaðar, hvort sem hann er í beinni samkeppni eða óbeinni."

Fylgiskjal III

Ályktun Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi um mikilvægi stefnumörkunar í iðnaðarmálum:

„Aðalfundur Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, haldinn í Nesjaskóla, A-Skaft. dagana 30. og 31. ágúst 1979, leggur áherslu á mikilvægi opinberrar stefnumótunar í iðnaðarmálum og lýsir stuðningi við framkomna þingsályktunartillögu frá iðnaðarráðherra þar um."

Fylgiskjal IV

Í ályktun Fjórðungsþings Norðlendinga um iðnþróun segir m. a.:

„Fjórðungsþing Norðlendinga haldið á Dalvík 2.—4. sept. 1979 bendir á, að uppbygging iðnaðar og efling þeirra iðnfyrirtækja, sem fyrir eru á Norðurlandi sé áhrifaríkasta leiðin til að taka við því fólki, sem leitar inn á vinnumarkaðinn á næstu árum og koma þar með í veg fyrir búseturöskun á Norðurlandi. Þingið lýsir stuðningi við undirbúning samræmdrar iðnaðarstefnu í landinu og leggur í því sambandi sérstaka áherslu á að lokið verið við Iðnþróunaráætlun fyrir Norðurland og henni fylgt eftir með samstilltu átaki heimamanna og njóti verulegs stuðnings stjórnvalda og lánastofnana.“

Nd. **4. Frumvarp til laga** **[3. mál]**

um hækkun olíugjalds til fiskiskipa og verðuppbót á vannýttar fisktegundir.

(Lagt fyrir Alþingi á 101. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 4 2. mars 1979 orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 7% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olíugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga um útflutningsgjald nr. 5 13. febrúar 1976 sbr. lög nr. 3 2. mars 1979, skal heimilt að verja 500 milljónum króna af tekjum Tryggingasjóðs fiskiskipa og 700 milljónum króna af tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi til þess að bæta upp verð á karfa og ufsa á tímabilinu 15. maí til 31. desember 1979. Fjárhæð þessarar uppbótar á hvert kílógramm af framangreindum tegundum skal ákveðin innan fyrrgreindra marka af Verðlagsráði sjávarútvegsins með fiskverðsákvörðun hverju sinni. Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um greiðslu þessarar uppbótar og skal Fiskifélag Íslands annast greiðslurnar til útgerðaraðila. Uppbót á karfa- og ufsaverð skv. þessari grein skal koma til skipta og aflaverðlauna eins og annað fiskverð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til afla á tímabilinu 15. maí til 31. desember 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um hækkun olíugjalds til fiskiskipa og verðuppbót á vannýttar fisktegundir.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér að til þess að greiða fyrir ákvörðun nýs fiskverðs og gera útvegsmönnum þar með kleift að rísa undir hækkuðu olíuverði og til þess að halda uppi verði á vannýttum fisktegundum, beri nú brýna nauðsyn til að hækka tímabundið olíugjald til fiskiskipa og heimila greiðslu uppbótar á verð á karfa og ufsa. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laga nr. 4 2. mars 1979 orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðar-

manni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 7% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olíugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga um útflutningsgjald nr. 5 13. febrúar 1976 sbr. lög nr. 3 2. mars 1979, skal heimilt að verja 500 milljónum króna af tekjum Tryggingasjóðs fiskiskipa og 700 milljónum króna af tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi til þess að bæta upp verð á karfa og ufsa á tímabilinu 15. maí til 31. desember 1979. Fjárhæð þessarar uppbótar á hvert kílógramm af framangreindum tegundum skal ákveðin innan fyrrgreindra marka af Verðlagsráði sjávarútvegsins með fiskverðsákvörðun hverju sinni. Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um greiðslu þessarar uppbótar og skal Fiskifélag Íslands annast greiðslurnar til útgerðaraðila. Uppbót á karfa- og ufsaverð skv. þessari grein skal koma til skipta og aflaverðlauna eins og annað fiskverð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til afla á tímabilinu 15. maí til 31. desember 1979.

Gjört í Reykjavík 11. júní 1979.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Kjartan Jóhannsson.

Sþ. 5. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]

um þingrof og nýjar kosningar.

Flm.: Geir Hallgrímsson, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að skora á forsætisráðherra að leggja til við forseta Íslands, að Alþingi verði rofið og efnt til nýrra almennra þingkosninga eigi síðar en í fyrri hluta desembermánaðar næstkomandi.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin nýtur ekki lengur stuðnings meiri hluta Alþingis, þar sem Alþýðuflokkurinn hefur ákveðið að hætta þátttöku í núverandi stjórn og krafist þess, að þing verði rofið og efnt til alþingiskosninga þegar á þessu ári.

Upplýst hefur verið, að engin samstaða er um fjárlagafrumvarp, lánsfjáráætlun eða þjóðhagsáætlun. Um áramót verða allir kjarasamningar lausir. Verðbólgan hefur aldrei verið meiri en eftir rúmlega eins árs starfsferil núverandi ríkisstjórnar.

Brýna nauðsyn ber til að landsmenn eigi þess kost sem fyrst að kveða upp sinn dóm í kosningum til Alþingis og mynda þannig ábyrgan meiri hluta á Alþingi, sem fær sé um að takast á við þau mikilvægu viðfangsefni, sem við blasa.

Sjálfstæðisflokkurinn vill með flutningi þessarar tillögu staðfesta með ótvíræðum hætti, að meiri hluti Alþingis vilji rjúfa þing og efna til nýrra kosninga fyrir miðjan desembermánuð næstkomandi.

Nd. **6. Frumvarp til laga** [5. mál]

um flugmálaáætlun.

Flm.: Finnur Torfi Stefánsson.

1. gr.

Ráðherra flugmála leggur að fengnum tillögum flugráðs tillögu til þingsályktunar um flugmálaáætlun fyrir Alþingi. Í tillögunni skal gerð grein fyrir fjáröflun þeirri, sem fyrirhuguð er á áætlunartímabilinu. og útgjöld sundurliðuð eftir helstu framkvæmdaflokkum, sbr. 3. gr.

Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og tillagan afgreidd í endanlegu formi sem þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil.

Sé veitt fé til flugmála eftir öðrum leiðum en getið er um í tillögu til þingsályktunar um flugmálaáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma flugmálaáætlunarinnar, eins og að framan getur.

Er þingsályktun um flugmálaáætlun hefur gilt í tvö ár, skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin áætlun fyrir tvö ár til viðbótar, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. tvö ár.

2. gr.

Í flugmálaáætlun skulu taldir allir flugvellir svo og nýbyggingar flugvalla á þeim tíma sem áætluninni er ætlað að gilda. Enn fremur áætlaður kostnaður við flugvallaviðhald og annar kostnaður flugmálastjórnar á sama tímabili.

Í flugmálaáætlun um nýbyggingar skal vera sundurliðun um heildarkostnað hvers mannvirkis þrjú fyrstu ár áætlunartímabilsins.

3. gr.

Í þingsályktun um flugmálaáætlun skal flugvöllum og öryggistækjum til flugs skipað í flokka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Áætlunarflugvellir: Allir flugvellir sem flogið er til í reglubundnu áætlunarflugi. Þar með teljast bæði aðalflugvellir, sem hafa flugbrautarlengd 900—2099 m og flugflutningamagn a. m. k. 900 tn. á ári, og skammbrautaflugvellir, sem hafa flugbrautarlengd 600—899 m og minna magn en 900 tn. á ári í flugflutning.

Aðrir flugvellir: Allir flugvellir, sem eru a. m. k. 500 m langir og eru fyrst og fremst ætlaðir til sjúkraflutninga.

Leiðarflugþjónusta: Öll tæki og búnaður sem ætlaður er til flugleiðsögu.

Flugstjórnarmiðstöð: Tæki, mannafli, búnaður sem ætlaður er til flugumferðarstjórnar.

Önnur flugmálastarfsemi: Undir það falli öll önnur flugmálastarfsemi en sú sem að ofan er talin.

4. gr.

Leggja skal fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar, samkv. 1. gr., svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er. Flugvallaáætlun öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

5. gr.

Ráðherra skal leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi skýrslu um framkvæmd flugmálaáætlunar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þróun flugs á Íslandi seinni ár hefur ekki verið eins ör og í nágrannalöndum okkar. Orsök þess er fyrst og fremst sú, að skort hefur á stofnfjárframlög úr hendi ríkisins. Skýringar á þeim skorti þarf ekki að leita langt, í mörg horn er að líta í svo fámennu landi, en nú er svo komið að flugið hefur dregist aftur úr svo óhæfilegt er.

Flugið hefur fyrst og fremst sinnt fólksflutningum. Vöruflutningar með flugi innanlands eru ekki nema lítið hlutfall af heildarvöruflutningum innanlands. Stórstíg þróun er þó í vöruflutningum með flugi. Aukinnar hagræðingar er gætt og vélar stærri en áður hefur verið.

Vörusending með flugi sparar tíma, fer betur með vöruna og neytandinn fær hana fyrr í sínar hendur. Vöru- og póstflutningar voru 1977 16 583 tn. og höfðu þá aukist um tæp 5% frá árinu áður.

Fólksflutningar með flugi hafa stóraukist með ári hverju. Segja má að þegar gerður er flugvöllur í námunda við þéttbýlissvæði, eða gamall endurbyggður, þá strax stóraukist flug til staðarins. Fyrirsvarsmönnum byggðarlaganna ber saman um það, að fólki fjölgi jafnframt á þeim stöðum sem búa við öruggar flugsamgöngur. Sveitarstjórnarmenn hafa sagt að þeir skildu ekki hvernig fólk færi að, ef það missti flugsamgöngurnar, svo háðir eru íbúar dreifbýlisins flugsamgöngum. Sumir landshlutar eru þó háðari flugsamgöngum en aðrir og má þar til nefna Vestfirði og Austfirði.

Eftirfarandi töflur birtust í Fjármálatíðindum júlí—des. 1976:

1. tafla. Fólksflutningar á sérleyfisleiðum 1956—1975[1]).

	Ekin vegalengd þús. km	Tala farþega	Farþega-km í þús.
1956	5 431	684 357	34 996
1957	5 117	588 144	32 926
1958	5 219	684 410	34 974
1959	5 112	580 320	30 852
1960	5 302	635 317	31 852
1961	5 441	647 717	36 017
1962	5 468	647 124	34 631
1963	5 043	689 397	35 183
1964	5 576	580 694	23 773
1965	5 167	550 369	32 886
1966	5 342	483 142	38 495
1967	3 433	492 517	38 998
1968	2 632	425 517	26 888
1969	2 531	525 858	27 963
1970	2 787	599 909	34 340
1971	2 862	619 005	36 361
1972	2 884	636 504	31 501
1973	2 890	655 926	33 357
1974	2 428	589 386	33 371
1975	2 165	490 553	31 276

1) Fólksflutningar Landleiða hf. á Hafnarfjarðarleið eru ekki taldir með, sjá texta.

2. tafla. Innanlandsflug Flugfélags Íslands 1955—1975.

	Flogin vegalengd þús. km	Far-þega-fjöldi	Farþega-km í þús.	Fragt tonn	Póstur tonn
1955	1 150	44 512	10 013	949	107
1956	1 230	54 850	12 419	1 171	137
1957	1 309	59 501		1 422	144
1958	1 079	56 045	11 737	1 478	144
1959	821	51 195	10 488	1 140	181
1960	868	51 593	10 879	1 053	151
1961	755	48 382	10 527	905	106
1962	907	68 091	14 976	1 120	127
1963	893	66 653	15 416	982	117
1964	965	74 598	17 236	1 054	128
1965	1 181	93 489	22 274	1 291	177
1966	1 433	111 724	27 082	1 925	351
1967	1 474	117 988	28 234	2 656	434
1968	1 295	109 516	25 448	3 008	422
1969	1 225	107 032	25 348	3 283	455
1970	1 149	108 328	26 238	3 401	437
1971	1 355	130 612	31 780	3 834	526
1972	1 590	152 246	37 037	4 082	560
1973	1 868	183 287	44 309	4 605	572
1974	1 995	201 375	46 729	4 764	614
1975	2 136	205 176	49 242	5 243	676

Farþegar í flugi innanlands voru 555 019 árið 1977 og hafði þá meðalaukning verið um 13.8% frá árinu áður.

Af framansögðu má sjá, að stöðugur vöxtur er í flugi hérlendis. Stöðugur vöxtur krefst aftur á móti aukins aðbúnaðar, sem á hefur skort.

Í nóvember 1976 skilaði hin svokallaða Flugvallanefnd áliti sínu og lagði fram 6 ára áætlun um uppbyggingu innanlandsflugsins. Þar var verkefnum raðað í áherslu-flokka. Það var samhljóða álit flugvallanefndar, flugráðs og flugmálastjórnar, að 900 milljónir króna yrðu árlega lagðar til stofnframkvæmda flugmálastjórnar í 6 ár til brýnustu öryggisverkefna (miðað við verðlag 1976).

Samþykkt var með þingsályktun (271. mál) vorið 1977 að hliðsjón yrði höfð í öllum meginatriðum af tillögum flugvallanefndar og að við mat á forgangsröð slíkra framkvæmda verði eftirfarandi einkum haft í huga:

a) Öryggisbúnaður flugvallarins.
b) Aðbúnaður flugfarþega.
c) Fjöldi flughreyfinga og magn flugflutninga.
d) Ástand núverandi flugbrauta og/eða búnaður.
e) Mikilvægi flugs fyrir viðkomandi byggðarlag.
f) Þarfir millilandaflugs.

Stofnfjárframlög til flugmála hafa hins vegar lítið breyst undanfarin ár, nema þá til lækkunar í langflestum tilfellum.

Árið 1978 var 600 millj. kr. varið til stofnkostnaðar í flugmálum (utan Keflavíkur) eða ⅓ minna en tillaga flugvallanefndar, flugráðs og flugmálastjórnar hljóðaði upp á. Framkvæmdatímabilið, sem ætlað var til þess að lágmarkskröfum yrði fullnægt, er því hvorki 6 ár né þriðjungi lengra, þ. e. 8 ár, heldur enn þriðjungi lengra, þ. e. 11 ár, og er þá verðbólgan enn ekki reiknuð í dæminu.

Meðfylgjandi tafla sýnir breytingar á stofnkostnaði til samgöngumála í milljónum króna á árunum 1967—1978, verðlag 1969.

	1967	1978	%
Vegir:	125.4	391.5	+312 %
Hafnir:	127.0	267.4	+210.5%
Flugvellir:	33.9	49.2	+ 45 %

Eftirfarandi dæmi sýnir raunframlag ríkisins til fjárfestingar í flugmálum, í þúsundum króna, þó er ekki tekið tillit til aðflutningsgjalda af flugleiðsögutækjum, en þar er um tugi milljóna að ræða:

	1976	1977	1978
Stofnframlag til flugmála	252 000	376 000	600 000
÷ Tekjur af fríhöfn	212 180	225 500	331 578
÷ Flugvallaskattur	225 633	210 145	560 000
	÷185 813	÷ 59 645	÷291 578

Ef litið er á samgöngumálin með hagsmuni þjóðarinnar allrar í huga, þá er ljóst að nauðsyn er á samgöngum í lofti, á láði og legi. Hver samgönguþáttur hefur sínu ákveðna hlutverki að gegna. Sjóflutningar miðast nær eingöngu við vöruflutninga, en dregið hefur úr fólksflutningum, sem færast æ meir yfir til loftflutninga. Ástæður þess eru þær að:

a) Þurfi í skyndingu að komast milli fjarlægra staða (og oft nálægra en erfiðra), þá er flugið langhappadrýgsti ferðamátinn. Mjög veigamikill þáttur í almannavörnum á þessu landi eru flestir flugvellir og þá ekki síst neyðarflugvellir. Sjúkraflug fer vaxandi með ári hverju og verður sífellt meira áríðandi í ljósi þess, að sjúklingar eða slasaðir eru oftast fluttir á stærstu sjúkrahúsin ef um meiri háttar atvik er að ræða. Því er mikilvægt að sjúkravellir séu alltaf vel færir flugvélum og séu til í nálægð sjúkrahúsa og þéttbýlla svæða.
b) Þegar snjóþyngsli loka heilum héruðum er alltaf hægt að fljúga þegar veðri slotar og flugvöllurinn hefur verið ruddur. Hins vegar þarf einatt að ryðja hundruð kílómetra af vegum til þess að opna fyrir akandi umferð.
c) Flugið er mjög öruggur ferðamáti í samanburði við önnur samgöngutæki, slysatíðni er miklu lægri.
d) Flugið sparar tíma. Dæmi um það er að um tveggja tíma akstur er frá Akranesi til Reykjavíkur, en flug tekur 4—6 mínútur. Í nútímaþjóðfélagi er tíminn verðmætur, hvort sem litið er beint á kostnaðarhliðina eða aukin afköst.
e) Flugið er í fjölmörgum tilfellum ódýrara en akstur. Dæmi um það er að bílferð frá Stykkishólmi til Reykjavíkur kostar 3 400 kr. og stendur yfir í 5—6 klst. Keyptur er matur og kaffi á leiðinni fyrir ca. 2 500 kr., og í ferðina fara a. m. k. 6 vinnustundir. Ef sinna þarf erindum, þarf það að gerast næsta dag og má þá enn bæta við gistingu o. fl. Flugferð frá Stykkishólmi kostar á sambærilegu verðlagi 6 900 kr. og stendur í u. þ. b. 35 mínútur.
f) Þá er það eftirtektarvert, að járnbrautir hafa aldrei orðið flutningamiðill hérlendis. Flugið hefur komið í stað þeirra. Ágætt er að taka til samanburðar fjárfestingar annarra þjóða í járnbrautakerfi þeirra og flugmálum og bera saman við þróunina hér á Íslandi.

Það, sem gera þarf, er að búa alla flugvelli lágmarkstækjakosti. Kröfurnar eru misjafnar eftir því hvort um er að ræða áætlunarflugvöll (millilanda-, aðal- eða

skammbrautaflugvöll) eða fyrir neyðartilvik (sjúkraflugvöll). Ef tekið er mið af áætlunarflugvöllum fyrir innanlandsflug, má segja að lágmarkskröfur séu meðal annars:

a) Fullkomin flugleiðsögutæki séu fyrir hendi, þannig að hægt sé að fljúga yfir að staðnum. Aðflugstæki, svo að fljúga megi niður að flugbraut af fullu öryggi í tiltekið lágmark. Brautarljós og aðflugshallaljós þurfa að vera fyrir hendi vegna öryggis í lendingu.
b) Flugbrautin sjálf þarf að liggja vel að vindáttum með sem minnstar hindranir á aðflugsleið, eftir því sem við verður komið. Undirbygging flugbrautar þarf að vera á þann hátt, að brautin þoli bleytu og hálku, helst steyptar eða malbikaðar brautir. Flugbrautir þurfa að vera girtar til þess að verja þær ágengni manna og búfjár. Á brautinni verður að vera slökkvibúnaður, sem hentar viðkomandi flugvélategund, og björgunarbúnaður af sömu flokkun. Þar þarf að vera eftirlitsmaður sem hafi undir höndum a. m. k. fjarskiptatæki — vindmæli — hæðarmæli.
c) Á flugvallarsvæðinu þarf hús fyrir eftirlitsmann og farþega, sem hafi að geyma m. a. herbergi fyrir stjórnun og afgreiðslu, rúmgott herbergi fyrir farþega með horni til kaffihitunar, salerni, tækjageymslu og síma.
d) Á flugvallarsvæðinu þarf aðgang að tæki til snjóruðnings, bremsumælinga og sandburðar.

Það, sem að framan er talið, eru LÁGMARKSKRÖFUR. Þó þessi aðstaða væri fyrir hendi teldist hún ekki fullkomin.

Enginn íslenskra áætlunarflugvalla mætir öllum þessum kröfum sem áður er lýst, nema Keflavík—Reykjavik—Akureyri. Á langflestum áætlunarflugvöllum er ástandið langt fyrir neðan allt velsæmi. Varla er ræðandi um neyðarvelli, sem ekki eru annað en for. Þessi for verður stórhættuleg flugmönnum og flugfarþegum í bleytu og leysingum.

Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ætlað að vera grundvöllur skipulegs átaks í flugmálum Íslendinga. Meginefni þess er að skylda ríkisstjórn til þess að leggja fram með reglubundnum hætti flugmálaáætlun til samþykktar á Alþingi og haga stjórn flugmála eftir ákvæðum hennar. Sú tilhögun, sem frumvarpið byggir á, er sótt að meginefni til í ákvæði vegalaga um vegáætlun. Þess ber að geta, að ekki eru í frumvarpinu gerðar tillögur um mörkun tekjustofna í þágu verkefnisins, heldur gert ráð fyrir að tekna verði aflað með almennum hætti, og er það í samræmi við ríkjandi meginsjónarmið um stjórn ríkisfjármála.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldu ráðherra til framlagningar þingsályktunar um flugmálaáætlun að fengnum tillögum flugráðs. Til þess er ætlast, að í tillögunni sé útgjöldum skipt í megindráttum, en nánari skipting fari fram í meðferð Alþingis. Gert er ráð fyrir að öllu fé sem verja skal til flugmála, sé ráðstafað með áætluninni án tillits til þess, með hvaða hætti fjárins er aflað. Þá er lagt til að áætlunartími verði fjögur ár, en áætlunin endurskoðuð á tveggja ára fresti.

Um 2. gr.

Hér er kveðið nánar á um gerð flugmálaáætlunar og þarfnast þessi grein ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Þessi grein hefur að geyma skilgreiningu á verkefnaflokkum. Þess skal getið, að með hugtakinu „skammbrautaflugvellir“ er átt við það sem á alþjóðlegu flugmáli er nefnt STOL flugvellir.

Um 4. gr.

Nauðsynlegt þykir að setja framlagningu þingsályktunar um flugvallaáætlun nokkur tímamörk til tryggingar því, að hún fái vandaða þinglega meðferð.

Um 5. gr.

Með þessari grein er þess freistað að auðvelda Alþingi eftirlitsskyldu sína um framkvæmd áætlunarinnar.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 7. Frumvarp til laga [6. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

(Lagt fyrir Alþingi á 101. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

1. málsgr. 59. gr., sbr. 1. málsgr. 6. gr. laga nr. 22/1955, orðist svo:

Ef aðili rýfur í verulegum atriðum skilyrði þau eða fyrirmæli, sem honum hafa verið sett samkvæmt 1.—6. tölulið 3. málsgr. 57. gr., getur saksóknari krafist þess, að dómari taki málið fyrir að nýju, enda sé skilorðstími ekki liðinn, þegar rannsókn hefst gegn aðila sem sökunaut fyrir rétti eða lögreglustjóra (rannsóknarlögreglustjóra ríkisins) eða löglærðum fulltrúa hans.

2. gr.

1. málsliður 60. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955 orðist svo:

Nú hefur rannsókn út af nýju broti aðila hafist með þeim hætti, sem segir í 1. málsgr. 59. gr., áður en skilorðstíma lýkur, og er dómstólum þá heimilt að dæma refsingu fyrir það brot sér í lagi án skilorðs, en láta skilorðsdóm haldast.

3. gr.

Fyrirsögn IX. kafla laganna verði þessi:

Fyrning sakar, brottfall viðurlaga og uppreist æru.

4. gr.

80. gr. orðist svo:

Sakir fyrnast samkvæmt ákvæðum 81. og 82. gr. Á það einnig við um brot samkvæmt sérrefsilögum, nema þar sé annan veg mælt.

5. gr.

81. gr. orðist svo:

Sök fyrnist á þeim tíma, er hér segir:

1. Á 2 árum, þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 1 árs fangelsi eða refsing sú, sem til er unnið, fer ekki fram úr sektum.
2. Á 5 árum, þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 4 ára fangelsi.
3. Á 10 árum, þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 10 ára fangelsi.
4. Á 15 árum, ef þyngsta refsing við broti er 16 ára fangelsi eða lengra tímabundið fangelsi.

Sök samkvæmt 262. gr. fyrnist þó ekki á skemmri tíma en 5 árum. Hinu sama gegnir um brot, sem fólgin eru í því, að sakborningur kemur sér undan greiðslu á tollum, sköttum eða öðrum gjöldum til hins opinbera.

Nú gerist maður sekur um háttsemi, sem varðar við fleiri en eitt refsiákvæði, og skal þá miða fyrningarfrest brotanna við það ákvæði, er geymir þyngst refsimörk.

6. gr.

82. gr. orðist svo:

Fyrningarfrestur telst frá þeim degi, er refsiverðum verknaði eða refsiverðu athafnaleysi lauk.

Nú er refsinæmi háð því að nokkru leyti eða öllu, að háttsemi hafi í för með sér tiltekna afleiðingu, og hefst fyrningarfrestur þá ekki fyrr en afleiðing þessi kemur fram. Hinu sama gegnir að sínu leyti, ef refsinæmi er háð því, að tiltekið atvik beri að höndum eftir að háttsemi er uppi höfð, og tekur sök þá ekki að fyrnast, fyrr en atvik þetta hefur gerst.

Nú er refsiverður verknaður framinn á íslensku skipi eða loftfari, utan refsilögsögu íslenska ríkisins, og tekur sök þá ekki að fyrnast, fyrr en skipið eða loftfarið er komið til íslenskrar hafnar. Fyrningarfrestur hefst þó ekki síðar en 1 ári frá því að brot var framið.

Fyrningarfrestur rofnar, þegar rannsókn hefst gegn manni sem sökunaut fyrir rétti eða lögreglustjóra (rannsóknarlögreglustjóra ríkisins) eða löglærðum fulltrúa hans út af broti. Nú heimila lög lögreglumanni að ljúka máli með sátt, og er fyrning þá rofin, er lögreglumaður sakar mann um brot og gerir honum kost á sátt. Þegar stjórnvaldi er endranær heimilað að gera mönnum refsingu fyrir brot, rofnar fresturinn er stjórnvald sakar mann um slíkt brot.

Nú er hætt við rannsókn samkvæmt næstu málsgrein hér á undan vegna þess að handhafi ákæruvalds ákveður að höfða ekki mál gegn sakborningi eða hverfur síðar frá ákæru og fyrnist sök þá án tillits til þeirrar rannsóknar. Rannsókn sem hætt er við um óákveðinn tíma, rýfur ekki heldur frestinn, nema stöðvunin stafi af því að sökunautur hafi komið sér undan rannsókn. Þá telst tími sá, sem rannsóknin stóð yfir, ekki til fyrningartímans. Hafi mál ónýst, sem höfðað var innan loka fyrningarfrests, má taka það upp að nýju á næstu 3 mánuðum frá því að það ónýttist.

Nú er sök fyrnd samkvæmt framansögðu og verður þá hvorki refsað fyrir háttsemina né dæmd viðurlög þau, sem mælt er um í 62.—67. gr. Hinu sama gegnir um eignarupptöku og réttindasviptingu og úrræði samkvæmt 2. málsgr. 148. gr. og 2. málsgr. 241. gr. Fyrningarfrestur um eignarupptöku er ekki skemmri en 5 ár, en 10 ár um eignarupptöku samkvæmt 3. tölulið 1. málsgr. 69. gr. og hliðstæðum ákvæðum í sérrefsilögum, nema þar sé öðruvísi kveðið á.

7. gr.

83. gr. orðist svo:

Refsivist eða hælisvist, sem dæmd hefur verið, fellur niður, ef fullnusta dóms er eigi byrjuð áður en frestir þeir eru liðnir sem hér greinir:

1. 5 ár, ef refsing er varðhald eða fangelsi allt að 1 ári eða dæmd er hælisvist samkvæmt 65. gr.
2. 10 ár, ef refsing er fangelsi lengur en 1 ár og allt að 4 árum, og á þetta einnig við um dæmd viðurlög samkvæmt 62., 66. og 67. gr.
3. 15 ár, ef refsing er fangelsi lengur en 4 ár og 8 ár hið mesta.
4. 20 ár, ef tímabundin fangelsisrefsing er dæmd lengri en 8 ár.

Fyrning samkvæmt framansögðu hefst, þegar unnt er að fullnægja dómi samkvæmt almennum ákvæðum laga.

Frestun á fullnustu refsingar samkvæmt skilorðsdómi telst ekki til fyrningartíma né heldur sá tími sem aðili sætir refsivist eða hælisvist samkvæmt öðrum dómi. Hinu sama gegnir um skilyrta náðun, þó þannig að fyrningartími lengist ekki nema sem skilorðstíma svarar.

Fyrning er rofin, þegar fullnusta dóms er hafin.

Nú hefur fangi tekið út nokkurn hluta refsivistar eða hælisvistar, en er veitt reynslulausn eða skilyrt náðun. Rjúfi hann síðan skilorð og ákvörðun er tekin um, að hann afpláni það, sem eftir stendur af refsivist eða hælisvist, og telst þá

fyrning á fullnustu eftirstöðva refsingar og annarra dæmdra viðurlaga frá því, er slík ákvörðun var tekin. Ef fullnusta refsingar eða annarra viðurlaga samkvæmt 1. málsgr. stöðvast af öðrum ástæðum en þeim, sem greinir í þessari málsgrein, telst fyrning frá því, að stöðvun varð.

8. gr.

Ný grein, 83. gr. a., orðist svo:

Fésektarrefsing, sem ákveðin er með dómi, úrskurði eða sátt, fyrnist, þegar liðin eru 3 ár frá því að unnt var að fullnægja dómi, úrskurði eða sátt samkvæmt almennum ákvæðum laga. Ef fésekt er 500 000 krónur eða hærri er fyrningarfrestur þó 5 ár.

Fjárnám eða önnur trygging, sem aflað hefur verið fyrir sektinni fyrir lok fyrningarfrests, heldur þó gildi sínu.

Vararefsing við fésekt, sbr. 53. gr., fellur niður samkvæmt ákvæðum 1. mgr., nema fullnusta hennar sé hafin innan þar greindra tímamarka.

Eignarupptaka, sem ákveðin er með dómi, úrskurði eða sátt, fellur niður þegar liðin eru 5 ár frá því að unnt var að fullnægja ákvörðun um eignarupptöku. Í dómi er þó heimilt að ákveða að frestur sé allt að 10 árum. Ákvæði 2. mgr. gildir einnig um eignarupptöku.

Sá tími, sem fullnusta frestast vegna ákvæða skilorðsdóms eða skilyrtrar náðunar, telst ekki með fyrningarfresti.

9. gr.

Ný grein, 83. gr. b., orðist svo:

Dómi, úrskurði eða sátt um refsingu eða önnur viðurlög samkvæmt VII. kafla verður eigi fullnægt eftir andlát sakfellds manns, sbr. þó 2. málsgr., nema lagaheimild sé til annars.

Nú hefur dómi, úrskurði eða sátt um eignarupptöku eigi verið fullnægt að nokkru eða öllu, þegar sakfelldi andaðist, og getur ríkissaksóknari þá krafist þess, að héraðsdómari í síðasta varnarþingi sakfellda kveði svo á með úrskurði að fullnægja skuli ákvæðum um eignarupptöku, enda stafi hún af hagnaði sakfellda af broti eða varði hluti, sem til hafa orðið við misgerning. Dómari getur þá breytt eignarupptökuákvæði svo, að í stað upptöku á hlut komi tiltekin fjárhæð. Úrskurður dómara sætir kæru samkvæmt ákvæðum XXI. kafla laga nr. 74/1974, og eru erfingjar hins látna réttir kæruaðilar.

Dómsákvæðum samkvæmt 2. málsgr. 148. gr. og 2. málsgr. 241. gr. er unnt að fullnægja eftir andlát dómfellda.

10. gr.

217. gr. orðist svo:

Hver, sem gerist sekur um líkamsárás, enda sé hún ekki svo mikil sem í 218. gr. segir, skal sæta sektum eða varðhaldi, en fangelsi allt að 1 ári, ef háttsemin er sérstaklega vítaverð.

Málssókn er opinber út af broti samkvæmt 1. málsgr., og skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist þess.

11. gr.

218. gr. orðist svo:

Hafi maður með vísvitandi líkamsárás valdið öðrum manni tjóni á líkama eða heilbrigði, og þessar afleiðingar árásarinnar verða taldar honum til sakar vegna ásetnings eða gáleysis, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef sérstakar málsbætur eru.

Nú hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón af árás eða brot er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, þ. á m. tækja, sem notuð eru, svo og þegar sá, er sætir líkamsárás hlýtur bana af atlögu, og varðar brot þá fangelsi allt að 16 árum.

12. gr.

Ný grein, 218. gr. a., orðist svo:

Nú hefur sá, sem dæmdur er sekur um brot á 217. eða 218. gr., áður sætt refsingu samkvæmt þeim greinum eða honum hefur verið refsað fyrir brot, sem tengt er að öðru leyti við vísvitandi ofbeldi, og má þá hækka refsingu allt að helmingi.

Samþykki til líkamsárásar veldur því, að refsingu, sem ella væri unnið til, má lækka. Nú varðar verknaður við 217. gr., og verður þá ekki refsað, þegar samþykki liggur fyrir.

Nú er líkamsárás unnin í áflogum eða átökum milli þess, sem henni veldur, og þess, sem misgert er við, og er þá heimilt að lækka refsingu eða jafnvel láta hana falla niður, þegar verknaður á undir 217. gr. Sama er, ef sá, sem verður fyrir tjóni, á upptök að átökum með árás, ertingum eða líku.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af hegningarlaganefnd, en í henni eiga nú sæti dr. Ármann Snævarr, forseti hæstaréttar, formaður nefndarinnar, Jónatan Þórmundsson, prófessor, og Þórður Björnsson, ríkissaksóknari, en ritari nefndarinnar er Jón Thors, deildarstjóri.

Er frumvarpið þáttur í endurskoðun á ýmsum ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Frumvarpið skiptist í tvo meginþætti. Fjallar sá fyrri um ákvæði IX. kafla laganna um fyrningu sakar og brottfall viðurlaga og ákvæði tengd þeim, þar á meðal 59. og 60. gr. laganna, en sá síðari um ákvæði XXIII. kafla laganna um líkamsárásir og líkamsmeiðingar.

Með frumvarpinu fylgdi frá hegningarlaganefnd svohljóðandi greinargerð:

A. Greinargerð um sakarfyrningu og brottfall viðurlaga, 1.—9. gr. frv.

I.

Helstu nýmæli í reglum frumvarpsins um sakarfyrningu o. fl.

Með frv. er lagt til, að nýjar reglur séu settar um efni það, sem nú greinir í 80.—83. gr. almennra hegningarlaga, en jafnframt er vissum þáttum við þær aukið, svo sem getið verður hér síðar. Skal gerð hér í upphafi stutt grein fyrir helstu nýmælum í frumvarpinu:

1. Í frv. felst, að reglur um sakarfyrningu taki til allra brota, hvort sem þau lúta almennum hegningarlögum eða öðrum refsilögum utan þeirra, andstætt því sem nú er, sbr. upphaf 81. gr.

2. Lagt er til í frv., að öll brot séu háð fyrningu, nema þau, er ævilangt fangelsi liggur við. Samkvæmt 80. gr. gildandi laga fyrnast ekki brot samkv. XIV. kafla almennra hegningarlaga, ef refsing sú, sem til er unnið, fer fram úr sektum, svo og þau brot, þar sem refsing hefði orðið fangelsi þyngra en 8 mánuðir, enda fari þyngsta refsing, sem við broti liggur, fram úr 6 ára fangelsi.

3. Frv. geymir tillögur um nýja fyrningarfresti og breyttan grundvöll þeirra. Viðmiðunin um fyrningu er meira reist á því í frv., hver refsimörk séu við einstök

brot, en hinu, hverja refsingu ætla megi að maður hefði unnið sér, eins og á stendur. Greinimarkinu um refsingu, sem til er unnið, er þó haldið í 1. tl. 5. gr. frv. varðandi fésektir.

4. Nýmæli er um bókhaldsbrot samkv. 262. gr. alm. hegningarlaga í 2. málsgr. 5. gr. frv. Einnig er nýmæli í 3. málsgr. 5. gr. um það, er háttsemi varðar við fleiri en eitt refsiákvæði, og skal þá miða fyrningarfrest brotanna við það ákvæði, er geymir þyngst refsimörk.

5. Um rof fyrningarfrests eru ákvæði í 6. gr. Er þar helsta nýmælið að lagt er til, að rannsókn gegn manni sem sökunaut bæði fyrir dómstól og fyrir lögreglustjóra (rannsóknarlögreglustjóra ríkisins) og löglærðum fulltrúum þeirra geti rofið fyrningu. 82. gr. alm. hegningarlaga er nú einskorðuð við dómsrannsókn í þessu sambandi. Stendur þetta nýmæli í tengslum við nýskipan á rannsókn opinberra mála með lögum frá 1976.

6. Sakarfyrningarreglur taka ekki nú beinlínis til annarra viðurlaga við broti en refsingar. Í 6. málsgr. 6. gr. frv. er lagt til, að fyrning saka valdi því, að viðurlög samkv. VII. kafla alm. hegningarlaga verði eigi heldur dæmd, svo og úrræði samkv. 2. málsgr. 148. gr. og 2. málsgr. 241. gr., en sérstakar reglur eru þó greindar um eignarupptöku.

7. Í alm. hegningarlögum segir eigi berum orðum um áhrif þess, að sök sé fyrnd. Í 4. gr. frv. segir beint, að þegar sök sé fyrnd, verði eigi refsað fyrir háttsemina, og er þar lagt til, að lögskráð verði regla, sem löngu er dómhelguð. Í 6. gr. greinir einnig, að eigi verði þau viðurlög dæmd, sem um getur í 6. tölulið hér næst á undan, ef sök er fyrnd.

8. 83. gr. alm. hegningarlaga hefir verið endurskoðuð og efni hennar skipað í tvær greinar, 7. gr. og 8. gr. frv. Fjallar fyrri greinin um fyrningu á fullnustu refsivistar, sem dæmd hefur verið, eða hælisvistar. Eru reglur um þetta efni færðar til samræmis við hin norrænu refsilögin, en miklu skiptir, að þessar reglur séu samræmdar vegna laga 69/1963 um fullnustu norrænna refsidóma hér á landi. Reglur frv. eru talsvert rækilegri en hliðstæðar reglur í gildandi 83. gr. Síðari greinin, 8. gr., fjallar um fyrningu á fullnustu á dómum, úrskurðum eða sáttum, sem ákvarða sektarrefsingu eða eignarupptöku. Er það nýmæli, að reglur þessar taki til eignarupptöku. Í reglum frv. um sektarúrlausnir er greint milli þess, hvort sekt sé undir 500 000 krónum eða yfir, og telst fullnustufrestur 3 ár í fyrra tilviki, en 5 ár í hinu síðara.

9. Í almennum hegningarlögum eru eigi almenn ákvæði um áhrif andláts á fullnustu refsingar eða annarra viðurlaga við brotum, sem dæmd hafa verið, sbr. þó 4. málsgr. 52. gr. um fésektir. Í 9. gr. frv. er tekin afstaða til ýmissa efna, er lúta að þessu, þ. á m. varðandi dóma út af eignarupptöku.

II.

Almennar athugasemdir um endurskoðun fyrningarreglnanna.

Ákvæði norrænna hegningarlaga um sakarfyrningu hafa sætt endurskoðun á síðustu árum, sbr. sænsku heildarlögin frá 1962, danska hegningarlagabreytingu frá 1967, finnska lagabreytingu frá 1969 og norska lagabreytingu frá 1972. Hafa norrænu hegningarlaganefndirnar undirbúið þessar lagabreytingar hver í sínu landi, en auk þess tók norræna hegningarlaganefndin mál þetta til meðferðar og samdi um það álitsgerð og tillögur árið 1966, sbr. Nordisk udredningsserie 1967, nr. 15. Eru vissulega rök til þess að hafa ákvæðin sem svipuðust í norrænu lögunum um þetta lagaatriði, ekki síst reglurnar um fyrningu á fullnustu refsinga og annarra refsikenndra viðurlaga vegna laganna um fullnustu norrænna refsidóma, sbr. hér á landi lög 69/1963.

Við endurskoðun þá, sem hegningarlaganefnd hefir nú framkvæmt á reglunum um sakarfyrningu o. fl., hefir fyrst og fremst verið tekið mið af innlendri reynslu, svo og viðhorfum, sem stafa af breyttri skipan rannsóknar- og dómsvalds í opin-

berum málum, sbr. einkum lög um það efni frá 1976. Með tillögum hegningarlaganefndar er einnig stefnt að því að færa íslensk hegningarlög að því er varðar þetta lagaatriði til muna nær hinum norrænu hegningarlögunum en nú er. Ýmsar reglur verða lögskráðar, ef frv. nær fram að ganga, sem eigi eru lögfestar nú. Hafa ber þó í huga, að refsiréttarfræðin hlýtur að ráða fram úr margvíslegum vandamálum í þessu efni, sem ógerlegt er að festa í lagatexta.

Ákvæði um sakarfyrningu og fyrningu á fullnustu refsingar og annarra viðurlaga eru í flestum hegningarlögum. Þau eru þó nokkuð sitt með hverju móti, bæði um það, hvaða brot séu háð fyrningu og ekki síður hitt, hver fyrningartími sé um einstök brot og hvaða lagasjónarmið séu lögð til grundvallar fyrningarfresti. Enn fremur um það, með hverjum hætti fyrning verði rofin, svo að nokkur efni séu nefnd. Hér á eftir verður vikið að einstökum efnisatriðum þessa máls, og það rakið, hvernig frv. gerir ráð fyrir, að þau séu leyst.

III.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Í 59. gr. og 60. gr. alm. hegningarlaga er nú kveðið svo á, að forsenda fyrir því, að skilorðsdómur verði tekinn upp til endurskoðunar vegna skilorðsrofs samkvæmt kröfu ákæruvalds sé sú, að réttarrannsókn hefjist út af nýju broti eða öðru rofi á skilorði fyrir lok skilorðstíma. Vegna nýrrar skipunar á rannsókn opinberra mála með lögum 107, 108 og 109 frá 1976 sætir mál frumrannsókn hjá rannsóknarlögreglu (lögreglu), og getur orðið alllangur aðdragandi að því, að mál komi fyrir dóm. Rétt þykir því að miða forsendu fyrir endurskoðun skilorðsdóms við það, er mál kemur fyrir dóm eða rannsóknarlögreglustjóra, lögreglustjóra eða löglærða fulltrúa þeirra. Hér er beitt sama greinimarki og um rof fyrningarfrests samkv. nýrri orðun 4. mgr. 82. gr. hegnl., sbr. 4. mgr. 6. gr. frv. þessa. Vísast um frekari rökstuðning til athugasemda um það ákvæði hér á eftir.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að bætt verði í fyrirsögn kaflans orðunum: brottfall viðurlaga, en um þau fjallar nú 83. gr. laganna. Í frv. eru ákvæði um þetta efni í 7., 8. og 9. gr.

Um 4., 5. og 6. gr.

Í þessum greinum er tekin afstaða til margra efnisþátta um fyrningu, og skal það nú rakið.

1. Hvaða brot séu fyrnanleg.

Samkvæmt 80. og 81. gr. alm. hegningarlaga fyrnast ekki a) brot samkv. XIV. kafla (brot í opinberu starfi), ef refsing, sem til er unnið, fer ekki fram úr sektum, svo og b) brot, þar sem þyngsta refsing, sem við broti liggur, fer fram úr 6 ára fangelsi og refsing sú, sem til er unnið, er þyngri en 8 mánaða fangelsi. Hegningarlaganefnd telur, að ekki séu rök til þess, að hafa sérreglur um brot samkv. XIV. kafla alm. hegningarlaga, og þess má geta, að um þau brot gilda almennar reglur um sakarfyrningu samkv. norrænu hegningarlögunum, eins og þau eru nú úr garði gerð. Telja verður, að öll brot eigi að lúta fyrningu sakar, nema alveg sérstök gagnrök komi fram. Að svo stöddu telur hegningarlaganefnd, að brot, sem við liggur ævilangt fangelsi, eigi ekki að vera háð fyrningu, en það eru nú manndráp, sbr. 211. gr., landráð, sbr. 86. gr., uppreisn, sbr. 98. gr., árás á Alþingi og æðstu stjórnvöld, landsdóm eða Hæstarétt, sbr. 100. gr., nauðgun, sbr. 194. gr., stórfelld líkamsárás, sbr. 218. gr., og rán, ef sökunautur hefur oftar en einu sinni verið dæmdur fyrir auðgunarbrot, sbr. 255. gr. Má raunar þykja líklegt, að refsimörk í sumum þessara brota verði endurskoðuð á næstunni, og er tillaga um það í þessu frv. að því er varðar líkamsmeiðingar samkv. 218. gr.

Tekið skal fram, að ákvæði frv. eru að þessu leyti í samræmi við dönsku hegningarlagabreytinguna frá 1967, en í norsku hegningarlagabreytingunni frá 1972 er settur sérstakur fyrningarfrestur, 25 ár, um brot sem varða ævilöngu fangelsi.

2. Eiga reglur almennra hegningarlaga um fyrningu sakar að taka til þeirra brota einna, sem um er mælt í þeim lögum.

Í upphafi 81. gr. alm. hegningarlaga er nú skýrlega kveðið svo á, að fyrningarreglur greinarinnar eigi aðeins við um brot, sem lúta almennum hegningarlögum, þ. e. að þær eigi ekki beint við um brot, sem lýst eru refsiverð í sérrefsilögum. Stundum eru sérstök fyrningarákvæði í refsilögum utan almennra hegningarlaga, þótt fremur fátítt sé, sbr. t. d. lög 68/1971, 48. gr., og lög 40/1978, 108. gr. (skattsektir), lög 4/1963, 14. gr. (lög um ráðherraábyrgð), lög 19/1971, 23. gr. (ábyrgð vegna útvarpsefnis), lög 87/1971, 15. gr. (um orlof), lög 12/1923, 22. gr. (um einkaleyfi), lög 25/1921, 9. gr. (brot á einkarétti Háskóla Íslands til útgáfu almanaks), lög 84/1933, 12. gr. (varnir gegn óréttmætum verslunarháttum o. fl.), sbr. hins vegar l. nr. 56/1978. Við brot samkv. sérrefsilögum, sem eigi hafa fyrningarákvæði að geyma, verður það álitamál, hvort unnt sé að beita ákvæðum 81. gr. almennra hegningarlaga með löggjöfun, sbr. Íslenskar dómaskrár III, bls. 189—190. Ástæðan til þess, að fyrningarreglur alm. hegningarlaga eru ekki látnar taka beint til brota samkv. sérrefsilögum, er einkum sú, að sumum þeirra er auðvelt að leyna, og þau komast oft ekki upp, fyrr en löngu eftir að þau eru framin, sbr. t. d. undandrátt eigna og tekna undan sköttun, og ýmis önnur brot, sem fólgin eru í að hafa fé af opinberum sjóðum eða t. d. bókhaldsbrot, brot á byggingarlöggjöf, brunamálalöggjöf, heilbrigðislöggjöf o. fl. Þessi ástæða endist þó ekki til annars í hæsta lagi en að sérreglur séu settar um upphaf og lengd fyrningarfrests, sbr. sérákvæði í 5. gr. frv. um bókhaldsbrot og brot, sem fólgin eru í að skjóta eignum og tekjum undan sköttum o. fl. Eðlilegt þykir samkv. þeim almennum refsiréttarrökum, sem liggja til sakarfyrningar, að fyrningarákvæði alm. hegningarlaga taki einnig að höfuðstefnu til brota, er varða við sérrefsilög. Hitt verður að ráðast, hvort ástæða þyki til að setja sérákvæði um fyrningu í refsiákvæðum sérlaga. Óhaganlegt þykir að láta það velta á löggjöfun, hvort ákvæðum alm. hegningarlaga verði beitt um svo mikilvægt atriði sem fyrningu, og slíkt veldur örðugleikum bæði í úrlausnum ákæruvalds og dómstóla. Ákvæði 5. gr. í frv. þessu er reist á þessum sjónarmiðum, og tekur til allra brota, nema sérlög kveði annan veg á, en þau ákvæði ganga þá framar ákvæðum alm. hegningarlaga. Gegnir þessu einnig um sérrefsilagaákvæði, sem nú eru í lögum — þau halda gildi sínu og verða ákvæði alm. hegningarlaga að þoka fyrir þeim. Hegningarlaganefnd telur hins vegar, að þörf sé á endurskoðun á einstökum ákvæðum sérrefsilaga, er lúta að fyrningu. Þá endurskoðun hugsar nefndin sér heildstæða, þannig að hún taki einnig til annarra viðurlaga og efnisatriða í sérrefsilögum, svo sem varðandi sektarviðurlög þeirra, ákvæði um eignarupptöku og réttindasviptingu. Er vissulega tímabært að endurskoða ákvæði í sérlögum um refsingu og önnur viðurlög, sbr. og atriði eins og fyrningu, út frá samræmdum refsiréttarsjónarmiðum, enda stafa refsiákvæðin og viðurlagaákvæðin frá ýmsum tímum, og eru þau ekki ávallt reist á lagasjónarmiðum, sem samrýmast nútíma viðhorfum.

3. Lagasjónarmið, er hafa áhrif á lengd fyrningarfresta.

Í refsirétti er almennt viðurkennt, að það sé einkum saknæmi brots, sem ráða eigi lengd fyrningarfresta, þ. e. að því saknæmara sem brotið sé samkv. mati refsilöggjafans því lengri eigi fyrningarfrestir að vera. Að vísu grípa hér þó einnig önnur sjónarmið inn í, svo sem það hversu broti sé auðleynt. Við úrlausn á því, hversu saknæmt brot sé, hefir refsilöggjöf aðallega stuðst við tvennskonar grundvöll. Önnur aðferðin er að miða saknæmi brots við það, hve refsing sú, sem til er unnið,

hefði orðið þung eins og á stendur og er þá tekið tillit til allra þeirra atriða, sem áhrif hafa á refsimatið. Hin aðferðin tekur mið af því, hve þung refsiviðurlög geti legið við broti. Fyrri aðferðin er að mestu lögð til grundvallar í 81. gr. alm. hegningarlaga, en þó ekki fullum fetum. Síðari aðferðin er hins vegar notuð í hinum norrænu refsilögunum og víðast hvar í refsilögum utan Norðurlanda. Greinimark 81. gr. er sérgreint og tekur meir tillit til þess einstaka verknaðar, sem framinn hefir verið, og byggir á könnun allra atriða, sem orka á refsingu. Hin aðferðin er almennari og notast við utanverð atriði, þ. e. hver hin almennu refsimörk eru án tillits til sératvika máls hverju sinni. Refsimörkin sem slík eru þá talin veita vísbendingu um það, hversu alvarlegt brot sé. Í því sambandi er þess að gæta, að þótt brot varði við ákvæði, er hefir þung refsiviðurlög að geyma, þá getur refsing orðið *tiltölulega lág, sbr. t. d. 218. gr. alm. hegningarlaga.*

Sú aðferð að miða fyrningarfresti við almenn refsimörk, er stórum auðveldari lagaframkvæmd en tilhögunin samkv. 81. gr. alm. hegningarlaga. Í síðara tilviki þarf að prófa mál oft út í hörgul, svo að gengið verði úr skugga um, hvort sök sé fyrnd. Þessa þarf hins vegar ekki í jafn ríkum mæli, ef við hin almennu refsimörk er miðað. Má því ætla, að veruleg vinna og kostnaður sparist við það að lögfesta síðari aðferðina. Frá sjónarmiði þjóðfélagsins er þetta vissulega mikilvægt og horfir til að létta álagi af rannsóknar-, ákæru- og dómsvaldi. Af þessum sökum, svo og til að samræma ísl. refsilöggjöf hinum norrænu refsilögunum, er hér lagt til, í 5. gr. frv., að almennt verði fyrningarfrestir miðaðir við refsimörk, sbr. þó 1. tölulið 5. gr., þar sem við 2 ára frestinn er bæði miðað við refsimörk (1 árs fangelsi) svo og við það að refsing sú, sem til er unnið, fari ekki fram úr sektum. Er það tiltölulega lítið frávik frá meginreglunni, sem góð og gild rök mæla með. Þau vandkvæði, sem stafað geta í einstaka tilviki af því, að fyrningarfrestur verði óeðlilega langur, miðað við saknæmi brots, ef reglur frv. verða lögfestar, má leysa með því að ákæruvald falli frá ákæru, svo sem heimilað er í lögum 74/1974.

4. Um einstaka fyrningarfresti, 5. gr. frv.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir fjórum mismunandi fyrningarfrestum. Stafar það af því, að refsimörk eru svo rúm, að ærin þörf verður á sundurgreiningu brota, ef fyrning er látin velta aðallega á hinum almennu refsimörkum. Frestir verða þá 2, 5, 10 og 15 ár. Vegna þess fyrirvara í 1. tölulið 5. gr. frv., að miðað er öðrum þræði við refsingu, sem til er unnið, þ. e. sektir, þá mun allur þorri sérrefsilagabrota sæta 2 ára fyrningu, svo sem einnig er nú, enda varða þau sjaldnast þyngri viðurlögum en 1 árs fangelsi. 5 ára fyrningarreglan samkv. frv. horfir sumpart að því að þrengja fyrningu frá því, sem nú er, en sumpart rýmkar hún svið fyrningar. Um auðgunarbrotin myndi fyrningarfrestur oft lengjast úr 5 árum í 10, ef frv. yrði lögfest, því að samkv. 2. tl. 5. gr. frv. er 5 ára fresturinn miðaður við að eigi liggi þyngri refsing við broti en 4 ára fangelsi, en slíku er að jafnaði til að dreifa um auðgunarbrotin samkv. XXVI. kafla alm. hegningarlaga. Á hinn bóginn falla þau tilvik undir 5 ára regluna samkv. frv., þegar refsimörk eru 4 ára fangelsi þyngst án tillits til þess, hvort refsing, sem til er unnið, hefði farið fram úr 1 árs fangelsi, sbr. hins vegar 2. tl. 81. gr. alm. hegningarlaga um það atriði. Undir 10 ára fyrningarregluna í frv. koma sýnilega fleiri tilvik en undir 10 ára reglu 3. tl. 81. gr. alm. hegningarlaga. Þá fyrnast yfirleitt mun fleiri brot samkv. reglum frv. en nú er. 15 ára fyrningin er miðuð við, að þyngsta tímabundin refsing liggi við broti, oftast 16 ár, en sú tímabundna refsing getur þó hækkað vegna almennra ákvæða, sbr. 73., 94. og 101. gr. alm. hegningarlaga, sbr. ennfremur 2. mgr. 79. gr. Hins vegar eru þau brot ekki fyrnanleg skv. frumvarpinu, sem ævilangt fangelsi liggur við, sbr. 86., 98., 100., 194., 211. og 255. gr. (auk 218. gr., en frv. gerir ráð fyrir, að ævilöng fangelsisrefsing liggi ekki við því broti). Í heild sinni munu fyrningarfrestir lengjast samkv. reglum frv.

Í 2. málsgr. 5. gr. frv. er lagt til, að sérstök fyrningarregla verði lögfest um bókhaldsbrot, sbr. 262. gr. alm. hegningarlaga, svo og um brot, sem fólgin eru í að menn skjóta sér með ólögmætum hætti undan greiðslu opinberra gjalda o. fl. Er sýnilega þörf á alllöngum fyrningarfresti við þessi brot, þar sem upp um þau kemst oft alllöngu eftir að brot er framið, og er tíðum örðugleikum bundið að ljóstra upp um þau. Sérákvæði í einstökum lögum ganga þó framar þessu almenna ákvæði, ef lögfest verður.

5. Um mat á því, hvaða refsimörk eigi við um háttsemi, sbr. einkum 3. málsgr. 5. gr. frv.

Vera má, að fyrir liggi til úrlausnar háttsemi, sem varði við fleiri refsiákvæði en eitt (concursus idealis). Er þá lagt til í lokamálsgr. 5. gr. frv., að miða skuli fyrningarfrest við það refsiákvæði, sem geymir þyngstu refsiviðurlögin, sbr. að sínu leyti 77. og 78. gr. alm. hegningarlaga. Ákvæðið á hins vegar ekki við, þegar aðili hefur framið fleiri en einn refsiverðan verknað, samkynja eða ósamkynja, og á þá að meta fyrningu sérstætt við hvern verknað (brot) fyrir sig. Hitt er það, að röð samkynja eða eðlisskyldra brota, sem framin eru með tiltölulega litlu hléi eru stundum metin sem brotaheild (framhaldsbrot, raðbrot) þegar fyrning er virt, og hefst þá fyrning eigi fyrr en frá því, að síðasta brot (brotaþáttur) var framið.

6. Um upphaf fyrningarfrests, 6. gr. frv.

1. málsgr. 6. gr. frv. er óbreytt frá því, sem nú er í 82. gr. alm. hegningarlaga. Ýmsir örðugleikar eru í lagaframkvæmd á að afmarka upphaf fyrningarfrests, en ógerlegt er að leysa úr þeim álitamálum öllum í lagatexta. Tekið skal fram, að við nokkur auðgunarbrot, sem leiða til eða fela í sér tiltekið ástand, er ríkir um lengri eða skemmri tíma, þykir réttmætt að miða upphaf fyrningar við það, er maður kastar eign sinni á mun, sbr. 246. gr. alm. hegningarlaga, eða leggur launung á hann eða veitir honum viðtöku, enda sé hugrænum refsiskilyrðum fullnægt, sbr. 254. gr. alm. hegningarlaga.

2. málsgr. 6. gr. frv. felur ekki í sér veruleg nýmæli. Ákvæði 126. gr. alm. hegningarlaga er dæmi þess, að eftirfarandi atvik ráði því, hvort háttsemi sé refsiverð. 218. gr. er dæmi þess, að tiltekin afleiðing þurfi að verða af háttsemi, þ. e. líkamsárás þarf að hafa þargreinda afleiðingu í för með sér.

3. málsgr. 6. gr. frv. er efnislega í samræmi við núgildandi 82. gr. alm. hegningarlaga. Ákvæðið um, að skip komi til hafnar, þar sem ísl. ræðismaður er, hefur verið fellt hér niður, og þykir það ekki eiga rétt á sér.

7. Um rof fyrningar.

Samkv. 2. málsgr. 82. gr. alm. hegningarlaga stöðvast fyrningarfrestur, „er réttarrannsókn hefst gegn sökunaut út af broti". Með því ákvæði er mörkuð sú stefna, að rannsókn fyrir lögreglu geti eigi rofið fyrningu, heldur þurfi til kasta dómstóls að koma. Með nýskipan á rannsókn opinberra mála með stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins og breytingum á lögum um meðferð opinberra mála, sbr. lög 107, 108 og 109 frá 1976, eru teknir upp nýir rannsóknarhættir. Sæta mál frumrannsókn hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, rannsóknardeildum dómstóla eða lögreglu. Kemur mál alloft eigi til meðferðar dómstóla, fyrr en miklu síðar en var eftir eldri reglum, nema beitt sé sérstökum dómmæltum aðgerðum, svo sem gæsluvarðhaldi. Svigrúm til að koma máli fyrir dómstóla er tiltölulega takmarkað, sbr. 74. gr. laga nr. 74/1974, svo sem henni er breytt með 12. gr. laga nr. 107/1976. Ef miðað er við, að dómsrannsókn ein sé þess umkomin að rjúfa fyrningu, getur sök fyrnst, þótt mál hafi alllengi verið til rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu. Getur það leitt til óeðlilegra mála-

loka, með því að rannsókn kann að hafa beinst skýrlega gegn manni sem sökunaut. Því hefir verið haldið fram, að réttaröryggi sé betur borgið, ef miðað sé við dómsrannsókn. Þess er þó að gæta, að lögreglu ber að skýra það skilmerkilega fyrir manni, hvort hann sé yfirheyrður sem sakaður maður eða t. d. sem vitni, sbr. 40. gr. laga nr. 74/1974. Þá verður það tíðara nú en áður var, að löglærðir fulltrúar (deildarstjórar) séu meðal starfsmanna rannsóknarlögreglu.

Í 4. málsgr. 6. gr. frv. er brotið upp á þeirri tilhögun, að fyrning sé rofin með rannsókn fyrir rétti eða lögreglustjóra (rannsóknarlögreglustjóra) eða löglærðum fulltrúum þeirra. Er farið hér nokkuð bil beggja, og þá miðað við núverandi rannsóknarhætti og m. a. óbreytt efni 74. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 12. gr. laga nr. 107/1976.

Svo sem glöggt kemur fram í texta frv., rofnar fyrning eigi við það, er rannsókn hefst hjá lögreglu, nema löglærður embættismaður fjalli um mál. Ætti það að stuðla að réttaröryggi. Rannsóknin verður að beinast að manni sem sökunaut, hvort sem hann kemur fyrir rétt eða rannsóknarlögreglu o. fl., þ. e. maður er skýrlega hafður fyrir sökum vegna tiltekins brots. Felst slíkt yfirleitt í bókunum í rannsókn málsins. Þess skal getið, að rannsókn getur hafist gegn manni sem sökunaut, þótt hann sé ekki nærstaddur og komi ekki persónulega fyrir dómara eða aðra þá, sem 4. málsgr. 6. gr. frv. greinir.

Í 4. málsgr. 6. gr. frv. er sérstaklega getið um sáttir. Rofnar fyrning við það, er manni er gefinn kostur á sátt, enda sé lögmætt að ljúka máli með þeim hætti.

Stöku sinnum er stjórnvaldi heimilt að gera manni refsingu, og í því tilviki rofnar fyrningarfrestur, þegar stjórnvaldið sakar mann um tiltekið brot sem heimild þessi nær til.

8. Rannsókn máls stöðvast.

5. málsgr. 6. gr. frv. endurtekur að megininntaki reglur 2. málsgr. 82. gr. alm. hegningarlaga, en geymir þó nýmæli.

Mat á því, hvort hætt hafi verið við rannsókn máls um óákveðinn tíma, kemur í hlut dómstóla, en ákæruvaldið kann einnig að meta það fyrir sitt leyti. Verður ekki gefin um það efni öllu rækilegri vísbending en nú er í 82. gr. Um þetta atriði hafa gengið dómar, sem telja má stefnumarkandi.

Það er nýmæli, að rannsókn, sem hætt er við vegna þess að handhafi ákæruvalds ákveður að höfða ekki mál gegn sakborningi eða hverfur síðar frá ákæru, hefir eigi áhrif til rofa á fyrningu.

9. Réttaráhrif fyrningar, sbr. 6. mgr. 6. gr. frv.

Í 80. gr. alm. hegningarlaga segir ekki berum orðum, að fyrning valdi því, að refsingu verði ekki beitt. Ekki orkar það tvímælis, að fyrning veldur sýknu, enda er það löngu dómhelguð réttarregla. Þykir rétt að segja þetta beinum orðum í 6. málsgr. 6. gr. frv.

Samkv. ákvæðum IX. kafla alm. hegningarlaga tekur fyrning aðeins til refsingar, en ekki beinlínis til annarra viðurlaga við broti. Í samræmi við hin norrænu lögin þykir rétt að kveða svo á, sbr. 6. málsgr. 6. gr. frv., að fyrning taki einnig til annarra viðurlaga, sem greind eru í VII. kafla alm. hegningarlaga, þ. á m. réttindasviptingar og eignarupptöku, og enn fremur til úrræða samkv. 2. málsgr. 148. gr. og 2. málsgr. 241. gr. alm. hegningarlaga. Lagt er þó til, að sérstök ákvæði verði sett um eignarupptöku, þ. e. að fyrningarfrestur um hana verði ekki skemmri en 5 ár. Getur þá svo farið, að unnt sé að dæma eignarupptöku, þótt refsisök sé fyrnd, ef brot fyrnist á 2 árum að því er refsingu varðar. Lagt er til, að fyrningarfrestur verði 10 ár um eignarupptöku samkv. 3. tl. 69. gr. (munir eða ávinningur, sem aflað hefir verið með broti), svo og um hliðstæða eignarupptöku í sérlögum, nema þau kveði öðruvísi á.

Meginreglan um réttindasviptingu í 6. málsgr. 6. gr. frv. tekur einnig til slíkra viðurlaga samkv. sérrefsilögum, nema þau geymi aðra reglu.

Bent skal á, að í 6. málsgr. 6. gr. frv. er ekki kveðið á um ómerkingu ummæla, sbr. 1. málsgr. 241. gr. alm. hegningarlaga. Tekur fyrning á refsisök ekki fyrir, að ummæli séu ómerkt. Gert er ráð fyrir, að afstaða sé tekin til áhrifa fyrningar varðandi ómerkingu með nýrri skipan á efni 29. gr. alm. hegningarlaga.

Um 7., 8. og 9. gr.

Um fyrningu á fullnustu refsingar og annarra viðurlaga, sbr. 7. og 8. gr. frv.

Í 83. gr. núgildandi alm. hegningarlaga er ákvæði um brottfall refsingar, sem dæmd hefir verið eða ákveðin með öðrum hætti, ef ekki er byrjað að fullnægja henni innan tiltekinna fresta. Sérákvæði er sett um það, er fullnusta er að vísu byrjuð, en hún hefir stöðvast.

Í frv. er mælt fyrir um þetta efni í tveimur greinum, 7. gr. og 8. gr. Í fyrri greininni eru fyrirmæli um fyrningu á fullnustu refsivistar og hælisvistar, en í síðari greininni um fullnustu á fésektum, sem dæmdar hafa verið, úrskurðaðar eða ákvarðaðar með sátt, svo og varðandi eignarupptöku, sem dæmd hefir verið eða ákvörðuð á framangreindan hátt. Þykir gleggra að mæla fyrir um þetta efni í tveimur greinum en einni, enda yrði ein grein, sem tæki til þessa hvors tveggja, óhæfilega löng. Tekið skal fram, að hegningarlaganefnd leggur áherslu á, að greinatal í alm. hegningarlögum haldi sér sem mest, og er því lagt til, að nýjar greinar, er tengist fyrningu, fái greinatalið 83. gr. a og 83. gr. b, sbr. hér á eftir.

1. Um 7. gr.

Í 1. málsgr. er aðalbreytingin frá 83. gr. núgildandi laga sú, að hér er einnig kveðið á um fyrningu á öðrum viðurlögum en refsingu, sem fela í sér nauðungarvist á hæli. Enn fremur er breytt nokkuð til um fresti frá því, sem er í 83. gr. Vegna laga um fullnustu norrænna refsidóma, sbr. lög 69/1963, skiptir miklu máli að samræma norrænar reglur um fyrningu á fullnustu dóma um refsingu og önnur viðurlög. Er 7. gr. frv. við það miðuð, að samskonar reglur verði hér um þetta efni sem á hinum Norðurlöndunum. Frestirnir kunna að þykja nokkuð margbrotnir, en í því efni er fylgt fordæmi hinna norrænu laganna. Fyrningarreglur þær, sem hér er lagt til, að lögfestar verði, varða t. d. hælisvistun samkv. 62., 66. og 67. gr. alm. hegningarlaga, sem ídæmd hefur verið.

Í 2. málsgr. er það nýmæli, að upphaf fyrningarfresta skuli miða við það, er dómur verður aðfararhæfur. Er þar lagt til, að lögfest verði regla, sem nú gildir óskráð, að því er ætla verður. Unnt er að fullnægja dómi, þegar dómsmálaráðuneyti berast dómsgerðir með áritun ríkissaksóknara um að málinu verði ekki áfrýjað eða dómur Hæstaréttar.

Ákvæði 3. málsgr. er efnislega í samræmi við efni 3. málsgr. 83. gr. alm. hegningarlaga og 1. mgr. þessarar greinar, en bætt er við fyrirmæli um skilyrta náðun.

Í 4. málsgr. er tekið sérstaklega fram, með hverjum hætti fyrning verði rofin, þ. e. að hún rofni, þegar fullnusta refsidóms hefst.

Ákvæði 5. málsgr. fjallar um það, er nokkur hluti refsivistar eða annarrar hælisvistar hefir verið tekinn út, en fanga er síðan veitt reynslulausn eða skilyrt náðun eða fullnusta stöðvast með öðrum hætti. Er kveðið á um fyrningarfrest, ef skilorð er rofið. Greinin er byggð á þeim grundvelli, að eftirstöðvar beri að meta sjálfstætt. Ef eftirstöðvar eru t. d. 8 mánuðir af 16 mánaða upprunalegri refsingu, þá á fyrningarfrestur 1. töluliðs við, en eigi 2. töluliðs.

Rétt er að taka fram, að þegar dómur dæmir tvennskonar refsitegundir, refsivist og fésekt, þá á að meta hvora refsitegundina sérstætt, þannig að um refsivist fari samkv. 7. gr., en um fésekt samkv. 8. gr.

2. Um 8. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um fyrningu á fullnustu á fésekt og vararefsingu hennar, svo og um eignarupptökuákvæði dóms, úrskurðar og sáttar.

Samkv. 83. gr. alm. hegningarlaga er fyrningarfrestur um fullnustu fésektar nú ávallt 5 ár. Í norrænu hegningarlögunum, svo sem þeim hefir nú verið breytt, í tilefni af lögum um fullnustu norrænna refsidóma, er yfirleitt um tvennskonar fresti að ræða, 3 ár um lægri fésektir, en 5 ár um hinar hærri. Í samræmi við þetta er lagt til, að fyrningarfrestur verði 3 ár um sektir undir 500 000 krónum, en 5 ár um sektir 500 000 krónur og hærri. Í frv. er lagt til að gerð verði sú meginbreyting varðandi fyrningu sektarrefsingar, að sekt fyrnist alfarið þegar liðinn er tilskilinn fyrningartími, 3 ár eða 5 ár, þannig að þá fellur niður sá hluti sektar, sem óinnheimtur er eða sektin öll, ef innheimta er ekki hafin. Í 2. mgr. er þó lagt til að sett verði ákvæði til þess að verjast því að glata sektarfénu alveg. Hafi verið gert fjárnám eða tekin trygging fyrir sektinni áður en sektin fyrnist, helst sú trygging þrátt fyrir fyrninguna á sektinni. Er þetta fyrirkomulag tekið upp til samræmis við ákvæði hinna norrænu hegningarlaganna og einnig til þess að tryggja sektarþola gegn því að svo til endalaust sé hægt að halda sekt frá því að fyrnast með því að ná greiðslu upp í sektina, svo sem stundum hefir viðgengist samkvæmt núgildandi reglu.

Í 3. málsgr. er nýmæli, sem lýtur að fullnustu á vararefsingu, sem ákveða skal við fésekt samkv. 1. málsgr. 54. gr. alm. hegningarlaga, þ. e. varðhald eða fangelsi. Fellur vararefsing niður samkv. því, er segir í 1. málsgr. þessarar greinar frv., þ. e. eftir sömu reglum og gilda um fésektina og fullnustu hennar.

Í 4. málsgr. er nýmæli um fyrningu á fullnustu eignarupptöku, sem ákveðin er í dómi, úrskurði eða sátt. Eru engin almenn ákvæði um eignarupptöku að þessu leyti í gildandi lögum. Er ótvírætt þörf á ákvæði um þetta efni, svo sem nú er á hinum Norðurlöndunum. Er lagt hér til, að 5 ára frestur verði lögmæltur, en þó svo að heimilt sé í dómi að tiltaka lengri frest, allt að 10 árum frá dómsuppsögu. Eru nokkur rök til þess að tiltaka rýmri frest um eignarupptöku en fésekt, m. a. vegna þess að hér er oft til að dreifa háum fjárhæðum og auk þess er hér ekki fyrir að fara slíku þvingunarúrræði við innheimtu sem vararefsingin er um fésektir. 10 ára reglan veitir m. a. svigrúm til að dreifa innheimtu á upptökufé yfir alllangt árabil. Í niðurlagi málsgreinarinnar er sett ákvæði um að trygging, sem aflað hefir verið fyrir greiðslu upptæks verðmætis, sé ekki háð fyrningu og að um hana gildi sömu reglur og um tryggingu fyrir sektargreiðslu skv. 2. mgr.

Í 5. málsgr. eru ákvæði um að sá tími, sem fullnusta frestast vegna skilorðsdóms eða skilyrtrar náðunar, teljist ekki til fyrningarfrests, sbr. að sínu leyti ákvæðin í 7. gr. frv.

3. Um 9. gr.

Í 4. málsgr. 52. gr. alm. hegningarlaga er ákvæði um það, að sekt verði ekki innheimt í dánarbúi sökunauts, nema heimild sé til þess í lögum, og er slíkum heimildum til að dreifa í fáeinum tilvikum. Er þetta eina ákvæðið í alm. hegningarlögum um áhrif andláts á fullnustu refsingar eða annarra viðurlaga. Refsingu eða öðrum þeim viðurlögum, sem fela í sér hælisvist, verður vitaskuld ekki fullnægt eftir andlát viðkomanda, og sama gegnir um réttindasviptingu. Sektum og eignarupptöku verður hins vegar fullnægt, svo og t. d. dómsákvæðum samkv. 2. málsgr. 148. gr. og 2. málsgr. 241. gr. alm. hegningarlaga. Heppilegt þykir, að sett verði ákvæði um þessi efni í alm. hegningarlögum, og mælir 8. gr. frv. fyrir um það.

Í sambandi við 1. málsgr. athugast, að hún mælir að sínu leyti fyrir um sama efni og 4. málsgr. 52. gr. að því er tekur til sekta, en ekki er þó lagt til að það ákvæði verði numið úr lögum, enda varðar það að auki tiltekið efnisatrið

Samkv. 2. málsgr., sbr. 1. málsgr., verður meginreglan sú, að ekki sé unnt að fullnægja ákvæðum dóms, úrskurðar eða sáttar um eignarupptöku eftir andlát sak-

fellda. Ef eignarupptaka varðar hagnað af broti eða hlut, sem orðinn er til fyrir misgerning, þykir það heppilegur millivegur að heimila ríkissaksóknara að bera mál undir héraðsdómara með kröfu um, að ákvæði um eignarupptöku verði fullnægt. Ber mál undir dómara, þar sem sakfelldi átti síðast heimilisvarnarþing. Ef sakfelldi átti hér eigi heimili, veltur það á ákvörðun ríkssaksóknara, hvar mál verður lagt fyrir dóm. Í 2. málslið er lagt til, að heimilað verði, að dómari geti breytt eignarupptökuákvæði svo, að í stað hlutar verði fjárhæð gerð upptæk. Ákvæði þetta er mjög í samræmi við önnur norræn refsilög.

Í 3. málsgr. segir, að dómsákvæðum samkv. 2. málsgr. 148. gr. og 2. málsgr. 241. gr. sé unnt að fullnægja eftir lát dómfellda.

Greinin tekur ekki til ákvæða dóms, úrskurðar eða sáttar um fébætur, þ. á m. miskabætur, og eigi heldur eðli máls samkvæmt til ómerkingar ummæla, sbr. 1. málsgr. 241. gr.

Í frv. er eigi ákvæði um það, er sökunautur andast áður en refsing eða önnur viðurlög eru dæmd eða ákveðin með öðrum hætti. Verður refsingu og öðrum viðurlögum þá yfirleitt eigi beitt.

IV.

Áhrif gildistöku nýrra fyrningarreglna.

Í frv. þessu eru eigi ákvæði um beitingu hinna nýju fyrningarreglna um brot, sem framin eru fyrir gildistöku laganna. Um það gilda ákvæði 2. gr. og 2. gr. a alm. hegningarlaga og grunnreglur, sem leiða má af þeim. Ef sök er fyrnd við gildistöku laganna samkv. þeim reglum, sem áður giltu, verður refsingu eigi beitt. Gert er og ráð fyrir, að brot, sem framin voru fyrir gildistöku laganna, en voru þó ófyrnd þá, lúti eldri fyrningarreglum, nema yngri reglur séu hagstæðari fyrir sakborning, en þá eiga þær við. Beita verður hvorum flokki fyrningarreglna fyrir sig heildstætt, er þetta er metið. Afleiðingin verður að vísu sú, að um alllangan tíma verður að taka tillit til tvennskonar fyrningarreglna, en hin mikilvæga grundvallarregla um að hegningarlög megi ekki vera afturvirk er oft og einatt slíku verði keypt.

B. Greinargerð um líkamsárásir og líkamsmeiðingar, 10.—12. gr. frv.

Meginákvæðin um líkamsárásir og líkamsmeiðingar eru í 217.—219. gr. almennra hegningarlaga. Taka 217. og 218. gr. til líkamsárása sem framdar eru af ásetningi, en 219. gr. varðar tjón á líkama eða heilbrigði, er hlýst af gáleysi manns. Ákvæði 217. gr. nær almennt til minni háttar líkamsárása, en 218. gr. til hinna meiri háttar líkamsmeiðinga, þegar manni er valdið með líkamsárás „tjóni á líkama eða heilbrigði.“ Líkamstjón, sem valdið er af gáleysi, á því aðeins undir 219. gr., að tjón það, sem af verknaði hlýst, sé slíkt, sem í 218. gr. getur. Í lagaframkvæmd hafa myndast nokkuð skýrar dómvenjur um skilin milli 217. og 218. gr., sbr. og 219. gr., einkum að því er varðar afleiðingar verknaðar.

Við endurskoðun á almennum hegningarlögum, sem nú fer fram af hálfu hegningarlaganefndar, hefir þótt ástæða til að leggja til nokkrar breytingar á ákvæðum um líkamsárásir og líkamsmeiðingar. Skal gerð stutt grein fyrir þeim til yfirlits, en nánar verður vikið að efni ákvæðanna í athugasemdum við þau hér á eftir:

1. Í frv. er lagt til, að efni 218. gr. almennra hegningarlaga verði greint í tvær málsgreinar og með mismunandi refsimörkum, sbr. 1. og 2. málsgr. 11. gr. frv. 218. gr. tekur nú yfir geysivíðtækt efnissvið, og þykir eðlilegra að hluta það niður, svo sem fram kemur nánar í athugasemdum við 11. gr.

2. Refsimörkum er breytt svo í frv. frá því, sem nú er, að lagt er til, að líkamsárás samkv. 217. gr. varði því aðeins fangelsi, að háttsemin sé sérstaklega stórfelld, þ. á m. vegna þess háska, sem af henni gat stafað. Í 11. gr. frv. er lagt til, að ný refsimörk verði lögfest fyrir líkamsmeiðingar samkv. 218. gr., þ. e. varðhald

eða fangelsi allt að 3 árum eða fésekt, ef sérstakar málsbætur eru, sbr. 1. málsgr., en verknaður varði fangelsi allt að 16 árum, ef 2. málsgr. á við. Brot samkv. 218. gr., sbr. 11. gr. frv., varðar því eigi ævilöngu fangelsi, svo sem nú er.

3. Enn er lagt til í frv., að breytt sé saksóknarháttum samkv. 217. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 10. gr. frv., og afnumið það ákvæði, að sókn sakar út af broti á greininni geti verið í höndum þeirra, sem misgert er við. Verður saksókn þá opinber út af þessu broti, ef þetta ákvæði frv. verður lögfest. Mjög oft eru mál út af brotum á þessu ákvæði afgreidd með dómsátt, og er kveðið svo á í frv., að mál skuli eigi höfða, nema almenningshagsmunir krefjist þess.

4. Þá er lagt til, að ný grein, 218. gr. a, verði lögfest, er mælir fyrir um ítrekun brota, er fela í sér líkamsárásir eða líkamsmeiðingar, svo og reglur, er varða samþykki til slíkra brota og enn fremur sérregla um heimild til refsilækkunar eða refsiniðurfalls, þegar líkamsárás er unnin í áflogum eða átökum milli þess, sem fremur hana, og hins, sem misgert er við.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 10. gr.

Í greininni felast tvær breytingar á efni 217. gr., 1) að háttsemi varði því aðeins fangelsi að hún sé sérstaklega vítaverð og 2) að horfið verði frá þeirri skipan, að sókn sakar geti sá átt, sem misgert er við. Eigi þykja það eðlilegir saksóknarhættir í refsimáli út af líkamsárás, að einstaklingur höfði mál, og samrýmist það vart viðhorfum í refsirétti og opinberu réttarfari nú á tímum. Tekið skal fram, að mjög er fátítt, að einstaklingur sæki sök samkv. 217. gr. Alltítt er, að viðurlög fyrir brot á greininni séu ákveðin með dómsátt. Orðalagið í 2. málsgr. 10. gr. um, að mál skuli eigi höfða, nema almenningshagsmunir krefjist þess, er að sínu leyti hið sama og í 24. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og er það lagt á vald ríkissaksóknara að meta hvort mál skuli höfða.

Um 11. gr.

Skilin milli 217. og 218. gr. alm. hegningarlaga þykja í megindráttum vera eðlilega mörkuð í lögunum, eins og þau eru nú úr garði gerð. Refsimörk 218. gr. eru geysihá, og er það skiljanlegt, þar sem margvísleg og sundurleit tilvik lúta greininni. Eru refsimörk varðhald eða fangelsi allt að 16 árum eða ævilangt. Innan ákvæðisins rúmast líkamsmeiðingar, sem eigi stafar varanlegt mein af, en auk þess tekur ákvæðið til stórfelldra líkamsmeiðinga, og m. a. þess, er bani hlýst af líkamsárás. Orkar það tvímælis að skipa svo sundurleitum tilvikum ósundurgreint í sama ákvæðið. Hér er þess einnig að geta, að samkv. 1. tl. 130. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 skal fara fram sókn og vörn í málum, þar sem refsing fyrir brot getur varðað yfir 8 ára fangelsi. Kemur ákæra, sem lýtur að 218. gr., undir þetta ákvæði, svo sem refsimörkum hennar er farið. Veldur það því, að sókn og vörn þarf ávallt að fara fram í þessum málum. Er það til verkauka fyrir ríkissaksóknara og horfir til verulegs kostnaðarauka við rekstur máls, og bitnar það á dómfellda og á hinu opinbera um skör fram.

Í 11. gr. frv. er lagt til, að efni 218. gr. verði skipað í tvær málsgreinar. Fjallar 1. málsgr. um líkamsmeiðingar, en 2. málsgr. um stórfelldar líkamsmeiðingar. Refsimörk í 1. málsgr. eru varðhald eða fangelsi allt að 3 árum eða sektir, ef sérstakar málsbætur eru. Refsimörk samkv. 2. málsgr. eru fangelsi allt að 16 árum. Með þessari tvígreiningu er unnt að stýra fram hjá þeim annmörkum sem greindir voru og stafa frá saksóknarháttum 130. gr. laga nr. 74/1974, en refsiréttarrök leiða og til þessarar skipunar. Ákæruvaldið markar stefnu hverju sinni með ákæruskjali og greinir, hvort ákært verði samkv. 1. eða 2. málsgr. 218. gr., þótt raunar sé hugsanlegt, að ákært verði samkv. 2. málsgr. 218. gr. aðallega, en samkv. 1. málsgr. til vara. Ef ákært er einvörðungu út af broti á 1. málsgr. 218. gr., svo sem lagt er til, að henni verði

skipað með frv., verður eigi lögbundið að viðhafa sókn í málinu. Hins vegar er þessu annan veg farið, ef ákæra lýtur að 2. málsgr. 218. gr., sbr. 2. málsgr. 11. gr. frv.

Svo sem reifað hefir verið, er lagt til í 11. gr. frv., að líkamsárásir samkv. 218. gr. verði greindar í tvo flokka, líkamsmeiðingu, sbr. 1. málsgr. 11. gr. og stórfellda líkamsmeiðingu, sbr. 2. málsgr. 11. gr. Verða meginflokkar líkamsmeiðinga samkv. 217. og 218. gr., sbr. 10. og 11. gr. frv., þá tveir eins og áður, líkamsárásir samkv. 217. gr., og líkamsmeiðingar samkv. 218. gr., en þær greinast í tvær deildir, eins og lýst var. Bent skal á að líkamsmeiðing getur verið stórfelld, bæði vegna aðferðar sem notuð er og afleiðingar hennar. Tekið skal fram, að 10. og 11. gr. frv. raska að engu skilunum milli 217. og 218. gr. alm. hegningarlaga, svo sem þau eru nú, og hagga því ekki heldur við efnissviði 219. gr. Mörkin milli 1. og 2. málsgr. 11. gr. frv. (1. og 2. málsgr. 218. gr.) yrðu væntanlega tiltölulega fljótlega ákvörðuð af dómvenjum, og geta þau naumast valdið neinum umtalsverðum örðugleikum í lagaframkvæmdinni.

Um 12. gr.

Hér er lagt til, að ný grein, 218. gr. a, verði lögfest varðandi líkamsárásir og líkamsmeiðingar. Í þessari grein eru nýmæli, þótt reglur um samþykki og átök ráðist raunar af almennum reglum refsiréttarins, og séu því íslenskar réttarreglur, þótt óskráðar séu. Þykir réttara að lögfesta þær, með því að þær skipta verulegu máli, þegar beita á ákvæðunum um ofangreind brot.

1. Ítrekun.

Líkamsárásir og líkamsmeiðingar eru meinleg brot fyrir einstaklinga, sem misgert er við, og fyrir þjóðfélagið í heild sinni. Í 1. málsgr. 12. gr. er lagt til, að lögfest verði sérstök ítrekunarregla um líkamsmeiðingar, er einnig taki til ofbeldisverka, sem eigi varða 217. og 218. gr. Má samkv. því hækka refsingu allt að helmingi hennar, ef brot er ítrekað, að aðgættum reglum 71. gr. alm. hegningarlaga. Sérstakar ítrekunarreglur um líkamsmeiðingar eru víða erlendis í hegningarlögum.

2. Samþykki.

Í 2. málsgr. 12. gr. er lagt til, að lögfestar verði reglur um samþykki í sambandi við líkamsmeiðingar. Þegar gilt samþykki liggur fyrir til brots er varðar við 217. gr., verður ekki refsað samkv. því, er hér greinir, en ella veldur gilt samþykki því, að refsingu, sem ella væri unnið til, má lækka eftir mati dómstóla. Reglan um, að samþykki geti leyst undan refsingu við minni háttar líkamsárás, er talin gilda nú, þótt ólögfest sé, samkv. almennum viðhorfum í refsirétti. Refsilækkunarheimild er nýmæli.

3. Áflog, átök.

Í 3. málsgr. er lagt til, að lögfest verði heimild til að lækka refsingu eða jafnvel láta hana falla niður, ef líkamsárás er unnin í áflogum eða átökum milli þess, sem henni veldur, og manns, sem misgert er við. Refsiniðurfelling er þó einskorðuð við, að háttsemi varði við 217. gr., og á hún ekki við, ef verknaður varðar við 218. gr. Heimildir þessar eiga einnig við að efni til ef sá, sem verður fyrir tjóni, á upptök að átökum með árás, ertingum eða líku, og er þessa sérstaklega getið í frumvarpstextanum. Atvik þau, sem greind eru í þessari grein, geta sumpart fallið undir 74. og 75. gr. alm. hegningarlaga, sem stundum er beitt í lagaframkvæmd við refsiákvörðun út af líkamsárásum. Allt að einu er þörf á sérreglum hér um þessi atvik. Ekki haggar ákvæði 3. málsgr. 12. gr., ef lögfest verður, við gildi 74. og 75. gr. alm. hegningarlaga.

Ed. 8. Frumvarp til laga [7. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973 og lög nr. 24/1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 101. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973 og lög nr. 24/1976, bætist nýr töluliður, 6. töluliður, svohljóðandi:

6. Fyrir háttsemi, sem greinir í 1. gr. Evrópusamnings frá 27. janúar 1977 um varnir gegn hryðjuverkum. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

1. Frumvarp þetta, sem samið er í dómsmálaráðuneytinu, fjallar um breyting á 6. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem ráðuneytið telur að nauðsynleg sé til þess að unnt verði að fullgilda, af Íslands hálfu, samning sem gerður hefur verið á vegum Evrópuráðsins, Evrópusamning um varnir gegn hryðjuverkum, frá 27. janúar 1977. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

   Jafnframt því sem þetta frumvarp er flutt, verður borin fram af utanríkisráðherra tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda framangreindan samning frá 27. janúar 1977.

   Á síðari árum hefur verið gengið frá ýmsum milliríkjasamningum, vegna stöðugt vaxandi hermdarverkastarfsemi. Má í því sambandi nefna Haag-samning um að koma í veg fyrir ólöglega töku flugfara, Montreal-samning um varnir gegn ólöglegum aðgerðum gegn öryggi flugsamgangna, samning gerðan að tilhlutan Sameinuðu þjóðanna um ráðstafanir gegn glæpum, er beinast að einstaklingum, er njóta alþjóðaverndar, þ. á m. sendierindrekum. Þessir samningar skuldbinda aðildarríki til þess annaðhvort að framselja eða höfða refsimál gegn einstaklingum, sem taldir eru hafa framið eitthvert þeirra hryðjuverka, sem í samningunum greinir. Ísland hefur gerst aðili að öllum þessum samningum og alm. hegningarlögum hefur verið breytt til samræmis við þá, sbr. lög nr. 41/1973 og lög nr. 24/1976.

2. Þessi nýi samningur um varnir gegn hryðjuverkum hefur haft fyrrgreinda samninga að fyrirmynd um mörg atriði. Evrópusamningurinn nær hins vegar yfir fleiri hryðjuverk og andstætt hinum samningunum er kveðið á um framsal milli aðildarríkja.

a. Framsal.

Kjarni þessa samnings er 1. gr. hans. Í þessari grein er skýrt kveðið á um, að tiltekin afbrot skuli hvorki teljast stjórnmálaafbrot né brot, sem framin eru í tengslum við slík afbrot eða í stjórnmálalegum tilgangi. Í fyrsta lagi er um að ræða þau brot, sem Haag- og Montreal-samningarnir taka til (1. gr. a og b), en greinin nær einnig yfir eftirfarandi afbrot: (c) gróf brot, sem fela í sér tilræði við líf, limi eða frelsi diplómata eða annarra manna, sem njóta alþjóðaverndar; (d) brot sem fela í sér mannrán, gíslatöku eða grófa, ólöglega frelsisskerðingu; (e) brot þar sem

notaðar eru sprengjur, handsprengjur, eldflaugar, sjálfvirk skotvopn eða bréfa- og böggulsprengjur, ef mönnum er þar með hætta búin; og að lokum tilraun til framningar, hlutdeild í eða tilraun til hlutdeildar í slíku broti. Líta ber á þennan samning í ljósi annarra samninga um framsal. Í slíkum samningum er skýrt tekið fram, að neita má að framselja, ef lögbrotið hefur einkenni stjórnmálaafbrots. Í samræmi við þetta ríkjandi sjónarmið segir í 2. tl. 9. gr. íslensku hegningarlaganna, að ekki megi framselja til refsingar á vald erlendra ríkja menn, sem sakaðir eru um stjórnmálaafbrot.

Ákvæði 1. gr. samnings þessa um, að aldrei beri að líta á fyrrgreinda háttsemi sem stjórnmálaafbrot, felur því í sér, að ekki er unnt að synja um framsal í málum, þar sem eitthvert tilgreindra hryðjuverka hefur verið framið, með skírskotun til þess að um stjórnmálaafbrot sé að ræða.

Af framansögðu er ljóst, að 1. gr. breytir í verulegum mæli ákvæðum núgildandi milliríkjasamninga um framsal. Samkvæmt 13. gr. samningsins er á hinn bóginn unnt að gera fyrirvara um 1. gr. Það er álit dómsmálaráðuneytisins, að Ísland eigi að notfæra sér réttinn til að gera fyrirvara, og verður því lýst nánar hér síðar. Af þessum sökum er ekki lagt til að ákvæðum almennra hegningarlaga um framsal verði breytt.

2. gr. samningsins fjallar um heimild til að fella ýmis fleiri afbrot en þau, sem talin eru í 1. gr., undir samninginn. Skv. þessari grein geta aðildarríkin ákveðið, að við framsal vegna hryðjuverks af þessu tagi skuli þau ekki talin stjórnmálaafbrot. Hér er einvörðungu um að ræða rétt aðildarríkjanna en ekki skyldu til framsals og því óþarft að breyta ákvæðum laga um framsal.

b. Refsivald og lögsaga.

Eins og getið hefur verið um í athugasemdunum hér að framan, leiðir aðild að samningnum án fyrirvara til þess, að ekki er unnt að synja um framsal vegna hryðjuverks er greinir í 1. gr. með þeirri röksemd einni, að um stjórnmálaafbrot sé að ræða. Hins vegar er unnt að synja um framsal af öðrum ástæðum. Samkvæmt núgildandi reglum á Íslandi væri því unnt, án tillits til þessa hryðjuverkasamnings, að synja um framsal á þeirri forsendu, að sökunautur sé íslenskur ríkisborgari. Ennfremur geta þau ríki, sem gera fyrirvara skv. 1. mgr. 13. gr. synjað um framsal með vísun til þess, að umrætt afbrot hafi einkenni stjórnmálaafbrots. Ef slíkur fyrirvari er gerður, er hlutaðeigandi ríki hins vegar skuldbundið skv. 7. gr. samningsins að leggja málið án nokkurrar undantekningar fyrir bær yfirvöld til saksóknar í ríkinu sjálfu.

Það er því tryggt samkvæmt samningnum, að sökunautur verði annaðhvort framseldur skv. 1. gr. eða sóttur til saka í landinu sjálfu skv. 7. gr. Þó skal tekið fram, að skylda ríkjanna til að hefja saksókn eftir að hafa synjað um framsal, er háð því að ríkið, sem bar framsalsbeiðnina fram, hefði refsilögsögu eftir reglum sem eru samkynja reglum í því landi, sem framsalsbeiðni er beint til. Sömuleiðis er rétt að geta þess, að ákvörðun um saksókn og frekari málarekstur í því landi, sem skylt er að stofna til saksóknar, fer eftir almennum réttarfars- og refsiréttarreglum í landinu. Í þessu felst, að skyldan til að hefja saksókn takmarkar á engan hátt hið almenna sjónarmið í sakamálaréttarfari, sem gildir á Íslandi og í mörgum öðrum samningsríkjum, að ákvörðun um saksókn byggist á mati, en er ekki lögbundin (opportunitetsprincip).

Í 7. gr. er ráð fyrir því gert, að hlutaðeigandi ríki eigi refsilögsögu í umræddum málum. Samkvæmt 6. gr. hvílir sú skylda á aðildarríkjunum að gera viðhlítandi ráðstafanir til að tryggja refsilögsögu sína í málum, þar sem synjað er um framsal. Til þess að uppfylla þessa skyldu er nauðsynlegt að auka einu ákvæði við íslensku hegningarlögin um refsilögsögu íslenskra ddómstóla. Tillaga, sem beinist að þessu atriði, er að bæta við nýjum tölulið um þetta efni, sem yrði sá 6. í 6. gr. almennra

hegningarlaga, eins og í frumvarpinu felst. Það skal áréttað, að sú háttsemi, sem greind er í 1. gr. samningsins, er refsiverð skv. gildandi refsilögum. Skyldan til að gera ráðstafanir til að tryggja lögsögu skv. 7. gr. krefst því ekki að sett verði viðbótarákvæði í refsilög.

c. Réttaraðstoð.

Samkvæmt 8. gr. samningsins hvílir sú skylda á aðildarríkjum að þau veiti hvert öðru víðtækustu gagnkvæma aðstoð í refsimálum skv. 1. og 2. gr. Reglur ríkis þess, sem beðið er um aðstoð, segja til um hvers konar aðstoð má veita (t. d. húsleit, hald á munum eða öflun sakargagna). Samkvæmt greininni er útilokað að synja beiðni um aðstoð á þeim forsendum að beiðnin varði stjórnmálaafbrot.

Bent skal á, að samkvæmt 2. málsgr. 8. gr. er ríki heimilt að synja beiðni um aðstoð, ef það hefur gilda ástæðu til að ætla að beiðnin hafi verið borin fram í því skyni að lögsækja eða refsa einstaklingi vegna kynþáttar hans, trúarbragða, þjóðernis eða stjórnmálaskoðana eða réttarstaða hans kunni að skerðast af þessum sökum.

Dómsmálaráðuneytið telur, að ekki sé þörf á að gera fyrirvara um réttaraðstoð þá, sem í 8. gr. samningsins greinir.

3. Eins og að framan er greint, telur dómsmálaráðuneytið að gera þurfi fyrirvara um 1. gr. samningsins, þannig að unnt sé að synja framsalsbeiðni, sem fram er borin með þeim rökum, að um stjórnmálaafbrot sé að ræða. Dómsmálaráðuneytið leggur áherslu á eftirtalin atriði:

Reglan í 1. tl. 1. mgr. 9. gr. almennra hegningarlaga um að framselja ekki menn vegna stjórnmálaafbrota hefur lengi verið ríkjandi sjónarmið í íslenskum framsalsréttarreglum. Dómsmálaráðuneytið telur, að hugmyndin að baki þessari reglu, sem sé sú, að mat á inntaki stjórnmálaafbrota sé afar mismunandi í einstökum erlendum ríkjum, vegi þungt í þessu sambandi. Svíar og Danir hafa gert slíkan fyrirvara við fullgildingu samningsins, og Norðmenn hyggjast ennfremur gera það.

Einnig skal vakin athygli á því, að hugtakið „stjórnmálaafbrot" er túlkað þröngt í hegningarlögunum. Þótt afbrot sé framið af stjórnmálalegum hvötum, er það eitt sér ekki nægjanlegt til að teljast stjórnmálaafbrot í skilningi framsalsreglna. Mat á stjórnmálaafbrotinu er háð mati á öllum þeim þáttum, sem að brotinu lúta, m. a. verður að líta á hagsmuni þá, sem skertir eru, auk hinna stjórnmálalegu hvata.

Telja verður, að trauðla verði gripið til þess að synja beiðni um framsal vegna brota samkvæmt 1. gr. vegna hins stjórnmálalega eðlis brotsins, en hins vegar þykir varhugavert að útiloka þennan rétt alfarið.

Á það skal bent, að fyrirvari af þessu tagi takmarkar á engan hátt gildi samningsins til að varna hryðjuverkum. Eins og lýst var í 2. b hér að framan, eru ákvæði samningsins þannig, að þau ríki, sem synja um framsal skv. 1. gr., eru í staðinn skuldbundin til að lögsækja sjálf. Því er tryggt að sérhvert mál hljóti sakamálsmeðferð, þótt fyrirvari sé gerður við 1. gr.

4. Samþykkt þessa lagafrumvarps leiðir hvorki til ríkisútgjalda né neins konar aukinna ríkisumsvifa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Almenn lagaákvæði um refsingu íslenska ríkisins er að finna í I. kafla almennra hegningarlaga. Samkvæmt þessum reglum (4.—6. gr.) er unnt að refsa eftir íslenskum hegningarlögum, þegar eitthvert eftirtalinna skilyrða er uppfyllt:

1) brotið er framið innan íslenska ríkisins eða á íslenskum skipum eða í íslenskum loftförum,
2) ef brotamaður er ríkisborgari í eða búsettur í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og dvelst hér á landi,

3) brotið er gegn sjálfstæði ríkisins, öryggi þess, stjórnskipan og stjórnvöldum, eða
4) um er að ræða brot, sem milliríkjasamningar skv. 2. málsgr. 165. gr. eða 4. og 5. tl. 6. gr. alm. hegningarlaganna taka til.

Á grundvelli ofangreindra refsivaldsreglna er unnt að lögsækja sökunaut hér á landi í næstum öllum tilvikum vegna brots á 1. gr. hryðjuverkasamningsins. Þó eru hugsanleg tilvik, þar sem þetta á ekki við. Hér á landi er t.d. ekki unnt að lögsækja mann sem ekki er Norðurlandabúi og hefur búsetu erlendis, ef hann er handtekinn hér á landi eftir að hafa fullframið brot utan íslensks yfirráðasvæðis, án þess að skerða hagsmuni þess.

Til þess að koma í veg fyrir að slíkt eigi sér stað, er nauðsynlegt að bæta við 6. gr. alm. hegningarlaganna ákvæði um, að unnt sé að lögsækja mann hér á landi fyrir brot á 1. gr. samningsins, án tillits til búsetu hans eða þess hvar brotið var framið.

Refsivald er víðtækara en skilyrt er til að efna samninginn samkvæmt 6. gr. hans, og er í samræmi við fyrrnefnda Haag- og Montreal-samninga og samning um vernd diplómata.

Til þess að slá varnagla við fyrirhuguðu víðtæku refsivaldi, er lagt til að ákvörðun um ákæru skuli vera í höndum dómsmálaráðherra. Er þetta gert til samræmis við ákvæði 4. og 5. tl. 6. gr. alm. hegningarlaganna varðandi fyrrgreinda samninga.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

EVRÓPUSAMNINGUR UM VARNIR GEGN HRYÐJUVERKUM.

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirrita samning þennan, er hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að koma á aukinni einingu meðal aðila þess,

gera sér grein fyrir vaxandi áhyggjum, sem aukning hryðjuverka veldur,

óska að gera virkar ráðstafanir til að tryggja að þeir, sem hryðjuverk fremja, komist ekki undan lögsókn og refsingu, og

eru sannfærð um að framsal sé sérstaklega virkt úrræði til að ná þeim árangri,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Að því er varðar framsal milli aðildarríkja skal ekki telja eftirfarandi brot vera stjórnmálaafbrot, né brot, framin í tengslum við stjórnmálaafbrot, né brot, framin af stjórnmálalegum hvötum:

a. Brot, sem falla undir samning um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, sem undirritaður var í Haag hinn 16. desember 1970.
b. Brot, sem falla undir samning um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem undirritaður var í Montreal hinn 23. september 1971.
c. Alvarleg brot sem fela í sér tilræði við líf, limi eða frelsi einstaklinga, er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindreka.
d. Brot sem fela í sér mannrán, töku gísla eða alvarlega og ólöglega frelsissköðingu.
e. Brot þar sem notaðar eru sprengjur, handsprengjur, eldflaugar, sjálfvirk skotvopn eða bréfa- eða böggulsprengjur, ef sú notkun stofnar mönnum í hættu.
f. Tilraun til þess að fremja eitthvert ofangreindra brota eða hlutdeild í framningu eða hlutdeild í tilraun til að fremja slíkt brot.

2. gr.

1. Að því er varðar framsal milli aðildarríkja getur aðildarríki ákveðið, að önnur alvarleg brot, sem fela í sér ofbeldi, en þau sem greind eru í 1. gr., gegn lífi, limum eða frelsi einstaklings, skuli hvorki teljast stjórnmálaafbrot, né brot sem framið er í tengslum við stjórnmálaafbrot, né brot, sem framið er af stjórnmálalegum hvötum.
2. Hið sama gildir um alvarlegt brot, sem beinist gegn eignum, að því leyti sem 1. gr. tekur ekki til þess brots, ef verknaðurinn hefur skapað mönnum sameiginlega hættu.
3. Hið sama gildir um tilraun til að fremja eitthvert ofangreindra brota eða hlutdeild í framningu eða hlutdeild í tilraun til að fremja slíkt brot.

3. gr.

Ákvæði allra milliríkjasamninga og samkomulaga um framsal brotamanna, sem gilda milli aðildarríkja, þ. á m. Evrópusamnings um framsal brotamanna, breytast milli aðildarríkja að því leyti sem þau samræmast ekki samningi þessum.

4. gr.

Nú eru afbrot þau, sem 1. og 2. gr. þessa samnings taka til, ekki tilgreind sem framsalsbrot í núgildandi milliríkjasamningum um framsal milli aðildarríkja og skal þá samt litið svo á, varðandi þennan samning, að þau séu fólgin í þeim samningum.

5. gr.

Ekkert það, sem í samningi þessum greinir, ber að túlka á þann veg, að í því felist skuldbinding til að annast framsal, ef ríkið, sem beiðni um framsal er beint til, hefur gildar ástæður til að ætla að beiðni um framsal vegna brots, er 1. eða 2. gr. taka til, hafi verið komið á framfæri í þeim tilgangi að lögsækja eða refsa manni vegna kynþáttar hans, trúarbragða, þjóðernis eða stjórnmálaskoðana eða réttarstaða hans kunni að vera skert vegna einhverra þessara ástæðna.

6. gr.

1. Sérhverju aðildarríki ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma lögum yfir brot, sem greint er í 1. gr., þegar það framselur ekki grunaðan brotamann, sem finnst á landsvæði ríkisins, að fenginni beiðni um framsal frá aðildarríki, þar sem lögsaga byggist á reglum, sem gilda einnig í ríkinu, sem beiðninni er beint til.
2. Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir refsilögsögu samkvæmt landslögum.

7. gr.

Nú finnst maður, sem grunaður er um að hafa framið brot, er um getur í 1. gr., í aðildarríki, sem fengið hefur beiðni um framsal, og aðstæður sem greindar eru í 1. mgr. 6. gr. eru til staðar, þá ber að leggja málið án nokkurrar undantekningar og án ótilhlýðilegrar tafar fyrir bær yfirvöld til saksóknar, ef ríkið framselur ekki manninn. Yfirvöld þessi skulu taka ákvörðun eftir sömu reglum og þeim, er gilda, þegar um er að ræða afbrot alvarlegs eðlis eftir landslögum.

8. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að veita hvert öðru víðtækustu gagnkvæma aðstoð í sakamálum varðandi lögsókn vegna brota, sem greind eru í 1. og 2. gr. Í öllum tilvikum gilda lög þess ríkis, sem beiðni er beint til, um gagnkvæma aðstoð í sakamálum. Þó má hvorki synja um aðstoð á þeim grundvelli einum að hún varði

stjórnmálaafbrot, brot sem framið er í tengslum við stjórnmálaafbrot né brot sem framið er af stjórnmálalegum hvötum.

2. Ekkert það, sem í samningi þessum greinir, ber að túlka á þann veg, að í því felist skuldbinding til að veita gagnkvæma aðstoð vegna brots, er greinir í 1. eða 2. gr., ef ríkið, sem beiðni er beint til hefur gildar ástæður til að ætla að beiðninni hafi verið komið á framfæri í þeim tilgangi að lögsækja eða refsa manni vegna kynþáttar hans, trúarbragða, þjóðernis eða stjórnmálaskoðana eða réttarstaða hans kunni að vera skert vegna einhverra þessara ástæðna.
3. Ákvæði allra milliríkjasamninga og samkomulaga um gagnkvæma aðstoð í sakamálum, sem gilda milli aðildarríkja, þ. á m. Evrópusamnings um gagnkvæma aðstoð í sakamálum, breytast milli aðildarríkja að því leyti sem þau samræmast ekki samningi þessum.

9. gr.

1. Tilkynna ber fastanefnd Evrópuráðsins um sakamálefni um framkvæmd samnings þessa.
2. Ber henni að gera allt, sem þörf er á, til að auðvelda vinsamlega lausn hvers kyns vanda, er verða kann vegna framkvæmdar samningsins.

10. gr.

1. Hvers kyns deilu milli aðildarríkja varðandi túlkun eða framkvæmd samningsins, sem ekki hefur verið jöfnuð innan ramma 2. mgr. 9. gr., ber að leggja í gerð að beiðni sérhvers deiluaðila. Hvor aðili um sig tilnefni gerðardómsmann og þeir tveir tilnefni oddamann. Hafi einhver aðili ekki skipað gerðardómsmann sinn innan þriggja mánaða frá því beðið var um gerðardóm, skal hann skipaður að beiðni hins aðilans af forseta Mannréttindadómstóls Evrópu. Ef forseti er ríkisborgari annars hvors deiluaðila gerir það varaforseti dómstólsins, eða ef hann er ríkisborgari annars hvors deiluaðila, gerir það elsti dómarinn, sem ekki er ríkisborgari annars hvors deiluaðila. Sama hátt skal hafa á, ef gerðardómsmenn geta ekki komið sér saman um val oddamanns.
2. Gerðardómur ákvarði eigin málsmeðferð. Meirihluti atkvæða ræður ákvörðunum hans. Úrskurður hans er endanlegur.

11. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hendi aðildarríkja Evrópuráðsins. Samningurinn er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.
2. Samningurinn skal taka gildi þremur mánuðum eftir afhendingu þriðja fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.
3. Að því er varðar ríki, sem undirritar, en fullgildir, viðurkennir eða samþykkir síðar, tekur samningurinn gildi þremur mánuðum eftir afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals þess.

12. gr.

1. Við undirritun eða við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals síns getur sérhvert ríki tilgreint það eða þau landsvæði, sem samningurinn á að ná til.
2. Við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals síns eða síðar getur sérhvert ríki lýst yfir því við aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að samningur þessi nái einnig til hvaða annars landsvæðis eða landsvæða, sem tilgreind eru í yfirlýsingunni, og sem það fer með utanríkismál fyrir eða hefur heimild til að skuldbinda.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt undanfarandi málsgrein, má afturkalla fyrir hvaða landsvæði, sem þar er greint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Slík afturköllun gangi í gildi þegar í stað eða síðar eftir því sem tilgreint kann að vera í tilkynningunni.

13. gr.

1. Við undirritun eða við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals síns getur sérhvert ríki lýst yfir því, að það áskilji sér rétt til að synja um framsal vegna einhverra þeirra brota, er um getur í 1. gr., ef það telur það stjórnmálaafbrot, brot sem framið er í tengslum við stjórnmálaafbrot, eða brot framið af stjórnmálalegum hvötum, svo fremi ríkið skuldbindi sig til að taka til tilhlýðilegrar athugunar, þegar það metur eðli brotsins, sérhverjar sérstaklega alvarlegar hliðar brotsins, þ. á m.:
   a. Að það hafi skapað sameiginlega hættu fyrir líf, limi eða frelsi manna.
   b. Að það hafi snert menn, sem eru gjörsamlega óviðkomandi hvötunum að baki brotinu.
   c. Að notaðar hafi verið grimmúðlegar eða viðurstyggilegar aðferðir við framningu brotsins.
2. Sérhvert ríki getur að öllu eða einhverju leyti afturkallað fyrirvara, sem það hefur gert samkvæmt undanfarandi málsgrein, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, er gangi í gildi frá og með móttökudegi.
3. Ríki, sem gert hefur fyrirvara samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, getur ekki krafist þess að neitt annað ríki beiti 1. gr. Ef fyrirvari þessi er aðeins að hluta eða skilyrtur, getur það þó krafist framkvæmdar greinarinnar að svo miklu leyti sem það sjálft hefur samþykkt hana.

14. gr.

Sérhverju samningsríki er heimilt að segja upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Sérhver slík uppsögn tekur gildi þegar í stað eða síðar eftir því sem tilgreint kann að vera í tilkynningunni.

15. gr.

Samningur þessi gengur úr gildi að því er varðar samningsríki, sem segir sig úr Evrópuráðinu eða hættir að vera aðildarríki þess.

16. gr.

Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins ber að tilkynna aðildarríkjum ráðsins um:

a. Sérhverja undirritun.
b. Sérhverja afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.
c. Sérhvern gildistökudag samnings þessa samkvæmt 11. gr. hans.
d. Sérhverja yfirlýsingu eða tilkynningu, sem berst samkvæmt ákvæðum 12. gr.
e. Sérhvern fyrirvara, sem gerður er samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 13. gr.
f. Afturköllun sérhvers fyrirvara samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 13. gr.
g. Sérhverja tilkynningu sem berst samkvæmt 14. gr. ásamt dagsetningu gildistöku uppsagnar.
h. Í hvert skipti sem samningur gengur úr gildi samkvæmt 15. gr.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir, sem til þess hafa fengið fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strasbourg 27. dag janúarmánaðar 1977 á ensku og frönsku, í einu eintaki, sem geymt skal í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins ber að senda staðfest eintök til sérhvers þeirra ríkja, sem undirrita samninginn.

Nd. **9. Frumvarp til laga** [8. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 72 1. júní 1972, lög nr. 58 30. apríl 1973 og lög nr. 38 12. maí 1976, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

D- og E-liður 8. gr. laganna verði E- og F-liður og í stað D-liðar komi:

Húsnæðismálastjórn hefur heimild til að veita lán á sérstökum kjörum eins og hér segir:

Lán til elli- og örorkulífeyrisþega skv. 4. mgr. A-liðar skulu vera vaxtalaus, einnig afborgunarlaus fyrstu 5 árin auk gjaldfrestunar á helmingsgreiðslu verðtryggingar fyrir sama tímabil. Lán þessi skulu einnig ná til endurbóta leiguíbúða sömu aðila, en skulu bundin þeim skilyrðum er síðar er getið í þessum lið.

Húsnæðismálastjórn er einnig heimilt að veita slík lán til annarra almannatryggingabótaþega, svo sem einstæðra foreldra, að viðlögðu vottorði um efnahag og tekjur auk fjölskylduvottorðs, og skal kveða nánar á um þetta ákvæði í reglugerð.

Einnig er heimilt að veita jafnt til íbúðarkaupa sem og til endurbóta á íbúðum: samtökum öryrkja, ellilífeyrisþega og öðrum félagslegum aðilum sem vinna að velferðarmálum ýmissa sérhópa, enda sé viðkomandi íbúð eða íbúðir notaðar til búsetu skjólstæðinga þeirra.

Eftirfarandi ákvæði gilda um þessar lánveitingar:

1. Að afloknu 5 ára tímabili frá töku lánsins skal gefa út nýtt skuldabréf fyrir greiðslu þeirrar fjárhæðar sem frestað hefur verið, þ. e. nafnvirði afborgana s. l. 5 ár og greiðslu áfallinnar verðtryggingar, og skulu þau vera með hinum almennu kjörum húsnæðismálastjórnar.
2. Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita elli- og örorkulífeyrisþegum, sem njóta fullrar tekjutryggingar og hafa að öðru leyti óveruleg fjárráð til endurbóta eigin húsnæðis, lán með ofangreindum kjörum meðan þeir sjálfir búa í húsnæðinu.
3. Selji lántaki húsnæðið áður en 5 ár eru liðin frá lántöku, þá gjaldfalla ógreiddar afborganir og verðtrygging og greiðist á jafnmörgum árum og liðin eru síðan lánið var tekið. Húsnæðismálastjórn er heimilt að víkja frá þessu ákvæði ef um er að ræða sérstaka óhjákvæmilega röskun sem verður á högum lántaka.
4. Þegar um endurbótalán til leiguíbúðar er að ræða og leigusali hefur samþykkt lántökuna með 1. veðrétti í hinu útleigða húsnæði telst hann gjaldandi lánsins á lánskjörum samkvæmt 1. lið að viðlögðum eftirfarandi skilyrðum: a) ef hann segir leigutaka upp húsnæðinu innan 5 ára, þá er allt lánið og verðtrygging gjaldfallin og greiðist þegar í stað; b) ef hann segir leigutaka upp húsnæðinu eftir 5 ár, þá eru allar áfallnar og ógreiddar afborganir og verðtrygging af hinu nýja skuldabréfi gjaldfallnar og greiðist þegar í stað, en eftirstöðvar lánsins standa áfram með almennum kjörum húsnæðismálastjórnar; c) réttur leigusalans er skilyrðislaus samkvæmt 1. lið ef leigutaki andast eða ef um aðrar aðstæður leigutaka er að ræða sem valda breytingum á högum hans.
5. Við lát lántaka samkvæmt 2. lið skal lánið uppgert ef eignin fer í skiptarétt, að öðrum kosti skal með það farið samkvæmt 1. lið. Líta skal á hjón sem einn umsækjanda og ef annað fellur frá, þá hefur það engin áhrif á afborgunarkjörin svo framarlega sem eignin er ekki seld eða tekin fyrir skiptarétt.
6. Umsækjendur skulu gera nákvæma grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og fjárreiðum sínum til þeirra. Ef um leiguíbúð er að ræða skulu leigusali

og leigutaki gera með sér fullt samkomulag um fyrirhugaðar breytingar eða lagfæringar á leiguíbúðinni, áður en umsókn er lögð fram, og leggja það með henni. Húsnæðismálastjórn skal hafa nákvæmt eftirlit með því, að fyrirhugaðar framkvæmdir vegna endurbóta séu gerðar í meginatriðum eins og að var stefnt. Ef öllum skilyrðum er fullnægt skal afgreiða lán þessi án tafar og jafnóðum og lánsumsóknir studdar viðeigandi gögnum berast.

Húsnæðismálastjórn gerir árlega tillögu til ráðherra um þá heildarfjárhæð sem heimilt er að verja á ári hverju í þessu skyni. Ráðherra setur með reglugerð ítarleg ákvæði um heildarfjárhæð, fyrirkomulag lánveitinga, lánstíma og tryggingar slíkra lána, að öðru leyti en hér er tilgreint, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um þriggja ára skeið hefur húsnæðismálastjórn haft heimild til að veita elli- og örorkulífeyrisþegum lán til endurbóta á eigin húsnæði þeirra. — Reynslan hefur orðið sú að elli- og örorkulífeyrisþegar hafa lítt notfært sér þessi lán, og er ástæða til að ætla að sú greiðslubyrði, sem fylgir þessum lánum, sé of þung fyrir þessa hópa, af þeim ástæðum geti þeir ekki notfært sér þetta ákvæði húsnæðismálalaganna, jafnvel þótt brýna nauðsyn beri til að framkvæma viðgerð á húsnæði þeirra.

Það er megintilgangurinn með flutningi þessa frv. að gera kjör Húsnæðismálastofnunarinnar svo aðgengileg fyrir elli- og örorkulífeyrisþega að þeim sé fært að notfæra sér þau án óbærilegrar greiðslubyrði.

Jafnframt er farið hér inn á þá braut að veita húsnæðismálastjórn heimild til að veita lán á hagstæðum kjörum til viðgerða, viðhalds og endurbóta á leiguíbúðum sem öryrkjar og ellilífeyrisþegar búa í. — Til þessa hefur lánveitingaheimildin einungis náð til eignaríbúða öryrkja og ellilífeyrisþega. — Talið er að um 20% þjóðarinnar búi í leiguíbúðum. En ástæða er til að ætla að mun stærra hlutfall öryrkja og ellilífeyrisþega búi í leiguíbúðum. Engin sanngirni mælir með því, að einungis íbúðaeigendur í hópi öryrkja og ellilífeyrisþega eigi kost á lánum Húsnæðismálastofnunarinnar til viðgerða, viðhalds og endurbóta. Öll sanngirni mælir hins vegar með því að allir öryrkjar og ellilífeyrisþegar sitji hér við sama borð, hvort sem þeir eru íbúðareigendur eða leigjendur. — Þurfi sú íbúð á endurbótum að halda, sem viðkomandi öryrki eða ellilífeyrisþegi býr í, á að veita til þess lán úr Byggingarsjóði ríkisins án tillits til þess, hver eigandi hennar er.

Einnig er farið inn á þá braut með þessu frv., að sömu kjör gætu einnig gilt um aðra almannatryggingabótaþega, þar sem sannanlega lítill efnahagur sé viðmiðun heimildar húsnæðismálastjórnar til slíkra lánveitinga. — Ástæða er til að ætla að t. d. aðstæður einstæðra foreldra séu oft á tíðum mjög erfiðar, og má til marks um það geta þess, að í könnun á aðstæðum 450 félagsmanna (411 kvenna og 39 karla) Félags einstæðra foreldra kom í ljós að af einstæðum mæðrum, 411 samtals, sem höfðu 811 börn á framfæri sínu, bjuggu 174 (42.3%) í leiguhúsnæði, 123 (29.9%) í eigin húsnæði og 114 (27.7%) hjá ættingjum. — Sýna þessar tölur ótvírætt að verulegra úrbóta er þörf í húsnæðismálum einstæðra foreldra.

Á síðustu árum hefur einnig borið nokkuð á því, að ýmis félagsleg samtök, svo sem öryrkja, ellilífeyrisþega, einstæðra foreldra, foreldrafélaga þroskaheftra eða annarra barna sem standa höllum fæti, hafa leitað eftir lánum frá Húsnæðismálastofnun ríkisins, ýmist til kaupa eða endurbóta á eldri íbúðum sem þessir aðilar hafa ýmist átt eða haft hug á að kaupa til búsetu fyrir skjólstæðinga sína. Núgildandi lagaákvæði veita ekki rétt til lána í þeim tilfellum, en það virðist bæði sanngjarnt og eðlilegt að slík heimild sé veitt, enda hefur farið almennt vax-

andi skilningur á viðleitni slíkra aðila sem berjast fyrir auknu réttlæti slíkra minnihlutahópa.

Þau sérstöku kjör, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, eru þess eðlis að nauðsyn er að setja um þau mjög ítarleg ákvæði, m. a. til að fyrirbyggja misnotkun þeirra. — Segja má að með reglugerðarákvæðum væri hægt að tryggja að þessar lánveitingar næðu þeim tilgangi sem að er stefnt með frv. þessu. En hér er sú leið valin að gera ákvæði þessara sérstöku lánakjara svo úr garði í frumvarpsformi, að öllum megi ljóst vera að slíkt er vel framkvæmanlegt ef vilji löggjafans er fyrir hendi. M. a. með tilliti til þess, hve nákvæmlega lánskjörunum eru gerð skil í frumvarpinu, er vart nauðsynleg ítarleg greinargerð um framkvæmd lánskjaranna og þau ákvæði er að þeim lúta. Vert er þó að geta þess, að svipuð leið og þetta frv. gerir ráð fyrir hefur verið farin í nágrannalöndunum með mjög góðum árangri.

Sþ. 10. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um kaup og sölu á fasteignum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar í stað fara fram endurskoðun á lögum um fasteignasölu, nr. 47/1938, og öðrum þar að lútandi lögum og reglum, sem um fasteignaviðskipti gilda, og gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja betur en nú er réttarstöðu kaupanda og seljanda í fasteignaviðskiptum.

Við slíka endurskoðun skal kveða nánar á en nú er um þá viðskiptahætti sem í fasteignasölu gilda, svo sem skyldur fasteignasalans gagnvart kaupendum og seljendum fasteigna, ábyrgð þá, sem hvílir á sölu- og kaupaðilum í slíkum viðskiptum, svo og um fasteignaviðskipti á byggingarstigi.

Endurskoðunin skal einnig við það miðuð að koma í veg fyrir óeðlilega verðlagsþróun á fasteignum.

Lögin verði endurskoðuð m. a. með tilliti til að tryggja eftirfarandi atriði:

1. Fasteignasölum ber að láta liggja frammi nákvæma lýsingu á fasteigninni og ástandi hennar, — göllum, ef einhverjir eru, og kvöðum, sem eigninni fylgja. — Ástand og lýsing á fasteigninni skal nákvæmlega skráð á stöðluð úttektarblöð viðurkennd af matsmönnum Húsnæðismálastofnunar ríkisins og skulu fasteignasali og seljandi rita nöfn sín á úttektarblöðin til staðfestingar því að lýsingin á eigninni sé í fyllsta samræmi við ástand hennar.
2. Fasteignasali skal láta liggja frammi veðbókarvottorð um eignina strax og hann fær hana í sölu, og ber kaupanda að kynna sér það áður en hann gerir bindandi kauptilboð í eignina. Ef seljandi er ekki þinglýstur eigandi fasteignarinnar ber fasteignasali ábyrgð á að samþykki þinglýsts eiganda liggi fyrir, þannig að honum sé kunnugt um sölu eignarinnar. Ef um er að ræða ófrágengnar skuldbindingar seljanda við þinglýstan eiganda skal svo frá þeim gengið að engin áhrif hafi á skuldbindingar seljanda gagnvart kaupanda.
3. Ef um tímabundið kauptilboð eða gagntilboð er að ræða er það á ábyrgð fasteignasalans að tilkynna viðkomandi aðilum á sannanlegan hátt hvort tilboði er tekið eða hafnað, og skal það undirritað af viðkomandi sölu- eða kaupaðilum eftir því sem við á. Í kauptilboði skal koma fram nákvæm lýsing á eigninni, sem gert er tilboð í, auk kvaða sem eigninni fylgja og kaupandi skuldbindur sig til að yfirtaka.

   Við gerð kaupsamnings skulu tilgreind nákvæmlega öll atriði sem nauðsynleg eru til að réttur kaupanda og seljanda sé nægjanlega tryggður, og skal

það vera á ábyrgð fasteignasalans að svo sé gengið frá kaupsamningi að þessu ákvæði sé fullnægt.

4. Sérstök ákvæði skulu gilda um auglýsingu fasteigna, þar sem m. a. skal gert skylt að kveða á um nákvæma nettó- og brúttóstærð eignarinnar samkvæmt útgefnu fasteignamati.
5. Ef um er að ræða fasteignaviðskipti sem gerð eru á byggingarstigi eignar, skal kveða nákvæmlega á í kaupsamningi um réttarstöðu kaupanda, ef byggingaraðili stendur ekki við gerðan samning, og þess gætt í hvívetna að réttarstaða kaupanda gagnvart byggingaraðila sé tryggð. — Þau atriði, sem sett eru sem frávik í slíkan samning vegna afhendingardags eignarinnar, skulu tilgreind og byggingaraðila gert að sæta sektum ef dráttur verður á afhendingu innan þess ramma sem kaupsamningur segir til um.

   Auk þess skal kveða á um rétt kaupanda til að fá afsal á eigninni þá þegar, ef sannanlegt er að fjárhagsstaða byggingaraðilans sé með þeim hætti að hann hafi ekki staðið við eða sýnt er að hann standi ekki við gerðan samning og kaupandi hins vegar staðið við sinn hluta samnings, þannig að greiðslur hans standi undir verðmæti eignarinnar á því byggingarstigi sem það var eða væri í við slíkar aðstæður.
6. Sölulaun skulu miðast við fasteignamatsverð eignarinnar og hlutfall þeirra ákveðin af því eða við aðrar sambærilegar fastar viðmiðunarreglur sem ekki hafa áhrif á verðmyndun fasteignarinnar.
7. Öllum fasteignasölum skal skylt að hafa lög og reglur um fasteignasölu frammi á fasteignasölum, þannig að kaupendum og seljendum fasteigna megi vera ljós ákvæði þeirra.

Greinargerð.

Brýna nauðsyn ber til að tryggja frekar en nú er réttarstöðu kaupanda og seljanda í fasteignaviðskiptum og því er þessi tillaga flutt.

Lög þau, sem nú gilda um fasteignasölu, eru frá 11. júní 1938 og hafa litlar breytingar verið gerðar á þeim síðan. Endurskoðun hlýtur að vera nauðsynleg á gildandi lögum með tilliti til þess, hvað fasteignaviðskipti eru orðin snar þáttur í þjóðlífnu og hvað íbúðareigendum hefur farið fjölgandi á undanförnum árum, auk þess sem í ljósi reynslunnar hefur ýmislegt komið fram sem ástæða er til að tryggja nánar í slíkum lögum.

Eins og nú er tryggir núverandi löggjöf mjög óljóst réttarstöðu kaupanda og seljanda og mjög eru einnig óljósar skyldur fasteignasalans í slíkum viðskiptum, — en í fasteignaviðskiptum hefur reynslan sýnt að oft koma upp ýmis ágreiningsatriði sem löggjafinn hefur ekki séð fyrir eða ekki talið ástæðu til að tryggja, en geta skipt sköpum um fjárhag og réttarstöðu margra í eignaskiptum og íbúðarkaupum.

Þau atriði, sem tilgreind eru sérstaklega í þáltill., eru ekki tæmandi, en hér er aðeins hreyft nokkrum sem að gagni gætu komið við slíka endurskoðun, — ábendingar sem að mati flm. eiga að tryggja betur en nú er réttarstöðu kaupanda og seljanda í slíkum viðskiptum.

Ástæðulaust er að skýra þessi ákvæði frekar en gert er í sjálfri þáltill., en þau miða öll að því að koma á bættum viðskiptaháttum í fasteignasölu, sem reynslan hefur sýnt að full ástæða er til að tryggja með lagasetningu til að fyrirbyggja óþarfan ágreining og koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón sem af slíkum viðskiptum getur skapast.

Ekki er að efa að margir fasteignasalar gera sér ljósar skyldur sínar og ábyrgð í slíkum viðskiptum — og að margir hverjir uppfylla nú þau almennu ákvæði sem hér er lagt til að höfð verði hliðsjón af við endurskoðun á lögum um fasteignasölu og öðrum þar að lútandi lögum og reglum sem um fasteignaviðskipti gilda. En engu að síður er það almenn skoðun, að í ljósi fenginnar reynslu beri að herða

og gera nákvæmari alla lagasetningu í þessu efni, þannig að öllum séu ljósir viðskiptahættir og ábyrgð sem á þeim hvílir sem í fasteignaviðskiptum eiga, — og nákvæm lagasetning ætti að tryggja að undan þeim sé ekki hægt að víkja.

Það segir sig sjálft, að um er að ræða gífurlegar fjárhæðir í slíkum viðskiptum og oftast um aleigu fólks að ræða, þannig að mikilvægi fullkominnar og mjög nákvæmrar lagasetningar um slík viðskipti hlýtur að vera ótvíræð, enda hagsmunir margra í húfi að vel sé frá slíkum viðskiptum gengið.

Sþ. 11. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um tollfrjálst iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Flm.: Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka hvort hagkvæmt er að starfrækja tollfrjálst iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur komið fram að fyrirhugað er að reisa nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Ekki er enn ákveðið hvenær af því verður, en nauðsynlegt er að huga að hinum ýmsu atvinnutækifærum, sem unnt er að skapa í tengslum við rekstur flugstöðvarinnar.

Hlutverk tollfrjáls iðnaðarsvæðis væri í því fólgið að gefa fyrirtækjum, jafnt innlendum sem erlendum, kost á að framleiða hér eða ljúka framleiðslu tækja, véla o. s. frv., sem síðan yrðu flutt á markað, t. d. í löndum tollabandalaganna EFTA og EBE. Mætti hugsa sér að t. d. japönsk eða amerísk fyrirtæki teldu hagkvæmt að nýta þennan möguleika, einkum vegna þess að þá nytu þau tollfrelsis á mörkuðum tollabandalaganna EBE og EFTA. Hagsmunir Íslendinga yrðu hins vegar í því fólgnir að njóta atvinnunnar er þessi starfsemi skapaði.

Þá er hugsanlegt að erlend fyrirtæki gætu notað svæðið sem vörugeymslu. Vegna legu sinnar á flugleiðum Atlantshafsins er Keflavíkurflugvöllur ákjósanlegur staður til þess að geyma iðnaðarvörur og dreifa þeim síðan austur og vestur.

Ávinningurinn af því að geyma vörur á tollfrjálsu iðnaðarsvæði væri aðallega sá, að ekki er nauðsynlegt að tollafgreiða í innflutningsland fyrr en raunverulega þarf á vörunni að halda.

Á síðustu árum hefur bryddað á atvinnuleysi á Suðurnesjum, sem rekja má til aflabrests og annarra erfiðleika, m. a. afskiptaleysis stjórnvalda. Þótt aflabrögð bötnuðu má reikna með að það dugi skammt, því talið er að í framtíðinni muni sjávarútvegur engan veginn fær um að taka við því aukna vinnuafli, sem leiðir af eðlilegri fólksfjölgun.

Aukin áhersla á iðnþróun er því það ráð, sem flestir eru sammála um að verða megi til lausnar þessu vandamáli, og sökum smæðar heimamarkaðarins er líklegt að iðnaðarframleiðsla til útflutnings þurfi til að koma. Ljóst er að takist myndarlega til við rekstur tollfrjáls iðnaðarsvæðis mundi það skapa fjölda starfstækifæra jafnt fyrir faglært sem ófaglært fólk.

Árið 1959 var tollfrjálst iðnaðarsvæði sett á stofn við Shannon-flugvöll á Írlandi. Er það var gert vantaði allt til alls á staðnum og vinnuafl varð að sækja til Limerick í 25 km fjarlægð. Í nágrenni Shannon var komið upp heilum kaupstað með öllum þeim kostnaði og fyrirhöfn sem því er samfara. Ýmsar ráðstafanir voru og gerðar til að laða erlend fyrirtæki að og bar sú viðleitni góðan árangur. Nú hafa þúsundir manna atvinnu við tollfrjálsa iðnaðarsvæðið við Shannon. Afkoma þeirra, er þarna vinna, er mun betri en annars staðar gerist á Írlandi, og er af kunnugum

talið, að bæði fyrir Shannon-flugvöll og írsku þjóðina í heild hafi starfsemi hins tollfrjálsa iðnaðarsvæðis á Shannon reynst jafnvel betri lyftistöng en hinir bjartsýnustu höfðu gert sér í hugarlund.

Keflavíkurflugvöllur stendur að mörgu leyti betur að vígi en Shannon er starfsemi þessi hófst þar. Í næsta nágrenni Keflavíkurflugvallar búa tæplega 13 þúsund manns og höfuðborgin í aðeins 50 km fjarlægð frá vellinum. Þá eru og hafnir í lítilli fjarlægð frá vellinum. En rétt er að hafa í huga að tollfrjálsa iðnaðarsvæðið þyrfti ekki að vera bundið við flugið eingöngu.

Auk þess má á það benda, að ef varnarliðið fer héðan losnar gífurlega mikið húsnæði sem nota mætti í sambandi við umrætt iðnaðarsvæði.

Írar hafa gert margvíslegar aðrar ráðstafanir en hér er getið til þess að auka flugumferð um Shannon. Ekki er fráleitt að um uppbyggingu tollfrjáls iðnaðarsvæðis á Keflavíkurflugvelli mætti margt læra af reynslunni á Shannon.

Að lokum skal þess getið, að samkvæmt aðalskipulagi af flugvallarsvæðinu er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði í grennd fyrirhugaðrar flugstöðvarbyggingar.

Sþ. 12. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]

um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma nákvæmar kannanir á launakjörum og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, sem mættu verða grunnur að sanngjarnari tekjuskiptingu og hagkvæmara launafyrirkomulagi. Kannanirnar skulu sérstaklega miðast við að gera grein fyrir hvort vissir hópar hafi ekki öðlast þá hlutdeild bætts þjóðarhags, sem almennt geti talist réttmæt, og skulu þannig unnar að á grundvelli þeirra megi ákveða hvaða aðferðum hægt sé að beita til að auka laun og tekjur þeirra einstaklinga eða hópa sem verst eru settir.

Kannanirnar skulu sérstaklega miða að því að upplýsa, meta og undirbyggja eftirtalda þætti:

1. Að fyrir liggi á einum stað, þar sem tölfræðileg tölvuúrvinnsla er möguleg, allar upplýsingar um lífskjör og kjaramál er máli skipta og nauðsynlegar eru til tölfræðilegrar greiningar hverju sinni og seinni liðir ályktunarinnar fjalla um.
2. Að framkvæma tölfræðilegan samanburð á hvers konar kjaraatriðum — í hvaða formi sem þau eru látin í té — innan og milli starfsgreina, fyrirtækja, stofnana, verkalýðsfélaga, atvinnuvega eða byggðarlaga.
3. Að rannsaka forsendur flokkaskipunar og annarra kjaraatriða hinna margvíslegu kjarasamninga, þ. e. a. s. meta vægi hinna ýmsu eðlisþátta vinnunnar eða annarra áhrifaþátta með vinnurannsóknum, t. d. a) ábyrgðar, b) áhættu, c) hæfni, d) lífaldurs, e) prófa, f) starfsaldurs, g) starfsreynslu, h) streitu, i) óþrifnaðar, j) viðhorfa, k) þekkingar, e) erfiðis o. fl. þátta sem að gagni mættu koma.
4. Að upplýsa hlutfall hinna ýmsu launakerfa í launakjörum almennt þannig að hægt sé að sjá hvaða þáttur launakjara sé mest ákvarðandi um launakjör hverrar starfsstéttar, svo sem dagvinnutaxtar, yfirvinnutaxtar, afkastahvetjandi launataxtar, yfirborganir og aðrar duldar greiðslur eða kjaraþættir.
5. Að upplýsa hvernig aldurs- og kynskipting sé eftir launatöxtum, yfirborgunum og starfsgreinum.
6. Að rannsaka hvort og hvers vegna sumir hópar eru verr í stakk búnir til að ná fram bættum lífskjörum í gegnum almenna kjarasamninga, og á sama hátt að rannsaka hvers vegna öðrum hópum hefur tekist að ná mun betri kjörum en almennt þekkist í landinu.

7. Að meta heilsufræðileg, félagsleg og hagfræðileg áhrif hinna mismunandi launakerfa og vinnuaðstæðna.
8. Að athuga hvort víðar sé hægt að koma við að skaðlausu afkastahvetjandi launakerfum, t. d. hjá hinu opinbera.
9. Að leita skýringa, ef um marktækan mismun er að ræða milli launakjara einstakra byggðarlaga, atvinnuvega, verkalýðsfélaga, starfsgreina eða ólíkra rekstrarforma í atvinnurekstri.
10. Að kanna hvort brögð séu að því að launamisrétti sé falið í stöðuheitum.
11. Að athuga hvort uppbygging launataxta og annarra launakjara kalli fram mismun í kjörum karla og kvenna, t. d. vegna aðildar að mismunandi verkalýðsfélögum.
12. Að kanna hvaða áhrif skert starfsgeta eða starfsþrek hefur í reynd á eðlilega tekjuskiptingu í þjóðfélaginu — og í hve ríkum mæli hún er ákvarðandi um lífskjör — þegar önnur atriði eru sambærileg.
13. Að rannsaka og upplýsa með hvaða hætti atvinnureksturinn í landinu notar hina ýmsu launaliði til að réttlæta verðhækkunarbeiðnir sínar fyrir verðlagsnefnd.
14. Að kanna hvaða möguleikar felast í tekjutilfærslukerfum ríkisins, t. d. skatta- og almannatryggingakerfinu, til að jafna tekjuskiptingu og stuðla að aukinni hlutdeild láglaunafólks, lífeyrisþega og annarra minnihlutahópa í vaxandi þjóðartekjum.
15. Að athuga á grundvelli þessara upplýsinga hvort ekki sé hægt í samráði við aðila vinnumarkaðarins að samræma og einfalda hinn mikla frumskóg kjaraákvæða og launataxta er nú gilda í landinu.

Niðurstöður ofangreindra kannana skal jafnan leggja fyrir Alþingi, þegar þær liggja fyrir.

Greinargerð.

Tillaga þessi er endurflutt frá síðasta þingi, en þá náði hún ekki fram að ganga, enda lögð fram á síðustu dögum þingsins.

Hún er hér lögð fram aftur nú í óbreyttri mynd, enda hafa engar ábendingar eða tillögur komið fram síðan, sem næðu betur því markmiði sem að er stefnt með þessari tillögu.

Mikill meiri hluti efnahagslegra ákvarðana, sem teknar eru á Alþingi og í ríkisstjórn, miða að því að bæta kjör þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. — Slík vinnubrögð eru og í fullu samræmi við álit stórs hluta þjóðarinnar um framkvæmd á grundvallarhugmyndum um þjóðfélagslegt réttlæti.

Næg atvinna síðustu áratuga hefur útrýmt almennri fátækt. Stefnan í menntamálum hefur og valdið því, að alþýðufólk hefur með aukinni menntun náð fram aukinni verðmætasköpun og þannig aukið tekjur sínar og þjóðarinnar. — Þá má og nefna breytingar sem gerðar hafa verið í skatta-, almannatrygginga- og félagsmálum sem hafa haft áhrif í þá veru að bæta stöðu vissra hópa í þjóðfélaginu, svo sem barnafjölskyldna, aldraðra og öryrkja.

Margt er þó sem bendir til þess að ekki sé nóg að gert, og enn má finna hópa í þjóðfélaginu sem bæði hafa lág laun og litlar tekjur.

Hið opinbera getur bætt hér úr með aðgerðum á sviði skatta-, félags- og atvinnumála, en til þess að slíkt verði gert á sem árangursríkastan hátt þarf að liggja fyrir hver vandinn er og hvers eðlis. — Þá er ekki síður mikilvægt í þessu sambandi að um það hefur ekki verið eining á vinnumarkaðinum hverjir teljast skuli til láglaunahópa og hverjir til lágtekjuhópa. Auðvitað verður ekki úr því skorið í rannsókn sem þessari, en hins vegar ætti með slíkri rannsókn að skapast grundvöllur til raunhæfari umræðna og ákvarðana en nú á sér stað.

Markmið þessa tillöguflutnings er margþætt og afrakstur hennar, ef samþykkt og framkvæmd yrði, margnýtilegur á fjölmörgum sviðum þjóðlífsins. — Þó hér

virðist við fyrstu sýn um ærið yfirgripsmikil, torleyst og umdeilanleg atriði að ræða, þá er þekking á þeim alger forsenda fyrir því, að efnahags- og kjaramálum verði stjórnað af einhverri skynsemi og sanngirni með einhverjum árangri og án alvarlegra árekstra.

Það er engum blöðum um það að fletta, að kaup og kjör eru höfuðdeilumál sérhvers iðnvædds samfélags og sanngjörn uppbygging og þróun kjaramála forsenda réttmætrar skiptingar og hlutdeildar þjóðfélagsþegnanna í bættum þjóðarhag, auk þess sem slíkt tryggir vinnufrið, vaxandi atvinnuuppbyggingu í þjóðfélaginu og heilbrigt efnahagslíf.

Oft skortir líka í öllum umræðum um kjaramál alla sanngirni og þekkingu, vegna þess að staðreyndir hafa ekki legið fyrir til að draga réttmætar og sanngjarnar ályktanir af þróun þessara mála undanfarna áratugi.

Slíkar kannanir og rannsóknir sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir hafa að einhverju leyti verið framkvæmdar, en í of litlum og sundurlausum mæli til að á þeim megi byggja. — Slík yfirgripsmikil könnun og rannsókn sem tillagan gerir ráð fyrir er varla á færi aðila vinnumarkaðarins að framkvæma. Liggur því næst við að ætla að hún verði framkvæmd á vegum stjórnvalda og á þeirri forsendu er tillaga þessi flutt. Einnig má benda á að í lögum um stjórn efnahagsmála, í kaflanum um samráð stjórnvalda við samtök launafólks á sviði efnahagsmála, segir í 5. gr., að verkefni samráðs þessa skuli m. a. vera að fjalla um atriði sem horfa til framfara á sviði atvinnu-, verðlags-, kjara- og launamála og efnahagsmála almennt. — Má því ætla að slíkar upplýsingar hljóti að verða mjög hagnýtar og ómetanlegar við ýmsa sameiginlega ákvarðanatöku bæði hjá stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins.

Skal nú leitast við að skýra þá 15 liði sem þessi tillaga byggist á, en jafnframt á það bent, að hér þarf ekki að vera um tæmandi liði að ræða og mætti við framkvæmd og úrvinnslu þeirra bæta við frekari þáttum sem að gagni mættu koma.

Um 1. lið.

Hinar margvíslegu upplýsingar, sem hér kynnu að koma að notum, eru fyrir hendi á víð og dreif um þjóðfélagið, t. d. hjá Þjóðhagsstofnun, Kjararannsóknarnefnd, verkalýðsfélögum, Hagstofu, verðlagsstjóra, skattstofum og tryggingakerfinu, en aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru, liggja ekki á lausu og þeirra þyrfti að afla með könnunum eða á annan löglegan hátt.

Eðlilegt má telja að slíkar upplýsingar séu varðveittar á einum stað, þar sem hægt sé að endurbæta þær eins og tilefni gefast til og vinna úr þeim.

Ekki er óeðlilegt að álíta Kjararannsóknarnefnd í tengslum við Þjóðhagsstofnun rétta aðila til að sinna slíku verkefni, þó einstaka verkefni mætti fela öðrum aðilum. T. d. mætti ef til vill fela Háskóla Íslands sum rannsóknar- og könnunarverkefnin.

Um 2. lið.

Ef upplýsingasöfnun samkvæmt 1. lið er nægjanleg, þá opnast möguleikar til að framkvæma hlutlausan og raunhæfan samanburð á hvers konar kjaraatriðum, sem að gagni gætu komið fyrir ríkisvaldið og aðila vinnumarkaðarins við gerð kjarasamninga eða við mótun launa- og tekjustefnu í landinu.

Um 3. lið.

Margir spyrja sjálfa sig og aðra af hverju er greitt meira fyrir þessa vinnu en aðra og sýnist sitt hverjum.

Raunhæfir mælikvarðar byggðir á vinnurannsóknum um eðli vinnunnar, þar sem gert er ráð fyrir að hinir fjölbreytilegu eðlisþættir hennar geti á einhvern hátt vegið upp hvor á móti öðrum, hljóta að vera nauðsynlegir til að hægt sé á einhvern sanngjarnan hátt að ákveða kaup og kjör skv. flokkaröðun eða á annan hátt.

Aðalreglan hingað til er að flokkaröðunin er ákveðin í aðalkjarasamningum eða öllu heldur sérkjarasamningum einstakra félaga af einhvers konar samstarfsnefndum um starfsmat, t. d. af Kjaranefnd hjá starfsmönnum hins opinbera (sbr. lög 29/1976 og lög 46/1973). Það, sem einkum hefur verið lagt til grundvallar, er, að því er næst verður komist, ábyrgð, sjálfstæði í starfi, menntun, starfsaldur hjá sama aðila, en ekki endilega starfsreynslan sem slík, rökstuðningur stéttarfélags og oft á tíðum framboð og eftirspurn og ekki síst viðhorf til starfsins. Ein regla sannast með undantekningum, að því færri sem vinna í starfsgreininni því betur er hún launuð. En tæpast er hægt að tala um að neinar formlegar reglur gildi hér um og er reyndar nokkuð misjafnt eftir stéttarfélögum á hverju slíkt starfsmat byggist.

Um 4. lið.

Þegar deilt er um kaup og kjör, þá er oftast verið að deila um taxtakaupið sem byggist á flokkaröðuninni og samanburður gerður á þeim grundvelli. — En hjá sumum hópum er taxtakaupið ekki afgerandi þáttur heildartekna og enn öðrum óverulegur þáttur. Sanngjarn samanburður verður því varla gerður nema öll launakerfin séu dregin inn í myndina. — Hugsanlega mætti ætla að tekjur á tímaeiningu séu heppileg viðmiðunarstærð.

Um 5. lið.

Hér er fyrst og fremst átt við það að upplýsa einfaldlega hlutfallsskiptingu karla og kvenna í einstökum launaflokkum hinna ýmsu kjarasamninga og hversu yfirborganir eru ráðandi og mismunandi í kjörum karla og kvenna, en það ætti að sýna á marktækan hátt hvor hópurinn sé meiri láglaunahópur. — Það sama á við um aldur, en niðurstöður þessar gætu leitt í ljós hvort tekjur aukist reglulega fram að einhverju aldursmarki og minnki síðan úr því eða hvort um óreglulegra línurit væri að ræða.

Nauðsynlegt væri, eftir því sem kostur er, að kanna slíkt gagnvart öðrum launakerfum og fá þannig sem sannasta mynd af slíkri skiptingu.

Vissulega kæmi hér til álita að athuga aðrar hópmyndanir í þjóðfélaginu sem ekki teljast beinlínis sjálfstæðir kjaraaðilar skv. 6. lið.

Um 6. lið.

Hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst átt við þá hópa sem koma fram sem sjálfstæður kjaraaðili, þ. e. a. s. þeir sem vinna sömu, svipuð eða sambærileg störf eða starfa á sama vinnustað, mynda stærri hópa í verkalýðsfélögum eða enn stærri hópa í landssamtökum ákveðinna tegunda verkalýðsfélaga eða jafnvel landshluta. En eins og í 5. lið koma hér ýmsar hópmyndanir einnig til álita, t. d. elli- og örorku-, ekkna- og ekklalífeyrisþegar, einstæðir foreldrar og hinir fjölmörgu hópar atvinnurekenda, þ. e. a. s. þeir, sem teljast ekki launþegar vegna þess að þeir fá ekki sínar tekjur samkvæmt kjarasamningum nema þá á óbeinan hátt.

Rannsaka á hvort einhver slíkra hópa er óeðlilega vanbúinn, t. d. vegna samsetningar eða aðstöðuleysis eða af öðrum ástæðum, til að berjast fyrir bættum lífskjörum, og á sama hátt á að rannsaka hvort aðrir hópar hafi náð óeðlilegri aðstöðu eða notfært sér aðstöðu sína á óeðlilegan hátt til að knýja fram lífs- og launakjör sem eru í engu samræmi við vinnuframlag þeirra.

Um 7. lið.

Hér er í æðimörg horn að líta. Vinnuaðstæður eru launakjör út af fyrir sig. Óþrifalegar, heilsuspillandi og óaðlaðandi vinnuaðstæður hafa án efa veruleg áhrif á starfsgetu sem og vinnuframlag starfsfólks. — Það gæti því hvort tveggja í senn verið hagur vinnuveitandans sem launþegans ef samanburðarkönnun á sambærilegum vinnustöðum leiddi í ljós marktækan mismun á vinnuframlagi betri vinnuaðstæðum í hag.

Alkunna er að margvísleg launakerfi eru notuð á vinnumarkaðinum til að auka afköst eða árangur, önnur til að ná samfelldari vinnu, t. d. vaktaálag, enn önnur til að halda góðum starfskröftum, t. d. yfirborganir, og einnig eru launakerfi til að halda starfseminni gangandi í misjafnlega langan tíma, t. d. dagvinnu- og yfirvinnutaxtar.

Það er augljóst að slík launakerfi hafa ekki sömu áhrif, hvorki á launþegann sjálfan né árangur vinnu hans. Öll hafa þau sína kosti og sína galla, ýmist heilsufræðilega, félagslega eða hagfræðilega. — En nauðsynlegt er að slíkt sé metið á hlutlausan hátt.

Um 8. lið.

Opinber rekstur margs konar, t. d. framleiðslurekstur, hefur oft verið gagnrýndur bæði að seku og óseku fyrir slælegan árangur, skipulagsleysi og óráðsíu. Einn liður í að auka samkeppnisfærni hans um starfskrafta og auka skipulag hans, afköst og ráðdeildarsemi liggur ef til vill í að borga laun með sambærilegum hætti og einkareksturinn í landinu gerir, t. d. með afkastahvetjandi launakerfum.

Um 9. lið.

Ef tölfræðilegir útreikningar skv. 2. lið sýna marktækan mismun um einhverja þætti sem athuga ber, þá gefur auga leið að leita þarf skýringa með könnunum eða á annan hátt ef æskilegt þykir þar um að bæta.

Um 10. lið.

Segja má að erfitt og torsótt geti verið að kanna hversu mikil brögð geti verið að því að launamisrétti sé falið í stöðuheitum. — Kemur þar margt til, m. a. að eðli og uppbygging flokkaskipunar og launataxta er bæði flókin, margþætt og oft óljós skil á milli taxtaþrepa í ýmsum starfsgreinum, sem gefur aukna möguleika á að fela misrétti í stöðuheitum.

Erfitt getur því reynst fyrir verkalýðsfélögin að gæta hagsmuna og réttinda umbjóðenda sinna. Ber einnig að nefna í þessu sambandi Jafnréttisráð sem fylgjast á með því að lögum nr. 78/1976, um jafnrétti karla og kvenna, sé framfylgt.

Slíkt getur í mörgum tilfellum kallað á mjög nákvæmt starfsmat og er oft vandmeðfarið að meta af fyllstu réttsýni hugsanlegt launamisrétti, þó oft geti slíkt misrétti verið augljóst.

Óeðlilegt er að svo yfirgripsmiklar kannanir á launakjörum séu gerðar án þess að reynt sé að kryfja slíkt til mergjar.

Um 11. lið.

Staðreynd er að kynbundin starfsskipting er almennt talin ríkjandi í mörgum atvinnugreinum, þó óljóst sé í hve ríkum mæli karlmenn sitji að betur launuðum störfum en konur, — einnig að konur veljast jafnan í láglaunastörf.

Kannanir hafa leitt í ljós að launamunur milli karla og kvenna er einnig innan sömu starfsgreina.

Slíkar staðreyndir krefjast að leitað sé skýringar á því, hvort uppbygging launataxta og annarra launakjara kalli fram mismun í kjörum karla og kvenna, og á því, hvers vegna þau störf, sem konur stunda, séu jafnan lægst launuð. Er t. d. einhverra skýringa að leita á launamismun karla og kvenna vegna aðildar að mismunandi verkalýðsfélögum.

Með skírskotun til jafnréttislaga, nr. 78/1976, er brýnt að fá svar við slíkum spurningum í þjóðfélagi þar sem þegnarnir eiga skv. lögum að búa við sömu laun fyrir sömu störf.

Um 12. lið.

Skert starfsgeta eða starfsþrek hefur vitaskuld áhrif á lífsafkomu og kjör margra hópa, bæði vegna andlegrar og líkamlegrar fötlunar og vegna aldurs, sjúkdóma og slysa.

Slíkar breytingar á högum fólks koma oft fyrirvaralaust — og hafa mikil áhrif á lífsafkomu og hagi þess. Slíkt mat og könnun geta verið erfið í framkvæmd, en nauðsynlegt er að leita leiða til að kanna hvaða áhrif það getur haft á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu — og í hve ríkum mæli skert starfsgeta er ákvarðandi þegar um er að ræða aðra sambærilega þætti, eins og t. d. menntun og starfsreynslu.

Um 13. lið.

Ef slík könnun sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir upplýsir að yfirborganir séu miklu ráðandi um launakjör almennt, er samhliða nauðsynlegt að upplýsa hvaða áhrif það hefur í reynd á verðlagsþróun í landinu, því varla getur það talist eðlilegt að láglaunahópar, sem eingöngu taka laun samkvæmt kjarasamningum, beri kostnaðarhækkanir vöru og þjónustu sem leiðir af slíku.

Um 14. lið.

Þau hagstjórnartæki, sem stjórnvöld hafa helst yfir að ráða til tekjujöfnunaráhrifa, eru í gegnum skatta- og almannatryggingakerfið. Þessum hagstjórnartækjum hefur því eðlilega verið beitt til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir vegna skertrar starfsgetu, starfsþreks eða annarra félagslegra aðstæðna.

Hér er um stóran hóp fólks að ræða, þar sem t. d. öryrkjar eru milli 7 og 8 þúsund og fjöldi aldraðra einnig með skerta starfsgetu. Erfitt reynist því oft á tíðum fyrir þetta fólk að fá starf við sitt hæfi á vinnumarkaðinum og á það því oft undir högg að sækja í starfsvali og launakjörum.

Lífeyrir almannatrygginganna og ákvarðanir stjórnvalda í skattamálum eru því mjög ákvarðandi um lífsafkomu og hagsmuni þessa fólks. — Ekkjur, ekklar og einstæðir foreldrar eru í mörgum tilfellum einnig mjög afkomulega háð þeim tekjutilfærslukerfum sem stjórnvöld hafa yfir að ráða. Slíkir hópar hafa ekki verkalýðsfélög til að gæta réttar síns og eru því háðir ákvörðunum stjórnvalda hverju sinni um afkomu sína. Leita ber því allra tiltækra leiða til að tryggja þessu fólki réttmæta og eðlilega hlutdeild í vaxandi þjóðartekjum.

Um 15. lið.

Brýna nauðsyn ber til að athuga hvort ekki væri hægt á grundvelli slíkra upplýsinga sem þáltill. gerir ráð fyrir að einfalda og samræma þann frumskóg launataxta og mismunandi kjaraatriða sem almennt gilda í landinu.

Slíkan aragrúa launataxta hlýtur að teljast hagkvæmt að einfalda og samræma, því slíkt flókið og margþætt kjarakerfi er kostnaðarsamt, torveldar, tefur og skapar ýmsa erfiðleika í allri samningagerð, auk þess sem slíkt fyrirkomulag eykur líkur á misrétti og óréttlátri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Hér er því um hagsmunamál allra aðila að ræða, bæði aðila vinnumarkaðarins, ríkisvaldsins og þjóðarinnar í heild. Slíkt mætti einnig gera án afskipta stjórnvalda, þó æskilegra væri að þau hefðu forgöngu í svo yfirgripsmiklu og vandasömu verki.

Á grundvelli slíkra upplýsinga sem þáltill. gerir ráð fyrir mætti auðvelda slíka samræmingu og einföldun á allri samningagerð, og þær eru raunar forsendan fyrir að slíkt sé framkvæmanlegt, hvor leiðin sem farin yrði — með eða án afskipta stjórnvalda, ef slíkt þætti ganga inn á frjálsan samningsrétt.

Vissulega er hér um ærið yfirgripsmikið og jafnvel kostnaðarsamt verkefni að ræða. En líta verður til þess, að mörg af þessum atriðum má framkvæma með litlum tilkostnaði og á skömmum tíma, en önnur eru framtíðarverkefni, sem taka langan tíma og kosta töluvert.

En allt er þetta mikilvægt og hagnýtt, og kostnaðurinn gæti skilað sér í bættum skilyrðum til uppbyggingar heilbrigðs efnahagslífs og betri og réttlátari kjörum fólksins í landinu.

Nd. **13. Frumvarp til laga** [12. mál]

um breyting á lögum nr. 95 31. des. 1975, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. lög nr. 112/1972 og 62/1974.

Flm.: Svava Jakobsdóttir.

1. gr.

Aftan við 2. tölul. 1. gr. (lið c) bætist:

Þó skulu þeir, sem tekjutryggingar njóta, fá ¾ hluta lyfjagjaldsins endurgreidda hjá viðkomandi sjúkrasamlagi samkvæmt sérstakri kvittun frá lyfjaverslun, sem sýni að viðkomandi aðili hafi greitt gjaldið.

Kveða skal nánar á um framkvæmd málsins í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það nýmæli er í þessu frumvarpi, að lagt er til að þeir ellilífeyrisþegar og öryrkjar, sem tekjutryggingar njóta, skuli ekki greiða nema einn fjórða af því lyfjagjaldi sem öðrum er gert að greiða á hverjum tíma. Samkvæmt reglugerð frá 10. apríl 1979 er lyfjagjald samkvæmt lyfjaverðskrá I nú 750 kr. fyrir hverja afgreiðslu, en lyfjagjald samkvæmt verðskrá II 2000 kr. Ef frumvarp þetta yrði að lögum, mundi því lyfjagjald fyrir þá, sem tekjutryggingar njóta, lækka um 1500 kr. fyrir hverja lyfjaafgreiðslu skv. verðskrá II.

Samkvæmt lögum um almannatryggingar hefur ráðherra heimild til að breyta fastri upphæð lyfjagjalds með reglugerð einni saman. Þó nokkrum sinnum hefur lyfjagjald þetta verið hækkað síðan 1972, er jafnaðargjaldi á lyfjum var komið á, og þótt það fyrirkomulag hafi verið til mikilla bóta frá því sem áður var, liggur í augum uppi að hækkanir á þessu gjaldi bitna illa á þeim sem úr litlu hafa að spila og þurfa jafnvel á lyfjum að halda að staðaldri. Getur mikill lyfjakostnaður orðið þessu fólki þungur fjárhagsbaggi.

Að vísu er heimild í lögum um að veita megi uppbót á tekjutryggingu vegna mikils lyfjakostnaðar, en það getur varla talist nægileg vernd þeim sem minna eru megandi í þjóðfélaginu. Að mati flutningsmanns á það að vera sjálfsagður réttur þessa fólks að fá nauðsynleg lyf á viðráðanlegu verði, í stað þess að leita sífelldrar undanþágu, ella gæti svo farið að þetta fólk veigraði sér við að leita hjálpar í veikindum af ótta við lyfjakostnaðinn. Þegar auk þess er haft í huga að þeir, sem á sjúkrahúsum dveljast, fá lyf sér að kostnaðarlausu, þá hlýtur það að teljast sanngirnismál að ellilífeyrisþegar og öryrkjar, sem tekjutryggingar njóta, fái ívilnun þá á lyfjakostnaði sem hér er lögð til.

Flutningsmaður leggur til að endurgreiðsla fari fram hjá viðkomandi sjúkrasamlagi gegn framvísun sérstakra kvittana frá lyfjaverslunum, sem sýni að sá, sem í hlut á, hafi greitt gjaldið. Það fyrirkomulag ætti hvorki að þurfa að vera fyrirferðarmikið í framkvæmd né bjóða heim misnotkun.

Þess skal getið, að flm. og fleiri þingmenn Alþýðubandalagsins hafa áður flutt tillögu um svipað efni og hér um ræðir, en hún náði því miður ekki fram að ganga.

Sþ. 14. Skýrsla

utanríkisráðherra um flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli.

Núverandi flugstöðvarhús á Keflavíkurflugvelli var reist 1948 til bráðabirgða, og var ætlunin að það entist í 20 ár. Byggingin er úr timbri, klædd tjörupappa, og eldhætta í henni mikil. Hún er fyrir löngu komin yfir leyfilega stærð timburhúsa hvað snertir brunavarnir.

Landrými er takmarkað við flugstöðvarbygginguna, en bæði bifreiðastæði og flugvélastæði orðin alltof lítil.

Á þessu ári hefur verið varið yfir 60 milljónum króna til að klæða bygginguna að utan og bæta bifreiðastæði. Næstu ár mun reynast óhjákvæmilegt að verja miklu fé til viðhalds flugstöðvarinnar.

Allt þetta og margt fleira veldur því, að gamla flugstöðin er ófullnægjandi og jafnvel hættuleg. Þar að auki er hún staðsett á miðju athafnasvæði varnarliðsins, og er brýn nauðsyn að skilja að farþegaumferð og varnarmannvirki.

Forsaga málsins.

Þegar á síðasta áratug var ljóst, að ekki yrði lengi komist hjá að reisa nýja flugstöðvarbyggingu. Hinn 31. mars 1970 skipaði þáverandi utanríkisráðherra fimm manna nefnd til að vinna að málinu. Voru það þeir Páll Ásgeir Tryggvason, Ásgeir Einarsson, Gísli Blöndal, Hörður Bjarnason og Pétur Guðmundsson.

Nefndin leitaði fyrst tæknilegrar aðstoðar hjá B. M. Hellman, flugvallafræðingi frá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO), en hann var áður kunnugur íslenskum flugmálum. Gerði hann tillögur um staðsetningu nýrrar stöðvar eftir samráð við íslensk skipulagsyfirvöld. Benti hann á svæði norðan við aðalbraut vallarins, sem er austur-vesturbrautin. Liggur sá staður vel við flugvellinum og einnig við næstu byggð. Landrými er þar til vaxtar í áratugi og einnig hægt að koma fyrir tollfrjálsu iðnaðarsvæði í næsta nágrenni. Vegalengd frá Reykjavík að flugstöð mundi þó lengjast um 3 km.

Allir þeir aðilar, sem síðan hafa fjallað um flugstöðvarmálið, hafa verið sammála þessu staðarvali.

Þessu næst ákvað nefndin að leita til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um aðstoð við sérfræðilega undirbúningsvinnu, og til Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) um að greiða kostnaðinn af verkinu, og fékkst hvorttveggja.

ICAO bauð undirbúningsverkið út meðal 23 fyrirtækja í 4 löndum og varð Aéroport de Paris, franskt ríkisfyrirtæki, fyrir valinu. Var gerður samningur við það 27. maí 1971. Þá réði byggingarnefndin M. Graae-Hansen, yfirarkitekt hjá flugvallarstjórn á Kastrup, til aðstoðar við mat á niðurstöðum Aeroport de Paris og val á kostum. Í apríl 1971 var haft samband við þau flugfélög, sem notuðu Keflavíkurflugvöll, og óskað samvinnu við þau.

Verki sínu lauk Aeroport de Paris sumarið 1972. Var talið, að 100 hektara svæði þyrfti fyrir flugstöð og önnur nálæg mannvirki fyrir þarfir allt fram til 1990. Spáð var, að heildarumferð um Keflavíkurflugvöll árið 1980 yrði 1 796 000 farþegar, og 1990 5 256 000 (en hún var 556 000 árið 1978). Gerðar voru tvær heildartillögur um gerð flugstöðvar, sem áætlað var að kosta mundi um 1.5 milljarð króna á þáverandi verðgildi. Undirbúnings- og byggingartími var áætlaður 5 ár.

Næst var leitað til Vilhelm Lauritzens Tegnestue A/S, sem talin var hafa hvað mesta reynslu og þekkingu á byggingu flugvallarmannvirkja á Norðurlöndum. Skilaði hún haustið 1974 „miklu verki og ítarlegu, mjög vel unnu svo sem vænta mátti“, að sögn embættis húsameistara ríkisins. Var því embætti í júnímánuði 1975 falið að láta utanríkisráðuneytinu í té umsögn um helstu atriði í áætluninni um væntanlega flugstöð. Kvaddi húsameistari sér til aðstoðar ýmsa sérfróða aðila hér á landi.

Í ágúst 1975 skilaði húsameistari ítarlegri skýrslu með tillögum um skipan framkvæmda, svo að stöðin yrði tilbúin vorið 1979.

Þegar hér var komið málum var ljóst, að hin upphaflega áætlun Aeroport de Paris um farþegafjölda var alltof há, sérstaklega hvað transitfarþega snertir. Þar eð stærð stöðvarinnar og starfsmannafjöldi fóru eftir þessum tölum, gerðu teikningar allar ráð fyrir of stórri og dýrri stöð. Lagði húsameistari fram margar tillögur um breytingar á einstökum atriðum og heildarmynd mannvirkisins.

Samkvæmt áætlun gerðri í júní 1977 hefði stöðin og umhverfi hennar kostað 62 milljónir dollara — eða um 18 milljarða ísl. kr. án tolla eða söluskatts.

Fjáröflun.

Í hverju fyrirtæki skal vera eftirlitsbók eða annað tilsvarandi skráningarform, þar sem skráðar eru heimsóknir eftirlitsmanna og athugasemdir þeirra, bönn Vinnueftirlits ríkisins og önnur fyrirmæli og tilkynningar, er varða starfsumhverfi.

Ennfremur skal skrá hvers konar meiðsli, eitranir og slys og annað það, sem máli kann að skipta fyrir starfsmenn og/eða fyrirtæki.

Vinnueftirlit ríkisins skal setja nánari reglur um gerð, notkun og varðveislu eftirlitsbóka og annarra skjala.

89. gr.

Ráðherra setur reglur um samstarf Vinnueftirlitsins við aðra opinbera aðila og leitar áður álits meðráðherra sinna.

XIII. KAFLI

Tilkynningarskylda fyrirtækja, veiting starfsleyfa og fleira.

90. gr.

Starfsemi merkir í lögum þessum skipulagða aðgerð eða framkvæmd, hvort sem um vinnustað samkvæmt 41. gr. er að ræða eða ekki.

Fyrirtæki merkir í lögum þessum alla þá, sem reka starfsemi, hvort sem um er að ræða stofnanir, félagasamtök, einstaklinga eða aðra aðila. Um einstaklinga gildir einu, hvort þeir vinna einir eða hafa aðra í þjónustu sinni.

91. gr.

Vinnueftirlit ríkisins skal halda skrá yfir þau fyrirtæki, sem lög þessi gilda um. Stofnunin hagnýtir sér í þessu efni þær skrár, sem tiltækar eru hjá Hagstofu Íslands og öðrum opinberum aðilum.

Vinnueftirlit ríkisins hefir samvinnu um þessi mál við þá aðlia, sem með lögum eða reglugerðum er falið að veita fyrirtækjum framleiðslu-, iðnaðar-, starfs- eða vinnsluleyfi, hverju nafni sem nefnast.

92. gr.

Senda skal Vinnueftirliti ríkisins afrit af iðnaðarleyfum, sem lögreglustjórar láta af hendi samkvæmt 12. gr. iðnaðarlaga nr. 48/1978.

93. gr.

Sérhver, sem ætlar að hefja rekstur fyrirtækis eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um það, hvort hin fyrirhugaða starfsemi sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta stofnuninni í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir húsakynni og fyrirkomulag véla, tækja og annars búnaðar og öðrum upplýsingum, sem máli kunna að skipta, eftir reglum, sem Vinnueftirlit ríkisins setur eða eftir fyrirmælum forstjóra stofnunarinnar.

Vilji hlutaðeigandi ekki una fyrirmælum forstjórans, getur hann skotið máli sínu til stjórnar stofnunarinnar, sbr. 98. gr. laga þessara.

94. gr.

Hver sá sem tekur að sér byggingu verksmiðja, verkstæða eða annars þess háttar, uppsetningu véla, tækja eða annars búnaðar, hverju nafni sem nefnist, skal

vera ábyrgur gagnvart Vinnueftirliti ríkisins um, að öryggisbúnaður sé samkvæmt lögum þessum og í samræmi við tillögur, fyrirmæli eða úrskurði forstjóra eða stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

95. gr.

Hver sá, sem hefir með höndum starfsemi, sem lög þessi gilda um, skal hafa sérstakt starfsleyfi Vinnueftirlits ríkisins til tryggingar því, að starfsemi fullnægi viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum snertir.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um veitingu starfsleyfa og um gildistíma þeirra.

96. gr.

Sérhver starfsemi, sem lög þessi ná til, skal tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins áður en hún hefst.

Óheimilt er að hefja rekstur í fyrirtæki eða hluta fyrirtækis fyrr en eftirlitsmaður hefir gefið réttum aðilum vottorð um, að allur útbúnaður sé í fullu lagi og í samræmi við fyrirmæli forstjóra eða stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, að mati eftirlitsmannsins.

97. gr.

Sé öðrum aðilum, með lögum eða reglugerðum falið að veita fyrirtækjum framleiðslu-, iðnaðar-, starfs- eða vinnsluleyfi, hverju nafni sem nefnast, tekur starfsleyfi, sem Vinnueftirlit ríkisins gefur út, ekki gildi fyrr en viðkomandi fyrirtæki hefir aflað sér annarra tilskilinna leyfa.

XIV. KAFLI
Áfrýjun úrskurða.

98. gr.

Ákvörðunum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og annarra starfsmanna stofnunarinnar má skjóta til stjórnarinnar innan fjögurra vikna frá því viðkomandi aðila hefir verið tilkynnt ákvörðunin. Stjórnin skal fella úrskurð um málið, svo fljótt sem verða má.

Úrskurði stjórnarinnar má skjóta til ráðherra innan fjögurra vikna frá því ákvörðun stjórnarinnar var tilkynnt viðkomandi, sbr. þó 2. mgr. 87. gr.

XV. KAFLI
Refsiákvæði.

99. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála.

XVI. KAFLI
Gildistaka.

100. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 23 1. febrúar 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum með síðari breytingum. Ennfremur falla úr gildi önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við þessi lög.

Bráðabirgðaákvæði.

1. Nú brýtur starfsemi við gildistöku laga þessara að einhverju leyti í bága við ákvæði þeirra, og skal þá forstjóra Vinnueftirlits ríkisins heimilt að veita tiltekinn frest til þess að koma því í lag, sem ábótavant kann að reynast.
2. Reglugerð samkvæmt 6. mgr. 73. gr., svo og reglur samkvæmt lögum þessum, skal setja svo fljótt sem verða má. Þar til þær hafa verið staðfestar, skulu þær reglugerðir og reglur, sem nú gilda um þau mál, er lög þessi taka til, vera í gildi, enda brjóti ákvæði þeirra eigi í bága við ákvæði laga þessara.
3. Seðlabanki Íslands skal árlega á næstu fimm árum útvega fjármagn, 300 milljónir króna á ári miðað við verðlag 1. janúar 1979, til lánveitinga til fyrirtækja, sem þurfa að framkvæma endurbætur á vinnuaðstöðu starfsfólks eða til þess að bæta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Tryggja skal að lánsfé verði eingöngu notað til endurbóta á almennu starfsumhverfi starfsfólks hjá fyrirtækjum, sem eru í rekstri við gildistöku laga þessara. Lánstími skal vera allt að fimm ár. Alþýðusamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni fulltrúa til þess að fjalla um lánaþörf og lánveitingar ásamt fulltrúum stjórnvalda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Í tengslum við kjarasamninga vorið 1977 lögðu aðilar vinnumarkaðarins fram sameiginlegar tillögur um aðgerðir í vinnuverndarmálum, sem samþykktar voru af þeim og ríkisstjórninni 19. apríl 1977.

Er þar meðal annars lagt til, að ríkisstjórnin hlutist til um, að skipuð verði nefnd, sem fái það verkefni, að endursemja lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og um vinnuumhverfi verkafólks almennt.

Í nýrri löggjöf um þetta efni verði ákveðið, að ein eftirlitsstofnun sjái um framkvæmd laganna í stað þeirra, sem nú heyra undir ýmis ráðuneyti.

Í lögunum verði ótvírætt ákvæði um skyldu eftirlitsstofnunar til þess að banna vinnu verkafólks á þeim vinnustöðum, sem ekki eru búnir í samræmi við lög, reglugerðir eða fyrirmæli eftirlitsstofnunar.

Nefndin verði skipuð fulltrúum frá A.S.Í., V.S.Í. og V.M.S., svo og sérfróðum mönnum í þessum málum.

Gert var ráð fyrir, að nefndin lyki störfum innan 12 mánaða.

Í tillögunum er enn fremur lagt til, að gerð verði sérstök allsherjarathugun og úttekt á ástandi aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustöðum.

Úttektinni skal fyrst og fremst beint að eftirfarandi atriðum:

1. Vinnuhúsnæði almennt.
2. Loftræstingu og efnasamsetningu andrúmslofts vinnuhúsnæðis, svo sem vegna uppgufunar, reyks og ryks.
3. Meðferð hættulegra efna.
4. Hreinsun vinnuhúsnæðis og hreinsunaraðferðum.
5. Hávaða í vinnuhúsnæði og orsökum hans.
6. Lýsingu vinnuhúsnæðis með tilliti til vinnuaðstöðu og verkefna.
7. Upphitun vinnuhúsnæðis og rakastigs á vinnustað.
8. Hlífðar- og öryggisbúnaði gegn heilsutjóni og slysum og notkun hans.
9. Vélbúnaði í vinnuhúsnæði, svo og vélknúnum tækjum og öryggisbúnaði slíkra tækja.
10. Vinnuaðstöðu og áhöldum.
11. Starfsmannarými, þ. e.

a. Fataskiptaaðstöðu og fataskápum.
b. Mötuneyti, mat- og kaffistofu.
c. Snyrtiaðstöðu, svo sem handlaugum, salernum og böðum.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Öryggiseftirlit ríkisins framkvæmi sameiginlega, samkvæmt sérstöku umboði stjórnvalda, úttekt vinnustaða á næstu 12 mánuðum og fái til þess sérstaka fullnægjandi fjárveitingu.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Öryggiseftirlit ríkisins skulu gera úttektarskýrslu um alla vinnustaði, sem úttektin nær til, í samráði við vinnuveitanda og trúnaðarmenn og láti viðkomandi fyrirtæki og verkalýðsfélög fá afrit hennar.

Komi í ljós, að vinnustaður er samkvæmt úttektarskýrslu ekki útbúinn í samræmi við lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23 1. febrúar 1952 og reglugerðir settar samkvæmt þeim og heilbrigðisreglugerð skv. 9. gr. laga nr. 12/1969, skulu Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Öryggiseftirlit ríkisins gefa stjórnendum viðkomandi vinnustaða fyrirmæli um úrbætur, sem nauðsynlegar eru til að vinnustaður verði útbúinn í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Verði nauðsynlegum úrbótum ekki lokið innan tiltekins tíma, sem ákveðinn er af Heilbrigðiseftirliti ríkisins og Öryggiseftirliti ríkisins, með tilliti til undirbúnings og framkvæmdatíma úrbóta, í samráði við forstöðumenn viðkomandi fyrirtækja og trúnaðarmann á vinnustað, er eftirlitsstofnun skylt að banna vinnu verkafólks á vinnustaðnum.

Komi til lokunar vinnustaða af þessum ástæðum og verkafólk missi vinnu sína, skal því sagt upp starfi með tilskildum uppsagnarfresti, enda tilkynni stofnanirnar fyrirtæki lokun með þeim fyrirvara, að slíkt sé mögulegt.

Sé um að ræða sérstaklega slæmt ástand varðandi hollustuhætti og öryggi á vinnustað, skal fyrirtækinu skylt að gera úrbætur þegar í stað. Sé það ekki gert, skal banna vinnu á staðnum tafarlaust, enda haldi fólk þá launum út uppsagnarfrestinn.

Í sambandi við slíka stöðvun skal þess gætt að hún geti ekki skapað hættuástand fyrir umhverfið.

Þeim fyrirtækjum, sem skylt er að framkvæma úrbætur á aðbúnaði, hollustuháttum og vinnuumhverfi, skal veitt lán til að framkvæma úrbæturnar og/eða til kaupa á nauðsynlegum tækjum í því skyni.

Stjórnvöld útvegi fjármagn í þeim tilgangi.

Tryggt skal að slíkt lánsfé verði eingöngu notað til endurbóta á vinnuumhverfi og öryggisbúnaði.

A.S.Í., V.S.Í. og V.M.S. tilnefni fulltrúa, til þess að fylgjast með úttekt á ástandi vinnustaða og til þess að fjalla um lánaþörf og lánveitingar ásamt fulltrúum stjórnvalda.

Hinn 22. júní 1977 ritaði forsætisráðuneytið Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna eftirfarandi bréf:

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í nefndinni munu eiga sæti 3 fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, 1 fulltrúi frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, 2 fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi Íslands og 3 fulltrúar skipaðir af ráðherra, án tilnefningar. Skipar ráðherra formann nefndarinnar.

Skal stefnt að því að ný lög um þessi mál taki gildi eigi síðar en í ársbyrjun 1979.

Ríkisstjórnin hefur ennfremur ákveðið að beita sér fyrir því, að næstu mánuði verði gerð sérstök athugun á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. Athugun þessi mun ná til ákveðins og takmarkaðs fjölda vinnustaða og skal gerð í því skyni að knýja á um úrbætur á aðbúnaði og öryggi á vinnustöðum og verða niðurstöður hennar hafðar til hliðsjónar við undirbúning lagasetningar um þetta efni.

Er gert ráð fyrir að ofangreind nefnd leggi á ráðin um þessa athugun og fylgist með henni.

Ríkisstjórnin mun stefna að því að upp verði tekið reglubundið allsherjareftirlit með öryggismálum og vinnuvernd á öllum vinnustöðum, fyrst í stað með eflingu þess eftirlits, sem fyrir er.

Í því skyni að unnt verði að koma fram aðkallandi úrbótum á aðbúnaði og öryggi vinnustaða, þar sem þeirra er þörf, mun ríkisstjórnin beita sér fyrir að fé fáist til lána til fyrirtækja í þessu skyni.

Þess er hér með farið á leit við yður, að þér tilnefnið fulltrúa yðar til þátttöku í áðurgreindri nefnd og tilkynnið félagsmálaráðuneytinu ákvörðun yðar svo fljótt sem kostur er."

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar skipaði félagsmálaráðherra hinn 14. september 1977 nefnd til þess að semja frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Formaður var skipaður Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri en ásamt honum voru skipaðir: Bolli B. Thoroddsen, hagræðingarráðunautur, Karl Steinar Guðnason, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og Guðjón Jónsson, formaður Málmiðnaðarsambands Íslands, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Barði Friðriksson, hæstaréttarlögmaður og Geir Þorsteinsson, verkfræðingur, tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, Júlíus Kr. Valdimarsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Friðgeir Grímsson, öryggismálastjóri, tilnefndur af Öryggiseftirliti ríkisins og Hrafn V. Friðriksson, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, tilnefndur af Heilbrigðiseftirliti ríkisins.

Nefndin hélt fyrsta fund sinn 21. september 1977.

Var þá ákveðið að skipa starfsnefnd þriggja úr aðalnefndinni og að hlutverk hennar yrði að undirbúa og skipuleggia fundi aðalnefndarinnar, með því að annast gagnasöfnun og setja fram hugmyndir og tillögur til umfjöllunar í aðalnefndinni.

Starfsmaður nefndarinnar var ráðinn Örn Bjarnason, skólayfirlæknir.

Starfsnefndin hélt 24 bókaða fundi og aðalnefndin 36. Auk þess var fjallað um einstök mál og efnisatriði af undirnefndum milli reglulegra funda.

Í byrjun var aðallega fjallað um undirbúning vinnustaðakönnunarinnar, en á 9. fundi, 19. júlí 1978, voru lögð fram frumdrög að lagafrumvarpi. Þar var í samræmi við ákvörðun aðalnefndarinnar gert ráð fyrir rammalögum, sem síðan yrði fyllt inn í með reglugerðum, starfsreglum og öðrum reglum og fyrirmælum um nánari útfærslu einstakra atriða.

Nefndin hefur gert sér far um að einfalda lagafrumvarpið og forðast skörun við önnur lög og leitast hefur verið við að skilgreina hugtök, sem um er fjallað, eins nákvæmlega og kostur er.

Við samningu frumvarpsins hafa fyrst og fremst verið hafðar í huga íslenskar aðstæður, en einnig hefir m. a. verið höfð hliðsjón af nýlegri löggjöf um sama efni í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, svo og samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þá hefir verið stuðst við drög að frumvarpi til laga um vinnuvernd, en nefnd undir stjórn Hjálmars Vilhjálmssonar, þáverandi ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins, vann að þessu verkefni 1973—1975 í samræmi við málefnasamning ríkisstjórnarinnar, að hún skyldi beita sér fyrir setningu laga um alhliða vinnuvernd. Lög nr. 23 1. febrúar 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, með síðari breytingum, hafa verið höfð til hliðsjónar, svo og lög nr. 12 17. mars 1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, lög nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu, ásamt fjölda annarra laga og reglugerða, sbr. fylgiskjal 2.

Ýmis ákvæði í gildandi lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum hafa verið tekin efnislega upp í lagafrumvarpið, svo sem ýmsar skilgreiningar, en í samræmi við þá ákvörðun nefndarinnar að vinna að frumvarpi að rammalögum er gert

ráð fyrir, að ýmis ákvæði laganna um öryggisráðstafanir á vinnustöðum muni verða felld inn í reglugerðir og reglur, sem settar verði í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir, að við setningu reglugerða verði höfð hliðsjón af niðurstöðum vinnustaðakönnunarinnar.

Nefndin hefir leitað samráðs við fjölda margar stofnanir, sem lögum samkvæmt hafa eftirlit á vinnustöðum hér á landi, og aðra aðila, sem nefndin hefur talið mál þetta varða, svo sem Bifreiðaeftirlit ríkisins, Búnaðarfélag Íslands, eiturefnanefnd, Flugmálastjórn (loftferðaeftirlit), Framleiðslueftirlit sjávarafurða, Hagstofu Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, landlæknisembættið, Rafmagnseftirlit ríkisins, Siglingamálastofnun ríkisins og yfirdýralækni. Þá hefir verið haft samband við ýmsa sérfræðinga í ráðuneytum, svo sem landbúnaðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og menntamálaráðuneyti og við nefnd þá, sem endurskoðar lög nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Nefndin hefur unnið samkvæmt því meginsjónarmiði, að eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum verði sem allra mest innan vinnustaðanna sjálfra.

Í frumvarpi þessu er, í samræmi við samkomulagið frá 19. apríl 1977, lagt til, að ein stofnun, sem nefnd er Vinnueftirlit ríkisins, sjái um framkvæmd laganna, ef lögfest verða, sbr. XII. kafla frumvarpsins.

Í þessu sambandi er lögð rík áhersla á nauðsyn náins samstarfs allra þeirra aðila, sem hafa eftirlit á vinnustöðum, til þess að komið verði í veg fyrir tvöfalt og oft margfalt eftirlit með sama þætti á vinnustað, eins og nú vill brenna við.

Almennar athugasemdir.

I.

Gildissvið er í frumvarpinu rýmkað frá lögum nr. 23 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og gilda þau um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri starfsmenn vinna, og ná einnig til þeirrar starfsemi, þar sem eigandi vinnur einn í fyrirtæki sínu.

Lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum taka aðeins til starfsemi, þar sem tveir starfsmenn eða fleiri vinna.

Frumvarpið tekur til skrifstofuvinnu og vinnu við landbúnaðarstörf, sem undanskilið er í lögum nr. 23 1952.

Á sama hátt og er í þeim lögum eru siglingar, fiskveiðar og loftferðir undanþegin í frumvarpinu.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum fer dómsmálaráðuneytið með mál er varða öryggisgæslu á vinnustöðum og Öryggiseftirlit ríkisins, sbr. lög nr. 73 28. maí 1969 og Auglýsingu um reglugerð nr. 96 1969 um Stjórnarráð Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að félagsmálaráðherra fari með mál, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Er það í samræmi við skipun nefndarinnar og þá skoðun hennar, að þessi mál heyri undir félagsmálaráðuneytið, enda falla málefni vinnumarkaðarins fyrst og fremst undir það ráðuneyti.

II.

Í frumvarpinu er lögð á það meginhersla, að eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi verði sem allra mest innan fyrirtækjanna sjálfra og atvinnurekendur og starfsmenn skipuleggi sameiginlega ráðstafanir á vinnustöðum, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Eru ákvæði laganna í þessu efni að verulegu leyti nýmæli og í anda þess, sem fram kemur í 1. gr. laganna um tilgang þeirra, sbr. umsögn um greinina síðar.

III.

Nýmæli eru í frumvarpinu um öryggisnefndir sérgreina. Í II. kafla er gert ráð fyrir, að í stærri fyrirtækjum verði stofnaðar öryggisnefndir sem í sitja fulltrúar

atvinnurekenda og fulltrúar starfsmanna. Í III. kafla er á sama hátt gert ráð fyrir að hægt sé að setja nefndir í sérgreinum til þess að vinna að lausn vandamála, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan viðkomandi sérgreinar.

IV.

Skyldur atvinnurekenda eru skilgreindar í kaflanum um almennar skyldur, en auk þess eru ákvæði er lúta að skyldum atvinnurekenda í kaflanum um öryggis- og heilbrigðisstarfsemi innan fyrirtækja og í kaflanum um heilsuvernd og fleira. Eru ákvæði þessi mun ítarlegri en eru í gildandi lögum.

Hið sama gildir um skyldur verkstjóra og starfsmanna svo og þeirra, sem selja, setja upp, gera við eða hanna, leigja út eða lána vélar, tæki og annan búnað, sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur, svo og þá sem hanna framleiðslusamstæður, húsnæði vinnustaða og önnur mannvirki og ennfremur um þá sem gefa ráð í þessum efnum.

V.

Í frumvarpinu eru fyllri ákvæði um framkvæmd vinnu en eru í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að nánari fyrirmæli verði í reglum, sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur.

VI.

Í frumvarpinu eru fyllri ákvæði um hættuleg efni og vörur en eru í lögum nr. 23 1952, að því er varðar meðferð þeirra og hugsanleg áhrif á starfsmenn og starfsumhverfi.

VII.

Samfelldur lágmarkshvíldartími skal vera 8 klukkustundir, samkvæmt gildandi lögum. Samkvæmt frumvarpinu á hann að vera 10 klukkustundir.

Gert er ráð fyrir, að leyfð séu ákveðin frávik frá þessu atriði, þegar nauðsyn ber til, en slíkt er háð samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og samþykki Vinnueftirlits um framkvæmd.

Þá eru í frumvarpinu ítarleg ákvæði um vikulegan frídag og frávik frá honum, sem háð eru sömu skilyrðum og greinir hér á undan.

VIII.

Ákvæðin um vinnu barna og ungmenna eru mun ítarlegri en núgildandi ákvæði í lögum nr. 23 1952.

IX.

Í kaflanum um heilsuvernd, læknisskoðanir og aðrar rannsóknir er fjallað um atvinnusjúkdómavarnir.

Gert er ráð fyrir, að sú starfsemi verði innan heilbrigðiskerfisins og sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum verði falin heilsuvernd starfsmanna í samræmi við gildandi lög um heilbrigðisþjónustu. Eru þessi ákvæði mun ítarlegri en eru í gildandi lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

X.

Með stofnun Vinnueftirlits ríkisins er leitast við að færa undir eina stofnun allt eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum, sem lög þessi ná til, sbr. I. kafla laganna. Slíkt eftirlit hefur hingað til verið í höndum fleiri stofnana og ráðuneyta, en það fyrirkomulag hefur leitt til margvíslegra vandkvæða og öryggisleysis í framkvæmd.

Hlutverk Vinnueftirlits ríkisins er ítarlega skilgreint í XII. kafla lagafrumvarpsins.

Ráðherra skal skipta stofnuninni í deildir og landinu í eftirlitssvæði.

Um eftirlitsstörf eru almenn ákvæði, en gert er ráð fyrir að ráðherra setji stofnuninni starfsreglur. Þessi almennu ákvæði hafa hins vegar verið skerpt og færð í form, sem talið er að geti hentað, einnig í afbrigðilegum tilvikum. Er stefnt að

því að Vinnueftirlit ríkisins geti betur komið á umbótum en reynst hefur kleift með stoð í núgildandi lögum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórn Vinnueftirlitsins sé skipuð 7 mönnum: Alþýðusamband Íslands tilnefni 3 stjórnarmanna, Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni 2 og Vinnumálasamband samvinnufélaganna einn og ráðherra skipi einn stjórnarmanna án tilnefningar. Er þetta með svipuðum hætti og er um skipun öryggisráðs samkvæmt núgildandi lögum og í samræmi við samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

XI.

Tilkynningarskylda atvinnurekenda um tilvist, starfrækslu og breytingu fyrirtækja hefir verið flókin og á reiki.

3. og 11. grein laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum fjalla um þessi atriði, en ekki hefur tekist framkvæmd á þeim lagagreinum, svo að gagni hafi komið.

Tilkynningarskylda er því í frumvarpinu bundin með einfaldari hætti, en áður var.

XII.

Það nýmæli er í frumvarpinu, að gert er ráð fyrir að kostnaður við Vinnueftirlit ríkisins verði borinn uppi af iðgjöldum, sem reiknist á sama hátt og iðgjöld til slysatrygginga, sbr. lög um almannatryggingar. Nefndin taldi rétt að fara þessa leið, þar sem í ljós hefir komið, að gjaldskrárfyrirkomulag það, sem gilt hefir hjá Öryggiseftirliti ríkisins og byggt er á lögum nr. 23/1952, hefir reynst illa og verið kostnaðarsamt í framkvæmd. Eru þessu máli gerð ítarleg skil í umsögn um 77. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Tilgangur og gildissvið.

Um 1. gr.

Nefndin hefur í starfi sínu leitast við að tryggja, að hægt sé að fylgja félagslegri og tæknilegri þróun í landinu og að hægt sé að leysa vandamál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan vinnustaðanna sjálfra.

Um 2. gr.

Áður var lýst þeirri rýmkun, sem lagt er til að verði á gildandi lögum.

Í gildandi lögum eru skrásett ökutæki undanskilin. Gert er ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins hafi eftirlit með þeim skrásettum ökutækjum, sem ekki lúta eftirliti annarra aðila lögum samkvæmt og er nánar fjallað um þetta í VII. kafla.

Nýmæli er að eftirlit skuli haft með búvélum og er einnig fjallað um það í VII. kafla.

Nefndin hefur fjallað mjög mikið um eftirlit í landbúnaði almennt. Þar er fyrir höndum mikið verkefni. Nú þegar fer fram eftirlit ýmissa aðila með ýmsum þáttum í landbúnaði, en þetta eftirlit þarf að efla. Nefndinni er hinsvegar ljóst, að nokkurn tíma muni taka að koma á auknu eftirliti og er gert ráð fyrir að það verði gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands, yfirdýralækni og aðra þá aðila, sem um þessi mál fjalla.

Í gildandi lögum eru verksmiðjur í skipum háðar eftirliti Öryggiseftirlits ríkisins.

Í þessari grein er kveðið svo á, að siglingamál og önnur verkefni sem sérstaklega eru falin Siglingamálastofnun ríkisins séu undanþegin lögum þessum.

Í samræmi við þá skýru verkaskiptingu í eftirlitsstörfum, sem leitast er við, er gert ráð fyrir, að störf lögskráðra manna verði háð eftirliti Vinnueftirlits ríkisins, þegar þeir starfa undir verkstjórn úr landi.

Um 3. gr.

Í þessari grein er, eins og í næstu grein á undan, leitast við að skilja á milli eftirlitsstarfa Vinnueftirlits ríkisins annars vegar og Loftferðaeftirlits og Siglingamálastofnunar hins vegar.

Öll störf, er varða loftför á jörðu niðri, eru háð eftirliti Vinnueftirlits ríkisins nema ef um störf áhafnar er að ræða. Eftirlitið nær þannig til vinnupalla kringum loftför, aðbúnaðar í flugskýlum, öryggis í flugskýlum og verkstæðum, að því er varðar t. d. lyftur, háþrýstikúta, brunavarnir, rafmagnsmótora o. s. frv., vinnutækja, sem notuð eru við loftför t. d. lyftara, dráttarvagna o. s. frv. Eldsneytisáfylling loftfara er undir eftirliti flugmálastjórnar (Loftferðaeftirlit). Hinsvegar hefur Vinnueftirlit ríkisins og skyldur gagnvart eftirliti með afgreiðslubifreiðum eldsneytis, eldsneytisgeymum og rafmótorum utan loftfars.

Í þessari grein er kveðið svo á um, að ráðherra geti falið Vinnueftirliti ríkisins eftirlit með áhöldum og vélum, mannvirkjum og framkvæmdum, sem lögin ná ekki til. Er þetta í samræmi við núgildandi ákvæði, en þeim hefur verið beitt, m. a. varðandi eftirlit með lyftum í fjölbýlishúsum og vatnshitunarkerfum, öðrum en jarðvarmaveitum.

II. KAFLI
ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐISSTARFSEMI INNAN FYRIRTÆKJA

Samskipti atvinnurekenda og starfsmanna.

Vísað er til þess, að hugtakið fyrirtæki er skilgreint í 90. grein, atvinnurekandi í 12. grein, verkstjóri í 20. grein og starfsmaður í 24. grein.

Bent skal á það markmið laga þessara, að eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi sé sem mest flutt inn á vinnustaðina sjálfa og að það byggist á samstarfi starfsmanna og atvinnurekenda.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru almennt orðuð ákvæði um skyldur starfsmanna, verkstjóra og atvinnurekenda að eiga samstarf um að stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á þeim vinnustöðum, þar sem eru einn til níu starfsmenn. Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur ákveðið, að 5. grein gildi fyrir þá starfshópa, sem hér um ræðir.

Um 5. gr.

Í lögum nr. 23/1952 eru ákvæði um að í fyrirtækjum, þar sem 5 starfsmenn eða fleiri vinna, er þeim heimilt að velja sér trúnaðarmann, sem gæti hagsmuna þeirra varðandi öryggi á vinnustað. Reynslan hefur hinsvegar orðið sú, að heimild þessi hefur sáralítið verið notuð.

Samkvæmt frumvarpinu er það hins vegar ótvírætt skylda á vinnustöðum, þar sem tíu starfsmenn eru eða fleiri, að starfsmenn skuli tilnefna úr sínum hópi sérstakan öryggistrúnaðarmann, sem gæti hagsmuna starfsmanna að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

Þrátt fyrir ótvíræðan rétt og skyldu starfsmanna til að velja sérstakan öryggistrúnaðarmann er ekki loku fyrir það skotið að sami maður geti jafnframt verið félagslegur trúnaðarmaður starfsmanna, telji þeir slíka skipan heppilega.

Atvinnurekandi skal tilnefna einn aðila af sinni hálfu öryggisvörð, til þess að vinna að aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi sérstaklega.

Um 6. gr.

Í fyrirtækjum, þar sem eru 20 starfsmenn eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd. Í henni skulu sitja tveir fulltrúar starfsmanna og tveir fulltrúar atvinnurekanda. Þessi nefnd skal skipuleggja og hafa eftirlit með ráðstöfunum, sem varða aðbúnað,

hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og ennfremur skal nefndin annast fræðslu starfsmanna um þessi efni.

Í greininni eru einnig ákvæði um samstarf eftirlitsmanna Vinnueftirlits ríkisins við atvinnurekanda, öryggistrúnaðarmenn, félagslegan trúnaðarmann starfsmanna og við öryggisnefndir.

Ákvæðin í 5. og 6. grein um sérstakan öryggistrúnaðarmann starfsmanna, öryggisvörð og öryggisnefndir í fyrirtækjum eru algjör nýmæli.

Um 7. gr.

Sjálfsagt þykir að stjórn Vinnueftirlits ríkisins setji nánari reglur um fyrirkomulag þeirrar starfsemi, sem fjallað er um í þessum kafla.

Um 8. gr.

Í greininni er lögð á það áhersla að fulltrúi/fulltrúar vinnuveitenda hafi fullt umboð hans. Auk þess er hér fjallað um ýmsar skyldur atvinnurekanda varðandi þá starfsemi, sem miðar að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í fyrirtæki hans, þar á meðal skyldu hans að eiga frumkvæði að samstarfi öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna, öryggisnefnda og þeirra, sem annast heilbrigðisþjónustu, þ. e. a. s. starfsfólks þeirrar heilbrigðisstofnunar, sem annast heilsuvernd starfsmanna, sbr. 66. grein, sbr. einnig 16. gr.

Flest atriði þessarar greinar eru nýmæli, í samræmi við það, að skipulag starfsemi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækja er að mestu nýsmíð.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um skyldu Vinnueftirlits ríkisins til að veita fyrirtækjum sérfræðilega aðstoð eða benda á sérfræðinga, er ráðgjöf geta veitt varðandi bættan aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

III. KAFLI

Öryggisnefndir sérgreina.

Ákvæði þessa kafla eru algjör nýmæli.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir því, að aðilar vinnumarkaðarins geti stofnað öryggisnefndir í sérgreinum, svo sem byggingariðnaði, fiskiðnaði, hafnarvinnu, iðju- og verksmiðjustarfsemi, málmiðnaði og skipasmíði o. s. frv.

Vinnueftirlit ríkisins skal viðurkenna slíkar nefndir.

Hugmyndin að baki þessari grein er að virkja þá sérfræðiþekkingu, sem aðilar vinnumarkaðarins í hverri grein hafa yfir að ráða og er þetta í samræmi við þá stefnu, sem mörkuð er í 1. grein laga þessara.

Gert er ráð fyrir að öryggisnefndir sérgreina fái, þegar við á, til umsagnar nýjar reglugerðir og einstök mál, sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins fjallar um hverju sinni og ennfremur að öryggisnefndir geti átt frumkvæði að því að leggja ákveðnar hugmyndir fyrir stjórnina.

Í 3. mgr. þessarar greinar er kveðið á um skyldu Vinnueftirlitsins að ráðfæra sig við öryggisnefnd viðkomandi sérgreinar, sem stjórnin hefur viðurkennt.

Í 4. mgr. þessarar greinar er kveðið á um skyldu öryggisnefnda að stunda fræðslustarfsemi, bæði gagnvart atvinnurekendum og starfsmönnum.

Í 5. mgr. þessarar greinar er á sama hátt og í 2. mgr. þessarar greinar gert ráð fyrir, að öryggisnefndir geti lagt fram tillögur um breytingar á gildandi reglum.

Í 6. mgr. þessarar greinar segir að stjórn Vinnueftirlits ríkisins setji reglur um skipulag, verkefni og starfsemi öryggisnefnda, sérgreina svo og um fjármögnun vegna starfsemi þeirra.

IV. KAFLI
ALMENNAR SKYLDUR

a: Skyldur atvinnurekenda.

Um 12. gr.

Í lögum nr. 23/1952 telst sá einn atvinnurekandi, sem hefir tvo eða fleiri starfsmenn í þjónustu sinni.

Í samræmi við þá meginstefnu laga þessara, að allir, sem atvinnurekstur hafi með höndum, beri ábyrgð sem slíkir, er í lögunum gert ráð fyrir, að einstaklingar sem stunda atvinnustarfsemi séu taldir atvinnurekendur.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en vísað er til athugasemda við V.—VIII. kafla.

Um 14. gr.

Í þessari grein er með ákveðnari hætti en áður hefur verið kveðið á um skyldur atvinnurekenda að því er varðar kennslu og þjálfun starfsmanna.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Í grein þessari er með ótvíræðum hætti lögð sú skylda á atvinnurekanda að hann eigi frumkvæði að því, að það samstarf, sem II. kafli laganna fjallar um, komist á og verði rækt.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru nýmæli, þar sem kveðið er á um, að þar sem fleiri en einn atvinnurekandi á aðild að starfsemi á sama vinnustað, skuli þeir hafa samvinnu um að tryggja góðan aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum í heild, sbr. og 36. grein.

Í flestum tilvikum leysast mál sem þessi án utanaðkomandi aðgerða. Leysist þau hins vegar ekki á þann hátt, er gert ráð fyrir, að stjórn Vinnueftirlits ríkisins geti sett reglur um það, hvernig slíku samstarfi skuli háttað, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

Um 18. gr.

Grein þessi gefur Vinnueftirliti ríkisins heimild til þess að krefjast þess, að atvinnurekandi láti gera rannsókn eða úttekt, þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um, að starfsskilyrði fullnægi ekki ákvæðum þeim, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa og er hún í öllum aðalatriðum í samræmi við ákvæði laga nr. 23/1952.

b: Skyldur verkstjóra.

Um 20.—23. gr.

Skilgreining á verkstjóra er nýmæli í lögum og ákvæðin um stöðu hans og skyldur eru það einnig.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

c: Skyldur starfsmanna.

Um 24. gr.

Í lögum nr. 23/1952 er verkamaður skilgreindur sem karl eða kona, sem vinnur utan heimilis síns í annars manns þjónustu.

Þekkt er, að stórfelldur atvinnurekstur, sem skipulagður er af ákveðnum atvinnufyrirtækjum, á sér stað á heimilum. Má þar til nefna saumaskap, þar sem starfsmönnum eru lagðar til vinnuvélar og efni.

Skilgreining gildandi laga nær ekki til slíkra starfa.

Nauðsynlegt er að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi undir slíkum kringumstæðum sé í samræmi við frumvarpið.

Í frumvarpinu er orðið starfsmaður tekið upp í stað orðsins verkamaður, sem notað er á hliðstæðan hátt í eldri lögum.

Um 25.—28. gr.

Augljóst er að samstarf það, sem gert er ráð fyrir í II. kafla laga þessara, getur ekki átt sér stað, nema starfsmenn taki virkan þátt í því. Hér er því með ótvíræðum hætti lögð sú skylda á starfsmenn, að þeir ræki slíkt samstarf.

d: Skyldur þeirra sem selja, setja upp, gera við og hanna vélar, tæki, áhöld og annan búnað, sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur.

Um 29.—35. gr.

Í þessum kafla er með skýrari og ótvíræðari hætti en er í lögum nr. 23 1952 kveðið á um skyldur þeirra, sem selja, setja upp, gera við, lána út, leigja eða hanna vélar, tæki, áhöld og annan búnað, sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur.

Bent skal á þau nýmæli, sem eru í 2. mgr. 29. gr. um að leiðbeiningar um meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang skuli vera á íslensku.

Ennfremur skal bent á nýmæli í 3. mgr. 29. gr., þar sem kveðið er á um að reglur þær, sem eru í 1. mgr. 29. gr. gildi einnig, þegar búnaður er endurseldur, lánaður út eða leigður og nýmælin í 1. mgr. 29. gr. um merkingar véla og tækja, svo og ákvæði í 1. mgr. 30. gr. um skyldur hönnuða og 3. mgr. 32. gr. um skyldur ráðgjafa. Jafnframt er vakin athygli á, að í 33. grein kemur fram, að reglur varðandi búnað gilda um meðferð hættulegra efna og vara.

Skyldur verktaka o. fl.

Um 36. gr.

Sjá skýringu við 17. grein.

V. KAFLI

Framkvæmd vinnu.

Um 37. gr.

Þarf ekki skýringa við að öðru leyti en því, að hér eins og annars staðar í frumvarpinu er til frekari áherslu getið „góðs aðbúnaðar og hollustuhátta“, jafnframt því „að gætt sé fyllsta öryggis“, eins og í greininni stendur. Telja má víst, að fyllsta öryggis sé ekki gætt nema góðs aðbúnaðar og hollustuhátta sé einnig gætt.

Að fylgja skuli viðurkenndum stöðlum er nýmæli í frumvarpi sem þessu hér á landi. Þar eð staðlar eru sífellt að færast nær því að vera samnorrænir eða nánast alþjóðlegir þykir rétt að tekið sé mið af þeim.

Reglugerðir eða sérstök lagaákvæði verða að jafnaði síðar gerð um efnið. Auk þess vísar notkun staðla til samræmingar og einföldunar.

Um 38. gr.

Í greininni er ekki tæmandi upptalning á því, sem setja þarf reglur um. Upptalning er gerð til þess, að minna aðila, sem hlut eiga að, á tiltekin veigamikil atriði.

Um 39. gr.

Þrátt fyrir skyldu atvinnurekanda, sbr. 93. grein, að tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um fyrirhugaðar breytingar fyrirtækja sinna, þykir rétt að benda á, að hægt sé að gera kröfur um framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðir eftir hina áætluðu breytingu á fyrirtækinu, svo að ljóst verði hvort eða hvaða varúðarráðstafana kunni að verða þörf eftir það.

Um 40. gr.

Með grein þessari eru sett nánari og ákveðnari takmörk en áður um vinnu ákveðinna aðila við tiltekin störf og að reglur **verði settar** um það sem í núgildandi lögum er tilgreint að ráðherra **geti** sett reglugerð um. Þess er vænst að þetta verki hvetjandi í þá átt, að reglur verði settar um þetta efni.

VI. KAFLI
Vinnustaður.

Um 41. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, þar sem hugtakið vinnustaður er skilgreint.

Um 42. gr.

Vísað er til skýringa við 37. grein.

Um 43. gr.

Vísað er til skýringa við 38. grein.

Um 44. gr.

Í þessari grein er tekið fram, að reglur skulu settar um áætlanir vegna nýbygginga, breytinga, uppsetningar tækja eða búnaðar, sem leggja skal fyrir Vinnueftirlit ríkisins, áður en breytingarnar eða uppsetningin er gerð.

VII. KAFLI
Vélar, tækjabúnaður og fleira.

Um 45. gr.

Hér eru skilgreiningar á fimm flokkum véla. Skilgreiningar þessar ná yfir allar vélar, sem knúðar eru af öðrum vélum eða knýja aðrar vélar. Skilgreiningar þessar eru ekki til annars staðar, svo vitað sé, en þær auðvelda setningu á reglum og reglugerðum varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi þeirra sem starfa við eða eru í nánd við vélar.

Um 46. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 47. gr.

Í þessari grein eru fyllri ákvæði en eru í eldri lögum um setningu reglna varðandi þau atriði, sem upp eru talin í grein þessari og setja skal sérstakar reglur um.

Um 48. gr.

Það er nýmæli í íslenskum lögum að banna megi framleiðslu og innflutning á hættulegum búnaði.

Um 49. gr.

Í núgildandi lögum er tíðni skoðana fastbundin minnst einu sinni á ári. Þessar reglur hafa um of bundið hendur Öryggiseftirlits ríkisins miðað við mismunandi þarfir, m. a. fyrir strjálli skoðanir.

Samkvæmt þessari grein hefur Vinnueftirlit ríkisins frjálsar hendur að setja reglur í samræmi við raunverulegar þarfir, auk þess sem gert er ráð fyrir mun víðtækara starfssviði, svo sem varðandi farandvélar, farandvinnuvélar og búvélar.

VIII. KAFLI

Hættuleg efni og vörur.

Um 50. gr.

Í þessum kafla er fjallað um efni og vörur, sem geta verið hættuleg eða á annan hátt stofnað heilsu manna og öryggi í voða. Um slík efni og vörur gilda ákvæði laga nr. 85 31. desember 1968 um eiturefni og hættuleg efni. Í 20. grein þeirra laga segir, að öryggismálastjóri hafi eftirlit með framkvæmd ákvæða laganna svo fremi að það sé í verkahring hans.

Gert er ráð fyrir því að forstjóri Vinnueftirlits ríkisins taki við þessu hlutverki og í kaflanum eru ákvæði, sem skilgreina skyldur Vinnueftirlits ríkisins nánar í þessu tilliti.

Í 1. mgr. þessarar greinar eru almenn ákvæði um meðferð áðurnefndra efna og vara á vinnustað, sem skal vera þann veg, að starfsmenn skulu varðir gegn slysum, eitrunum og sjúkdómum.

Í 2. mgr. þessarar greinar er vísað til laga og reglugerða, sem fjalla um þessi mál, sbr. upptalningu í lista þeim yfir lög og reglugerðir o. fl., sem varða lög þessi. Þessi ákvæði miðast við valdsvið forstjóra Vinnueftirlits ríkisins skv. 20. gr. laga nr. 85 1968 og ennfremur lög nr. 46 1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Um 51. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er sú skylda lögð á Vinnueftirlit ríkisins, að gefa út leiðbeiningar um ýmis atriði er varða hættuleg efni og vörur.

Í 2. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir, að stofnunin geti, í samráði við heilbrigðisyfirvöld og aðra aðila, eins og t. d. Iðntæknistofnun Íslands, bannað framleiðslu, flutning og notkun hættulegra efna og vara, í samræmi við 20. gr. laga nr. 85/1968.

IX. KAFLI

Hvíldartími og frídagar.

Um 52.—58. gr.

Vísað er til almennra athugasemda í inngangskafla.

Meginstefna frumvarpsins er, að lágmarkshvíldartími er lengdur. Hinsvegar þykir óhjákvæmilegt að hafa í frumvarpinu ákvæði, sem leyfa viss frávik vegna sérstakra aðstæðna og atvinnuhátta.

Ákvæðin í 52.—56. grein varðandi samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd eru til áréttingar um að samtök launþega og atvinnurekenda geri samkomulag sín á milli um nánari útfærslu hvíldar- og frídagaákvæða, sbr. ákvæði þau, sem þegar er að finna um hliðstæð efni í samningum ýmissa stéttarfélaga.

X. KAFLI
Vinna barna og ungmenna.

Um 59.—63. gr.

Með ákvæðunum í þessum kafla er leitast við að tryggja, að börn og ungmenni vinni ekki störf, sem eru hættuleg heilsu þeirra eða þroska, en jafnframt viðurkenndur réttur þeirra til þess að fá vinnu við sitt hæfi. Á þetta bæði við tegund starfs og lengd vinnutíma.

Gert er ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins setji fram nánari skilgreiningar um vinnu barna með hliðsjón af lögum um vernd barna og unglinga.

XI. KAFLI
Heilsuvernd, læknisskoðanir og aðrar rannsóknir.

Um 64. gr.

Með atvinnusjúkdómum, samkvæmt þessari grein, er átt við hið sama og kemur fram í 78. grein, staflið f, en það eru þeir sjúkdómar, sem ætla má að eigi orsakir í starfsumhverfi. Getur þar verið um að ræða beinar orsakir, þar sem tiltekinn þáttur í starfsumhverfi er sannanlega aðalorsök sjúkdóma eða kvilla, slysa eða eitrana eða í starfsumhverfi er að finna meðverkandi orsakir sjúkdóma eða kvilla og þessi skilgreining á atvinnusjúkdómi er óháð því, hvort um bótaskyldan sjúkdóm sé að ræða eða ekki.

Framkvæmd atvinnusjúkdómavarna verði í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu nr. 57 1978 og í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld.

Um 65. gr.

Skilgreining á heilsuvernd starfsmanna er samin með hliðsjón af samþykkt Alþjóðavinnumálaþingsins á Tillögu nr. 112 24. júní 1959 um heilsugæslu á vinnustöðum. Þar sem gert er ráð fyrir að öll lækningastarfsemi verði á vegum heilbrigðiskerfisins og á kostnað sjúkratrygginga, er hér fjallað um framkvæmd heilsuverndar, sem einnig verði innan heilbrigðiskerfisins.

Um 66. gr.

Heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum er ætlað að veita heilsuverndarþjónustu. Nefndin hefur kynnt sér þau þjónustuform, sem eru á hinum Norðurlöndunum og er sammála um, að eðlilegt sé, að heilsuvernd sé að öllu leyti á vegum heilbrigðiskerfisins, sbr. tilvitnun í lög nr. 57 1978 í 1. mgr. þessarar greinar.

Gert er ráð fyrir að hvert fyrirtæki geri skriflegan samning við stjórn heilsugæslustöðvar eða sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar, þegar það á við.

Vinnueftirlitið skal stuðla að því að slíkir samningar séu gerðir og ef upp koma ágreiningsatriði milli heilsugæslustöðvar/sjúkrahúss og atvinnurekanda að hlutast til um að skorið sé úr þeim ágreiningi af réttum yfirvöldum.

Um 67. gr.

Auk þeirrar almennu heilsuverndar, sem gert er ráð fyrir skv. 65. og 66. grein, er í sumum starfsgreinum og á ákveðnum vinnustöðum þörf nákvæmari rannsókna og skoðana, sem miða að því að hefta og koma í veg fyrir atvinnusjúkdóma, og fjallar greinin um það á hvern hátt skuli að því staðið að ákveða um slíkar skoðanir og rannsóknir og eru ákvæðin mun nákvæmari en er í núgildandi lögum.

Um 68. gr.

Til læknis þess, sem gert er ráð fyrir, að Vinnueftirlit ríkisins hafi í þjónustu sinni, eru gerðar sömu kröfur og um landlækni, sbr. lög nr. 57 1978, 3. mgr. 3. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 69. gr.

Greinin er að mestu samhljóða ákvæðum í núgildandi lögum.

Um 70. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 71. gr.

Í samræmi við tilgang laganna um, að vandamál varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi sé hægt að leysa innan vinnustaðanna sjálfra er hér áréttuð skylda Vinnueftirlits ríkisins að hlutast til um að einstökum starfsmönnum eða hópum starfsmanna sé veitt fræðsla um þau atriði í starfsumhverfi þeirra, sem geta verið hættuleg, þegar skilyrði teljast varasöm heilsu þeirra eða öryggi. Jafnframt er vísað í 14. grein um skyldu atvinnurekenda í þessu efni og ennfremur í skilgreiningu á verkefni Vinnueftirlits ríkisins um almenna fræðslu í 78. gr.

Um 72 gr.

Auk heilsuverndarstarfsemi, læknisskoðana og annarra rannsókna, sem gerðar eru með tilliti til heilbrigði starfsmanna, þarf í sumum greinum matvælaframleiðslu að gera aðrar kröfur um rannsóknir, sem fyrst og fremst miðast við að vernda gæði framleiðslunnar. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir, að stjórn Vinnueftirlits ríkisins taki tillit til slíkra sérþarfa.

XII. KAFLI
Vinnueftirlit ríkisins.

Kaflinn fjallar um Vinnueftirlit ríkisins. Vísað er til þess, sem segir um stofnunina í inngangi athugasemda og í X. lið almennra athugasemda.

Um 73. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir sérstakri stofnun, sem nefnist Vinnueftirlit ríkisins, er fari með eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum og að hún sé sjálfstæð og hafi aðsetur í Reykjavík.

Félagsmálaráðherra fer með þessi mál og skal hann skipta stofnuninni í deildir og setja reglur um skiptingu landsins í eftirlitsumdæmi.

Í 6. mgr. þessarar greinar er ráðherra gert skylt að setja reglugerð, er hafi inni að halda nánari ákvæði um framkvæmd á lögunum, ef lögfest verða.

Um 74. gr.

Greinin fjallar um skipun stjórnar stofnunarinnar, sem skal vera til fjögurra ára.

Um 75. gr.

Greinin fjallar um stefnumörkun og starfssvið stofnunarinnar og tengsl hennar við félagsmálaráðuneytið.

Um 76. gr.

Greinin fjallar um stöðu, starfssvið og skyldur forstjóra stofnunarinnar.

Um 77. gr.

Eðlilegt þykir, að rekstrarkostnaður Vinnueftirlits ríkisins sé borinn uppi af þeim aðilum, sem njóta þjónustu stofnunarinnar. Er þetta í samræmi við gildandi fyrirkomulag.

Öryggiseftirlit ríkisins annast í dag að mestu það eftirlit og aðra þjónustu, sem Vinnueftirliti ríkisins er ætlað að veita, samkvæmt frumvarpi þessu. Gjaldskrárfyrirkomulag það, sem rekstur Öryggiseftirlits ríkisins hefir byggst á hingað til,

er að dómi núverandi öryggismálastjóra tímafrekt, óhentugt, þungt í vöfum og kostnaðarsamt.

Nefndin hefir því leitast við að finna leið, til þess að fjármagna starfsemi Vinnueftirlits ríkisins með nýjum hætti og hefir komist að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt sé, þar sem hér er um að ræða aðgerðir til þess að koma í veg fyrir slys, eitranir, sjúkdóma og kvilla á vinnustöðum, að megintekjustofn Vinnueftirlits ríkisins verði iðgjöld, sem reiknist á sama hátt og iðgjöld til slysatrygginga, sbr. lög um almannatryggingar. Um leið og kveðið er á um að atvinnureksturinn standi undir kostnaði af starfsemi Vinnueftirlits ríkisins, leggur nefndin áherslu á, að eftirlit verði haft með því, að sá ávinningur, sem ætlast er til að leiði af framkvæmd laganna og komi fram í fækkun meiðsla og slysa og minni tíðni sjúkdóma, leiði til samsvarandi lækkunar á þeim slysatryggingagjöldum, sem atvinnurekstrinum er gert að greiða á hverjum tíma.

Um 78. gr.

Í greininni eru verkefni Vinnueftirlits ríkisins skilgreind í átta liðum og er þar m. a. að finna ákvæði um aukna fræðslu og upplýsingamiðlun varðandi hættur á vinnustöðum og varnir gegn þeim.

Um 79. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 80. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 81. gr.

Í þessari grein er leitast við að tryggja, að Vinnueftirliti ríkisins berist sem flestar og fyllstar upplýsingar um meiðsli, slys og eitranir á vinnustöðum og önnur þau tilvik, sem máli kunna að skipta, og skyldur lagðar á stofnunina að framkvæma rannsókn á orsökum þeirra, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir þau.

Um 82. gr.

Greinin fjallar um samskipti starfsmanna Vinnueftirlits ríkisins og atvinnurekenda og er efnislega að mestu samhljóða 37. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Um 83. gr.

Sama skýring og við 82. gr.

Um 84. gr.

Greinin fjallar um það, hvernig með skuli fara, ef atvinnurekandi lætur hjá líða að framkvæma þær umbætur, sem Vinnueftirlit ríkisins hefir krafist að gerðar verði.

Í gildandi lögum nr. 23/1952 eru viðurlögin við slíkri vanrækslu þau, að öryggismálastjóri getur látið framkvæma lagfæringu á kostnað viðkomandi fyrirtækis, en það fyrirkomulag hefir, að mati öryggismálastjóra, reynst algerlega óframkvæmanlegt.

Í grein þessari er því það nýmæli, að stofnunin getur, þegar frestur er liðinn, látið stöðva vinnu eða loka starfsemi.

Um 85. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 2. mgr. 38. gr. og 39. gr. laga nr. 23/1952.

Um 86. gr.

Grein þessi fjallar um það, hvernig við skuli brugðist, ef ljóst verður, að skyndilega hefur komið upp bráð hætta á heilsutjóni eða vinnuslysum starfsmanna á vinnustað.

Í grein þessari er það nýmæli, að atvinnurekanda og starfsmönnum, sem falin hefur verið verkstjórn, öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf, er skylt, þegar svo stendur á, sem að ofan greinir, að hlutast til um, að starfsemi verði stöðvuð strax og/eða að starfsmenn hverfi frá þeim stað, þar sem hættuástand ríkir. Ennfremur er í 2. mgr. þessarar greinar tekið fram, að ekki sé hægt að gera þá aðila, sem taldir eru í 1. mgr. þessarar greinar, ábyrga fyrir því tjóni, sem fyrirtæki kann að verða fyrir vegna fyrrgreindra aðgerða.

Um 87. gr.

Í þessari grein er fjallað um, að ef stöðvun starfsemi virðist geta haft þau áhrif, að eyðilegging verðmæta eða þjóðhagslegt tjón geti hlotist af, þá geti Vinnueftirlit beitt dagsektum í stað lokunar. Ennfremur er í 2. mgr. þessarar greinar kveðið á um það, hvernig fara skuli með um áfrýjun sektarúrskurða.

Um 88. gr.

Í grein þessari er það nýmæli, að í hverju fyrirtæki skuli vera eftirlitsbók eða annað tilsvarandi skráningarform, þar sem skráð skulu samskipti Vinnueftirlits ríkisins og fyrirtækja og annað það, sem máli kann að skipta fyrir starfsmenn og/eða fyrirtæki.

Vinnueftirlit ríkisins setur nánari reglur um framangreind atriði.

Um 89. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

XIII. KAFLI

Tilkynningarskylda fyrirtækja, veiting starfsleyfa og fleira.

Um 90. gr.

Í greininni eru skilgreind hugtökin starfsemi og fyrirtæki.

Um 91. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 92. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli.

Um 93. gr.

Greinin er efnislega að mestu samhljóða 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 23/1952.

Um 94. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 11. gr. laga nr. 23/1952.

Um 95. gr.

Greinin fjallar um veitingu starfsleyfis, sem sjálfsagt þykir að sé fyrir hendi til tryggingar því, að starfsemi fullnægi ákvæðum þeim, sem eru í frumvarpinu.

Um 96. gr.

1. mgr. þessarar greinar þarfnast ekki skýringa.

2. mgr. þessarar greinar er að mestu efnislega samhljóða 5. mgr. 11. gr. laga nr. 23/1952.

Um 97. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

XIV. KAFLI
Áfrýjun úrskurða.

Um 98. gr.

Greinin fjallar um málsskot og þarfnast ekki skýringa.

XV. KAFLI
Refsiákvæði.

Um 99. gr.

Grein þessi fjallar um viðurlög við brotum gegn lögum þessum og hvernig með skuli fara.

XVI. KAFLI
Gildistaka.

Um 100. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Bráðabirgðaákvæði 1:

Nauðsynlegt þykir, að forstjóra Vinnueftirlits ríkisins sé heimilt að veita frest til aðlögunar, svo sem um ræðir í ákvæði þessu.

Bráðabirgðaákvæði 2:

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Bráðabirgðaákvæði 3:

Í tvö sumur hefur skúmur komið í æðarvarpið á Mýrum í Dýrafirði og drepið mikinn fjölda af ungum. Þessi fugl er afar var um sig svo enn hefur ekki tekist að ná honum. Takist að veiða hann er viðkunnanlegra að það sé leyfilegt og lögum samkvæmt.

9. gr.

Þessa grein teljum við gagnslausa, til verndar æðarfugli, eins og hún er nú. Heimkynni æðarfuglsins að vetrinum eru aðallega út til nesja enda æti þar nóg á skerjum og hleinum, sem brimið sverfur af og fuglinn síðan tínir upp. Það er ekki fyrr en um miðjan apríl sem hann fer að halda til varpstöðvanna og þá fer hann meðfram landinu í smáhópum tínandi æti á leiðinni. Séu þá grásleppunet á leið hans á grunnsævi er honum mikil hætta búin. Það er háttur hans á þessum ferðum að þegar einn kafar eftir æti kafar allur hópurinn um leið. Þannig getur heill hópur lent á sömu netatrossunni.

Það er fengin reynsla fyrir því að svona lagað kemur ekki fyrir liggi netin á djúpu vatni, 10—20 föðmum, en grásleppan veiðist engu síður en upp við landsteina en þá er æðarfuglinum borgið. — Venjulega er fuglinn kominn að varplandinu um mánaðamót apríl—maí og flestir komnir á hreiður í byrjun júní, þegar hann svo yfirgefur varplandið er minni hætta á að hann lendi í netunum þó þau séu á grynnra vatni en 10—20 föðmum.

11. gr.

Ég hygg að það hafi verið í september 1975, að blöðin birtu mynd af Íslandi með hreiðrum arnarinnar merktum inn á myndina. Þar sýndi það sig að örnin velur sér búsetu sem næst varpstöðvum æðarfuglsins, þarf ekki skarpskyggni til að sjá af hvaða ástæðum hún gerir það. Þar á hún stutt til góðra fanga enda notfærir hún sér það oft. Þar sem örn sækir í æðarvarp sér þess fljótt merki í fækkun hreiðra og minni dún, þá þarf ekki mörg ár til að fuglinn sópist í burtu og komi aldrei framar í það varpland, munu ýmsir Breiðfirðingar geta borið um það. Með því að kveðja nákunnuga menn á vettvang, eftir að örn eða fálki hafa komið í varpið, er hægt að meta skaðann af töluverðri nákvæmni og bera vitni með þeim sem fyrir skaðanum hefur orðið.

Ríkisvaldið bannar að drepa þennan varg, því er það réttlætiskrafa að ríkið beri ábyrgð á þessum alidýrum sínum og greiði það tjón sem þau valda.

23. gr.

Þessi grein þarf í rauninni ekki greinargerðar við svo augljóst er og sjálfsagt að leyfa og nota þessi tæki — fellinet og gildrur — undir stjórn veiðistjóra og trúnaðarmanna hans.

25. gr.

Hér má vísa til greinargerðar við 7. gr. fuglafriðunarlaga. Þar er sýnt fram á, að eigi að nást árangur í fækkun flugvargs verður löggjafinn að halda fuglafriðunarnefnd utan við ákvæði þessarar greinar.

Í greinargerð við 7. gr. fuglafriðunarlaganna er bent á þá einu raunhæfu leið, sem hægt er að fara til að ná umtalsverðum árangri í fækkun flugvargs án þess að aðrar dýrategundir bíði tjón af, vísast því þar til.

Goðatúni 7, Garðabæ, 18. apríl 1977.

Gísli Vagnsson.

Fylgiskjal IX b.

Til endurskoðunarnefndar fuglafriðunarlaga.

Tillögur um breytingar á fuglafriðunarlögum og viðbót.

II. kafli 8. gr. Við bætist aðrar máfategundir og skúmur.

9. gr. Í stað ¼ km komi: 2 km, og til viðbótar komi: Eigi má leggja grásleppunet á minna en 12 faðma dýpi.

XI. kafli 37. gr. Í stað 500—1 500 kr. komi: 15 000—50 000 kr. sé um æðarfugl eða fáséða fugla að ræða.

Reykjavík, 24. maí 1977.

Frá stjórn Æðarræktarfélags Íslands.

Fylgiskjal X.

Reykjavík, 19. apríl 1977.

Hr. Runólfur Þórarinsson,
menntamálaráðuneytinu,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

Varðandi endurskoðun laga nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Stjórn Náttúruverndarfélags Suðvesturlands vill bera fram eftirfarandi breytingartillögur á fyrrgreindum lögum.

Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

20. gr. — Viðauki: Að bannað verði að nota, selja og skrá sjálfvirkar haglabyssur til fuglaveiða, nema að þeim væri breytt þannig að einungis sé hægt að skjóta úr þeim tveimur skotum. Einnig að bannað verði að nota hvers konar riffla til fuglaveiða (m. a. vegna þeirrar hættu er mönnum og fénaði stafar þar af).

Að 24. gr. verði felld niður. — Næga undanþágu til fuglaveiða utan lögbundins veiðitíma er að finna í 11. gr.

25. gr. — Viðauki: Eigi skal leyfa notkun eiturs né svæfandi lyfja til útrýmingar fugli án þess að áður hafi farið fram fullnægjandi rannsóknir á hvers konar áhrifum slíkra aðferða.

Einnig hvetjum við til þess að gerðar verði umfangsmiklar og fjölþættar vistfræðirannsóknir á æðarfugli, svartbaki og hrafni og samspili tegundanna sín í milli. Kostnaður slíkra athugana væri greiddur af sveitarfélögum, hinu opinbera og að vissum hundraðshluta tekna af útflutningsverðmæti æðardúns yrði varið til rannsóknanna.

Stjórnun fuglaveiða.

Að menntamálaráðuneytið hlutist til um gerð reglugerðar er varðar stjórnun fuglaveiða, þar sem tekið er tillit til eftirfarandi atriða:

1. Skiptingar veiðisvæða (t. d. eftir hreppum, sýslum eða fjórðungum) ásamt yfirliti yfir eignarrétt og nýtingu þeirra.
2. Að hverjum veiðimanni verði skylt að gefa upp veiði (tegund, fjölda, kyn o. s. frv.) á þar til gerðum eyðublöðum. Þessum veiðiskýrslum væri síðan skilað til Náttúrufræðistofnunar Íslands.
3. Að menntamálaráðuneytið hlutist til um að félagssamtök eða aðrir aðilar standi fyrir námskeiðum um notkun og meðferð á skotvopnum, fuglafriðun og náttúruvernd. Einnig að hert verði á reglum um byssuleyfi.

F. h. Náttúruverndarfélags Suðvesturlands.

Unnur Skúladóttir.

Fylgiskjal XI a.

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ

Endurskoðunarnefnd laga nr. 33/1966
b. t. Runólfs Þórarinssonar
Menntamálaráðuneytinu. 13. desember 1977.

Vísað er til erindis nefndarinnar frá 19. október og 3. nóvember varðandi frekari takmarkanir á hrognkelsaveiðum.

Ráðuneytið sendi erindi þetta til umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar og fylgir hér með ljósrit af bréfi stofnunarinnar, dags. 6. desember s. l.

Með tilvísun til þeirra upplýsinga og álits, sem fram kemur í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, er ráðuneytið mótfallið þeim takmörkunum á hrognkelsaveiðum, sem í erindi nefndarinnar greinir.

Hins vegar bendir ráðuneytið á, að mjög hefur verið að undanförnu aukið eftirlit og rannsóknir á hrognkelsaveiðum sbr. reglugerð 66/1977, um grásleppuveiðar, en í þeirri reglugerð eru grásleppuveiðar gerðar leyfisbundnar og skýrsluskyldar. Telur ráðuneytið að nú séu skilyrði til að rannsaka, hversu mikil brögð séu að því, að æðarfugl drepist í hrognkelsanetum. Komi í ljós, að mikið af fugli drepist í netum nærri vörpum, sem nytjuð eru, er möguleiki á því að takmarka veiðarnar á þeim svæðum.

F. h. r.
e. u.

Jón B. Jónasson.

Fylgiskjal XI b.

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
Skúlagata 4

Reykjavík, 6. des. 1977.

Sjávarútvegsráðuneytið
Lindargötu 9
Reykjavík

Ég vísa í bréf ráðuneytisins dags. 18. nóv. s. l. varðandi endurskoðun um fuglaveiðar og fuglavernd.

Hjálagt sendi ég athugasemdir Vilhjálms Þorsteinssonar um málið, en hann hefur sem kunnugt er fengist við rannsóknir á hrognkelsum að undanförnu. Vilhjálmur telur að stækkun á friðunarsvæði fyrir æðarfugl upp í 2 km radíus myndi skerða mjög hrognkelsaveiðar annarra en landeigenda og að ógerlegt sé að banna hrognkelsaveiðar ofan við 10 faðma dýpi. Hann bendir einnig á að oft sé hægt að sneiða hjá æðarfugladrápi þótt nálægt æðarvarpi sé og bendir þar á reynslu grásleppubænda á Barðaströnd.

Frá sjónarmiði hrognkelsaveiðanna getur Hafrannsóknastofnunin því ekki fallist á ofangreindar takmarkanir.

Virðingarfyllst,

Jón Jónsson.

Fylgiskjal XI c.

Svar til Sjávarútvegsráðuneytisins vegna tillögu nefndar á vegum Æðarræktarfélagsins um takmörkun á hrognkelsaveiðum

Tillaga nefndarinnar er sú að friðunarsvæði umhverfis æðarvörp gagnvart netaveiðum svo sem hrognkelsaveiðum verði stækkað frá 250 m í 2 km á vissu tímabili (15. apr.—14. júlí). Varpeigandi getur þó sjálfur gefið leyfi til netaveiða innan þessa svæðis samkvæmt lögunum.

Einnig leggur nefndin til að hrognkelsaveiðar verði bannaðar allsstaðar ofan við 10 faðma dýpi.

Að beiðni Sjávarútvegsráðuneytisins mun ég svara fyrirspurn nefndarinnar um á hvaða tíma og hvar við landið veiðarnar eru stundaðar, hve langt frá landi og á hvaða dýpi.

Ennfremur fylgir álitsgerð um afleiðingar þess ef af takmörkunum þessum verður.

Veiðisvæði og veiðitími

Vegna mismunar á stærð og atferli kynjanna eru veiðar fyrir grásleppu og rauðmaga mjög aðskildar. Rauðmaginn gengur nokkru fyrr að ströndinni en grásleppan og er því aðalveiðitími rauðmagans nokkru fyrr en veiðitími grásleppunnar á hverjum stað, einnig eru rauðmaganetin mun smáriðnari en grásleppunetin og eru lögð á minna dýpi. Yfirleitt liggja rauðmaganet ekki lengi fram eftir vori og mun skemur en grásleppunetin.

Fyrir Norðurlandi er oft byrjað á rauðmagaveiðum í febr.-mars og er hápunktur veiðanna oftast í marslok eða í byrjun apríl. Á Vesturlandi er rauðmagatíminn nokkru seinna og nær hámarki oftast eftir miðjan apríl fram til maíbyrjunar. Þetta er þó mjög breytilegt eftir árferði. Mun minni sókn er í rauðmagann en grásleppuna og eru það eingöngu grásleppuveiðar sem aukist hafa að ráði um síðastliðin ár en þar hefur orðið mikil aukning síðustu árin.

Rauðmagaveiðin er ekki bundin neinum veiðileyfum eða tímatakmörkunum, en grásleppuveiðar hafa verið bundnar af veiðileyfum að nokkru leyti 1976 og algerlega 1977. Veiðileyfi þessi eru bundin við ákveðin veiðisvæði og veiðitímabil.

Árið 1977 voru veiðisvæðin og tímabilin fjögur:

A. Suður- og Vesturland að Horni 25. apríl—10. júlí.
B. Húnaflóasvæðið 1. apríl—15. júní.
C. Norðurland austanvert, Skagatá að Langanesi, 20. mars—5. júní.
D. Austurland, Langanes Hvítingar, 25. mars—10. júní.

Nokkrar breytingar gætu orðið á tilhögun veiðisvæðanna og byrjunar- og lokadögum þeirra í framtíðinni en þó ætti vertíðarlengdin að vera af ákveðinni lengd.

Mest er sókn í grásleppuveiðar á Norðurlandi og við Faxaflóa og Breiðafjörð, en á síðustu árum hafa þessar veiðar aukist mjög á Austfjörðum og Vestfjörðum.

Þar sem hrognkelsin hrygna aðeins á hörðum botni er engin veiði fyrir sendnum ströndum Suðurlandsins eða annars staðar þar sem þannig háttar til. Víða eru stór svæði sem ekki hafa verið nýtt að ráði þótt hrognkelsi gangi á þau, t. d. við Hornstrandir norðarlega, nyrsti hluti Faxaflóa, syðsti hluti Austfjarða og víðar eru smærri svæði sem einhverra hluta vegna eru ekki nýtt af grásleppuveiðimönnum.

Dýpi netalagna

Sú þróun hefur orðið með vaxandi sókn í grásleppuveiðar, en sóknaraukningin felst í fjölgun báta, fjölgun neta, stækkun báta og tilkomu kraftblakka, að grásleppunetin eru lögð dýpra en áður sérstaklega í byrjun vertíðar. Eftir því sem líður á vertíðina eru netin síðan færð á grynnra vatn.

Fyrir Norðurlandi er algengt að stærri bátarnir leggi net sín á 30—40 faðma dýpi í byrjun vertíðar, jafnvel dýpra. Við Faxaflóa og Breiðafjörð er yfirleitt lagt grynnra. Algengt er að í lok vertíðar séu netin á 5—20 faðma dýpi bæði á Norður- og Vesturlandi.

Fjarlægð frá landi

Hér er aðeins hægt að gefa þá reglu að þar sem veiðimennirnir velja sér kjördýpi og botnlag fer það eftir því hvernig háttar til með aðdýpi á hverjum stað hversu langt frá landi netalagnir eru.

Sumsstaðar eru netin uppi í landsteinum þótt grunnendinn sé á 5—10 faðma dýpi, annarsstaðar eru netin á grynningum margar mílur frá landi.

Álitsgerð

Athugun á skrá yfir jarðir sem hafa æðarvörp samkvæmt fasteignamati 1970 leiðir í ljós að friðunarsvæði sem væru með 2 km radíus mundu skerða mjög víða svæði þau sem hrognkelsaveiðimenn hafa umráð yfir og hafa nýtt til þessa.

Auk þeirra staða sem hafa nú æðarvarp samkvæmt fasteignamati er fjöldi staða sem hafa aðstæður til friðlýsingar samkvæmt reglum sem gilda um það mál og þar sem mjög auðvelt er að friðlýsa vegna æðarvarps, er líklegt að slíkt mundi gerast í stórum stíl ef af þessari lagabreytingu verður.

Afleiðingin yrði sú að stór svæði yrðu lokuð fyrir hrognkelsaveiðum annarra en landeigenda.

Landeigendur geta sjálfir lagt net innan friðlýsta svæðisins eða leyft slíkt og er hætt við að þetta ákvæði verði meira misnotað til aukins einkaréttar til hrognkelsaveiða.

Eins og áður er sagt hefur aðalaukning í hrognkelsaveiðunum orðið í grásleppuveiðum. Þrátt fyrir aukningu í grásleppunetafjölda í sjó eru þau lögð yfirleitt í dýpra vatni en áður og því hættuminni fyrir æðarfugl. Samkvæmt reynslu manna er mjög misjafnt hvort net taki æðarfugl eftir því hvar og hvernig netin eru lögð. Þannig er oft hægt að sneiða hjá æðarfugladrápi þótt nálægt æðarvarpi sé (eftir reynslu grásleppubænda á Barðaströnd).

Rauðmaganetin eru mun hættulegri æðarfugli en grásleppunetin. Þar sem ekki hefur orðið teljandi aukning á rauðmagaveiði síðustu árin er vart hægt að tengja umrædda fækkun í stofni æðarfuglsins notkun þeirra. Minna verður á að fleira gæti komið til að hafa áhrif á stofnstærð æðarfuglsins en dauði af völdum neta og verður að sanna betur skaðsemi þeirra áður en veiðarnar eru takmarkaðar vegna þessa.

Niðurskurður grásleppu nálægt æðarvarpi gæti haft slæm áhrif með því að laða að svokallaðan vargfugl og óbein skaðleg áhrif grásleppuveiða á viðkomu æðarfuglsins gæti verið hversu mikið æti vargfuglinn fær á vorin frá hrognkelsaútgerðinni en þar er nær öllu hent eins og allir vita.

Athuga þarf hvort reglur um meðferð úrgangs frá grásleppuveiðunum (svo og meðferð annars fiskúrgangs) hefði ekki áhrif til hins betra.

Athuga þarf einnig hvort núverandi reglur um friðhelgi æðarvarps (250 m) mun ekki nægilegt í flestum tilfellum ef eftir þeim væri gengið.

Ógerlegt mun vera að banna hrognkelsaveiðar ofan við 10 faðma dýpi. Bæði mundi slíkt taka fyrir rauðmagaveiði allsstaðar og svo eru staðhættir víða þannig að erfitt er að leggja netatrossu þannig að hluti hennar fari ekki upp fyrir 10 faðma dýpi, auk þess sem eftirlit með slíku yrði nær ómögulegt.

Reykjavík, 2. des. 1977.

Vilhjálmur Þorsteinsson.

Fylgiskjal XII.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Hverfisgötu 6, Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 1978.

Eins og kunnugt er eru ernir alfriðaðir á Íslandi enda fátt um þá og leggur ráðuneytið áherslu á verndun þeirra. Ernir gera óneitanlega nokkurn usla í æðarvarpi, en ráðuneytinu ber einnig að stuðla að eflingu æðarvarps og friðun æðarfugls. Hér verður í sumum tilvikum um nokkrar andstæður að ræða þar sem sumir æðarvarpseigendur telja sig verða fyrir verulegum búsifjum af völdum arna.

Rætt hefur verið um ýmsar leiðir til þess að ráða bót á þessum vandkvæðum, svo sem að greiða æðarvarpseigendum bætur, en sá hængur er á, að nálega er ógerlegt að meta tjónið. Einnig hefur verið minnst á að greiða einskonar verðlaun til landeigenda fyrir hvern arnarunga, er upp kemst í landareign þeirra.

Þá væri og hugsanlegt að í nýrri löggjöf yrði heimilað að bana erni, sem gerði sér hreiður í æðarvarpi, ef aðgerðir til þess að fæla hann úr varpinu reyndust árangurslausar. Þetta yrði þó að vera háð þeim skilyrðum að um einhverja lágmarksstærð æðarvarps væri að ræða þ. e. dúntekju, en ekki einungis einhvern varphólma með fáeinum hreiðrum, sem litlu máli skipti að því er arðsemi varðar. Eðlilegra væri þó að greiða verðlaun fyrir arnarunga, sem upp kæmust og færi um fjárhæð verðlauna eftir mati dómkvaddra manna. Yrði þá væntanlega höfð hliðsjón af t. d. hvaða tekjur sá, er verðlauna eða bóta krefst, hefur í skattskýrslu sinni talið sér af æðarvarpinu að undanförnu.

Ráðuneytinu er ljóst að hér er um nokkurt vandamál að ræða, en telur rétt að vekja athygli nefndarinnar á framangreindum atriðum.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Endurskoðunarnefnd fuglafriðunarlaga
b/t Runólfs Þórarinssonar, formanns."

Nd. **21. Frumvarp til laga** [19. mál]

um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 101. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Hljómsveitin heitir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er sjálfstæð stofnun með sérstakan fjárhag og lýtur sérstakri stjórn. Málefni hennar heyra undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Starf Sinfóníuhljómsveitarinnar miði að því að auðga tónmenningu Íslendinga með því að efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist, íslenskri og erlendri, og að auðvelda mönnum að njóta hennar, m. a. með hljómlistarflutningi víðsvegar um landið.

Tengja ber starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu svo sem kostur er.

3. gr.

Að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands standa eftirtaldir aðilar og greiða þeir stofn- og rekstrarkostnað hennar í eftirgreindum hlutföllum:

a) Ríkissjóður 50%
b) Ríkisútvarp 25%
c) Borgarsjóður Reykjavíkur, bæjarsjóður Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Seltjarnarness 25%. Reykjavíkurborg er greiðsluaðili framlags þessara sveitarfélaga til hljómsveitarinnar en framlag skiptist í hlutfalli við íbúatölu þeirra.

Með samþykki rekstraraðila getur menntamálaráðuneytið heimilað fleiri sveitarfélögum aðild að rekstri hljómsveitarinnar.

Efna má til samvinnu Sinfóníuhljómsveitar Íslands við Þjóðleikhúsið og aðra aðila um uppfærslur á viðskiptagrundvelli og skulu framlög hljómsveitarinnar í þessu skyni greiðast af rekstrarfé hennar eftir ákvæðum sem setja má í reglugerð, sbr. 12. grein.

4. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar skal skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af þeim sveitarfélögum, sem aðild eiga skv. 3. gr., einum tilnefndum af starfsmannafélagi hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af fjármálaráðuneytinu og einum tilnefndum af Ríkisútvarpinu. Menntamálaráðuneytið skipar formann án tilnefningar og skal hann hafa staðgóða tónlistarmenntun. Menntamálaráðuneytið skipar stjórnina til fjögurra ára og ákveður henni þóknun sem greiðist af rekstrarfé hljómsveitarinnar.

5. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður sér framkvæmdastjóra og ber hann ábyrgð á störfum sínum gagnvart henni. Hann skal ráðinn til 4 ára í senn en endurráðning er heimil. Stjórn hljómsveitarinnar ákveður verksvið framkvæmdastjóra.

6. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður fastan hljómsveitarstjóra og aðalhljómsveitarstjóra og skipar verkum með þeim.

Stjórnin ræður hljóðfæraleikara, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, í minnst 65 stöðugildi. Aðra hljóðfæraleikara ræður stjórnin eftir því sem viðfangsefni krefjast, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra og innan þeirra marka sem fjárframlög heimila, enda hafi viðfangsefnið verið samþykkt í fjárhagsáætlun.

Um launakjör og vinnutíma starfsmanna hljómsveitarinnar fer eftir kjarasamningum þeirra og fjármálaráðherra.

Heimilt er að ráða tónskáld til starfa í þágu hljómsveitarinnar í takmarkaðan tíma eða panta verk til flutnings hjá tónskáldum.

7. gr.

Við verkefnaval Sinfóníuhljómsveitar Íslands skal stjórn hennar njóta aðstoðar verkefnavalsnefndar. Skal hún skipuð 7 mönnum, einum tilnefndum af Tónskáldafélagi Íslands, einum tilnefndum af Ríkisútvarpinu, einum tilnefndum af starfsmönnum hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af fræðsluráði Reykjavíkur að höfðu samráði við aðildarsveitarfélög. Ráðinn hljómsveitarstjóri og konsertmeistari skulu einnig skipa nefndina en formaður hennar er tilnefndur af menntamálaráðuneytinu.

Verkefnavalsnefnd skal skila áætlun um verkefni hljómsveitarinnar og gera kostnaðaryfirlit fyrir eitt ár í senn og skal það liggja fyrir stjórn til samþykktar eigi síðar en 1. júní ár hvert. Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist af rekstrarfé stofnunarinnar.

8. gr.

Stjórn hljómsveitarinnar skal leggja starfs- og fjárhagsáætlun fyrir fjárveitingaraðila með nægum fyrirvara til þess að gögn liggi fyrir þegar fjárlög eru undirbúin og afgreidd og fjárhagsáætlanir viðkomandi sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri býr starfs- og fjárhagsáætlunina í hendur stjórnarinnar. Stjórnin ber ábyrgð á að fjárreiður og reikningshald sé í góðu lagi. Efnahags- og rekstrarreikningur skal gerður að loknu hverju almanaksári og sendur ríkisendurskoðun til endurskoðunar.

9. gr.

Heimilt er að semja við ríkisbókhaldið um að það taki að sér bókhald Sinfóníuhljómsveitarinnar. Starfskrafta á skrifstofu og til aðstoðar við æfingar, tónleika, nótnavörslu og annað skal framkvæmdastjóri ráða að fengnu samþykki ráðninganefndar ríkisins. Jafnframt er heimilt að semja við Ríkisútvarpið um samvinnu svo sem verið hefur og eftir því sem um semst.

10. gr.

Sinfóníuhljómsveit Íslands skal árlega fara í tónleikaferðir um landið. Gera skal sérstaka fjárhagsáætlun vegna ferðanna. Hluti skemmtanaskatts (10%) samkv. 7. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt rennur til greiðslu kostnaðar ferðanna.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frumvarp var lagt fyrir 100. löggjafarþing, en varð eigi útrætt. Fylgdu því svofelldar athugasemdir:

„Frv. til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands var lagt fyrir 99. löggjafarþing en varð eigi útrætt. Hinn 31. ágúst 1978 skipaði menntamálaráðuneytið eftirgreinda menn í nefnd til að endurskoða frumvarpið: Kristin Hallsson, fulltrúa, form., Jón Böðvarsson deildarstjóra og Gunnar Egilson hljómlistarmann. Nefndin tók þegar til starfa og skilaði nýju frumvarpi til menntamálaráðherra 3. apríl 1979.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er nær óbreytt eins og nefndin skilaði því frá sér. Breytingar, sem gerðar hafa verið, varða tónlistarmenntun formanns stjórnar, sbr. 4. gr. og heimild hljómsveitarinnar til að ráða tónskáld til starfa, sbr. 6. gr. 4. mgr. Í greinargerð nefndarinnar kom eftirfarandi fram:

„Frumvarp það, sem lagt var fyrir 99. löggjafarþing, hafði mætt mikilli mótspyrnu Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem taldi að ef frumvarpið yrði að lögum í þeirri mynd, sem það lá fyrir í, myndi það stofna tilvist hljómsveitarinnar í voða. Lágu til þess aðallega þrjú atriði frumvarpsins, sem sé ákvæði 6. gr. að stjórn hljómsveitarinnar skuli ráða „allt að 65 hljóðfæraleikara til fastra starfa við hljómsveitina“, og ennfremur ákvæði 3., 4. og 9. gr. frv. sem gera ráð fyrir Þjóðleikhúsinu sem rekstrar- og stjórnunaraðila hljómsveitarinnar. Þriðja atriðið, sem Starfsmannafélag S. Í. hafði út á frumvarpið að setja, voru tengsl þau milli yfirstjórnar og verkefnavalsnefndar hljómsveitarinnar, sem frv. gerði ráð fyrir, en þau eru sambærileg við það sem verið hefur undanfarna tæpa tvo áratugi og ekki gefið góða raun að mati Starfsmannafélagsins. Að öðru leyti lýstu allir yfir ánægju sinni með frumvarpið. Þegar það var tekið til fyrstu umræðu í neðri deild Alþingis tóku 9 þingmenn til máls og fögnuðu því að loks skyldi komin hreyfing í þá átt að tryggja tilvist Sinfóníuhljómsveitar Íslands með lögum.

Nefndin gat af þessu séð hvað lagfæra þurfti í gerð frumvarpsins og beindi athygli sinni fyrst og fremst að þeim atriðum.

Nefndin var sammála um að ákvæði 6. gr., sem tiltók fjölda hljóðfæraleikara sem ráða mætti til fastra starfa, væri óeðlilegt, auk þess yrði það þess valdandi að ef til stæði einhvern tíma í framtíðinni að bæta þó ekki væri nema einum hljóðfæraleikara við hljómsveitina þyrfti til þess lagabreytingu. Allar nýjar ráðningar hjá opinberum stofnunum eru háðar samþykki ráðninganefndar ríkisins sem mundi að sjálfsögðu ná til nýrra ráðninga í Sinfóníuhljómsveitina eins og annarra opinberra stofnana og því telur nefndin greinina óþarfa. Stærðir sinfóníuhljómsveita eru háðar vissum lögmálum sem of langt mál væri að fjalla um hér, svo að nefndin taldi ástæðu til að tryggt yrði með lögum að stærð Sinfóníuhljómsveitar Íslands fari ekki niður fyrir 65 stöðugildi hljóðfæraleikara sem er lágmarksstærð hljómsveitar sem fæst við flutning sinfónískra tónverka.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að Sinfóníuhljómsveit Íslands verði sjálfstæð stofnun sem njóti fjárstuðnings frá ríkissjóði og sveitarfélögunum í næsta nágrenni Reykjavíkur og geri auk þess viðskiptasamning við Ríkisútvarp, Þjóðleikhús o. fl. aðila. Frumvarpið stefnir jafnframt að því að allt rekstrarform hljómsveitarinnar miðist við sjálfstæðan, skipulagðan rekstur sem hefur fyrst og fremst að markmiði að þjóna því menningarhlutverki sem sinfóníuhljómsveitir um allan heim gegna.

Nauðsynlegt er að hverfa rúma tvo áratugi aftur í tímann. Fyrstu fimm árin í sögu hljómsveitarinnar voru fjárhagslega mjög erfið og ótrygg svo að oft lá við að starf hljómsveitarinnar yrði lagt niður. Árið 1956 var horfið til þess ráðs að tryggja tilvist hennar með fjárframlögum ríkissjóðs, borgarsjóðs Reykjavíkur, Ríkisútvarps og Þjóðleikhúss, auk þess sem Tónlistarfélagið í Reykjavík tryggði visst framlag til rekstrarins. Hélst þetta fyrirkomulag svo til óbreytt í 15 ár og gafst ágætlega til að byrja með. Tónleikahald hljómsveitarinnar var ekki mikið, svo að hægt var að

nýta hljómsveitina meira í þágu Ríkisútvarps og Þjóðleikhúss. Eðlilegur vöxtur hljómsveitarinnar og aukin aðsókn að tónleikum hennar kallaði á aukið tónleikahald. Þegar Ríkisútvarpið tók að sér að sjá um rekstur hljómsveitarinnar árið 1961 voru teknir upp fastir áskriftartónleikar og ýmsir liðir í rekstrinum betur skipulagðir en áður. Gekk svo um nokkurra ára skeið en á seinni hluta áratugsins var farið að síga á ógæfuhliðina með reksturinn, en í þetta sinn ekki af fjárhagsástæðum heldur af erfiðleikum í skipulagningu vinnu hljómsveitarinnar. Þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, skipaði fimm manna nefnd árið 1969 til að finna lausn á rekstrarvandamálum hljómsveitarinnar. Nefndin starfaði í 15 mánuði og kannaði ítarlega allar hliðar á rekstri hljómsveitarinnar. Þá hafði Þjóðleikhúsið verið rekstraraðili að hljómsveitinni frá árinu 1956, eða í tæp 15 ár, og átt kröfu á vinnu hljómsveitarmanna í sína þágu allan þann tíma. Var rekstri hljómsveitarinnar þannig komið að ekki var hægt með góðu móti að láta hana sinna öðrum verkefnum sínum en áskriftartónleikum vegna þarfa leikhússins á vinnu hljómsveitarmanna sem var innifalin í vinnuskyldu þeirra. Öllum þeim þáttum, sem sérhver starfandi sinfóníuhljómsveit þarf og á að sinna, eins og t. d. barnatónleikar, skólatónleikar, fjölskyldutónleikar, alþýðutónleikar og tónleikaferðir út á land, varð að halda í algjöru lágmarki eða fella niður vegna þess að ekki var hægt að segja til um þörf Þjóðleikhússins nema nokkra daga fram í tímann. Útilokaði það alla skipulagningu á starfi hljómsveitarinnar. Ennfremur kom í ljós að vinnuskyldukvöðin kom ójafnt niður á hljómsveitarfólki, eða allt frá engri sýningu á starfsári hjá einum hljómsveitarmanni upp í 60 sýningar hjá öðrum og allt þar á milli. Ógjörningur var að fyrirbyggja misskiptingu á vinnunni því að þörf leikhússins miðaðist við ákveðin hljóðfæri. Niðurstaða nefndarinnar frá 1969 varð því sú að nauðsynlegt væri að ríkið yfirtæki framlög Þjóðleikhússins og gerði hljómsveitinni með því kleift að starfa eðlilega. Var sú breyting gerð árið 1971 og frá þeim tíma fram til dagsins í dag hafa rekstraraðilar verið: ríkissjóður 50.6%, borgarsjóður 21.4% og Ríkisútvarp 28%. Frá árinu 1971 hefur Þjóðleikhúsið því samið sérstaklega um hljómlistarflutning.

Af þessu má sjá að reynslan hefur ótvírætt sýnt að fyrra rekstrarformið leiddi til erfiðleika og fráleitt væri að binda með lögum fyrirkomulag sem hefur dæmt sjálft sig óhæft.

Um tengsl milli yfirstjórnar hljómsveitarinnar og verkefnavalsnefndar hefur nefndin orðið sammála um eftirfarandi.

Ef vel á að takast með starf Sinfóníuhljómsveitarinnar þarf að vinna markvisst að skipulagningu tónleika hennar frá listrænu og menningarlegu sjónarmiði. Þetta ábyrgðarstarf er í höndum verkefnavalsnefndar sem undirbýr tillögur sínar í hendur yfirstjórnar hljómsveitarinnar. Verkefnavalsnefnd hefur ekki ákvörðunarvald og á því undir yfirstjórn að sækja með samþykki fyrir áætlunum sínum. Er því nauðsynlegt að framkvæmdastjóri sitji fundi verkefnavalsnefndar og stjórnar. Á þann hátt skapast nauðsynleg tengsl milli hins listræna og stjórnunarlega í starfi hljómsveitarinnar en á því hefur oft staðið starfseminni til óþæginda.

Í athugasemdum þessum hafa verið tekin til umfjöllunar þau atriði meðfylgjandi frumvarps sem eru til breytinga á frumvarpinu frá 1977. Að öðru leyti er vísað til athugasemda sem fylgdu því frumvarpi en þar er m. a. að finna greinargóða úttekt á starfi og sögu hljómsveitarinnar og tónlistarlífs á Íslandi.

Að lokum skal tekið fram að rætt var við fjölmarga aðila og ráðlegginga leitað um einstaka þætti þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar, og breytingar á frumvarpinu frá 1977.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að Sinfóníuhljómsveit Íslands verði sjálfstæð stofnun.

Um 2. gr.

Um gildi æðri tónlistar í lífi fólks í ört vaxandi hraða hins tæknivædda heims ber að leggja mikla áherslu á að sem flestir þegnanna hafi auðveldan aðgang að göfgandi tónlistarflutningi. Þess vegna er eðlilegt að störf hljómsveitarinnar verki sem hvati til aukinnar tónlistarmenntunar m. a. í þeirri von að starfsemi hljómsveitarinnar og eðlileg endurnýjun sé tryggð.

Um 3. gr.

Erfitt er að ákveða við hvað skuli miða til að finna greiðsluhlutföll milli rekstraraðila Sinfóníuhljómsveitarinnar. Kemur þar til eðlismunur aðildar hvort um er að ræða framlög gegn vinnu hljómsveitarinnar, eins og í tilfelli Ríkisútvarpsins, eða fjárveiting til að styðja veitta þjónustu, eins og í tilfelli sveitarfélaganna, eða beinan fjárstuðning ríkissjóðs. Í frumvarpinu frá 1977 var gert ráð fyrir 10% framlagi frá Þjóðleikhúsinu sem í þessu frumvarpi er fellt inn í framlag ríkissjóðs. Einnig er framlag Ríkisútvarpsins lækkað um 3% og einnig bætt við ríkissjóðsframlagið þannig að hlutur ríkissjóðs er nú 50%, Ríkisútvarps 25% og sveitarfélaganna 25%. Áður var framlag Reykjavíkurborgar einnar 21.4%. Þá er gert ráð fyrir heimild fyrir fleiri sveitarfélög að rekstraraðild. Varðandi tónleikaferðir um landið, sem nú er gert ráð fyrir að verði auknar, þá þótti rétt að fjármögnun ferða verði ekki tengd framlögum fyrrgreindra sveitarfélaga. Réttara þótti að tónleikaferðir yrðu fjármagnaðar af skemmtanaskatti (10%) og er vísað til 11. greinar frumvarpsins.

Bætt er við málsgrein varðandi samvinnu við uppfærslur söngleikja eða listdans eða annarra verkefna þar sem hljómsveitar er þörf. Hér er gerð tilraun til að efla og auðvelda tónlistarflutning Þjóðleikhússins og fleiri aðila, t. d. Íslenska dansflokksins og Íslensku óperunnar, svo að eitthvað sé nefnt. Einnig má nefna kirkjuleg kórverk, tónlistardaga á Akureyri o. fl. Ljóst er að samstarf hljómsveitarinnar um þessi atriði krefst aukins skipulags og verður að vera innan stjórnunarsviðs hljómsveitarinnar sjálfrar. Með þessu fyrirkomulagi ætti ekki að vera hætta á því að önnur starfsemi hljómsveitarinnar líði fyrir þessa samvinnu. Það atriði, að Sinfóníuhljómsveitin sjálf greiði laun vegna þessarar samvinnu af eigin rekstrarfé, er rökstutt með því að í þessu lagafrumvarpi er ekki gert ráð fyrir sérstöku fjárframlagi frá Þjóðleikhúsinu og þau 10%, sem ráðgerð voru sem framlag leikhússins í frumvarpinu frá 1977, eru nú innifalin í hluta ríkissjóðs.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Stærðir hljómsveita, sem flytja sinfónísk verk, eru háðar vissum lögmálum sem stjórnast af fjölda hljóðfæra í hverjum hinna 16 hljóðfæraflokka sem sinfóníuhljómsveitir samanstanda af. Það er óumdeilanlegt að eigi hljómsveit að vera fær um að flytja sinfónísk verk þá kemst hún ekki af með færri en 65 hljóðfæraleikara. Mörg verkefni krefjast töluvert fleiri hljóðfæraleikara. Er þá ljóst að stjórn hljómsveitarinnar verður að leita heimildar ráðninganefndar ríkisins til aukaráðninga ef verkefnaval skipast þannig að fleiri hljóðfæraleikara er þörf.

Um 7. gr.

Þessi grein hefur breyst allverulega frá frumvarpinu sem lagt var fram 1977.

Verkefnavalsnefnd hefur það hlutverk að skipuleggja og gera tillögur um alla starfsemi hljómsveitarinnar. Gerir hún tillögur um verkefni, stjórnendur, einleikara, einsöngvara og samstarf við kóra, Þjóðleikhús og aðra aðila. Einnig ber nefndinni að skipuleggja aukatónleika, m. a. barnatónleika, fjölskyldutónleika og tónleikaferðir. Að þessum málum verður að vinna af sérþekkingu. Þá er gert ráð fyrir að tillögum verkefnavalsnefndar fylgi kostnaðaráætlun. Er þetta nauðsynlegt þar sem í verkefnavalsnefnd þarf að velja menn með sérþekkingu á möguleikum hljómsveitarinnar og hafa þekkingu á verkefnunum og hvers þau krefjast í flutningi. Rétt er að hafa í huga að tillögur verkefnavalsnefndar þarf að leggja fyrir stjórn hljómsveitarinnar til samþykktar, sbr. 8. gr.

Um 8. gr.

Greinin er mjög í anda 8. gr. frumvarpsins frá 1977. Kveðið er á um gerð áætlana til fjárlaga. Kemur þar fram að skipulag starfsins og verkefni verða að vera ákveðin með verulegum fyrirvara. Þetta atriði er ekki aðeins nauðsynlegt með tilliti til fjárlagagerðar og áætlana sveitarfélaganna heldur líka með það í huga að koma í veg fyrir tilviljunarkennda starfsemi hljómsveitarinnar.

Um 9. gr.

Felld er niður 9. gr. frumvarpsins frá 1977 um samvinnu Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitarinnar, enda um þá samvinnu rætt í 3. gr. þessa frumvarps.

Hér kemur hins vegar ný grein um starfsemi hljómsveitarinnar sem sjálfstæðrar stofnunar og þarfnast hún ekki skýringar.

Um 10. gr.

Í frumvarpinu frá 1977 var 10. gr. um að Ríkisútvarpið annist skrifstofuhald fyrir hljómsveitina o. fl. Þetta atriði er nú flutt í 9. gr.

Í 10. gr. þessa frumvarps er rætt um hljómleikaferðir. Við nánari athugun var nefndin sammála um að jafnframt því að auknar tónleikaferðir væru æskilegar þá væri ekki rétt að allir rekstraraðilar, sbr. 3. gr., væru þátttakendur í kostnaði við þær og þá síst sveitarfélögin. Skemmtanaskattur er greiddur af öllum landsmönnum og er því ekki óeðlilegt að sá hluti hans, sem rennur til hljómsveitarinnar, verði látinn standa undir kostnaði við ferðirnar.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringar.“

Nd. **22. Frumvarp til laga** [20. mál]

um framhaldsskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 101. löggjafarþingi 1979.)

I. GILDISSVIÐ

1. gr.

Lög þessi taka til náms á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi.

2. gr.

Nám á framhaldsskólastigi, sem kostað er af almannafé, lýtur samræmdu skipulagi samkvæmt lögum þessum. Skólar sem undir lögin falla nefnast framhaldsskólar.

II. MARKMIÐ

3. gr.

Hlutverk framhaldsskóla er að veita menntun, er sé á hverjum tíma markviss undirbúningur starfs eða frekara náms og stuðli jafnframt að alhliða þroska nemandans sem einstaklings og þátttakanda í lýðræðissamfélagi.

III. INNGÖNGUSKILYRÐI

4. gr.

Allir sem lokið hafa námi í grunnskóla eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um lágmarkskröfur í einstökum greinum til inngöngu í tiltekna námsáfanga. Öll slík skilyrði skulu reist á raunhæfu mati á kröfum viðkomandi greinar.

Á því ári sem nemandi verður 19 ára getur hann hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum skv. þessari grein nema að því er varðar starfsþjálfun, þar sem hennar er krafist.

IV. NÁMSSKIPAN

5. gr.

Nám í framhaldsskóla skal fara fram á námsbrautum sem skilgreindar eru eftir markmiðum námsins að því er varðar undirbúning til starfa eða áframhaldandi náms. Námsbraut skal eftir föngum skipulögð þannig að unnt sé að ljúka þar mislöngu námi. Í reglugerð skal kveða á um hvar á námsbraut slík námslok geti verið og um markmið námsins á hverju stigi.

6. gr.

Í samræmi við hlutverk framhaldsskóla skal á öllum námsbrautum fara saman nám sem lýtur að almennri menntun og sérhæft nám með hliðsjón af markmiðum brautarinnar. Lögð skal áhersla á tengsl verklegra og bóklegra þátta námsins. Auk skyldunámsefnis skal á hverri námsbraut gefa kost á frjálsum valgreinum.

7. gr.

Af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til framhaldsnáms, annaðhvort beinar eða með skilgreindri viðbót námsáfanga. Með sama hætti skulu og markaðar sem greiðastar leiðir milli námsbrauta.

8. gr.

Námsefni framhaldsskóla skal skipað í skilgreinda námsáfanga sem skulu metnir til eininga eftir umfangi námsefnisins. Leitast skal við að skipuleggja innihald og kennslu hvers áfanga þannig að hann nýtist sem hluti af námi á sem flestum námsbrautum. Þó skal þess gætt að taka tillit til innra samhengis viðkomandi námsgreinar og mismunandi áherslu á ólíkum námsbrautum. Námsbrautir myndast með skipulögðu samvali námsáfanga, sbr. einnig 5. gr.

Námsbrautum er skipað á námssvið með hliðsjón af skyldleika sérnáms sem stuðlar að sameiginlegu grunnnámi fyrir allar brautir sviðsins. Námssviðin eru tengd með sameiginlegum kjarna undirstöðugreina. Um námssvið og námsbrautir skal mælt í reglugerð.

9. gr.

Um námsáfanga, markmið þeirra, megininntak, umfang og skipan á námsbrautir skal ákveðið í námsskrá sem menntamálaráðuneytið setur að höfðu samráði við námssviðs- og námsbrautanefndir, sbr. 21. gr., enda hafi verið leitað álits heildarsamtaka kennara og nemenda á framhaldsskólastigi. Námsáfangar í sama eða sambærilegu námsefni skulu jafngildir á öllum brautum þar sem þeir eru hluti af náminu. Sé verkþjálfun liður í námsáfanga, skal hún metin til eininga svo sem aðrir námsþættir.

10. gr.

Um námsmat, þ. á m. próf og vitnisburði, skal mælt í reglugerð, svo og um almenn skilyrði sem fullnægja þarf til að flytjast milli námsáfanga.

11. gr.

Nemendur sem vegna fötlunar eða frávika frá eðlilegum þroskaferli fá ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Kennsla þessi getur farið fram við framhaldsskóla, bréfaskóla eða í sérstofnunum.

Nánar skal kveðið á um kennslu þessa í reglugerð.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur forgöngu um gerð áætlana um umbætur í starfi skóla, rannsókna- og tilraunastarf í skólum, námsskrárgerð, samningu námsefnis eftir því sem þörf krefur og gerð leiðbeininga um námsmat. Ennfremur skal komið á kennslufræðilegu leiðbeiningastarfi. Árleg framkvæmdaáætlun skal fylgja tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

13. gr.

Árlegur starfstími framhaldsskóla skal að jafnaði vera 9 almanaksmánuðir. Setja skal í reglugerð ákvæði um skiptingu starfstímans í annir, virkar kennsluvikur og próftíma svo og um fjölda og lengd kennslustunda.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um, að jafnan séu fyrir hendi glöggar upplýsingar um nám á framhaldsskólastigi, svo sem um námsbrautir og námsstaði.

Hverjum framhaldsskóla ber eftir föngum að kynna starfsemi skólans foreldrum og öðrum á skólasvæðinu, svo sem með dreifibréfum, kynningarfundum og skipulögðum skólaheimsóknum, og stuðla þannig að því að almenningur láti skólastarfið til sín taka.

V. FULLORÐINSFRÆÐSLA

15. gr.

Stefnt skal að því, að framhaldsskólum verði gert kleift að sinna menntun fullorðinna á þeim námsbrautum sem reglulegt starf skólanna tekur til. Í þessu skyni má heimila skóla að

a) veita þeim sem orðnir eru 19 ára aðgang að einstökum námsáföngum ásamt reglulegum nemendum skólans, sbr. lokamálsgrein 4. gr., og
b) stofna til sérstakra námskeiða, þ. á m. kvöldskóla, til að fullnægja óskum og þörfum þeirra sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um nám þetta, þ. á m. um lágmarksfjölda þátttakenda í námshópum og um námstíma er geti verið lengri eða skemmri en í reglulegu námi.

16. gr.

Stefnt skal að því að kennsluaðstaða framhaldsskóla nýtist einnig fyrir almenna fræðslustarfsemi, aðra en þá sem um getur í 15. gr., þ. á m. endurmenntun í ýmsum starfsgreinum. Getur ráðuneytið í samráði við skólanefnd heimilað framhaldsskóla að eiga hlut að skipulagningu og framkvæmd slíkrar starfsemi, sem kynni að verða óskað eftir.

VI. SKÓLASKIPAN

17. gr.

Skipan námsbrauta á skólastofnanir skal haga með tilliti til aðstæðna, og koma eftirtaldir kostir til greina: Mismunandi brautir innan sömu stofnunar, skipulagslega tengdar brautir í aðskildum stofnunum eða stakar brautir í sérgreindum stofnunum. Þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði leyfa, skal leitast við að sameina mismunandi námsbrautir í einni skólastofnun.

Í hverjum landshluta skal vera eins fjölbreytt val námsbrauta og við verður komið.

18. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður hvar starfrækja skuli framhaldsskóla og til hvaða námsbrauta hver skólastofnun taki, hvort tveggja í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð sem skulu leita álits skólanefnda og sveitarstjórna eftir því sem við á, sbr. 19. gr.

19. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur gera áætlun til 5 ára um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi og framkvæmdir til að koma þeirri skipan á. Skal áður afla tillagna fræðsluráða fyrir hvert fræðsluumdæmi. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti til næstu fimm ára. Árleg framkvæmdaáætlun skal fylgja tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

20. gr.

Heimilt er að gera samning við stofnun eða fyrirtæki um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Annars vegar getur verið um að ræða samning skóla við fyrirtæki eða stofnun, sem samþykktur skal af rekstraraðilum skólans, og hins vegar samning milli nemanda og meistara eða fyrirtækis sem staðfestur skal af menntamálaráðuneytinu eða aðila í umboði þess.

Nám sem fer fram utan skóla samkvæmt þessari grein skal ætíð háð eftirliti, skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

VII. STJÓRN

21. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna er lög þessi taka til nema öðruvísi sé ákveðið í lögum um einstakar námsstofnanir.

Ráðuneytinu til aðstoðar við mótun og samræmingu meginstefnu í málefnum framhaldsskóla og áætlanagerð skv. 12. og 19. gr. er framhaldsskólaráð, skipað formönnum námssviðsnefnda, sbr. 3. mgr. þessarar greinar, einum fulltrúa fyrir grunnskóla og öðrum fyrir háskóla, tveimur fulltrúum tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, tveimur tilnefndum af Vinnuveitendasambandi Íslands, einum tilnefndum af Stéttarsambandi bænda, einum tilnefndum af Kvenfélagasambandi Íslands, tveimur tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum tilnefndum af Sambandi íslenskra samvinnufélaga, átta tilnefndum af nemendum við framhaldsskóla, tveimur tilnefndum af samtökum kennara á framhaldsskólastigi, einum tilnefndum af samtökum skólastjóra við framhaldsskóla, einum tilnefndum af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einum tilnefndum af Bandalagi háskólamanna svo og fulltrúa menntamálaráðuneytisins og er hann formaður ráðsins. Menntamálaráðherra skipar framhaldsskólaráð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Fyrir hvert námssvið skal skipa ráðgefandi nefnd, námssviðsnefnd. Menntamálaráðuneytið skipar formann og ritara, sem jafnframt er varaformaður, til fjögurra ára í senn, en jafnframt tilnefnir hver námsbrautarnefnd, sbr. 4. mgr. þessarar greinar, á viðkomandi námssviði tvo fulltrúa til setu í nefndinni. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn. Námssviðsnefndir samræma störf námsbrautarnefnda og eru ráðgjafar- og tillöguaðilar um inntak og tilhögun náms, hver á sínu námssviði.

Fyrir hverja námsbraut, eða samstæðu skyldra námsbrauta, skal skipuð allt að 5 manna ráðgefandi nefnd, námsbrautarnefnd. Starfi aðeins ein námsbrautarnefnd á tilteknu námssviði fer hún einnig með verkefni námssviðsnefndar. Menntamálaráðuneytið skipar námsbrautarnefndir til fjögurra ára í senn. Ráðuneytið skipar einnig formann og ritara, en hver nefnd kýs sér varaformann. Sé um að ræða starfsnámsbrautir skulu fulltrúar í nefndina valdir með hliðsjón af sérþekkingu á viðkomandi sviði að fenginni tilnefningu samtaka kennara og samtaka í starfsgreinum og atvinnugreinum eftir því sem við á hverju sinni. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn. Námsbrautarnefndir eru ráðgjafaraðilar um inntak og tilhögun náms á viðkomandi námsbraut(-um). Nefndirnar skulu kappkosta náið samstarf við aðila atvinnulífs á þeim starfssviðum sem námið varðar.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um framhaldsskólaráð, námssviðsnefndir, námsbrautarnefndir og störf þeirra.

22. gr.

Fræðsluráð þau sem kjörin eru samkvæmt 11. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, skulu fjalla um málefni framhaldsskóla, hvert í sínu fræðsluumdæmi, með hliðstæðum hætti og að því er tekur til grunnskóla, eftir því sem við getur átt, sbr. og 33. gr. Heimilt er og að fela fræðslustjóra og fræðsluskrifstofu, sbr. grunnskólalög, verkefni við stjórnun framhaldsskólamálefna í umdæminu.

Í reglugerð skal setja ákvæði um verkefni fræðsluráða skv. þessum lögum, svo og verksvið fræðslustjóra og fræðsluskrifstofa.

Í þeim tilvikum er eitt eða fleiri sveitarfélög innan fræðsluumdæmis standa að skólahaldi á framhaldsskólastigi með sveitarfélögum í öðru fræðsluumdæmi skal um stjórnunaraðild fara eftir reglum sem menntamálaráðuneytið setur í samráði við sveitarstjórnir og fræðsluráð er í hlut eiga.

23. gr.

Fræðsluráð og skólastjórn, sbr. 24. gr., kjósa skólanefnd fyrir hvern einstakan framhaldsskóla sem fræðsluumdæmið í heild stendur að ásamt ríkinu. Skólanefndin

starfar í umboði fræðsluráðs og er m. a. ráðgefandi aðili um inntak og tilhögun náms í hlutaðeigandi skóla.

Ef einstök sveitarfélög innan fræðsluumdæmis standa sameiginlega að framhaldsskóla, skal við skólann starfa skólanefnd skipuð fulltrúum viðkomandi sveitarfélaga og skólastjórnar.

Standi einstakt sveitarfélag innan fræðsluumdæmis eitt sér ásamt ríkinu að framhaldsskóla, gegnir skólanefnd skólahverfisins, sbr. grunnskólalög, því hlutverki fræðsluráðs sem um ræðir í 1. mgr.

Kveða skal nánar á um skipan, valdsvið og störf skólanefnda framhaldsskóla í reglugerð.

24. gr.

Skólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess, að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma.

Skólastjóri er oddviti skólastjórnar sem auk hans skal skipuð fulltrúum kennara og nemenda svo og aðstoðarskólastjóra, ef hann starfar við skólann. Um skipan skólastjórnar, verksvið hennar, starfstíma og starfshætti skal nánar kveðið á í reglugerð.

Ráðuneytið getur ákveðið, að stuttir áfangar náms á framhaldsskólastigi tengist grunnskóla, og jafnframt, að um stjórn skólastofnunarinnar í heild fari eftir ákvæðum laga um grunnskóla.

25. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð, er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið námsins, námsefni, námstilhögun og námsmat. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

26. gr.

Um almenna kennarafundi og verksvið þeirra skal kveðið á í reglugerð.

VIII. STARFSLIÐ

27. gr.

Störf við framhaldsskóla skiptast í eftirtalda meginþætti:

1. Stjórnun,
   a) yfirstjórn, rekstur
   b) námsstjórn, þ. á m. í einstökum greinum og greinasamstæðum, svo og skipulagning kennslu og eftirlit með verklegri þjálfun.
2. Kennsla.
3. Starfræksla skólasafns.
4. Ráðgjöf,
   a) náms- og starfsráðgjöf,
   b) félagsleg ráðgjöf og sálfræðiþjónusta.
5. Þjónustustarfsemi,
   a) mötuneyti og heimavistir,
   b) heilsugæsla,
   c) húsvarsla, ræsting.

Um fjölda starfsmanna og skipting starfa fer eftir stærð skóla og verksviði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólastjóra framhaldsskóla að fengnum tillögum og umsögnum skólanefndar og fastra kennara við skólann sé ekki um

nýjan skóla að ræða. Ráðuneytið setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum og umsögnum skólanefndar og skólastjóra viðkomandi skóla. Skólastjóri ræður stundakennara og ráðstafar störfum til námsstjórnar. Fólk til starfa sem greidd eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum ræður skólanefnd að fengnum tillögum skólastjóra í samræmi við samþykktar fjárhagsáætlanir.

Fela má ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fræðsluumdæma, sbr. IX. kafla laga nr. 63/1974 um grunnskóla, að annast hliðstæða starfsemi fyrir nemendur framhaldsskóla.

28. gr.

Um skilyrði til að verða settur eða skipaður skólastjóri eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum laga um embættisgengi kennara og skólastjóra. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun annarra starfsmanna.

Setja skal í reglugerð ákvæði um orlof og endurmenntun starfsmanna framhaldsskóla. Við setningu þeirra skal þess gætt, að réttindi kennara í þessum efnum verði eigi minni en þau eru skv. núgildandi lögum og reglugerðum.

IX. FJÁRMÁL

29. gr.

Skólahald skv. lögum þessum skal kostað af ríki og sveitarfélögum með þeim hætti að kostnaður af tveimur fyrstu skólaárum framhaldsskólans skiptist milli þeirra aðila eftir sömu meginreglum og kostnaður við grunnskóla skv. lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, með áorðnum breytingum og lögum nr. 69/1967, um skólakostnað, sbr. ákvæði 30. gr. hér á eftir. Kostnaður af námi umfram tvö fyrstu árin greiðist úr ríkissjóði.

30. gr.

Vegna þess skólahalds sem kostað er sameiginlega af ríki og sveitarfélögum greiðir ríkissjóður eða endurgreiðir sveitarfélögum þann kostnað er hér greinir:

a) Launakostnað vegna skólastjórnar og kennslu og laun stjórnskipaðra prófdómara, er greiðist að fullu úr ríkissjóði, miðað við að skipulag kennslu hafi verið samþykkt og að uppfylltar séu lágmarkskröfur um fjölda nemenda í kennsluhópum.
b) Framlag vegna starfa við ráðgjöf, skólasöfn og félagsstörf.
c) Viðhald, endurnýjun búnaðar og húsaleigu að hálfu.
d) Kostnað við heilbrigðisþjónustu að hálfu.
e) Stofnkostnaður greiðist úr ríkissjóði skv. nánari reglum, sem menntamálaráðuneytið setur um stærð og búnað skólahúsnæðis.

Annar kostnaður vegna þessa skólahalds greiðist af sveitarfélögum. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um framlög ríkissjóðs skv. framangreindum stafliðum. Skal þar kveðið á um þann stundafjölda er ríkissjóður greiðir vegna tilgreindra starfa og skilyrði varðandi nemendafjölda o. fl. Ákvæði þessi skulu og að því leyti sem við getur átt einnig taka til þess skólahalds sem ríkissjóður greiðir að fullu, sbr. 29. gr.

31. gr.

Sveitarfélög í hverju fræðsluumdæmi eru ásamt ríkinu rekstraraðili að framhaldsskólum í umdæminu, sbr. þó 32. gr.

Sá kostnaður skv. 29. og 30. gr., sem kemur í hlut sveitarfélaga í hverju umdæmi, skal greiddur úr sameiginlegum sjóði þeirra, framhaldsskólasjóði.

Óski eitt sveitarfélag eða fleiri saman að reka framhaldsskóla án aðildar annarra sveitarfélaga í fræðsluumdæminu skal það heimilt að fengnu samþykki mennta-

málaráðuneytisins, enda taki skólinn til skólahalds fyrir meginhluta nemenda á 1. og 2. skólaári og slíkt fyrirkomulag verði ekki til að hindra eðlilegt skipulag skólahalds og samvinnu skóla í umdæminu. Með sama hætti geta sveitarfélög með samþykki menntamálaráðuneytisins samið um aðild að framhaldsskóla utan síns fræðsluumdæmis, ef það stuðlar að eðlilegu skipulagi skólasóknar.

Sveitarfélög sem eiga rekstraraðild að framhaldsskóla skv. þriðju málsgrein greiða ekki framlag til framhaldsskólasjóðs fræðsluumdæmisins, sbr. þó síðustu málsgrein þessarar greinar, en ákveða með samningi skiptingu rekstrarkostnaðar sín á milli. Þar sem eitt sveitarfélag er aðili að framhaldsskóla greiðist kostnaðarhluti sveitarfélagsins úr sveitarsjóði.

Vegna skóla sem auk tveggja fyrstu skólaáranna taka einnig til náms er ríkið kostar að fullu, skv. 29. gr., greiðir ríkissjóður auk kostnaðarliða skv. 30. gr. hluta í öðrum rekstrarkostnaði í hlutfalli við þann nemendafjölda sem kominn er á þriðja námsár eða lengra.

Framlög sveitarfélaga til framhaldsskólasjóðs skulu greidd úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga af framlagi hans til viðkomandi sveitarfélags.

Menntamálaráðuneytið setur í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga reglur um framlög sveitarfélaga til framhaldsskólasjóða, sem gilda skulu verði ekki samkomulag um annað, svo og um jöfnunarframlög er sjóðirnir greiði vegna nemenda á 1. og 2. námsári sem stunda nám í skólum sem viðkomandi sjóður kostar ekki. Reglur þessar skulu miðast við íbúafjölda í sveitarfélögum en taka jafnframt tillit til sérstöðu þeirra sveitarfélaga þar sem framhaldsskólar starfa.

32. gr.

Skólar fyrir mjög sérhæft nám sem ekki er unnt eða hagkvæmt að starfrækja innan þeirra skóla sem reknir eru af sveitarfélögum, sbr. 31. gr., skulu reknir af ríkinu.

Sama máli gegnir um skóla sem nú eru reknir af ríkinu einu ef ekki næst samkomulag við sveitarfélög um rekstraraðild samkv. 31. gr., sbr. og 36. gr., enda sé um sérhæft nám að ræða.

33. gr.

Stjórn framhaldsskólasjóðs í hverju fræðsluumdæmi skal vera í höndum fræðsluráðs, sbr. 22. gr., og sér það um fjármál hans, annast áætlanagerð, innheimtu framlaga, greiðslu til rekstraraðila, bókhald og reikningsskil, skv. nánari ákvæðum í reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur.

34. gr.

Kostnaður vegna sérstakra námskeiða, sem stofnað er til skv. 15. gr., greiðist sem hér segir: Rekstrarkostnaður húsnæðis, svo sem ljós, hiti, ræsting og viðhald, greiðist eftir þeim reglum sem gilda um sömu kostnaðarliði í reglulegu starfi skólans. Annar kostnaður við námskeiðin skal að þriðjungi greiddur úr ríkissjóði, að þriðjungi af sveitarfélögum og að þriðjungi innheimtur með námskeiðsgjöldum af nemendum, sem þó skulu aldrei á einstökum námskeiðum fara yfir hámark sem ákveðið skal í reglugerð. Slík reglugerðarákvæði skulu miða að því að ekki verði óeðlilegt misræmi í námskeiðsgjöldum.

35. gr.

Föst laun skólastjóra, kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið setur eða skipar, greiðist beint úr ríkissjóði. Hluti ríkissjóðs í öðrum kostnaði skóla, sem reknir eru af sveitarfélögum, skal greiddur mánaðarlega samkvæmt áætlun sem menntamálaráðuneytið samþykkir. Uppgjör skal fara fram árlega þegar endurskoðaðir reikningar liggja fyrir.

36. gr.

Kostnaðarákvæði laga þessara skulu koma til framkvæmda svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 1. janúar 1982. Skal rekstraraðild að einstökum skólastofnunum breytt fyrir þann tíma til samræmis við ákvæði 31. gr. með samkomulagi milli viðkomandi aðila. Heimilt skal í því sambandi að leggja niður stofnanir eða sameina tvær eða fleiri stofnanir í því skyni að tryggja hagkvæmt skipulag og eðlilega rekstraraðild.

Við breytingar á rekstraraðild skólastofnana á þessum tíma skulu fasteignir þær, sem reistar hafa verið og notaðar til skólahalds, ásamt búnaði og tilheyrandi lóðum vera áfram til afnota fyrir skólastarf án endurgjalds. Verði sú skólastarfsemi, sem þannig er stofnað til, lögð niður innan fjögurra ára frá breytingunni skal eignunum ráðstafað sameiginlega af þeim aðilum, sem áttu þær fyrir, og skipt milli þeirra í samræmi við fyrri eignaraðild.

X. REGLUGERÐIR, GILDISTAKA LAGANNA OG UNDIRBÚNINGUR AÐ FRAMKVÆMD ÞEIRRA

37. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna. Reglugerð getur tekið til framhaldsskólastigsins í heild eða einstaks námssviðs, námsbrautar, skólagerðar eða skólastofnunar. Auk þeirra atriða, sem vísað er til reglugerðar í einstökum greinum laganna, skal í reglugerð m. a. kveða á um undirbúning og forræði byggingarframkvæmda fyrir framhaldsskóla, svo og um skólareglur.

Við samningu reglugerða skal m. a. kveðja til fulltrúa frá framhaldsskólum, atvinnulífi og samtökum sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytinu til aðstoðar við samræmingu reglugerðanna skal vera starfshópur er í eigi sæti, auk fulltrúa ráðuneytisins, einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila: Samtökum kennara á framhaldsskólastigi, samtökum nemenda á framhaldsskólastigi, Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Að jafnaði skal leita álits framhaldsskólaráðs áður en reglugerðir eru gefnar út.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins fljótt og við verður komið að dómi menntamálaráðuneytis og eigi síðar en að liðnum 5 árum frá gildistöku, sbr. og 36. gr. Jafnframt falla úr gildi lagaákvæði er fara í bága við lög þessi. Eftirtalin lög um skóla á framhaldsskólastigi skulu gilda til bráðabirgða þar til settar hafa verið reglugerðir um tilsvarandi námsbrautir, skólagerðir eða skólastofnanir með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 37. gr., enda hafi Alþingi áður gefist kostur á að marka stefnuna með samþykkt þingsályktunar um meginefni viðkomandi reglugerðar, sbr. lokamálsgrein þessarar greinar.

Lög nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla,
— — 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla,
— — 10/1973, um Fósturskóla Íslands,
— — 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands,
— — 81/1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að stofna og reka hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík,
— — 6/1971, sbr. lög nr. 109/1974, um Hótel- og veitingaskóla Íslands,
— — 49/1946, sbr. lög nr. 89/1952, um húsmæðrafræðslu,
— — 53/1975, um hússtjórnarskóla,
— — 68/1966, sbr. lög nr. 18/1971 og lög nr. 68/1972, um iðnfræðslu. Ákvæði laganna um löggildingu iðngreina, löggildingu iðnmeistara, réttindi og og skyldur iðnnema og meistara, námssamninga og meðferð mála er þá

varða skulu þó halda gildi sínu þar til sett hefur verið ný löggjöf sem tekur til þessara atriða;
— — 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands,
— — 35/1964, um Ljósmæðraskóla Íslands,
— — 12/1970, um menntaskóla,
— — 38/1965, um Myndlista- og handíðaskóla Íslands,
— — 33/1975, um Sjóvinnuskóla Íslands,
— — 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík,
— — 1/1973, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum,
— — 67/1966, sbr. lög nr. 21/1973 og lög nr. 56/1974, um vélstjóranám,
— — 51/1976, um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi; þó skulu áfram halda gildi sínu ákvæði 9. gr. þeirra laga um Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands.

Menntamálaráðuneytið skal þegar hefja undirbúning að framkvæmd laganna, m. a. með samningu námsskrár og öðrum ráðstöfunum er miða að samhæfingu náms á framhaldsskólastigi. Getur ráðuneytið í því skyni hlutast til um eða heimilað, að einstakir skólar víki frá tilteknum ákvæðum gildandi laga, enda sé um að ræða tilhögun sem samrýmist meginstefnu þessara laga.

Á þeim undirbúningstíma sem um ræðir í þessari grein skal menntamálaráðherra flytja Alþingi ár hvert skýrslu um undirbúningsstarfið og kynna þinginu drög að reglugerðum sem á döfinni eru hverju sinni samkvæmt 36. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

39. gr.

Í fyrstu 5 ára áætlun menntamálaráðuneytisins um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi og framkvæmdir til að koma þeirri skipan á, sbr. 12. og 19. gr. laganna, skal lögð sérstök áhersla á uppbyggingu og eflingu verknámsbrauta. Skal miðað við að þær framkvæmdir verði sem lengst komnar þegar lögin í heild koma til framkvæmda, sbr. 37. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla hefur verið lagt þrisvar fyrir Alþingi, þ. e. á 98., 99. og 100. löggjafarþingi en ekki hlotið afgreiðslu.

Frumvarpinu hefur verið breytt nokkuð miðað við síðustu gerð þess og eru þessar breytingar helstar:

1. Teknar hafa verið inn breytingar og lagfæringar sem meiri hluti menntamálanefndar lagði til að gerðar yrðu á frumvarpinu á síðasta þingi.
2. Fjármálakafla frumvarpsins hefur verið breytt á þann veg að námsvistargjöld hafa verið felld niður en í staðinn er gert ráð fyrir skylduaðild sveitarfélaga að rekstri framhaldsskóla. Þá hefur stofnkostnaðarákvæðum verið breytt og er nú gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði stofnkostnað að fullu.

Eftirfarandi greinargerð svo og viðauki um skólaskipan og fjármál framhaldsskóla fylgdi síðustu gerð frumvarpsins nema hvað athugasemdum við einstakar greinar hefur verið breytt til samræmis við áðurnefndar breytingar á frumvarpinu. Þá hefur verið bætt við yfirliti um rekstrarkostnað framhaldsskóla árið 1977 og skiptingu hans.

Hugmyndir um skiptingu framhaldsskólans í námssvið og námsbrautir svo og umsagnir um frumvarpið, sem fylgdu síðustu gerð þess, eru ekki prentaðar með þessari útgáfu og vísast til fyrri gerðar frumvarpsins um það efni.

INNGANGUR

Ýmsar ástæður knýja á um endurskoðun framhaldsskólastigsins.

Lög um grunnskóla, sem samþykkt voru á Alþingi í maí 1974, eru óðum að koma til framkvæmda og það leiðir aftur til þess að óhjákvæmilegt er að samhæfa nám í grunnskóla og framhaldsskóla.

Á síðustu árum hefur eftirspurn eftir framhaldsnámi, að loknu gagnfræðaprófi og landsprófi miðskóla, farið vaxandi og jafnframt hefur mjög ákveðið verið óskað eftir auknu og fjölþættara námi miðað við það sem kostur hefur verið á til þessa.

Þetta hefur leitt í ljós ýmsa annmarka á núverandi skipulagi. Námsbrautir hafa verið lokaðar að meira og minna leyti. Réttindi nemenda hafa í mörgum tilvikum verið óljós. Markmið náms og kennslu hefur oft verið lítt skilgreint og val námsefnis virðist í sumum tilvikum vera handahófskennt. Þá hefur hlutdeild ríkissjóðs í stofn- og rekstrarkostnaði skóla verið háð því um hvers konar nám var að ræða. Þessir ágallar eiga sér eðlilegar orsakir, en þær verða ekki raktar hér.

Ýmislegt hefur verið gert til þess að lagfæra verstu ágallana en þessi viðleitni hefur nær eingöngu beinst að afmörkuðum brautum framhaldsskólastigsins, og þess ekki verið gætt, að stigið myndar í raun eina samvirka heild, sem verður að vera í eðlilegum tengslum við aðliggjandi skólastig. Úrbætur, sem gerðar hafa verið, hafa því stundum ekki reynst til frambúðar.

Að undanförnu hefur margt verið rætt og ritað um skipan náms á þessu skólastigi. Lög og reglugerðir um einstaka skóla hafa verið tekin til endurskoðunar og ný löggjöf verið sett m. a. um viðskiptamenntun. Nefndir hafa verið skipaðar til þess að fjalla um veigamikla þætti framhaldsskólans. Má þar t. d. nefna Verk- og tæknimenntunarnefnd sem skilaði í júlí 1971 ýtarlegri greinargerð um verk- og tæknimenntun á Íslandi, Iðnfræðslulaganefnd sem skilaði tillögum um þróun verkmenntunar í desember 1975, nefnd sem endurskoðaði lög um hjúkrunarnám og skilaði tillögum í júlí 1976 og ýmsa starfshópa sem hafa undirbúið stofnun fjölbrautaskóla.

Öll þessi vinna og athuganir, sem gerðar hafa verið, hafa beinst að afmörkuðum sviðum framhaldsskólastigsins en ekki að skólastiginu í heild. Þrátt fyrir þetta hefur umræðan um einstaka þætti og endurskoðun þeirra leitt til þess að smátt og smátt hafa komið fram hugmyndir um æskilegt skipulag framhaldsskólanna er hafa hnigið mjög í eina átt en þó ekki verið felldar í eina heild.

Hinn 25. nóvember 1974 skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að gera tillögur um breytta skipan náms á framhaldsskólastigi. Í nefndinni áttu sæti eftirtaldir deildarstjórar í menntamálaráðuneytinu:

Hörður Lárusson, sem var formaður nefndarinnar,
Árni Gunnarsson,
Indriði H. Þorláksson og
Stefán Ól. Jónsson.

Nefndin skilaði frumtillögum til menntamálaráðherra 21. júlí 1976 til þess að gera honum grein fyrir meginhugmyndum sínum.

Þá hafði nefndin kynnt og rætt ýmsa þætti tillagnanna á fundum með kennurum og skólastjórum við grunnskóla og framhaldsskóla og fleiri aðilum.

Dagana 8. og 9. október 1976 boðaði ráðuneytið til ráðstefnu á Hótel Esju í Reykjavík með þátttöku manna frá skólum og atvinnulífi. Voru tillögurnar frá 21. júlí kynntar og ræddar í starfshópum. Menntamálaráðherra fól síðan nefndinni að endurskoða tillögurnar með hliðsjón af því sem fram kom á ráðstefnunni og hefur nefndin nú lokið þeirri endurskoðun. Auk þess hafa ýmsum þáttum verið gerð fyllri skil og nýjum bætt við.

Tillögur nefndarinnar fjalla um heildarskipulag náms á framhaldsskólastigi og eru því gerðar án tillits til einstakra stofnana. Nefndin lagði fyrst og fremst áherslu

á að afla almennra upplýsinga um nám og námsbrautir en umfjöllun um málefni stofnana kemur aðallega til á síðara stigi þegar afstaða hefur verið tekin til þeirra skipulagstillagna sem hér liggja fyrir.

MEGINTILLÖGUR

Nefndin leggur til að komið verði á samræmdum framhaldsskóla sem felur m. a. í sér eftirfarandi:

1. Öllum sem lokið hafa grunnskólanámi skal standa til boða eins til fjögurra ára nám, hvort sem stefnt er að sérhæfingu til starfs, almennu námi eða undirbúningi til náms á háskólastigi. Leitast skal við að hafa góða menntunaraðstöðu fyrir alla, hvar sem þeir eru búsettir á landinu.
2. Framhaldsskólinn skal skipulagður sem ein samræmd heild, en er hér greindur í 8 meginnámssvið til hagræðingar, sem hvert um sig greinist í námsbrautir. Nám á hverri námsbraut miðar að almennri menntun og undirbúningi til framhaldsnáms eða sérhæfingu til starfs eftir því hvernig námsáföngum er raðað saman. Námslok geta orðið í námi eftir eitt, tvö, þrjú eða fjögur ár eftir því að hvaða marki er stefnt. Þótt gert sé ráð fyrir skilgreindum námslokum eftir eitt ár eða fleiri, getur hver einstaklingur, sem hættir námi, haldið áfram síðar á sömu námsbraut eða annarri og fengið að fullu viðurkenndar þær einingar sem hann hefur áður aflað sér.
   Markaðar skulu leiðir til framhaldsnáms af öllum brautum.
3. Nám í framhaldsskóla skal skipulagt í námsáföngum og hver áfangi metinn til eininga sem miðast við eina kennslustund á viku í eitt skólaár, eða tvær á einni önn. Með námseiningu er átt við það magn námsefnis sem telst hæfilegt fyrir meðalnemanda á fyrrgreindum tíma. Er þá einnig meðtalin nauðsynleg heimavinna og gildir þetta bæði um verklegt og bóklegt nám. Sömu námseiningu má kenna á mislöngum tíma allt eftir getu og hæfileikum þeirra nemenda sem hlut eiga að máli. Hver námsáfangi skal hafa fullt gildi þótt nemandi flytjist milli námsbrauta, ef námsáfanginn heyrir til þeirri námsbraut sem skipt er yfir á. Í þessu tilliti geta tveir eða fleiri áfangar verið jafngildir enda þótt innihald þeirra sé ekki nákvæmlega það sama.
4. Lagt er til að framhaldsskólar eigi hlut að fullorðinsfræðslu. Skulu fullorðnir eiga aðgang að reglulegum námsáföngum skólanna og auk þess er gert ráð fyrir að kennsluaðstaða í framhaldsdeildum verði nýtt fyrir almenna fræðslustarsemi.
5. Gefnar skulu út námsskrár og skulu þær marka meginstefnu í námi og þjálfun nemenda hvort heldur námið fer fram í skóla eða á vinnustað. Við gerð námsskrár skal taka mið af nauðsynlegri þekkingu, þjálfun í starfi og/eða undirbúningi til áframhaldandi náms svo og mismunandi námshæfni nemenda. Leitast skal við að tryggja samræmingu náms í sömu námsgrein á mismunandi námsbrautum eftir því sem unnt er en jafnframt nauðsynlega sérhæfingu eftir námsmarkmiðum.
6. Skipan námsbrauta á skólastofnanir skal haga með tilliti til aðstæðna og koma eftirtaldir kostir til greina: Mismunandi brautir innan sömu stofnunar, stjórnunarlega tengdar brautir í aðskildum stofnunum eða stakar brautir í sérgreindum stofnunum. Þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði leyfa skal leitast við að sameina mismunandi námssvið eða brautir í einni skólastofnun. Stefnt skal að því að í hverjum landshluta verði eins fjölbreytilegt val námsbrauta og við verður komið. Nýtt verði sem best það skólahúsnæði sem nú er fyrir hendi í landinu.
7. Námstaður er hver sú stofnun sem sett hefur verið á fót til að annast ákveðna námsþætti innan heildarskipulagsins eða hefur hlotið opinbera viðurkenningu

til þess. Auk skóla geta **skólaverkstæði** og **fyrirtæki** eða **stofnanir** verið námstaðir.

Skólinn skal vera þungamiðja hverrar námsbrautar og annast fræðilegan undirbúning og menntun, faglega og almenna. Ennfremur skal skólinn hafa umsjón með þeim þáttum námsins sem fara fram utan hans. **Skólaverkstæði** annast verklega undirbúningsmenntun og þjálfun. **Fyrirtæki** eða **stofnun** annast þá verklega þætti námsins sem nátengdastir eru því starfi sem menntunin miðast við og verða ekki aðskildir frá því.

8. Miðað er við að tvö fyrstu ár framhaldsskólans verði kostuð sameiginlega af ríki og sveitarfélögum eftir hliðstæðum meginreglum og gilda um grunnskóla, en kostnaður af námi umfram tvö fyrstu árin greiðist af ríkissjóði. Lagt er til að tekið verði upp námsvistargjald sem lögheimilissveitarfélag greiðir vegna þeirra nemenda sem tvö fyrstu skólaárin sækja skóla sem reknir eru af öðrum sveitarfélögum eða skóla fyrir mjög sérhæft nám sem reknir eru af ríkinu.
9. Sett verði heildarlöggjöf um samræmdan framhaldsskóla og reglugerðir um einstakar námsbrautir og stofnanir eftir því sem nauðsynlegt kann að reynast.

ÁSTAND OG ÞRÓUN

Skólar þeir sem nú starfa á framhaldsskólastiginu hafa verið stofnaðir til að veita almenna bóklega menntun og til að sinna ákveðnum þörfum atvinnulífsins. Markmið skólanna voru upphaflega skilgreind með hliðsjón af þessum þörfum og í samræmi við aðstæður á þeim tíma. Sérstök lög hafa verið sett fyrir hvern skóla eða tegund skóla þar sem kveðið er á um inntökuskilyrði, námsgreinar, próf, réttindi að námi loknu og stjórn skólans. Hins vegar hafa hvorki lög né reglugerðir um skólana tryggt að starfsemi þeirra þróaðist í samræmi við breytingar á þjóðfélagsháttum. Skipulagning skólastarfsins í heild hefur eðlilega verið nær eingöngu í höndum starfsliðs skólanna og val námsefnis og annarra viðfangsefna í flestum tilvikum í höndum einstakra kennara sem fóru þá eftir eigin viðhorfum og reynslu.

Að jafnaði hafa námskrár ekki verið gefnar út og nýir kennarar hafa því haft við lítið að styðjast annað en kennsluefni, bækur og önnur gögn, frá fyrirrennurum sínum og í sumum tilvikum hafa þeir skipulagt nám og kennslu á nýjan leik í samræmi við eigin skoðanir einvörðungu. Samvinna milli skóla er lítil eða nánast engin nema helst þeirra sem starfa skv. sömu lögum, t. d. menntaskólanna, og jafnvel innan sömu stofnunar er takmörkuð samvinna milli kennara.

Þetta fyrirkomulag, sem hér hefur verið lýst, hefur m. a. leitt til þess að námsbrautir hafa verið einangraðar í þeim skilningi, að nemendur hafa ekki átt greiða leið til áframhaldandi náms og flutningur milli námsbrauta hefur verið ýmsum annmörkum háður. Þá hafa starfshættir skólanna vart fylgt þeirri þróun sem orðið hefur á ýmsum sviðum þjóðlífsins og þeir svara ekki eins vel nú og áður þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar.

Breytingar á búsetu í landinu og breyttir atvinnuhættir valda því að forsendur fyrir staðsetningu skóla og ákvörðun um verkefni þeirra eru nú aðrar en áður. Auk þess eru sífellt að koma fram kröfur um menntun og þjálfun fólks í nýjum starfsgreinum jafnframt því sem aðrar hverfa. Þannig hníga rök að því, að ýmsar núverandi skólastofnanir verði betur nýttar til annarra hluta en nú er, og má í því sambandi benda á að þrátt fyrir aukna eftirspurn eftir framhaldsnámi er mjög lítil aðsókn að sumum framhaldsskólanna, t. d. húsmæðraskólunum.

Yfirleitt hefur verið gert ráð fyrir, að skóli hefði aðeins eina námsbraut innan sinna vébanda og stofnun þeirra við það miðuð. Þó er að verða breyting á þessu með tilkomu fjölbrautaskólanna. Vegna fámennis og strjálbýlis hérlendis eru fáir nemendur á hverri námsbraut og er ljóst, að rekstur skóla hlýtur oft að verða óhag-

kvæmur frá fjárhagslegu sjónarmiði og því mikilvægt að leita hagkvæmra leiða í þessu efni.

Á síðustu árum hefur komið fram tilhneiging í þá átt að herða inntökuskilyrði á sumar námsbrautir á framhaldsskólastigi, t. d. að krefjast stúdentsprófs sem jafngildir nánast því að flytja námið á háskólastig. Ástæðurnar eru m. a. þær að talið hefur verið nauðsynlegt að bæta undirbúning nemenda áður en sérnámið hefst, viðleitni til að hækka stöðu viðkomandi stétta og bæta launakjör þeirra. Það er eðlilegt að forsvarsmenn skóla vilji fá nemendur sem allra best undirbúna og þessar aðgerðir eru að því leyti réttlætanlegar, a. m. k. í sumum tilvikum, ekki síst vegna þess, að skólarnir hafa ekki að jafnaði fylgt þjóðfélagsþróuninni á undanförnum árum. Hins vegar er flutningur sérnáms milli skólastiga í sjálfu sér engin trygging fyrir því, að hæfara fólk komi til starfa á viðkomandi sviði, og þó bæta þurfi undirbúning nemenda er ekki þar með sagt, að nauðsynlegt sé að miða við 4ra ára bóklegt nám að loknum grunnskóla, eða stúdentspróf. Kemur ekki síður til álita að bæta það undirbúningsnám sem fyrir er.

Uppbygging og skipulagning námsins skiptir hér höfuðmáli. Námið þarf að mynda samstæða heild allt frá því, að nemandinn kemur í grunnskóla og til þess er framhaldsnámi hans lýkur. Námsinnihaldið hlýtur að grundvallast á þeim markmiðum sem náminu eru sett á hverju stigi, hvort sem um er að ræða verklegt eða bóklegt nám.

Nefndin lítur svo á að breytingar á núverandi skipan framhaldsskólanna eigi að miðast við það að bæta úr núverandi ágöllum og stuðla jafnframt að því, að þróun skólanna sé samstiga þróun þjóðfélagsins. Slíkar breytingar grundvallast á breyttu inntaki námsins eða nánari skilgreiningu þess sem fyrir er, og tengslum við atvinnulífið.

Nefndin telur æskilegast að núverandi skólakerfi þróist smám saman í það horf sem lýst er í greininni hér á eftir um samræmdan framhaldsskóla. Í þessu sambandi má hugsa sér ýmsar leiðir, en hér verður bent á tvær:

1) Hafin verði endurskipulagning og samhæfing þeirra námsbrauta sem fyrir eru og eru nokkuð fast mótaðar, síðan teknar fyrir smátt og smátt þær sem ekki eru í eins föstum skorðum og loks nýjar brautir.
2) Hafin verði endurskoðun framhaldsskólastigsins í heild og ætlaður til þess nokkuð rúmur tími, t. d. 2—3 ár. Á þessu tímabili verði flestar námsbrautir framhaldsskólans skipulagðar eins nákvæmlega og unnt er og nýskipanin síðan látin koma til framkvæmda samtímis á öllum námsbrautum á fyrsta ári framhaldsskólans. Næsta ár á eftir komi hún síðan til framkvæmda á 2. ári o. s. frv. Jafnframt verði undirbúningstíminn notaður til að aðlaga skólakerfið að væntanlegri nýskipan.

Nefndin leggur áherslu á, að ekki verði stofnað til nýrra námsbrauta fyrr en þær hafa verið að fullu skilgreindar bæði að því er varðar innihald og lokamark.

MARKMIÐ FRAMHALDSSKÓLA

Nefndin telur að markmið framhaldsskóla megi skilgreina efnislega sem hér segir:

1) að veita nemandanum almenna þekkingu og sjá honum fyrir viðfangsefnum sem auka alhliða þroska hans, auðvelda honum skilning á mannlegu samfélagi og virka þátttöku í því,
2) að veita nemandanum nauðsynlegan undirbúning undir störf og/eða áframhaldandi nám.

Þessi grundvallarmarkmið telur nefndin svara til þeirra viðhorfa til framhaldsskólans sem nú virðast ríkjandi og birtast m. a. í kröfum um að skólinn skuli

1) veita nemendum nauðsynlega þekkingu og þjálfun til starfa í atvinnulífinu,
2) veita nemendum nauðsynlega undirbúningsþekkingu til áframhaldandi náms,
3) veita nemendum almenna þekkingu sem gerir þeim kleift að njóta þeirra menningarverðmæta sem við eigum, bæði í starfi og tómstundum,
4) efla siðgæðisvitund nemenda og kenna þeim tillitssemi í samskiptum við aðra,
5) gera nemendur færa um að taka sjálfstæða afstöðu til þeirra mála sem eru efst á baugi á hverjum tíma og afla sér nauðsynlegra gagna og upplýsinga sem til þess þarf.

Að áliti nefndarinnar eru framangreind markmið framhaldsskólans, þ. e. hin almennu og faglegu, óaðskiljanleg. Þjóðfélag nútímans einkennist af fjölbreytileika og margvíslegum tengslum félagslegra þátta sem mótast af mismunandi hagsmunum og lífsviðhorfum. Aukin þekking á öllum sviðum svo og greiðari aðgangur að margvíslegum upplýsingum hefur áhrif á þróunina, en jafnframt eykst vandi einstaklingsins, þegar að því kemur að velja og hafna. Í slíku þjóðfélagi skiptir miklu fyrir einstaklinginn að hann hafi góðan skilning á sem flestum þáttum þess og samspili þeirra og geti á hverjum tíma metið þarfir sínar, hagsmuni og stöðu með tilliti til heildarinnar.

Fagleg þekking er mikilvæg forsenda fyrir árangri í starfi en tryggir hann ekki ein, hætt er við, að sá standi höllum fæti sem skortir þekkingu á hinu félagslega sviði. Framhaldsskólanum ber því að stuðla að auknu sjálfræði einstaklinganna í faglegu, menningarlegu og félagslegu tilliti.

Það er almennt viðurkennt að forðast beri mismunun í aðstöðu á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Í þessu efni hlýtur skólinn að leggja sitt af mörkum með því að skapa þau skilyrði fyrir einstaklinginn, að hann geti áttað sig á og metið þá möguleika sem honum standa til boða á sviði menntunar og starfs.

Nú á tímum breytist nauðsynleg þekking til ákveðinna starfa tíðum á skemmri tíma en einni starfsævi og það er algengt að menn skipti um starf, jafnvel oftar en einu sinni. Það er því nauðsynlegt að móta markmið fagmenntunar með þeim hætti, að auk tíma- og starfsbundinnar hæfni verði einnig lögð rækt við hina almennu menntun sem auðveldar aðlögun að breyttum aðstæðum og nýjum störfum síðar á ævinni.

Eitt af því sem miklu skiptir fyrir æskilega þróun íslensks samfélags er, að menntun sé skipulögð á þann veg, að nemandinn hafi jöfn tækifæri til að öðlast hæfni til starfa og fullnægja almennum menntunarþörfum sínum. Hér á landi hafa ríkt mismunandi viðhorf til verklegrar menntunar og bóklegrar og þessar tegundir náms búa við ójafna aðstöðu. Þeim sem farið hafa bóknámsleiðina hafa staðið flestar leiðir opnar til áframhaldandi náms og starfa. Hins vegar hafa verknámsbrautir í flestum tilvikum verið lokaðar og nemendur haft takmarkaða möguleika til að skipta um námsbraut eða til framhalds. Á þessu hefur þó orðið nokkur breyting hin síðari ár og þarf að stuðla að því, að sú þróun haldi áfram. Þá hefur þróun byggðar í landinu m. a. leitt til þess að búseta nemenda hefur veruleg áhrif á það hvaða framhaldsnám þeir velja eða hvort þeir yfirleitt halda áfram námi að loknum grunnskóla.

Það hlýtur því að vera höfuðnauðsyn að jafna möguleika nemenda til náms hvar svo sem þeir eru búsettir á landinu og ennfremur að tryggja, að möguleikar til áframhaldandi náms fylgi jafnt öllum námsbrautum.

Til þess að unnt verði að ná þeim markmiðum, sem hér hafa verið nefnd, þarf framhaldsskólinn að veita margvísleg tækifæri til náms bæði á bóklegu og verklegu sviði. Kennsluskipan þarf að vera með þeim hætti, að tekið sé tillit til hæfni og

áhugamála nemenda jafnframt því sem fullnægt er öllum markmiðum sérhæfðra námsbrauta.

Í þessu skyni verður nauðsynlegt að gera umtalsverðar breytingar á skipulagi framhaldsnáms frá því sem nú er og telur nefndin, að þessu verði best náð með námskipan sem hér eftir verður nefnd samræmdur framhaldsskóli.

SAMRÆMDUR FRAMHALDSSKÓLI

Lög nr. 63/1974 um grunnskóla gera ráð fyrir því að kennsluskipan í grunnskóla verði sveigjanlegri og námsframboð fjölbreyttara en verið hefur til þessa og er sérstök áhersla lögð á verklegt nám í efstu bekkjunum. Ákvæði laganna eru m. a. túlkuð þannig, að allir nemendur skulu hafa sömu tækifæri til náms og þeim ekki skipt í námshópa eftir árangri í námi eingöngu, auk þess sem þeir skulu geta valið sér námsgreinar og viðfangsefni að nokkru marki í samræmi við hæfileika sína og áhugamál. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir að verulegur hluti náms í efstu bekkjum grunnskólans, og þá einkum 9. bekk, verði valfrjálst nám bæði verklegt og bóklegt.

Nefndin miðar við stefnumörkun um grunnskólann sem gengur út frá því að:

1) allir nemendur sem ljúka námi í grunnskóla eigi kost á einhverju námi í framhaldsskóla,
2) val í grunnskóla takmarki ekki réttindi nemenda til framhaldsnáms.

Þannig er gert ráð fyrir því, að allir nemendur sem ljúka námi í grunnskóla hafi, að fullnægðum tilteknum lágmarksskilyrðum um námsárangur, hlotið undirbúning til náms á hvaða braut framhaldsskólans sem vera skal. Hins vegar er eðlilegt að vissar greinar sem nemandi velur í grunnskóla geti auðveldað honum, og e. t. v. stytt, nám á vissum brautum framhaldsskólans án þess að um sérstök réttindi verði að ræða og án þess að nám í þessum greinum megi gera að inntökuskilyrði í brautir.


Samræmdur framhaldsskóli er skipulagður sem ein heild bæði að því er varðar uppbyggingu náms og skólastofnana. Skipulagningin er tvíþætt og beinist bæði að innri og ytri skipulagsþáttum.

Hin innri starfsemi tekur mið af námsefni og öðrum námsgögnum, náminu sjálfu, kennslu og námsmati. Hin ytri starfsemi lýtur m. a. að stjórnun, tengslum skólans við stofnanir utan hans og fjármálum. Eðlilegt samspil þessara þátta er forsenda þess, að skólastarfið skili viðhlítandi árangri og gildir það jafnt um bóklegt og verklegt nám.

Hér á eftir verður aðallega fjallað um námsefni og skiptingu þess í einingar.

Í námsbrautarlýsingum eru einstakar námsbrautir aðgreindar enda þótt innihald þeirra geti að verulegu leyti verið hið sama. Þá er rétt að geta þess að lengd námsbrauta, eins og hún birtist í tillögum nefndarinnar, grundvallast ekki á ítarlegri athugun á inntaki námsins né markmiðum, heldur er fyrst og fremst miðað við það fyrirkomulag sem verið hefur ráðandi, enda þótt nefndin hafi gert nokkrar tillögur til breytinga og farið þar bæði að eigin mati og eftir ábendingum annarra. Ekki er ósennilegt að þegar sérfróðir aðilar hafa fjallað um inntak einstakra brauta verði gerðar breytingar á þessum tillögum nefndarinnar.

Til frekari glöggvunar á því hvernig ber að túlka einstakar námsbrautir, eins og nefndin hefur hugsað þær, verður hér tekið dæmi af heilbrigðissviði.



Þær brautir, sem myndin sýnir, ber að líta á sem dæmi um þær námsleiðir sem nemendur eiga völ á. Þessar námsleiðir hafa að hluta til sameiginlegt námsefni og þær ber alls ekki að skoða sem sjálfstæðar stofnanir.

Nefndin gerir ráð fyrir að á fyrsta ári sé verulegur hluti námsins sameiginlegur þó að einhver aðgreining komi fram þá strax. Þessi aðgreining er í því formi, að nemendur velja sér greinar í samræmi við það lokamark sem þeir stefna að. Á 2. ári eru enn allmargir þættir sameiginlegir með námsbrautunum, þó ekki í eins ríkum mæli og á 1. ári. Með aukinni sérhæfingu minnka möguleikarnir á samkennslu.

Eins og hér hefur verið bent á, taka nemendur á ritarabraut einhverja námsáfanga með nemendum á hjúkrunarfræðibraut. Nefndin telur líklegt að aðra áfanga, sem þessir nemendur þurfa að taka, sé að finna á almennri bóknámsbraut og almennri viðskiptabraut, þannig að þótt þessi námsbraut sé sýnd sérstaklega, þá er mikill meiri hluti þeirra námsáfanga, sem þar eru, sameiginlegir með öðrum brautum.

Það sem hér hefur verið sagt gildir að verulegu leyti um aðrar námsbrautir.

Eitt megineinkenni samræmds framhaldsskóla er samhæfing námsbrauta og sveigjanleg námskipan.


Að því er samhæfingu varðar þá er a. m. k. um tvo möguleika að ræða. Í fyrsta lagi má hugsa sér námskjarna, sem er sameiginlegur með öllum námsviðum a. m. k. á fyrsta ári, og allir nemendur taka. Í öðru lagi kjarna sem er sameiginlegur með mismunandi brautum innan sama sviðs, sbr. hér að ofan, eða á skyldum sviðum og getur hann í vissum tilvikum verið verulegur hluti heildarnámsins.

Samhæfingin leiðir til sveigjanleika sem felst í því að auðveldara verður fyrir nemendur að skipta um námsbraut við lok tiltekins áfanga og staða nemenda gagn-

vart einstökum brautum ætti í öllum tilvikum að vera skýr. Þá er einnig miðað við að nemendur geti, að nokkru marki, valið sér greinar að eigin ósk.

Sérhæfing í námi fer vaxandi eftir því sem á líður og verða þá jafnframt minni möguleikar til samhæfingar, en við skipulagningu námsins er nauðsynlegt að sjá til þess að námsbrautir lokist ekki heldur eigi nemendur alltaf leið til framhaldsnáms, ef þeir óska, án óeðlilegra tafa.

Myndin hér að neðan er tekin úr áðurnefndum brautalýsingum. Gert er ráð fyrir, að nám á verslunarbraut sé að hálfu verklegt og að hálfu bóklegt og bóklega hlutann á nemandinn að geta tekið, a. m. k. að einhverju leyti, með öðrum nemendum á sama sviði.



Nemandi, sem lýkur tveggja ára námi á verslunarbraut en óskar síðar að halda áfram námi á stjórnunarbraut, hefur vegna þess hve verklega námið var gildur þáttur í námi hans, ekki nægilegan undirbúning í bóklegum greinum til þess að geta hafið nám á 3. ári. Hins vegar fær hann bóklega námið að fullu viðurkennt og getur því hafið nám á 2. ári á stjórnunarbraut.

Sami námsáfangi hefur sama gildi á öllum þeim námsbrautum þar sem hann er skilgreindur hluti námsins. Nemandi, sem skiptir um braut, þarf því aðeins að bæta við sig þeim áföngum, sem hann hefur ekki tekið, en teljast nauðsynleg undirstaða vegna áframhaldandi náms á þeirri braut sem hann flytur inn á.

Tveir eða fleiri námsáfangar geta verið jafngildir, þegar um er að ræða flutning nemenda milli brauta, enda þótt innihald þeirra sé ekki nákvæmlega það sama.

Til þess að varpa skýrara ljósi á það sem hér hefur verið sagt verður tekið dæmi um skiptingu námsgreinarinnar A í áfanga og röðun þeirra, miðað við eina námsbraut á hverju sviði.

Gert er ráð fyrir að greininni sé skipt í 8 áfanga, A 1, A 2, ... A 8, og hún kennd á öllum önnum fjögurra ára námsbrautar. Áfangar verða þó væntanlega fleiri í raun m. a. til þess að gefa nemendum tækifæri til að velja mismunandi viðfangsefni í greininni og gera námið fjölbreyttara.

Námsvið/önn	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.
Alm. bók.	A1	A2	A3	A4	A5	A6	A7	A8
Búfr.sv.	A1	A2						
Heilbr.sv.	A1	A2	A3					
Listasv.	A1	A2		A6				
Tæknisv.	A1	A2						
Uppeldissv.	A1	A2			A5	A6		A8
Viðsk.sv.	A1	A2		A7	A8			

1. dæmi: Nemandi á almennu bóknámssviði hefur lokið þar einu námsári með fullnægjandi árangri og þar með áföngum A1 og A2. Nemandinn breytir nú til, fer inn á námsbraut á tæknisviði og hyggst ljúka þar sveinsprófi. Þar sem áður nefndir tveir áfangar eru skilgreindur hluti af námsefni þessarar síðarnefndu brautar fær nemandinn þær að fullu viðurkenndar.

2. dæmi: Gerum ráð fyrir að nemandinn í 1. dæmi hafi verið búinn að ljúka tveimur árum á almennu bóknámssviði áður en hann skipti um braut. Þar með hefur hann lokið áföngum A1, A2, A3 og A4. Nú eru áfangarnir A3 og A4 ekki hluti af námsefni þeirrar brautar sem hann fer inn á og nýtast honum því ekki miðað við það lokamark sem hann stefnir að. Hins vegar nýtast þessir áfangar, ef nemandinn síðar hyggur á áframhaldandi nám sem t. d. veitir rétt til náms í háskóla.

Sú skipting námsefnis í áfanga sem hér hefur verið lýst gerir það að verkum, að tiltekinn skóli þarf ekki að einbeita sér að einni námsbraut enda er það ekki æskilegt, nema þegar um verulega sérhæfingu er að ræða. Ýmsir skólar eiga að geta annast grunnnám á nokkrum brautum, og hluta af sérnámi, þó ljúka verði því í sérskóla.

Til þess að þetta sé mögulegt þarf að samræma starfsemi stofnana að vissu marki. Þó er nauðsynlegt að einstakir skólar hafi nokkurt sjálfræði í vali viðfangsefna og starfsháttum. Verksvið skóla getur ákvarðast af ýmsu m. a. fólksfjölda á viðkomandi stað, athafnalífi, skólahúsnæði og búnaði, svo og starfsliði.

Sú skipan sem hér hefur verið lýst gerir í rauninni ekki kröfu um breytingu á núverandi stjórnkerfi skólanna né hlutverki þeirra. Hins vegar hníga ýmis rök að því, að núverandi skólastofnanir taki upp fjölbreyttari viðfangsefni en þeir sinna nú. Þá kemur einnig til álita, að sameina tvo eða fleiri skóla undir sömu stjórn til þess að stuðla að fjölbreyttara námsframboði og um leið meiri samræmingu í starfi skólanna. Þetta atriði á m. a. að geta stuðlað að góðri nýtingu þeirra skólastofnana sem nú eru til í landinu.

Að því er varðar skipan námsbrauta á skólastofnanir koma eftirtaldir möguleikar til athugunar:

1) Mismunandi brautir innan sömu stofnunar t. d. fjölbrautaskólar.
2) Stjórnunarlega tengdar brautir í aðskildum stofnunum, t. d. þegar tveir eða fleiri skólar eru sameinaðir undir eina stjórn.
3) Stakar brautir í sérgreindum stofnunum og má sem dæmi nefna sérskólana.

Nefndin telur að kostir þessa skipulags, sem hér hefur verið lýst í grófum dráttum, séu margir og að með vel undirbúinni framkvæmd megi komast fyrir marga þá galla sem eru á núverandi kerfi. Betur verður séð fyrir þörfum nemenda og auðveldara verður að mæta þeim vandamálum sem orsakast af mismunandi námsgetu þeirra. Þá ætti nýting skólahúsnæðis, kennslubúnaðar og kennslukrafta að verða mun betri en nú er.

Það er hins vegar ljóst, að uppbygging þessa kerfis er mjög umfangsmikið og tímafrekt verk. Það er ekki að fullu ljóst, fyrr en það hefur verið kannað, að hve miklu leyti unnt er að samhæfa námsbrautir eða hvað unnt er að koma við miklum sveigjanleika. Þetta er eitt þeirra atriða sem þarf að kanna gaumgæfilega jafnhliða því sem unnið er að námskrárgerð.

STUNDASKRÁ

Nefndin telur hæfilegt að vinnuvika nemenda í framhaldsskóla miðist að jafnaði við 40 klst. á viku og þar af verði kennslustundir 36 (40 mín.) sem hámark nema um sé að ræða kennslustundir sem ekki krefjast heimavinnu, þá sé heimilt að hafa þær fleiri.

Nefndin gerir eftirfarandi tillögu um skiptingu kennslustunda milli námsgreina á 1. ári framhaldsskólans.

Kjarni:			
Íslenska	4 st.		
Samfélagsgr.[1])	4 —		
Íþróttir	2 —	=	10 st.
Kjörsvið:	20 —	eða	22 —
Valgreinar:	6 —	—	4 —
	36 st.		36 st.

Erlend tungumál og stærðfræði eru veigamiklir námsþættir á flestum námsbrautum. Hins vegar er líklegt að viðfangsefnin innan greinanna verði nokkuð mismunandi eftir námssviðum og e. t. v. námsbrautum en engu að síður geta samsvarandi námsáfangar verið jafngildir og hafa fullt yfirfærslugildi þegar nemandinn flytur milli námsbrauta.

Þótt nefndin hafi ekki skipað listgreinum í kjarna er henni ljóst að þær eru mikilvægur þáttur í menningarlegu uppeldi þjóðarinnar og leggur áherslu á, að skólar hafi fjölbreytt framboð á þessu sviði. Þátttaka verði frjáls og stundir ekki **nauðsynlega á stundaskrá, en samt innan þess tímaramma, sem nemandinn á að** skila á viku hverri. Gildir þetta jafnt um öll námsárin.

Nefndin telur rétt, að kannað verði gaumgæfilega hvort ekki sé unnt að koma við hliðstæðri námsskipan á 2. og e. t. v. 3. ári og hér hefur verið gerð tillaga um fyrir 1. ár.

Nefndin telur hins vegar ekki raunhæft, á þessu stigi, að gera tillögu um skiptingu kennslustunda milli námsgreina á 2., 3. eða 4. ári þar eð þarfir einstakra námsbrauta eru ekki ljósar og ákvörðun í þessu efni kallar á ítarlega athugun og samstarf margra aðila.

NÁMSKRÁRGERÐ

Núverandi námskrár skólanna eru í mörgu ófullkomnar. Oft er aðeins um að ræða bókaskrár og er þá gjarnan tilgreint hvaða kafla bókanna skuli lesa. Markmið náms og kennslu í mörgum greinum eru óljós eða hafa aldrei verið sett fram, ábendingar um kennslu og kennsluaðferðir eru af skornum skammti og lítið tillit er tekið til mismunandi áhugamála og námsgetu nemenda, námskröfur ekki skilgreindar, leiðir milli námsbrauta lokaðar og fleira má nefna. Þó skal þess getið að í einstaka skólum hefur verið gert verulegt átak í þessum efnum á síðustu árum.

Einn veigamesti þátturinn í endurskipulagningu framhaldsskólastigsins er gerð samræmdrar námskrár fyrir allt stigið. Auk þess sem þarf að skilgreina hlutverk einstakra námsbrauta þarf að skipta öllu námsefninu, bæði í bóklegum og verklegum greinum, niður í hæfilega stóra áfanga og skilgreina markmið þeirra og innihald. Verkið er mjög mismunandi eftir greinum, sumar eru kenndar á öllum fjórum árum framhaldsskólans og á mörgum brautum, en aðrar eru aðeins kenndar á einni önn og á einni námsbraut.

Næsta stig þessa verks verður að taka saman og prófa námsefni á grundvelli námskránna, semja kennsluleiðbeiningar og taka saman ábendingar um námsmat og kennsluaðstöðu. Örðugt er að gera sér grein fyrir umfangi verksins á þessu stigi. Í sumum greinum þarf að semja námsefnið, í öðrum er mikill efniviður til og í enn öðrum er unnt að hafa verulegan stuðning af erlendum kennslubókum og jafnvel nota þær óbreyttar. Verkið er í heild bæði mannfrekt og tímafrekt. Náin samvinna þeirra sem hlut eiga að máli og skipulögð vinnubrögð eru mikilvægar forsendur fyrir mótun og uppbyggingu framhaldsskólans. Hvernig til tekst með þetta sker úr um það hvort unnt verður að koma á raunhæfum endurbótum á framhaldsskólastiginu.

---

[1]) **Með samfélagsgreinum er átt við samtíma félagsfræði og valda kafla úr sögu og landafræði.**

Að undanförnu hefur verið unnið að samningu námskrár og námsefnis fyrir grunnskóla og er það verk komið vel á veg. Þá hefur um nokkurt skeið verið unnið að námskrárgerð fyrir vissa þætti á sviði iðnfræðslu. Dýrmæt reynsla hefur þannig fengist af framkvæmd og skipulagningu slíkra verka sem kemur til með að nýtast við endurskoðun framhaldsskólastigsins.

Nauðsynlegt verður að gera nákvæma framkvæmdaáætlun og fá hana samþykkta þannig að unnt verði að vinna verkið óslitið. Þá þarf einnig að útvega starfskrafta og vinnuaðstöðu auk þess sem tryggja þarf útgáfu þeirra kennslugagna sem unnin verða.

KENNSLUSKIPAN

Þeim markmiðum sem felast í tillögum nefndarinnar verður ekki náð nema starfshættir og hlutverk skólanna breytist frá því sem nú er. Þessar breytingar koma fram sem afleiðing af breyttu námsefni og breyttu skipulagi kennslu auk þess sem störf skólanna verða samræmd. Hlutverk sumra skóla breytist vafalaust mikið, en annarra lítið ef nokkuð.

Algengasta kennsluskipan hér á landi hefur verið hin hefðbundna bekkjaskipan, þar sem sett er upp ákveðin námsáætlun fyrir hvern bekk fyrir sig án tillits til þeirra einstaklinga sem sitja í bekknum. Sömu kröfur eru gerðar til allra og öllum gert að tileinka sér sama námsefnið á sama tíma. Afleiðing þessa hefur verið sú, að nemandi sem ekki hefur náð fullnægjandi árangri á lokaprófi bekkjarins verður annað hvort að hætta námi eða setjast aftur í bekkinn. Algengt er að nemendur sem ná ekki árangri í einni grein verði af þeim sökum eingöngu að endurtaka bekkinn enda þótt árangur í öðrum greinum sé fullnægjandi. Á síðustu árum hefur nokkuð verið reynt að bæta úr þessu t. d. með því að leyfa nemendum að endurtaka próf í einstökum greinum.

Á síðari árum hefur svonefnt áfangakerfi rutt sér til rúms. Kostir þess kerfis eru ýmsir. M. a. getur nemandi, sem nær ekki tilskildum árangri í einni grein, haldið áfram með eðlilegum hætti í öðrum greinum. Þá hafa nemendur nokkurt svigrúm um val greina og í hvaða röð þær eru teknar, auk þess sem þeir geta að nokkru leyti ráðið námshraða sínum. Hér er verulega komið til móts við mismunandi þarfir og námsgetu einstakra nemenda. Þetta hvorutveggja veldur því m. a. að afstaða margra nemenda til námsins verður jákvæðari en ella.

Hins vegar er á þessu sá annmarki, að þessu verður ekki við komið að marki, nema nemendahópurinn, sem að baki stendur, sé nokkuð stór, annars verður kennslukostnaðurinn hlutfallslega mikill.

Skoðanir manna á þessari tilhögun eru nokkuð skiptar og hefur m. a. verið bent á félagsleg vandamál sem geta komið upp, þegar bekkjarheildirnar rofna. Þessari skipan mun ekki vera beitt á Norðurlöndum nema þá í mjög litlum mæli.

Þá má einnig nefna að töflugerð í skólum með áfangakerfi svo og stjórnun verður mun flóknari en ella og ekki leyst með viðunandi hætti nema unnt sé að koma við tölvuvinnslu að mestu eða öllu leyti. Þetta er atriði sem nefndin telur tímabært að verði athugað.

Til þess að unnt verði að koma því grundvallaratriði til framkvæmda að gera starf skólanna sveigjanlegt með tilliti til þarfa nemenda verður nauðsynlegt að losa um núverandi bekkjarkerfi.

Nefndin telur að unnt sé að finna skipulagsform sem verði millistig milli hins hefðbundna bekkjarkerfis og áfangakerfisins sem hentar minni skólum og leyfir nauðsynlegan sveigjanleika í námi. T. d. er hugsanlegt, að nemendur sem falla í einni grein, t. d. stærðfræði í 1. bekk, geti sest í 2. bekk í öllum greinum nema stærðfræði en sótt tíma í henni í 1. bekk. Í bekkjardeildinni verður þá að jafnaði ákveðinn hópur nemenda, sem sækir reglulega tíma í öllum greinum, en að auki koma inn nemendur sem leggja stund á einstakar greinar í þessari deild.

Til þess að þetta sé unnt þarf að stilla saman töflur einstakra bekkjardeilda og er hér fyrst og fremst um að ræða tæknilegt vandamál sem þarf að finna lausn á.

NÁMSMAT

Mat á vinnu og námsárangri er mikilvægur þáttur alls skólastarfs. Æskilegt er að matið nái til sem flestra þátta er varða nám og kennslu t. d. framfara, ástundunar, þekkingar hans á námsefninu, starfshæfni o. fl. við lok áfanga.

Námsmat er vandasamt og um það eru skiptar skoðanir. Oft er spurt, „Hvað á að meta og hvernig"?

Hlutverk skólans er m. a. að laða fram alla bestu hæfileika nemandans, skapa skilyrði fyrir eðlilegan þroska hans og ennfremur að búa nemandann undir líf og starf í þjóðfélagi, sem gerir kröfur um tiltekna leikni og þekkingu til ákveðinna starfa.

Með tilliti til þeirra aðferða við námsmat sem nú eru þekktar er örðugt að samrýma þessa tvo þætti. Auk þess getur of mikil áhersla á síðari þáttinn í kennslu orðið til þess að hinum fyrri verði alls ekki sinnt.

Leikni og þekkingu í tilteknu námsefni er tiltölulega auðvelt að mæla, en það á ekki við um þroskun hæfileika. Þegar um er að ræða sérhæft nám á framhaldsskólastigi, er eðlilegt að aðaláherslan sé lögð á leikni og þekkingu, en þó má ekki gleyma hinum þættinum. Virðist því eðlilegt, að námsmatið sé tvíþætt með tilliti til þessara tveggja þátta og vitnisburðir gefnir samkvæmt því.

Hlutverk námsmats í skólastarfinu er m. a. að veita nemandanum upplýsingar um stöðu sína og skólanum upplýsingar um hvernig skólastarfið gengur.

Próf með hefðbundnum hætti verða væntanlega áfram verulegur þáttur í námsmatinu en nefndin telur nauðsynlegt að kannað verði hvort ekki sé unnt að draga úr prófum og leitað eftir öðrum og betri aðferðum til þess að meta kunnáttu nemenda.

Nefndin mælir gegn því að samræmd próf verði ríkur þáttur í námsmati á framhaldsskólastigi.

Nefndin telur að samræmd námskrá, samfara almennum leiðbeiningum um kennslu og námsmat, tryggi það mikla samræmingu að ekki þurfi að beita samræmdum prófum nema í smáum stíl. Í flestum tilvikum ættu einstakir skólar að geta metið árangur nemenda sinna á raunhæfari hátt heldur en unnt er með samræmdu prófi. Samræmd próf leggja ennfremur vissar hömlur á skólastarfið og stuðla að því að steypa skólana í sama mótið, sem er andstætt hugmyndinni um aukinn sveigjanleika í námi og starfi.

Samræmd próf eiga þó rétt á sér í vissum tilvikum t. d. við skilgreind námslok eða þegar stórir hópar nemenda taka próf í grein eða greinum sem veita tiltekin réttindi.

Nefndin leggur til að sami einkunnastigi verði notaður á öllu framhaldsskólastiginu.

INNTAKA NEMENDA Í FRAMHALDSSKÓLA

Nefndin miðar tillögur sínar við, að allir nemendur sem ljúka námi úr grunnskóla eigi kost á námi í framhaldsskóla, án tillits til valgreina sem þeir hafa tekið, í samræmi við ákveðnar reglur þar um.

Nefndin telur rétt að settar verði reglur um lágmarksárangur sem nemendur þurfa að ná í einstökum greinum við lok grunnskóla til þess að geta hafið reglulegt nám í framhaldsskóla. Í þessu sambandi kemur til athugunar hvort þetta lágmark, og eins greinarnar sem miðað er við, eigi að vera mismunandi eftir námsbrautum.

Nefndin lítur svo á, að námsráðgjöf eigi að vera ríkur þáttur í starfi framhaldsskóla. Er hér átt við hverskonar leiðbeiningar og upplýsingamiðlun um námsleiðir til nemenda og aðstandenda þeirra svo og sérfræðilega ráðgjöf varðandi persónubundin vandamál við námsval eða námserfiðleika. Fyrrnefndi þátturinn getur að einhverju leyti verið í höndum skólastjóra og kennara en hinn síðarnefndi verður að vera í höndum sérmenntaðra manna, a. m. k. í flestum tilvikum.

Þessa ráðgjöf má skilgreina nánar sem hér greinir:

1. Upplýsingaöflun og miðlun
   a) um hæfni og gengi nemenda í námi,
   b) um námsframboð og námslok,
   c) um félagslíf,
   d) um störf og starfskröfur í einstökum greinum atvinnulífsins,
2. ráðleggingar til nemenda, foreldra, kennara og skólastjórnar,
3. greining á geðrænum eða félagslegum vandamálum og síðar úrlausnir eða meðhöndlun þeirra.

Við inntöku nemenda í framhaldsskóla og val þeirra á námsbraut telur nefndin að beita eigi bæði reglum um lágmarksárangur og ráðgjöf. Æskilegast er, að síðarnefndu aðferðinni verði meira beitt, ekki síst ef unnt verður að koma því við að kennarar annist þann þáttinn.

Gera þarf sérstakar ráðstafanir vegna nemenda sem fullnægja ekki lágmarksskilyrðum til inngöngu á þá námsbraut sem þeir óska eftir að stunda nám á. Um nokkra kosti er að ræða og verður hér bent á tvo þeirra.

1) Settar verði upp sérstakar deildir fyrir þessa nemendur í tengslum við framhaldsskóla. Lögð verði sérstök áhersla á undirstöðugreinar, einkum þær sem nemandinn er slakastur í, án þess þó að um verði að ræða endurtekningu á námi í grunnskóla. Vikulegur kennslutími í þessum deildum getur verið eitthvað styttri en í reglulegu námi, þar eð námsgreinar verða væntanlega færri, og nauðsynlegt er að gefa nemendum gott tækifæri til að tileinka sér undirstöðuatriði hverrar námsgreinar vegna væntanlegs framhaldsnáms. Námstími í þessum deildum gæti verið 1—2 annir eftir atvikum.
2) Umræddum nemendum verði heimiluð innganga á þær brautir sem þeir óska til reynslu og gert að taka aðeins hluta þess náms sem þar er boðið upp á. Er þá miðað við aðalgreinar námsbrautarinnar. Ef þeir ná tilskildum árangri við lok fyrstu eða annarrar annar verði þeim heimilað að halda áfram námi sem reglulegir nemendur. Hugsanlegt er að samhliða þessu undirbúningsnámi geti nemendur tekið námsáfanga sem teljast hluti af skilgreindu námi brautarinnar.

Þá leggur nefndin til að þeir, sem orðnir eru fullra 20 ára, geti hafið nám í framhaldsskóla á hvaða braut sem er án sérstakra inntökuskilyrða.

MENNTUN FULLORÐINNA OG MENNTUN UTAN SKÓLA

Nefndin telur að komist sú skipan á, sem felst í meðfylgjandi tillögum, verði að verulegu leyti unnt að leysa skipulagsþátt fullorðinsfræðslunnar innan kerfisins og er þetta einn af kostum þess. Sama gildir um aðra sem ekki eiga þess kost að sækja skóla reglulega af einhverjum ástæðum.

Fullorðnir ættu að geta tekið einstaka námsáfanga, þó að þeir geti ekki stundað nám reglulega, og byggt á þann hátt upp nám sitt hvort sem þeir stefna að því að ljúka námi í einni tiltekinni grein eða öðlast ákveðin réttindi.

Enda þótt þessu fólki henti ekki hinn reglulegi starfstími skólanna má nýta námskrá framhaldsskólans í þessu skyni til kennslu í kvöldskóla, á námskeiðum, í bréfaskóla, í útvarpi o. s. frv. Einnig ætti að gefa þeim sem afla sér þekkingar og hæfni með slíkum hætti kost á að staðreyna stöðu sína og fá hana viðurkennda með því að gangast undir próf í framhaldsskólanum.

MENNTUN KENNARA

Námsframboð fyrir kennara á framhaldsskólastigi hefur til þessa verið takmarkað. Ekki hefur verið um að ræða markvisst nám á þessu sviði nema það sem Háskóli Íslands hefur boðið upp á bæði til sérhæfingar í einstökum bóklegum grein-

um sem og uppeldis- og kennslufræði. Þetta nám var einkum ætlað fyrir kennara á gagnfræðastigi, en þróunin hefur orðið sú að þeir sem hafa lokið þessu námi í seinni tíð og lagt fyrir sig kennslu hafa flestir horfið til starfa í menntaskólum eða í öðrum framhaldsskólum þar sem ekki hefur verið völ á öðrum með meiri menntun. Allmargir kennarar hafa þó aflað sér menntunar erlendis.

Að því er varðar verkmenntun og annað sérhæft nám hafa menn með fagmenntun og starfsreynslu annast kennsluna. Hins vegar hafa þeir margir hverjir ekki hlotið sérstaka þjálfun til kennslustarfa.

Vel menntaðir og hæfir kennarar eru driffjöðrin í heilbrigðu og skilvirku skólastarfi. Það verður því að teljast brýn nauðsyn að skipuleggja menntun kennara fyrir hinar margvíslegu námsbrautir í framhaldsskólanum. Hver kennari þarf að hafa næga faglega þekkingu til að bera, auk þess sem hann þarf að hafa hlotið sérmenntun til kennslustarfs. Í frumvarpi til nýrra laga um Kennaraháskóla Íslands er gert ráð fyrir að þar verði aðstaða til að veita menntun í uppeldis- og kennslufræði fyrir kennara á framhaldsskólastiginu öllu. Ýmsir sérskólar eða stofnanir hafa hins vegar möguleika til að veita nægilega fagþekkingu til kennslustarfs a. m. k. á vissum sviðum og e. t. v. með einhverjum breytingum á námsframboði. Með því að tengja með skipulegum hætti starfsemi þeirra stofnana, sem hér eiga hlut að máli, ætti að vera mögulegt að bæta nokkuð úr þeim kennaraskorti sem nú gætir á framhaldsskólastigi. Þó er ljóst að ekki verður hjá því komist að nokkur hluti kennaranna afli sér menntunar erlendis, enda er það í mörgu tilliti æskilegt.

STAÐSETNING NÁMSBRAUTA

Nemendafjöldi í einstökum deildum eða námshópum hlýtur að vera mjög mismunandi, t. d. ef litið er á bóklegar greinar annars vegar og verklegar greinar hins vegar. Í bóklegum greinum má gera ráð fyrir að nemendur í einstökum hópum geti orðið margir en í verklegum greinum mun færri. Nemendafjöldi í einstökum skólum ræður hér miklu um, ásamt því hvað námsframboð er fjölþætt, en þetta hefur mikil áhrif á hagkvæmni í rekstri skóla.

Þarfir einstakra starfsgreina eða námsbrauta eru, að því er varðar kennslu og aðstöðu, mjög mismunandi og koma ekki fyllilega í ljós fyrr en gerð námskrár er lokið. Endanleg ákvörðun um fjölda nemendastunda og fjölda kennarastunda, sem ætla þarf til kennslu, er ekki unnt að taka fyrr en drög að námskrá liggja fyrir og hafa verið reynd í framkvæmd.

Í þessu sambandi verður að taka afstöðu til þess hvort kennsla og þjálfun í verklegum greinum eigi að fara fram í skóla eða hjá atvinnufyrirtækjum og þá að hve miklu leyti. Á undanförnum árum hafa margir hallast að því, að verklega kennslu bæri að færa sem mest inn í skólana, þar eð með því móti fengist trygging fyrir markvissri kennslu, og að á þann hátt yrði öllum þáttum námsins nægilega sinnt jafnframt því sem skemmri tíma þyrfti til námsins. Ýmis rök hníga þó í þá átt að hér sé eðlilegt að fara milliveg a. m. k. í mörgum greinum. Reynsla annarra þjóða er sú að uppbygging verknámsaðstöðu innan skóla er dýr og rekstrarkostnaður og kostnaður vegna endurnýjunar tækjabúnaðar mikill. Vegna hins mikla kostnaðar er sú hætta fyrir hendi, að verknámsaðstaðan verði ekki endurnýjuð eins oft og nauðsynlegt er með þeim afleiðingum að hætt er við, að skólar rofni úr tengslum við atvinnulífið og fylgist ekki með þróun í verklegum greinum. Það gæti því reynst hagkvæmara, að séð verði fyrir verknámsaðstöðu hjá atvinnufyrirtækjum með einhverjum tilstyrk frá því opinbera, auk þess sem námið ætti að geta orðið raunhæfara með því móti. Nauðsynlegt er að nám og þjálfun á vinnustöðum verði undir eftirliti viðkomandi skóla.

Hér hefur verið vikið að mjög mikilvægum atriðum sem verður að skoða frá fleiri en einni hlið. Annars vegar er um að ræða kennslufræðilegar forsendur og óskir manna um að dreifa náminu sem mest milli skóla og annarra menntastofnana

m. a. í þeim tilgangi, að nemendur geti stundað námið í heimahéraði sem lengst. Hins vegar kostnaðurinn við skólahaldið með dreifingu skólanna um landið og smækkun rekstrareininga.

Í kafla hér á eftir (bls. 427) eru settar fram tölur um nemendafjölda í einstökum fræðsluumdæmum og ábendingar um hvar mismunandi framhaldsnám gæti farið fram. Tillögur þessar gætu orðið umræðugrundvöllur um skipan náms á framhaldsskólastaði. Nefndin setur ekki fram ákveðna tillögu um þetta efni þar sem hún telur eðlilegt að þær verði ræddar og um þær fjallað af heimamönnum og þeim, sem fara með yfirstjórn fræðslumála í héruðum, og ákvörðun síðan tekin í samráði við menntamálaráðuneytið.

STJÓRNUNARAÐILD OG KOSTNAÐARHLUTDEILD

Verkefnaskipting ríkis og sveitarfélaga hefur mjög verið til umfjöllunar síðustu ár, nokkrar breytingar gerðar og yfir stendur heildarendurskoðun á þessum málefnum. Ljóst er að framhaldsskólahald og kostnaður við það hlýtur að verða eitt af viðfangsefnum þeirrar endurskoðunar og ráðast í meginstefnu af niðurstöðum hennar. Af þessu leiðir að forsendur fyrir kostnaðarákvæðum eru ekki fyrir hendi með þeim hætti sem æskilegastur væri. Engu að síður verður ekki hjá því komist að ákveða í lögum um framhaldsskóla það fyrirkomulag í þessum efnum sem gilda skal þar til ákveðin yrði breyting innan heildarramma nýrrar verkefnaskiptingar. Tillögur þær sem í frumvarpinu felast eru samdar með hliðsjón af þeim umræðum, sem fram hafa farið um þessi mál. Þær meginforsendur sem lagðar eru til grundvallar eru eftirfarandi:

a) Sömu reglur gildi um allt skólahald á framhaldsskólastigi að því er varðar skiptingu kostnaðar og stjórnunaraðild,
b) stjórnunaraðild og kostnaðarhlutdeild fylgist að,
c) skipan fjármála og stjórnunar stuðli að hagkvæmni í skipulagi og framkvæmd og jafnvægi í skólaþjónustu í hinum ýmsu byggðarlögum.
d) fjármálasamskipti ríkis og sveitarfélaga verði sem einföldust.

Ekki þarf að rökstyðja sérstaklega þá reglu, sem fram kemur í staflið a. Engar raunhæfar ástæður eru fyrir þeim mismun, sem nú er fyrir hendi. Það skipulag náms sem nefndin gerir tillögur um og felur í sér, að námsbrautir og verkefni skóla skarast og tengjast með ýmsum hætti, er óframkvæmanlegt, ef ekki verður breyting á núverandi kostnaðarákvæðum.

Um samræmingu á stjórnunaraðild og kostnaðarhlutdeild þarf ekki að fjölyrða. Augljóst er að það kann ekki góðri lukku að stýra þegar einn aðili tekur ákvarðanir, en annar stendur ábyrgur fyrir framkvæmd þeirra og kostnaðarlegum afleiðingum. Hins vegar er nauðsynlegt að samvinna fleiri aðila valdi ekki óþarflega flóknum fjármálasamskiptum.

Með því sem segir í staflið c hér að framan er átt við nauðsyn þess, að ákvarðanir um hvort koma skuli á eða halda uppi skólaþjónustu styðjist við mat á þeim kostum sem fyrir eru og kostnaði við þá.

Hér verður reynt að gera grein fyrir möguleikum varðandi kostnaðarskiptingu og meta þá með tilliti til framangreindra atriða.

Í fyrsta lagi kemur til álita að ríkið kosti alfarið allt framhaldsnám og stjórnun öll ætti því að vera í höndum ríkisins. Á þessu fyrirkomulagi eru mjög verulegir annmarkar. Skólahald er fyrst og fremst þjónusta við íbúa landsins og er með frumvarpinu að því stefnt að þessa þjónustu verði hægt að veita sem víðast en ekki einungis á fáum stöðum. Um leið og stefnt er að þessu marki, er eðlilegt að gera ráð fyrir aðild og ábyrgð þeirra sem þjónustunnar njóta, á mótun hennar og framkvæmd. Þá skal og bent á, að jafnvel án formlegrar aðildar að stjórnun er óhjákvæmilegt að heimaaðilar hafi áhrif á þær ákvarðanir, sem í þessum efnum verða teknar.

Hætt er við að þessi áhrif leiti sér þá farvegs í ábyrgðarlitlum þrýstingi og knýi fram ákvarðanir án hlutlægs mats á aðstæðum.

Einnig skiptir það máli í þessu sambandi, að tillögurnar gera ráð fyrir, að víða, einkum út um land, verði framhaldsnám rekið í tengslum við grunnskóla. Ekki getur það talist æskilegt að blanda saman starfsemi sem að hluta til er undir stjórn sveitarfélaga en að öðru leyti undir stjórn ríkisins og kostað að öllu leyti af því.

Í öðru lagi kemur til greina að framhaldsskólahald verði sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga með aðild beggja að kostnaði og stjórnun. Með því fyrirkomulagi má sneiða hjá stærstu ókostum einhliða ríkisrekstrar, en upp koma vandamál, m. a. að því er varðar tilhögun á aðild sveitarfélaga og samskiptum þeirra í milli. Aðild sveitarfélaga er í meginatriðum hugsanleg með tvennum hætti, annaðhvort sem frjáls aðild eða lögbundin. Frjáls aðild byggist á því að sveitarfélög reki framhaldsskóla með ríkinu ein sér eða fleiri saman á grundvelli innbyrðis samkomulags. Dæmi eru þess að slík samvinna hafi komist á, sbr. Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Lögbundin aðild myndi hins vegar skylda öll sveitarfélög til þátttöku og jafnframt yrði í lögum að kveða á um meginatriði í samskiptum þeirra.

Í höfuðatriðum miðast tillögur frumvarpsins við, að rekstur framhaldsskóla verði sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga með þeim hætti að um tvö fyrstu ár hans gildi sömu ákvæði og um grunnskóla, en að ríkið beri allan kostnað af námi umfram þessi tvö ár.

Fyrirkomulag þetta virðist koma vel heim við þau meginatriði sem tilgreind eru hér að framan og hefur einnig þann kost, eins og á stendur í málefnum verkefnaskiptingar, að það breytir ekki þegar á heildina er litið verulega þeirri kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem nú er fyrir hendi. Er nánari grein gerð fyrir því á öðrum stað í greinargerðinni, sjá bls. 427.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir margháttuðum tengslum framhaldsskólans við umhverfi sitt, atvinnulíf og sveitarfélög og aðild þeirra aðila að mótun hans og stjórnun, og eru kostnaðarákvæðin í samræmi við þá meginstefnu. Til frekari rökstuðnings þeirri stefnu að sveitarfélög eigi aðild að rekstri og stjórnun framhaldsskóla skulu eftirfarandi atriði tilgreind.

I. Skólahald vegna framhaldsnáms að loknum grunnskóla er þegar orðin umfangsmikil þjónusta sem miklu skiptir ekki aðeins fyrir þjóðarheildina heldur og sérhvert byggðarlag í menningarlegu, fjárhagslegu og atvinnulegu tilliti. Ætla má að 5-6% af íbúum hvers byggðarlags muni að jafnaði stunda framhaldsskólanám samtímis. Framhaldsskólanám er þegar orðið það almennt að það snertir um eitthvert skeið flestar fjölskyldur beint vegna þátttöku eins eða fleiri úr fjölskyldunni og mótar því m. a. viðhorf einstaklinganna til búsetu og mat þeirra á umhverfi sínu. Jafnframt er það eitt þeirra málefna sem ættu að vera að einhverju leyti umfjöllunarefni þeirra stjórnunareininga, þ. e. sveitarstjórna, sem fara með mál er varða byggð og búsetu innan þess ramma sem settur er af samfélagsheildinni.

II. Stjórnunarleg áhrif sveitarfélaga felast í því að þau taka eða móta ákvarðanir sem hafa margháttaðar afleiðingar, m. a. fjárhagslegs eðlis. Eðlilegt er því að stjórnunaraðild og ábyrgð fari saman, og er erfitt að gera sér í hugarlund að saman geti farið annars vegar virk þátttaka sveitarfélaga eða samtaka þeirra í stjórn og skipan framhaldsskólans og hins vegar alger ríkisrekstur skólastofnana.

III. Skólastarfsemi hefur ekki og mun ekki takmarkast við kennsluna eina í þröngum skilningi. Í skjóli hennar hefur vaxið og dafnað ýmiss konar starfsemi menningarlegs og félagslegs eðlis sem oft er nátengd umhverfinu og styrkt eða rekin af sveitarfélögunum. Á síðari árum hefur sú skoðun orðið æ útbreiddari að tengja og treysta beri bönd milli skólans og umhverfisins og efla samskipti og samvinnu þar á milli. Slík samvinna hefur ekki aðeins menningarlegt og félagslegt gildi heldur einnig hagrænt, þar sem hún gefur kost á að nýta betur þá

aðstöðu og fjármuni sem til ráðstöfunar eru. Má til dæmis nefna fræðslu fullorðinna, störf að félagsmálum og aðstöðu fyrir félagsstarf, íþróttaiðkun, bókasöfn o. fl.

IV. Í lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir skólakerfi sem gefi kost á nokkurri dreifingu skólastarfsemi umfram það sem við verður komið í því kerfi sem byggt er upp á sérskólum. Ljóst er að þegar sleppir þéttbýlinu við Faxaflóa og stærstu þéttbýlissvæðum annars staðar á landinu verða framhaldsskólaeiningar þessar svo smáar að þær geta ekki verið sjálfstæðar stofnanir en verða að starfa í nánum tengslum við grunnskólann og nýta sameiginlega með honum kennslukrafta og húsnæði. Í slíkum tilfellum er ekkert unnið með aðskilinni rekstraraðild milli grunnskóla og framhaldsskóla og einfaldast að hið sama gildi um hvort tveggja. Þó lagafrumvarpið feli ekki í sér ákvæði um skipan náms á einstakar stofnanir, gefur það ákveðnar forsendur bæði varðandi innra skipulag náms og rekstraraðild sem ásamt ytri aðstæðum svo sem búsetu og landsháttum munu ákveða skólaskipanina. Þó mun framhaldsskólastarf geta farið fram í þrenns konar stofnunum:

a) Deildum fyrir framhaldsnám, sem væru stofnanalega og stjórnunarlega hluti grunnskólans. Nám í þessum deildum yrði eftir aðstæðum 1-2ja ára nám og á þeim stöðum þar sem fjöldi nemenda er annars vegar nægilegur til að haldið verði uppi byrjun framhaldsskólakennslu en hins vegar ekki nægur til þess að um verulega sérhæfingu og aðgreiningu geti orðið að ræða. Um þennan rekstur gilda sömu ákvæði og um grunnskólann.

b) Skólum sem taka nemendur, bæði á 1. og 2. ári svo og síðari árum skólans. Um rekstur þessara skóla yrði gert sérstakt samkomulag hverju sinni í samræmi við meginreglur um kostnaðarskiptingu.

c) Ætla má, sbr. einnig greinargerð um hugsanlega skólaskipan, bls. 427, að framhaldsnám verði allvíða í tengslum við grunnskóla og að slíkar skólastofnanir verði fleiri en þær sem um getur í staflið b. Ætti það fyrirkomulag, að miða aðild sveitarfélaganna við tvö fyrstu árin, því að leiða til einfaldari fjármálasamskipta ríkis og sveitarfélaga en t. d. ef ríkið kostaði eitt allt framhaldsnám.

V. Í lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir samvinnu skóla og atvinnulífs á þeim námsbrautum sem miða að undirbúningi undir tiltekin störf. Þáttur atvinnufyrirtækja yrði m. a. fólginn í því að láta í té þá starfsþjálfun og verklega kennslu sem nauðsynlegt er að sækja út fyrir skólann. Miklu skiptir því að samvinna og samstarf skólans og forráðamanna hans og atvinnufyrirtækjanna á staðnum sé gott. Yrði það samstarf varla betur tryggt með öðru en því að hafa það í höndum aðila sem næstir standa og samábyrgir eru og þekkja til allra staðhátta.

NOKKUR VERKEFNI

Verði fallist á þá stefnumörkun sem fram kemur í tillögunum þarf m. a. að vinna eftirtalin verkefni til undirbúnings breyttri skipan náms á framhaldsskólastigi.

1. Gera framkvæmdaáætlun um kerfisbreytinguna og undirbúa ákvörðun um starfssvið einstakra skóla.
   Í þessum tilgangi þarf m. a. að kanna líklega skiptingu nemenda á námssvið og námsbrautir og gera áætlun um framboð náms í einstökum landshlutum.
2. Gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun um námsskrárgerð.
3. Gera stundaskrárlíkan fyrir mismunandi tegundir skóla og áætlun um samstarf skóla og stofnana.
   Í þessu sambandi þarf að gera ráð fyrir sem bestu samspili mismunandi námsbrauta.

4. Kanna hvort breyta þurfi reglum um inntöku nemenda í Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á háskólastigi.
5. Vinna að setningu löggjafar um samræmdan framhaldsskóla og gera athugun á áhrifum kerfisbreytingar á stofn- og rekstrarkostnað á framhaldsskólastigi.

Tillögur nefndarinnar beinast fyrst og fremst að því að koma á sveigjanlegri og hagkvæmari kennsluskipan, sem leiðir til virkara skólastarfs og opnar jafnframt leið til betri nýtingar skólahúsnæðis, námsgagna og kennslukrafta.

Skólaskipanin byggist hins vegar á ákvörðunum yfirvalda, sem miðast væntanlega við að skapa sem besta námsaðstöðu fyrir alla, hvar sem þeir eru búsettir, og sem mesta hagkvæmni í rekstri menntastofnana. Þættir, sem m. a. geta haft veruleg áhrif í þessu tilliti, eru dreifing námsins milli landshluta og skóla, nýjar námsbrautir, sem ákveðið verður að stofna, og uppbygging námsaðstöðu innan skóla fyrir verklegt nám.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um afmörkun framhaldsskólastigsins er hér vísað til laga um skólakerfi, þar sem kveðið er á um skiptingu skólakerfisins í þrjú stig: skyldunámsstig, framhaldsskólastig og háskólastig. Miðað við núverandi skipan spannar framhaldsskólastigið í megindráttum fjögur námsár í skólakerfinu. Á það ber þó að leggja áherslu, að þessi tímamörk geta ekki verið föst, hvorki að því er varðar skipulagslega lengd einstakra námsbrauta né þann tíma sem það tekur einstakan námsmann að leggja að baki leiðina milli grunnskóla og háskóla. Þá er og líklegt að mörkin milli framhaldsskóla og háskóla verði smám saman öllu óskýrari en verið hefur lengst af til þessa.

Um 2. gr.

Hér ber að geta þriggja atriða sem mörkuð er afstaða til í greininni:

1. Lögð er áhersla á að allt nám á framhaldsskólastigi falli inn í samræmt skipulag, sbr. þó 2. lið hér á eftir.
2. Tekið er fram, að ákvæði greinarinnar og þar með frumvarpsins í heild miðist við nám sem kostað er af almannafé. Hvorki er æskilegt né réttmætt að leggja sérstakar skipulagskvaðir á ýmiss konar frjálst nám og fræðslustarfsemi, sem ríki eða sveitarfélög bera ekki fjárhagslega ábyrgð á, þótt þau kunni að styrkja hana að einhverju marki.
3. Gert er ráð fyrir að samheitið framhaldsskóli verði notað um námsstofnanir á framhaldsskólastigi. Hér koma að sjálfsögðu ýmsir kostir til greina, og meðal þeirra samnefna sem verið hafa í umræðu eru menntaskóli og miðskóli. Bæði þau heiti má þó telja líklegri til að valda merkingarlegum misskilningi eða ruglingi en það nafn sem hér er gerð tillaga um og kemur svo sem af sjálfu sér, miðað við lögbundið heiti skólastigsins. Hið sameiginlega tegundarheiti þarf þó ekki að vera því til fyrirstöðu að einstakar skólastofnanir beri sérstakt nafn, t. d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki.

Um 3. gr.

Hér er leitast við að tjá í sem fæstum orðum meginmarkmið framhaldsskóla og leggja áherslu á að það er spunnið af tveimur þáttum, sem hvorugur má útrýma hinum en eiga helst að vera svo samtvinnaðir, að tæpast verði milli þeirra greint. Skólanum ber að stuðla að hamingju og lífsheill einstaklingsins, og henni verður varla borgið nema hann sé til þess búinn að inna af hendi hlutverk í því samfélagi sem hann á fyrir höndum að lifa í, en framlag hans verður samfélaginu því meira virði sem hann er betur á sig kominn að alhliða þroska.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um það grundvallaratriði, að öllum sem lokið hafa námi í grunnskóla skuli standa opin leið til framhaldsnáms. Þegar rætt er um jafngilda undirstöðumenntun eru m. a. hafðir í huga þeir sem luku skólanámi áður en grunnskólalög komu til framkvæmda, sbr. og lok greinarinnar.

Þótt öllum eigi að standa til boða eitthvert nám á framhaldsskólastigi má gera ráð fyrir, að til inngöngu í tiltekna námsáfanga þurfi nemandi að fullnægja sérstökum skilyrðum til að sýna fram á að hann hafi hlotið nægan undirbúning til að tileinka sér kennsluna. Miklu skiptir, að slík skilyrði séu reist á raunhæfu mati á kröfum viðkomandi náms, þannig að valkostir nemenda séu ekki þrengdir umfram nauðsyn.

Samkvæmt lokamálsgrein greinarinnar skulu þeir sem orðnir eru 19 ára (eða verða það á árinu) undanþegnir almennum inntökuskilyrðum, svo og hugsanlegum sérkröfum fyrir einstaka námsáfanga við upphaf framhaldsskólastigsins, öðrum en þeim er varða starfsþjálfun, enda er þá gert ráð fyrir að starfsreynsla og aukinn þroski vegi á móti því sem á kann að skorta um formlega undirbúningsmenntun. Þessi meginregla ætti að stuðla að því að skipulagskostir samræmds framhaldsskóla verði nýttir til að leysa endur- og viðbótarmenntunarþörf fullorðinna, en eðlilegt er að frekari ákvæði um framkvæmd í þeim efnum verði sett í reglugerð, sbr. og V. kafla frumvarpsins.

Um 5.—8. gr.

Í þessum greinum frumvarpsins eru markaðir megindrættir í námsskipan hins samræmda framhaldsskóla. Allt nám skal fara fram innan vébanda tiltekinnar námsbrautar sem stefnir að skilgreindu marki. Skal þá miðað við undirbúning til starfa eða til áframhaldandi náms, ellegar hvort tveggja. Með þessu er að sjálfsögðu ekki dregið úr almennu menntunargildi námsins, sbr. athugasemd við 3. gr. Til grundvallar liggur skipting námsefnisins í námsáfanga, en áföngum er skipað á námsbrautir og námsbrautum á námssvið (8. gr.). Ekki þykir eðlilegt að binda í lögum, hvaða námssvið og námsbrautir skuli koma til greina. Námssviðin eru fyrst og fremst skipulagslegt hugtak sem óþarft er að skorða í löggjöf. Að því er námsbrautirnar sjálfar varðar er hæpið, að upptalning í lögum geti verið tæmandi nema stutt skeið í senn, og væri umhendis ef lagabreytingu þyrfti til í hvert skipti sem ástæða þætti til að stofna til nýrrar námsleiðar. Í fjárlagagerð gefst Alþingi hins vegar jafnan kostur á að hafa úrslitaáhrif á námsframboðið.

Skipting langra námsbrauta í styttri áfanga er mikilvægt atriði, bæði vegna mismunandi áforma nemenda um framhaldsskólanám og til að auðvelda „áfangamenntun“ í þeirri merkingu, að fólk eigi þess kost að bæta við sig námi eftir tímabil í starfi. Í ýmsum starfsgreinum hagar og þannig til, að undirbúningsþarfir eru mismunandi til starfa innan sömu greinar. Miklu skiptir að námsmarkmið hvers „brautaráfanga“ liggi ljóst fyrir, þ. e. hvaða hæfniskröfum sé miðað við að nemendur fullnægi.

Ákvæði 6. greinar eru í nánu samhengi við markmiðslýsingu 3. greinar. Með samhæfingu bóklegs og verklegs náms er átt við hvort tveggja: að námið sé eftir föngum slungið báðum þessum þáttum og að þeir fái stuðning hvor af öðrum í kennslunni. — Svigrúm frjálsra valgreina, sem um ræðir í lok greinarinnar, verður trúlega misjafnt eftir námsbrautum, en áríðandi er að það sé ætíð nokkurt.

Í 7. gr. er vikið að tveimur undirstöðuatriðum sem endurskoðun náms á framhaldsskólastigi beinist að m. a., þ. e. að tryggja að engin námsleið verði blindgata og að auðvelda samgöngur milli brauta á stiginu, en þessi markmið eru hvort öðru tengd. Ljóst er að fyrra markinu, um framhaldsleiðir af öllum brautum, verður tæplega náð án þess að reglur um inngöngu í háskólanám verði teknar til rækilegrar athugunar. Vert er þó að leggja áherslu á, að ekki er kveðið á um að sérhver námsbraut leiði þráðbeint inn í háskóla, heldur að liggja skuli fyrir hvernig áfram verði komist jafnframt því að fyrra nám nýtist eins og efni standa til.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um námskrá og námskrárgerð, sem er forsenda þess að samræmdur framhaldsskóli verði meira en nafnið tómt, svo sem bent er á í greinargerðinni hér að framan (bls. 407).

Lögð er áhersla á að haft sé samráð við þá aðila sem hlut eiga að máli. Jafngildi sambærilegra námsáfanga til viðurkenningar á mismunandi námsbrautum er nauðsynlegur liður í þeirri viðleitni að tryggja greiðar „samgöngur" milli brauta, sbr. athugasemd við 7. gr.

Um 10. gr.

Ákvæði um námsmat og skilyrði til flutnings milli námsáfanga, þ. á m. milli anna og ára, þykir eðlilegra að hafa í reglugerð en lögum. Benda má á, að aðferðir við námsmat, vitnisburðir eða einkunnir og túlkun þeirra eru mjög til umræðu og athugunar um þessar mundir í mörgum löndum og ekki er ljóst hvaða stefnu þessi mál muni taka á næstunni. Afdráttarlaus lagaákvæði um þetta efni geta hæglega orðið til þess að hamla eðlilegu skólastarfi.

Um 11. gr.

Með ákvæðum greinarinnar er stefnt að því að tryggja fötluðum og þroskaheftum ungmennum námsmöguleika á framhaldsskólastigi, hliðstætt því sem lög mæla fyrir um á grunnskólastigi. Tilhögun starfseminnar getur orðið með ýmsum hætti eftir aðstæðum. Væntanlega þætti þó æskilegt að hún færi fram innan vébanda framhaldsskólanna sjálfra eða í tengslum við þá eftir því sem framast yrði við komið en undir umsjón og með stuðningi sérhæfðra stofnana. Í sumum tilvikum gæti bréfaskóli komið að góðum notum. Vísir að starfsemi af þessu tæi er þegar fyrir hendi, m. a. á vegum Heyrnleysingjaskólans (sbr. og lög nr. 70/1978) og þeirra aðila sem annast kennslu blindra. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hvert nauðsynja- og réttlætismál það er, að þeim sem bagaðir eru af líkamsfötlun eða þroskahömlun séu búin skilyrði til að ná þeim námsmarkmiðum sem hugur þeirra og hæfileikar standa til.

Um 12. gr.

Í þessari grein, sem eins og 11. gr. er að miklum hluta nýmæli, er gert ráð fyrir að uppi verði haldið skipulegu þróunar- og leiðbeiningarstarfi á sviði framhaldsskóla, hliðstæðu því sem kveðið er á um í lögum um grunnskóla fyrir það skólastig. Þótt menntamálaráðuneytinu sé ætlað að hafa forgöngu um þessa starfsemi og bera ábyrgð á að henni sé sinnt, ber að sjálfsögðu að gera ráð fyrir, að mjög verði stuðst við frumkvæði og ábendingar þeirra sem í skólunum starfa eða starfsemi þeirra varðar öðrum fremur. Þá mun framhaldsskólaráð og aðrir þeir ráðgjafaraðilar sem um ræðir í 21. gr. koma hér mjög við sögu, sbr. athugasemd við þá grein. Með ákvæðum um að framkvæmdaáætlun skuli fylgja fjárlagatillögum ár hvert er stefnt að því, að Alþingi sé jafnan tryggð yfirsýn um framvindu og þróunarstefnu í starfi framhaldsskóla, auk þess sem slík áætlanagerð ætti að stuðla að markvísum vinnubrögðum.

Um 13. gr.

Í upphafi greinarinnar er kveðið á um þá meginreglu að framhaldsskólar skuli að jafnaði starfa í 9 mánuði ár hvert. Árlegur starfstími á einstökum námsbrautum kann þó að verða nokkuð misjafn, og sama gegnir um kennslumagn. Um þessi atriði þarf að setja skýr ákvæði, a. m. k. um efri og neðri mörk, og virðist eðlilegt að það sé gert í reglugerð.

Um 14. gr.

Í fyrra hluta greinarinnar er kveðið á um skyldu menntamálaráðuneytisins til að sjá fyrir nægum upplýsingum um það nám sem í boði er á framhaldsskólastigi á hverjum tíma, tilhögun þess og markmið. Er þá ekki síst haft í huga að slíkar upp-

lýsingar séu tiltækar unglingum sem eiga fyrir höndum að velja sér námsbraut að loknum grunnskóla. Minna má á, að ráðuneytið hefur tvö undanfarin ár gefið út fræðslubækling af þessu tæi, sem dreift hefur verið til allra nemenda í 9. bekk grunnskóla („Nám að loknum grunnskóla“ 1977 og 1978).

Seinni málsgreinin lýtur að því að stuðla að tengslum milli framhaldsskólanna og almennings, þ. á m. við aðstandendur þeirra nemenda sem hvern skóla sækja. Er skólunum ætlað nokkurt frumkvæði í þessu efni og stefnt að því að fólki gefist sem bestur kostur á að kynnast því starfi sem fram fer í skólanum og koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Örðugt er að setja bindandi reglur um tilhögun slíkra tengsla, en bent er á nokkrar leiðir sem til greina koma.

Um 15.—16. gr.

Þessar greinar eru nýr kafli í frumvarpinu, miðað við fyrri gerðir þess. Hér er fjallað um hvernig virkja megi framhaldsskólana til þátttöku í fræðslu fullorðinna, þ. e. menntun fólks sem komið er af venjulegum skólaaldri.

Í 15. gr. ræðir um menntun fullorðinna á þeim sviðum náms sem framhaldsskólunum er einkum ætlað að sinna. Auk möguleika samkvæmt 4. gr. á inngöngu í reglulegt nám án þess að fullnægt sé almennum inntökuskilyrðum laganna er hér gert ráð fyrir, að fullorðnir geti með tvennum hætti notið námsframboðs framhaldsskóla: a) Í fyrsta lagi verði unnt að heimila þeim aðgang að einstökum námsáföngum ásamt reglulegum nemendum skólans. Sá möguleiki ætti að geta komið ýmsum vel sem annaðhvort skortir menntun í einstökum greinum til að ljúka prófi á tiltekinni námsbraut eða hafa af öðrum ástæðum hug á að afla sér menntunar á afmörkuðum sviðum. b) Í annan stað megi heimila, að fullnægðum tilteknum skilyrðum, að stofna til sérstakrar kennslu fyrir fullorðna í námsefni framhaldsskóla, þannig að um tíma og tilhögun, þ. á m. námshraða, sé tekið tillit til sérstakra þarfa þeirra. Hér eru m. a. hafðar í huga „öldungadeildir“ hliðstæðar þeim sem starfræktar hafa verið við nokkra skóla á síðustu árum. Hafa þar m. a. opnast nýjar leiðir fyrir ýmsa sem stunda vilja nám jafnframt vinnu. Stofnun slíkra deilda eða námskeiða mundi m. a. koma til álita, ef óskir kæmu fram frá nægilegum fjölda fólks til að fullnægt væri skilyrðum reglugerðar um lágmarksstærð námshópa. Um greiðslu kostnaðar af þeirri kennslu sem hér um ræðir er kveðið á í 34. gr.

Ákvæðum 16. gr. er ætlað að stuðla að því, að sú aðstaða sem fyrir hendi verður í framhaldsskólum, m. a. kennsluhúsnæði og tækjabúnaður, geti komið að notum fyrir almenna fræðslustarfsemi, aðra en þá sem fellur undir meginhlutverk skólanna sjálfra. Hér er átt við ýmiss konar „frjálst“ fræðslustarf, m. a. af því tæi sem víða er stundað í námsflokkum, en einnig endurmenntun sem hentugt kann að vera að tengja framhaldsskóla. Þótt hér yrði um að tefla starfsemi sem félli utan almenns verksviðs viðkomandi framhaldsskóla og færi fram á vegum annarra aðila, er gert ráð fyrir að skólinn geti ef svo ber undir verið virkur aðili að skipulagningu og framkvæmd, að fenginni heimild ráðuneytisins í samráði við skólanefnd.

Um 17. gr.

Í greininni er bent á þrjá mismunandi kosti um tengsl námsbrauta og skólastofnana og gert ráð fyrir að tilhögun ráðist með hliðsjón af aðstæðum. Þó er ætlast til að reynt sé að hafa fleiri brautir en eina í sömu stofnun, þar sem því verður með eðlilegu móti við komið. Er þá einkum haft í huga að raunverulegir valkostir nemenda verði fleiri en ella, en einnig félagslegur ávinningur að samskiptum við nemendur af öðrum brautum, svo og betri skilyrði til hagræðingar í kennslu.

Lokaákvæði greinarinnar er mikilvægt stefnuatriði, þ. e. að í öllum landshlutum verði gefinn kostur á eins fjölbreytilegu námsframboði og unnt er, sbr. og 8. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Í því felst, að hagræðingarsjónarmið verði ekki látin einráð við ákvörðun um staðsetningu einstakra námsbrauta, heldur tekið sanngjarnt tillit til möguleika nemenda á að stunda það nám, sem hugur þeirra stendur til, án þess að þurfa að sækja til fjarlægra landshluta.

Um 18.-19. gr.

Hér er ákvörðunarvald um staðsetningu skólastofnana á framhaldsskólastigi og verksvið þeirra falið menntamálaráðuneytinu í samráði við fræðsluráð, en fræðsluráð skal leita álits skólanefnda og sveitarstjórna í fræðsluumdæminu eftir því sem við á hverju sinni. Kemur hér fram sú stefna, sem áréttuð er frekar í síðari greinum frumvarpsins, að ætla fræðsluráðum í fræðsluumdæmum samkvæmt grunnskólalögum veigamikla ábyrgð á og afskipti af málefnum framhaldsskólanna. Er það atriði nánar rætt síðar, sbr. einkum athugasemdir við 22. gr. Frumkvæði að skólahaldi mun að sjálfsögðu oft koma frá sveitarfélögum. Samkv. 18. gr. ber ráðuneytinu að hafa samráð við viðkomandi fræðsluráð áður en það tekur afstöðu til slíks erindis.

Ákvæði 18. greinar ber að skoða í samhengi við næstu grein (19. gr.), um gerð áætlana um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi. Kemur þá enn skýrar fram, að ætlast er til aðildar heimaaðila að ákvörðun um skipan þessara mála, jafnframt því að Alþingi verði tryggð nauðsynleg yfirsýn í sambandi við ákvörðun fjárveitinga.

Um 20. gr.

Eins og vikið er að í almennri greinargerð hér að framan (bls. 411) er eðlilegt að gera ráð fyrir, að verklegu námi geti verið fyrir komið með ýmsu móti, bæði innan vébanda viðkomandi framhaldsskóla og í tengslum við eða á vegum atvinnufyrirtækja og stofnana. Í þessari grein felst heimild til að nýta síðari kostinn, enda sé með samningi um það efni tryggt eðlilegt samstarf við hlutaðeigandi skóla. Undir þetta ákvæði gæti m. a. fallið námssamningur við iðnmeistara, en jafnframt er því ætlað að verða grundvöllur samstarfs skóla og atvinnulífs á ýmsum sviðum starfsmenntunar þar sem slíku skipulögðu samstarfi er nú tæpast til að dreifa.

Í 38. gr. frumvarpsins eru gerðar ráðstafanir til að núverandi ákvæði iðnfræðslulaga um réttindi og skyldur iðnnema og meistara falli ekki brott fyrr en þeim málum hefur verið tryggilega skipað í nýrri löggjöf sem taki m. a. til þeirra atriða.

Um 21. gr.

Í 1. málsgr. felst, að yfirstjórn opinberra skólastofnana á framhaldsskólastigi verði að meginreglu í höndum menntamálaráðuneytisins. Undir það ráðuneyti fellur nú þegar langmestur hluti skólakerfisins, en nokkrir sérskólar eru þó á vegum annarra ráðuneyta. Einkum er hér um að ræða nokkrar námsbrautir sem starfræktar eru í tengslum við heilbrigðisstofnanir (sjúkraliðaskóla, þroskaþjálfaskóla, lyfjatæknaskóla, röntgentæknaskóla, ljósmæðraskóla), svo og búnaðarskóla (bændaskóla og garðyrkjuskóla), auk þess sem fáeinir starfsmenntunarskólar eru reknir af ríkisstofnunum (loftskeytaskóli, póst- og símaskóli, lögregluskóli, tollskóli). Eðlilegt virðist að allar námsbrautir í samræmdum framhaldsskóla séu undir yfirumsjón sama ráðuneytis, nema veigamiklar sérástæður mæli með undantekningu. Slíkar ástæður virðast helst koma til álita í sambandi við bændaskólana sem starfa á Hólum og Hvanneyri, svo og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi. Þeir eru reknir í nánum tengslum við umfangsmikil bú, sem gegna veigamiklu hlutverki á sviði tilrauna í þágu landbúnaðarins. Er ekki óeðlilegt að telja að sá þáttur sé það þungur á metunum að viðkomandi skólastofnanir eigi fremur heima á verksviði landbúnaðarráðuneytisins en menntamálaráðuneytisins. Hins vegar verður að gera ráð fyrir, að búfræðinámsbrautir verði stofnaðar í tengslum við ýmsa framhaldsskóla landsins, og ættu þær þá að vera undir umsjón menntamálaráðuneytisins. Þá er og mikilvægt, að námið við bændaskólana verði þannig skipulagt, að það geti með eðlilegum hætti fallið inn í hið samræmda framhaldsskólakerfi, enda er svo ráð fyrir gert í lögum um búnaðarnám, sem samþykkt voru á síðasta þingi (l. nr. 55/1978).

Hinn samræmdi framhaldsskóli mun spanna námsbrautir sem varða flest svið þjóðlífsins. Af þeim sökum er nauðsynlegt að til sé ákveðinn vettvangur fyrir samráð um stefnumörkun í málefnum framhaldsskóla og um samræmda framkvæmd

þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið. Þessu hlutverki er framhaldsskólaráði, sem um ræðir í 2. málsgr., ætlað að gegna. Gert er ráð fyrir að í framhaldsskólaráði verði fulltrúar aðliggjandi skólastiga, einstakra námssviða framhaldsskólans sjálfs og aðila atvinnulífsins, Kvenfélagasambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og félagasamtaka, fulltrúar nemenda, kennara og skólastjóra, auk fulltrúa ráðuneytisins. Miðað við að námssviðin verði 8 að tölu, yrði ráðið með þessum hætti skipað 33 mönnum. Þessu fjölmenna ráði er ekki ætlað að sinna stjórnsýsluverkefnum, heldur að fjalla um meginatriði í stefnu og framkvæmd. Má ætla að hæfilegt þætti að ráðið kæmi saman í þessu skyni einu sinni til tvisvar á ári. Þess hefur orðið vart, að menn væru vantrúaðir á að samkunda af þessu tæi yrði fallin til raunverulegra áhrifa, en telja verður að ráðið ætti að geta orðið harla gagnlegur samráðsvettvangur og raunar hæpið að með góðu móti verði án verið einhverrar slíkrar ráðgjafarstofnunar sem hafi yfirsýn um málefni framhaldsskólastigsins í heild.

Í 3. og 4. málsgr. greinarinnar er fjallað um **námssviðsnefndir** og **námsbrautarnefndir**, skipan þeirra og hlutverk. Verkefni þessara aðila verða fyrst og fremst tengd inntaki náms og námstilhögun. Er þá gert ráð fyrir, að fyrir liggi námsskrá fyrir viðkomandi námsbrautir, þannig að í hlut námsbrautarnefnda komi að fylgjast með framkvæmd og eiga frumkvæði að eða fjalla um breytingar og nýmæli og stuðla með öðrum hætti að þróun náms hver á sinni braut. Námssviðsnefndir hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að gæta þess, að samræmi sé í störfum námsbrautarnefnda á viðkomandi sviði, þannig að brautirnar einangrist ekki hver frá annarri, gagnstætt því sem að er stefnt með hinum samræmda framhaldsskóla. Vert er að vekja athygli á að gert er ráð fyrir að samstæðar og nátengdar brautir geti verið saman um námsbrautarnefnd og þar með einnig um aðild að námssviðsnefnd. Ljóst er, að á fjölbreyttustu námssviðum verður allmikill fjöldi manna kvaddur til starfa í námsbrautarnefndum, en hvorki verður það talið óæskilegt út af fyrir sig né er þar um að ræða algera nýjung. Má t.d. minna á fræðslunefndir iðngreina sem gert er ráð fyrir í núgildandi iðnfræðslulögum.

Þess skal getið, að þær tillögur sem fram koma í þessari grein um skipan ráðgjafaraðila eru niðurstöður samráðs við ýmsa aðila sem fengu frumvarpið í fyrri gerð til umsagnar.

Í reglugerðarákvæðum sem gert er ráð fyrir í lok greinarinnar þarf m. a. að fjalla um tilhögun á tilnefningu fulltrúa í framhaldsskólaráð, námssviðsnefndir og námsbrautarnefndir, svo og um starfshætti þessara aðila.

Þótt ekki sé vikið að því í sjálfu frumvarpinu er í þessu sambandi rétt að leggja áherslu á, að yfirumsjón málefna hins samræmda framhaldsskóla verður veigamikið verkefni sem krefjast mun eflingar og endurskipulagningar þeirra eininga menntamálaráðuneytisins sem að því vinna.

Um 22. gr.

Það er eindregin skoðun þeirra sem frv. þetta sömdu, að æskilegt sé og eðlilegt að færa ábyrgð á námi á framhaldsskólastigi á hendur sveitarfélaga eða samstarfseininga þeirra að meira marki en nú á sér stað. Þegar frá eru taldir iðnskólar og framhaldsnám við gagnfræðaskóla hafa langflestir framhaldsskólar til skamms tíma verið alfarið á vegum ríkisins, bæði að því er varðar kostnað og stjórnun. Markverð breyting á þessu er að verða með stofnun fjölbrautaskóla á nokkrum stöðum. Má telja þá þróun eðlilega, þar sem ljóst er, að úrkostir um nám að lokinni skólaskyldu og framkvæmd þeirra mála eru nú á tímum atriði sem hverja byggð skipta miklu, jafnvel engu minna en tilhögun skyldunáms. Meðan framkvæmd öll er á vegum ríkisins er hætt við að áhugi sveitarstjórnarmanna á þessum mikilvægu málum og tækifæri til eðlilegra áhrifa á skipan þeirra verði minni en skyldi. Hins vegar er skólahaldi á framhaldsskólastigi að jafnaði þannig farið, að víðast má gera ráð fyrir, að fleiri en eitt sveitarfélag standi að skólastofnun. Virðist ekki óeðlilegt

að leggja fræðsluumdæmin átta til grundvallar, þegar ákveða skal svæðaskiptingu að því er varðar stjórn framhaldsskólamála.

Þau sjónarmið sem nú voru rakin liggja að baki ákvæðum þessarar greinar um hlut fræðsluráða, fræðslustjóra og fræðsluskrifstofa að málefnum framhaldsskóla, hliðstæðan því hlutverki sem þessum aðilum er ætlað á sviði grunnskóla samkvæmt grunnskólalögum, og er ætlast til að um þau verkefni verði nánar mælt í reglugerð. Gera má ráð fyrir, að slík aukning á verksviði hafi í för með sér þörf á eflingu fræðsluskrifstofa, en ekki virðist sjálfsögð ástæða til að breyta ákvæðum um skipan fræðsluráða af þessu tilefni, enda verður að ætla að við val manna í ráðin verði tekið tillit til breytts starfssviðs.

Í lokamálsgrein greinarinnar er fjallað um frávik frá þeirri meginreglu, að fræðsluumdæmi og framhaldsskólasvæði fari saman. Í þeim kafla almennrar greinargerðar, sem fjallar um skólaskipan (bls. 427 o. áfr.) kemur fram, að nefndin sem frumvarpið samdi hefur gert ráð fyrir slíkum frávikum í tveimur landshlutum; annars vegar á mörkum Vestfjarðaumdæmis, Vesturlandsumdæmis og Norðurlandsumdæmis vestra, en hins vegar á mörkum Reykjanesumdæmis og Reykjavíkur. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að settar verði sérstakar reglur um aðild viðkomandi sveitarfélaga að stjórnsýslu varðandi málefni framhaldsskóla.

Um 23. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að við hvern framhaldsskóla sem rekinn er sameiginlega af ríki og einu eða fleiri sveitarfélögum starfi sérstök skólanefnd. Skólastjórn viðkomandi skóla skal eiga aðild að skólanefndinni, en að öðru leyti skal hún skipuð fulltrúum sveitarfélaga sem að skólanum standa. Um kosningu þeirra fer með mismunandi hætti, eftir því hvernig aðildinni er háttað.

Í 1. mgr. er fjallað um skóla sem heilt fræðsluumdæmi á aðild að ásamt ríkinu og gert ráð fyrir að fyrir hvern slíkan skóla kjósi viðkomandi fræðsluráð skólanefnd. Til greina kæmi, að allar sveitarstjórnir í fræðsluumdæminu ættu hlut að kosningu skólanefndar í slíkum tilvikum, en sú tilhögun mundi óhjákvæmilega verða allflókin í framkvæmd. Sýnist og eðlilegt að kjörið sé falið fræðsluráði, þar sem það fjallar um skólamálefni fræðsluumdæmisins í heild í umboði sveitarfélaganna.

Ákvæði 2. og 3. mgr. fjalla um þau tilvik, er aðild að framhaldsskóla er bundin við hluta sveitarfélaga í fræðsluumdæmi eða eitt sveitarfélag. Þykir eðlilegt, að þá standi einungis hlutaðeigandi sveitarfélög að kjöri fulltrúa í skólanefnd.

Skólanefnd er m. a. ætlað að vera tengiliður milli skólans og viðkomandi sveitarfélaga. Um verksvið nefndanna og skipan skal setja nánari ákvæði í reglugerð. Minna má á, að skólanefndir að nokkru hliðstæðar þeim sem um ræðir í greininni starfa t. d. við Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík og Fjölbrautaskólann á Akranesi.

Um 24. gr.

Ákvæði tveggja fyrstu málsgreinanna, um skólastjóra og skólastjórn, eru að efni til í samræmi við þá skipan sem í gildi er t. d. í menntaskólum. Í síðustu málsgreininni er fjallað um tilvik, þar sem nám á framhaldsskólastigi er í skjóli grunnskóla að því marki, að ekki er ástæða til að stofna til sérstakrar stjórnunareiningar.

Um 25. gr.

Ákvæðin um nemendaráð eru að nokkru sniðin eftir hliðstæðum ákvæðum í lögum nr. 12/1970, um menntaskóla. Hér er það hlutverk nemendaráðanna að koma sjónarmiðum nemenda á framfæri gagnvart skólastjórn, þó markað öllu víðtækara en þar er gert.

Um 26. gr.

Greinin kveður á um að gert skuli ráð fyrir almennum kennarafundum innan framhaldsskóla, en um verksvið þeirra skal mæla í reglugerð. Það tíðkaðist nokkuð áður, að í lögum um framhaldsskólastofnanir væri gert ráð fyrir að allir fastir kennarar skólans, ásamt skólastjóra, skipuðu skólastjórn. Á síðari árum hefur fremur verið horfið að þeirri tilhögun skólastjórnar að bæði kennarar og nemendur ættu þar kjörna fulltrúa (sbr. t. d. lög nr. 12/1970, um menntaskóla). Eftir sem áður eiga almennir kennarafundir nauðsynlegu hlutverki að gegna, m. a. sem vettvangur til að fjalla um nýmæli í kennslu- og námsháttum.

Um 27. gr.

Í þessari grein eru talin meginverkefni sem rækja þarf í framhaldsskólum og miða ber við í ráðningu starfsliðs. Það verður hins vegar mjög mismunandi eftir nemendafjölda skóla, námssviðum og fjölda námsbrauta, hve mikinn mannafla þarf til að vel sé fyrir öllum nauðsynlegum starfsþáttum séð. Er gert ráð fyrir, að reglur um skipan starfa séu settar í reglugerð(um) með tilliti til mismunandi aðstæðna.

Þótt fjöldi starfsmanna og verkaskipting verði mismunandi eftir skólastofnunum, koma flestallir þeir starfsþættir, sem í frumvarpsgreininni eru taldir, við sögu í hverjum framhaldsskóla, nema hvað störf við mötuneyti og heimavistir verða bundin þeim skólum þar sem slík aðstaða er. Ástæða er til að leggja áherslu á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar í samræmdum framhaldsskóla, sbr. almenna greinargerð hér að framan (bls. 409).

Í næstsíðustu mgr. greinarinnar eru fyllri ákvæði en voru í fyrstu gerð frumvarpsins um hver háttur skuli hafður á ráðstöfun starfa í framhaldsskólum, m. a. um tillögu- og umsagnaraðila.

Meðal nýmæla er að fastir kennarar skóla veiti umsögn um umsækjendur um stöðu skólastjóra sé ekki um nýja skóla að ræða.

Um 28. gr.

Upphafsákvæði greinarinnar er miðað við, að lög hafa verið sett um kröfur sem fullnægja þarf til að verða settur eða skipaður skólastjóri eða kennari, (sbr. lög nr. 51/1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra.) Er þar m. a. að finna ákvæði um menntunarkröfur til kennara framhaldsskóla. Hér er gert ráð fyrir, að í reglugerð megi kveða á um slíkar kröfur til annarra starfsmanna, svo sem þeirra er annast ýmiss konar ráðgjafarstörf.

Í síðari málsgrein greinarinnar er mælt fyrir um, að í reglugerð verði sett ákvæði um orlof og endurmenntun starfsmanna framhaldsskóla. Er þá haft í huga að framhaldsskólakennurum verði tryggð hliðstæð aðstaða á þessu sviði og kennurum grunnskóla, og gert ráð fyrir að slík ákvæði taki einnig til annarra starfsmanna er vinna að uppeldislegum verkefnum við framhaldsskóla.

Um 29. gr.

Í grein þessari er ákveðin meginregla um skiptingu rekstrarkostnaðar framhaldsskólans milli ríkis og sveitarfélaga, sem felst í því, að hlutdeild sveitarfélaga miðist við tvö fyrstu árin og verði þá á sama grundvelli og gildir um grunnskóla en að öðru leyti kosti ríkissjóður framhaldsskólann. Er regla þessi rökstudd annars staðar í greinargerðinni, sjá bls. 413, svo og gerð grein fyrir þeim áhrifum sem hún hefur á kostnað ríkis og sveitarfélaga af rekstri framhaldsskóla, sbr. bls. 444.

Um 30. gr.

Hér eru tilgreindir þeir kostnaðarliðir sem ríkissjóður greiðir í þeim hluta framhaldsskólans, sem sveitarfélög eiga einnig kostnaðaraðild að. Eru þeir í samræmi við sömu meginatriði í lögum um grunnskóla.

Framlög ríkissjóðs til hinna ýmsu starfa eru ekki bundin á sama hátt og í

grunnskólanum. Ástæðan er sú að þessi vettvangur er það fjölbreytilegur eftir eðli náms að ekki eru tök á að gera honum að fullu skil í lögum, en gert er ráð fyrir að ítarlegri ákvæði verði sett í reglugerð.

Þá er í greininni gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði viðhaldskostnað að hálfu í þeim hluta framhaldsskólans sem sveitarfélög eru aðilar að og er það hliðstætt því sem gilti um grunnskóla allt til ársins 1975 er því var breytt.

Ennfremur er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði stofnkostnað að fullu.

Um 31. gr.

Skv. greininni er sveitarfélögum skylt að eiga rekstraraðild að framhaldsskóla.

Gert er ráð fyrir að í hverju fræðsluumdæmi verði stofnaður sjóður, framhaldsskólasjóður, og skal sá kostnaður sem kemur í hlut einstakra sveitarfélaga greiddur úr honum. Framlög til sjóðsins skulu greidd úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga og tekin af framlagi hans til viðkomandi sveitarfélags.

Meginreglan er sú að öll sveitarfélög hvers fræðsluumdæmis verði ásamt ríkinu rekstraraðilar að framhaldsskólum í umdæminu.

Einstök sveitarfélög geta þó sameinast um rekstur framhaldsskóla ef menntamálaráðuneytið samþykkir og greiða þau þá ekki framlag til framhaldsskólasjóðs.

Um 32. gr.

Ekki er gert ráð fyrir að unnt verði eða hagkvæmt að hafa allt framhaldsnám í þeim skólastofnunum, sem reknar eru með aðild sveitarfélaga skv. ákvæðum 31. gr. Á það einkum við um mjög sérhæft nám, sem oft byrjar ekki fyrr en lokið er eins til tveggja ára almennum undirbúningi. Er þá haft í huga nám eins og vélstjóranám, stýrimannanám, hjúkrunarnám, búfræðinám o. fl., þó einkum síðari hluti þessara námsbrauta sem kallar á mjög sérhæfða aðstöðu. Gert er ráð fyrir að skólar fyrir nám af þessu tæi geti verið reknir af ríkinu og eins þó þeir taki einnig til nemenda á 1. og 2. ári þessara námsbrauta. Ekkert mælir þó á móti því að sveitarfélög verði meðrekstraraðilar ef þau óska þess.

Um 33. gr.

Greinin kveður á um að stjórn framhaldsskólasjóðs skuli vera í höndum viðkomandi fræðsluráðs. Í greininni er einnig kveðið á um helstu verkefni sjóðsstjórnar.

Um 34. gr.

Hér er fjallað um kostnað af námskeiðum sem efnt er til utan reglulegs skólastarfs. Þar sem slík starfsemi er á ýmsan hátt frábrugðin hinu reglubundna starfi skólans og oft hliðstæð starfsemi sem fram fer í námsflokkum þykir rétt að um hana gildi sérstök kostnaðarákvæði.

Er hér gert ráð fyrir að kostnaður við námskeiðin, annar en kostnaður vegna húsnæðis, skiptist jafnt milli ríkis, sveitarfélaga og nemenda, þó þannig að kostnaður nemenda fari ekki yfir tiltekið hámark sem ákveðið skal í reglugerð. Þó verði afnot af húsnæði með venjulegum rekstrarkostnaði þess lögð til af rekstraraðilum skólans.

Þó að um sé að ræða námsáfanga sem einnig koma fyrir í reglulegu starfi skólans er sýnt af þeirri reynslu sem fengist hefur af starfsemi svokallaðra öldungadeilda, að í mörgum tilfellum er ekki um það að ræða að nemendur stefni að því að ljúka námi og ná þeim markmiðum og réttindum sem námslokum fylgja, heldur er hér um að ræða ástundun hugðarefna, hliðstætt og í frjálsu námskeiðahaldi á vegum ýmissa aðila. Þótt slíkt nám sé í sjálfu sér góðra gjalda vert er þó varla ástæða til að um kostnað af því gildi hið sama og um það nám sem ríki og sveitarfélögum er skylt að halda uppi.

Um 35. gr.

Megininntak þessarar greinar er að ríkissjóður greiði sinn hluta kostnaðar jafnóðum og hann fellur til en ekki árlega eftir á eins og verið hefur hingað til að því er varðar annan kostnað en kennslulaun.

Um 36. gr.

Grein þessi fjallar um framkvæmd kostnaðarákvæðanna. Er þar gert ráð fyrir nokkrum tíma til að undirbúa breytingarnar og koma þeim í framkvæmd. Þá er þar og slegið föstum mikilvægum atriðum að því er varðar breytingar á eignaraðild, þar sem gert er ráð fyrir að ný rekstrar- og eignaraðild komist á án þess að um verði að ræða kaup og sölu á þeim mannvirkjum, sem fyrir eru og nú eru notuð fyrir framhaldsskóla.

Hliðstæð ákvæði eða áþekk er að finna í lögum nr. 34/1962, um breytingu á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, í lögum nr. 56/1972, um lögreglumál, og í lögum nr. 56/1978, um heilbrigðisþjónustu, enda ekki eðlilegt að breyting á skyldum ríkis og sveitarfélaga til að sinna ákveðnum verkefnum leiði til uppgjörs á eignum sem ætlað er að gegna áfram sama hlutverki.

Um 37. gr.

Þess er víða getið í einstökum greinum frumvarpsins, að ætlast sé til að málum verði skipað nánar í reglugerð. Raunar er augljóst að með frumvarpinu er stefnt að rammalöggjöf um framhaldsskólastigið, en af því leiðir, að sitthvað sem nú er kveðið á um í lögum um einstakar skólagerðir eða námsstofnanir verður ekki fellt inn í slíka heildarlöggjöf. Hvorki verður þó talið nauðsynlegt né æskilegt að í framhaldi af setningu rammalaga verði sett endurskoðuð lög um einstök námssvið eða námsbrautir. Hætt er við, að slík lagasetning mundi fremur stefna í tvísýnu en stuðla að þeirri samhæfingu náms á framhaldsskólastigi sem er eitt meginatriði þessa frumvarps. Til þess er ætlast, að með ákvæðum frumvarpsins sé mörkuð nægilega skýrt sú stefna sem fylgja beri um mótun og starfsemi námsbrauta framhaldsskóla til þess að framkvæmdaatriðum megi skipa nánar með reglugerðum. Svo sem fram kemur í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir, að reglugerðir á grundvelli laganna geti ýmist tekið til ákveðinna efnisþátta er varða framhaldsskólastigið í heild eða fjallað um einstök námssvið eða námsbrautir. Dæmi um hugsanlegar reglugerðir af síðara tæinu væri reglugerð um hjúkrunarnám, reglugerð um vélstjóranám o. s. frv. Einnig kemur til greina að setja sérstaka reglugerð um tiltekna skólagerð eða einstaka skólastofnun.

Ákvæðum 2. mgr. er ætlað að tryggja að við undirbúning reglugerða verði leitað samráðs við ýmsa aðila sem eðlilegt er að láti starfshætti og rekstur framhaldsskóla til sín taka. Gera má ráð fyrir, að hver einstök reglugerð verði undirbúin af sérstökum starfshópi eða nefnd með fulltrúum þeirra aðila sem efni hennar varðar öðrum fremur, en starfshópi þeim sem um ræðir í greininni er ætlað samræmingarhlutverk eins og þar kemur fram.

Um 38. gr.

Ljóst er, að framkvæmd þeirrar nýskipunar náms á framhaldsskólastigi sem lagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir krefst umfangsmikils undirbúnings sem taka mun talsverðan tíma. Nokkur helstu verkefni sem vinna þarf eru talin í inngangskafla hinnar almennu greinargerðar hér að framan (bls. 414). Gildistökuákvæði frumvarpsins er sniðið með hliðsjón af þessu, þar sem gert er ráð fyrir að allt að fimm ár geti liðið frá samþykkt laganna þar til þau koma til fullrar framkvæmdar.

Í frumvarpsgreininni eru talin lög sem gert er ráð fyrir að falli úr gildi jafnóðum og hin nýju lög koma til framkvæmda. Er þar um að ræða flest lög sem nú eru í gildi um einstakar skólagerðir eða námsstofnanir á framhaldsskólastigi. Undantekning eru lög um búnaðarnám, nr. 55/1978, og lög um garðyrkjuskóla ríkisins, nr. 91/1936, sbr. athugasemd við 21. gr. Orkað getur tvímælis hvort ástæða sé til að fella úr gildi lög um Leiklistarskóla Íslands, með hliðsjón af því að verksvið hans sé án beinna skipulagstengsla við nám á framhaldsskólastigi eins og nú háttar. Á hinn bóginn kann það jafnframt að vera röksemd fyrir því að taka ákvæðin um skólann til endurskoðunar í þessu samhengi. Þótt laga nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, sé ekki getið í upptalningunni, er ljóst að endurskoðun á þeim yrði að óbreyttu nauðsynleg í framhaldi af setningu laga um samræmdan framhaldsskóla, en endurskoðun laganna um Tækniskólann fer nú fram í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögunum sjálfum. Þá er og rétt að vekja athygli á, að áður en ný heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið kemur til framkvæmda þarf að fara fram endurskoðun á ýmsum lögum þar sem ákvæði um atvinnuréttindi eru bundin námi samkvæmt núverandi skipan, sbr. t. d. lög nr. 69/1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að við afnám núgildandi laga um iðnfræðslu verði áfram í gildi ákvæði þeirra laga um löggildingu iðngreina og iðnmeistara og um réttindi og skyldur aðila að námssamningum iðnnema, eða þar til ný löggjöf hefur verið sett um þau efni, sbr. og athugasemd við 20. gr.

Til þess að girða fyrir óvissu um stöðu skólastofnana og námsbrauta meðan ný lög eru að komast til framkvæmda er niðurfelling fyrri laga samkvæmt frumvarpsgreininni bundin því í hverju tilviki, að sett hafi verið reglugerðarákvæði um tilsvarandi námsbraut(ir) á grundvelli hinnar nýju löggjafar, að höfðu samráði við Alþingi.

Þótt þannig sé ekki gert ráð fyrir að lögin komi að öllu til framkvæmda í einu vetfangi þarf að vera unnt að hefjast þegar í stað handa um aðgerðir er miði að því að koma á hinni nýju samræmdu skipan. Er því gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið fái umboð til að heimila einstökum skólum frávik frá tilteknum ákvæðum gildandi laga, ef um er að ræða ráðstafanir sem samrýmast meginstefnu hinnar nýju löggjafar.

Í lokamálsgrein greinarinnar er ákvæði um árlega skýrslugjöf menntamálaráðherra til Alþingis um það starf sem unnið er til að koma löggjöfinni í framkvæmd, þ. á m. um undirbúning reglugerða. Með þeim hætti gefst Alþingi kostur á að tjá vilja sinn um mótun framkvæmdarinnar, jafnóðum og henni vindur fram.

Um 39. gr.

Mjög hefur verið um það rætt á undanförnum árum að nauðsyn beri til að bæta og efla aðstöðu verkmenntunar í landinu. Í þessari grein frumvarpsins, sem er ákvæði til bráðabirgða, er gert ráð fyrir að sérstakt átak á þessu sviði verði forgangsverkefni við undirbúning að framkvæmd löggjafar um samræmdan framhaldsskóla.

VIÐAUKI

Hugmyndir um skólaskipan.
Fjármál framhaldsskólans.

Kafli þessi er óbreyttur að mestu frá greinargerð með frumvarpinu eins og það var lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.

Sjá nánar um það í niðurlagi kaflans.

UM SKÓLASKIPAN, NEMENDAFJÖLDA OG VERKEFNI EINSTAKRA SKÓLASTAÐA

Nokkur almenn atriði.

Hér á eftir verður reynt að gefa nokkra hugmynd um líklegan nemendafjölda í framhaldsskólum og hugsanlega skiptingu hans á skólastaði. Það skal tekið fram að forsendur þær sem byggt er á eru ekki nægilega kannaðar og því ekki um að ræða nákvæmar tölur hvorki í heild né á einstökum stöðum eða námsbrautum. Þrátt fyrir það ætti þetta yfirlit að gefa allgóða mynd af þeim möguleikum sem kerfið gefur að því er varðar skipulag í framkvæmd og jafnframt stuðla að því að unnt sé að gera sér grein fyrir stöðu og þróunarhorfum einstakra skóla og skólastaða.

Eins og getið er um hér að framan, þar sem drepið er á verkefni einstakra skóla, mun kostnaður af framkvæmd skólahalds ráðast í veigamestu atriðum af skipulagi námsins og er þar bent á þætti svo sem stærð námshópa og nýtingu á húsnæði og búnaði einkum til kennslu og þjálfunar í verklegum greinum. Nauðsynlegt er að settar verði reglur til viðmiðunar um þessi atriði til þess að tryggja hagkvæma framkvæmd en slíkar reglur hljóta að byggjast á ítarlegri könnun.

Ber því að taka eftirfarandi hugmyndir um fjölda nemenda og skiptingu hans á skólastaði með fyrirvara um síðari breytingar, þegar fyllri upplýsingar liggja fyrir.

Áður en vikið er að nemendafjölda skal bent á nokkur atriði sem hafa verður í huga.

a) **Tengsl við grunnskóla.**

Gert er ráð fyrir að framhaldsskóli starfi sem sjálfstæð stofnun eða í tengslum við grunnskóla eftir aðstæðum. Hið síðarnefnda á einkum við fámennari staði, þar sem vart er ráð fyrir því gerandi að um verði að ræða sérstakar stofnanir, heldur verði aðstaða og kennslukraftar nýtt sameiginlega með grunnskólanum. Framhaldsnám á þessum stöðum verður því að nokkru háð því, hvernig til tekst með uppbyggingu grunnskólans. Hér skiptir stærð skólanna verulegu máli, t. d. hvort síðustu aldursárgangar þeirra eru það fjölmennir, að þeir ásamt framhaldsnáminu geti staðið undir nægilegum fjölda sérhæfðra kennara. Hugmyndir nefndarinnar um framhaldsnám á einstökum stöðum eru í meginatriðum miðaðar við, að skólaskipan á grunnskólastigi verði sem næst með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í tillögum ráðuneytisins um skiptingu landsins í skólahverfi frá því í desember 1975. Verulegar breytingar frá þeim kunna að leiða til þess að framhaldsnám á sumum þeim stöðum, sem hér er reiknað með, reynist óraunhæft.

b) **Héraðsskólar.**

Í hugmyndum þessum er miðað við að nýtt verði sem best það húsnæði sem fyrir er til skólahalds, þ. á m. héraðsskólarnir. Ljóst er þó, að sumir þeirra eru þannig í sveit settir, að það skapar verulegan vanda að nýta aðstöðu þeirra til fullnustu, án þess að brjóta gegn skynsamlegu skipulagi að öðru leyti. Þessa gætir þegar að því er varðar suma skólana og þarf að hyggja náið að framtíðarhlutverki þeirra, þegar teknar verða ákvarðanir sem geta haft áhrif á stöðu þeirra.

Ástæður til þess vanda, sem að þessum skólum steðjar nú og kemur fram í þverrandi aðsókn, eru fyrst og fremst þær að uppbyggingu grunnskóla á vegum sveitarfélaga hefur fleygt verulega fram og taka þeir nemendur sem áður sóttu héraðsskólana án þess að nýr starfsvettvangur hafi myndast fyrir þá. Reynt hefur verið að byggja upp í skólum þessum framhaldsnám í formi framhaldsdeilda, en aðsókn hefur víðast verið takmörkuð.

Augljóst er að nýting skólanna fyrir framhaldsnám er verulegum annmörkum háð. Húsnæði flestra þeirra miðast við kennslu 5—7 bekkjardeilda og vistun 100—140 nemenda og kennara þeirra. Á eðlilegu aðdráttarsvæði skólanna, sem í flestum tilfellum má telja að sé ein eða tvær næstu sýslur, er fjöldi unglinga í aldursárgangi yfirleitt 30—40, að frátöldum unglingum á þéttbýlisstöðum þar sem ætla má að framhaldsnám verði. Skólarnir geta því rúmað 3—5 heila árganga af svæðinu. Hins vegar er óframkvæmanlegt að skólar með svo fáa nemendur í hverjum árgangi og í heild bjóði upp á þá breidd í námi og þann fjölda mismunandi námsbrauta sem ætla má að unglingarnir leiti eftir. Með því að sérhæfa skólana, þ. e. að ætla þeim kennslu á fáum námsbrautum verður að vísa hluta af nærsveitanemendum frá, en í staðinn yrðu skólarnir að leita nemenda lengra að, af svæðum annarra héraðsskóla eða frá þéttbýlisstöðum, sem rýra myndi þegar takmarkaða möguleika þar á uppbyggingu framhaldsnáms. Eins eru sérhæfingunni takmörk sett að því er varðar sérbúnað í húsnæði og sérmenntaða kennslukrafta, sem hætt er við að nýtist illa í svo fámennum stofnunum.

Annar kostur er að stækka skólana til þess að skapa rúm fyrir fjölbreyttari kennslu. Telja má þá leið útilokaða þar sem hún fær því aðeins staðist, að ekki verði byggt upp framhaldsnám á þéttbýlisstöðum landsbyggðarinnar, en nemendum þaðan vísað í héraðsskólana. Auk þess að ganga þvert á þá stefnu að gera nemendum kleift að sækja skóla frá heimilum eins lengi og við verður komið, yrði þessi kostur dýrari en flestir aðrir.

Þá má og benda á að hæpið kann að vera að tilætlaður árangur náist með framangreindum leiðum. Reynsla undanfarandi ára sýnir að nemendur leita ekki síður á þéttbýlisstaðina til náms en í heimavistarskóla, ef þeir á annað borð þurfa að leita frá heimilum sínum.

Í eftirfarandi hugmyndum hefur því verið við það miðað, að skólar þessir verði ekki stækkaðir frá því sem nú er og að þeir gegni a. m. k. um hríð hlutverki grunnskóla og framhaldsskóla samtímis. Er gert ráð fyrir að þeir hafi 8. og 9. bekk grunnskóla fyrir ákveðið svæði og til viðbótar eina eða fleiri deildir á framhaldsskólastigi, þ. e. á fyrsta og öðru ári þess, þar sem gert er ráð fyrir að námsefni hinna ýmsu námsbrauta verði að vissu marki sameiginlegt og kennsla fámennra aldursárganga ekki eins óhagkvæm og á síðari árum skólastigsins. Verkefni hinna einstöku héraðsskóla yrðu nokkuð mismunandi eftir aðstæðum.

c) **Hússtjórnarskólar.**

Við það er miðað að rekstur hússtjórnarskóla í þeirri mynd sem hann hefur verið breytist og hússtjórnarkennslan færist í auknum mæli til annarra stofnana. Unnt ætti að vera að sameina hússtjórnarskólana öðrum skólastofnunum en sums staðar virðist þó eðlilegt, að húsnæði þeirra verði ráðstafað til annarra verkefna, t. d. á Staðarfelli, Löngumýri og Laugalandi í Eyjafirði.

d) **Bændaskólar.**

Eins og fram kemur í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir búfræðibraut í hinum samræmda framhaldsskóla, sem m. a. kæmi inn á það fræðslusvið sem nú er rækt í bændaskólunum. Hlutverk þeirra myndi því líklega breytast á þann veg, að þeir sinntu fyrst og fremst hinum síðari og sérhæfðari áföngum námsins svo og búvísindanámi. Fyrri áfanga námsins, svo og verkþjálfun, ættu nemendur að geta tekið víðar. Efamál virðist að rétt sé að fjölga bændaskólunum, eins og nú er fyrirhugað með nýjum bændaskóla á Suðurlandi. Má benda á möguleika á að koma upp búfræðinámi í Skógum, að Laugarvatni eða á Selfossi með verkkennslu og þjálfun á nálægum stöðum, þar sem aðstaða er fyrir hendi án þess mikla tilkostnaðar sem því fylgir að byggja upp skóla frá grunni.

e) **Iðnskólar.**

Gert er ráð fyrir að iðnfræðsla verði sameinuð öðru framhaldsnámi á viðkomandi stöðum. Undantekning yrði þó líklega Iðnskólinn í Reykjavík sökum stærðar hans, en hann mundi þá starfa innan samvirks skipulags með nærliggjandi skólastofnunum. Einnig má ætla, að hans hlutverk verði að hafa á boðstólum þær iðnbrautir, sem mest þurfa á sérhæfðri aðstöðu að halda, og þær sem fásóttastar eru og yrðu því ekki fyrir hendi annars staðar.

f) **Menntaskólar.**

Eins og fram kemur í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að almennt bóknámssvið framhaldsskólans svari í stórum dráttum til menntaskólanáms eins og það er nú, þ. e. á því sviði verði námsbrautir sem ekki veita starfsréttindi eða undirbúning undir ákveðin störf, en miðast fyrst og fremst við undirbúning undir áframhaldandi nám. Að þessu leyti getur starfssvið núverandi menntaskóla haldist að mestu óbreytt, þar sem ekki kemur annað til sem kann að hafa áhrif á það.

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði, munu þó líklega hafa nokkur áhrif á starfsgrundvöll menntaskólanna. Í stað þess, að menntaskólarnir eru nú svo til einu námsbrautirnar sem leiða til háskólanáms, er gert ráð fyrir að því marki verði einnig náð af öðrum námsbrautum með þeirri viðbót námsáfanga sem nauðsynlegir verða taldir. Einnig er gert ráð fyrir að unnt verði að dreifa almennu bóknámi meira en gert hefur verið, einkum fyrstu áföngum þess. Þetta tvennt ætti annars vegar að leiða til þess, að eftirspurn eftir námi í sérstökum menntaskólum minnki, og hins vegar að breyta eftirspurninni á þann veg að færri leiti eftir fyrstu áföngum almenns bóknáms í menntaskólum en síðari áföngunum. Það gæti því í vaxandi mæli orðið hlutverk núverandi menntaskóla að taka við nemendum sem lokið hafa fyrstu áföngum almenns bóknáms á öðrum námsbrautum eða í minni skólum og sjá þeim fyrir þeim námsáföngum sem þá skortir til að hefja nám á háskólastigi.

Ekki er þó gert ráð fyrir að hið sama geti gilt um alla núverandi menntaskóla. Líklegt er að framangreint geti átt við menntaskólana í Reykjavík og Menntaskólann á Akureyri með skipulegri verkefnaskiptingu milli þeirra og annarra skólastofnana á þessum stöðum. Eðlilegt virðist að á Ísafirði verði sameinað í eina stofnun allt framhaldsskólanám þar og á Egilsstöðum verði sömuleiðis skólastofnun með breiðara starfssviði en almennu bóknámi. Á Laugarvatni ætti að vera hægt að sameina í eina stofnun þá framhaldsskóla sem þar starfa nú, e. t. v. að Íþróttakennaraskólanum undanskildum, og nýta aðstöðu þar betur og auka námsframboðið. Með stofnun Menntaskólans í Kópavogi var stefnt að fjölbreyttara námsframboði sem orðið gæti í einni stofnun eða í samvinnu fleiri skóla.

g) **Aðrir framhaldsskólar.**

Um framtíðarskipan annarra framhaldsskóla, sem flestir miða starf sitt við þröngt sérsvið og starfsréttindi, mun fara eftir aðstæðum og hlutverki skólanna. Búast má við að dreifing námsins og áfangaskipting muni hafa þau áhrif á þróun þeirra, að þeir verði að miða starf sitt við að taka við nemendum, sem lokið hafa fyrstu áföngum námsins annars staðar, e. t. v. hlotið takmörkuð starfsréttindi. Skapar þetta þörf fyrir mjög sveigjanlegt skipulag kennslu, t. d. í formi tiltölulega stuttra námskeiða. Í sumum tilvikum kann að verða unnt að færa allt sérnámið inn í stofnanir með fjölþætt verkefni svo sem fjölbrautaskóla, þó í öðrum tilvikum verði nauðsynlegt að halda áfram með sérskóla vegna sérhæfingar námsins og til að taka við nemendum úr minni skólunum.

h) **Verknám í skólum.**

Á síðustu árum hefur verknám í skólum verið mjög til umræðu, einkum að því er iðnnám varðar, og hefur það í sumum tilvikum leyst meistarakerfið af hólmi að hluta til eða að öllu leyti. Ekki liggur þó fyrir sú reynsla af verknámi í skólum hér á landi að alhæfa megi út frá henni. Í þessu sambandi er að mörgu að hyggja og skal fátt eitt nefnt.

— Þó verknám í skóla hafi ýmsa ótvíræða kosti fram yfir meistarakerfið fylgja því annmarkar sem ekki verður litið fram hjá. Ekki er unnt, nema að nokkru leyti, að búa til í skóla þær aðstæður sem mæta nemendum á vinnustöðum og hætta er á að fram komi tilhneiging til einangrunar og stöðnunar.
— Kostnaður við verknám í skóla er mjög mikill, bæði stofn- og rekstrarkostnaður, sökum þess hve mikils þarf við í húsnæði og búnaði og hve smáar kennslueiningar þurfa að vera.
— Verknám í skóla krefst mikillar samþjöppunar, þar sem ekki verður unnt að koma upp og starfrækja þá aðstöðu sem til þarf nema á fáum stöðum á landinu. Ætla má t. d. að fyrir grunnnám í tré- eða málmiðnum þurfi um 20 000 íbúa til þess að fullnýta lágmarksaðstöðu fyrir verknám í skóla. Þegar grunnnámi sleppir og sérgreining hefst þarf enn meira til.

M. a. af framangreindum ástæðum leggur nefndin til að á þessu sviði verði tryggt svigrúm til frekari þróunar og reynslu með því, að auk framantalinna kosta verði tekin upp skipuleg samvinna skóla og atvinnufyrirtækja um menntun og þjálfun nemenda. Augljóst er að ekki gildir hið sama í þessu efni fyrir allar starfsgreinar og ekki þarf hið sama heldur að gilda fyrir alla sem leggja stund á nám með sama lokamarki. Nefndin gerir því ráð fyrir að í meginatriðum verði um tvær leiðir í iðnnámi að ræða, þ. e. leið í gegnum bóknám og verklegt grunnnám í skóla með frekari verklegri þjálfun í atvinnufyrirtækjum eða leið þar sem skólinn annist hið bóklega nám en allur verklegi þátturinn fáist hjá atvinnufyrirtækjum. Hins vegar leggur nefndin áherslu á að verknám sem fer fram utan skóla verði skipulagt af skólunum og undir eftirliti þeirra.

i) **Nýjar námsbrautir.**

Að því leyti sem tillögur nefndarinnar fela í sér nýjar námsbrautir er ekki gert ráð fyrir að stofnaðir verði sérskólar fyrir þær, en þeim verði komið upp við hlið annarra í þeim skólum sem fyrir eru. Um þær, svo og sumt annað nám sem fyrir er, kann að koma í ljós að nauðsyn sé að safna nemendum á þeim brautum saman á fáa eða jafnvel einn stað. Auk þess sem einhverjir núverandi sérskólar fengju slík hlutverk er eðlilegt, að hinir almennu skólar hafi með sér verkaskiptingu að þessu leyti.

Lausleg áætlun um nemendafjölda og skiptingu hans á námsbrautir.

Nemendafjöldi er áætlaður þannig að gert er ráð fyrir að hver aldursárgangur sé 2,1% af íbúafjölda, nema í Reykjavík 1,9%. Miðað er við íbúafjölda 1. desember 1974. Fjöldi í árgangi verður þá svipaður og verið hefur síðustu ár. Þá er gert ráð fyrir að sókn í það nám, sem hinn samræmdi framhaldsskóli nær til, verði þannig:

1. námsár sæki 85% árgangs
2. námsár sæki 70% árgangs
3. námsár sæki 55% árgangs
4. námsár sæki 30% árgangs

Ekki hefur verið áætluð skipting nemenda á hin 8 námssvið, en stuðst er við mun grófari skiptingu sem er þannig:

a) Almennt bóknám án sérstakrar starfsmenntunar.
b) Nám sem miðar að starfsmenntun í ýmsum þjónustugreinum.
c) Nám sem miðar að starfsmenntun í iðn, iðju og tæknigreinum.

Skipting nemenda eftir þessum meginsviðum og námsárum er áætluð þessi í hundraðshlutum af áætluðum árgangi:

	1. námsár	2. námsár	3. námsár	4. námsár
a) almennt bóknám	25%	20%	20%	20%
b) starfsnám í þjónustugreinum	30%	25%	15%	5%
c) starfsnám í iðn, iðju og tækni ..	30%	25%	20%	5%
Samtals	85%	70%	55%	30%

Áætlaður heildarfjöldi nemenda, sbr. töflu hér á eftir, er miðaður við þessar forsendur:

	1. námsár	2. námsár	3. námsár	4. námsár	Alls
a) almennt bóknám	1 093	874	874	874	3715
b) starfsnám í þjónustugreinum	1 311	1 093	656	219	3279
c) starfsnám í iðn, iðju og tækni ..	1 311	1 093	874	219	3497
Samtals	3 715	3 060	2 404	1 312	10 491

Hér á eftir fer yfirlit yfir hugsanlega skiptingu nemenda á skólastaði. Hefur landinu verið skipt eftir fræðsluumdæmum, með þeim frávikum að vegna samgangna er nemendum úr A-Barðastrandarsýslu ætluð samleið með nemendum af Vesturlandi, nemendum úr Strandasýslu með nemendum af Norðurlandi vestra og nemendum af Seltjarnarnesi, Mosfellshreppi, Kjalarnesi og Kjós með nemendum úr Reykjavík, og gert er ráð fyrir að á hverju svæði verði skólahald skipulagt sem ein heild, auk þess sem það falli inn í hinn almenna skipulagsramma tillagnanna.

Það skal tekið fram, að fjöldi nemenda á hverju svæði og hverjum stað er við það miðaður, að nemendur leiti eftir menntun innan svæðisins ef hún er í boði þar. Eins og reynslan sýnir er ekki hægt að treysta þessari forsendu fullkomlega af ýmsum ástæðum og gera má ráð fyrir tilfærslu nemenda á ýmsa lund.

Þar sem forsenda þess, að framhaldsnám dafni á fámennari svæðunum, er að nemendur sæki ekki burt nema möguleikar innan svæðisins séu fullnýttir, er mikilvægt að náin samvinna sé milli skóla innan hvers svæðis um skipulag náms, þannig að tryggt sé að nemendur geti flutt sig þar snurðulaust milli skóla eftir því sem viðkomandi námsbraut krefst.

Framhaldsskólasvæði, íbúafjöldi 1. des. 1974, áætluð stærð aldursárgangs 2,1% af íbúafjölda, nema á svæði F. 10 1,9%.

	Fjöldi íbúa 1.12. 1974	Áætlaður fjöldi í árg. 16—19 ára
F.1 Vesturland og A-Barðastr.s.	14 315	301
F.2 Vestfirðir nema A-Barðastr.s. og Strandasýsla	8 308	174
F.3 Norðurland vestra og Strandas.	11 269	237
F.4 Norðurland eystra	23 572	495
F.5 Austurland	11 919	250
F.6 Suðurland	18 529	389
F.7 Reykjaneskjördæmi án Seltjarnarness, Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhrepps	39 526	830
F.8 Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhreppur	89 190	1 695
	216 628	4 371

Áætluð skipting nemenda á skólastaði — framhaldsskólastig.

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár		Samtals
Svæði F.1						
Akranes	91	113	168	62	(30) F.8	434
Borgarnes	42	25				67
Reykholt	38	20				58
Stykkishólmur	54	56				110
Ólafsvík	34					34
	259	214	168	62	(30) F.8	703
Svæði F.2						
Patreksfjörður	24					24
Núpur	30					30
Ísafjörður	94	121	95	35	(17) F.8	345
	148	121	95	35	(17) F.8	399
Svæði F.3						
Reykir	48	20				68
Blönduós	42	39				81
Sauðárkrókur	74	107	130	47	(24) F.4	358
Siglufjörður	37					37
	201	166	130	47	(24) F.4	544
Svæði F.4						
Ólafsfjörður	23					23
Dalvík	37					37
Akureyri	252	257	248	149+50		906+50
Húsavík	67	72	26			165
Laugaskóli	45	20				65
	424	349	274	149+50		1 196+50
Svæði F.5						
Egilsstaðir	101	94	91	50	(13) F.4	336
Neskaupstaður	71	88	50		(13) F.4	209
Eskifjörður	19					19
Höfn	32					32
	223	182	141	50	(26) F.4	596
Svæði F.6						
Skógar	37					37
Selfoss	161	155	122	37	(24) F.8	475
Vestm.eyjar	78	64	32		(10) F.8	174
Laugarvatn	57	51	58	41	(6) F.8	207
	333	270	212	78	(40) F.8	893
Svæði F.7						
Keflavík	210	174	137	50	(24) F.8	571
Hafnarfjörður	230	208	181	66	(32) F.8	685
Garðabær	48	22				70
Kópavogur	216	177	139	51	(26) F.8	583
	704	581	457	167	(82) F.8	1 909
Svæði F.8						
Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellssveit	1 440	1 181	929	507+170		4 057+170

Tölur í svigum tákna þann fjölda nemenda sem áætlað er að fari áfram í námi, en ekki sé boðið upp á nám á viðkomandi stað. Fyrir aftan svigann er tilgreint það svæði, sem ætlað er að nemandi sæki til áframhaldandi náms, þ. e. Akureyrar eða Reykjavíkur, og kemur samtala þessara nemenda fram þar sem viðbót við nemendur af heimasvæðinu. Er hér um að ræða nemendur í mjög sérhæfðu námi svo sem tæknanámi o. fl.

Um einstök svæði.

Í sambandi við námsbrautatáknin í þeim yfirlitum sem hér fara á eftir ber að hafa í huga, einkum að því er varðar fámennari staði, að í ýmsum tilvikum getur orðið um að ræða samkennslu nemenda af mismunandi námssviðum þótt sýnd sé einungis ein tegund námsbrauta (a, b eða c).

F.1 Vesturland og A-Barðastrandarsýsla.

Gert er ráð fyrir að miðstöð svæðisins verði á Akranesi, þar sem allt framhaldsnám yrði stjórnunarlega í einni stofnun. Sameinaðir yrðu iðnskólinn og það framhaldsnám sem nú er við gagnfræðaskólann og aukið við það eftir því sem aðstæður leyfa. Auk þeirra staða, sem tilgreindir eru, myndi bændaskóli starfa á Hvanneyri. Ekki er miðað við, að húsmæðraskólarnir á Varmalandi og Staðarfelli verði nýttir sérstaklega fyrir framhaldsnám nemenda af þessu svæði. Ekki er gert ráð fyrir að framhaldsnámið verði í sérstökum stofnunum nema á Akranesi a. m. k. þegar fram í sækir. Annars staðar yrði það í tengslum við grunnskóla. Námsbrautir á einstökum stöðum eru áætlaðar þessar:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
Akranes	abc	abc	abc	a
Borgarnes	abc	b	—	—
Reykholt	ab	a	—	—
Stykkishólmur	abc	bc	—	—
Ólafsvík	bc	—	—	—

Akranes ..... Miðstöð svæðisins með 1.—3. námsár á brautum b og c og 1.—4. námsár á brautum a. Nemendur sæki að jafnaði til Akraness þegar möguleika þrýtur annars staðar á svæðinu. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	27	42	62	62
b)	32	27	45	—
c)	32	44	61	—

Borgarnes ..... Nemendur úr kauptúninu og nágrenni og uppsveitum á brautum c. 1. árs nám á brautum a og c. 1.—2. árs nám á brautum b. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár
a)	10	—
b)	12	25
c)	20	—

Reykholt ..... Nemendur úr uppsveitum Borgarfjarðar, Dölum og Snæfellsnesi að hluta. 1. og 2. árs nám á brautum a og 1. árs nám á brautum b. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár
a)	20	20
b)	18	—

Stykkishólmur ..... Nemendur úr kauptúninu, Snæfellsnesi og Dölum að hluta. 1. árs nám á brautum a. 1.—2. árs nám á brautum b og c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár
a)	20	—
b)	12	24
c)	22	32

Ólafsvík ..... Nemendur úr kauptúnum á Snæfellsnesi öðrum en Stykkishólmi. 1. árs nám á brautum b og c. Skipting nemenda:

	1. ár
b)	17
c)	17

F.2 Vestfirðir að undanskildum A-Barðastrandarsýslu og Strandasýslu.

Gert er ráð fyrir að miðstöð svæðisins verði á Ísafirði þar sem sameinaðir yrðu í eina stofnun menntaskóli, iðnskóli og húsmæðraskóli, sem einnig tæki við því námi ofan grunnskóla, sem nú er við gagnfræðaskóla á staðnum, svo og þeirri viðbót, sem til gæti komið. Á Patreksfirði yrði framhaldsnámið tengt grunnskólanum og skólinn á Núpi myndi einnig vera með grunnskóladeildir. Námsbrautir á hverjum stað fyrir sig eru áætlaðar þessar:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
Ísafjörður	abc	abc	abc	a
Patreksfjörður	bc	—	—	—
Núpur	ab	—	—	—

Ísafjörður ..... Miðstöð svæðisins með 1.—3. árs nám á brautum b og c og 1.—4. árs nám á brautum a. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	25	35	35	35
b)	29	43	26	—
c)	40	43	34	—

Patreksfjörður ..... Nemendur úr V-Barðastrandarsýslu. 1. árs nám á brautum b og c. Skipting nemenda:

	1. ár
b)	12
c)	12

Núpur ..... Nemendur úr V-Ísafjarðarsýslu og V-Barðastrandarsýslu. 1. árs nám á brautum a og b. Skipting nemenda:

	1. ár
a)	19
b)	11

F.3 Norðurland vestra og Strandasýsla.

Gert er ráð fyrir að miðstöð svæðisins verði á Sauðárkróki, þar sem framhaldsnám yrði í einni stofnun, sem a. m. k. um sinn yrði í tengslum við grunnskóla. Sami háttur yrði hafður annars staðar á svæðinu. Miðað er við að Húsmæðraskólinn á Löngumýri verði lagður niður, en sú stofnun sem annast mundi allt framhaldsnám á Blönduósi tæki við verkefnum og húsnæði kvennaskólans þar. Gert er ráð fyrir að Bændaskólinn á Hólum starfi áfram en í ýmsum greinum ætti sam-

vinna við framhaldsskólann á Sauðárkróki að vera möguleg. Námsbrautir á hverjum stað fyrir sig eru áætlaðar þessar:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
Sauðárkrókur	abc	abc	abc	a
Reykjaskóli	abc	a	—	—
Blönduós	abc	bc	—	—
Siglufjörður	abc	—	—	—

Sauðárkrókur ..... Miðstöð svæðisins með 1.—3. árs nám á brautum b og c og 1.—4. árs nám á brautum a. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	22	27	47	47
b)	26	40	35	—
c)	26	40	48	—

Reykjaskóli ..... Nemendur úr Strandasýslu og V-Húnavatnssýslu. 1. árs nám á brautum a, b og c og 2. árs nám á brautum a. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár
a)	14	20
b)	17	—
c)	17	—

Blönduós ..... Nemendur úr A-Húnavatnssýslu og að hluta úr V-Húnavatnssýslu og Strandasýslu. 1. árs nám á brautum a og 1.—2. árs nám á brautum b og c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár
a)	12	—
b)	15	19
c)	15	20

Siglufjörður ..... Nemendur úr kaupstaðnum. 1. árs nám á brautum a, b og c. Skipting nemenda:

	1. ár
a)	11
b)	13
c)	13

F.4 Norðurland eystra.

Miðstöð svæðisins yrði Akureyri. Auk þess er gert ráð fyrir, að þangað sæki nemendur af Norðurlandi vestra og Austurlandi, sem ekki fá á þeim svæðum lokið mjög sérhæfðu námi. Gera má ráð fyrir að framhaldsskólastofnanir á Akureyri yrðu tvær. Annars vegar menntaskólinn, sem annast myndi áfram almennar bóknámsbrautir, og hins vegar ný stofnun fyrir aðrar brautir sem til kæmu við sameiningu alls annars framhaldsskólanáms á staðnum.

Í kaupstöðunum Ólafsfirði og Dalvík er þrátt fyrir fáa nemendur gert ráð fyrir eins árs framhaldsnámi m. t. t. þess að nemendur geti sótt nám frá heimilum sínum. Á Húsavík og Laugum er gert ráð fyrir námsaðstöðu fyrir nemendur úr Þingeyjarsýslum, sem í sumum tilvikum lykju síðan námi sínu á Akureyri. Í öllum kaupstöðum yrði framhaldsnámið tengt grunnskólunum og á Laugum er gert ráð fyrir sameiningu héraðsskólans og húsmæðraskólans. Námsbrautir á hverjum stað fyrir sig eru áætlaðar þessar:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
Akureyri	abc	abc	abc	abc
Ólafsfjörður	abc	—	—	—
Dalvík	abc	—	—	—
Húsavík	abc	abc	c	—
Laugar	ab	b	—	—

Akureyri ..... Miðstöð svæðisins og að auki safnstaður fyrir Norður- og Austurland. 1.—4. árs nám á brautum a, b og c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	74	73	100	100
b)	89	92	74	50
c)	89	92	74	50

Ólafsfjörður ..... Nemendur úr kaupstaðnum. 1. árs nám á brautum a, b og c. Skipting nemenda:

	1. ár
a)	6
b)	8
c)	9

Dalvík ..... Nemendur úr kaupstaðnum og nágrenni. 1. árs nám á brautum a, b og c. Skipting nemenda:

	1. ár
a)	11
b)	13
c)	13

Húsavík ..... Nemendur úr kaupstaðnum, S- og N-Þingeyjarsýslum. 1.—2. árs nám á brautum a og b. 3. árs nám á brautum c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár
a)	13	27	—
b)	15	12	—
c)	39	33	26

Laugaskóli ..... Nemendur úr S- og N-Þingeyjarsýslum. 1. árs nám á brautum a og b. 2. árs nám á brautum b. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár
a)	21	—
b)	24	20

F.5 Austurland.

Gert er ráð fyrir að miðstöð svæðisins verði á Egilsstöðum en aðalstöðvar iðn- og tæknibrauta verði í Neskaupstað, þar sem iðnskóli og annað framhaldsnám yrði sameinað og rekið í tengslum við efri hluta grunnskólans. Þá er gert ráð fyrir framhaldsnámi við grunnskólana á Eskifirði og á Höfn í Hornafirði. Námsbrautir á hverjum stað um sig eru áætlaðar þessar:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
Egilsstaðir	abc	ab	ab	a
Neskaupstaður	abc	bc	c	—
Eskifjörður	ab	—	—	—
Höfn	abc	—	—	—

Egilsstaðir ..... Miðstöð svæðisins. 1.—4. árs nám á brautum a. 1.—3. árs nám á brautum b. 1. árs nám á brautum c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	35	50	50	50
b)	42	44	41	—
c)	24	—	—	—

Neskaupstaður ..... Nemendur úr kaupstaðnum og af öllu svæðinu á sviði c. 1.—3. árs nám á brautum c. 1.—2. árs nám á brautum b. 1. árs nám á brautum a. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár
a)	9	—	—
b)	21	25	—
c)	41	63	50

Eskifjörður ..... Nemendur úr kaupstaðnum og frá Reyðarfirði. 1. árs nám á brautum a og b. Skipting nemenda:

	1. ár
a)	9
b)	10

Höfn ..... Nemendur úr A-Skaftafellssýslu. 1 árs nám á brautum a, b og c. Skipting nemenda:

	1. ár
a)	10
b)	11
c)	11

F.6 Suðurland.

Gert er ráð fyrir að miðstöð svæðisins verði á Selfossi, þar sem sameinað yrði í einni stofnun iðnskóli og það framhaldsnám sem nú er við gagnfræðaskólann þar. Yrði námið fyrst um sinn rekið í tengslum við gagnfræðaskólann en í sérstakri stofnun þegar fram í sækir og fjöldi nemenda vex. Í Vestmannaeyjum er gert ráð fyrir námi sem miðast fyrst og fremst við nemendur úr kaupstaðnum.

Á Laugarvatni er miðað við að menntaskóli, héraðsskóli og húsmæðraskóli verði sameinaðir í eina stofnun sem annaðist allt framhaldsnám á staðnum, að frátöldu námi íþróttakennara, sbr. bls. 429.

Þá er gert ráð fyrir að í Skógum verði námsaðstaða fyrir nemendur úr V-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu á fyrsta ári framhaldsskólans á brautum a og b.

Auk framangreindra skóla er á þessu svæði Garðyrkjuskólinn á Reykjum í Ölfusi, sem sérstöðu hefur vegna mjög sérhæfðra verkefna.

Námsbrautir á hverjum stað um sig eru áætlaðar þessar:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
Selfoss	abc	abc	abc	a
Skógar	ab	—	—	—
Vestmannaeyjar	abc	abc	bc	—
Laugarvatn	abc	ab	ab	a

Selfoss ..... Miðstöð svæðisins. 1.—4. árs nám á brautum a. 1.—3. árs nám á brautum b og c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	38	37	37	37
b)	46	44	26	—
c)	77	74	59	—

Skógaskóli ..... Nemendur úr V-Skaftafellssýslu og hluta Rangárvallasýslu. 1. árs nám á brautum a og b. Skipting nemenda:

	1. ár
a)	17
b)	20

Vestmannaeyjar .... Nemendur úr kaupstaðnum. 1.—2. árs nám á brautum a. 1.—3. árs nám á brautum b og c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár
a)	23	18	—
b)	27	23	14
c)	28	23	18

Laugarvatn ..... Nemendur úr uppsveitum Árnessýslu og víðar af Suðurlandi. 1.—4. árs nám á brautum a. 1.—3. árs nám á brautum b og 1. árs nám á brautum c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	20	23	44	41
b)	24	28	17	—
c)	13	—	—	—

F.7 Reykjanesumdæmi að undanskildu Seltjarnarnesi, Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhreppi.

Keflavík ..... Nemendur af Suðurnesjum. 1.—4. árs nám á brautum a. 1.—3. árs nám á brautum b og c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	62	50	50	50
b)	74	62	37	—
c)	74	62	50	—

Hafnarfjörður ..... Nemendur úr Hafnarfirði, Garðabæ og Bessastaðahreppi. 1.—4. árs nám á brautum a. 1.—3. árs nám á brautum b. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	60	66	66	66
b)	72	60	49	—
c)	98	82	66	—

Garðabær ..... Nemendur úr kaupstaðnum og Bessastaðahreppi. 1. og 2. árs nám á brautum b og 1. árs nám á brautum a. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár
a)	22	—
b)	26	22

Kópavogur ..... Nemendur úr kaupstaðnum. 1.—4. árs nám á brautum a. 1.—3. árs nám á brautum b og c. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	64	51	51	51
b)	76	63	38	—
c)	76	63	50	—

F.8 Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhreppur.

Reykjavík ..... 1.—4. árs nám á öllum brautum. Skipting nemenda:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár
a)	424	339	339	339
b)	508	421	253	169
c)	508	421	337	169

FJÁRMÁL FRAMHALDSSKÓLANS, KOSTNAÐARÁHRIF OG SKIPTING KOSTNAÐAR MILLI RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA

Kostnaðaráhrif

Hér á eftir verður leitast við að varpa nokkru ljósi á helstu kostnaðarvalda og kostnaðaráhrif frumvarpsins miðað við það sem nú er. Í þessari umsögn er ekki unnt að leggja nákvæmt mat á þann kostnað, sem lög byggð á frumvarpinu geta haft í för með sér. Þar sem frumvarpið er fyrst og fremst rammi nýrrar námsskipunar, en tekur ekki afstöðu til ýmissa framkvæmdaatriða, sem áhrif hafa á kostnað, er valin sú leið að drepa á þá þætti sem kostnaði valda, og ályktа almennt um hugsanlega þróun þeirra. Þá er og gerð grein fyrir kostnaði við framhaldsnám eins og hann kemur fram í reikningum ársins 1976.

Til glöggvunar skulu taldir upp helstu kostnaðarvaldar frumvarpsins áður en sérstaklega er rætt um hvern þeirra um sig.

Rekstrarkostnaður:

Fjöldi ungmenna og námsþátttaka.
Námsbrautir.
Kennslufyrirkomulag.
Verknámskennsla.
Heimanakstur eða vistun nemenda.
Námsþátttaka fullorðinna.
Námsskrárgerð og útgáfa námsbóka.
Menntun og endurmenntun kennara.
Framhaldsskólaráð.
Námssviðsnefndir.
Fræðsluskrifstofur.

Stofnkostnaður:

Nýting heildarhúsnæðis bæði vegna kennslu og heimavistar.
Nýjar námsbrautir.
Verknámsstofur eða stofnanir.

Fjöldi ungmenna, þátttaka í námi og skipting á námsbrautir

Meðalfjöldi barna í aldursárgangi er skv. þjóðskrá 1975 sem hér greinir:

Fæðingarár	Meðalfjöldi
1955-59	4 448
1960-64	4 587
1965-69	4 308
1970-74	4 265

Eins og tölur þessar sýna er ekki að vænta fjölgunar á nemendum er stafi af auknum fjölda ungmenna á skólaaldri næstu 15-20 ár. Ef breyting verður á fjölda nemenda mun hún stafa af breyttu skipulagi náms, svo sem breytingum á lengd

námsbrauta eða því að hlutfallsleg skólasókn breytist. Einnig kann skipting nemenda á námsbrautir að taka breytingum og getur það haft áhrif á kostnað.

Í samræmdum framhaldsskóla má gera ráð fyrir breyttum námstíma á ýmsum brautum. Í flestum þeim tilfellum ætti námstími að styttast nokkuð. Mestra áhrifa á kostnað er að vænta af því, að 4. bekkur gagnfræðastigs hefur nú verið felldur niður. Ætti því hluti nemenda að ná námslokum fyrr en verið hefði að óbreyttri skipan. Óvíst er þó, að stytting þessi skili sér að fullu, þar sem ekki er enn ljóst, hvort námstafir af öðrum orsökum muni vega þar á móti. Þá er gert ráð fyrir að iðnnám styttist að árafjölda og geti lokið á 2-3 árum í stað 3-4 ára nú. Þar á móti kemur, að gert er ráð fyrir meiri kennslu þau ár sem námið stendur yfir. Þá er gert ráð fyrir, að einstaka námsbrautir lengist nokkuð og nýjar verði teknar upp. Hinar nýju brautir munu þó ekki valda verulegri fjölgun þar sem sókn í þær kemur væntanlega frá öðrum námsbrautum sem fyrir eru.

Skólaárið 1976/77 voru nemendur í framhaldsnámi eftir 9. bekk grunnskóla um 12 300 talsins og skiptust þannig eftir tegund skóla:

Menntaskólar og menntadeildir	3607 eða	29 %
Fjölbrautaskólar	1016 eða	8.5%
Gagnfræða- og framhaldsdeildir	2755 eða	22 %
Skólar á iðn- og tæknisviði	3205 eða	26 %
Skólar fyrir heilbrigðis- og uppeldisstéttir	689 eða	6 %
Húsmæðraskólar	139 eða	1 %
Búnaðarskólar	127 eða	1 %
Verslunarskólar	774 eða	6.5%
Samtals	12 312 eða	100%

Eftir fræðsluumdæmum var skiptingin þessi:

Reykjavík	7261 eða	59%
Reykjanes	1702 eða	14%
Vesturland	547 eða	5%
Vestfirðir	387 eða	3%
Norðurland vestra	289 eða	2%
Norðurland eystra	1156 eða	9%
Austurland	179 eða	1%
Suðurland	791 eða	7%
Samtals	12 312 eða	100%

Með hliðsjón af heildarfjölda nemenda nú, er vart að vænta verulegra breytinga að því er varðar hlutfallslega þátttöku í námi. Hins vegar kann kerfisbrevtingin að leiða til þess að nemendur velji nú aðrar námsbrautir en verið hefur. Ætla má að aukning verði í ýmsu starfsbundnu námi á kostnað almenns bóknáms. Slík breyting mun leiða til aukins kostnaðar að því marki sem starfsnámsbrautir eru dýrari, m. a. vegna færri nemenda í námshópum og verklegrar kennslu. Hins vegar eru þær brautir að jafnaði styttri, þó mun það varla vega upp hinn þáttinn að því er kostnað varðar.

Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir, að skólasókn verði að jafnaði 60% af aldursárgangi í fjögur ár að loknum grunnskóla. Svarar það til þess, að hvert ungmenni stundi nám í 2.4 ár ef allir eru taldir eða um 2.8 ár ef miðað er við þau 85% árgangs, sem reiknað er með að hefji nám. Fjöldi nemenda samkvæmt þessu yrði rúmlega 10 000. Í sambærilegu námi nú eru rúmlega 12 000 nemendur eða 20% fleiri en áætlað er. Mismunurinn kann að stafa af því að í greinargerðinni sé skólasókn vanáætluð eða námstími of naumt skammtaður. Hluta mismunarins má

þó rekja til þess, að 4. bekkur gagnfræðastigs hefur verið felldur niður og til styttingar á iðnnámi.

Að því er varðar fjölda nemenda virðist mega draga þá ályktun að um nokkra fækkun og e. t. v. verulega fækkun geti orðið að ræða, sem að öðru jöfnu ætti að hafa í för með sér minni kostnað.

Kennslufyrirkomulag

Kennslulaun eru langstærsti hluti af rekstrarkostnaði skóla eða 70-80% hans. Heildarkostnaður við framhaldsskólann ræðst því fyrst og fremst af því hversu til tekst með skipulag kennslunnar þ. e. hvort kennslueiningarnar verða margar og smáar eða ekki. Það kerfi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, býður óneitanlega upp á það að deila nemendum í tiltölulega smáa hópa, bæði af námsefnislegum ástæðum vegna fjölda mismunandi brauta og vegna þeirrar tilhneigingar, sem er og vafalaust verður fyrir hendi, að dreifa námi sem mest og hafa það sem víðast í boði. Hins vegar má benda á að samræming framhaldsskólans felur einnig í sér aukna möguleika til samkennslu og þar með aukinnar hagkvæmni.

Á síðustu árum hefur meðalfjöldi nemenda í kennslueiningum lækkað nokkuð. Kemur þetta ekki síst fram í skólum með svokallað áfangakerfi. Ástæðurnar virðast helst vera þær, að ekki hefur enn tekist að þróa þær aðferðir við skipulagninguna, sem tryggt geti hagkvæmni og að þessir skólar hafa e. t. v. um of lagt kapp á að auka breidd námsframboðs innan sinna veggja án tillits til möguleika á hagkvæmara heildarskipulagi sem t. d. fengist með því að skipta verkefnum milli skóla.

Á móti dýrari kennslu og meiri stjórnunarkostnaði í þessum skólum vegur, að gera má ráð fyrir, eftir þeirri reynslu sem fengist hefur, að námstími nemenda verði að jafnaði styttri og heildarfjöldi nemenda á hverjum tíma því minni en ella hefði verið.

Í lagafrumvarpinu er ekki kveðið á um kennsluskipulag að þessu leyti. Þó námsefnið sé skipulagt í áföngum bindur það ekki skipulag kennslunnar, sem getur eftir aðstæðum verið í bekkjarkerfi eða áfangakerfi í þeirri merkingu að nemendur hafi nokkuð frjálsar hendur um röðun námsáfanga. Í minni skólaeiningum virðist óhjákvæmilegt að leggja bekkjarkerfi til grundvallar. Hafin er fjárhagsleg og kennslufræðileg athugun á skólum með mismunandi starfshætti að þessu leyti og ætti hún að gefa vísbendingar um nauðsynlegar aðgerðir.

Ljóst er að í þessum efnum er þörf á fullri aðgát og aðhaldi, og þarf hið fyrsta að setja reglugerðarákvæði er tryggi nægilega hagkvæmni í skólahaldinu, sbr. 30. gr.

Í lagafrumvarpinu er gert ráð fyrir aukinni áherslu á verkmenntun og m. a. að verknámsskólar leysi af hólmi meistarakerfið að nokkru leyti, en jafnframt gert ráð fyrir að önnur tilhögun verkkennslu verði reynd. Verknámsskólar hafa verið að ryðja sér til rúms á síðustu árum. Þar sem þessi kennsla kemur í stað náms, sem áður fór fram í atvinnulífinu án verulegs kostnaðar fyrir opinbera aðila, er hér um nýjan kostnaðarlið að ræða. Ef miðað er við, að 20% af árgangi fari í eins árs verknámsskóla þar sem námið skiptist að jöfnu milli verknáms og bóknáms verður þörf fyrir u. þ. b. 70 kennsluhópa á landinu. Hver eining þarf u. þ. b. ¾ af starfi kennara eða alls um 50 störf. Er þá ótalinn annar rekstrarkostnaður. Þar sem kennsla í þessu formi er mjög kostnaðarsöm, bæði í stofnkostnaði og rekstri, er nauðsynlegt að huga vel að skipulagi hennar. Virðist t. d. einsýnt að ekki verði þörf á, né hagkvæmt að byggja upp verknámsskóla nema á fáum stöðum. Að því er grunnnám í stærstu iðngreinaflokkunum, tréiðnum og málmiðnum varðar kemur vart til álita nema einn skóli í hverju fræðsluumdæmi nema e. t. v. þeim allra fjölmennustu. Í öðrum iðngreinum svo og í framhaldsdeildum verknámsskóla ætti að sameina það nám á enn færri stöðum.

Þá þarf að taka til nákvæmrar athugunar hvort og þá að hvaða marki er æskilegt að taka upp kennslu í verknámsskóla samanborið við það að nemendur fái

þennan þátt fræðslu og þjálfunar úti í atvinnulífinu. Í sumum greinum hefur þegar verið gengið lengra í þessu efni en gert hefur verið í nágrannalöndum okkar og þarf að meta þá skipan með samanburði við aðra valkosti.

Þessi þróun, þ. e. að flytja verknám inn í skólana, er þegar komin verulega áleiðis. Frumvarpið, ef að lögum verður, breytir í sjálfu sér ekki um í þessu né eykur þar á. Hins vegar ætti það að leiða til þess að um mál þessi verði fjallað með meiri heildaryfirsýn en ella auk þess sem það gerir ráð fyrir samskiptum skóla og atvinnulífs með fjölbreyttari hætti en nú er.

Heimanakstur eða vistun nemenda

Kostnaður vegna sóknar nemenda í framhaldsskóla greiðist nú af einstaklingum, að öðru leyti en því, að ríki og sveitarfélög leggja til heimavistir og rekstur þeirra og veittur er styrkur til náms utan heimasveitar.

Kostnaður vegna þessa þáttar mun ráðast verulega af dreifingu náms um landið. Aukin dreifing svo sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu dregur úr þörf fyrir heimavistir, lækkar styrkveitingar, en gæti aukið aksturskostnað.

Fræðsla fullorðinna

Víða erlendis hefur á undanförnum árum átt sér stað mikil þróun í hvers konar menntun og endurmenntun fullorðinna og er ekki ólíklegt að svipað gerist einnig hér á landi. Er því ástæða til að íhuga hvort nýskipan framhaldsskólastigsins bjóði ekki upp á hentuga og hagkvæma lausn á menntunarmálum fullorðinna að hluta, þó ætla megi að ákvæði frumvarpsins kalli á aukin útgjöld vegna aukinnar þátttöku í þessu námi.

Námsskrárgerð

Ljóst er að námsskrárgerð fyrir samræmdan framhaldsskóla verður kostnaðarsöm og tekur langan tíma auk þess sem verkið verður ekki unnið í eitt skipti fyrir öll. Til samanburðar má geta þess að til námsskrárgerðar vegna grunnskóla er í fjárlögum 1978 varið 77 millj. kr. auk 10 millj. kr. til endurskoðunar á námsefni framhaldsskóla og 32 millj. kr. til námsskrárgerðar í iðnfræðslu. Útgáfukostnaður kennsluefnis verður eflaust talsverður en frumvarpið breytir ekki þeirri meginreglu, að nemendur greiði sjálfir bókakostnað vegna námsins.

Menntun og endurmenntun kennara

Á síðasta þingi, 99. löggjafarþingi, voru samþykkt lög um embættisgengi kennara og skólastjóra við grunnskóla og framhaldsskóla, þar sem skilgreindar eru þær menntunarkröfur sem kennari þarf að fullnægja til að hljóta skipun í kennarastöðu. Á bls. 410 í almennri greinargerð með frumvarpinu er vikið að því hvað menntun kennara er veigamikill þáttur í farsælu skólastarfi. Eins og þar kemur fram er námsframboð fyrir kennara á framhaldsskólastigi takmarkað og er þar jafnframt bent á þann möguleika að tengja starfsemi núverandi menntastofnana til þess að auka fjölbreytnina í kennaranámi hér innanlands.

Á þessu stigi er örðugt að gera sér grein fyrir hvaða kostnaður verður þessu samfara en þó er ekki ástæða til að ætla að hann verði mjög mikill þar eð meginstofn námsins, bæði faglegur og kennslufræðilegur, er þegar fyrir hendi. Þó má gera ráð fyrir að þetta leiði til endurskipulagningar á námi og kennslu og kennslumagni, m. a. vegna nýrra námsþátta sem nauðsynlegt verður að gefa kost á t. d. í kennslufræðum. Æskilegt er að unnt sé að mennta framhaldsskólakennara að sem mestum hluta hér innanlands og miðað við þá leið, sem bent er á hér að framan, ætti þessi

kostnaður ekki að verða nema brot af því sem þyrfti ef byggja ætti upp sérstakar menntastofnanir til að sinna þessu hlutverki. Engu að síður hljóta margir að leita sér menntunar erlendis, bæði frum- og endurmenntunar, en þar er ekki um að ræða breytingu frá því sem verið hefur.

Þörf fyrir endurmenntun kennara á framhaldsskólastigi er nú þegar mjög mikil og vex væntanlega eitthvað, verði frumvarpið að lögum, aðallega vegna fjölbreyttara námsframboðs á stiginu.

Á síðustu árum hefur verið veitt nokkurt fé árlega til þess að halda endurmenntunarnámskeið fyrir kennara við menntaskóla og fjölbrautaskóla, á árinu 1978 kr. 4.8 millj. Ekki er unnt að setja fram ákveðnar tölur um kostnað vegna nauðsynlegrar endurmenntunar framhaldsskólakennara, en benda má á að til endurmenntunarnámskeiða fyrir grunnskólakennara er á þessu ári varið um kr. 40 millj. og eru þá meðtaldar greiðslur vegna dagpeninga og ferðakostnaðar.

Framhaldsskólaráð, námsviðsnefndir og námsbrautanefndir

Samkvæmt 21. gr. frumvarpsins eiga framhaldsskólaráð, námsviðsnefndir og námsbrautanefndar aðild að mótun framhaldsskólans og eru ráðgefandi um málefni hans.

Framhaldsskólaráði er ætlað að vera til aðstoðar við mótun og samræmingu meginstefnu í málefnum framhaldsskóla. Ekki er líklegt að kostnaður vegna ráðsins verði umtalsverður enda ekki miðað við að ráðið komi saman oft á ári.

Námsviðsnefndir og námsbrautanefndir fjalla fyrst og fremst um inntak náms og tilhögun þess. Hlutverk þessara nefnda er mikilvægt, sbr. aths. við 21. gr., og er óhjákvæmilegt að störf þeirra leiði til verulegra útgjalda, m. a. vegna þóknunar, ferða- og annars rekstrarkostnaðar. Benda má á að nú eru starfandi hliðstæðar nefndir, svokallaðar fræðslunefndir í löggiltum iðngreinum, ein nefnd fyrir hverja grein. Þá er þess og að gæta að í sumum tilvikum mun námsbrautarnefnd gegna hlutverki námsviðsnefndar eins og fram kemur í 21. grein.

Fræðsluráð og fræðsluskrifstofur

Miðað er við, að fræðsluráð, kjörin samkv. 11. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, fjalli um málefni framhaldsskóla. Vegna þess hlutverks sem fræðsluskrifstofum er ætlað að gegna á framhaldsskólastigi má búast við að umsvif og um leið kostnaður aukist nokkuð, m. a. vegna nýrra verkefna á sviði stjórnunar og ráðgjafar, auk þess sem ætla má að þær taki að sér ýmis verkefni sem að öðrum kosti yrði að vinna í ráðuneyti. Ekki er óvarlegt að áætla að fjölga þurfi starfsmönnum skrifstofanna um 1-2 í minni umdæmum og um fleiri í stærstu umdæmunum.

Um stofnkostnað

Erfitt er að meta hvort og þá hvaða áhrif frumvarpið, ef að lögum verður, muni hafa á stofnkostnað framhaldsskóla. Mun það að mestu ráðast af þeirri skólaskipan sem komið verður á. Að því leyti sem um er að ræða nám hliðstætt því sem nú fer fram, er ekki ástæða til að ætla að húsnæðisþörfin aukist, og fækki nemendum sbr. það sem áður er sagt um það efni, ætti að draga úr þörfinni. Sú skipan sem í tillögunum felst ætti og að leiða til þess að núverandi húsnæði skólanna nýtist vel, bæði húsakostur ríkisskólanna og eins það húsnæði grunnskóla sem losnað hefur vegna niðurfellingar 4. bekkjar gagnfræðastigs. Nýtingin er þó háð fyrirkomulagi vegna kennslu á sama hátt og launakostnaður. Nýjar þarfir eru fyrst og fremst vegna verknámsskólanna. Má lauslega gera ráð fyrir að hver verkkennslueining (þ. e. kennsluaðstaða fyrir 12-15 nemendur samtímis) þurfi um 400 m^2, sem með búnaði má ætla að kosti 80-100 millj. kr. Slíkar einingar gætu

orðið um 35 talsins fyrir eitt verknámsár, ef vel tekst til með nýtingu þeirra, og stofnkostnaður þeirra því 2.8-3.5 milljarðar kr.

Að því er tekur til heimavista fyrir nemendur þarf ekki að ætla að veruleg þörf verði á slíku húsnæði umfram það sem fyrir er eða ákveðið að byggja nú. Eins má gera ráð fyrir að nýting á hótelhúsnæði yfir vetrartímann geti leyst nokkuð af þörfinni.

Skipting kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga

Samfara þeim breytingum sem orðið hafa á síðustu árum í framhaldsskólum og sem afleiðing af grunnskólalögunum hefur orðið breyting á aðild sveitarfélaga að framhaldsnámi. Í megindráttum hafa sveitarfélög átt aðild að og kostað að einhverju leyti nám ofan grunnskóla sem hér er talið:

a) Gagnfræðanám (þ. e. 4. bekk gagnfræðastigs) og framhaldsdeildir nema í héraðsskólum (sjá síðar). Hluti sveitarfélaga: rekstrarkostnaður að frátöldum kennslulaunum, stofnkostnaður að hálfu og frá 1976 allt viðhald (áður 50%).
b) Iðnskólar. Hluti sveitarfélaga eins og í a) nema viðhald er enn 50%.
c) Fjölbrautaskólar. Hluti sveitarfélaga: rekstrarkostnaður að frátöldum kennslulaunum 50%, stofnkostnaður 40% og viðhald 50%.
d) Húsmæðraskólar. Hluti sveitarfélaga skv. lögum nr. 41 frá 1955. Samkvæmt lögum frá 1975 er ríkinu heimilt að yfirtaka þessa skóla og hefur það verið gert að hluta.

Aðra framhaldsskóla hefur ríkið rekið og kostað, þ. e. menntaskóla, ýmsa sérskóla og héraðsskóla, nema verslunarskóla sem reknir hafa verið af einkaaðilum með styrk af hálfu hins opinbera.

Í yfirlitstöflum I og II hér á eftir er sýnt hvernig nemendur í framhaldsskólum 1976/77 skiptust eftir tegundum skóla, fræðsluumdæmum og rekstraraðild.

I. Yfirlit yfir fjölda og hlutfallsskiptingu nemenda í framhaldsskólanámi eftir menntastofnunum skólaárið 1976-1977.

	Í skólum kost. af ríki		Í skólum kost. af ríki og sveitarfélögum		Í einkaskólum		Nemendur alls	% af heildarnemendafjölda
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%		
Menntaskólar og menntadeildir	3 607	(100)	–	(–)	–	(–)	3 607	(29)
Fjölbrautaskólar	–	(–)	1 016	(100)	–	(–)	1 016	(8,5)
Gagnfræðadeildir og framhaldsdeildir	354	(13)	2 393	(87)	8	(–)	2 755	(22)
Iðnskólar, Vélskólar, Stýrimannaskólar, Fiskv.skólinn, Hótel- og veitingask.	732	(23)	2 473	(77)	–	(–)	3 205	(26)
Skólar f. heilbrigðisstéttir og Fósturskóli	689	100	–	–	–	(–)	689	(6)
Húsmæðraskólar	25	(18)	103	(74)	11	(8)	139	(1)
Bændaskólar	127	(100)	–	–	–	(–)	127	(1)
Verslunarskólar	–	–	–	–	774	(100)	774	(6,5)
Samtals	5 534	(45)	5 996	(49)	782	(6)	12 312	(100)

Ath. Ekki eru meðtaldir nemendur í starfsþjálfunarskólum stofnana, flugskólum, listaskólum, kvöldskólum, námsflokkum, bréfaskólum, námskeiðum af ýmsu tagi og öldungadeildum.

II. Yfirlit yfir fjölda nemenda í framhaldsnámi eftir 9. bekk grunnskóla skólaárið 1976/77. Skipt eftir skólategundum og fræðsluumdæmum.

	Reykjavík	Reykjanesumdæmi	Vesturlandsumdæmi	Vestfjarða-umdæmi	Norðurlandsumdæmi vestra	Norðurlandsumdæmi eystra	Austurlandsumdæmi	Suðurlandsumdæmi	
Menntaskólar og menntadeildir ..	2 477	263	–	157	–	530	–	180	3 607
Fjölbrautaskólar	448	568	–	–	–	–	–	–	1 016
Gagnfræðadeildir og framhaldsd. Iðnsk., Vélsk., Stýrim.sk., Fiskv.sk.,	916	610	198	108	153	322	123	325	2 755
Hótel- og veitingaskólinn	2 012	261	170	119	84	280	56	223	3 205
Skólar f. heilbr.stéttir og Fósturs k.	689	–	–	–	–	–	–	–	689
Húsmæðraskólar	25	–	37	3	11	24	–	39	139
Bændaskólar	–	–	62	–	41	–	–	24	127
Verslunarskólar	694	–	80	–	–	–	–	–	774
Samtals	7 261	1 702	547	387	289	1 156	179	791	12 312
Samtals í % af heild	(59)	(14)	(4)	(3)	(2)	(9)	(1)	(6)	(100)
Þar af í skólum kost. af ríkinu ...	3 823	335	139	221	98	590	24	294	5 534
Þar af í skólum kost. af ríkinu í %	(52)	(20)	(25)	(57)	(34)	(51)	(13)	(37)	(45)
Í skólum kost. af ríki og sveitarfél.	2 744	1 367	328	166	180	566	155	489	5 596
Í skólum kost. af ríki og sv.fél. í %	(38)	(80)	(43)	(43)	(62)	(49)	(87)	(62)	(49)
Í einkaskólum	694	–	80	–	11	–	–	8	782
Í einkaskólum í %	(9)		(15)		(4)			(1)	(6)

Ath. Ekki eru meðtaldir nemendur í starfsþjálfunarskólum stofnana, flugskólum, listaskólum, kvöldskólum, námsflokkum, bréfaskólum, námskeiðum af ýmsu tagi og öldungadeildum.

Ef litið er á rekstraraðildina kemur eftirfarandi fram:

Í skólum kostuðum af ríki og sveitarfélögum eru .... 5996 nem. eða 49%
Í skólum kostuðum af ríkinu einu eru ..... 5534 nem. eða 45%
Í einkaskólum eru ..... 782 nem. eða 6%.

Mjög er misjafnt eftir umdæmum hversu mikill hluti nemenda er í ríkisskólum eða frá 13% á Austurlandi og upp í 50-60% í Reykjavík, á Norðurlandi eystra og á Vestfjörðum.

Í yfirlitstöflu III hér á eftir er gerð grein fyrir rekstrarkostnaði vegna framhaldsnáms eins og hann var á árinu 1976 og hvernig hann skiptist þá á milli ríkis og sveitarfélaga. Einnig er í töflunni sýnd áætluð skipting þessa kostnaðar samkvæmt ákvæðum lagafrumvarpsins.

Rekstrarkostnaður ársins 1976 og skipting hans er unnin upp úr rekstrarreikningum skóla fyrir það ár. Við áætlun á skiptingu hans skv. ákvæðum frumvarpsins hefur verið miðað við að kostnaðurinn skiptist í réttu hlutfalli við nemendafjölda milli 1. og 2. árs og síðari skólaára.

Yfirlitið tekur til gagnfræða- og framhaldsdeilda, þ.e. eftir 9. ár grunnskóla, fjölbrautaskóla, menntaskóla, iðnskóla, vélskóla, stýrimannaskóla, skóla fyrir heilbrigðisstéttir og húsmæðraskóla.

III. Yfirlit yfir rekstrarkostnað framhaldsskóla 1976, skipting hans milli ríkis og sveitarfélaga og áætluð skipting hans skv. ákvæðum frumvarpsins.

— millj. kr. —

	Rekstrarkostn. 1976 samkv. reikningum:		Rekstrarkostn. '76: Áætluð skipting skv. tilögum:	
	Hl. r.sj.	Hl. svf.	Hl. r.sj.	Hl. svf.
Reykjavík				
Laun	956,7	20,9	949,8	27,8
Önnur rekstrargjöld	110,9	64,6	76,4	99,1
Viðhald	34,1	22,1	36,7	19,5
Samtals	1101,7	107,6	1 062,9	146,4
Reykjanesumdæmi				
Laun	191,4	1,8	190,3	2,9
Önnur rekstrargjöld	18,1	37,7	19,4	36,4
Viðhald	3,6	10,8	8,4	6,0
Samtals	213,1	50,3	218,1	45,3
Vesturlandsumdæmi				
Laun	48,8	1,8	48,3	2,3
Önnur rekstrargjöld	3,3	8,6	3,0	9,0
Viðhald	6,5	3,9	6,0	4,4
Samtals	58,6	14,3	57,3	15,7
Vestfjarðaumdæmi				
Laun	57,5	-	56,2	1,3
Önnur rekstrargjöld	16,9	3,4	9,2	11,1
Viðhald	3,8	0,6	3,1	1,3
Samtals	78,2	4,0	68,5	13,7
Norðurlandsumd. vestra				
Laun	24,6	0,7	24,3	1,0
Önnr rekstrargjöld	2,4	6,1	2,3	6,2
Viðhald	2,1	1,7	2,5	1,3
Samtals	29,1	8,5	29,1	8,5
Norðurlandsumd. eystra				
Laun	143,2	2,3	140,5	5,0
Önnur rekstrargjöld	17,5	14,2	14,3	17,4
Viðhald	12,2	3,8	9,9	6,1
Samtals	172,9	20,3	164,7	28,5
Austurlandsumdæmi				
Laun	26,5	0,2	26,2	0,5
Önnur rekstrargjöld	3,3	3,7	1,3	5,7
Viðhald	1,0	1,2	1,3	0,9
Samtals	30,8	5,1	28,8	7,1
Suðurlandsumdæmi				
Laun	94,5	1,0	93,5	2,0
Önnur rekstrargjöld	14,4	12,0	9,3	17,1
Viðhald	5,9	3,6	6,8	2,7
Samtals	114,8	16,6	109,6	21,8
Landið allt				
Laun	1 543,2	28,7	1 529,1	42,9
Önnur rekstrargjöld	186,8	150,3	135,2	202,0
Viðhald	69,2	47,7	74,7	42,2
Samtals	1 799,2	226,7	1 739,0	287,1

Ath. Kostnaðartölur ná til sömu skóla og fjallað er um í yfirlitstöflum I og II að frátöldum bændaskólum og verslunarskólum.

Samkvæmt yfirlitstöflunni var rekstrarkostnaðurinn á árinu 1976 rúmlega 2 000 millj. kr. og skiptist þannig:

	Greitt af ríki	Greitt af sveitarfélögum	Samtals	%
Laun	1543	29	1572	(77)
Önnur rekstrargjöld	187	150	337	(17)
Viðhald	69	48	117	(6)
Samtals	1799	227	2026	
%	(89)	(11)		(100)

Hefðu kostnaðarákvæði þau sem frumvarpið gerir ráð fyrir verið í gildi á árinu 1976 hefur verið áætlað að hluti ríkissjóðs hefði lækkað í 1 739 millj. kr. og hluti sveitarfélaga hækkað í 287 millj. kr. Tilfærsla kostnaðar hefði því orðið um 60 millj. kr. frá ríki til sveitarfélaga.

Í yfirlitstöflu IV er gerð grein fyrir kostnaði ríkissjóðs og sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda fræðsluumdæmanna og þeim breytingum sem yrðu þar á miðað við kostnaðarákvæði frumvarpsins.

Að því er kostnað ríkissjóðs á íbúa varðar er mikill mismunur milli fræðsluumdæma og verður lítil breyting þar á við breyttar reglur, enda veldur mestu um þann mun hve fjöldi nemenda að tiltölu við íbúafjölda er misjafn í fræðsluumdæmunum, eða allt frá 1.6 nem. upp í 7.6 nem. á 100 íbúa sbr. yfirlitstöflu VI. Tölur þessar eru hins vegar nokkur mælikvarði á það hve þjónustu þessari er misskipt eins og nú er. Kostnaður sveitarfélaganna á íbúa er einnig mjög misjafn milli umdæma eða frá 400 kr. og upp í 1 300 kr. á íbúa. Stafar sá mismunur að verulegu leyti af sömu ástæðum og nefndar voru varðandi kostnað ríkissjóðs en sýnir að auki að verulegur munur er á þeirri byrði sem sveitarfélög bera nú þegar vegna framhaldsnáms.

Við það að skipta kostnaði í samræmi við ákvæði frumvarpsins yrði nokkur breyting í þá átt að draga úr mismun í hlutdeild sveitarfélaga milli umdæma og eftir skólategundum.

Til þess að gera grein fyrir hlutdeild ríkis og sveitarfélaga án áhrifa frá misskiptingu nemenda á umdæmi er í yfirlitstöflu V gerð grein fyrir kostnaði ríkis og sveitarfélaga á nemanda í hverju fræðsluumdæmi, og kostnaði sveitarfélaga jafnað á nemendur á 1. og 2. námsári. Taflan sýnir rekstrarkostnað 1976 með skiptingu skv. reikningum og eins og áætlað er að hann skiptist skv. ákvæðum frumvarpsins. Tafla þessi sýnir glögglega tvennt. Í fyrsta lagi að kostnaður ríkissjóðs og sveitarfélaga á nemanda er nú mjög misjafn eftir umdæmum og í öðru lagi að áhrif ákvæða sem í frumvarpinu felast yrðu til þess að draga mjög úr þeim mismun. Að því er ríkissjóð varðar stafar mismunur í kostnaði á nemanda, eftir breytinguna, annars vegar af því að hlutfall nemenda ofan 2. árs af heildarfjölda nemenda er mismunandi eftir umdæmum og hins vegar af misdýrum skólarekstri. Mismunandi kostnaður sveitarfélaga á nemanda á 1. og 2. ári orsakast fyrst og fremst af misjafnlega hagkvæmum skólarekstri.

Þá gefur tafla þessi, eða síðasti dálkur hennar, vísbendingu um hvers er að vænta varðandi fjárhæð námsvistargjalds og eins má af töflu VI nokkuð ráða í hve miklum mæli námsvistargjöld kæmu inn eða yrðu greidd út úr hverju fræðsluumdæmi um sig. Sést það á hlutfalli nemenda á 1. og 2. námsári pr. 100 íbúa í hverju umdæmi samanborið við það hlutfall fyrir landið allt.

IV. Yfirlit yfir kostnað ríkissjóðs og sveitarfélaga á íbúa vegna framhaldsskóla skv. rekstrarreikningum 1976 og skv. áætlaðri skiptingu skv. frumvarpinu.

	Íbúafjöldi 1. 12. 1976	Skv. rekstrarreikn. 1976		Rekstrarkostn. '76. Áætluð skipting skv. tillögum.			
		Kostnaður ríkissj. pr. íbúa	Kostnaður sveitarf. pr. íbúa	Kostnaður ríkissjóðs	Kostnaður sveitarf.	Kostnaður ríkissjóðs pr. íbúa	Kostnaður sveitarf. pr. íbúa
		þ.kr.	þ.kr.	m.kr.	m.kr.	þ.kr.	þ.kr.
Reykjavík	84 493	13,0	1,3	1 062,9	146,4	12,6	1,7
Reykjanesumdæmi	46 425	4,6	1,1	218,1	45,3	4,7	1,0
Vesturlandsumdæmi	14 047	4,2	1,0	57,3	15,7	4,1	1,1
Vestfjarðaumdæmi	10 080	7,8	0,4	68,5	13,7	6,8	1,4
Norðurl.umd. vestra	10 203	2,9	0,8	29,1	8,5	2,9	0,8
Norðurl.umd. eystra	24 322	7,1	0,8	164,7	28,5	6,8	1,2
Austurlandsumdæmi	12 260	2,5	0,4	28,8	7,1	2,3	0,6
Suðurlandsumdæmi	19 088	6,0	0,9	109,6	21,8	5,7	1,1
Landið allt	220 918	8,14	1,03	1 739,0	287,1	7,87	1,30

V. Yfirlit yfir kostnað ríkissjóðs og sveitarfélaga á nemanda í framhaldsnámi í umdæminu skv. rekstrarreikningum 1976 og skv. áætlaðri skiptingu skv. frumvarpinu.

— þús. kr. —

	Samkv. reikningum 1976			Áætluð skipting 1976 skv. tillögu		
	Kostnaður ríkissj. pr. nem.	Kostnaður sveitarf. pr. nem.	Kostnaður svf. pr. nem. á 1. og 2. ári	Kostnaður ríkissj. pr. nem.	Kostnaður sveitarf. pr. nem.	Kostnaður svf. pr. nem. á 1. og 2. ári
Reykjavík	170,5	16,7	28,2	164,5	22,7	38,4
Reykjanesumdæmi	131,1	30,9	43,5	134,1	27,9	39,2
Vesturlandsumdæmi	136,9	33,4	37,8	133,9	36,7	41,5
Vestfjarðaumdæmi	209,1	10,7	13,2	183,2	42,0	45,2
Norðurlandsumdæmi vestra	118,7	34,7	46,7	118,7	34,7	46,7
Norðurlandsumdæmi eystra	157,5	18,5	26,9	150,0	26,0	37,7
Austurlandsumdæmi	157,1	26,0	28,7	146,9	36,2	39,9
Suðurlandsumdæmi	152,9	22,1	26,6	145,9	29,0	34,9
Landið allt	161,0	20,3	30,7	155,6	25,7	38,9

Ath. Í töflunni er með „nemendum“ átt við þá sem sækja skóla í umdæminu án tillits til búsetu.

VI. Yfirlit yfir fjölda nemenda í framhaldsnámi 1976, á 1. og 2. ári framhaldsnáms 1975/76 og fjöldi nemenda í hverju fræðsluumdæmi á hverja 100 íbúa.

	Íbúafjöldi 1. 12. 1976	Nemendur í umdæminu 1976	Nemendur á 1. og 2. ári framhaldsskólans 1976/77	Nemendur alls pr. 100 íbúa	Nemendur á 1. og 2. námsári pr. 100 íbúa
Reykjavík	84 493	6 460	3 812	7,6	4,5
Reykjanesumdæmi	46 425	1 626	1 155	3,5	2,5
Vesturlandsumdæmi	14 047	428	378	3,0	2,7
Vestfjarðaumdæmi	10 080	374	303	3,7	3,0
Norðurlandsumd. v.	10 203	245	182	2,4	1,8
Norðurlandsumd. ey.	24 322	1 098	755	4,5	3,1
Austurlandsumdæmi	12 260	196	178	1,6	1,5
Suðurlandsumdæmi	19 088	751	625	3,9	3,3
Landið allt	220 918	11 178	7 388	5,1	3,3

Ath. Nemendur 1976 eru fundnir sem meðaltal skólaáranna 1975/76 og 1976/77. Tölurnar taka til sömu skóla og kostnaðartölur í yfirlitstöflu III.

Eins og áður er sagt og fram kemur í töflu III hækkar hlutdeild sveitarfélaga um 60 millj. kr. þegar miðað er við árið 1976, ef í framkvæmd kemst sú kostnaðarskipting sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir. Taflan sýnir einnig að misjafnt er milli umdæma hve mikil hækkunin er. Tölur þessarar töflu sýna þó ekki endanlega kostnaðarbyrði sveitarfélaga í hverju umdæmi eins og hún hefði orðið skv. frumvarpinu, heldur einungis kostnað sveitarfélaga af þeim skólum sem í umdæminu störfuðu skólaárið 1976/77. Endanleg kostnaðarbyrði ræðst hins vegar einnig af námsvistargjöldunum sem verka til jöfnunar. Í reynd mun hluti hvers sveitarfélags að mestu ráðast af fjölda nemenda þaðan, sem stundar nám á 1. og 2. ári framhaldsskóla. Til þess að fá nokkra hugmynd um endanlega kostnaðarbyrði sveitarfélaga má taka mið af töflu VII, sem sýnir áætlaða skiptingu nemenda eftir lögheimilisumdæmum og áætlaðan kostnað sveitarfélaga.

VII. Áætlaður fjöldi nemenda eftir lögheimilisumdæmum og kostnaður sveitarfélaga.

	Áætlaður fjöldi nem. á 1. og 2. ári	Áætlaður kostnaður sveitarfél. millj. kr.
Reykjavík	2 825	109,9
Reykjanes	1 552	60,4
Vesturland	470	18,3
Vestfirðir	337	13,1
Norðurland vestra	341	13,3
Norðurland eystra	813	31,6
Austurland	410	15,9
Suðurland	638	24,8
Alls	7 386	287,3

Áætlun þessi er ekki nákvæm þar sem ekki eru tiltækar nákvæmar upplýsingar um skiptingu nemenda eftir lögheimili. (Upplýsingar þessar má þó vinna úr nemendaskrá Hagstofu Íslands með nokkrum undirbúningi). Í töflunni er gert ráð fyrir að nemendur skiptist í hlutfalli við íbúafjölda og kostnaður sveitarfélaga er síðan áætlaður með hliðsjón af áætluðum meðalrekstrarkostnaði sveitarfélaga á nemanda 38 900 kr., sbr. töflu V.

Þegar tölur þessar eru bornar saman við raunverulegan kostnað sveitarfélaga eins og hann kemur fram í töflu III sést að hækkun á hluta þeirra kemur fyrst og fremst á þau sveitarfélög sem nú leggja minnst til þessara mála en í minna mæli á hin. Sést það einnig á því, að skv. tillögunum hefði kostnaður sveitarfélaga á íbúa að jafnaði orðið 1 300 kr. sem er jafnhátt því sem mest var árið 1976.

Um breytingar á fjármálaákvæðum frumvarpsins og yfirlit um rekstrarkostnað framhaldsskóla 1977.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið á fjármálaákvæðum frumvarpsins nú, áður en það er lagt fyrir Alþingi á 101. löggjafarþingi, eru þess eðlis að þær breyta ekki svo neinu nemi skiptingu rekstrarkostnaðar á milli ríkis og sveitarfélaga frá því sem var í fyrri gerð frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að ákvæði um námsvistargjöld falli niður en í stað þeirra komi framlög sveitarfélaga til rekstrarsjóða skólanna.

Fyrri greinargerð er því endurprentuð með frumvarpinu þar sem hún heldur gildi sínu í öllum megindráttum, en til viðbótar eru nú birt hér á eftir yfirlit um rekstrarkostnað framhaldsskóla 1977 og skiptingu hans milli ríkis og sveitarfélaga.

Þá hefur verið felldur niður úr þessari greinargerð kafli um skiptingu stofnkostnaðar, þar sem frumvarpið gerir nú ráð fyrir að hann verði greiddur að fullu úr ríkissjóði.

Framhaldsskólar 1977 — Rekstrarkostnaður

Millj. kr.

	Kostnaður ríkissjóðs.				Kostnaður sveitarfélaga.				
	Laun	Önnur rekstrargj.	Viðhald	Samtals	Laun	Önnur rekstrargj.	Viðhald	Samtals	Alls
Menntaskólar	766.4	82.9	37.2	886.5					886.5
Vélsk., og stýrimannask.									
Fiskvinnsluskólinn	210.4	47.9	19.7	277.0					277.0
Hótel- og veitingask.									
Skólar heilbr.stétta	210.1	21.5	2.4	234.0					234.0
Húsmæðrask.	69.2	15.9	19.6	94.7	2.4	5.2	2.9	10.5	105.2
Fjölbrautask.	332.4	20.1	8.5	361.0	27.4	21.6	8.5	57.5	418.5
Iðnskólar	408.6	6.0	15.8	400.4	51.8	52.7	15.8	120.3	550.7
Framhaldsd. gr.sk.	320.0	10.7	0.3	331.0	41.9	56.2	33.6	131.7	462.7
Héraðsskólar	66.6	14.8	9.9	91.3					91.3
Verslunarskólar	126.8	43.7	2.7	173.2					173.2
Búnaðarskólar	29.9	6.4	6.4	42.7					42.7
Samtals	2 540.4	269.9	111.5	2 921.8	123.5	135.7	60.8	320.0	3 249.8

Yfirlit yfir rekstrarkostnað framhaldsskóla 1977, skipting hans milli ríkis og sveitarfélaga og áætluð skipting hans skv. ákvæðum frumvarpsins. Tegundir skóla.

	Rekstrarkostn. 1977 skv. reikningum:		Rekstrarkostn. 1977 Áætluð skipting skv. tillögum:	
	Hl. rsj. millj. kr.	Hl. svf. millj. kr.	Hl. rsj. millj. kr.	Hl. svf. millj. kr.
Menntaskólar				
Laun	766.4	—	726.9	39.5
Önnur rekstrargjöld	82.9	—	37.5	45.4
Viðhald	37.2	—	28.3	8.9
Samtals	886.5	—	792.7	93.8
Vélskólar				
Stýrimannaskólar				
Fiskvinnsluskólar				
Hótel- og veitingaskólar				
Laun	210.4	—	194.9	15.5
Önnur rekstrargjöld	47.9	—	21.1	26.8
Viðhald	18.7	—	13.3	5.4
Samtals	277.0	—	229.3	47.7
Skólar heilbrigðisstétta				
Laun	210.1	—	205.4	4.7
Önnur rekstrargjöld	21.5	—	16.3	5.2
Viðhald	2.4	—	2.1	0.3
Samtals	234.0	—	223.8	10.2
Húsmæðraskólar				
Laun	69.2	2.4	65.2	6.4
Önnur rekstrargjöld	15.9	5.2	0.7	20.4
Viðhald	9.6	2.9	8.3	4.2
Samtals	94.7	10.5	74.2	31.0
Fjölbrautaskólar				
Laun	332.4	27.4	318.2	41.6
Önnur rekstrargjöld	20.1	21.6	11.1	30.6
Viðhald	8.5	8.5	10.2	6.8
Samtals	361.0	37.5	339.5	79.0
Iðnskólar				
Laun	408.6	51.8	418.9	41.5
Önnur rekstrargjöld	6.0	52.7	16.6	42.1
Viðhald	15.8	15.8	18.9	12.7
Samtals	430.4	120.3	454.4	96.3

	Rekstrarkostn. 1977 skv. reikningum: Hl. rsj. millj. kr.	Hl. svf. millj. kr.	Rekstrarkostn. 1977 Áætluð skipting skv. tillögum: Hl. rsj. millj. kr.	Hl. svf. millj. kr.
Framh.deild. gagnfr.sk.				
Laun	320.0	41.9	320.0	41.9
Önnur rekstrargjöld	10.7	56.2	10.7	56.2
Viðhald	0.3	33.6	16.3	17.6
Samtals	331.0	131.7	347.0	115.7
Héraðsskólar				
Laun	66.6	—	60.6	6.0
Önnur rekstrargjöld	14.8	—	0.6	14.2
Viðhald	9.9	—	6.9	3.0
Samtals	91.3	—	68.1	23.2
Verslunarskólar				
Laun	126.8	—	118.9	7.9
Önnur rekstrargjöld	43.7	—	14.4	29.3
Viðhald	2.7	—	1.8	0.9
Samtals	173.2	—	135.1	38.1
Bændaskólar				
Laun	29.9	—	28.6	1.3
Önnur rekstrargjöld	6.4	—	3.3	3.1
Viðhald	6.4	—	4.8	1.6
Samtals	42.7	—	36.7	6.0
Alls				
Laun	2 540.4	123.5	2 457.6	206.3
Önnur rekstrargjöld	269.9	135.7	132.3	273.3
Viðhald	111.5	60.8	110.9	61.4
Samtals	2 921.8	320.0	2 700.8	541.0

Yfirlit yfir rekstrarkostnað framhaldsskóla 1977, skipting hans milli ríkis og sveitarfélaga og áætluð skipting hans skv. ákvæðum frumvarpsins. Fræðsluumdæmi.

A. **Skólar aðrir en í B.**

Reykjavík.				
Laun	1 453.5	65.2	1 408.2	100.5
Önnur rekstrargjöld	114.5	56.7	66.6	104.6
Viðhald	50.4	31.4	52.0	29.8
Samtals	1 618.4	153.3	1 526.8	234.9

	Rekstrarkostn. 1977 skv. reikningum:		Rekstrarkostn. 1977 Áætluð skipting skv. tillögum:	
	Hl. rsj. millj. kr.	Hl. svf. millj. kr.	Hl. rsj. millj. kr.	Hl. svf. millj. kr.
Reykjanesumdæmi				
Laun	330.8	26.3	322.1	35.0
Önnur rekstrargjöld	26.3	34.5	17.8	43.0
Viðhald	3.8	7.4	6.5	4.7
Samtals	360.9	68.2	346.4	82.7
Vesturlandsumdæmi				
Laun	65.5	4.2	63.1	6.6
Önnur rekstrargjöld	5.0	6.0	1.3	9.7
Viðhald	4.0	4.1	4.4	3.7
Samtals	74.5	14.3	68.8	20.0
Vestfjarðaumdæmi				
Laun	79.4	2.4	76.4	5.4
Önnur rekstrargjöld	18.8	3.9	7.5	15.2
Viðhald	6.4	0.8	5.4	1.8
Samtals	104.6	7.1	89.3	22.4
Norðurlandsumdæmi vestra				
Laun	29.2	4.9	28.9	5.2
Önnur rekstrargjöld	2.4	4.4	1.6	5.2
Viðhald	1.8	1.4	1.8	1.4
Samtals	33.4	10.7	32.3	11.8
Norðurlandsumdæmi eystra				
Laun	209.9	9.9	203.5	16.0
Önnur rekstrargjöld	20.7	13.0	10.9	21.6
Viðhald	19.1	4.3	16.3	6.7
Samtals	249.7	27.2	230.7	44.3
Austurlandsumdæmi				
Laun	38.1	2.6	37.5	3.2
Önnur rekstrargjöld	3.9	5.5	1.8	7.6
Viðhald	2.3	3.1	3.1	2.3
Samtals	44.3	11.2	42.4	13.1
Suðurlandsumdæmi				
Laun	108.1	5.9	105.2	8.8
Önnur rekstrargjöld	12.3	7.7	6.4	13.6
Viðhald	5.0	5.8	6.5	4.3
Samtals	125.4	19.4	118.1	26.7

	Rekstrarkostn. 1977 skv. reikningum:		Rekstrarkostn. 1977 Áætluð skipting skv. tillögum:	
	Hl. rsj. millj. kr.	Hl. svf. millj. kr.	Hl. rsj. millj. kr.	Hl. svf. millj. kr.
A. Landið allt				
Laun	2 314.5	121.4	2 244.9	190.7
Önnur rekstrargjöld	203.9	131.7	113.9	220.5
Viðhald	92.8	58.3	96.0	54.7
Samtals	2 611.2	311.4	2 454.8	465.9
B. Verslunarskólar Búnaðarskólar Húsmæðraskólar				
Laun	225.9	2.4	212.7	15.6
Önnur rekstrargjöld	66.0	5.2	18.4	52.8
Viðhald	18.7	2.9	14.9	6.7
Samtals	310.6	10.5	246.0	75.1
A og B samtals				
Laun	2 540.4	123.5	2 457.6	206.3
Önnur rekstrargjöld	269.9	135.7	132.3	273.3
Viðhald	111.5	60.8	110.9	61.4
Samtals	2 921.8	320.0	2 700.8	541.0

Sþ. 23. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

Flm.: Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að á árinu 1979 verði gert átak til að ráða bót á mengun frá fiskimjölsverksmiðjum og jafnframt verði gerð áætlun um varanlegar úrbætur í mengunarmálum slíkra fyrirtækja í samvinnu við hlutaðeigandi eigendur og samtök þeirra svo og heilbrigðis- og náttúruverndaryfirvöld.

Áætlunin taki m. a. mið af að lágmarkskröfum um mengunarvarnir allra starfandi fiskimjölsverksmiðja verði fullnægt innan tveggja ára og fjármagn sé tryggt til þeirra aðgerða. Verði í senn haft í huga ytra og innra umhverfi verksmiðjanna og athugaðir möguleikar á bættri nýtingu hráefnis og orkusparnaði samhliða viðhlítandi mengunarvörnum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Hún er nú endurflutt með óbreyttri greinargerð:

Marggefin tilefni valda því, að rétt þykir nú og brýnt að flytja þingsályktunartillögu um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

Meginatriði þess vanda, sem þar er komið inn á, kalla á skjóta og örugga úrlausn þar sem stjórnvöld hljóta að hafa alla forustu.

Til þess að greinargerð með tillögu þessari mætti vera sem ítarlegust var leitað til fróðustu aðila um upplýsingar.

Eyjólfur Sæmundsson deildarverkfræðingur hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins veitti þær góðfúslega og færir flm. honum þakkir fyrir glöggar upplýsingar um eðli vandans og beinar tillögur til úrbóta. Meginmál þess, sem hér fer á eftir, er á þessu byggt.

Á nýafstaðinni loðnuvertíð komu fram háværar kröfur frá íbúum ýmissa byggðarlaga um úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja, og er þar skemmst að minnast kröfugöngu húsmæðra í Keflavík og Njarðvík vegna óþolandi loftmengunar frá verksmiðjunni í Njarðvík. Hér er um að ræða gamalt vandamál, sem menn hafa átt við að stríða, og hafa oft áður komið fram mótmæli íbúa í byggðarlögum þar sem slíkrar mengunar gætir í verulegum mæli. Þannig barst þingmönnum Austurlandskjördæmis afrit af erindi til ríkisstjórnarinnar frá heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum 5 þéttbýlisstaða á Austurlandi í nóvember 1978, þar sem heitið er á stjórnvöld að beita sér fyrir úrbótum á loft- og lagarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum, sem valdi m. a. íbúum þessara staða verulegum óþægindum og jafnvel heilsutjóni. Einnig hafa farið fram undirskriftasafnanir, sem fjöldi fólks hefur tekið þátt í, t. d. á Akranesi og í Keflavík og Njarðvík. Mengun frá verksmiðjunum hefur hins vegar nú náð nýju hámarki vegna stóraukins aflamagns og aukinnar afkastagetu einstakra verksmiðja.

Á landinu munu vera starfandi í dag 33 verksmiðjur, sem unnið geta úr feitum fiski (loðnuverksmiðjur) eða unnið gætu úr slíkum fiski með fremur litlum endurbótum, auk u. þ. b. 20 verksmiðja, sem einungis geta unnið úr fiskúrgangi. Verst hefur ástand loftmengunarmála að undanförnu verið í bæjunum við Faxaflóa utan Reykjavíkur og á Austfjörðum, en vandamálsins verður vart víðast hvar þar sem slíkar verksmiðjur eru reknar.

Mengunarvandamál fiskimjölsverksmiðja eru ekki einungis takmörkuð við loftmengun. Víða hefur orðið vart við verulega sjávarmengun frá slíkum verksmiðjum, einkum á Austfjarðahöfnum og á Siglufirði, þar sem grútur frá verksmiðjunum hefur lagst á fjörur. Var gerð athugun á vandamáli þessu s. l. haust á vegum Heilbrigðiseftirlits ríkisins og niðurstöður ásamt tillögum um úrbætur birtar í skýrslu um málið (Grútarmengun frá loðnuvinnslu, Reykjavík 30. okt. 1978). Ljóst er enn fremur að mikil verðmæti fara forgörðum hvert ár með frárennsli frá verksmiðjunum. Auk þessara vandamála má benda á að veruleg óþrif stafa víða af slæmri umgengni um athafnasvæði verksmiðjanna og ófullnægjandi frágangi hráefnisgeymslna. Starfsumhverfi er einnig víða verulega ábótavant, m. a. vegna ónógrar loftræstingar, óþrifa á vinnustöðum, heilsuspillandi hávaða og ófullnægjandi starfsmannaaðstöðu.

Fram til 1969 voru opinber afskipti af þessum málum alfarið í höndum heilbrigðisnefnda viðkomandi sveitarfélaga. Með lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 12/1969, var sveitarfélögum áfram falið heilbrigðiseftirlit hverju í sínu umdæmi, en stofnað var Heilbrigðiseftirlit ríkisins er hafa skyldi yfirumsjón með starfi heilbrigðisnefndanna. Með reglugerð nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, sem sett var samkvæmt lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, var rekstur fiskimjölsverksmiðja, ásamt með rekstri annarra verksmiðja sem mengunarhætta fylgir, bundinn sérstöku starfsleyfi heilbrigðismálaráðherra. Reglugerðin nær jafnt til eldri fyrirtækja sem nýrra, og skulu umsóknir um starfsleyfi ásamt tilskildum gögnum sendar Heilbrigðiseftirliti ríkisins er gerir tillögur til ráðherra um afgreiðslu hvers leyfis. Auk heilbrigðisyfirvalda hefur Náttúruverndarráð látið þessi mál nokkuð til sín taka og þau hafa verið rædd sérstaklega á tveim síðustu náttúruverndarþingum.

Almennt má segja að mjög treglega hafi gengið að fá framgengt kröfum heilbrigðisyfirvalda um úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja. Hafa verksmiðjueigendur m. a. borið við fjármagnsskorti, skorti á opinberri fyrirgreiðslu

og skorti á samræmingu krafna um úrbætur. Þær úrbætur, sem helst hafa verið gerðar fram til þessa gagngert til þess að draga úr óþef og loftmengun, eru sem hér segir:

Reykjavík.

Við þær þrjár verksmiðjur, sem starfræktar eru, hefur reykurinn verið hreinsaður í einföldum þétti og þvottaturnum, en slíkur búnaður fjarlægir einungis hluta lyktarefnanna. Auk þess var reistur 70 m hár reykháfur við verksmiðjuna að Kletti.

Þorlákshöfn.

Reistur var rúmlega 40 m hár reykháfur árið 1976 og er talið að hann hafi orðið að verulegu gagni, enda landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að vænta má gagns af slíkri ráðstöfun.

Grindavík.

Við verksmiðjuna hefur verið reistur rúmlega 30 m hár reykháfur sem talinn er hafa dregið úr óþægindum, enda aðstæður svipaðar og í Þorlákshöfn.

Akranes.

Reistur var á s. l. ári 43 m hár reykháfur við verksmiðjuna. Reykháfurinn mun hafa komið að verulegu gagni fyrir þá sem búa næst verksmiðjunni, en kvartanir hafa eftir sem áður borist frá íbúum sem fjær búa. Einungis er litið á þessa ráðstöfun sem bráðabirgðaráðstöfun til fárra ára.

Hafnarfjörður.

Á s. l. ári var settur upp við verksmiðjuna hreinsibúnaður, sem Jón Þórðarson hefur hannað. Er útblástursloftið fyrst meðhöndlað í þétti- og þvottabúnaði, en síðan í hreinsitæki Jóns Þórðarsonar. Rekstur búnaðarins hefur gengið nokkuð erfiðlega vegna erfiðleika á öflun nægilega hreins sjávar fyrir þétti- og þvottabúnaðinn auk bilana á tækjabúnaði. Einungis hafa verið gerðar takmarkaðar mælingar á hreinsihæfni búnaðarins, enda nauðsynlegur búnaður til slíkra mælinga ekki fyrir hendi í landinu eins og síðar mun frá greint. Þannig liggur ekki fyrir í dag hvort búnaður þessi muni geta leyst þann vanda sem honum er ætlað að leysa. Vissulega væri æskilegt að vandamál sem þessi yrðu leyst með íslensku hugviti og framleiðsla slíks búnaðar félli íslenskum iðnaði í skaut.

Njarðvík.

Hafist hefur verið handa um að endurnýja búnað verksmiðjunnar og taka upp gufuþurrkun í stað eldþurrkunar. Jafnframt er gert ráð fyrir að útblástursloft verði hreinsað í þétti- og þvottabúnaði, en síðan brennt undir gufukötlum verksmiðjunnar. Þessi aðferð hefur gefið góða raun í nágrannalöndunum, en þar hafa verið reistir sérstakir efnahreinsiturnar til viðbótar þessum búnaði til notkunar í þeim tilvikum þegar gufukatlar anna ekki brennslu útblástursloftsins.

Neskaupstaður.

Við endurreisn verksmiðjunnar eftir snjóflóðin í desember 1974 var við hönnun mannvirkja gert ráð fyrir að hreinsibúnaður yrði settur upp við verksmiðjuna síðar. Kannanir hafa verið gerðar á hentugum búnaði og tilboða aflað, en af framkvæmdum hefur ekki orðið. Að því máli er nú hugað alveg sérstaklega og ákvörðun væntanleg innan tíðar um aðgerðir.

Loftmengun, sem frá fiskimjölsverksmiðjunum stafar, er flókið vandamál og erfitt úrlausnar. Við rotnun og niðurbrot á fiski myndast fjöldi daunillra lofttegunda sem losna úr læðingi, þegar unnið er úr hráefninu, og berast út í andrúmsloftið. Tækniþróun til lausnar þessa vandamáls hefur hins vegar verið ör á undanförnum árum. Við upphaflega afgreiðslu starfsleyfa skv. reglugerð nr. 164/1972 á árunum

1972 til 1974 var þannig gengið út frá því, að vandamál þetta yrði ekki leyst nema með háum reykháfum. Í maí 1976 gaf Heilbrigðiseftirlit ríkisins hins vegar út ítarlega greinargerð um þessi mál sem byggð var á könnun á þróun þessara mála í nágrannalöndunum. Urðu niðurstöður stofnunarinnar þær, að eyða mætti lyktinni að mestu leyti og kæmu eftirtaldar þrjár leiðir helst til greina í því efni:

1. Tekinn verði upp þvottur útblásturslofts í svonefndum efnahreinsiturnum af viðurkenndri gerð.
2. Tekin verði upp brennsla útblásturslofts í eldhólfi þurrkara með svonefndri Hetland-aðferð.
3. Breytt verði um framleiðsluhætti og tekin upp gufuþurrkun samfara brennslu lyktarefna undir gufukötlum eða eyðingu þeirra í efnahreinsiturnum.

Frá því greinargerð þessi var gefin út hefur orðið enn frekari þróun og menn fengið reynslu af þeim búnaði sem um ræðir.

Fram hafa komið frá verksmiðjueigendum ábendingar um að setja verði staðlaðar kröfur um hæfni lykteyðingarbúnaðar við fiskimjölsverksmiðjur. Þetta er ýmsum erfiðleikum háð vegna þess, hve samsetning útblástursloftsins er flókin. Engu að síður hefur Heilbrigðiseftirlit ríkisins nú gert tillögu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um setningu fastmótaðra reglna í þessum efnum, bæði um lágmarkshæfni slíks búnaðar og framkvæmd mælinga og mats á hæfni búnaðarins. Til þess að nauðsynlegar mælingar geti farið fram skortir hins vegar fjármagn til kaupa á nauðsynlegum mælibúnaði og þjálfunar starfsmanna (líklegur kostnaður er 4—5 milljónir kr. á núverandi gengi). Fyrr en slíkar mælingar hafa verið gerðar verður hins vegar ekki skorið úr um hæfni þess búnaðar, sem settur hefur verið upp í Hafnarfirði og unnið er að að koma upp við verksmiðjuna í Njarðvík, né heldur annars búnaðar, sem upp kann að verða settur í náinni framtíð.

Ljóst er að Íslendingar hafa dregist langt aftur úr nágrannaþjóðunum í þessum málum, en þar eru nú starfræktar fjölmargar verksmiðjur sem leyst hafa sín mengunarvandamál að langmestu leyti, bæði hvað varðar loftmengun og sjávarmengun. Jafnframt eru þessar verksmiðjur betur búnar framleiðslutækjum og hafa að jafnaði náð betri nýtingu hráefnis en hér er algengast. Á allra síðustu árum hefur þó stórauknu fjármagni verið varið til fjárfestingar í íslenskum loðnuverksmiðjum, svo sem fram kemur í skýrslu áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um loðnuverksmiðjur frá janúar 1979. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir framkvæmdum, sem unnið hefur verið að á undanförnum tveimur árum, og þeim áætlunum um framkvæmdir, sem uppi eru. Fram kemur að á árinu 1977 var á vegum loðnuverksmiðjanna varið 1886.6 millj. kr. og á árinu 1978 2 234.9 millj. kr. til framkvæmda, en á árinu 1979 er áætlað að verja 2 976.8 millj. kr. Af þessum upphæðum er einungis óverulegum fjárhæðum varið til mengunarvarna.

Gera þarf stórátak til úrbóta í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja hér á landi á næstu árum. Leggja ber á það höfuðáherslu að firra sem fyrst íbúa þeirra byggðarlaga, sem nú eru verst settir í þessum efnum, þeim óþægindum sem loftmengunin hefur valdið, jafnframt því að komið verði í veg fyrir alvarlega mengun sjávar af völdum frárennslis. Jafnframt þarf að samræma aðgerðir í mengunarmálum úrbótum á öðrum þáttum í rekstri verksmiðjanna. Þannig má í ýmsum tilvikum koma við aðgerðum til hagræðingar og framleiðniaukningar samhliða mengunarvörnum í stað þess að einungis verði um fjárfestingu í fjárhagslega óarðbærum mengunarvarnabúnaði að ræða. Sérstaklega ber að athuga í hverju tilviki hvort hagkvæmt sé að taka upp gufuþurrkun í stað eldþurrkunar, en með gufuþurrkun má auka gæði framleiðslunnar. Enn fremur þarf að taka tillit til sjónarmiða orkusparnaðar, en á undanförnum árum hafa m. a. komið fram hugmyndir um nýtingu þeirrar orku sem felst í útblásturslofti fiskimjölsverksmiðja.

Ljóst má vera af framansögðu að nauðsynlegt er að efna til samstarfs þeirra aðila er vinna að málefnum fiskimjölsiðnaðarins. Virðist eðlilegast að gerð verði víðtæk áætlun um úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja, þar sem einnig

verði tekið tillit til framleiðni- og orkusparnaðarsjónarmiða. Slíkri áætlun væri heppilegast að skipta annars vegar í almennar lágmarkskröfur, sem allar verksmiðjur verða að uppfylla, og hins vegar frekari kröfur, sem einstakar verksmiðjur yrðu að uppfylla vegna sérstakrar stöðu sinnar, t. d. vegna óheppilegrar afstöðu til byggðar, mikilla afkasta eða langs vinnslutíma. Hinar almennu kröfur þurfa m. a. að ná til aðgerða í frárennslismálum, frumhreinsunar á útblásturslofti, loftræstingar á framleiðslubúnaði og vinnslusölum, frágangs hráefnisgeymslna, frágangs og umgengni um athafnasvæði og fleira. Hinar sérstöku kröfur þurfa hins vegar fyrst og fremst að beinast að frekari aðgerðum til lykteyðingar þar sem þeirra er þörf.

Ljóst er að þær úrbætur, sem hér er um fjallað, munu kosta mikið fé og að árangur muni ekki nást nema til komi fyrirgreiðsla af hálfu hins opinbera. Sérstaklega ber að hafa í huga í þessu sambandi að verulegur hluti kostnaðar mun óhjákvæmilega verða fjárhagslega óarðbær fyrir verksmiðjurnar. Á fjárlögum fyrir árið 1979 er í fyrsta sinn veitt heimild til þess að fella niður aðflutningsgjöld af búnaði til mengunarvarna. Til þess að tryggja þá samræmingu aðgerða, sem rætt er um hér að framan, er hins vegar nauðsynlegt að aðflutningsgjöld verði einnig felld niður af meginframleiðslubúnaði fyrir fiskimjölsverksmiðjur, svo sem gufuþurrkurum, gufukötlum o. fl. Auk þessara aðgerða er ljóst að einnig verður að koma til stóraukin lánafyrirgreiðsla til verksmiðjanna þannig að dreifa megi kostnaði við mengunarvarnir yfir hæfilegt tímabil. Sérstaklega þarf að meta í þessu sambandi hvort heppilegt sé að leggja hluta af hráefnisverði verksmiðjanna í sérstakan sjóð til fjármögnunar á úrbótum í þessum málum.

Sþ. 24. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um aukna nýtingu í fiskvinnslu.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við aðila veiða og vinnslu sjávarfangs, að hlutast til um að gerð verði hið fyrsta könnun á því, á hvern hátt megi sem best ná hámarksnýtingu þess sjávarafla sem á land kemur.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd. Fyrsti flutningsmaður þá var Stefán Guðmundsson, varaþingmaður Framsóknarflokksins í Norðurlandskjördæmi vestra. Tillagan er nú endurflutt óbreytt. Henni fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Það er öllum orðið ljóst, að hafið er ekki sá brunnur, sem endalaust verður ausið úr. Því verður að leggja stóraukna áherslu á gæði og fullnýtingu þess hráefnis er þaðan fæst. Hvernig það nýtist, sem úr hafinu er dregið, er ekki einkamál þeirra er að veiðum og vinnslu starfa. Það er hagsmunamál þjóðarinnar allrar að þar sé vel og skynsamlega að staðið.

Með tilkomu minni skuttogaranna má segja að um byltingu hafi verið að ræða í meðferð á fiski. M. a. var þá byrjað að ísa fisk í kassa um borð í veiðiskipum og flytja hann þannig til vinnslustöðva í landi. Hér var stigið skref í þá átt að bæta gæði hráefnisins, sem þegar hefur sýnt ótvíræðan árangur. T. d. er slíkur fiskur verðlagður 12% hærra en fiskur ísaður í stíur.

Á undanförnum árum hefur nokkuð verið unnið að endurbótum í fiskiðnaði, en þó hvergi nærri sem skyldi. Ljóst er að mikið fjármagn þarf að koma til og aukið skipulag veiða og vinnslu.

Í skýrslu frá Þjóðhagsstofnun, sem út kom í október 1977 og fjallar um afkomu frystihúsa, segir m. a.:

„Niðurstaða þessarar athugunar leiddi í ljós geysimikinn mun að því er varðar nýtingu aflans. Þannig nam framleiðslan á frystum þorski á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra um 40% af mótteknum þorski til frystingar, í Reykjavík og á Reykjanesi um þriðjungi og á Vesturlandi röskum þriðjungi eða 36% sem jafnframt var meðaltal fyrir allt landið. Svipuðu máli gegnir um aðrar fisktegundir."

Hér er tafla úr nefndri skýrslu er sýnir nýtingarhlutföll helstu fisktegunda í frystingu 1976.

Tafla 10. Nýtingarhlutföll helstu fisktegunda í frystingu 1976, „stílfært landshlutamynstur", miðað er við slægðan fisk með haus.

	Reykjavík, Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austfirðir	Suðurland	Allt landið
Þorskur	33.6	35.9	39.9	33.3	40.0	38.0	(36.0)	36.0
Ýsa	(34.5)	33.4	40.4	33.8	37.2	33.4	38.6	34.5
Ufsi	39.4	39.1	46.7	40.3	43.3	41.5	42.1	41.8
Karfi	29.1	24.8	25.0	27.7	26.9	22.1	25.0	28.0
Langa	(45.0)	(45.0)	(45.0)	(45.0)	(45.0)	35.5	30.2	38.8
Steinbítur	32.9	24.4	28.9	33.2	29.6	25.3	27.1	29.0
Grálúða	33.8	39.2	49.0	36.1	36.4	34.9	36.2	38.0

Skýringar:

Með stílfærðu landshlutamynstri er átt við það, að nýtingartölur hvers landshluta og fyrir landið allt, eins og þær tölur koma út skv. framleiðslutölum sölusamtaka og hráefnismagni til frystingar skv. Fiskifélaginu, eru leiðréttar hlutfallslega þannig að landsmeðaltal verði í samræmi við S. H. á meðalnýtingu hverrar fisktegundar.

Marningsblokk er ekki meðtalin við ákvörðun nýtingarhlutfalla.

Tímaritið Sjávarfréttir fékk fyrirtækin Hagvang hf. og Rekstrartækni sf. til að gera úttekt á tapi vinnslunnar vegna lélegrar hráefnisnýtingar miðað við skýrslu Þjóðhagsstofnunar.

Sé gengið út frá þeirri forsendu, að nýtingin væri alls staðar eins mikil og hún er í besta landshlutanum kemur eftirfarandi í ljós.

Áætlað tap vegna lélegrar hráefnisnýtingar á fjórum fisktegundum.

	Hráefni til frystingar			Hráefnisnýting				Áætlað tap	
	1. Jan.-Ág. tonn	2. Áætlað Sept.-Des. tonn	3. 1+K2 Tonn	4. Besti landshl. %	5. Landsmeðaltal %	6. 4÷5 Mismunur %	7. 3×6 Tonn	8. Meðalverð kr. pr. kg.	9. 7×8 Samtals millj. kr.
Þorskur	170 087	10 000	180 100	40.0	36.0	4.0	7 200	546	3 931
Ýsa	26 831	2 600	29 400	40.4	34.5	5.9	1 740	577	1 004
Ufsi	27 080	2 900	30 000	46.7	41.8	4.9	1 470	368	541
Karfi	25 057	2 400	27 500	29.1	28.0	1.1	300	354	106
Samtals	249 055	17 900	267 000				10 710		5 582

Heimildir: Þjóðhagsstofnun; Athugun á afkomu frystihúsa haustið 1977; Reykjavík 1977. Ægir, 3. tbl. 1978: Fiskaflinn í nóv. og jan.—nóv. 1977 og 1976.

Það, sem hér kemur fram, sýnir að miklum árangri megi ná með bættu skipulagi og aukinni hagræðingu í fiskiðnaðinum. Það virðist ljóst að milljarðar tapast árlega vegna lélagrar nýtingar hráefnis í frystihúsum og er þó hér hvergi vikið að ýmsum möguleikum til fullnýtingar á öðrum fisktegundum og fiskúrgangi, en þar eru gífurleg verðmæti, sem í súginn fara og til þessa að hafa lítið sem ekkert verið nýtt, enda rannsóknir mjög takmarkaðar á því sviði.

Með flutningi þessarar tillögu vilja flutningsmenn vekja athygli stjórnvalda á mikilvægi þess, að hér sé brugðið skjótt við og úrbóta leitað.

Sþ. 25. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um 10 ára áætlun um bundið slitlag á vegum.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Jón Helgason, Alexander Stefánsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um að leggja bundið slitlag á hringveginn umhverfis landið til Vestfjarða og um Snæfellsnes og um fjáröflun til þeirra framkvæmda.

Miða skal við að vinna verkið á 10 árum, en dreifa kostnaði á lengri tíma með lántökum.

Áætlun þessa skal fella að hinni almennu vegáætlun og öðrum framkvæmdaáætlunum landsmanna á sama tíma.

Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi, þegar það kemur saman að ári.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt. Henni fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Á nokkrum áratugum hafa Íslendingar lagt vegi um allt land og brúað árnar svo akfært er heim að hverju byggðu bóli. En slík er fjölgun bifreiða og svo örar eru breytingar á atvinnu og lifnaðarháttum, að til vandræða horfir hversu seint sækist að byggja upp vegakerfið. Ófullkomin uppbygging vega í snjóahéruðum, takmarkað burðarþol eldri vega og hrjúft yfirborð malarveganna tálmar greiðri umferð. Vöntun bundins slitlags veldur miklum viðhaldskostnaði á vegunum sjálfum. Af sömu ástæðum verður notkun eldsneytis og einkum viðhald ökutækja margfalt meira en ella. Er nú svo komið, að flestir eru á einu máli um að brýna nauðsyn beri til að vinna að endurbótum vegakerfisins með meiri hraða en nú á sér stað.

Með þessari tillögu er lagt til að taka sérstaklega fyrir ákveðinn og alldýran þátt vegaframkvæmda og vinna að honum með samfelldu átaki á tiltölulega skömmum tíma, en dreifa greiðslu kostnaðar á lengri tíma með lántökum. Aðrar vegaframkvæmdir mundu ekki líða við þetta, heldur þvert á móti. Án sérstakra ráðstafana hlýtur lagning bundins slitlags á aðalvegi að krefjast mjög verulegra fjármuna af hinni almennu vegáætlun á næsta áratug.

Nú hefur geisað verðbólga og er því þörf aðhaldssamrar stefnu í efnahagsmálum. Eigi að síður verður þjóðin að undirbúa stór átök í framfaraátt, bæði almennt og á þeim sviðum sem rétt þykir að njóti nokkurs forgangs. Að láta það ógert væri fjarri öllu lagi og hið mesta óráð.

Við höfum um hríð notað mikið erlent lánsfé og er þörf aðgæslu á þeim pósti. Það fer þó ekki milli mála að skynsamlegt hefur verið að flýta ýmsum framkvæmdum, t. d. við varmaveitur, á þann hátt, enda skila þær ágætum arði og spara dýrmætan gjaldeyri.

Við gerð áætlana samkvæmt tillögu þessari, ef samþykkt verður, þarf að gæta allrar hagkvæmni og meta hlutlægt kostnað og ábata af þeim framkvæmdum, sem þar

um ræðir. En það er skoðun flutningsmanna að slíkt mat muni leiða í ljós beina arðsemi umræddra framkvæmda, auk hins óbeina hagnaðar, sem seint verður metinn til peningaverðs. Með sérstökum aðgerðum til að leysa þetta afmarkaða viðfangsefni vinnst tvennt í senn: að flýta lagningu bundins slitlags á aðalvegi og aukið svigrúm til annarra framkvæmda í vegamálum.

Nd. 26. Frumvarp til laga [24. mál]

um Framleiðsluráð landbúnaðarins, kjarasamninga bænda, stjórnun framleiðslu, verðskráningu, verðmiðlun, sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

I. KAFLI
Um tilgang laga þessara.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja:

a) að framleiðsla búvara verði í sem nánustu samræmi við neysluþarfir þjóðarinnar og hráefnisþörf iðnaðarins og önnur þau markmið sem Alþingi setur.
b) að meðaltekjur þeirra sem að búvöruframleiðslu starfa verði í samræmi við rauntekjur verkamanna og iðnaðarmanna fyrir sambærilegt vinnuframlag.
c) að náð verði þeim markmiðum sem sett eru um framfarir og aukna hagkvæmni í búvöruframleiðslunni og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.

2. gr.

Gera skal áætlun til 5 ára í senn um þróun búvöruframleiðslunnar í samræmi við ákvæði 1. gr. og 5. liðs 4. gr. og önnur þau markmið sem Alþingi setur fyrir landbúnaðinn. Áætlun þessi skal endurskoðuð þegar þrjú ár eru eftir af áætlunartímabilinu.

II. KAFLI
Um skipun og verkefni Framleiðsluráðs.

3. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi aðalframkvæmd þessara laga undir yfirstjórn landbúnaðarráðuneytisins.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal skipað 11 mönnum, völdum til tveggja ára í senn, sjö kosnum af Stéttarsambandi bænda á fulltrúafundi þess, og fjórum er stjórn Stéttarsambands bænda skipar eftir tilnefningu eftirtalinna aðila, einum frá hverjum:

Búvörudeild Sambands íslenskra samvinnufélaga, Mjólkursamsölunni í Reykjavík, Sláturfélagi Suðurlands og mjólkursamlögum utan 1. mjólkursölusvæðis og skal hann tilnefndur á fulltrúafundi þeirra.

Velja skal jafnmarga varamenn í Framleiðsluráð og með sama hætti. Framleiðsluráð kýs sér formann og varaformann til sama tíma og skulu þeir vera úr hópi fulltrúa Stéttarsambands bænda í ráðinu.

Heimilt er Framleiðsluráði að kjósa úr sínum hópi 3 menn í framkvæmdanefnd og jafnmarga til vara. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál, sem ekki þykir fært að fresta til næsta fundar Framleiðsluráðs.

Þegar rætt er um málefni einstakra búgreina í Framleiðsluráði annarra en sauðfjár- eða nautgriparæktar, skal gefa fulltrúa hagsmunafélags viðkomandi búgreinar kost á fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.

Framleiðsluráð ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfslið eftir því sem þörf krefur.

4. gr.

Aðalverkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins eru:

1. Að fylgjast með framleiðslu, vinnslu og sölu búvara.
2. Að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni búvöruframleiðslunnar í samvinnu við landbúnaðarráðuneytið og Búnaðarfélag Íslands, þannig að hún verði í samræmi við þarfir þjóðarinnar og þá stefnu í landbúnaðarmálum sem Alþingi markar hverju sinni.
3. Að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð búvara.
4. Að vinna að markaðsleit og hagkvæmri verslun með búvörur.
5. Að beita sér fyrir gerð áætlana um æskilega þróun landbúnaðarins, í samvinnu við landbúnaðarráðuneytið, Búnaðarfélag Íslands, búnaðarsamböndin og þær stofnanir sem vinna að áætlanagerð.
6. Að ákveða verðmiðlun á búvörum, samkvæmt fyrirmælum þessara laga.
7. Að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð mjólkur til framleiðenda eftir árstímum.
8. Að ákveða mjólkursölusvæði samkvæmt lögum þessum og sölusvæði fyrir kartöflur ef ástæða þykir til.
9. Að gera verðskrár um búvörur í einstökum atriðum á grundvelli verðákvarðana samkvæmt lögum þessum.
10. Að efna eigi sjaldnar en einu sinni á ári til fundar með fulltrúum þeirra aðila sem hagsmuna eiga að gæta varðandi framleiðslu og neyslu búvara svo sem ríkisstjórnarinnar, Búnaðarfélags Íslands, Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Alþýðusambands Íslands og öðrum fulltrúum neytenda og fulltrúum smásöluaðila. Á fundum þessum skal m. a. ræða leiðir til að ná markmiðum þeim sem sett eru fram í 2. og 3. lið þessarar greinar.
11. Að setja vinnslustöðvum landbúnaðarins reglur um útborgunarverð til bænda.
12. Að hlutast til um að stærð, gerð og staðarval mjólkursamlaga og sláturhúsa sé í samræmi við landfræðileg skilyrði, markaðsaðstæður og hagkvæmni rekstrareininga.

5. gr.

Framleiðsluráð gefur út ár hvert skýrslu um framleiðslu landbúnaðarvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma.

Skylt er öllum þeim er hafa með höndum framleiðslu, slátrun, vinnslu eða sölu landbúnaðarvara að láta ráðinu í té allar upplýsingar, sem um er beðið.

III. KAFLI

Um kjaranefnd landbúnaðarins.

6. gr.

Kjaranefnd landbúnaðarins skal skipuð 6 mönnum. Stjórn Stéttarsambands bænda tilnefnir tvo, Framleiðsluráð landbúnaðarins einn, og ríkisstjórnin þrjá. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Fulltrúar ríkisins í kjaranefnd skulu, auk þess sem þeir gæta þess að fylgt sé ákvæðum 11. gr., gæta hagsmuna neytenda í landinu og er ríkisstjórninni rétt að velja þá með tilliti til þess.

7. gr.

Kjaranefnd landbúnaðarins semur um kjör bænda og verð á búvöru til framleiðenda og í heildsölu.

Í störfum sínum skal kjaranefnd með samningum á grundvelli laga þessara leitast við að tryggja að þeim markmiðum, sem sett eru í 1. gr. og í 12. gr. um tekjur búvöruframleiðenda, verði náð.

IV. KAFLI
Um stjórnun framleiðslu.

8. gr.

Nú verður búvöruframleiðsla meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendir markaðir sem viðunandi teljast fyrir það sem umfram er að mati Framleiðsluráðs og landbúnaðarráðuneytisins, og eru þá Framleiðsluráði, að fengnu samþykki fulltrúafundar Stéttarsambands bænda og staðfestingu landbúnaðarráðherra, heimilar eftirfarandi tímabundnar ráðstafanir:

a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

Að greiða með samþykki ríkisstjórnarinnar hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðslan vex þar fyrir ofan. Heimilt er að ákveða rétt frumbýlinga í samræmi við bústofn þeirra.

Að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, sem má vera mishátt eftir bústærð ef ástæða þykir til.

Réttur þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvöruframleiðslu eða hætta búskap, skal tryggður með ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er að nota samtímis ofangreindar heimildir.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem Framleiðsluráð ákveður hverju sinni vegna framkvæmdar ofangreindra heimilda, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs. Framleiðsluráð ákveður gjalddaga vegna þessara heimilda.

b) Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má vera allt að 100% á innkaupsverð vörunnar. Framleiðendur búvöru á lögbýlum og aðrir, sem hafa meirihluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu án þess að greiða gjaldið fá tiltekið magn kjarnfóðurs miðað við framtalið magn afurða og bústofn á skattframtali, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp í því formi, sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum sem hafa meirihluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi, eftir sérstakri kröfu Framleiðsluráðs. Ákvarðanir, sem varða gjaldtöku af kjarnfóðri, skulu teknar af fulltrúafundi Stéttarsambands bænda og vera háðar samþykki landbúnaðarráðherra.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið við innflutning.

Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðurgjald, sem lagt hefur verið á samkvæmt framangreindri heimild, skal endurgreiða það, sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

Innlendir aðilar, sem framleiða fóðurmjöl, skulu senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu á þeirri framleiðslu innanlands. Skal tilgreina hverjir kaupendur eru, heildarmagn til hvers aðila og einingarverð.

c) Gæsla og ráðstöfun þess fjár, sem innheimtast kann samkvæmt heimildum þessarar greinar, skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Meðal annars er heimilt að verja því til að greiða verðbætur til þeirra, sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð, svo og til að jafna halla, er verða kann á útflutningi, milli söluaðila.

Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti sem fjármagninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd fimm manna til úrskurðar. Nefndina skipa tveir fulltrúar Stéttarsambands bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd heimilda er felast í þessari grein, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til þess tíma, er tekist hefur að afla nauðsynlegra gagna, er heimilt að gjald skv. b-lið verði lagt á allt kjarnfóður, en endurgreiðist síðan eftir ákvæðum b-liðar.

9. gr.

Nú verður búvöruframleiðslan of lítil í landinu, eða einstökum hlutum þess, eða framleiðsluáætlanir samkvæmt 5. tölulið 4. gr. raskast verulega og skal þá Framleiðsluráð landbúnaðarins gera tillögur til kjaranefndar og landbúnaðarráðherra um aðgerðir til úrbóta.

Skulu slíkar ráðstafanir ná til einstakra búgreina, og/eða einstakra landshluta, eða allrar búvöruframleiðslu í landinu, eftir því sem við á.

10. gr.

Heimilt er að skylda þá sem stunda búvöruframleiðslu, en ekki hafa ábúð og búsetu á lögbýlum, til að skrá sig sem búvöruframleiðendur hjá landbúnaðarráðuneytinu og að gefa árlega staðfesta skýrslu um framleiðslu sína.

11. gr.

Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning búvara, svo sem kjöts og annarra sláturafurða, eggja, mjólkur, mjólkurvara, garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu, skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs.

V. KAFLI

Um verðákvörðun og verðskráningu.

12. gr.

Verðlagning búvara skal við það miðuð, að þeim sem að framleiðslunni vinna verði tryggðar meðaltekjur fyrir störf sín í samræmi við rauntekjur verkamanna og iðnaðarmanna fyrir sambærilegt vinnuframlag. Til rauntekna teljast umsamin laun og hvers konar samningsbundin fríðindi. Einnig skal meta til tekna sannanlegan aðstöðumun bænda og viðmiðunarstéttanna. Á sama hátt er rétt að meta sem jafngildi tekna hvers konar framlög sem samið kann að verða um við gerð almennra launasamninga eða kjarasamninga bænda. Semja skal um tiltekið magn afurða í hverri búgrein, sem bændum sé tryggt fullt verð fyrir. Í því sambandi er skylt að taka tillit til halla, sem kann að verða af óhjákvæmilegum útflutningi landbúnaðarvara, enda sé framleiðslumagn í eðlilegu samræmi við þau markmið, sem Alþingi setur.

13. gr.

Til ákvörðunar á framleiðslukostnaði og afurðaverði, sbr. 12. gr., skal kjaranefnd gera verðlagsgrundvöll, sem sýni áætlaða vinnuþörf, fjármagnskostnað, rekstrargjöld og afurðir bús, sem hefur sauðfjár- og nautgripaframleiðslu og er sem næst meðalbúi að stærð og rekið er við eðlilegar framleiðsluaðstæður.

Á sama hátt skal nefndin gera verðlagsgrundvöll og ákveða verð á afurðum annarra búgreina, enda komi fram um það óskir frá Stéttarsambandi bænda eða sérstökum hagsmunasamtökum þeirra er stunda viðkomandi búgrein.

Í tengslum við verðlagningu búvara er aðilum heimilt að semja um fjárframlög ríkisins til landbúnaðarins í því skyni að markmiðum 12. gr. verði náð. Þar á meðal er heimilt að ákveða framleiðslustyrki til einstakra byggðarlaga þar sem framleiðsluskilyrði eru erfið. Einnig er heimilt að semja um tilhögun á niðurgreiðslum búvöruverðs á innlendum markaði.

Samhliða því sem kjaranefnd fjallar um verðlagsgrundvöll og ákveður afurðaverð samkvæmt 1. og 2. málsgrein þessarar greinar, skal hún að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins fjalla um og ákveða vinnslu- og heildsölukostnað mjólkur, slátur- og heildsölukostnað kjöts og hliðstæðan kostnað fyrir aðrar búvörur er hún verðleggur og hækkun á söluverði vegna vaxta- og geymslukostnaðar á kjöti og garðávöxtum.

Skylt er að gefa fulltrúum samtaka þeirra aðila er vinna að sölu og vinnslu búvara kost á að mæta á fundum kjaranefndar þegar fjallað er um mál er varða þá sérstaklega.

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs til framleiðenda gildir fyrir eitt ár í senn frá byrjun verðlagstímabils, 1. september, en framlengist sjálfkrafa um eitt ár sé honum ekki sagt upp fyrir 1. júní. Kjaranefnd getur þó komið sér saman um annan uppsagnartíma.

Verðlagningu skal jafnan lokið fyrir 10. september. Gildistaka nýs mjólkurverðs miðast þó við 1. september en nýtt verð á öðrum búvörum við 10. september.

Náist ekki meirihluti um einstaka þætti verðlagningarinnar skal vísa þeim ágreiningsatriðum til yfirnefndar, sbr. 18. gr.

14. gr.

Að loknum framangreindum ákvörðunum kjaranefndar er Framleiðsluráði heimilt að ákveða tilfærslur í verði á milli vöruflokka innan hverrar búgreinar fyrir sig. Einnig er því heimilt að ákveða frávik til hækkunar eða lækkunar á skráðu heildsöluverði eftir árstímum eða markaðsástandi hverju sinni, enda skili heildarsala ársins réttu meðalverði.

Í þessu sambandi eru Framleiðsluráði heimilar aðgerðir til verðjöfnunar milli söluaðila, svo slík ákvörðun raski ekki möguleikum til þess að bændur fái sama verð fyrir samskonar vöru á viðkomandi verðlagstímabili.

15. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður smásöluverð einstakra vörutegunda og skal það hafa hliðsjón af hinum almennu álagningarreglum er gilda á hverjum tíma. Gefa skal fulltrúum smásöluaðila kost á að ræða við Framleiðsluráð áður en ákvörðun er tekin í þessu efni.

16. gr.

Kjaranefnd gerir ársfjórðungslega breytingar á verðlagsgrundvelli þegar breytingar verða á rekstrarkostnaði og launum við búvöruframleiðslu samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Á sama hátt er heimilt að gera breytingar á vinnslu- og dreifingarkostnaði eftir upplýsingum frá helstu sölufyrirtækjum landbúnaðarins.

17. gr.

Kjaranefnd skal breyta afurðaverði til framleiðenda til samræmis við launabreytingar verkamanna og iðnaðarmanna, sem verða á samningstímanum.

Ef laun breytast vegna breyttrar kaupgreiðsluvísitölu skulu slíkar launabreyt-

ingar koma inn í launalið verðlagsgrundvallarins á sama tíma og þær koma til framkvæmda hjá viðmiðunarstéttunum. Verði bændur fyrir tjóni vegna dráttar á því, að launabreytingar komi inn í verðlagsgrundvöllinn, skal það bætt á næsta verðlagstímabili.

Náist ekki meirihluti í kjaranefnd varðandi verðlagsbreytingar samkvæmt ákvæðum 16. og 17. greinar, skal vísa ágreiningsefnum til yfirnefndar til úrskurðar, sbr. 18. gr. Yfirnefnd tekur ágreiningsefnin þegar til meðferðar og úrskurðar svo fljótt sem verða má.

18. gr.

Nú næst ekki meirihluti í kjaranefnd landbúnaðarins um verðlagningu búvöru, eða semst ekki um fjárframlög ríkis eða aðrar aðgerðir til að ná því tekjumarkmiði, sem sett er með 12. gr., og skal þá málinu vísað til yfirnefndar.

Yfirnefnd skal þá ákveða verð á búvöru þannig að ákvæðum 12. gr. sé fullnægt, í því sambandi getur hún einnig gert tillögur til ríkisstjórnarinnar um aðrar aðgerðir, sem tryggja framleiðendum búvöru meðaltekjur fyrir störf sín í samræmi við ákvæði 12. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í yfirnefnd, til eins árs í senn, einn eftir tilnefningu fulltrúa framleiðenda í kjaranefnd landbúnaðarins, annan eftir tilnefningu ríkisstjórnarfulltrúanna í kjaranefnd og hinn þriðja eftir tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skal hann vera formaður. Skipa skal varamenn á sama hátt.

Yfirnefnd skal kynna sér þau gögn sem fram eru lögð. Henni er heimilt að afla sér viðbótargagna, tefji það ekki störf hennar óeðlilega. Á sama hátt er henni rétt að kveðja til sín sérfróða menn til ráðuneytis. Yfirnefnd getur óskað þess að aðilar tilnefni málflytjendur hvor af sinni hálfu til að skýra sjónarmið nefndarhlutanna.

Verksvið yfirnefndar nær aðeins til verðlagsgrundvallar og ákvörðunar á slátur-, vinnslu- og heildsölukostnaði svo og ákvörðunar á vaxta- og geymslugjöldum. Takist ekki að ákvarða verð fyrir 10. september vegna tafa í kjaranefnd eða yfirnefnd, skal bæta framleiðendum það tjón sem þeir kunna að verða fyrir af þeim sökum með álagi á búvöruverð á sama verðlagstímabili.

Úrskurði yfirnefndar skal fylgja rökstudd greinargerð.

Úrskurður yfirnefndar er bindandi.

19. gr.

Hagstofa Íslands skal fyrir 10. ágúst ár hvert afla þeirra upplýsinga, sem kjaranefnd landbúnaðarins óskar eftir um framleiðslukostnað búvara. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal láta í té upplýsingar um afurðamagn. Þjóðhagsstofnun skal á sama tíma afla gagna um launatekjur og fríðindi viðmiðunarstéttanna.

Á sama tíma skilar Búreikningastofa landbúnaðarins til kjaranefndar upplýsingum um niðurstöður búreikninga og öðrum þeim upplýsingum sem nefndin óskar eftir að unnar séu úr búreikningum.

Kjaranefnd landbúnaðarins getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar um þau atriði, er máli skipta fyrir verðlagningu búvara, svo sem um framleiðslu- og dreifingarkostnað, vinnutíma o. fl.

Skylt er að stofna til slíkra rannsókna, ef annar nefndarhlutinn krefst þess. Skal nefndin í því efni leita samstarfs við Hagstofu Íslands, Búreikningastofu landbúnaðarins, Framkvæmdastofnun ríkisins og aðrar opinberar stofnanir, að því leyti sem rannsóknir þessar snerta starfssvið viðkomandi stofnana.

Telji umræddar stofnanir sig ekki hafa starfslið til þess að framkvæma þær rannsóknir, er kjaranefnd landbúnaðarins hefur ákveðið að fram skuli fara, er nefndinni heimilt að ráða til þess nauðsynlega starfskrafta, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta þeim, er rannsóknirnar framkvæma, í té nauðsynlegar upplýsingar.

20. gr.

Reynist nauðsynlegt, til að fullnægja eftirspurn neytenda, að slátra sauðfé fyrir 10. september, skal ákveða verð á kjöti af því fé þeim mun hærra en hið væntanlega haustverð, sem nemur áætluðum þyngdarauka kindanna, að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu, samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

Ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar gilda á hliðstæðan hátt um verðlagningu garðávaxta, sem koma á markað fyrir 10. september. Skal verð þeirra við það miðað, að tryggt verði framboð snemmvaxinna garðávaxta.

Í hvert skipti, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins telur rétt að ákveðið sé sumarverð á kjöti eða garðávöxtum eða að breyta áður ákveðnu sumarverði samkvæmt 1. og 2. málsgrein þessarar greinar, skal það tilkynna kjaranefnd búvöru óskir sínar í því efni. Skal þá kjaranefnd taka málið til meðferðar og ákvörðunar. Náist ekki samkomulag í nefndinni skal því skotið til úrskurðar yfirnefndar.

21. gr.

Enginn má kaupa eða selja búvörur á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

22. gr.

Allar meiri háttar breytingar niðurgreiðslna búvöruverðs á innlendum markaði skulu gerðar í samráði við kjaranefnd og Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Framleiðsluráði skal jafnan gefinn kostur á að fjalla um slíkar breytingar á fundi og gera álitsgerð um breytingar áður en þær koma til framkvæmda.

Niðurgreiðslum skal að jafnaði þannig hagað, að þær raski sem minnst verðhlutföllum milli skyldra vöruflokka, sem falla undir verðákvarðanir kjaranefndar.

Þegar ákveðið hefur verið að greiða einhverja vörutegund niður skal jafnan hafður til viðmiðunar vinnslu- og dreifingarkostnaður á viðkomandi vörutegund. Heimilt er að gera frávik frá þessu, ef sérstaklega stendur á, og ekki er hætta á að slík aðgerð hafi í för með sér röskun á eðlilegri sölustarfsemi eða framleiðslu á viðkomandi vörutegund.

Heimilt er kjaranefnd landbúnaðarins, sbr. 3. málsgrein 13. gr., að semja um niðurgreiðslu á innvegið magn vöru, t. d. mjólkur, enda verði þá útsöluverði hennar svo og vinnsluvara mjólkur breytt til samræmis við þá niðurgreiðslu. Skal þá taka tillit til þess við greiðslu útflutningsbóta, sbr. 23. gr.

Einnig er kjaranefnd heimilt að semja um að hluti niðurgreiðslna einhverrar vörutegundar sé greiddur framleiðendum án tillits til framleiðslumagns, enda komi til samþykki þeirra aðila, sem tilnefna menn í nefndina. Þá er einnig heimilt að verja niðurgreiðslufé til að greiða niður kostnaðarliði við búrekstur, svo sem áburð.

23. gr.

Næstu fimm árin eftir gildistöku þessara laga veitir ríkissjóður tryggingu sem árlega skal vera 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar miðað við verðlagsgrundvallarverð á viðkomandi verðlagsári til greiðslu á halla sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarafurða.

Heimilt er að færa fé af tryggingu þessari á milli ára eftir því sem um semst í kjarasamningum milli ríkisvaldsins og bænda og Alþingi samþykkir.

24. gr.

Kjaranefnd gerir tillögu til Byggðasjóðs um framlög til styrktar búsetu í þeim landshlutum þar sem hætta er á eyðingu byggðar, eða skortur verður á búvöru.

25. gr.

Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd III. og V. kafla laga þessara. Skal þar m. a. kveða nánar á um tímamörk varðandi skipun og störf kjaranefndar og yfirnefndar, vinnubrögð við samningagerð, gildistíma samninga, endurskoðunarrétt og uppsagnartíma.

Einnig skal kveða á um framreikning verðlags þegar verðlagsgrundvelli er ekki sagt upp.

26. gr.

Kostnaður við framkvæmd III. og V. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Þó skal Framleiðsluráð standa straum af kostnaði við öflun gagna, sem það leggur fyrir kjaranefnd landbúnaðarins, sbr. 19. gr. og 4. málsgr. 13. gr.

VI. KAFLI

Um kjöt og sláturafurðir búfjár.

27. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur yfirumsjón með málum er varða slátrun og sölu kjöts og sláturafurða.

Það gerir þær ráðstafanir, er það telur þurfa, til þess að innlendi markaðurinn fyrir kjöt og slátur nýtist sem best og að fullnægt verði sanngjörnum óskum neytenda. Það getur ennfremur takmarkað flutning á kjöti og sláturafurðum af sauðfé og nautgripum milli markaðssvæða, ef það telur það hagkvæmara fyrir söluna.

28. gr.

Heimild Framleiðsluráðs landbúnaðarins þarf til þess að mega kaupa búfé til slátrunar, og versla með afurðir þess í heildsölu. Gildir þetta um sauðfé, geitfé, stórgripi, svín, alifugla og önnur húsdýr sem alin eru til manneldis.

Sláturleyfi skal veita þeim félögum og einstaklingum, sem fullnægja skilyrðum laga nr. 30 frá 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Framleiðsluráð getur ákveðið tölu sauðfjár og nautgripa, sem leyfishafi má slátra til sölu. Það getur hlutast til um hvernig meðferð og verkun afurðanna skuli háttað.

Sláturleyfishöfum er skylt að láta fara fram mat og heilbrigðisskoðun á öllum sláturafurðum sem um er rætt í þessari grein.

29. gr.

Þeir sem slátra búfé til sölu skulu gefa Framleiðsluráði skýrslu um slátrun mánaðarlega eða oftar ef þurfa þykir, staðfesta af kjötmatsmönnum og standa skil á lögboðnum gjöldum til Framleiðsluráðs.

Framleiðsluráð getur svipt leyfishafa sláturleyfi, hafi hann ekki greitt þau gjöld sem honum er skylt að innheimta, eftir að tiltekinn greiðslufrestur hefur verið veittur eða hafi hann brotið önnur ákvæði laga þessara eða fyrirmæli, sem sett eru samkvæmt þeim.

VII. KAFLI

Um sölu mjólkur og mjólkurafurða.

30. gr.

Framleiðsluráð hefur á hendi yfirumsjón mjólkursölumála landsins. Skal það stuðla að því, að ávallt sé næg neyslumjólk og mjólkurvörur til sölu á verslunarstöðum, þar sem stöðugur markaður fyrir þessar vörur er fyrir hendi og líkur benda til, að markaður vinnist með skipulagðri sölu.

Framleiðsluráð skal fylgjast með sölu mjólkur og mjólkurvara um land allt, ásamt þörfum neytenda fyrir þessar vörur.

31. gr.

Framleiðsluráð ákveður skipan mjólkursölusvæða eftir því sem best hentar framleiðslu- og markaðsaðstæðum.

32. gr.

Framleiðendur sölumjólkur á hverju mjólkursölusvæði kjósa sér stjórn er hefur á hendi umsjón mjólkurmálanna á því sölusvæði.

Nú eru starfandi fleiri en eitt mjólkurbú á sama mjólkursölusvæði sem hafa á hendi daglega sölu á mjólk og rjóma til neytenda, skulu þau þá hafa sameiginlega yfirstjórn er nefnist samsölustjórn. Þau kjósa á aðalfundi mjólkurbúanna fulltrúa á sameiginlegan fulltrúafund fyrir mjólkursölusvæðið, sem svo kýs stjórn samsölunnar á því svæði.

33. gr.

Stjórn mjólkursamsölu framkvæmir verðjöfnun milli starfandi mjólkursamlaga innan viðkomandi mjólkursölusvæðis. Verðjöfnunin skal jafnan við það miðuð, eftir því sem við verður komið, að mjólkurframleiðendur á mjólkursölusvæðinu fái sama verð, á hverjum árstíma, fyrir mjólk sína komna að mjólkursamlagi. Skylt er að greiða hæst verð fyrir 1. flokks mjólk, en stiglækkandi fyrir aðra flokka.

34. gr.

Þar sem eitt mjólkurbú er starfandi eða samsölustjórn samkvæmt ákvæðum 32. gr. skal það eða hún annast alla heildsöludreifingu á mjólk, rjóma, súrmjólk, skyri, jógúrt og öðrum hliðstæðum mjólkurafurðum. Heildsöluaðilinn skal sjá um að ætíð sé nóg af þessum vörum á sölusvæði hans sé þess nokkur kostur.

35. gr.

Mjólkursamlögum og verslunum, er selja mjólk og mjólkurvörur ber að hlíta verðákvörðunum kjaranefndar landbúnaðarins og má aldrei grípa til sölustöðvunar á mjólk og skyldum vörum þó að ósamkomulag kunni að koma upp út af verðlagningu þeirra.

Rétt til að fá mjólk og mjólkurvörur í heildsölu hafa auk smásöluverslana eftirtaldir aðilar: sjúkrahús, veitingahús, matsölustaðir, mötuneyti og brauðgerðarhús. Heimilt er að binda afgreiðslur til þessara aðila við vörumagn, sem svarar til 50 lítra af nýmjólk á dag.

Verslanir, sem leyfi hljóta til sölu á mjólk, rjóma og skyri, skulu einatt hafa á boðstólum allar vörutegundir sem mjólkursamsala og mjólkursamlög hafa til sölu á hverjum tíma.

Heildsöluaðila (samsölu eða mjólkurbúi) er heimilt að selja mjólk og mjólkurvörur á hinu skráða smásöluverði til aðila, sem ekki reka smásöluverslun.

36. gr.

Ekki má selja mjólk eða almennar mjólkurafurðir til annarra verslana en þeirra, er fengið hafa samþykki heilbrigðisyfirvalda í viðkomandi sveitarfélagi til sölunnar. Skal í þeim efnum fylgt ákvæðum gildandi laga og reglugerða á hverjum tíma.

Öll mjólk og allur rjómi, sem seldur er frá sölumiðstöð mjólkurbúa samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneyddur.

37. gr.

Nú kemur upp deila milli mjólkurbúa og framleiðenda á einhverju sölusvæði um móttöku mjólkur eða önnur atriði varðandi samskipti þessara aðila, og skal þá Framleiðsluráð leitast við að jafna ágreining milli málsaðila og úrskurða, ef með þarf.

38. gr.

Nú telja héraðsdýralæknir, mjólkureftirlitsmaður eða héraðslæknir, að mjólk frá einhverjum framleiðanda sé ekki söluhæf, og geta þeir þá hver um sig eða allir saman krafist stöðvunar á mjólkursölu frá viðkomandi framleiðanda.

Telji heilbrigðisnefnd eða héraðslæknir meðferð sölumjólkur áfátt hjá söluaðila, getur heilbrigðisnefndin stöðvað mjólkursölu frá þeim aðila og krafist úrbóta á því, sem áfátt er áður en leyfi er veitt að nýju. Um slíkar aðgerðir ber nefndinni að hafa samráð við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og heilbrigðisráðuneytið svo sem fyrir er mælt í reglugerð um sölu og dreifingu mjólkur.

39. gr.

Nú kemur í ljós, að vöntun er á mjólk og mjólkurvörum, og skal þá Framleiðsluráð hlutast til um, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, mjólkurframleiðendur á hlutaðeigandi mjólkursölusvæði og forráðamenn hlutaðeigandi kaupstaða og kauptúna, að bót fáist á mjólkurskortinum, t. d. með bættum samgöngum, eða öðrum ráðum.

40. gr.

Sé talin nauðsyn á að endurbyggja mjólkurstöð eða mjólkursamlag skal stjórn þess sækja um leyfi til framkvæmdarinnar til Framleiðsluráðs. Framleiðsluráð getur krafist þess að byggingu stöðvarinnar sé hagað þannig að hún geti unnið þá vöru sem hagkvæmast er fyrir heildarskipulag mjólkurvinnslunnar í landinu og að ýtrustu hagkvæmni sé gætt við byggingu stöðvarinnar.

41. gr.

Sölumiðstöð sú sem stofnsett hefur verið af heildsöluaðilum nýmjólkur og mjólkurafurða, í því augnamiði að samræma framleiðslu og sölu á smjöri og ostum, Osta- og smjörsalan, skal hafa með höndum alla heildsölu á þeim vörum. Hún skal í samráði við Framleiðsluráð vinna að aukinni vöruvöndun, fjölbreytni í framleiðslunni, verkaskiptingu mjólkursamlaganna til hagræðis og sparnaðar í rekstri.

Osta- og smjörsalan skal sjá um dreifingu varanna og kappkosta að hagnýta markaðina sem best og fullnægja sanngjörnum óskum neytenda. Framleiðsluráð setur henni nánari starfsreglur í samráði við stjórn hennar.

VIII. KAFLI

Um sölu og dreifingu eggja.

42. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirumsjón með sölu og dreifingu eggja í landinu. Það skal stuðla að nægu framboði á eggjum og að markaðurinn nýtist sem best þannig að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda.

43. gr.

Framleiðsluráð getur viðurkennt Samband eggjaframleiðenda sem heildsöluaðila allra eggja í landinu, enda sé það opið öllum framleiðendum og meirihlutasamþykki innan samtakanna liggi að baki ósk þeirra um slíka viðurkenningu.

44. gr.

Eggjasölusamlagi sem viðurkennt hefur verið, sbr. 43. gr., er heimilt að halda eftir allt að 10% af skráðu heildsöluverði til að mæta kostnaði við flokkun, mat á eggjum, dreifingu þeirra og markaðsjöfnun.

Reglugerð, sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum Sambands eggjaframleiðenda, skal kveða nánar á um búnað og rekstur eggjadreifingastöðva, um mat og flokkun eggja og skipulag á sölu þeirra.

IX. KAFLI
Um sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu.

45. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirumsjón með sölu og dreifingu matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu landsins. Það skal stuðla að því, að markaðurinn nýtist sem best og að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta og stuðlað að bestu aðferðum við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

46. gr.

Enginn má versla með kartöflur, gulrófur, gulrætur, kál eða annað grænmeti né neinskonar gróðurhúsaframleiðslu í heildsölu nema með leyfi Framleiðsluráðs. Slík leyfi skal veita til eins árs í senn.

47. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur einkarétt til að flytja til landsins kartöflur, nýtt grænmeti og blóm. Ákvæði þetta tekur þó ekki til skipa og flugvéla, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur og grænmeti, ef birgðirnar eru, að áliti hlutaðeigandi tollyfirvalda, eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa áhöfn og farþegum.

48. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn og rekstur Grænmetisverslunar landbúnaðarins, sem annast verslun með kartöflur, gulrófur og annað grænmeti. Stjórn Grænmetisverslunar landbúnaðarins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara, kosnum til tveggja ára í senn. Kosning skal fara fram í hvert sinn er Framleiðsluráð hefur verið skipað að nýju. Stjórnin ræður versluninni framkvæmdastjóra. Heimilt er að veita fulltrúum kartöfluframleiðenda, einum af Suðurlandi og einum af Norðurlandi, rétt til að sitja stjórnarfundi Grænmetisverslunarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

49. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins velur sér nægilega marga umboðsmenn til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum.

50. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins vinnur að því, að komið verði upp geymslum fyrir garðávexti og grænmeti þar sem hentugt þykir. Grænmetisverslun landbúnaðarins skal leitast við að tryggja árvissa sölu garðávaxta og að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslunnar, sem selst ekki til manneldis hverju sinni.

51. gr.

Framleiðsluráði er heimilt að skipta landinu í sölusvæði fyrir garðávexti, ef ástæða þykir til, og ennfremur að verðjafna flutningskostnað garðávaxta milli framleiðslusvæða til að nýta betur markaðina.

52. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins sér um, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu útsæði. Skal hún þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöfluafbrigða, og sé sú ræktun háð ströngu heilbrigðiseftirliti.

53. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins getur viðurkennt Sölufélag garðyrkjumanna sem heildsöluaðila fyrir gróðurhúsaframleiðslu, enda sé það opið öllum ylræktarbændum, og meirihlutasamþykki innan samtakanna liggi að baki ósk þeirra um slíka viðurkenningu.

Nú hefur Sölufélag garðyrkjumanna verið viðurkennt samkvæmt fyrri málsgrein og er þá öðrum aðilum óheimilt að afhenda vörur þær sem hér um ræðir til smásöluverslana nema með leyfi Framleiðsluráðs.

54. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa kafla laganna, þar sem m. a. er kveðið á um:

1. Starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins.
2. Flokkun og mat garðávaxta.
3. Stofnræktun úrvals tegunda.
4. Ráðstafanir til að greiða fyrir sölu úrvals matjurta, þegar mikið berst á markaðinn.
5. Um innflutning erlendra kartaflna og garðávaxta, blóma og gróðurhúsaafurða.

X. KAFLI

Um verðmiðlun.

55. gr.

Verðmiðlun á búvörum skal haga þannig, að sama verð fáist fyrir samskonar vörur komnar á vinnslustað miðað við meðalvinnslukostnað og nýtingu. Verðjöfnunargjald skal teljast til dreifingarkostnaðar. Skal því hagað þannig:

a) Kjöt: Af öllu kindakjöti skal greiða sérstakt gjald, er nota skal til verðjöfnunar. Við verðjöfnun er Framleiðsluráði heimilt að taka tillit til mismunandi fjármagnskostnaðar sláturhúsa og mismunandi flutningskostnaðar frá sláturhúsi til markaðsstaðar. Auk þess er Framleiðsluráði heimilt að jafna flutningskostnað sláturfjár að sláturhúsi þegar svo stendur á að slík jöfnun getur leitt til hagkvæmari rekstrar og sameiningar sláturhúsa.

   Þá er Framleiðsluráði heimilt að taka upp verðjöfnun á öðrum kjötafurðum er taki til svipaðra aðstæðna og segir í grein þessari varðandi kindakjöt.

b) Mjólk og mjólkurvörur: Greiða skal sérstakt gjald af allri innveginni mjólk í mjólkursamlög og skal verja því til þess að koma á hentugri vinnuskiptingu milli þeirra svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölusvæða. Í því sambandi er heimilt að taka tillit til mismunandi fjármagnskostnaðar mjólkurbúanna.

   Ennfremur er Framleiðsluráði heimilt að taka tillit til birgðahalds mjólkurbúanna þegar verðjöfnun er ákveðin á milli þeirra.

   Heimilt er að verja fé til jöfnunar á flutningskostnaði mjólkur að samlagi þar sem þörf krefur að mati Framleiðsluráðs.

c) Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af eggjum, sbr. ákvæði 44. gr.

d) Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af kartöflum og öðrum garðávöxtum, sbr. ákvæði 51. gr.

e) Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af öllum búvörum til að jafna halla af útflutningi, ef verðábyrgð samkvæmt 12. gr. og 23. gr. nægir ekki og önnur úrræði eru ekki fyrir hendi.

56. gr.

Nú kemur í ljós, að mjólkurþörf einstakra byggðarlaga verði aðeins fullnægt með kostnaðarsömum flutningum milli sölusvæða, og er Framleiðsluráði þá heim-

ilt að styrkja þá flutninga. Ber kjaranefnd landbúnaðarins að taka tillit til aukakostnaðar, er af slíku leiðir, fáist ekki fé til þessa eftir ákvæðum 24. gr. Því fé, sem kjaranefnd landbúnaðarins ákveður að verja megi í þessu skyni, skal haldið aðskildu frá öðru ráðstöfunarfé Framleiðsluráðs.

57. gr.

Framleiðsluráð ákveður árlega, hve há verðmiðlunargjöld skulu tekin í samræmi við ákvæði 55. gr., til þess að miðla í hverju tilviki sem þar um ræðir, svo og til að standa straum af framkvæmd þessara laga, þar á meðal kostnaði við starfsemi Framleiðsluráðs (sjá þó 26. gr.).

58. gr.

Sláturleyfishafar og stjórnir mjólkursamlaga eða mjólkursölusvæða og aðrir, sem versla með gjaldskyldar vörur samkvæmt 55. gr., skulu standa Framleiðsluráði skil á verðjöfnunargjöldum samkvæmt fyrirmælum þess. Selji framleiðandi búvörur sínar beint til neytenda ber honum að standa skil á verðjöfnunargjöldum til Framleiðsluráðs.

Gjöld þessi er heimilt að taka lögtaki.

Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðjöfnunar og aflar sér þeirra gagna, sem þörf er á í því skyni. Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að veita Framleiðsluráði upplýsingar er að þessu lúta og þær geta í té látið.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

59. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerðum nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum Framleiðsluráðs.

Nú eru teknar upp nýjar búgreinar, s. s. loðdýrarækt, fiskeldi o. fl., er njóta sömu réttinda og taka á sig sömu skyldur og aðrar greinar landbúnaðarins, og er þá Framleiðsluráði heimilt að hlutast til um sölumál þeirra eftir nánari ákvæðum í reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber lögreglumál. Varða brot sektum frá kr. 50 000— kr. 500 000, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Ef aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa Framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té, má beita dagsektum frá kr. 1 000—kr. 100 000.

60. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Úr gildi falla lög nr. 101/1966.

Greinargerð.

Lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins voru samþykkt á Alþingi 5. júní 1947. Þótt þrívegis hafi verið gerðar breytingar á lögunum, standa þau í meginatriðum óbreytt eins og þau voru fyrst samþykkt fyrir tæpum 32 árum.

Á þeim tíma sem síðan er liðinn hafa orðið stórfelldar breytingar í þjóðfélaginu á flestum sviðum. Á þetta ekki síst við um landbúnaðinn. Miklar breytingar hafa orðið á framleiðslu, vinnslu og sölu búvara og óskir neytenda hafa breyst.

Megintilgangur laganna var að tryggja næga búvöruframleiðslu í landinu í samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggja bændum tekjur sem væru sambærilegar við tekjur annarra stétta.

Þegar lögin voru sett var skortur á mjólk og kindakjöti og var svo allt til loka 6. áratugsins hvað mjólkurframleiðsluna varðar. Síðan 1961 hefur stöðugt þurft að flytja út mjólkurvörur. Kindakjöt hefur verið flutt út árlega frá 1957. Útflutningur þessara afurða hefur verið mjög mismikill eftir árum vegna áhrifa árferðis, en vaxandi síðustu þrjú árin. Lögin gerðu ekki ráð fyrir að þörf yrði á aðgerðum til að hamla gegn offramleiðslu og ekki hefur náðst samstaða um lögfestingu slíkra heimilda fyrr en á þessu þingi.

Hitt meginmarkmið laganna, tekjumarkmiðið, hefur ekki náðst. Lögin gera ekki ráð fyrir að því megi ná nema með verðlagningu búvara. Viðleitni Sex-mannanefndar til að ná þessu marki hefur því eingöngu beinst að hækkun búvöruverðsins, en ekki hafa verið tök á að semja um félagslegar umbætur eða fyrirgreiðslu sem komið gæti í þeirra stað að einhverju leyti.

Verðlagskerfið hefur skort sveigjanleika til að hægt væri að hagræða verði og vöruframboði í samræmi við breyttar aðstæður og neysluvenjur. Ekki hefur verið heimilt að ráðstafa niðurgreiðslu- og útflutningsbótafé nema til lækkunar á smásöluverði eða til að greiða beinan halla af útflutningi búvara.

Árið 1966 óskaði aðalfundur Stéttarsambands bænda eftir breytingum á lögunum í þá átt að lögfestar yrðu heimildir til framleiðslustjórnunar og árið 1968 óskaði Stéttarsambandið eftir því að fyrirkomulagi verðlagssamninga yrði breytt, Sex-mannanefnd lögð niður, og teknir upp beinir samningar um verðlags- og kjaramál milli ríkisins og bænda.

Hafa þessar óskir bænda verið margítrekaðar síðan.

Árið 1972 skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða Framleiðsluráðslögin. Nefndin varð sammála og skilaði tillögum að frumvarpi til breytinga á lögunum. Lagði nefndin m. a. til að teknir yrðu upp beinir samningar milli ríkis og bænda um verðlags- og kjaramál og lögfestar heimildir til framleiðslustjórnunar. Einnig lagði nefndin til ýmsar breytingar á lögunum í samræmi við breyttar aðstæður.

Frumvarpið var lagt fram á Alþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Árið 1976 var enn skipuð nefnd til að endurskoða lögin. Var sú nefnd skipuð tveim fulltrúum bænda, fulltrúa frá Vinnuveitendasambandi Íslands, fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands og formanni skipuðum af landbúnaðarráðherra.

Nefnd þessi skilaði af sér 6. mars s. l. en náði ekki samkomulagi um sum veigamestu atriði laganna, m. a. fyrirkomulag verðlagssamninga, og skilaði því meiri- hluta- og minnihlutaáliti.

Álit Framleiðsluráðslaganefndar voru send Búnaðarþingi 1979 til umsagnar og er umsögn þess prentuð með frumvarpinu sem fylgiskjal. (Fskj. I).

Frumvarp þetta var sent Stéttarsambandi bænda til umsagnar og fylgir umsögn aukafundar þess hér með á fskj. II.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir svo um málefni landbúnaðarins:

„Stefnt verði að sem hagkvæmustu rekstrarformi og rekstrarstærð búa og að framleiðsla landbúnaðarvara miðist fyrst og fremst við innanlandsmarkað.

Skipuð verði samstarfsnefnd bænda og neytenda, sem stuðli að aukinni fjölbreytni í búvöruframleiðslu og til samræmingar óskum neytenda með aukna innanlandsneyslu að marki.

Endurskoðað verði styrkja- og útflutningsbótakerfi landbúnaðarins með það að marki að greiðslur komi bændum að betri notum en nú er.

Lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins verði breytt, m. a. á þann hátt að teknir verði upp beinir samningar fulltrúa bænda og ríkisvaldsins um verðlags-, framleiðslu- og önnur hagsmunamál landbúnaðarins. Jafnframt verði Framleiðslu-

ráði veitt heimild til að hafa með verðlagningu áhrif á búvöruframleiðslu í samræmi við markaðsaðstæður.“

Í samræmi við þessi ákvæði samstarfsyfirlýsingarinnar er þetta frumvarp flutt. Í frumvarpinu eru opnaðar leiðir til að ná þeim markmiðum sem í samstarfsyfirlýsingunni felast. Frumvarpið er byggt á áliti meirihluta Framleiðsluráðslaganefndar með nokkrum breytingum frá hendi ráðuneytisins. Það gerir ráð fyrir því að Alþingi setji með ályktun meginmarkmið landbúnaðarstefnunnar næstu árin og er liður í nýrri heildar stefnumörkun fyrir landbúnaðinn. Einn megintilgangur með setningu nýrra laga er að tryggja að framleiðsla landbúnaðarvara verði í sem nánustu samræmi við þau framleiðslumarkmið sem Alþingi setur og jafnframt að markmiðum um tekjur búvöruframleiðenda og framfarir og hagkvæmni í búvöruframleiðslunni verði náð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir beinum samningum um verðlags- og kjaramál milli ríkisins og bænda. Slíkir samningar yrðu í höndum sex manna, þremur frá hvorum aðila.

Lagt er til að gerð verði 5 ára áætlun um þróun búvöruframleiðslunnar á grundvelli stefnumörkunar Alþingis og verðlag afurða bundið því að framleiðslan verði í eðlilegu samræmi við þau markmið.

Tekjumarkmið fyrir bændastéttina er tryggt stórum betur en í gildandi lögum, meðal annars með því að fela yfirnefnd það hlutverk, náist ekki meirihluti í kjaranefnd, að ákveða verð á búvörum þannig að tryggt sé að tekjumarkmiðin náist. Aftur á móti er útflutningsbótatrygging í núverandi mynd felld niður að 5 árum liðnum.

Veigamestu breytingarnar er að finna í 5 fyrstu köflum laganna. Í I. kafla eru m. a. ákvæði um að gera skuli 5 ára áætlun um þróun búvöruframleiðslunnar í samræmi við stefnumörkun Alþingis. Hliðstæð ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum.

Þingsályktunartillaga um slíka stefnumörkun í landbúnaði var lögð fram á síðasta þingi og gert er ráð fyrir endurflutningi hennar nú. Þar er gert ráð fyrir að draga úr framleiðslu nautgripa- og sauðfjárafurða á næstu 5 árum svo verulega dragi úr þörf fyrir útflutningsbætur.

Í II. kafla, sem fjallar um skipan og verkefni Framleiðsluráðs, er gert ráð fyrir mjög auknum heimildum þess og bændasamtakanna til að hafa áhrif á þróun búvöruframleiðslunnar, ákvæði eru um samráð við fulltrúa neytenda og verslunaraðila um málefni er varða framleiðslu og neyslu búvara og um heimildir Framleiðsluráðs til að hlutast til um staðarval og skipulag vinnslustöðva landbúnaðarins í samræmi við markaðsaðstæður og hagkvæmar rekstrareiningar.

III. kafli fjallar um kjaranefnd landbúnaðarins. Þar er gert ráð fyrir að teknir verði upp samningar milli ríkisins og bænda um kjör bænda og verð á búvörum til framleiðenda og í heildsölu. Heimilt verði að ráðstafa niðurgreiðslufé á fleiri vegu en verið hefur, ef henta þykir.

IV. kafli fjallar um stjórnun framleiðslu. Meginatriði þess kafla er grein samhljóða breytingu þeirri á lögunum sem Alþingi samþykkti 6. apríl. Þessi kafli er allur nýmæli.

V. kafli fjallar um verðákvörðun og verðskráningu. Þar er m. a. gert ráð fyrir að bændum verði tryggðar meðaltekjur fyrir störf sín í samræmi við rauntekjur verkamanna og iðnaðarmanna.

Þessu marki verði náð með verðlagningu búvara innanlands og framlögum til landbúnaðarins sem um kann að semjast og sem metin verði jafngildi tekna. Skylt verði að taka tillit til halla sem verða kann af óhjákvæmilegum útflutningi búvara, enda sé framleiðslumagn í eðlilegu samræmi við markmið þau er Alþingi setur.

Síðari kaflar frumvarpsins eru að efni til að mestu samhljóða gildandi lögum, en ákvæðin færð til samræmis við breyttar aðstæður. Tekinn er upp nýr kafli um sölu og dreifingu eggja, og heimildir til verðjöfnunar rýmkaðar.

Þess skal getið, að frumvarp þetta er í mörgum atriðum samhljóða frumvarpi því sem lagt var fyrir Alþingi árið 1972 en náði þá ekki fram að ganga.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. og 2. gr.

Greinarnar fjalla um tilgang laganna, sem er að tryggja að þeim markmiðum verði náð sem Alþingi setur um framleiðslu búvara, tekjur búvöruframleiðenda og um framfarir og aukna hagkvæmni í búvöruframleiðslunni, vinnslu og sölu búvara.

Gera skal áætlun til 5 ára í senn um þróun búvöruframleiðslunnar í samræmi við stefnumörkun Alþingis. Ákvæði þessi eru nýmæli í lögum.

Um 3. gr.

Greinin er að efni til í samræmi við gildandi lög. Lagðar eru til nokkrar orðalagsbreytingar.

Skýrar er kveðið á um kjör fulltrúa mjólkursamlaganna utan sölusvæðis Reykjavíkur í Framleiðsluráði og sett ákvæði um það, að hagsmunafélög einstakra búgreina eigi rétt til að senda áheyrnarfulltrúa á fundi Framleiðsluráðs þegar rætt er um málefni þeirra. Ákvæðin eru höfð almenn í stað þess að binda þau við tiltekin samtök.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um verkefni Framleiðsluráðs og er að meginefni samhljóða gildandi lögum. Nokkrar breytingar eru þó gerðar á greininni í samræmi við nýja stefnumörkun, sem felst í frumvarpinu, svo sem beina samninga bændastéttarinnar við ríkið, stefnumörkun Alþingis og áætlanagerð um landbúnaðarframleiðsluna í samræmi við hana.

Þetta kemur fram í 2. tölulið þar sem segir að Framleiðsluráð skuli hafa samvinnu við Búnaðarfélag Íslands og landbúnaðarráðuneytið um að gera framleiðsluna hagkvæmari og aðlaga hana þörfum þjóðarinnar í samræmi við þá stefnu sem Alþingi markar.

Í 5. tölulið eru ný ákvæði, sem segja að Framleiðsluráð skuli beita sér fyrir gerð áætlana um þróun landbúnaðarins í samvinnu við landbúnaðarráðuneytið, Búnaðarfélag Íslands, búnaðarsamböndin og þær stofnanir sem vinna að áætlanagerð í þjóðfélaginu.

Þetta ákvæði er nýtt. Samskonar ákvæði er að finna í breytingartillögum nefndar þeirrar „sjömannanefndar“ sem landbúnaðarráðherra skipaði á s. l. vori til að gera tillögur um úrbætur í framleiðslu- og sölumálum landbúnaðarins. Er það eitt meginefni tillagna nefndarinnar til breytinga á lögunum að slíkar áætlanir verði gerðar um þróun landbúnaðarins og framleiðslumagnið ráðist í framtíðinni af skipulagningu á framkvæmdum og fjárfestingu þannig að ekki þurfi að beita skammtímaráðum til að stjórna henni.

Þar sem talað er um stofnanir sem vinna að áætlanagerð í þjóðfélaginu er fyrst og fremst átt við byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, en jafnframt má benda á að víða hafa landshlutasamtök sveitarfélaga sýnt slíkri áætlanagerð áhuga og lagt hönd að verki.

10. liður er nýr. Þar er Framleiðsluráði skylt að efna eigi sjaldnar en einu sinni á ári til fundar með þeim aðilum sem hagsmuna hafa að gæta við búvöruframleiðsluna og aðstöðu hafa til að hafa áhrif á hana. Þar eru tilnefndir fulltrúar ríkisstjórnar, Búnaðarfélags Íslands, Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Alþýðusambands Íslands og aðrir fulltrúar neytenda og fulltrúar smásöluaðila. En að sjálfsögðu er ekki litið á þetta sem tæmandi upptalningu. Á fundum þessum er eðlilegt

að rædd yrðu bæði markmið og leiðir er varða búvöruframleiðsluna. Er þetta ákvæði í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Samsvarandi ákvæði er að finna í tillögum „sjömannanefndar.“

11. liður er nýr, miðað við gildandi lög, en með því ákvæði er Framleiðsluráði heimilað að setja reglur til að samræma ýmis atriði, er varða útborgun til bænda. Sama er lagt til í tillögum „sjömannanefndar.“

Þá er 12. liður nýr. Þar er gert ráð fyrir að Framleiðsluráð hlutist til um stærð, gerð og staðarval vinnslustöðva landbúnaðarins og stuðli með því að aukinni hagræðingu á þessu sviði og skynsamlegri nýtingu fjármagns.

Um 5. gr.

Greinin er sama efnis og tvær fyrstu málsgreinar 3. greinar gildandi laga. Nokkru skýrar er þó kveðið á um það að allir þeir sem hafa með höndum slátrun, vinnslu eða sölu landbúnaðarvara séu skyldir að veita Framleiðsluráði allar upplýsingar, sem það kann að þurfa á að halda og þeir geta veitt.

Um 6. gr.

Greinin samsvarar 5. gr. í gildandi lögum.

Hér er lögð til sú meginbreyting að í stað þess að bændur hafa átt samninga við svonefnda neytendafulltrúa í Sexmannanefnd, eins og gilt hefur frá því að Framleiðsluráðslögin voru fyrst sett, semji þeir nú beint við ríkisvaldið. Þessi hefur verið ósk og krafa bændasamtakanna undanfarandi ár og er þetta í samræmi við ákvæði samstarfsyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar.

Eðlilegt þykir að taka það sérstaklega fram að gæta skuli hagsmuna neytenda í landinu og að ríkisstjórnin hafi það til hliðsjónar við val á fulltrúum sínum í samninganefnd. Engu að síður hljóta fulltrúar ríkisstjórnar að semja á hennar ábyrgð.

Að öðru leyti er ekki kveðið á um skipun samninganefndar ríkisins, en ætla má að það yrði hlutverk landbúnaðarráðuneytisins að hafa forystu um skipun hennar. Auk fulltrúa landbúnaðarráðuneytisins má gera ráð fyrir að í nefndarhluta ríkisstjórnarinnar verði fulltrúar tilnefndir af fjármálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti.

Lagt er til að heiti nefndarinnar verði kjaranefnd landbúnaðarins.

Um 7. gr.

Í greininni er það undirstrikað að kjaranefnd landbúnaðarins skuli semja um kjör bænda og skrá verð á búvörum til framleiðenda og í heildsölu með tilliti til þess að þeim markmiðum sem Alþingi setur um tekjur búvöruframleiðenda verði náð.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða lögum sem samþykkt voru á Alþingi 6. apríl s. l. um heimildir fyrir Framleiðsluráð til að grípa til tímabundinna ráðstafana í því skyni að draga úr búvöruframleiðslu fari hún fram yfir æskileg mörk.

Um 9. gr.

Grundvallarsjónarmið í frumvarpi þessu er að Íslendingar verði jafnan sjálfum sér nógir um framleiðslu landbúnaðarafurða.

Þess þarf að gæta að samdráttur sem að er stefnt, verði ekki of mikill og þykir rétt að Framleiðsluráð eigi frumkvæði um þetta atriði, jafnt og önnur, sem lúta að áætlunum og eftirliti með framleiðslumagni landbúnaðarafurða.

Um 10. gr.

Greinin er nýmæli. Fjallar hún um heimild til að skylda þá sem stunda búvöruframleiðslu, en ekki hafa ábúð og búsetu á lögbýlum, til að skrá sig sem búvöruframleiðendur hjá landbúnaðarráðuneytinu og gefa árlega staðfesta skýrslu um framleiðslu sína.

Slíkir aðilar sem hér um ræðir framleiða umtalsvert magn búvara. T. d. er talið að sauðfjáreigendur í þéttbýli framleiði um 6—700 tonn af kindakjöti árlega.

Nauðsynlegt er í sambandi við áætlanagerð um framleiðslu og sölu búvara að hafa traust yfirlit yfir framleiðslu þessara aðila.

Um 11. gr.

Greinin er efnislega samhljóða þriðju málsgrein 3. greinar gildandi laga. Breytingin er sú að egg eru talin með í hópi þeirra búvara sem um ræðir og er það í samræmi við það að áformað er að þau verði verðlögð samkvæmt lögum þessum.

Um 12. gr.

Greinin svarar efnislega til 4. greinar gildandi laga.

Viðmiðunarákvæðin eru þó orðuð á nokkuð annan veg. Sleppt er þeirri beinu tímakaupsviðmiðun sem er í gildandi lögum, en lögð áhersla á að meðaltekjur bænda verði í samræmi við rauntekjur viðmiðunarstéttanna, miðað við sambærilegt vinnuframlag.

Gert er ráð fyrir að á sama hátt verði metin hverskonar samningsbundin fríðindi og sannanlegur aðstöðumunur stéttanna á hvern veg sem hann kann að reynast. Þá verði einnig metin til tekna eða aðstöðubóta hverskonar framlög sem samið kann að verða um í almennum launasamningum eða kjarasamningum bænda. Hér gæti verið um að ræða samninga um félagslegar umbætur, sem metnar kynnu að vera igildi tekna, hvort sem væri í kaupgjaldssamningum launþega eða kjarasamningum bænda.

Tveir síðustu málsliðir greinarinnar eru nýmæli. Þar er gert ráð fyrir að samið verði um tiltekið magn afurða í hverri búgrein, sem bændum verði tryggt fullt verð fyrir. Í því sambandi verði skylt að taka tillit til halla, sem kann að verða af óhjákvæmilegum útflutningi landbúnaðarvara, enda sé framleiðslumagn í eðlilegu samræmi við þau markmið sem Alþingi setur.

Frá 1960 hafa bændum verið tryggðar uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur, allt að 10% heildarverðmætis landbúnaðarframleiðslunnar miðað við verðlagsgrundvallarverð á viðkomandi verðlagsári.

Lögin gera ráð fyrir að búvöruframleiðslan nægi innlendum þörfum í mismunandi árferði og leiðir af sjálfu sér að nokkurt magn hlýtur að verða umfram í góðu ári. Útflutningsbótunum í gildandi lögum er ætlað að tryggja bændum fullt verð fyrir þær afurðir sem flytja verður út af þeim sökum. Þegar ákvæðin um útflutningsbætur voru lögfest var talið að nauðsynlegt væri að veita bændum tryggingu er næmi allt að 10% af verðmæti framleiðslunnar til að mæta sveiflum af völdum árferðis og vegna árstíðabundinna sveiflna í mjólkurframleiðslunni. Vegna bættrar fóðurverkunar og bættra húsakynna á síðari árum ættu árferðissveiflur nú að vera minni en áður var. Hins vegar er árstíðasveiflan í mjólkurframleiðslunni enn mikið vandamál.

Útflutningsbæturnar hafa reynst bændum mjög mikilvæg tekjutrygging, og jafnframt trygging fyrir þjóðina að búvöruframleiðsla væri næg. Hins vegar hefur skort önnur lagaákvæði sem beita mætti til að takmarka framleiðsluna þegar hæfilegu marki er náð. Er það ein meginorsök þeirrar offramleiðslu sem nú er við að stríða í nautgripa- og sauðfjárrækt. Nauðsynlegt er að bændum verði áfram veitt hliðstæð tekjutrygging og er það raunar forsenda þess að bæði framleiðslu- og tekjumarkmiðum þeim sem að er stefnt með lögum þessum verði náð, jafnframt því sem lögfestar eru heimildir til stjórnunar á framleiðslumagni.

Því er gert ráð fyrir að næstu 5 árin verði bændum tryggðar útflutningsbætur á sama hátt og verið hefur (sjá 23. gr.).

Að þeim tíma liðnum verði bændum tryggðar bætur vegna óhjákvæmilegs halla af útflutningi í samræmi við þau framleiðslumarkmið sem Alþingi setur.

Nauðsynlegt er að slík markmið séu ákveðin til nokkurra ára í senn, t. d. 5 ára (sjá 2. gr.) og breytingar á þeim ákveðnar með ríflegum fyrirvara, 2—3 ára, svo bændur hafi svigrúm til að breyta framleiðslu sinni.

Um 13. gr.

Efni greinarinnar svarar til 6. greinar í gildandi lögum. Hér er kveðið á um störf kjaranefndar landbúnaðarins.

Nefndinni er í fyrsta lagi ætlað að ná samkomulagi (semja) um verðlagsgrundvöll, er sýni vinnuþörf, fjármagnskostnað, rekstrargjöld og afurðir blandaðs bús, sem hefur sauðfjár- og nautgripaframleiðslu, er sem næst meðalbúi að stærð, og er rekið við eðlilegar eða venjulegustu framleiðsluaðstæður. Á þessum grundvelli ákvarðar nefndin heildsöluverð varanna í samræmi við markmið 12. greinar.

Þá er nefndinni á sama hátt ætlað að gera verðlagsgrundvöll fyrir aðrar búgreinar, þegar þess er óskað af Stéttarsambandi bænda og/eða sérstökum hagsmunasamtökum bænda er stunda viðkomandi búgrein. Þetta er nýmæli en svo sem fyrr er getið, hafa komið um slíkt óskir frá samtökum eggjaframleiðenda og hagsmunafélag hrossabænda hefur farið þess sama á leit.

Þá eru í greininni ákvæði sem heimila að samið verði um fjárframlög ríkisins til landbúnaðarins, að því er varðar verðlagsmálin. Þar er átt við framlög sem aðilar kynnu að verða sammála um að hagkvæmt væri að taka upp til að ná fram ákveðnum stefnumiðum í tengslum við kjaramál bænda. Í þessu sambandi eru einnig nefndir samningar um tilhögun á niðurgreiðslum á búvörum, enda getur það komið mjög við hag bænda hvaða háttur er hafður á þeim. Í þriðja lagi gætu sérstakir framleiðslustyrkir til einstakra byggðarlaga, sem búa við erfið skilyrði, komið til, ef sérstaklega þarf að örva ákveðna framleiðslu sveðisbundið.

Auk grundvallarverðsins skal kjaranefnd landbúnaðarins, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs, ákveða vinnslu- og heildsölukostnað mjólkur, slátur- og heildsölukostnað kjöts og hliðstæðan kostnað fyrir aðrar búvörur, sem hún verðleggur. Einnig hækkun á söluverði vegna vaxta- og geymslukostnaðar á kjöti og garðávöxtum.

Þá eru í greininni ákvæði um að þeim ákvörðunaratriðum sem ekki næst meirihluti fyrir í nefndinni skuli vísa til yfirnefndar sem fjallað er um í 18. grein.

Felld eru niður ákvæði sem eru í gildandi lögum um starf sáttasemjara í þessum málum.

Í lok greinarinnar er kveðið á um gildistöku verðlagsgrundvallar og nýs verðlags búvara.

Um 14. gr.

Greinin gerir ráð fyrir því að Framleiðsluráði verði heimilar tilfærslur í verði á milli vöruflokka hverrar búgreinar svo og árstímabundnar hækkanir eða lækkanir frá skráðu heildsöluverði ef markaðsaðstæður mæla með því, að því tilskildu að rétt meðalheildsöluverð náist fyrir framleiðsluárið eða tiltekið sölutímabil.

Eðlilegt þykir að hafa þennan sveigjanleika á verðlagningu, sem ætti að geta komið bæði neytendum og framleiðendum til góða.

Ef slíkar verðbreytingar eru viðhafðar er nauðsynlegt að hafa heimild til verðjöfnunar á milli söluaðila þannig að bændur geti þrátt fyrir þetta fengið sama verð fyrir sömu vöru á verðlagstímabilinu.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir að Framleiðsluráð ákveði smásöluverð einstakra vörutegunda í samræmi við þær álagningarreglur sem gilda á hverjum tíma. Með þessu er horfið aftur til þess fyrirkomulags sem gilti á árunum 1947—1960.

Er þess vænst að þetta fyrirkomulag greiði fyrir samningagerðinni og einfaldi hana.

Reynslan var sú að þessi þáttur gekk greiðlega fyrir sig, á meðan Framleiðsluráð annaðist hann, og var neytendum ekki óhagstæðari en síðar varð.

Um 16. gr.

Greinin svarar að meginefni til 7. greinar gildandi laga, nema hvað gert er ráð fyrir að setja í reglugerð nánari ákvæði um gildistíma verðlagsgrundvallar, sjá 24. grein.

Ákvæði um framreikning á verðgrunni vegna verð- og kaupbreytinga svo og breytinga á vinnslu- og dreifingarkostnaði eru í samræmi við hefð sem skapast hefur um framkvæmd þessara hluta.

Um 17. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 9. grein gildandi laga, þ. e. ársfjórðungslegar breytingar á kaupgjaldslið verðgrunnsins. Orðalagið er þó nokkuð ákveðnara en þar, en er í samræmi við þá meginreglu sem skapast hefur um þetta efni.

Um 18. gr.

Greinin fjallar um skipan og starf yfirnefndar. Gera verður ráð fyrir því að til ósættanlegs ágreinings geti komið í kjaranefnd landbúnaðarins, og er því nauðsynlegt að hægt sé að vísa ágreiningsefnum til yfirnefndar, svo sem er samkvæmt gildandi lögum.

Verkefni nefndarinnar verður þó samkvæmt ákvæðum greinarinnar mun þýðingarmeira en er í gildandi lögum. Hlutverk hennar er að tryggja að tekjumarkmiðum 12. greinar verði náð. Þessi ákvæði eru mjög mikilvæg vegna þess að bændur geta tæplega gert verkfall eða stöðvað sölu á búvörum án þess að valda sjálfum sér stórtjóni.

Að nokkru er staða bænda áþekk stöðu útgerðarmanna, en þó er auðveldara fyrir þá að stöðva skipin til að mótmæla ranglátri verðlagningu á fiski heldur en fyrir bændur að stöðva búrekstur og sölu búvara.

Ef ekki næst meirihluti í kjaranefnd landbúnaðarins um verðlagningu búvöru, eða ekki semst um fjárframlög ríkisins eða aðrar aðgerðir til að ná því tekjumarkmiði sem sett er í 12. grein, skal málinu vísað til yfirnefndar.

Yfirnefnd skal þá ákveða verð á búvörum þannig, að tryggt sé að tekjumarkmið 12. greinar náist. Í því sambandi er nefndinni heimilt að gera tillögu til ríkisstjórnarinnar um aðrar aðgerðir, sem tryggja framleiðendum búvöru meðaltekjur fyrir störf sín í samræmi við ákvæði 12. greinar. Yfirnefnd myndi þó ekki kveða upp endanlegan úrskurð fyrr en séð væri hvort ríkisstjórnin tæki slíkar tillögur til greina.

Um 19. gr.

Efni greinarinnar er samhljóða 8. grein gildandi laga. Þó er Hagstofunni gert að skila viðkomandi gögnum til kjaranefndar landbúnaðarins fyrir 10. ágúst í stað 15. áður.

Um 20. gr.

Greinin svarar til 10. greinar gildandi laga og er efnislega samhljóða henni.

Um 21. gr.

Greinin er samhljóða 11. grein gildandi laga nema hvað orðið búvörur kemur í stað orðanna búfjárafurðir eða garðávexti.

Um 22. gr.

Greinin er nýmæli. Eðlilegt þykir, með tilliti til þeirra áhrifa sem niðurgreiðslur geta haft á markaðsaðstöðu búvara, að tilhögun þeirra og breytingar á þeim séu

bornar undir kjaranefnd landbúnaðarins og Framleiðsluráð landbúnaðarins til umsagnar áður en þær eru ákveðnar og koma til framkvæmda.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að sterkt samhengi er á milli niðurgreiðslna og þess magns búvöru sem selst á innlendum markaði. Eins þykir rétt að setja því ákveðnar skorður hve miklar niðurgreiðslur skuli að jafnaði vera og er lagt til að miðað sé við að þær nemi ekki meiru en sem svarar vinnslu- og dreifingarkostnaði viðkomandi vöru.

Þá eru í greininni heimildir til að haga niðurgreiðslum á annan veg en tíðkast hefur, þ. e. á innvegið vörumagn en ekki fullunnar vörur. Fyrrnefnda fyrirkomulagið tíðkast t. d. í Noregi.

Enn er heimilað að verja hluta af niðurgreiðslufé til að greiða beint til framleiðenda án tillits til framleiðslumagns. Slíkar tilfærslur kynnu að þykja henta í vissum tilfellum, þegar ekki er ástæða til að hvetja til framleiðsluauka, en mikið er upp úr því lagt að jafna tekjur framleiðenda. Slíkar greiðslur tíðkast víða erlendis, t. d. í Noregi.

Að lokum er heimilt að kjaranefnd semji um, að hluti af niðurgreiðslufé fari til að lækka verð á rekstrarvörum svo sem áburði. Eru þessar breytingar í anda samstarfsyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar.

Um 23. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að næstu 5 árin (1980—1984) veiti ríkissjóður tryggingu á greiðslu halla sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara. Trygging þessi skal árlega vera 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar miðað við verðlagsgrundvallarverð á viðkomandi verðlagsári. Eru þetta samskonar ákvæði og eru í gildandi lögum.

Gert er ráð fyrir því að heimilt verði að færa fé af tryggingu þessari á milli ára eftir því sem um semst í kjarasamningum milli ríkisvaldsins og bænda og Alþingi samþykkir.

Að loknu þessu 5 ára tímabili yrðu slíkar greiðslur samningsatriði í kjaranefnd sbr. 12. gr.

Um 24. gr.

Greinin er nýmæli. Samkvæmt ákvæðum greinarinnar er ætlunin að aðstoða þá landshluta eða einstök byggðarlög þar sem erfiðleikar steðja að, og hætta er á eyðingu byggðar, eða skorti á búvörum fyrir viðkomandi svæði.

Um 25. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að landbúnaðarráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd III. og V. kafla laganna, m. a. skal kveða þar á um tímamörk varðandi skipun og störf kjaranefndar og yfirnefndar, vinnubrögð við samningsgerð, gildistíma samninga, endurskoðunarrétt og uppsagnartíma. Einnig um framreikning verðlags þegar verðlagsgrundvelli er ekki sagt upp.

Ýmis slík ákvæði er að finna í gildandi lögum og í tillögum meirihluta Framleiðsluráðslaganefndar er gert ráð fyrir slíkum ákvæðum og þau í ýmsum atriðum gerð ýtarlegri. Rétt þykir þó að slík ákvæði séu fremur sett í reglugerð.

Um 26. gr.

Greinin er hliðstæð 13. grein gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Þriðji kafli frumvarpsins fjallar um kjöt- og sláturafurðir búfjár, og svarar til þriðja og fjórða kafla gildandi laga um sauðfjárafurðir og um sölu stórgripakjöts. Ákvæði kaflans ná nú til allra tegunda kjöts og sláturafurða. Þetta er brýn nauðsyn til að ná fullri stjórn á kjötmarkaðnum, skýrslugerð um alla slátrun og sómasamlegu eftirliti með mati og heilbrigði þeirra kjötvara er koma á markað hverju sinni.

Í greininni er kveðið svo á, að Framleiðsluráð skuli hafa yfirumsjón með málum er varða slátrun og sölu kjöts og sláturafurða.

Um 28. gr.

Skýrt er tekið fram í greininni að leyfi Framleiðsluráðs þurfi til hverskonar búfjárslátrunar og eins til að versla með sláturafurðir búfjár í heildsölu, hverjar sem þær eru.

Þetta er að því leyti nýmæli að í gildandi lögum ná samsvarandi ákvæði til sauðfjár og stórgripa, nautgripa og hrossa, en nú ná þau einnig til svína og alifugla. Í gildandi lögum er þó heimild fyrir landbúnaðarráðherra að fyrirskipa eftir tillögum Framleiðsluráðs, að slátrun svína og alifugla skuli fara fram í löggiltum sláturhúsum, samanber lög nr. 30, 1966, um meðferð og mat á sláturafurðum. Hvort tveggja er að skort hefur skýrslugerð um afurðir þessara síðastnefndu búgreina og heilbrigðiseftirliti og mati verið áfátt.

Framleiðsluráð skal gefa út sláturleyfi til þeirra húsa sem fullnægja skilyrðum fyrrnefndra laga og getur það í leyfunum ákveðið tölu sauðfjár og nautgripa sem leyfishafi má slátra og hlutast til um hvernig meðferð og verkun afurðanna skuli háttað. Þessi ákvæði eru alveg hliðstæð við það sem er í gildandi lögum, en þykja nauðsynleg til þess að Framleiðsluráð geti fylgst með slátruninni, skipulagt hana og komið á eðlilegri verkaskiptingu á milli sláturhúsanna.

Um 29. gr.

Greinin fjallar um skyldu þeirra sem slátra búfé til að skila skýrslum um slátrun mánaðarlega og standa skil á lögboðnum gjöldum til Framleiðsluráðs.

Um 30. gr.

Kaflinn, sem byrjar með 30. gr., fjallar um sölu mjólkur og mjólkurafurða. Á þessum kafla laganna voru gerðar allmiklar breytingar 1976, og er kaflinn því lítið breyttur nú.

Framleiðsluráð hefur á hendi yfirstjórn mjólkursölumála, og skal það stuðla að því að næg mjólk og mjólkurvörur séu ávallt til sölu á verslunarstöðum. Það skal einnig fylgjast með sölu mjólkur og mjólkurvara og þörfum neytenda fyrir þessar vörur.

Um 31. gr.

Greinin fjallar um skipan mjólkursölusvæða, sem Framleiðsluráð ákveður. Þessi skipan er nú löngu orðin föst og ekki miklar líkur fyrir breytingum á henni.

Um 32. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 23. gr. gildandi laga og þarf varla sérstakra skýringa við.

Um 33. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 24. gr. gildandi laga og fjallar um verðjöfnun á milli mjólkursamlaga innan sama mjólkursölusvæðis. Slík verðjöfnun hefur löngum farið fram á svæði Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, en annars staðar hefur ekki verið um beint samsölustarf að ræða. Hér er einnig ákvæði um að greiða skuli hærra verð fyrir 1. fl. mjólk en stighækkandi fyrir aðra flokka.

Um 34. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 25. gr. og 26. gr. gildandi laga eftir breytingu á þeim 1976.

Nokkur breyting er þó á upptalningu á því hvaða vörur falla undir þetta. Hér er reynt að skilja á milli mjólkur (nýmjólkur) og lítið unninna mjólkurvara, sem hafa fremur lítið geymsluþol, annars vegar, en hins vegar vara eins og smjörs og osta sem lengur geymast.

Fellt er niður ákvæði um heimild til að taka losunargjald við afhendingu á vörum til smásöluverslunar. Ákvæðinu hefur ekki verið beitt.

Um 35. gr.

Efni greinarinnar er að hluta til sama og 25. gr. gildandi laga. Ákvæðin um að ekki mega selja mjólk og mjólkurvörur á öðru verði en því sem kjaranefnd landbúnaðarins ákveður, og að ekki megi grípa til sölustöðvunar á mjólk, komu inn í 25. gr. laganna 1976. Sama er að segja um ákvæðin í tveimur síðustu málsliðum greinarinnar.

Nýmæli er aftur á móti þar sem segir í öðrum málslið, að sjúkrahús, veitingahús, matsölustaðir, mötuneyti og brauðgerðarhús eigi rétt á að fá mjólk og mjólkurvörur á heildsöluverði.

Um 36. gr.

Efni greinarinnar er að mestu samhljóða síðustu málsgrein 25. greinar gildandi laga (frá 1976) auk þess sem skýrt er kveðið á um að öll mjólk og rjómi, sem seld er, skuli vera gerilsneydd. Þetta er í samræmi við heilbrigðisreglur. Enda mun nú nær engin sala fara fram á mjólk beint á milli framleiðenda og neytenda.

Um 37. gr.

Efni greinarinnar er samhljóða síðari málsgrein 27. gr. gildandi laga og þarf ekki skýringar við.

Um 38. gr.

Efni greinarinnar er samhljóða síðustu málsgrein 28. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Greinin svarar til 30. gr. gildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 40. gr

Að efni til svarar greinin til 31. greinar gildandi laga.

Aðstæður eru nú svo breyttar að ekki verður um að ræða byggingu nýrra mjólkursamlaga á stöðum þar sem ekki eru samlög fyrir. Sjálfsagt er að Framleiðsluráð hafi hönd í bagga þegar um er að ræða endurbyggingu eldri mjólkursamlaga, þar sem það getur ráðið miklu fyrir skipulagningu á vinnslu mjólkurvara og heppilega verkaskiptingu á milli samlaga, hvernig ný samlög eru byggð.

Um 41. gr.

Greinin er ný og fjallar um myndun sölusamtaka mjólkuriðnaðarins, fyrir vinnsluvörur.

Með þessu er lagt til að lögfest verði ákvæði um réttindi og skyldur fyrirtækis eins og Osta- og smjörsölunnar sf., sem nú hefur starfað um alllangt árabil og reynst mjög gagnlegt fyrirtæki, bæði til sparnaðar við vörudreifingu og til að bæta gæði varanna og auka fjölbreytni þeirra.

Um 42. gr.

42.—44. gr. fjalla um sölu og dreifingu eggja og er kaflinn nýmæli í lögum, ef samþykktur yrði.

Ákvæðin eru sniðin eftir áliti nefndar sem Framleiðsluráð skipaði að beiðni Sambands eggjaframleiðenda. Nefnd þessi skilaði áliti á s. l. ári. (Sjá fskj. III og IV).

Í gildandi lögum er vikið að því í 36. gr. sem fjallar að öðru leyti um sölu grænmetis, að heimilt sé að viðurkenna Samband eggjaframleiðenda sem sölufélag eggjaframleiðenda. Þetta ákvæði sýnist þó ekki hafa náð tilætluðum árangri.

Í greininni er kveðið svo á, að Framleiðsluráð landbúnaðarins hafi á hendi yfirumsjón með sölu og dreifingu eggja. Þetta er hliðstætt og gildir með aðra búvöruflokka. Sama er að segja um ákvæðið um að Framleiðsluráð skuli stuðla að nægu framboði á eggjum, og að því að markaðurinn nýtist sem best, þannig að fullnægt verði sanngjörnum kröfum neytenda.

Um 43. gr.

Greinin er sem fyrr segir nýmæli. Samband eggjaframleiðenda hafði um skeið með höndum mat og flokkun á eggjum og sá um dreifingu þeirra.

Það er mat Sambands eggjaframleiðenda að með því að taka upp flokkun, eftirlit og gæðastimplun á eggjum megi tryggja meiri og betri markað fyrir egg, t. d. muni ekki standa annað í veginum fyrir því að selja egg á Keflavíkurflugvöll en það, að þau eru nú óflokkuð og óstimpluð.

Að sjálfsögðu er það ekki vansalaust að ekki sé gæðamat eða gæðaeftirlit á eggjum eins og öðrum matvörum.

Ákvæðið um að Samband eggjaframleiðenda skuli vera öllum framleiðendum opið og að meirihluti þurfi að samþykkja ósk um að það fái einkarétt til heildsöluverslunar með egg, ættu að tryggja lýðræðislega meðferð þessara mála.

Um 44. gr.

Greinin heimilar að viðurkennt eggjasölusamlag taki allt að 10% af skráðu heildsöluverði til að mæta kostnaði við flokkun, mat á eggjum, dreifingu þeirra og markaðsjöfnun. Ætla má að eggjaframleiðendur finni, þegar fram í sækir, að það sé þeim hagkvæmt að leggja framleiðslu sína inn hjá samlagi, í stað þess að koma henni á markað eftir öðrum leiðum, jafnvel með því að ganga í hús og bjóða fram vöru sína.

Um 45. gr.

Fimmti kafli laganna, 45.—54. gr., fjallar um sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu. Ætlað er að ákvæðin geti náð til allra þeirra vara sem í daglegu tali eru nefndir garðávextir, þ. e. kartöflur og gulrófur, næpur, ef þær færu til manneldis, gulrætur, hreðkur, rauðrófur. Óskýr mörk eru svo á milli garðávaxta og grænmetis, en þar undir kemur hvers konar kál og annað slíkt sem ræktað kann að vera úti. Undir gróðurhúsaframleiðsluna flokkast hvaðeina sem þar kann að vera ræktað til sölu, blóm til skrauts eða ávextir, ber eða annað til neyslu.

Í 45. grein, sem er nær samhljóða hluta af 32. grein gildandi laga, er á hliðstæðan hátt og í byrjun annarra samsvarandi kafla tekið fram að Framleiðsluráð hafi með hendi yfirumsjón með sölu og dreifingu þessara vara. Greinin þarfnast varla frekari skýringa.

Um 46. gr.

Greinin er nær samhljóða síðustu málsgrein 32. greinar gildandi laga. Skýrar er þó tekið fram að þetta gildi um hverskonar grænmeti, garðávexti og gróðurhúsaafurðir.

Um 47. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 34. gr. gildandi laga.

Um 48. gr.

Greinin fjallar um Grænmetisverslun landbúnaðarins sem starfar undir yfirstjórn Framleiðsluráðs landbúnaðarins og þarf ekki skýringa við enda er hér ekki um neina nýbreytni að ræða, þó framsetningu sé í nokkru breytt.

Um 49. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 50. gr.

Greinin er samhljóða 37. gr. gildandi laga.

Um 51. gr.

Í greininni er samskonar ákvæði og í 38. grein gildandi laga um skiptingu í sölusvæði. Ennfremur er heimild til að verðjafna flutningskostnað á milli sölusvæða og er það nýmæli sem nauðsynlegt þykir að taka upp þar sem að öðrum kosti bitna flutningar t. d. frá framleiðendum á Norðurlandi eða Austurlandi til Reykjavíkursvæðis á þeim, en ekki öfugt, stafar þetta af almennum verðlagsákvæðum.

Um 52. gr.

Samsvarandi ákvæði eru í 38. gr. gildandi laga.

Um 53. gr.

Greinin er samhljóða að efni til og 36. gr. gildandi laga.

Um 54. gr.

Greinin svarar til 39. gr. gildandi laga. 5. liður er nýmæli sem eðlilegt þykir að setja.

Um 55. gr.

Ákvæði um verðjöfnun eru í 40. gr. gildandi laga. Nokkrar efnisbreytingar voru gerðar á greininni 1976, og er þeim fylgt hér. Í fyrsta lagi er heimild til að taka tillit til mismunandi fjármagnskostnaðar vinnslustöðvanna, sláturhúsa og mjólkurbúa. Einnig er heimilt að taka tillit til flutningskostnaðar mjólkur til mjólkurbús og sláturfjár til sláturhúss og útjafna hann.

Með þessu er sérstaklega hugsað til þess að með slíkri heimild sé hægt að hafa áhrif á það hvort nýjar vinnslustöðvar eru byggðar, þar sem framleiðsla er lítil, eða hvort flutningur er greiddur til annarra stærri svæða og með því fenginn hagkvæmari rekstur og komið í veg fyrir óskynsamlega fjárfestingu á þessu sviði.

Heimild um verðjöfnun á öðru kjöti en kindakjöti er viðtækari en í gildandi lögum og getur nú náð til allra kjöttegunda ef ástæða þykir til.

Þá er það nýmæli, að heimild er til að taka tillit til birgðahalds mjólkurbúanna við samanburð á aðstöðumun, en birgðahald getur bæði verið baggi, og einnig skapað birgðahagnað.

Í c) lið er heimild til að taka verðjöfnunargjald af eggjum, samhljóða og í gildandi lögum, en í d) lið er heimildin viðtækari og nær auk kartaflna, svo sem er í gildandi lögum, einnig til annarra garðávaxta.

Að lokum eru í e) lið heimildir til töku verðjöfnunargjalds af allri búvöru til að jafna halla á útflutningi, ef verðábyrgð samkvæmt 19. gr. nægir ekki og önnur úrræði eru ekki fyrir hendi. Þessi ákvæði hafa verið í lögum síðan 1976.

Um 56. gr.

Greinin er efnislega samhljóða síðari málslið 30. gr. gildandi laga (frá 1976) og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 57. gr.

Greinin er samhljóða 41. gr. gildandi laga.

Um 58. gr.

Greinin er samhljóða 42. gr. gildandi laga.

Um 59. gr.

Greinin svarar til 45. gr. gildandi laga og kveður á um setningu reglugerða um framkvæmd laganna.

Fleiri sjálfstæðar reglugerðir getur þurft að setja um framkvæmd einstakra þátta laganna, sbr. t. d. 8. grein en þar eru ákvæði um að Stéttarsamband bænda

eigi rétt á að gera tillögur um framkvæmd ákvæðanna. Einnig er í 25. gr. gert ráð fyrir að sett verði reglugerð um framkvæmd III. og V. kafla.

2. mgr. fjallar um það, að ef fleiri búgreinar eflast geti Framleiðsluráð hlutast til um málefni þeirra, þegar þær njóta hliðstæðra réttinda og taka á sig sömu skyldur og aðrar (hefðbundnar) búgreinar. Um þetta yrðu þá settar reglugerðir. Síðasta ákvæðið fjallar um kröfu gegn lögunum og hvernig skuli fara með mál út af þeim. Sektarákvæði eru hækkuð sem eðlilegt má telja.

Um 60. gr.

Greinin fjallar um gildistöku laganna og er gert ráð fyrir að kjaranefnd verði þegar skipuð og taki til starfa.

Fylgiskjal I.

ÁLYKTUN BÚNAÐARÞINGS 1979.

„Búnaðarþing vísar til ályktana sinna fyrr og nú um nauðsyn á endurskoðun laga um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Samtök bænda hafa um árabil barist fyrir slíkri endurskoðun, einkum með tilliti til þess að auðvelda samræmda heildarstjórn á framleiðslu og sölu búvara.

Búnaðarþing leggur eindregið til við landbúnaðarráðherra að hann leggi fyrir Alþingi til lögfestingar frumvarp það um þetta efni er samið er af meirihluta framleiðsluráðslaganefndar er skipuð var 26. maí 1976. Varðandi 3. gr. er vísað til afgreiðslu á ályktun Framleiðslunefndar á þingskjali 76. Jafnframt hafnar Búnaðarþing frumvarpi minnihluta nefndarinnar, að því leyti sem það er frábrugðið frumvarpi meirihlutans."

Greinargerð.

„Eftir ítrekaðar samþykktir bændasamtakanna um endurskoðun á Framleiðsluráðslögunum skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra fimm manna nefnd þ. 26. maí 1976, til þessa verks.

Nefndin, sem var skipuð þremur mönnum frá aðilum bændasamtakanna og tveimur mönnum frá aðilum vinnumarkaðarins, hefur nú skilað tveim álitum, þar sem ekki náðist samstaða nefndarmanna um að skila sameiginlegri niðurstöðu.

Þótt samstaða hafi verið um marga þætti álits nefndarinnar, ber mikið á milli í sumum greinum og í veigamiklum atriðum er um að ræða djúpstæðan ágreining.

I. Helstu sameiginlegu nýmæli sem til bóta horfa í áliti beggja hluta nefndarinnar eru:

1. Í annarri grein eru merk nýmæli, þar sem rýmkað er verksvið Framleiðsluráðs frá því sem áður var. Í öðrum tölulið er kveðið á um að Framleiðsluráð vinni að framförum og aukinni hagkvæmni búvörufranleiðslunnar í samvinnu við Búnaðarfélag Íslands og í samræmi við stefnu sem Alþingi markar hverju sinni. Í fimmta lið er kveðið á um gerð áætlana um framtíðarþróun landbúnaðarins í heild. Þær áætlanir verði gerðar í samvinnu við landbúnaðarráðuneytið, Búnaðarfélag Íslands og aðrar þær stofnanir sem að áætlanagerð vinna og snerta málefni landbúnaðarins. Í tíunda lið eru ákvæði um að Framleiðsluráð efni til funda með fulltrúum þeirra aðila sem hagsmuna hafa að gæta varðandi framleiðslu og neyslu búvara.

2. Í þriðju grein eru veittar heimildir til að beitt verði stjórntækjum til takmörkunar framleiðslunnar og ráðstöfunar fjármuna og vísast þar til ályktunar Framleiðslunefndar á þingskjali 76.

3. Í III. kafla laganna sem fjallar um kjöt og sláturafurðir búfjár eru ákvæði í frumvörpum beggja nefndarhlutanna um margt sameiginleg að öðru leyti en því að minnihlutinn gerir ekki ráð fyrir því að ákvæði kaflans nái til annars en sauðfjár og stórgripa. Ákvæði kaflans eru gerð einfaldari í báðum frumvörpum en í gildandi lögum.

4. Fjórði kafli laganna fjallar um sölu mjólkur og mjólkurafurða. Flest atriði eru sameiginleg í báðum frumvörpunum. Ákvæðin eru þar mörg einfaldari og skipulegar uppsett en í eldri lögum.

Minnihlutinn hefur ekki öll ákvæðin, sem meirihlutinn tekur upp.

II. Eftirtalin nýmæli eru í frv. meirihluta Framleiðsluráðslaganefndar, sem Búnaðarþing telur til bóta.

1. Í 6. gr. er kveðið á um víðtækara eftirlit Framleiðsluráðs með innflutningi og útflutningi.

2. Í 8. gr. er það nýmæli að teknir séu upp samningar framleiðenda við ríkið um verðlagningu búvara. Hugmyndin um þetta samningsform í stað þess að semja við fulltrúa neytenda hafa verið mjög til umræðu lengi. Þó skoðanir bænda hafi verið skiptar um þetta, hafa óskir þeirra og samþykktir hnigið eindregið í þessa átt undanfarið.

3. Í 9. gr. er gert ráð fyrir að gera verðlagsgrundvöll fyrir aðrar búgreinar en nautgripa- og sauðfjárrækt, sé þess óskað af Stéttarsambandi eða hagsmunasamtökum er í hlut eiga.

4. Í 9. gr. eru ennfremur ákvæði um að jafnframt verðlagssamningum sé heimilt að semja um ýmsa þætti sem eru á valdi ríkisins.

Hér er um ýmsa þýðingarmikla hluti að ræða, bæði ýmsa félagslega þætti og ekki síst það er varðar niðurgreiðslu búvara. Mikilvægt verður að teljast að fá þau mál í fastara form en verið hefur. Sbr. og 18. gr. frv.

5. Í 10. gr. eru ákvæði um heimildir til Framleiðsluráðs að ákveða tilfærslur á verði milli vöruflokka innan hverrar búgreinar fyrir sig.

6. Í 11. grein er gert ráð fyrir að Framleiðsluráð ákveði smásöluverðlagningu og breytt sé til fyrra horfs frá gildandi lögum vegna fenginnar reynslu.

7. Í 3. málsgr. 12. gr. eru yfirnefnd sett ákveðin tímamörk til að skila úrskurði og gert að skila rökstuddri greinargerð með úrskurði. Eru þessi ákvæði sett að fenginni reynslu.

8. Í 18. gr. frv. er mælt fyrir um skyldu til að hafa samráð við verðlagsnefnd búvöru og Framleiðsluráð um ákvörðun meiri háttar breytinga á niðurgreiðslum búvara innanlands. Jafnframt eru niðurgreiðslum settar vissar takmarkanir í greininni. Ákvarðanir um niðurgreiðslu hafa afdrifarík áhrif á sölu búvara og er mikilvægt, að tillit sé tekið til þess. Því virðist sanngjarnt að fyrrnefndir aðilar séu tilkvaddir eins og hér er ætlast til.

Í 18. gr. er einnig ákvæði um heimild til niðurgreiðslu á framleiðslukostnaði á frumstigi. Er það eðlilegt ef athugun leiddi í ljós að slíkt væri hagkvæmt.

9. Í 19. gr. er fjallað um rétt til geymslu útfl.-bóta milli ára. Búnaðarþing telur að til greina kæmi að heimilt væri að nota útfl.-bætur (miðað við tiltekið árabil) fyrirfram að vissu marki, enda komi geymsluréttur á móti og Framleiðsluráð fái aðstöðu til nauðsynlegra áhrifa á framleiðslumagn.

10. 20. gr. er öll nýmæli. Er þar kveðið á um sérstakan sjóð er mynda skal af opinberu fé og verja til styrktar búsetu, þar sem nauðsyn telst að halda henni við, eða til að tryggja næga framleiðslu í þeim landshluta. Ennfremur ákvæði um að verðlagsnefnd búvöru ráðstafi fé sjóðsins, fyrirmæli um mat á aðstæðum hverju sinni og á hvern hátt má nota fé.

Hér er ákveðinn stuðningur við þá stefnu, sem flestir virðast fylgja í byggðamálum, þ. e. að halda landinu sem mest í byggð.

11. Í 36. gr. er lagt til að staða Osta- og smjörsölunnar verði bundin í lögum og tengd heildarskipun afurðasölumála í höndum Framleiðsluráðs.

12. V. kafli laganna er allur nýmæli og fjallar um afurðasölumál eggjaframleiðenda samkvæmt ósk þeirra. Falla þessi ákvæði í sama farveg og mörg önnur í lögunum, þ. e. að taka upp heildarskipulag allrar afurðasölu.

13. Í 14. gr. er ákvæði um að blómainnflutningur verði háður einkarétti landbúnaðarráðuneytis eins og innflutningur annarra matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu. Er það nýtt í lögum.

14. Í 50. gr. c-lið er heimild til töku verðjöfnunargjalds af eggjum. Er það í samræmi við V. kafla frv. Að öðru leyti eru heimildir til töku verðjöfnunargjalds af búvöru nokkuð rýmkaðar og gerðar almennar.

15. Í 54. gr. eru ákvæði um heimild Framleiðsluráðs til að hlutast til um sölumál nýrra búgreina, sem njóta réttinda og taka á sig skyldur eins og aðrar búgreinar. Er eðlilegt að halda opnum dyrum til slíks ef þörf krefur, án þess að lagabreytinga þurfi.

III. Þá vill Búnaðarþing benda á nokkur atriði í frv. minnihlutans, sem það telur viðsjárverð:

1. Úr kaflanum um verðákvörðun og verðskráningu eru felld ákvæðin um verðlagsgrundvöll búvöru. Er ætlast til að samið sé um verðlagsforsendur hverju sinni. Engin viðmiðun er í frv. nema sú (í 7. gr.), að bændum skuli ætlaðar sambærilegar tekjur og verkamönnum og iðnaðarmönnum, þegar framboð búvöru og eftirspurn eru í jafnvægi innanlands. Slík tilhögun getur ekki tryggt tekjur bænda. Engan veginn verður fallist á þá öryggissviptingu, sem í þessu felst, auk þess að vinna við samningsgerð hlýtur að taka gífurlegan tíma. Óljóst er hversu oft þyrfti að vinna það verk. Því ekki eru í frv. ákvæði um gildistíma, uppsagnarrétt né endurskoðunarrétt samninga. Þetta ylli bændum sýnilega miklu tjóni þegar verðlagning drægist, sérstaklega í sauðfjárrækt, þar eð afurðir koma á markað á stuttum tíma og á einum árstíma.

Í 12. gr., ákv. til bráðabirgða, eru ákv. um útflutningsbætur sem eiga að koma inn í verðlagssamninga. Er dregið úr þeim í áföngum, þær bundnar við sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu hvert fyrir sig og sett sem markmið að draga þær saman. Búnaðarþing telur óeðlilegt að minnka þennan rétt, enda dregst trygging þessi saman í krónutölu eftir því, sem dregið kynni að verða úr framleiðslu, að óbreyttum hundraðshluta. Ekki er óeðlilegt að rætt sé um hvort útflutningsbótum verði betur fyrir komið, en 10% reglan virðist sanngjörn viðmiðun með tilliti til framleiðslusveiflna og má líkja við atvinnuleysistryggingu. Vafamál er hins vegar hvort það er hyggilegt að binda þær hverri búgrein fyrir sig.

2. 8. gr. fjallar um samningsaðild við verðlagssamninga, þríhliða aðild framleiðenda neytenda og ríkis. Er hér nánast um að ræða sexmannanefnd að viðbættum fulltrúa ríkisins en við tilkomu hans breytist nefndin og verður að endanlegum gerðardómi þar sem afl atkvæða ræður. Þar eð ekki er gert ráð fyrir yfirnefnd er fulltrúa ríkisins ætlað að leitast við að fella verðlagningu búvöru að heildarefnahagsstefnu ríkisins. Almennt séð er líklegt að hann hallaðist að öðrum hvorum hópnum, þá væntanlega allajafna þeim sem halda vildi verðlagi niðri. Hitt gæti og hent að hann lenti í andstöðu við báða. Yrði þá aðild ríkisstjórnarinnar að samningum lítilvæg.

Hér fer mjög á snið við þá beinu samninga við ríkisstjórnina, sem bændur hafa beðið um. Mundu fáar stéttir vilja una slíkum kjaraákvörðunum án áfrýjunarréttar, auk þess sem sami dómstóll ætti að ákveða allar verðlagsforsendur.

3. Í frv. minnihl. kemur fram ákveðin andstaða gegn því markmiði að fella allar búgreinar undir söluskipulag, þegar þess er óskað. Þetta kemur fram í því að ekki eru tekin upp nein ákvæði um eggjaverslun, þrátt fyrir óskir samtaka framleiðenda (reyndar lagt til að sérstök lög verði sett um mat og flokkun eggja), sett er fram krafa um að undanþiggja svína- og fuglaframleiðslu kjarnfóðurgjaldi, ef upp yrði tekið, og þeirri framleiðslu haldið utan söluskipulags, ekki gert ráð fyrir söluskipulagi gróðurhúsaafurða og eftirliti með innflutningi þeirra af hálfu Fram-

leiðsluráðs. Þetta fer algerlega í bága við hugmyndir Búnaðarþings um framleiðslustjórn og söluskipulag á búvörum.

4. Ekki er gert ráð fyrir lágmarksverði eða bundnu verði búvara, heldur einungis (sbr. 7. gr.) hámarksheildsöluverði. Er þetta ólíkt ákvæðum launasamninga, sem yfirleitt munu binda lágmarkslaun. Þá er hinni almennu verðlagsnefnd ætlað að ákveða smásöluverð í stað sexmannanefndar eftir gildandi lögum og Framleiðsluráðs í frv. meirihlutans. Þessa tilhögun telur Búnaðarþing fráleita. Engin trygging er fyrir sérþekkingu á framleiðslu og sölumálum landb. í verðlagsnefnd, né heldur fyrir nægilega greiðri afgreiðslu í nefndinni.

5. Þá er í frv. minnihl. kveðið á um að ríkisstjórnin (en ekki Framleiðsluráð) taki ákvarðanir um verðjöfnun. Hún er einungis heimiluð til flutninga frá framleiðslustað á markaðsstað. Felldur er niður réttur til að styrkja flutninga milli sölusvæða á mjólk og mjólkurvörum. Með ákvæðum þessum er felld burt úr lögunum trygging neytenda fyrir því að fá vöruna á sama verði hvar sem er í landinu. Er hér stigið alvarlegt spor afturábak frá félagslegu sjónarmiði. Jafnframt fellur niður réttur bænda til að fá sama verð fyrir sömu vöru komna að vinnslustöð.

6. Í 3. gr. frv. er skilyrðislaust ákvæði um að fé, sem dregið er saman með kjarnfóðurskatti, gangi til þess eins að greiða bændum fyrir framleiðslusamdrátt. Er það til allmikils mælst að bændur skjóti saman fé í þessu skyni og standi undir því einir. Búnaðarþing telur, að réttmætt væri, að það væri kostað eingöngu af ríkisfé, að greiða þeim bændum uppbót, sem draga bú sín saman, skipulega og samningsbundið, en lágmark að ríkissjóður leggi fé til slíks að helmingi móti kjarnfóðurskattfé.

Búnaðarþing telur að stuðningur bænda við kjarnfóðurgjald hljóti að vera bundinn því að féð sé fyrst og fremst notað til að jafna útflutningshalla og til annarrar aðstöðujöfnunar og hagræðingar.

7. Þá er í 35. gr. frv. ákvæði um að ríkissjóður kosti starfsemi Framleiðsluráðs. Búnaðarþing telur fráleitt að gera Framleiðsluráð svo háð ríkisvaldinu og leggst gegn þessu ákvæði.

8. Í frv. er fellt niður ákvæði gildandi laga um gagnasöfnun hagstofunnar. Hér er um að ræða mjög þýðingarmikla undirstöðuþætti við gerð verðlagssamninga og mega þessi ákvæði engan veginn falla út."

Fylgiskjal II.

Ályktun aukafundar Stéttarsambands bænda um frumvarp til breytinga á Framleiðsluráðslögum.

Aukafundur Stéttarsambands bænda haldinn í Reykjavík 25. og 26. apríl 1979 vísar til fyrri samþykkta á stéttarsambandsfundum um nauðsyn þess, að lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. verði breytt á þann veg:

að teknir verði upp beinir samningar við ríkið um kjör bænda;
að verksvið Framleiðsluráðs verði rýmkað;
að heimilið verði stjórntæki til að halda framleiðslunni hæfilegri á hverjum tíma;
að ákvæði verði lögfest um áætlanagerð og skipulagningu búvöruframleiðslunnar, og að markvissari ákvæði verði sett um tekjutryggingu bænda samanborið við aðrar stéttir.

Fundurinn hefur fjallað um frumvarp það sem landbúnaðarráðherra hefur látið undirbúa um Framleiðsluráð landbúnaðarins, kjarasamninga bænda, stjórnun framleiðslu, verðskráningu, verðmiðlun, sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frumvarp þetta byggir í öllum meginatriðum á frumvarpi meirihluta „framleiðsluráðslaganefndar", sem skipuð var 26. maí 1976 og skilaði áliti 5. mars 1979. Um það frumvarp var fjallað á Búnaðarþingi 1979 og eindregið mælt með lögfestingu þess.

Fundurinn telur að með samþykkt frumvarps landbúnaðarráðherra yrðu lögfest þau meginatriði, sem bændasamtökin hafa barist fyrir á undanförnum árum.

Fundurinn mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi breytingum og fyrirvörum í túlkun einstakra greina:

I.

2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Gera skal áætlun til 5 ára í senn um þróun búvöruframleiðslunnar í samræmi við ákvæði 1. gr. og 5. liðs 4. gr., þau framleiðslumarkmið sem um semst í kjarasamningum bænda og Alþingi staðfestir með stefnumörkun fyrir landbúnaðinn. Áætlun þessa skal endurskoða, þegar þrjú ár eru liðin af hverju áætlunartímabili.

II.

Upphaf 8. gr. orðist svo:

Nú verður búvöruframleiðslan meiri en gert er ráð fyrir í áætlunum um framleiðslumagn og kjarasamningum bænda .....

III.

Niðurlag 12. gr. orðist:

Einnig er skylt að taka tillit til halla, sem kann að verða af óhjákvæmilegum útflutningi landbúnaðarafurða, enda sé framleiðslumagn í eðlilegu samræmi við þau framleiðslumarkmið, sem um hefur samist og Alþingi samþykkt.

Auk þessa gerir fundurinn þá ábendingu að þess verði getið í athugasemdum við greinina hvað við sé átt þar sem stendur: „...enda sé framleiðslumagn í eðlilegu samræmi við þau framleiðslumarkmið, sem Alþingi setur".

Þar komi fram að ætlast sé til, að tillit sé tekið til þess að óhjákvæmilega verði vissar sveiflur á framleiðslumagni vegna árferðis og að sveiflur, sem kunna að verða á heildarneyslu búvara, bitni ekki á fjárhag bænda.

Við mat á því hvað teljast eðlilegar sveiflur verði tekið mið af framleiðslusveiflum, sem orðið hafa vegna árferðisbreytinga, og þeim sveiflum, sem orðið hafa á heildarneyslu búvara. Ef sérstakar breytingar kynnu að verða á neyslu búvara vegna breytinga á aðstæðum í þjóðfélaginu, sem bændur geta ekki ráðið við og ekki verða séðar fyrir, verði tekið tillit til þessa.

IV.

Í 13. gr. bætist eftirfarandi málsgrein, er komi á eftir 3. málsgrein:

Nú kemur í ljós við rannsókn, sem kjaranefnd lætur gera, að bændur hafa eitthvert ár ekki náð tekjum í samræmi við rauntekjur viðmiðunarstéttanna og ber þá kjaranefnd að leita orsaka og taka tillit til þess við verðlagningu næsta árs.

V.

Með ákvæðum 23. greinar fellur niður að 5 árum liðnum réttur bænda til útflutningsbóta, er nemi 10% af verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar. Að þessum tíma liðnum yrðu útflutningsbætur samningsatriði í kjarasamningum bænda við ríkisvaldið m. a. samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Fundurinn bendir á að 5 ár kunna að reynast of skammur tími til að ná þeim árangri, sem stefnt er að með áætlanagerð og til aðlögunar framleiðslunnar og leggur áherslu á að tekið verði tillit til þess við gerð kjarasamninga og stefnumörkun Alþingis.

Fundurinn bendir sérstaklega á, að samdráttur í framleiðslu hefðbundinna búgreina, einkum sauðfjárræktar, má ekki verða með þeim hætti eða svo ör, að það leiði til fækkunar bænda eða stefni í hættu þeim byggðarlögum, sem standa höllum fæti.

Fundurinn getur ekki fallist á að fella niður rétt til útflutningsbóta skv. 12. gr. gildandi laga nema ótvírætt komi fram í hinum nýju lögum að fullkomlega sé

tryggt, að bændur fái umsamið verð fyrir það magn búvöru, sem við er miðað við gerð verðlagssamninga hverju sinni.

Fundurinn telur, að þessi grein sé algjörlega ófullnægjandi til að tryggja búsetu á svæðum með erfiða búskaparaðstöðu og getur því aðeins fallist á þessa breytingu, að reglum og starfsháttum Byggðasjóðs verði breytt þannig, að hann sinni þessu verkefni á viðunandi hátt.

VI.

Fundurinn telur, að breyting sú, sem gerð var á framleiðsluráðslögunum á Alþingi 6. apríl s. l., verði torveld í framkvæmd og sé í ýmsum atriðum mjög óskýr og leggur áherslu á að úr því verði bætt við meðferð málsins nú.

Ennfremur telur fundurinn nauðsynlegt, að Framleiðsluráð fái rýmri heimildir til beitingar kjarnfóðurgjalds en gert er ráð fyrir í frumvarpinu, svo betur megi laga að aðstæðum hverju sinni.

Fylgiskjal III.

Bréf Sambands eggjaframleiðenda dags. 3. mars 1977.

Samband eggjaframleiðenda hélt félagsfund 10. febr., og var þar samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Almennur félagsfundur Sambands eggjaframleiðenda haldinn að Útgarði Glæsibæ, Reykjavík þann 18. febr. 1977 felur stjórn sambandsins að vinna að athugun á því, á hvern hátt framleiðsla alifugla verði felld undir söluskipulag búvöru".

Eins og yður mun vera kunnugt, hefur að undanförnu ríkt algert öngþveiti í sölumálum eggjaframleiðenda, og þess vegna er tillaga þessi komin fram.

Í framhaldi af þessu eru það vinsamleg tilmæli stjórnar Sambands eggjaframleiðenda, að stjórn Stéttarsambands bænda athugi þetta mál og hefji viðræður við okkur til þess að vita, hvort einhver grundvöllur sé fyrir því, að hægt verði að þoka þessum málum áfram.

Formaður Sambands eggjaframleiðenda er nú Þórarinn Sigurjónsson bústjóri, Laugardælum.

Virðingarfyllst,
F. h. Sambands eggjaframleiðenda,
Einar Tönsberg.

Til formanns Stéttarsambands bænda.

Fylgiskjal IV.

Álit nefndar er Framleiðsluráð landbúnaðarins skipaði, varðandi skipulag sölumála alifuglaafurða o. fl.

Þann 24. mars 1977 skipaði Framleiðsluráð nefnd, til að gera tillögur um ýmis mál sem tengd eru alifuglarækt.

Nefndina skipuðu þeir: Þórarinn Sigurjónsson, Laugardælum, formaður, Jón M. Guðmundsson, Reykjum, Gísli Andrésson, Hálsi, Einar Tönsberg, Reykjavík, og Jón Ragnar Björnsson, Reykjavík. Nefndin skilaði áliti til Framleiðsluráðs þann 16. júní 1977. Á fundi Framleiðsluráðsins þann 16. september 1977 var tekið fyrir og rætt nefndarálit þetta.

Var í þessu skyni ákveðið að beina því til nefndarinnar, að hún hefði málið áfram til athugunar og gerði tillögur um eftirfarandi atriði:

1. Semja sérstök ákvæði í lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins um verðlagningu á eggjum.
2. Endurskoða ákvæði laganna um Stofnlánadeild landbúnaðarins er lúta að gjaldtöku af eggjum og alifuglaafurðum og samskonar ákvæði um lögin um Búnaðarmálasjóð.

3. Breytingu á lögum um Framleiðsluráð varðandi mat á alifuglaafurðum, eða a. m. k. heimild til reglugerðar um það efni.
4. Lögfesta ákvæði um meðferð alifugla við slátrun, útbúnað sláturhúsa o. fl. í því sambandi.

Nefndin kom fyrst saman hinn 21. febrúar s. l. Hefur hún síðan haldið 7 fundi. Nefndin hefur orðið sammála um að gera tillögur um eftirfarandi:

Um verðlagningu alifuglaafurða.

Eftirfarandi verði bætt í lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. sem sérstakri grein, er komi í 2. kaflanum um verðskráningu:

Sexmannanefnd ákveður verð alifuglaafurða til framleiðenda, samtímis verðákvörðun á öðrum landbúnaðarvörum. Verðlagning sexmannanefndar skal byggð á sérstökum verðlagsgrundvelli fyrir eggjaframleiðslu og öðrum fyrir kjúklingaframleiðslu, enda hafi orðið samkomulag um grundvellina í sexmannanefnd. Samband eggjaframleiðenda skal gera tillögur um þessa verðlagsgrundvelli. Nú næst ekki meirihluti í sexmannanefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvalla eða varðandi verðlagningu söluvara, og skal þá vísa ágreiningsatriðum til sáttasemjara og yfirnefndar á sama hátt og um getur í 3. málsgr. 6. gr.:

Þó skal Sambandi eggjaframleiðenda heimilt að víkja frá skráðu verði til lækkunar, eða allt að 10% upp fyrir skráð verð eftir markaðsaðstæðum, hverju sinni.

Þá leggur nefndin til, að nýr kafli komi inn í Framleiðsluráðslögin er beri heitið:

Um sölu og meðferð alifuglaafurða.

Framleiðsluráð hefur eftirlit með sölu alifuglaafurða og sér um að þær séu flokkaðar og metnar eftir tegundum og gæðum. Óheimilt er að selja alifuglakjöt á opinberum markaði, nema fuglunum sé slátrað í sláturhúsum, sem landbúnaðarráðuneytið hefur viðurkennt, að fengnum tillögum frá yfirdýralækni.

Sett skal reglugerð um sölu og meðferð alifuglaafurða. Í reglugerð þessari skal fram tekið m. a.

1. Um búnað og rekstur alifuglasláturhúsa og eggjadreifingastöðva.
2. Um mat og flokkun alifuglaafurða.
3. Um skipulag framleiðslunnar og sölu afurðanna.

Í þriðja lagi leyfir nefndin sér að leggja til, að eftirfarandi viðauka verði bætt aftan við 2. tölulið 4. gr. laga nr. 45, 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám og byggingar í sveitum:

Þó skal gjald af alifuglaafurðum miðað við, að framleiðendur þeirra greiði hlutfallslega sömu fjárhæð miðað við laun, eins og þau eru í verðlagsgrundvöllum landbúnaðarafurða, sem ákveðnir eru af sexmannanefnd skv. Framleiðsluráðslögunum. Skulu fuglasláturhús og eggjamiðstöðvar annast innheimtu og vera ábyrg fyrir skilum á gjaldi þessu til Framleiðsluráðs.

Hliðstæðar breytingar leggur nefndin til að gerðar verði á gjaldtöku alifuglaafurða til Búnaðarmálasjóðs.

Í reglugerðum skal nánar kveðið á um, hver prósentutala þessara gjalda skuli vera.

Reykjavík, 24. ágúst 1978.

Þórarinn Sigurjónsson.
Gísli Andrésson.
Jón M. Guðmundsson.
E. Tönsberg.
Jón Ragnar Björnsson.

Sþ. 27. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um málefni hreyfihamlaðra.

Flm.: Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera úttekt og kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang, og að settar verði nauðsynlegar reglugerðir til skipulegra aðgerða í þessu skyni.

Greinargerð.

Þörfin fyrir samhjálp er víða og hún mikil. Á síðasta Alþingi náðist víðtæk samstaða um heildarlöggjöf um málefni þroskaheftra, sem mun marka tímamót ef rétt verður á haldið.

Nauðsyn ber til að hvetja stjórnvöld til virks stuðnings við alla viðleitni til að skapa fötluðu fólki aðstöðu til að taka þátt í daglegu lífi og til að gera mögulegt að nýta starfskrafta þess og hæfileika fyrir þjóðfélagið við ýmis störf.

Endurhæfing, starfsþjálfun og atvinnuskilyrði eru að sjálfsögðu þýðingarmikill þáttur í þessu öllu, en meira þarf til.

Komið hefur fram, að það hefur farið fram hjá flestum, er séð hafa um hönnun framkvæmda og byggingarstarfsemi í landinu, að taka tillit til hreyfihamlaðs fólks til að komast í og um flestar byggingar. Dæmin um þetta blasa svo til alls staðar við. Í nýjum byggingarlögum er þetta leiðrétt, þannig að gera má ráð fyrir að hér eftir verði fullt tillit tekið til þessa við hönnun og byggingu nýrra mannvirkja. Verður að sjá svo um, að reglugerðir og byggingarsamþykktir taki af allan vafa um það. En brýnasta þörfin í dag er að framkvæma nauðsynlegar breytingar á eldri byggingum og þeim sem nú eru í smíðum, ekki síst opinberum byggingum, svo sem heilsugæslustöðvum, skólum, samkomuhúsum, söfnum, verslunum o. s. frv., til að auðvelda þessu fólki greiðan aðgang. Hér þarf til að koma reglugerð, svo að gert verði skipulegt átak til framkvæmda sem tekið verði tillit til við gerð fjárlaga ríkisins og fjárhagsáætlana sveitarfélaga.

Sérstök nefnd fatlaðra, ferlinefnd fatlaðra, hefur unnið að þessu máli sérstaklega. Sendi hún frá sér bréf til ýmissa aðila, sem hljóðar svo:

„Ferlinefnd fatlaðra leitar liðsinnis yðar til þess að auðvelda fötluðu og öldruðu fólki að komast leiðar sinnar. Þegar skammtíma- og varanleg hreyfihömlun gerir armstafi eða hjólastóla að nauðsynlegu hjálpartæki koma oft í ljós annmarkar á húsnæði og umhverfi, svo sem of þröngar dyr og of háir þröskuldar, of lítil salerni, stigar og tröppur, þar að auki oft án handriðs, of þröng lyfta og tröppur að lyftu, gangstétt og bílastæði með föstu slitlagi er ekki í námunda við útidyr. Ef breyta á gömlu húsnæði eða byggja nýtt, hvort heldur er um að ræða íbúðar-, atvinnu- eða þjónustuhúsnæði, er nauðsynlegt að muna eftir hreyfihömluðu fólki áður en framkvæmdir hefjast.

Við biðjum yður vinsamlegast að hafa vandamál hreyfihamlaðra í huga og treystum á liðveislu yðar.“

Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu vill flutningsmaður vekja sérstaka athygli á þessu máli og væntir þess, að með samþykkt tillögunnar verði hafið skipulagt átak við þetta brýna verkefni.

Ed. 28. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 1971, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

1. gr.

B-liður 1. málsgr. 39. gr. laganna orðist svo:

Að veita styrk til öflunar hjálpartækja, sem nauðsynleg eru vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi eða vöntunar líkamshluta.

Skal styrkurinn einnig gilda um vistfólk á stofnunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á nýafstöðnu þingi Landssamtakanna Þroskahjálpar kom fram svo hljóðandi tillaga frá Jóhanni Guðmundssyni lækni og stjórnarmanni í Þroskahjálp og var einróma samþykkt:

„Landsþing Þroskahjálpar, haldið 23. sept. 1979, samþykkir að fara þess á leit við yfirvöld tryggingarmála, að þau beiti sér fyrir því að hjálpartæki fyrir þroskahefta verði greidd af Tryggingastofnun ríkisins. Þar sem þarfir fyrir slík hjálpartæki eru augljóslega mismunandi eftir stofnunum er erfitt að reikna þennan kostnað inn í daggjöld þeirra. Því verður að teljast eðlilegt í framkvæmd að Tryggingastofnun ríkisins greiði þennan kostnað beint eins og gert er þegar um kaup á hjálpartækjum til annarra þjóðfélagsþegna er að ræða."

Til að koma þessari samþykkt á framfæri er frumvarp þetta flutt. Full ástæða er til að vekja athygli á því, að hér er um mikið misrétti að ræða, sem síðar verður gerð ítarleg grein fyrir.

Sþ. 29. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um útibú frá Veiðimálastofnun.

Flm.: Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma á fót útibúi frá Veiðimálastofnun á Austurlandi. Skal að því stefnt að útibúið geti tekið til starfa á árinu 1980.

Greinargerð.

Áhugi fyrir laxarækt á Austurlandi hefur farið sívaxandi og hefur hinn aldni bændahöfðingi Sveinn Jónsson á Egilsstöðum haft þar um lofsverða framgöngu og beitt sér fyrir málum af eldlegum áhuga. Um þetta efni flutti hann m. a. hið merkasta erindi á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi á Eiðum 1978 og sá fundur lýsti yfir eindregnum stuðningi við meginhugmyndir hans. Fyrir forgöngu Sveins á Egilsstöðum var þetta mál svo tekið fyrir hjá Landssambandi veiðifélaga og frá þeim samtökum barst í vor bréf um þetta mál til fjárveitinga-

nefndar og er það birt hér sem fylgiskjal til rökstuðnings. Meginatriði í erindi Sveins Jónssonar sem viðbótarrök við meðfylgjandi fylgiskjal verða svo kynnt í framsögu.

Vegna hins óvenjulega ástands nú varðandi fjárlagagerð þykir flm. rétt að hreyfa málinu nú þegar, en síðar mun því fylgt rækilegar eftir.

Fylgiskjal.

Landssamband veiðifélaga
Hótel Sögu
Reykjavík.
18. maí 1979.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Undanfarin ár hefur verið unnið mikið starf til undirbúnings aukinni laxarækt á Austfjörðum. Sums staðar hefur þegar náðst ágætur árangur, svo sem í Breiðdal. Annars staðar eru tilraunir í gangi, til dæmis í Berufirði, þar sem Veiðimálastofnunin stendur fyrir hafbeitartilraunum með styrk frá Norðurlandaráði. Þær tilraunir eru sérlega mikilvægar, þar sem ætla má að niðurstöður þaðan gildi í stórum dráttum um ýmsar aðrar ár á Austfjörðum.

Á Lagarfljótssvæðinu hafa undirbúningsrannsóknir þegar farið fram. (Sjá skýrslur Teits Arnlaugssonar frá árunum 1977 og 1978, sem fylgja hér með.) Framkvæmdaáætlanir, byggðar á þessum rannsóknum, liggja að nokkru fyrir, og hefjast seiðasleppingar samkvæmt þeim væntanlega nú snemma í sumar.

Víða annars staðar er áhugi fyrir hendi, en skortur á vettvangsrannsóknum hindrar frekari framkvæmdir. Veiðimálastofnunin í Reykjavík hefur gert sitt besta til að sinna þessu svæði, en fjarlægðin takmarkar þá þjónustu verulega. Landssamband veiðifélaga telur því aðkallandi að á Egilsstöðum verði komið upp rannsóknaútibúi frá Veiðimálastofnuninni, svipað því sem starfrækt er í Borgarnesi fyrir Vesturlandskjördæmi og Vestfirði.

Slíkt útibú ætti að geta annast vettvangsrannsóknir og ráðgjafastörf á Austurlandi. Meðal annars er mjög áríðandi að kanna strax möguleika á gönguseiðasleppingum í sem flestum laxlitlum eða laxlausum ám á svæðinu til undirbúnings áætlunum um klak- og eldisstöð, sem áhugi er fyrir að reist verði á Egilsstöðum með þátttöku margra sveitarfélaga austur þar.

Slíkar rannsóknir þurfa að standa það lengi, að illmögulegt er að sinna þeim frá Reykjavík. Landssamband veiðifélaga fer því þess á leit við hæstvirta fjárveitinganefnd, að hún hlutist til um að fé verði veitt til stofnunar og rekstrar þessa rannsóknarútibús þegar á fjárlögum næsta árs. Áætlanir um fjárþörf og tilhögun greiðslna mun Veiðimálastofnunin gera og koma á framfæri við yður.

Með von um góðar undirtektir yðar.

Virðingarfyllst,

f. h. Landssambands veiðifélaga

Valgerður K. Brand

Nd. **30. Frumvarp til laga** [28. mál]

um breyting á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 101. löggjafarþingi 1979.)

5. gr. laganna orðist svo:

Kjaranefnd landbúnaðarins, tilnefnd af samtökum framleiðenda og ríkisstjórninni, skal á grundvelli ákvæða 4. gr. ákveða afurðaverð til framleiðenda og verð á landbúnaðarvörum í heildsölu og smásölu samkvæmt nánari ákvæðum laga þessara. Jafnframt skal kjaranefnd semja um ákveðið magn framleiðslu í hverri búgrein sem framleiðendum er tryggt fullt verð fyrir.

Kjaranefnd er heimilt að semja um fjárframlög ríkisins til landbúnaðarins í því skyni að markmiðum 4. gr. verði náð, enda sé gert ráð fyrir slíkum framlögum í fjárlögum. Þar á meðal er heimilt að ákveða framleiðslustyrki til einstakra byggðarlaga, þar sem framleiðsluskilyrði eru erfið. Einnig er heimilt að semja um tilhögun niðurgreiðslna búvöruverðs á innlendum markaði.

Af hálfu framleiðenda tilnefnir stjórn Stéttarsambands bænda tvo menn í nefndina en Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann. Ríkisstjórnin tilnefnir þrjá menn. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Fulltrúar ríkisins í nefndinni skulu, auk þess sem þeir gæta þess að fylgt sé ákvæðum 4. gr., gæta hagsmuna neytenda í landinu og er ríkisstjórninni rétt að velja þá með tilliti til þess. Kjaranefnd skal skipa til eins árs í senn og skal hún fullskipuð 15. júní ár hvert.

Skylt er að gefa fulltrúum samtaka þeirra aðila er vinna að sölu og vinnslu búvara kost á að mæta á fundum kjaranefndar þegar fjallað er um mál er varða þá sérstaklega.

Hagstofustjóri og forstöðumaður Búreikningastofunnar skulu vera kjaranefnd til aðstoðar.

2. gr.

3. málsgr. 6. gr. orðist svo:

Náist ekki samkomulag í kjaranefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, eða varðandi verðlagningu söluvara samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar, skal vísa ágreiningnum til þriggja manna yfirnefndar er fellir fullnaðarúrskurð.

Hvor nefndarhluti kjaranefndar tilnefnir einn mann í nefndina, þó ekki úr hópi nefndarmanna, en oddamaður skal tilnefndur af nefndinni í heild. Fái enginn stuðning meirihluta kjaranefndar sem oddamaður, tilnefnir Hæstiréttur oddamanninn. Skipa skal varamenn á sama hátt.

Úrskurði yfirnefndar skal fylgja rökstudd greinargerð.

3. gr.

Í stað orðsins „neytenda“ í 7. gr. komi: ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Framan við 9. gr. bætist nýr málsliður, er orðist svo:

Heimilt er Framleiðsluráði að ákveða frávik til hækkunar eða lækkunar frá skráðu heildsölu- og smásöluverði eftir árstímum eða markaðsástandi hverju sinni, enda skili heildarsala ársins réttu meðalverði. Í þessu sambandi eru Framleiðsluráði heimilar aðgerðir til verðjöfnunar milli söluaðila, svo slík ákvörðun raski ekki möguleikum til að bændur fái sama verð fyrir sams konar vöru á viðkomandi verðlagstímabili.

5. gr.

Þar sem orðið „sexmannanefnd“ kemur fyrir í lögum þessum skal í staðinn koma orðið „kjaranefnd“.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kjaranefnd skal taka þegar til starfa. Nefndin skal m. a. taka til skoðunar verðlagningu búvara, söluvanda landbúnaðarins, þörf fyrir auknar útflutningsbætur og áhrif harðindanna á stöðu landbúnaðarins.

Í samningum um framleiðslumagn skal þess gætt að ekki komi til röskunar búsetu í landinu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir, að lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins verði breytt m. a. á þann hátt að teknir verði upp beinir samningar fulltrúa bænda og ríkisvaldsins um verðlags-, framleiðslu- og önnur hagsmunamál landbúnaðarins.

Ekki hefur náðst samstaða milli stjórnarflokkanna um heildarendurskoðun Framleiðsluráðslaganna. Því var á s.l. vori flutt frumvarp sem gerði ráð fyrir að aðeins yrði breytt þeim ákvæðum sem fjalla um skipun sexmannanefndar og yfirnefndar í það horf að ríkisstjórnin tilnefni fulltrúa í þessar nefndir í stað samtaka launþega eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum.

Frumvarp þetta hlaut ekki afgreiðslu fyrir þinglok í vor og er nú endurflutt með nokkrum breytingum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir mun víðtækara verksviði samninganefndarinnar en verið hefur skv. gildandi lögum. Þegar ríkisvaldið er orðið þátttakandi í samningagerðinni skapast grundvöllur til samninga á breiðum grundvelli um kjaramál bænda.

Mjög er brýnt að slíkir samningar geti hafist sem fyrst, þar sem leitað verði leiða til lausnar þess vanda sem nú er í framleiðslu- og sölumálum landbúnaðarins og að því unnið að aðlaga landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðarinnar betur en nú er.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um skipun og verksvið samninganefndarinnar. Meginbreytingin er sú að gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin skipi þrjá menn í nefndina í stað Alþýðusambands Íslands, Landssambands iðnaðarmanna og Sjómannafélags Reykjavíkur, sem samkv. gildandi lögum hafa rétt til að skipa menn í nefndina. Niður eru felld ákvæði um hvernig með skuli fara ef einhver aðili tilnefnir ekki menn í nefndina. Naumast er ástæða til að gera ráð fyrir að til slíks komi þegar um er að ræða beina samninga við ríkisvaldið.

Með tilliti til þess að samninganefndinni er nú ætlað mun víðtækara verksvið, er lagt til að heiti hennar verði breytt og hún nefnd Kjaranefnd landbúnaðarins.

Nefndinni er ætlað að semja um ákveðið magn framleiðslu í hverri búgrein sem bændum sé tryggt fullt verð fyrir. Með slíkum samningum skapast möguleikar á að aðlaga búvöruframleiðsluna markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Ljóst er þó, að breytingar á framleiðslumagni einstakra búgreina þurfa nokkurn aðdraganda, ef ekki á að hljótast af alvarleg röskun á högum bænda og á byggð.

Gert er ráð fyrir að kjaranefnd geti samið um sérstök fjárframlög ríkisins í því skyni að ná tekjumarkmiðum, enda sé gert ráð fyrir slíkum framlögum á fjárlögum.

Slík framlög yrðu metin jafngildi tekna og þannig komist hjá því að allar kjarabætur til bænda leiði sjálfkrafa til hækkunar á verði búvara. Á sama hátt mætti einnig jafna afkomu bænda og aðstöðu frumbýlinga án þess að slíkt leiði til hækkunar á tekjum bænda almennt eða til hækkunar á verði búvara. Einnig er gert ráð fyrir að semja megi um framleiðslustyrki til einstakra byggðarlaga þar sem framleiðsluskilyrði eru erfið eða skortur á búvörum, s.s. mjólk, og semja um tilhögun niðurgreiðslna á innlendum markaði.

Þá er gert ráð fyrir að fulltrúar þeirra aðila, sem annast verslun og iðnað úr búvörum, fái tækifæri til að sitja fundi kjaranefndar, þegar fjallað er um mál er varða þessar atvinnugreinar sérstaklega.

Um 2. gr.

Felld eru niður ákvæði í 3. málslið 6. gr. um starf sáttasemjara í þessum málum, en gert ráð fyrir að ágreiningsefnum sé vísað beint til yfirnefndar.

Þá eru felld niður ákvæði 3. málsliðar greinarinnar um hvernig með skuli fara ef málsaðilar nota ekki rétt til að tilnefna menn í yfirnefnd.

Um 3. gr.

Greininni er breytt til samræmis við það að gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin verði aðili að kjaranefnd.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir því að Framleiðsluráði verði heimilaðar árstíðabundnar hækkanir eða lækkanir frá skráðu heildsöluverði og smásöluverði, ef markaðsaðstæður mæla með því, að því tilskildu að rétt meðalheildsöluverð náist fyrir framleiðsluárið eða tiltekið sölutímabil. Eðlilegt þykir að hafa þennan sveigjanleika á verðlagningu, sem ætti að geta komið bæði neytendum og framleiðendum til góða. Ef slíkar breytingar eru viðhafðar er nauðsynlegt að hafa heimild til verðjöfnunar á milli söluaðila þannig að bændur geti þrátt fyrir þetta fengið sama verð fyrir sömu vöru á verðlagstímabilinu.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um gildistöku laganna. Gert er ráð fyrir að kjaranefnd verði skipuð strax að lokinni samþykkt laganna.

Ed. 31. Frumvarp til laga [29. mál]

um stöðvun verkfalls á farskipum og verkbannsaðgerða Vinnuveitendasambands Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 101. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm sem ákveði fyrir 1. ágúst 1979 kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum.

2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups, kjara og launakerfis áhafna á farskipum meðal annars hafa hliðsjón af eftirfarandi:

a) Þeim atriðum, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, svo sem um breytta vinnutilhögun.
b) Síðast gildandi kjarasamningum áhafna á farskipum og launa- og kjarabreytingum, sem samið hefur verið um milli fulltrúa vinnuveitenda og stéttarfélaga í öðrum starfsgreinum, frá því samningar áhafna voru síðast gerðir og þar til dómur gengur.
c) Sérstöðu farmanna að því er varðar langar fjarvistir frá heimili og einangrun á vinnustað svo og þeirri menntun, ábyrgð og verkkunnáttu, sem störf þeirra gera kröfu til.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkbönn og verkföll, sem lög þessi taka til, þar á meðal þau, sem gerð eru í samúðarskyni til þess að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, þar með framhald þeirra verkbanns- og verkfallsaðgerða á farskipum, sem nú standa, svo og boðaðar verkbannsaðgerðir Vinnuveitendasambands Íslands 25. júní n. k.

5. gr.

Kostnaður við störf kjaradóms samkv. 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda, eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1979. Úrskurður kjaradóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 30. nóvember 1979 er úrskurður kjaradóms uppsegjanlegur af hvorum aðila um sig með eins mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1979 gildir úrskurður kjaradóms á meðan honum er ekki sagt upp.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalls á farskipum og verkbannsaðgerða Vinnuveitendasambands Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að verkfall yfirmanna á farskipum hafi staðið frá 25. apríl s. l. og frá 3. júní s. l. hjá undirmönnum innan Sjómannafélags Reykjavíkur á farskipum aðila innan Vinnuveitendasambands Íslands. Þá hafi Vinnuveitendasamband Íslands lagt verkbann á undirmenn á farskipum frá 11. maí s. l. og auk þess boðað vegna þessara deilna víðtækt verkbann, sem að óbreyttu muni hefjast 25. júní n. k. Sáttatilraunir hafi reynst árangurslausar og engar horfur séu taldar á lausn deilnanna. Verkbann þetta og verkfall hafi þegar valdið landsmönnum erfiðleikum, tjóni og vöruskorti víða um land og muni fyrirsjáanlega valda stórfelldum truflunum og stöðvun í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum landsmanna verði framhald á þeim. Því telji ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun á rekstri farskipa og binda endi á deilur þessar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm sem ákveði fyrir 1. ágúst 1979 kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum.

2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups, kjara og launakerfis áhafna á farskipum meðal annars hafa hliðsjón af eftirfarandi:

a) Þeim atriðum, sem samkomulag hefur orðið um á sáttastigi málsins milli áhafna og eigenda farskipa, svo sem um breytta vinnutilhögun.
b) Síðast gildandi kjarasamningum áhafna á farskipum og launa- og kjarabreytingum, sem samið hefur verið um milli fulltrúa vinnuveitenda og stéttarfélaga í öðrum starfsgreinum, frá því samningar áhafna voru síðast gerðir og þar til dómur gengur.
c) Sérstöðu farmanna að því er varðar langar fjarvistir frá heimili og einangrun á vinnustað svo og þeirri menntun, ábyrgð og verkkunnáttu, sem störf þeirra gera kröfu til.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkbönn og verkföll, sem lög þessi taka til, þar á meðal þau, sem gerð eru í samúðarskyni til þess að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, þar með framhald þeirra verkbanns- og verkfallsaðgerða á farskipum, sem nú standa, svo og boðaðar verkbannsaðgerðir Vinnuveitendasambands Íslands 25. júní n. k.

5. gr.

Kostnaður við störf kjaradóms samkv. 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda, eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1979. Úrskurður kjaradóms skv. 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 30. nóvember 1979 er úrskurður kjaradóms uppsegjanlegur af hvorum aðila um sig með eins mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót.

Eftir 31. desember 1979 gildir úrskurður kjaradóms á meðan honum er ekki sagt upp.

Gjört að Bessastöðum 19. júní 1979.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Ed. 32. Frumvarp til laga [30. mál]

um hækkun olíugjalds til fiskiskipa og heimild til ríkisábyrgðar á skuldbreytingalánum vegna halla á innkaupajöfnunarreikningum fyrir olíu.

(Lagt fyrir Alþingi á 101. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 4 2. mars 1979, sbr. lög nr. 69 11. júní 1979, orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 15% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Af olíugjaldi þessu skulu 3% koma til hlutaskipta og aflaverðlauna skv. kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna en 12% ekki.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast skuldbreytingalán, sem viðskiptabankar í eigu ríkisins veita olíufélögunum, vegna halla, sem myndast hefur fram til 20. júlí 1979 og myndast kann fram til loka september-mánaðar 1979 á innkaupajöfnunarreikningum þeirra fyrir gasolíu, að fjárhæð allt að 2 800 milljónum króna, með skilmálum, sem fjármálaráðherra ákveður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka ákvæði 1. gr. til fiskafla og hlutaskipta á tímabilinu frá og með 20. júlí til 30. september 1979, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti. Eftir 30. september 1979 taka gildi að nýju ákvæði 1. gr. laga nr. 4 2. mars 1979, sbr. 1. gr. laga nr. 69 11. júní 1979 um þetta efni.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um hækkun olíugjalds til fiskiskipa og heimild til ríkisábyrgðar á skuldbreytingalánum vegna halla á innkaupajöfnunarreikningum fyrir olíu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að óhjákvæmilegt hafi reynst að hækka olíuverð til fiskiskipa frá 20. júlí 1979 vegna sífelldrar hækkunar á innflutningsverði olíu. Mikilvæg forsenda síðustu fiskverðsákvörðunar hafi verið, að olíuverð til fiskiskipa héldist óbreytt eða gerðar yrðu ráðstafanir til þess að frekari hækkun þess mæddi ekki á sjávarútveginum á gildistíma fiskverðsins. Af þessum sökum beri brýna nauðsyn til að hækka tímabundið olíugjald til fiskiskipa um 8% frá og með 20. júlí 1979, og komi 3% af þessari hækkun olíugjalds til skipta milli sjómanna og útgerðarmanna. Jafnframt sé nauðsynlegt að afla heimildar til þess að veita ríkisábyrgð á skuldbreytingalánum vegna halla á innkaupajöfnunarreikningum olíufélaganna fyrir olíu, til þess að færi gefist til að dreifa óhjákvæmilegri hækkun á olíuverði innanlands yfir lengri tíma en ella.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laga nr. 4 2. mars 1979, sbr. lög nr. 69 11. júní 1979, orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 15% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Af olíugjaldi þessu skulu 3% koma til hlutaskipta og aflaverðlauna skv. kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna en 12% ekki.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast skuldbreytingalán, sem viðskiptabankar í eigu ríkisins veita olíufélögunum, vegna halla, sem myndast hefur fram til 20. júlí 1979 og myndast kann fram til loka september-mánaðar 1979 á innkaupajöfnunarreikningum þeirra fyrir gasolíu, að fjárhæð allt að 2 800 milljónum króna, með skilmálum, sem fjármálaráðherra ákveður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka ákvæði 1. gr. til fiskafla og hlutaskipta á tímabilinu frá og með 20. júlí til 30. september 1979, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti. Eftir 30. september 1979 taka gildi að nýju ákvæði 1. gr. laga nr. 4 2. mars 1979, sbr. 1. gr. laga nr. 69 11. júní 1979 um þetta efni.

Gjört í Reykjavík, 20. júlí 1979.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Ed. 33. Frumvarp til laga [31. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1976, um námslán og námsstyrki.

(Lagt fyrir Alþingi á 101. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Lánasjóði er heimilt að veita fjárhagsaðstoð öðrum námsmönnum en þeim, sem tilgreindir eru í 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, enda hafi námsmenn þessir náð a. m. k. 20 ára aldri á því almanaksári þegar lán eru veitt, og stundi sérnám. Þrátt fyrir skilyrði 1. gr. er Lánasjóði heimilt að veita fjárhagsaðstoð til náms erlendis, verði hliðstætt nám eigi stundað á Íslandi.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Opinber aðstoð við námsmenn skv. lögum þessum skal nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til tekna námsmanns og maka hans, fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar í því landi þar sem nám er stundað, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skulu sett skv. ákvæðum 16. gr.

3. gr.

Við 3. mgr. 6. gr. bætist:

Stjórninni er heimilt að taka fullnægjandi veðtryggingu í stað ábyrgðaryfirlýsinga, ef lánþegi óskar þess.

4. gr.

8. gr. orðist svo:

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi skv. 3. mgr. 7. gr. miðast við vergar tekjur til skatts næsta ár á undan afborgunarári. Af tekjum umfram viðmiðunartekjur, sbr. 9. gr., greiðist hið minnsta 5% en a. m. k. 10% af tekjum umfram tvöfaldar viðmiðunartekjur. Séu eftirstöðvar ásamt verðbótum lægri en hér greinir skal endurgreiðsla þó aðeins nema þeirri upphæð.

Sé lánþegi giftur/kvæntur eða í sambúð miðast árleg endurgreiðsla við vergar tekjur fjölskyldunnar, sbr. einnig ákvæði 9. gr. um viðmiðunartekjur.

Skuldi hjón bæði námslán skv. lögum þessum skiptist árleg endurgreiðsla skv. 1.—2. mgr. á lán þeirra hvors um sig í hlutfalli við eftirstöðvar hvors láns.

Endurgreiðslur skulu standa yfir í 20 ár hið lengsta. Eftirstöðvar lánsins eru þá óafturkræfar, sbr. þó ákvæði 11. gr.

Ráðherra getur sett reglur er heimila stjórn Lánasjóðs að gefa undanþágur frá endurgreiðslureglum er sérstakar ástæður eru til. Stjórn sjóðsins er og heimilt að leyfa örari endurgreiðslur, sé þess óskað.

Nú kemur í ljós að námsaðstoð hefur verið veitt á röngum forsendum vegna vísvitandi rangra upplýsinga af hálfu umsækjanda, og skal aðstoðin þá endurkræf þegar í stað.

Við útgáfu skuldabréfs skv. 3. mgr. 7. gr. falla niður skuldbindingar ábyrgðarmanna skv. 3. mgr. 6. gr., og er lántaki einn ábyrgur fyrir skuldabréfinu.

5. gr.

9. gr. orðist svo:

Viðmiðunartekjur skv. 1. mgr. 8. gr. skulu fyrir einhleyping vera helmingur „grunntölu framfærslukostnaðar". „Grunntala framfærslukostnaðar" svarar í þessu sambandi til heildarútgjalda skv. A- og B-hlutum í grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar í maíbyrjun árið áður en árleg endurgreiðsla skv. 1. mgr. 8. gr. skal fara fram.

Viðmiðunartekjur hjóna svo og sambýlisfólks, sem skattlagt er skv. 1. málslið 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975, skulu á sama hátt nema þrem fjórðu hlutum „grunntölu framfærslukostnaðar". Að auki skal bætt við viðmiðunartekjur lánþega einum áttunda af „grunntölu framfærslukostnaðar" fyrir hvert barn sem hann hefur á framfæri sínu, sbr. C-lið 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975, og eigi er fullra 16 ára í byrjun þess árs er endurgreiðsla skal fara fram. Viðbót vegna fyrsta barns hjá einstæðu foreldri skal þó nema einum fjórða af „grunntölu framfærslukostnaðar".

Hverri árlegri endurgreiðslu skv. 1. mgr. 8. gr. skal skipt á höfuðstól og verðbætur í hlutfalli annars vegar við vísitölu framfærslukostnaðar við útgáfu skuldabréfs skv. 3. mgr. 7. gr. og hins vegar hækkun hennar fram að þeim tíma sem endurgreiðslan er innt af hendi.

6. gr.

1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Verði á endurgreiðslutíma námslána breytingar á skattalögum, þannig að veruleg breyting verði á því er telst vergar tekjur til skatts, frá því sem er við gildistöku laga þessara, skulu endurgreiðslur skv. lögum þessum reiknaðar af stofni sem nefnd þriggja manna ákveður. Skal nefndin þannig skipuð, að menntamálaráðherra tilnefnir einn nefndarmann, fjármálaráðherra annan, en ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Skal nefndin leitast við að setja reglur um útreikning endurgreiðslustofns sem geri afborganir hvers gjaldanda sem líkastar því sem orðið hefði að óbreyttum skattalögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Ákvæði 2. gr. þessara laga um breytingar á 3. gr. laga nr. 57/1976 tekur gildi í áföngum á þremur árum og skal hlutfallstala lána af reiknaðri fjárþörf námsmanna hækka úr 85% í 100% í þremur jafnstórum áföngum, svo að náð verði 100% markinu á árinu 1982.
2. Ef skuldunautur skv. þessum lögum er jafnframt að inna af hendi greiðslur til Lánasjóðs íslenskra námsmanna skv. eldri lögum, dragast þær frá upphæð endurgreiðslu skv. 1. mgr. 8. gr. eins og henni er breytt með lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp, samhljóða því sem hér er lagt fram, var lagt fyrir síðasta Alþingi, 100. löggjafarþing, en varð þá eigi útrætt. Frumvarpinu fylgdu svofelldar athugasemdir:

„Með bréfi, dags. 22. nóvember 1978, beindi menntamálaráðuneytið því til stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna að taka til athugunar, hvort hún teldi æskilegt að gera tillögur um breytingar á lögum um námslán og námsstyrki í tengslum við eða framhaldi af endurskoðun reglna um starfsemi Lánasjóðs. Sjóðsstjórnin vann um þær mundir að tillögum um breytingar á úthlutunarreglum, og voru hinar breyttu reglur um úthlutun fyrir námsárið 1978—79 staðfestar af menntamálaráðuneytinu 29. janúar 1979. Breytingar frá fyrri úthlutunarreglum tóku til allmargra atriða, en veigamest þeirra var að tekið skyldi aukið tillit til fjölskyldu námsmanns við ákvörðun námsláns.

Með bréfi, dags. 30. mars 1979, sendi stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna menntamálaráðuneytinu í frumvarpsformi tillögur sínar um breytingar á lögunum um námslán og námsstyrki. Er frumvarp það sem hér er lagt fram í samræmi við tillögur sjóðsstjórnar. Hér fer á eftir meginhluti þeirrar greinargerðar er tillögunum fylgdi:

„Sjóðsstjórn komst fljótlega að þeirri niðurstöðu að rétt væri að leggja megináherslu á fáar og einfaldar breytingar á lögum að svo stöddu en láta viðtækari lagasmíð bíða betri tíma, enda væru breytingar sem hér um ræðir svo brýnar og veigamiklar að þær þyrftu að ná fram að ganga sem allra fyrst.

Sjóðsstjórn gekk endanlega frá tillögum þessum á fullskipuðum fundi hinn 27. mars. Voru tillögurnar í heild samþykktar með 5 samhljóða atkvæðum í sjóðsstjórn.

Meginatriði þessa frumvarps eru tvö:

1. Lögfest verði að aðstoð sjóðsins skuli nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegri reiknaðri fjárþörf (sbr. 2. gr. frv.).
2. Endurgreiðslum námslána verði breytt allverulega í átt til aukins réttlætis og jafnaðar samhliða því sem heildarendurgreiðslur til sjóðsins örvast að mun án þess þó að heitið geti að neinum sé íþyngt um efni fram (sbr. einkum 4. gr. frv., 1.—3. mgr.).

Sjóðsstjórn leggur á það megináherslu að þessi tvö atriði hafa verið órjúfanlega tengd í afgreiðslu hennar á þessu máli og hefur það ráðið úrslitum um afstöðu stjórnarmanna til frumvarpsins í heild. Þannig munu mismunandi aðilar að Lánasjóði ekki geta fellt sig við annaðhvort atriðið út af fyrir sig þótt þeir geti við þau unað bæði saman.

Eins og fyrra atriðið er framsett í frumvarpinu í heild felur það í sér að lán, sem nema nú 85% af reiknaðri fjárþörf námsmanna, hækka í 100% í þremur jöfnum áföngum. Yrði þar með náð því marki sem upphaflega var sett með lögum Lánasjóðs frá 1967 og sem allir stjórnmálaflokkar landsins hafa lýst stuðningi við á ýmsum tímum.

Aukning á fjárþörf Lánasjóðs, ef fyrsti áfangi þessarar hækkunar hefði náð fram að ganga með fjárlögum ársins 1979, hefði þá numið c.a. 145 milljónum króna. Ef áfangarnir eru framkvæmdir á árunum 1980—82 eins og gert er ráð fyrir í frv. verður fjárþarfaraukningin svipuð ef miðað er við fast verðlag. Verður því ekki sagt að hér sé um verulegar upphæðir að ræða.

Miðað við það sem ætlunin mun hafa verið með lögunum um Lánasjóð frá 1976 hefur sá misbrestur orðið mestur í reynd að endurgreiðslur munu ekki renna nærri því eins ört til sjóðsins og efni standa til. Samkvæmt lögum og reglugerð um þessar greiðslur munu lántakar sem hafa að baki 4ra ára nám eða meira, en þeir eru um helmingur hópsins, greiða að meðaltali á ári sem svarar c.a. 125 þús. kr. á verðlagi ársins 1979, eftir að hið nýja kerfi væri að fullu gengið fram. Þessi upphæð

fer óverulega eftir tekjum og breytist t. d. aðeins um 25 þús. kr. til eða frá þegar tekjur 4ra manna fjölskyldu breytast frá 3 í 8 milljónir á verðlagi ársins 1978.

Þegar endurgreiðslukerfi laganna frá 1976 verður að fullu gengið fram eftir 10—15 ár verða árlegar endurgreiðslur líklega á bilinu 50—60% af raungildi árlegra lána í upphafi. Hins vegar vaxa endurgreiðslur fyrst í stað mjög hægt og mun hægar en efni standa til vegna þess að hátekjumenn og þeir sem eiga stutt nám að baki verða lengur að greiða lán sín en þyrfti að vera.

Á þessu er gerð grundvallarbreyting með frumvarpinu. Samkvæmt því munu hátekjumenn og þeir sem hafa stutt nám að baki yfirleitt greiða námslán sín til baka á fáum árum. Skv. lauslegri áætlun mun meðalársgreiðsla þeirra fjölskyldna sem eru í skuld við Lánasjóð á hverjum tíma, hækka skv. frumvarpinu úr c.a. 100 þús. kr. í c.a. 160 þús., reiknað á verðlagi ársins 1979. Frá sjónarmiði sjóðsins vinnst tvennt með þessum breytingum:

1. Hlutfall lána, sem innheimtast að lokum, hækkar nokkuð, trúlega um 5—15%. Þetta táknar jafnframt verulega hækkun á heildarendurgreiðslum til sjóðsins eftir að nýtt kerfi er að fullu gengið fram, þ. e. eftir c.a. 20 ár.
   Miðað við allar aðstæður í þjóðfélaginu er síðara atriðið þó síst veigaminna:
2. Fyrstu 10 árin eftir að nýtt kerfi kemst á vaxa heildarendurgreiðslur til Lánasjóðs miklu örar skv. frumvarpinu en þær mundu gera að öllu óbreyttu. Fyrrnefnd tala um 60% mismun á meðalendurgreiðslu gefur góða vísbendingu um þetta. Má til að mynda ætla að á árabilinu frá 5—10 árum eftir að ný lög taka gildi verði endurgreiðslutekjur skv. þeim 40—70% hærri en endurgreiðslur hefðu orðið af lánum sem tekin hefðu verið á sama tímabili skv. núgildandi lögum.

Niðurstaða þessarar umræðu um fyrrgreind tvö meginatriði frumvarpsins er því sú að sá fjárþarfarauki sjóðsins, sem leiðir af fyrra atriðinu (100% brúun á reiknaðri fjárþörf) muni verða bættur tiltölulega fljótlega með þeirri miklu örvun sem verður á endurgreiðslum til sjóðsins skv. síðara atriðinu.

Auk þessara tveggja meginatriða frumvarpsins felast í því nokkur minni háttar efnisatriði sem eru hins vegar óháð heildinni. Þessi atriði eru sem hér segir:

1. Breytt verði orðalagi laganna um svokallaða „20 ára reglu", þannig að niður falli það skilyrði að námsmaður „geti ekki að mati sjóðsstjórnar haldið áfram námi án slíkrar fjárhagsaðstoðar" (sjá 1. grein frv.).
2. Ábyrgðarmenn eru felldir niður á skuldabréfi því sem námsmaður gefur út eftir námslok til greiðslu á fyrri námslánum í heild (sjá síðustu mgr. 4. greinar í frv.).
3. Kveðið er á um að viðbót við viðmiðunartekjur vegna fyrsta barns hjá einstæðu foreldri skuli nema einum fjórða af „grunntölu framfærslukostnaðar", m. ö. o. helmingi af viðmiðunartekjum einstaklings. Um þetta eru ekki skýr ákvæði í gildandi lögum (sjá niðurlag 2. mgr. 5. gr.).

Í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þessum atriðum sem og öðrum sem tengjast beint við meginatriðin tvö.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. grein:

Hér eru felld niður orðin „og geti ekki að mati sjóðsstjórnar haldið áfram námi án slíkrar fjárhagsaðstoðar". Það hefur verið ýmsum erfiðleikum bundið að fylgja þessum orðum laganna eftir í verki, m. ö. o. að skilgreina hvenær þær aðstæður sem þau eiga að lýsa eru fyrir hendi og hvenær ekki. Því er einfaldlega lagt til að þessi orð verði felld niður og eftirleiðis eingöngu miðað við það hvað sé sérnám en að öðru leyti falli þeir námsmenn sem hér um ræðir undir almennar reglur um námslán, t. d. að því er varðar frádrátt vegna tekna o. s. frv.

Við 2. grein:

Breytingin á 3. grein laganna er í því fólgin að í stað orðanna „stefnt skal að því að .....“ komi einfaldlega „skal“. Stefnumótunarákvæði núgildandi laga var upphaflega leitt í lög árið 1967 og virðist nú kominn tími til að markinu verði náð innan ákveðins frests. Kostnaðarauki sem af þessu hlýst virðist yfirstíganlegur, einkum ef það er framkvæmt í áföngum eins og lagt er til í 1. tölulið ákvæða til bráðabirgða (sbr. alm. aths. hér að framan).

Við 3. grein:

Hér er eingöngu um það að ræða að setningin flytjist til þangað sem hún virðist eiga betur heima, einkum þó ef frumvarpið í heild verður að lögum. Setningin er nú 9. og síðasta málsgrein í 8. grein gildandi laga.

Við 4. grein:

Kjarnann í hinum nýju reglum um endurgreiðslur er að finna í 1. mgr. þessarar greinar. Er vísað til almennra athugasemda hér að framan, að því er varðar tölulegar afleiðingar af nýjum reglum.

Það kann að koma ýmsum spánskt fyrir sjónir að einstaka mjög tekjulágir lánþegar mundu skv. frv. ekki greiða neitt til baka þau ár sem tekjur eru lágar. Við nánari athugun sést þó að þetta er ekki eins ankannalegt og það kann að virðast við fyrstu sýn. Aðstoð almannavaldsins við námsmenn er veitt sem lán en ekki styrkur, væntanlega fyrst og fremst vegna þess að gert er ráð fyrir að námið skapi námsmanninum betri aðstöðu til tekjuöflunar að því loknu heldur en hann hefði ella. Ef þessi forsenda bregst einstökum lánþegum virðist ekkert eðlilegra en að lánið breytist að sama skapi í styrk.

(Um 3. mgr.:) Eftir nokkrar umræður og umhugsun virðist sjóðsstjórn eðlilegast að endurgreiðslan skiptist í hlutfalli við eftirstöðvar, sem þýðir m. a. að bæði lánin verða að fullu greidd á jafnlöngum tíma að öllu óbreyttu.

4.—6. mgr. í 8. gr. skv. frv. samsvara 4., 5. og 7. mgr. í 8. gr. gildandi laga, óbreyttum.

6. mgr. í gildandi lögum fjallar um kröfur á dánarbú látinna námsmanna. Hefur hún verið felld niður enda virðast engar slíkar kröfur vera fyrir hendi ef frv. verður samþykkt að öðru leyti. (Raunar virðist einnig mjög óljóst hverjar slíkar kröfur ættu að vera skv. gildandi lögum.)

(Um 7. mgr.:) Hér er um sérstakt efnisatriði að ræða, sem hefur oftsinnis verið til umræðu á undanförnum árum. Ef námslán eru, sem áður sagði, fyrst og fremst veitt vegna þeirra auknu tekjuöflunarmöguleika sem námið skapar virðist ekki eðlilegt að ætla öðrum einstaklingum að bera fjárhagsábyrgð á láni námsmannsins. Hér er enn fremur rétt að minna á að árleg krafa Lánasjóðs um endurgreiðslu yrði skv. frv. yfirleitt í allgóðu samræmi við fjárráð lánþegans. Þess má einnig geta til fróðleiks að skuldabréfið sem um er að ræða er oft og tíðum mjög stórt, og getur t. d. hæglega verið á bilinu 5—10 milljónir króna á verðlagi ársins 1979. Má nærri geta að það er ekki öllum jafnauðvelt að afla sér ábyrgðarmanna fyrir slíkum upphæðum.

Við 5. grein:

Í greininni eru gerðar nokkrar orðalagsbreytingar til samræmis við breytingarnar á 8. grein laganna.

Til fróðleiks má geta þess að „grunntala framfærslukostnaðar“ sem gildir fyrir afborganir á þessu ári er um 2 850 þús. kr. sem er með öðrum orðum viðmiðunartekjur hjóna með tvö börn (á árinu 1978).

Viðbótin vegna fyrsta barns hjá einstæðu foreldri er í samræmi við nýlegar úthlutunarreglur sjóðsins þar sem framfærslukostnaður foreldris og barns er reiknaður sem 1.5 sinnum kostnaður einhleyps námsmanns.

Skipting endurgreiðslu skv. 3. mgr. er algerlega hliðstæð við ákvæði gildandi laga um þetta atriði.

Við 6. grein:

Greinin felur eingöngu í sér smávægilegar orðalagsbreytingar sem þarfnast ekki skýringa.

Við ákvæði til bráðabirgða:

Þarfnast ekki skýringa."

Nd. 34. Frumvarp til laga [32. mál]

um breyting á lögum nr. 13 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl.

Flm.: Lúðvík Jósepsson, Eðvarð Sigurðsson, Garðar Sigurðsson, Gils Guðmundsson, Hjörleifur Guttormsson, Jónas Árnason, Kjartan Ólafsson, Svava Jakobsdóttir, Svavar Gestsson.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða II við VIII. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., skal 1. desember 1979 greiða óskertar verðbætur á laun sem voru 210 000 kr. og lægri 1. mars 1979.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. skerðast verðbætur á lægri laun um 2% frá 1. desember 1979 vegna skerðingar viðskiptakjara. Í upphaflegri gerð frumvarpsins að nefndum lögum var gert ráð fyrir því að skerðing lægri launa vegna viðskiptakjaraskerðingar kæmi til framkvæmda 1. júní s. l. Þetta hindraði Alþýðubandalagið og áskildi sér um leið allan rétt til þess að berjast gegn því innan þings sem utan að skerðing þessi kæmi fram hinn 1. desember. Frumvarp þetta er flutt til þess að komið verði í veg fyrir það hróplega ranglæti er birtast mundi ella 1. desember með 2% lægri verðbótum á lægri laun en hin hærri.

Sþ. 35. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]

um stefnumörkun í landbúnaði.

Flm.: Steingrímur Hermannsson.

Alþingi ályktar, að meginmarkmið í málefnum landbúnaðarins skuli vera:

1. Fjölbreytt og hagkvæm framleiðsla landbúnaðarafurða, í samræmi við neysluþarfir þjóðarinnar og hráefnisþörf iðnaðarins.
2. Tekjur og félagsleg aðstaða þeirra, sem búvöruframleiðslu stunda, sé sambærileg því sem aðrar stéttir hafa.

3. Skipulag búvöruframleiðslunnar og atvinnutækifæra í sveitum í samræmi við þá stefnu, sem ákveðin er í byggðamálum, og eðlilega nýtingu landkosta.

Stefnt verði að því að ná ofangreindum markmiðum með beinum samningum ríkisvaldsins og þeirra, sem búvöruframleiðslu stunda, og á grundvelli 5 ára áætlunar um þróun framleiðslunnar, m. a. með eftirgreindum aðgerðum og leiðum:

1. Framleiðslumarkmið.

1.1 Áhersla verði lögð á að fullnægja þörfum landsmanna fyrir þær búvörur, sem unnt er að framleiða í landinu, og stuðla með því að öryggi þjóðarinnar.
1.2 Framleiðslan verði miðuð við innanlandsþarfir og sveiflur, sem óhjákvæmilega verða af völdum árferðis.
1.3 Taka skal í því sambandi mið af óskum neytenda um fjölbreytt vöruframboð og þörfum iðnaðarins fyrir hráefni.
1.4 Gerð verði neysluáætlun fyrir þjóðina með hliðsjón af almennum manneldissjónarmiðum og eðlilegri nýtingu innlendra framleiðslumöguleika.
1.5 Lögð verði megináhersla á þær búgreinar, sem nýta innlent fóður. Kannaðir verði til hlítar möguleikar til aukinnar ylræktar og garðyrkju efld. Áhersla verði lögð á nýtingu hlunninda og nýjar búgreinar reyndar.

2. Tekju- og þjónustumarkmið.

2.1 Lögð verði áhersla á að tryggja þeim, sem að búvöruframleiðslu starfa, fjárhagslega afkomu sem er sambærileg við það sem verkamenn og iðnaðarmenn hafa.
2.2 Kappkostað verði að bæta afkomuna og tryggja sem lægst verð á matvælum með því að auka fjölbreytni og hagkvæmni við framleiðslu og fullvinnslu búvara.
2.3 Aukin áhersla verði lögð á gildi búnaðar- og garðyrkjumenntunar og að því stefnt, að slíkt nám eða starfsreynsla, sem jafngild geti talist, verði skilyrði fyrir þátttöku í landbúnaði.
2.4 Einnig láti landbúnaðarráðuneytið, í samvinnu við samtök bænda, gera búrekstrar- og framkvæmdaáætlanir fyrir landbúnaðarframleiðsluna. Lán og framlög til landbúnaðarins verði samræmd þessum áætlunum.
2.5 Í því skyni að ná tekjumarkmiði verði á áætlunartímanum heimilt að flytja fjármagn af styrkjum og útflutningsbótum á milli ára, enda verði heildarupphæð á tímabilinu innan þeirra marka, sem lög leyfa.
2.6 Unnið verði að félagslegum umbótum sem m. a. tryggi að bændur geti notið reglulegs frítíma, orlofs og aðstoðar í veikinda- og slysatilfellum, líkt og aðrir þjóðfélagshópar, svo og bættri þjónustu hins opinbera á sviði heilbrigðismála, menntunar, samgangna og orkumála.

3. Byggðamarkmið.

3.1 Til að forðast frekari röskun í byggð landsins skal stefnt að því, að dreifing setinna býla um landið verði sem mest í því horfi sem nú er. Í því skyni verði gerðar ráðstafanir til að styrkja búsetu í einstökum byggðum eða landssvæðum.
3.2 Kostnaður af slíkum aðgerðum verði borinn af því fé sem þjóðin ver til að halda jafnvægi í byggð landsins.
3.3 Í þessu sambandi verði lögð áhersla á að draga úr framleiðslu stærri búa og á nýjar arðbærar búgreinar, en forðast umframframleiðslu búvöru sem ekki styðst við öruggan og viðunandi markað.
3.4 Áhersla verði lögð á hóflega nýtingu landkosta og varfærni í umgengni við landið, gróður þess og dýralíf. Öllum verði gefinn kostur á að njóta samskipta við náttúru landsins.

Greinargerð.

Segja má að aukin framleiðsla og framleiðni hafi verið ríkjandi markmið í málefnum landbúnaðarins undanfarna áratugi. Aukin framleiðsla var sjálfsagt markmið þegar þörfum þjóðarinnar fyrir landbúnaðarafurðir var ekki fullnægt. Einnig má segja að aukin framleiðsla hafi verið sú leið sem bændum hefur helst verið fær til þess að ná auknum tekjum.

Aukin framleiðsla er hins vegar vafasamt markmið þegar þörfum þjóðarinnar hefur verið fullnægt, ef annar viðunandi markaður er ekki fyrir hendi. Þetta hefur samtökum bænda verið ljóst undanfarin ár og hafa farið fram á víðtækari heimildir til þess að sporna gegn óæskilegri aukningu framleiðslunnar.

Ekki hefur á undanförnum árum náðst samstaða á Alþingi um slíkar heimildir. Jafnframt hefur framleiðslan aukist, einkum árin 1976—1978.

Í apríl s. l. samþykkti Alþingi loks breytingu á lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, sem heimila því aðgerðir til að stjórna framleiðslunni. Slíkar aðgerðir eru nú í undirbúningi.

Um leið og samtökum bænda eru veittar auknar heimildir til þess að sporna gegn framleiðslu er nauðsynlegt að marka nýja stefnu í málefnum landbúnaðarins. Ákveða verður hvaða markmið ber að leggja til grundvallar svo og þær leiðir sem fara ber til þess að ná slíkum markmiðum.

Með þessari tillögu til þingsályktunar er farið fram á að Alþingi ákveði slíkt. Þau markmið, sem ákveðin verða, munu verða lögð til grundvallar í beinum samningum ríkisins og framleiðenda landbúnaðarafurða, sem að er stefnt, og við gerð áætlunar um þróun landbúnaðarins, sem ákveðið er að gera, og þær leiðir fyrst og fremst farnar sem Alþingi bendir á.

Samhliða þessari þingsályktunartillögu flyt ég nú frumvarp um heildarendurskoðun laganna um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að Alþingi marki stefnuna í landbúnaðarmálum með ályktun sem þessari. Teknir verði upp beinir samningar um verðlags- og kjaramál milli bænda og ríkisvaldsins og m. a. samið um stefnuna í framleiðslumálum til nokkurra ára í senn.

Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir mun víðtækari heimildum til að hafa áhrif á þróun framleiðslumála, mun meiri sveigjanleika í verðlagsmálum landbúnaðarins og að aukið samráð verði haft við neytendur um þessi mál.

Í þessari tillögu er valin sú leið að hafa markmiðin fá og þannig að þar komi fram meginatriði nýrrar landbúnaðarstefnu. Með þessu móti eru aðalatriðin látin ráða stefnunni, fremur en aukaatriði. Í seinni hluta tillögunnar er hins vegar bent á ýmis undirmarkmið og leiðir sem fara má.

Meginmarkmiðin eru talin þrjú: framleiðslu-, tekju- og byggðamarkmið. Lagt er til sem aðalmarkmið að framleiðslan verði sem næst neysluþörfum þjóðarinnar og hráefnisþörf iðnaðarins. Að sjálfsögðu merkir þetta ekki að áhersla verði ekki lögð á framleiðslu, sem arðbær er til útflutnings og gjaldeyrisaflandi, enda eru slíkar búgreinar ákaflega mikilvægar sem leiðir til þess að ná bæði tekju- og byggðamarkmiðum.

Á síðasta þingi flutti ég tillögu sama efnis. Þeirri tillögu fylgdi ítarleg greinargerð um þróun landbúnaðarins síðustu áratugi og stöðu hans í dag. Jafnframt er í greinargerðinni nánari útfærsla á þeim markmiðum, sem sett eru í tillögunni, og þeim leiðum, sem lagt er til að farnar verði. Þessi greinargerð mun vera í margra höndum og er því vísað til hennar um nánari útfærslu á efni tillögunnar, þar sem ekki eru tök á að láta svo ítarlega greinargerð fylgja henni að þessu sinni.

Ed. 36. Frumvarp til laga [34. mál]

um lagningu sjálfvirks síma.

(Lagt fyrir Alþingi á 101. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Í fjögurra ára áætlun þeirri, sem póst- og símamálastjóri lætur gera um framkvæmdir Póst- og símamálastofnunarinnar, skv. 9. gr. laga nr. 36/1977, um starfrækslu póst- og símamála, skal gera sérstaka áætlun um bætt símasambönd, þannig að sjálfvirkt símasamband fáist til sem flestra símnotenda, og skal þeim framkvæmdum raðað fyrst í forgangsröð, sbr. téða 9. gr.

Í áætlun þeirri um lagningu sjálfvirks síma skal að því stefnt, að öll heimili eigi kost á sjálfvirkum síma innan fjögurra ára miðað við 1. janúar 1980.

2. gr.

Tæki og búnaður til lagningar og uppsetningar sjálfvirks símasambands, sbr. 1. gr., skulu undanþegin aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning.

Fjármálaráðherra kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

3. gr.

Póst- og símamálastofnun er heimilt að taka lán, allt að 600 millj. kr. árlega, í fjögur ár til fjármögnunar framkvæmda skv. 1. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980 og halda gildi sínu, þar til framkvæmdum skv. 1. gr. er lokið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 3 600 heimili hér á landi í sveitum utan þéttbýliskjarna búa enn við handvirkt símasamband um innansveitarlínur, þar sem ekki er unnt að tala þannig að tryggt sé að óviðkomandi aðilar ekki geti hlýtt á, auk þess sem slíkt handvirkt samband er yfirleitt miklu seinvirkara heldur en sjálfvirkt.

Skipting og tala handvirkra síma eftir hreppum er sýnd á fylgiskjali 1 hér á eftir.

Kostnaður við að koma á sjálfvirku sambandi er áætlaður um 7 000 millj. kr. miðað við núverandi verðlag og eru um 60% af því aðkeypt efni með aðflutningsgjöldum.

Með eðlilegum hraða er talið að framkvæmdir tækju 6—8 ár miðað við núverandi fjölda starfsmanna á þessu sviði, en sennilegt má telja að framkvæmdir myndu taka a. m. k. áratug, ef fjármagna ætti þær alfarið af eigin tekjum stofnunarinnar.

Undanfarið hefur verið mjög kallað eftir þessum framkvæmdum í hinum dreifðu byggðum landsins og má af því ætla að fólk muni ekki una því að bíða með úrbætur í heilan áratug.

Frumvarp þetta stefnir að því að gefa þessum framkvæmdum forgang umfram annað hjá Póst- og símamálastofnuninni og greiða fyrir framkvæmdahraða með niðurfellingu aðflutningsgjalda og söluskatts og sérstakri lántökuheimild.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 9. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála er ákvæði þess efnis, að póst- og símamálastjóri skuli gera áætlun til fjögurra ára í senn „um framkvæmdir stofnunarinnar" og skuli þeim raðað eftir forgangsröð. Áætlunina skal endurskoða árlega þannig að ávallt liggi fyrir áætlun til fjögurra ára. Enda þótt Póst- og símamálastofnun búi þannig nú þegar við almenna framkvæmdaáætlun skortir þó á að þessu sérstaka vandamáli, sem frumvarp þetta fjallar um, sé gefinn sérstakur gaumur eða lögð áhersla á forgang þess. Með þessari grein myndi ákveðið að framkvæmdum þeim, sem frumvarpið fjallar um, skuli á framkvæmdatímanum raðað fyrst í forgangsröð.

Ætti þetta, svo og ákvæði 2. og 3. gr. um niðurfellingu aðflutningsgjalda og um fjármögnun framkvæmdanna, að tryggja það að unnt verði að ná því markmiði sem að er stefnt á næstu fjórum árum.

Um 2. og 3. gr.

Talið er í áætlun póst- og símamálastjóra að fob.-verð tækja og búnaðar til sjálfvirks símakerfis í þeim byggðarlögum utan þéttbýliskjarna, sem enn búa við handvirkt kerfi, myndi nema um 1 800 millj. kr.

Aðflutningsgjöld, söluskattur og annað nema 2 400 millj. kr. eða 133.3% á fob.-verðið. Vinna og aðkeypt þjónusta innanlands er áætlað 2 800 millj. kr.

Með því að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt við innflutning myndi heildarkostnaður lækka úr 7 000 millj. kr. í 4 600 millj. kr.

Lántaka skv. 3. gr. myndi nema samtals 2 400 millj. kr. þannig að fjármögnun af eigin fé stofnunarinnar verður 2 200 millj. kr. eða 550 millj. kr. á ári.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Fjöldi handvirkra síma í sveitum um áramót 1979—80

Umdæmi I	Handv. símar	
V-Skaftafellssýsla	**Fjöldi**	
Hörgslandshreppur	39	
Kirkjubæjarhreppur	30	
Skaftártunguhreppur	18	
Leiðvallarhreppur	19	
Álftavershreppur	15	
Hvammshreppur	4	
Dyrhólahreppur	13	
		138

	Handv. símar Fjöldi	
Rangárvallasýsla		
A-Eyjafjallahreppur	54	
V-Eyjafjallahreppur	42	
Fljótshlíðarhreppur	24	
A-Landeyjahreppur	51	
V-Landeyjahreppur	25	
Rangárvallahreppur	48	
Hvolhreppur	2	
		246
Árnessýsla		
Gnúpverjahreppur	19	
Hrunamannahreppur	30	
Biskupstungnahreppur	33	
Grímsneshreppur	43	
Grafningshreppur	13	
Þingvallahreppur	16	
Hraungerðishreppur	43	
Sandvíkurhreppur	15	
Ölfushreppur	12	
Selvogshreppur	5	
		216
Kjósarsýsla		
Mosfellshreppur	16	
Kjalarneshreppur	51	
Kjósarhreppur	55	
		122
Borgarfjarðarsýsla		
Strandarhreppur	26	
Skilmannahreppur	28	
Leirár- og Melahreppur	36	
Andakílshreppur	22	
Skorradalshreppur	5	
Lundarreykjadalshreppur	25	
Reykholtsdalshreppur	84	
Hálsahreppur	21	
		247
Mýrasýsla		
Hvítársíðuhreppur	23	
Þverárhlíðarhreppur	25	
Norðurárdalshreppur	20	
Stafholtstungnahreppur	46	
Borgarhreppur	40	
Álftaneshreppur	27	
Hraunhreppur	23	
		204
Snæfellsnessýsla		
Kolbeinsstaðahreppur	29	
Eyjahreppur	16	
Miklaholtshreppur	28	
Staðarsveit	33	

	Handv. símar Fjöldi	
Breiðuvíkurhreppur	24	
Eyrarsveit	21	
Helgafellssveit	21	
Skógarstrandarhreppur	17	
		189

Dalasýsla

Hörðudalshreppur	15	
Miðdalahreppur	32	
Haukadalshreppur	15	
Laxárdalshreppur	15	
Hvammshreppur	20	
Fellsstrandarhreppur	20	
Klofningshreppur	10	
Skarðshreppur	11	
Saurbæjarhreppur	43	
		181

Umdæmi I samtals 1543.

Umdæmi II

A-Barðastrandarsýsla

Geiradalshreppur	23	
Reykhólahreppur	46	
Gufudalshreppur	13	
Múlahreppur	4	
Flateyjarhreppur	6	
		92

V-Barðastrandarsýsla

Barðastrandarhreppur	36	
Rauðasandshreppur	31	
Tálknafjarðarhreppur	4	
Ketildalahreppur	9	
Suðurfjarðahreppur	5	
		85

V-Ísafjarðarsýsla

Auðkúluhreppur	3	
Þingeyrarhreppur	5	
Mýrahreppur	6	
Mosvallahreppur	13	
Suðureyrarhreppur	3	
		30

N-Ísafjarðarsýsla

Súðavíkurhreppur	8	
Ögurhreppur	13	
Reykjarfjarðarhreppur	20	
Nauteyrarhreppur	19	
Snæfjallahreppur	6	
		66

	Handv. símar Fjöldi	
Strandasýsla		
Árneshreppur	35	
Kaldrananeshreppur	46	
Hrófbergshreppur	6	
Kirkjubólshreppur	18	
Fellshreppur	12	
Óspakseyrarhreppur	11	
Bæjarhreppur	43	
		171

Umdæmi II samtals 444.

Umdæmi III

V-Húnavatnssýsla		
Fremri-Torfustaðahreppur	24	
Ytri-Torfustaðahreppur	8	
Hvammstangahreppur	7	
Kirkjuhvammshreppur	17	
Þverárhreppur	34	
Þorkelshólshreppur	41	
		131
A-Húnavatnssýsla		
Áshreppur	18	
Svínavatnshreppur	13	
Bólstaðarhlíðarhreppur	16	
Skagahreppur	8	
		55
Skagafjarðarsýsla		
Skefilsstaðahreppur	17	
Skarðshreppur	10	
Lýtingsstaðahreppur	74	
Akrahreppur	53	
Rípurhreppur	18	
Viðvíkurhreppur	18	
Hólahreppur	33	
Hofshreppur	41	
Fellshreppur	15	
		279
Eyjafjarðarsýsla		
Ólafsfjörður	21	
Svarfaðardalshreppur	54	
Skriðuhreppur	23	
Öxnadalshreppur	14	
Glæsibæjarhreppur	9	
Hrafnagilshreppur	34	
Saurbæjarhreppur	60	
Öngulsstaðahreppur	44	
		259
S-Þingeyjarsýsla		
Grýtubakkahreppur	3	
Hálshreppur	44	
Ljósavatnshreppur	59	

	Handv. símar Fjöldi	
Bárðdælahreppur	39	
Skútustaðahreppur	57	
Reykdælahreppur	12	
Aðaldælahreppur	12	
Tjörneshreppur	24	
		250
N-Þingeyjarsýsla		
Kelduneshreppur	46	
Öxarfjarðarhreppur	32	
Fjallahreppur	5	
Presthólahreppur	25	
Svalbarðshreppur	23	
Sauðaneshreppur	13	
		144

Umdæmi III samtals 1118.

Umdæmi IV

N-Múlasýsla		
Skeggjastaðahreppur	29	
Vopnafjarðarhreppur	55	
Hlíðarhreppur	25	
Jökuldalshreppur	31	
Fljótsdalshreppur	35	
Fellahreppur	22	
Tunguhreppur	28	
Hjaltastaðahreppur	26	
Seyðisfjarðarhreppur	5	
		256
S-Múlasýsla		
Skriðdalshreppur	25	
Vallahreppur	51	
Mjóafjarðarhreppur	9	
Helgustaðahreppur	10	
Reyðarfjarðarhreppur	12	
Fáskrúðsfjarðarhreppur	27	
Stöðvarhreppur	8	
Breiðdalshreppur	26	
Beruneshreppur	23	
Búlandshreppur	4	
Geithellnahreppur	22	
		217
A-Skaftafellssýsla		
Bæjarhreppur	14	
Mýrahreppur	25	
Borgarhafnarhreppur	29	
Hofshreppur	25	
		93

Umdæmi IV samtals 566.

Nd. **37. Frumvarp til laga** [35. mál]

um viðskiptabanka í eigu ríkisins.

Flm.: Svavar Gestsson.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Viðskiptabankar í eigu ríkisins (hér eftir nefndir ríkisviðskiptabankar) eru tveir. Þeir eru Landsbanki Íslands, sbr. lög nr. 11 frá 29. mars 1961, og Búnaðar- og Útvegsbanki Íslands, en hann tekur við öllum eignum, skuldbindingum, réttindum og skyldum Búnaðarbanka Íslands, sbr. lög nr. 28 frá 19. maí 1976, og Útvegsbanka Íslands, sbr. lög nr. 12 frá 29. mars 1961.

Ríkisviðskiptabankarnir eru sjálfstæðar stofnanir er lúta hvor um sig sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna.

3. gr.

Heimili og varnarþing ríkisviðskiptabankanna er í Reykjavík, en auk þess geta þeir haft útibú og umboðsskrifstofur og fer um stofnun þeirra eftir b-lið 13. gr.

4. gr.

Hlutverk ríkisviðskiptabankanna er að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi, eins og hún er nánar skilgreind í IV. kafla laganna.

Ríkisviðskiptabönkunum er einum heimilt að reka almenna viðskiptabankastarfsemi hér á landi, nema lög heimili annað.

Seðlabanka Íslands, ríkisviðskiptabönkunum og viðskiptabönkum í hlutafélagsformi, sem starfa skv. sérstökum lögum, er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „BANKI“ eða önnur orð, sem bent geta til þess, að um rekstur seðlabanka eða almenns viðskiptabanka sé að ræða. Ráðherra þeim, sem fer með bankamál, er þó heimilt að veita undanþágu frá ákvæði málsgreinar þessarar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

5. gr.

Um starfsemi Veðdeildar Landsbanka Íslands fer eftir sérstökum lögum og reglugerðum, sem um hana gilda.

Veðdeild Búnaðarbankans starfar sem fjárhagslega sjálfstæð deild undir sömu stjórn og Búnaðar- og Útvegsbankinn.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðar- og Útvegsbankanum.

Um veðdeild Búnaðarbankans og Stofnlánadeild landbúnaðarins fer að öðru leyti eftir þeim sérstöku lögum og reglugerðum, sem um þær gilda.

6. gr.

Nú voru sjóðir og stofnanir tengdar, í vörslu eða umsjón Búnaðarbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands, skv. fyrirmælum laga eða samningum, og skal þá Búnaðar- og Útvegsbankinn taka við öllum réttindum og bera allar skyldur í því sambandi.

II. KAFLI
Stjórn.

7. gr.

Yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hefur ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, yfirstjórn veðdeildar Búnaðarbankans og Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Framkvæmdastjórn hvors ríkisviðskiptabanka er í höndum þriggja manna bankastjórnar.

8. gr.

Bankaráð hvors ríkisviðskiptabanka skipa sjö menn kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan þeirra varaformann.

Ráðherra getur, hvenær sem er, krafið bankaráð og bankastjórn um yfirlit yfir rekstur og hag bankans.

9. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með málefnum ríkisviðskiptabanka í samræmi við lög og reglugerðir. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með bankarekstrinum.

10. gr.

Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi. Skulu þeir ráðnir með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir uppsögn eða frávikningu úr starfi.

Bankaráð ákveður verkaskiptingu bankastjóra og setur þeim erindisbréf.

11. gr.

Bankaráð ræður, að fengnum tillögum bankastjórnar, aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra, og segir þeim upp starfi.

Bankaráð ræður forstöðumann endurskoðunardeildar bankans og segir honum upp starfi.

12. gr.

Bankaráð ákveður hverjir hafi heimild til að rita firma bankans svo skuldbindandi sé fyrir hann.

13. gr.

Bankaráð skal ávallt taka ákvarðanir um eftirtalda málaflokka, að fengnum tillögum bankastjórnar:

a) Byggingu, kaup, sölu, skipti og veðsetningu á fasteignum bankans.
b) Stofnun útibúa og umboðsskrifstofa, sbr. þó ákvæði 10. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands.
c) Yfirtöku eða framsal á starfsemi (eignum og skuldum) frá eða til annarra innlánsstofnana.

d) Afskriftir af eignum bankans í sambandi við ársuppgjör, þ. m. t. afskriftir útlána.
e) Ráðstöfnun á tekjuafgangi til varasjóðs og annarra sjóða bankans.

Bankaráð setur, að fengnum tillögum bankastjórnar, almennar reglur um lánveitingar bankans.

Bankaráð fjallar einnig um önnur mál, sem bankastjórn leggur fyrir það eða það skal annast samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Bankastjórn ríkisviðskiptabanka annast daglega stjórn bankans. Hún tekur ákvarðanir um einstakar lánveitingar og ráðstafar að öðru leyti fé bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum, reglugerðum og ákvörðunum bankaráðs.

15. gr.

Bankastjórn undirbýr fundi bankaráðs og gefur því reglulega skýrslur um störf og hag bankans.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum, en nánari ákvæði um fundafjölda skal setja í reglugerð.

16. gr.

Bankastjórar og aðstoðarbankastjórar mega ekki eiga sæti í bankaráði, en þeir skulu sitja bankaráðsfundi nema fjallað sé um mál, er varðar þá sjálfa.

17. gr.

Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar mega ekki stunda sjálfstæðan atvinnurekstur. Þeir mega ekki án leyfis bankaráðs og ráðherra taka þátt í stjórn eða rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana en bankans sem stjórnarmenn, starfsmenn eða á annan hátt, né heldur taka að sér önnur launuð störf.

18. gr.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

Laun, eftirlaun og önnur ráðningarkjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra skulu ákveðin af bankaráði.

Um ákvörðun launa og starfskjara annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins.

III. KAFLI

Samstarfsnefnd.

19. gr.

Ríkisviðskiptabankarnir skulu hafa sín á milli náið samstarf, er miði að því að tryggja sem mesta rekstrarhagkvæmni og eðlilega verkaskiptingu þeirra á milli. Setja skal á stofn sérstaka samstarfsnefnd, er hafi það markmið að samræma starfsemi ríkisviðskiptabankanna, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Samstarfsnefndina skipa fimm menn. Ríkisviðskiptabankarnir skipa tvo nefndarmenn hvor og Seðlabankinn einn. Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann.

20. gr.

Verkefni samstarfsnefndarinnar eru:

a. Að koma á náinni samvinnu ríkisviðskiptabankanna um allt það, er stuðlað geti að hagkvæmni í rekstri, svo sem samvinnu um bókhald, innkaup og erlend viðskipti.
b. Að vinna að því að endurskipuleggja útibúakerfi ríkisviðskiptabankanna í því skyni að tryggja eðlilega verkaskiptingu og stuðla að því, að útibú geti náð hagkvæmri stærð, án þess að dregið verði úr eðlilegri þjónustu við einstök byggðarlög.
c. Að fjalla um tillögur ríkisviðskiptabanka um stofnun nýrra útibúa.
d. Að vinna að því, að ríkisviðskiptabankarnir skipti með sér verkum, eftir því sem hagkvæmt þykir, varðandi þjónustu við einstök byggðarlög og atvinnugreinar. Skal nefndin vinna að tilflutningi viðskipta í því skyni, að sem mest jafnvægi náist milli ríkisviðskiptabankanna að því er varðar útlán til einstakra atvinnugreina. Skulu bankarnir skiptast á almennum upplýsingum um útlánastarfsemi sína og önnur viðskipti, er tryggi sem best samræmi varðandi starfsreglur.
e. Að fjalla um hvaða mál önnur, sem stuðlað geti að virkara samstarfi ríkisviðskiptabankanna, hagkvæmari rekstri þeirra og bættri þjónustu við atvinnuvegi landsmanna.

21. gr.

Auk þess samstarfs sín á milli, sem fjallað er um í þessum kafla, skulu ríkisviðskiptabankarnir einnig leita samstarfs við hlutafélagsbanka og sparisjóði með þau markmið fyrir augum, sem um ræðir í 19. gr.

IV. KAFLI
Starfsemi.

22. gr.

Starfsemi ríkisviðskiptabanka er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum og annarri banka- og þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

Ríkisviðskiptabanka er ekki heimil önnur starfsemi en um getur í 1. mgr. Um frekari afmörkun á starfsvettvangi ríkisviðskiptabanka fer eftir öðrum ákvæðum í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, sbr. 48. gr.

23. gr.

Um rétt ríkisviðskiptabanka til að versla með erlendan gjaldeyri fer eftir lögum um Seðlabanka Íslands.

Ríkisviðskiptabanka, sbr. 1. mgr., er óheimilt að taka á sig gengisáhættu umfram það, sem óhjákvæmilegt er vegna venjulegra og eðlilegra gjaldeyrisviðskipta bankans.

Ríkisviðskiptabanka, sbr. 1. mgr., er heimilt að varðveita þann gjaldeyri, sem honum er seldur. Þó skal hann selja Seðlabankanum þann gjaldeyri, sem umfram er eðlilegar viðskiptaþarfir hans, ef Seðlabankinn telur nauðsyn bera til.

Ríkisviðskiptabanka, sbr. 1. mgr., er heimilt að semja um yfirdráttarheimildir til skamms tíma hjá erlendum bönkum. Skal hann gera Seðlabankanum grein fyrir þeim samningum. Notkun slíkra yfirdráttarheimilda skal ekki vera meiri en sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma. Seðlabankinn getur þó veitt undanþágu frá þessu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Að öðru leyti en segir í 3. mgr. er ríkisviðskiptabanki, að því er varðar erlendar lántökur, háður ákvæðum laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, þ. á m. um lán, sem tekin eru til endurlána innanlands með gengisákvæði.

24. gr.

Ríkisviðskiptabanka er ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir en þær sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi bankans eða vegna líklegrar aukningar á þeirri starfsemi.

Ríkisviðskiptabanka er óheimilt að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum og má ekki á neinn hátt taka þátt í eða bera ábyrgð á rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana, sbr. þó 25. gr.

Þó er ríkisviðskiptabanka heimilt að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum, sem reka bankastarfsemi eða aðra starfsemi, sem skyld er bankastarfsemi eða í eðlilegum tengslum við hana. Slík eignaraðild skal ákveðin af bankaráði skv. tillögum bankastjórnar og með samþykki ráðherra.

25. gr.

Ríkisviðskiptabanka er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar strax og það er talið hagkvæmt að mati bankaráðs að fengnum tillögum bankastjórnar, sbr. a-lið 13. gr.

26. gr.

Við opnun allra innlánsreikninga skal skrá nafn reikningseiganda ásamt starfsheiti eða tegund atvinnustarfsemi, heimilisfangi og nafnnúmeri eða fyrirtækisnúmeri.

Eigendur innlánsreikninga, sem ekki eru í samræmi við framangreind ákvæði, skulu koma þeim í rétt horf, samkvæmt ákvæðum lagagreinar þessarar, innan eins árs frá gildistöku laganna.

Nánari ákvæði um nafnskráninguna og inn- og útborgun innlánsfjár skal setja í reglugerð, sbr. 48. gr.

27. gr.

Ríkisviðskiptabönkum er óheimilt að nota önnur form innlánsreikninga en þau, sem Seðlabankinn samþykkir.

28. gr.

Fé ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í ríkisviðskiptabanka.

Ríkisviðskiptabanki tekur við geymslufé (depositum).

29. gr.

Fé það, sem lagt hefur verið í ríkisviðskiptabanka, er undanþegið kyrrsetningu eða löghaldi, meðan það stendur þar.

30. gr.

Um fyrningu á innlánsfé fer eftir 2. gr. laga nr. 14/1905.

Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa nefndra skjala með sex mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði, og ef enginn gefur sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim aðila fjárhæðina, sem fengið hefur innlánsskilríkið eða viðtökuskírteinið, án þess að nokkur annar, er skjölin kunna að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

31. gr.

Fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til gagnvart ríkisviðskiptabanka, skulu að jafnaði teknar fullnægjandi tryggingar að mati bankans.

Forsenda þess, að til skuldbindinga sé stofnað gagnvart ríkisviðskiptabanka án veðs eða ábyrgðar annarra, sé sú, að bankinn hafi aflað sér upplýsinga um

afkomu og efnahag viðkomandi viðskiptaaðila, sem að mati bankans sýni, að slíkra trygginga sé ekki þörf. Meðan slík skuldbinding stendur, skal bankinn fylgjast reglulega með afkomu og efnahag viðskiptaaðilans, þannig að ef þörf krefur, megi í tæka tíð grípa til ráðstafana til að tryggja hagsmuni bankans.

Þegar um mjög smávægilega fyrirgreiðslu er að ræða miðað við eigið fé bankans, er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr., enda liggi fyrir fullnægjandi vitneskja að mati bankans um greiðslugetu viðskiptaaðilans.

32. gr.

Við ákvörðun heildarfyrirgreiðslu til eins viðskiptaaðila í formi útlána og/eða ábyrgða skal ríkisviðskiptabanki gæta þess, að heildarfjárhæðin sé í hæfilegu hlutfalli við eigið fé bankans með hliðsjón af þeim tryggingum, sem settar hafa verið, og fjárhag viðskiptaaðilans, sbr. 31. gr. Sama gildir um heildarfyrirgreiðslu til fleiri en eins aðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir, að með tilliti til útlánaáhættu verður að skoða skuldbindingar þeirra við bankann í einu lagi.

33. gr.

Bankaráðsmenn, varamenn þeirra, þingkjörnir endurskoðendur, endurskoðandi skipaður af ráðherra, bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar mega ekki vera skuldugir viðkomandi banka eða ábyrgðarmenn annarra. Ákvæði þetta gildir einnig um maka þeirra, sem hér eru taldir.

Aðrir starfsmenn en um getur í 1. mgr. mega vera skuldugir viðkomandi banka eftir reglum, sem bankaráð setur að fengnum tillögum bankastjórnar.

Ekki mega bankaráðsmenn, varamenn þeirra, þingkjörnir endurskoðendur, endurskoðandi skipaður af ráðherra né starfsmenn koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart bankastjórn varðandi lánbeiðnir eða aðrar fyrirgreiðslubeiðnir né reka á nokkurn hátt erindi annarra við bankann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um skuldbindingar, sem bankaráðsmenn, varamenn þeirra, þingkjörnir endurskoðendur eða endurskoðandi skipaður af ráðherra kunna að hafa stofnað til, áður en þeir eru kjörnir til starfans, en slíkar skuldbindingar skal greiða upp á hæfilegum tíma að mati hlutaðeigandi bankastjórnar. Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar skulu greiða slíkar skuldbindingar upp, þegar er þeir taka við starfi.

V. KAFLI

Lausafjárstaða.

34. gr.

Ríkisviðskiptabanki skal gæta þess að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi bankans fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnistæður í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir.

VI. KAFLI

Reikningsskil.

35. gr.

Reikningsár ríkisviðskiptabanka er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skal gerður ársreikningur.

Um gerð ársreiknings fer eftir lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar uppsetningu reikningsins, mat á hinum ýmsu liðum og önnur atriði.

Ráðherra skal setja nánari reglur um gerð ársreiknings að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, sbr. lög nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands.

36. gr.

Endurskoðaður ársreikningur skal lagður fyrir ráðherra til staðfestingar eigi síðar en í marsmánaðarlok.

Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði og bankastjórum. Hafi bankaráðsmaður eða bankastjóri fram að færa athugasemdir við ársreikning, skal hann undirritaður með fyrirvara og koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

Ársreikningur skal lagður fyrir endurskoðendur eigi síðar en í lok febrúarmánaðar.

37. gr.

Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal liggja frammi á öllum afgreiðslustöðum bankans og skal afhentur hverjum viðskiptaaðila, sem þess óskar.

Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum. Ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit skal jafnframt birta í Lögbirtingablaðinu í því formi, sem bankaeftirlitið ákveður.

VII. KAFLI

Endurskoðun.

38. gr.

Endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka skal framkvæmd af tveimur endurskoðendum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn, og löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn.

Endurskoðandi ríkisviðskiptabanka má ekki eiga sæti í bankaráði, vera starfsmaður bankans eða starfa í þágu hans að öðru en endurskoðun. Ekki má hann heldur vera í þjónustu bankaráðsmanns, bankastjóra, aðstoðarbankastjóra, útibússtjóra eða þeirra starfsmanna, sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi bankans eða fjármálum. Þá má endurskoðandi eigi vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.

Þóknun endurskoðenda er háð samþykki ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs.

Skylt er að veita endurskoðendum aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum bankans og jafnframt skal bankaráð og starfsmenn bankans veita þeim allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té.

39. gr.

Við ríkisviðskiptabanka skal starfa endurskoðunardeild, sem annast um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 11. gr.

40. gr.

Endurskoðendum, sbr. 38. gr., er heimilt að byggja endurskoðun sína á starfsemi endurskoðunardeildar og öðru innra eftirliti bankans. Þeir skulu gefa gaum að því, að starfsemi endurskoðunardeildar og annað innra eftirlit bankans sé í fullnægjandi horfi. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma endurskoðun í samræmi við viðteknar endurskoðunarvenjur á hverjum tíma.

41. gr.

Endurskoðendur skulu árita ársreikning. Einnig skulu þeir semja endurskoðunarskýrslu, sem fylgi ársreikningi, þar sem gerð sé grein fyrir endurskoðun á árinu og athugasemdum, ef einhverjar eru, sem þeir telja rétt að vekja athygli ráðherra á.

Bankaráð skal fá skýrslu endurskoðenda í hendur hæfilegum tíma áður en ársreikningur er lagður fyrir ráðherra til staðfestingar. Skal bankaráð semja svar við athugasemdum endurskoðenda, ef einhverjar eru.

Endurskoðendur skulu færa endurskoðunarbók yfir störf sín. Þeir skulu með reglubundnum hætti, og ekki sjaldnar en ársfjórðungslega, gera bankaráði grein fyrir niðurstöðum endurskoðunar.

Endurskoðendum er skylt að veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar um málefni bankans og framkvæmd endurskoðunar, sem það kann að óska eftir og þeir geta í té látið. Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla í rekstri bankans, varðandi innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði, sem veikt geta fjárhagslega stöðu bankans eða viðskiptatraust hans, skulu endurskoðendur gera bankaráði og bankaeftirliti viðvart.

42. gr.

Forstöðumaður endurskoðunardeildar skal gera bankaráði og endurskoðendum, sbr. 38. gr., reglulega grein fyrir störfum deildarinnar. Hann skal jafnframt árita ársreikning bankans.

VIII. KAFLI
Refsiákvæði.

43. gr.

Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

44. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi, liggi ekki þyngri refsing við broti, samkvæmt öðrum lögum.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði og gildistaka.

45. gr.

Ríkisviðskiptabanki er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs, sveitarsjóða og annarra opinberra stofnana, nema sérstaklega sé um skattskylduna mælt í lögum.

Bækur ríkisviðskiptabanka, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

46. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og allir starfsmenn ríkisviðskiptabanka eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna bankans og um önnur atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum, reglugerðum eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst, þótt látið sé af starfi.

47. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett ríkisviðskiptabanka og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal honum eða útibúum hans gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

48. gr.

Setja skal í reglugerð, er ráðherra gefur út að fengnum tillögum bankaráðs ríkisviðskiptabanka, nánari ákvæði um starfsemi hans.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1981.

Með lögum þessum eru felld úr gildi eftirtalin lög:

Nr. 11. frá 29. mars 1961 um Landsbanka Íslands, nr. 12 frá 29. mars 1961 um Útvegsbanka Íslands, nr. 34 frá 29. maí 1957 um Útvegsbanka Íslands, nr. 28 frá 19. maí 1976 um Búnaðarbanka Íslands, nr. 31 frá 19. maí 1930 um sveitabanka og nr. 49 frá 8. september 1931 um Ríkisveðbanka Íslands og síðari breytingar á ofangreindum lögum, svo og önnur lög, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Er lög þessi hafa verið staðfest skal Alþingi kjósa nýtt bankaráð, skv. ákvæðum 8. gr., sem tekur við yfirstjórn Búnaðar- og Útvegsbankans við gildistöku laganna. Kjörtími hins nýja bankaráðs skal vera til ársloka 1984. Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna og varamanna þeirra í bankaráðum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands.

   Ákvæði 8. gr. laganna taka ekki gildi gagnvart bankaráðsmönnum Landsbanka Íslands og varamönnum þeirra, fyrr en í lok yfirstandandi kjörtímabils þeirra, sem rennur út í árslok 1980. Í desember 1980 skal kjósa nýtt bankaráð fyrir Landsbankann skv. ákvæðum 8. gr. laganna.
2. Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi bankastjóra Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands. Hið nýja bankaráð Búnaðar- og Útvegsbankans skal ráða bankastjóra skv. ákvæðum 10. gr., sbr. 3. mgr. 7. gr. laganna, á fundi sem haldinn skal, áður en viðskipti hefjast fyrsta starfsdag bankans eftir 1. janúar 1981. Núverandi bankastjórar Landsbanka Íslands halda umboðum sínum.
3. Búnaðarbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands og hið nýja bankaráð Búnaðar- og Útvegsbanka Íslands skulu fyrir lok september 1980 nefna til sinn manninn hver til að taka við verðmætum, skuldum og skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands úr höndum bankaráða og bankastjóra bankanna.

   Menn þessir skulu fylgjast með reikningsskilum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands hinn 30. september 1980 og gefa yfirlýsingu um hverju þeir hafa við tekið og gera athugasemdir þar um, ef efni verða til. Rísi deilur um einhver atriði varðandi yfirtökuna, skal ráðherra skera úr þeim.
4. Heimilt er bankaráði Búnaðar- og Útvegsbankans að reka hann sem tvær aðskildar, reikningslegar einingar til 30. júní 1981 á meðan unnið er að sameiningu aðalbókhalds, aðalendurskoðunar og annarra deilda, sem nauðsyn ber til að sameinaðar verði á þessu stigi. Þrátt fyrir ofangreinda heimild, kemur Búnaðar- og Útvegsbanki Íslands fram sem persóna að lögum frá gildistöku laga þessara.
5. Samband ísl. bankamanna, Starfsmannafélag Búnaðarbanka Íslands og Starfsmannafélag Útvegsbanka Íslands skulu, er frumvarp þetta hefur verið staðfest sem lög frá Alþingi, nefna til sinn manninn hvert til þess að taka þátt í framkvæmd sameiningar Búnaðar- og Útvegsbankans. Menn þessir skulu sitja alla fundi hins nýja bankaráðs, er fjallað er um mál er varða sameiningu bankanna, með fullu málfrelsi og tillögurétti. Einnig skulu þeir á sama hátt taka þátt í starfi því sem greint er í 3. lið hér að ofan. Málefni starfsmanna skv. 8. lið hér að neðan skulu ekki ráðin til lykta án atbeina greindra manna.
6. Eigi síðar en 1. október 1981 skal starfseminni vera þannig háttað, að Búnaðar- og Útvegsbankinn hafi frá þeim tíma einar aðalstöðvar með aðalafgreiðslu, þar sem séu þjónustudeildir, sem almennt eru hafðar í aðalstöðvum viðskiptabanka.

7. Eigi síðar en 1. október 1981 skulu útibú Búnaðar- og Útvegsbanka Íslands, sem liggja nálægt hvort öðru, hafa verið sameinuð í því húsnæði, sem betur þykir henta starfsemi þeirra.
8. Til þess að draga úr röskun á stöðu og högum starfsmanna Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands við sameiningu bankanna skal gæta eftirfarandi atriða:
   a) Nýja starfsmenn skal ekki ráða nema brýna nauðsyn beri til.
   b) Heimilt er að starfsmenn, sem komnir eru nærri eftirlaunaaldri, hætti störfum, — fyrr en reglugerð um eftirlaun og eftirlaunaaldur gerir ráð fyrir, — á fullum eftirlaunum. Tekið skal fullt tillit til þeirra réttinda, sem viðkomandi starfsmenn hefðu getað unnið sér inn hefðu þeir ekki hætt störfum. Sjá ennfremur tölulið 5 hér að framan.
   c) Heimilt er að greiða starfsmönnum, sem segja þarf upp störfum vegna sameiningarinnar, laun fram yfir það, sem bankinn er skyldur til skv. gildandi kjarasamningi. Hafa skal til viðmiðunar ákvæði laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.
   d) Starfsmenn bankanna skulu að öðru jöfnu ganga fyrir, er ráðið er í stöður, sem losna vegna ofangreindra aðgerða.
9. Er lög þessi hafa verið staðfest, skal Alþingi kjósa nýja endurskoðendur, skv. ákvæðum 38. gr. laganna. Kjörtími hinna nýju endurskoðenda skal vera til ársloka 1984.

   Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi endurskoðenda við Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands.
10. Í sambandi við framkvæmd skipulagsbreytinga þeirra, sem ákveðnar eru í lögum þessum, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða að leggja nýtt stofnfé til Búnaðar- og Útvegsbankans allt að 1 400 millj. kr. Heimilt er ríkisstjórninni að taka þetta fé að láni hjá Seðlabankanum.

Greinargerð.

Með bréfi dagsettu 28. febrúar sl. skipaði viðskiptaráðherra starfshóp, sem semja skyldi frumvarp til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins, og átti frumvarpið að fela í sér ákvæði um sameiningu Útvegsbankans og Búnaðarbankans svo og ákvæði um aukið innra eftirlit. Í framhaldi af þessu starfi var starfshópnum ennfremur falið að semja frumvörp til laga um viðskiptabanka í hlutafélagsformi og frumvarp til laga um sparisjóði.

Starfshóp þennan skipa eftirtaldir menn:

Jón Skaftason og Sveinn Aðalsteinsson af hálfu viðskiptaráðuneytisins og Þórður Ólafsson og Sveinbjörn Hafliðason af hálfu Seðlabankans.

Við samningu þessa frumvarps var byggt á frumvörpum um viðskiptabanka í eigu ríkisins, sem flutt voru á 99. löggjafarþinginu, annars vegar af þáverandi ríkisstjórn og hins vegar af Lúðvík Jósepssyni, alþm. Nokkur efnisatriði, sem ekki er að finna í frumvörpum þessum, voru tekin til athugunar, þ. á m. spurningin um, hvort rétt sé að taka inn í frumvarp þetta ákvæði um eiginfjárstöðu ríkisviðskiptabankanna. Var niðurstaða starfshópsins sú, að ekki væru efni til m. a. vegna ríkisábyrgðarfyrirkomulagsins að setja ákvæði um eiginfjárstöðu. Ef breyta á núverandi fyrirkomulagi þurfa þessi mál sérstakrar athugunar við.

Nauðsyn ber til að setja nýja heildarlöggjöf um bankastofnanir. Nú er eina heilsteypta löggjöfin á þessu sviði lögin um Seðlabanka Íslands, sem sett voru árið 1961. Sú löggjöf uppfyllir í flestu þær kröfur, sem gerðar eru nú á dögum til seðlabankalöggjafar. Um viðskiptabankana er hins vegar ekki til nein samstæð löggjöf. Starfar hver þeirra samkvæmt sérstökum lögum, sem að sumu leyti eru ósamstæð og að mörgu leyti ófullkomin.

Sparisjóðir búa við lög frá árinu 1941, sem á sínum tíma voru fullnægjandi, en eru nú mjög úrelt orðin.

Bankamál hafa oft komið til kasta Alþingis, sem hefur stundum varið miklum tíma í þessi mál. Hefur sérstökum milliþinganefndum nokkrum sinnum verið falið að athuga þessi mál og gera tillögur um þau. Slíkar bankamálanefndir störfuðu árin 1925—26, 1937—40 og 1951. Þrátt fyrir þetta og miklar opinberar umræður og ýmiss konar athuganir hafa þessi mál ekki í heild verið tekin til almennrar meðferðar, ef frá eru skilin störf milliþinganefndar þeirrar, er starfaði árin 1937—40 og gerði heildstæðar tillögur um þetta svið allt, svo og störf bankamálanefndar, sem skipuð var af viðskiptaráðherra í maí 1972 í samræmi við stefnuyfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar til að endurskoða allt bankakerfið. Nefnd þessi skilaði lokaskýrslu í formi greinargerða og tillagna í janúar 1973.

Auk viðskiptabanka og sparisjóða eru innlánsstofnanir hér á landi innlánsdeildir samvinnufélaga, Söfnunarsjóður Íslands og Póstgíróstofan. Af þessum síðastnefndu innlánsstofnunum skipta innlánsdeildir samvinnufélaga mestu máli. Starfsemi þeirra byggist á ófullkomnum ákvæðum í samvinnufélagalögunum. Ekki er gert ráð fyrir að tillögur til breytinga á skipulagi innlánsdeildanna verði lagðar fram nú samhliða frumvörpum um viðskiptabanka og sparisjóði, en hins ber að gæta, að ný löggjöf um sparisjóði gæti haft verulega þýðingu fyrir innlánsdeildirnar á þann hátt, að hugsanlega yrðu stofnaðir sparisjóðir upp úr einhverjum þeirra.

Þótt frumvörp þau, sem ráðgert er að leggja fyrir Alþingi, þ. e. um ríkisviðskiptabanka, hlutafélagsbanka og sparisjóði, nái þannig ekki til allra starfandi innlánsstofnana, taka þau til þeirra innlánsstofnana, sem mestu máli skipta og sem höfðu 96.6% af heildarinnlánum í árslok 1978. Má því til sanns vegar færa, að hér sé um að ræða nýja heildarlöggjöf um innlánsstofnanir, þ. e. a. s. almenna löggjöf um hverja tegund þessara innlánsstofnana. Draga frumvörp þessi dám hvert af öðru, enda er reynt að hafa samræmd ákvæði um almenn atriði varðandi þessar stofnanir. Frávik eru þó óhjákvæmileg, m. a. vegna mismunandi rekstrarforms, þ. e. ríkisviðskiptabanka, hlutafélagsbanka og sparisjóða og ólíkra sögulegra og félagslegra forsendna.

Eins og áður er sagt hafa viðskiptabankarnir, bæði viðskiptabankar í eigu ríkisins og viðskiptabankar í hlutafélagsformi, starfað samkvæmt sérlögum um hvern fyrir sig og reglugerðum settum samkvæmt þeim og eru ákvæði sérlaganna að sumu leyti hin sömu, en ýmissa frávika gætir og margt er mjög ófullkomið. Má í því sambandi nefna, að þörf er á nútímalegum ákvæðum um eiginfjárstöðu, lausafjárstöðu, töku greiðslutrygginga, hámarkslán til einstakra viðskiptaaðila, endurskoðun og önnur slík atriði. Ný og samræmd löggjöf ætti því að geta orðið til verulegra bóta í þessum efnum. Með setningu nýrrar og samræmdrar löggjafar er stefnt að því að setja fyllri og skýrari ákvæði um ýmis tæknileg atriði í rekstri bankanna auk endurskoðunar á öðrum ákvæðum.

Meginhlutverk viðskiptabanka, bæði hér á landi og í öðrum löndum, er móttaka á innlánsfé frá almennum viðskiptaaðilum og ávöxtun þessa fjár í útlánum, einkum í þágu atvinnuveganna. Er nú tekið fram í lögum um bankana, bæði viðskiptabanka í eigu ríkisins að undanteknum Landsbankanum og banka, sem reknir eru í hlutafélagsformi, að þeir skuli sérstaklega „styðja“ tilteknar atvinnugreinar, og það sama kemur fram í nöfnum stofnananna. Er hér að sjálfsögðu fyrst og fremst átt við það, að þessir aðilar skuli njóta forgangs um lánafyrirgreiðslu. Í Landsbankalögunum er tekið fram, að bankinn „skuli stuðla að vexti og viðgangi atvinnuvega landsmanna.“ Fallið er frá þessari lögfestingu sérhæfingar í frumvarpinu og verður einnig svo í væntanlegu frumvarpi til laga um hlutafélagsbanka, enda er sú stefna eðlilegust að viðskiptabankar geti veitt almenna og alhliða þjónustu í öllum atvinnugreinum. Að auki má benda á, að tenging útlánaviðskipta við ákveðið svið atvinnulífsins er ekki í samræmi við þá meginreglu öruggs bankarekstrar að dreifa útlánaáhættunni eins og kostur er.

Hér að framan hefur verið farið nokkrum orðum um helstu innlánsstofnanirnar, enda er eðlilegt að gefa stutt yfirlit yfir þau mál í heild hér, þar sem þetta frumvarp er einungis hluti endurskoðunar löggjafar um þessar stofnanir og tengist því með ýmsum hætti þeim frumvörpum, sem væntanlega verða lögð fyrir Alþingi síðar.

Ríkisviðskiptabankarnir eru þrír svo sem kunnugt er. Hinn elsti þeirra, Landsbanki Íslands, er jafnframt fyrsti viðskiptabankinn hérlendis. Hann hóf starfsemi sína árið 1886. Landsbankinn starfar nú samkvæmt lögum frá 1961. Útvegsbanki Íslands hf. tók við af Íslandsbanka hf. á árinu 1930 og var reyndar reistur á grunni hans. Ríkið átti þá þegar mikinn meirihluta hlutafjár í Útvegsbankanum. Honum var síðan breytt í hreinan ríkisbanka 1957. Útvegsbankinn starfar nú samkvæmt lögum frá 1961. Búnaðarbanki Íslands hóf starfsemi sína árið 1930 og var hann frá upphafi eign ríkisins. Búnaðarbankinn starfar samkvæmt lögum frá 1976, er tóku við af lögum um bankann frá árinu 1941.

Hlutur ríkisviðskiptabankanna í heildarstarfsemi bankakerfisins er mjög stór. Til viðmiðunar um þetta má nefna, að hlutdeild þeirra í heildarinnlánum innlánsstofnana var í árslok 1978 63.7%.

Með frumvarpi þessu, sem hér liggur fyrir, um viðskiptabanka í eigu ríkisins, er stefnt að því að fækka ríkisviðskiptabönkunum úr þremur í tvo og setja þeim jafnframt sameiginlega og nútímalega löggjöf, er leysi af hólmi gildandi lög um einstaka banka.

Frumvarp til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins var lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973—1974. Það frumvarp varð ekki útrætt. Frumvarpið var byggt á starfi bankamálanefndar þeirrar, sem starfaði 1972—1973, og tillögum hennar.

Meginniðurstöður nefndarinnar eru þær, að peninga- og lánastofnanir hérlendis séu miklu fleiri en hagkvæmt getur talist, auk þess sem margar þeirra séu of smáar til að geta uppfyllt nútímakröfur um alhliða þjónustu við viðskiptaaðila sína og öryggi fyrir innstæðueigendur og aðra kröfuhafa. Leggur nefndin jafnframt áherslu á nauðsyn þess, að löggjöf, sem varðar starfsemi þessara stofnana, sé endurskoðuð og færð í nútímalegt horf. Telur nefndin allt benda til víðtæks samkomulags um meginmarkmiðin, sem stefna beri að í þessum efnum, þ. e. a. s. samruna peninga- og lánastofnana í stærri og virkari heildir, og einföldun bankakerfisins innan ramma heilsteyptrar löggjafar.

Umfangsmesti kaflinn í tillögugerð nefndarinnar fjallar um viðskiptabanka í eigu ríkisins, enda er þáttur ríkisviðskiptabankanna þriggja, Landsbanka, Útvegsbanka og Búnaðarbanka, mjög stór í heildarstarfsemi bankakerfisins. Til viðmiðunar um þetta má nefna, að starfsmannafjöldi þessara þriggja banka er um 65% af heildarstarfsmannafjölda þeirra peninga- og lánastofnana, sem tillögugerð nefndarinnar nær til. Einnig ber í þessu sambandi að hafa í huga þá staðreynd, sem minnst er á í nefndaráliţinu, að endurskipulagning ríkisviðskiptabankakerfisins getur eðli málsins samkvæmt komið fyrr til framkvæmda og með einfaldari hætti, en endurskipulagning ýmissa annarra þátta bankakerfisins.

Eftir að fjallað hafði verið um ýmsar leiðir, sem til greina kæmu til að ná fram fækkun ríkisviðskiptabankanna, komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að líklegasta leiðin til að skapa hagkvæmt ríkisviðskiptabankakerfi væri að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann, ef jafnframt væru gerðar ráðstafanir til að styrkja eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu hins sameinaða banka.

Í áliti bankamálanefndar frá 1973 fjallaði alllangur kafli um kosti og galla sameiningar Búnaðarbankans og Útvegsbankans. Þykir rétt að taka þennan kafla hér upp að mestu leyti orðréttan en nokkru er aukið við og öðru sleppt og tölur eru umreiknaðar með hliðsjón af stöðu bankanna í dag:

SAMEINING BÚNAÐARBANKANS OG ÚTVEGSBANKANS.

Sá banki, sem myndaður kynni að verða með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans, verður hér kallaður SAMEINAÐI BANKINN, án þess að í því felist nein tillaga um nafngift bankans, ef af stofnun hans verður.

Sameinaði bankinn yrði banki, sem 1) nálgaðist Landsbankann að stærð, 2) hefði mjög svipaða dreifingu útlána á atvinnuvegi og aðra lánsaðila og Landsbankinn, 3) hefði afgreiðsluaðstöðu í öllum landshlutum og mjög til jafns við Landsbankann og 4) tæki við gjaldeyrisréttindum af Útvegsbankanum. Með Sameinaða bankanum og Landsbankanum yrði með öðrum orðum mjög mikið jafnræði, hvað snertir stærð, viðskiptadreifingu og viðskiptaaðstöðu, og eru það vissulega miklir kostir á þessari leið.

Fjárhagsleg staða hins nýja banka yrði hins vegar ekki eins sterk og vera þyrfti til að tryggja honum eðlilega vaxtarmöguleika og sem jafnasta samkeppnisaðstöðu við Landsbankann. En segja má, að það sé óbeinn kostur við þessa sameiningarleið, að með henni má ætla, að skapaðar væru forsendur fyrir nægilegri samstöðu um aðgerðir til varanlegra úrbóta í þessum efnum.

Að áliti nefndarinnar mundi sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans ekki ná þeim tilgangi sínum að skapa hagkvæmt ríkisbankakerfi, nema gerðar yrðu sérstakar ráðstafanir til að styrkja eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu Sameinaða bankans. Telur nefndin, að nauðsynlegt yrði að auka eigið fé bankans með allt að 1 400 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði, en eðlilegt væri að Seðlabankinn lánaði ríkissjóði þessa fjárhæð til nokkurs árabils. Lausafjárstöðuna þyrfti að bæta verulega en ekki er rétt á þessu stigi að nefna ákveðna upphæð í því sambandi. Samkvæmt útreikningum yrði væntanlega um að ræða fjárhæð á bilinu 2 000—4 000 millj. kr., allt eftir því að hvaða marki yrði stefnt. Þar af mundi allt að 1 400 millj. kr. fást samkvæmt framanskráðu en það sem á vantar, mundi væntanlega fást með lánsfyrirgreiðslu í Seðlabankanum til nokkurs tíma.

Nauðsynlegt er, að í sambandi við sameininguna yrðu athugaðir möguleikar á vissri uppstokkun á útibúum og útlánsviðskiptum ríkisbankanna með það í huga að leiðrétta misræmi, sem vera kynni í fjölda og dreifingu afgreiðslustaða þessara banka.

Ljóst er að ýmis vandamál mundu fylgja jafn viðamikilli breytingu á skipulagi bankamála og sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans yrði. Telur nefndin sérstaka ástæðu til að vekja athygli á þeim vanda, er að starfsmönnum bankanna tveggja sneri. Einnig vill nefndin vekja athygli á því, að hún hefur ekki haft aðstöðu til að kanna viðhorf þeirra viðskiptaaðila, sem bönkum þessum er einkum ætlað að þjóna, né athuga nægilega hinn rekstrarlega ávinning.

Til frekari skýringa á því, sem að framan er sagt um fjárhagsstöðu, stærð, viðskiptadreifingu og viðskiptaaðstöðu Sameinaða bankans og Landsbankans verður nú gerð grein fyrir einstökum þessara atriða, og jafnframt verður nánar vikið að þeim vanda í starfsmannamálum, sem sameiningu mundi fylgja.

A. EIGINFJÁRSTAÐA.

Með allt að 1 400 millj. kr. eiginfjárframlagi, sem gert er ráð fyrir hér að framan, færi eigið fé Sameinaða bankans í 5 400 millj. kr., sem er 13% af heildarinnlánum Búnaðarbankans og Útvegsbankans í árslok 1978. Samsvarandi tölur fyrir Landsbankann eru 6 800 millj. kr. og 13%. Væri þá hlutfallsleg eiginfjárstaða Sameinaða bankans orðin jafn góð eiginfjárstöðu Landsbankans. Þess má geta að eigið fé fyrrgreindra banka er miðað við að fasteignir þeirra allra hafi verið færðar á fasteignamatsverði í árslok 1978.

B. LAUSAFJÁRSTAÐA.

Lausafjárstaða ríkisbankanna var sem hér segir í marslok 1978, í júnílok 1978, í septemberlok 1978 og í árslok 1978:

	B.Í.	Ú.Í.	S.b.	L.Í.	L.Í.—S.b.
Pr. 31.3. 1978	669	— 2 349	— 1 680	3 782	(5 462)
Pr. 30.6. 1978	728	— 3 500	— 2 772	— 572	(2 200)
Pr. 30.9. 1978	1 394	— 2 982	— 1 588	858	(2 446)
Pr. 31.12. 1978	4 523	— 2 119	2 404	7 009	(4 605)

Eins og áður greinir þarf að bæta lausafjárstöðu Sameinaða bankans verulega en ekki er nefnd ákveðin tala í því sambandi. Væntanlega yrði sú upphæð á bilinu 2 000—4 000 millj. kr. en ljóst er af framanskráðu yfirliti, að þessar ráðstafanir eru lágmark þess að skapa Sameinaða bankanum þolanlega lausafjárstöðu.

C. STÆRÐ SAMEINAÐA BANKANS.

Gerður var eftirfarandi samanburður á heildarupphæð innlána og útlána Sameinaða bankans og Landsbankans á grundvelli talna pr. 31.12. 1978.

Millj. kr.	Sameinaði bankinn	Landsbankinn	$\frac{S}{L}$ x100
Innlán í Reykjavík	22 606	34 043	66.4
Innlán utan Reykjavíkur	19 362	18 888	102.5
Samtals	41 968	52 931	79.3
Útlán í Reykjavík	18 132	31 412	57.7
Útlán utan Reykjavíkur	24 487	28 456	86.1
Samtals	42 619	59 868	71.2

Bent var á það innan nefndarinnar að ekki megi ganga út frá því sem vísu, að allir viðskiptamenn Búnaðarbankans og Útvegsbankans haldi áfram viðskiptum sínum eftir sameininguna. Telja verður þó líklegt, að ef gerðar verða þær ráðstafanir til að styrkja fjárhagsstöðu Sameinaða bankans, sem um hefur verið rætt, sé ekki hætta á, að hann haldi ekki sínum viðskiptahlut.

D. DREIFING ÚTLÁNA Á HELSTU FLOKKA LÁNTAKENDA.

Eftirfarandi tafla um lánaflokkun pr. 31.12. 1978 sýnir að útlánaskipting Sameinaða bankans yrði í öllum meginatriðum mjög lík útlánaskiptingu Landsbankans:

Pr. 31.12. 1978 í %.	Ú.Í.	B.Í.	S.b.	L.Í.	Bankar alls
a. Ríkissjóður og ríkisst.	0.2	0.5	0.3	2.0	1.2
b. Lánastofnanir	2.3	7.4	5.2	5.2	5.4
1. Fjárfestingalánast.	2.3	7.2	5.1	5.2	5.3
2. Lánast. aðrar en bankar	0.0	0.2	0.1	0.0	0.1
c. Bæjar- og sveitarfélög	1.3	2.3	1.9	3.4	2.4
d. Fyrirtæki	87.0	76.7	81.1	78.3	77.0
1. Landbúnaður	0.4	41.3	24.0	18.1	19.2
2. Sjávarútvegur	61.7	5.9	29.5	33.5	27.0

	Ú.Í.	B.Í.	S.b.	L.Í.	Bankar alls
3. Verslun	9.8	11.8	11.0	11.3	13.0
a) Samvinnufélög	0.9	2.1	1.6	2.7	2.8
b) Olíufélög	1.3	0.0	0.6	3.8	2.0
c) Önnur verslun	7.6	9.7	8.8	4.9	8.2
4. Iðnaður	9.3	10.8	10.2	11.6	12.0
5. Byggingaverktakar íb.	0.3	0.4	0.4	0.3	0.6
6. Aðrir byggingaverkt.	0.7	1.2	1.0	0.4	0.7
7. Samgöngur	3.5	2.9	3.2	1.8	2.3
8. Raforkumál	0.0	0.0	0.0	0.2	0.1
9. Þjónustustarfsemi	1.2	2.3	1.8	1.3	2.2
e. Einstaklingar	9.2	13.1	11.5	11.2	14.0
1. Íbúðabyggingar	4.6	10.2	7.9	4.9	7.2
2. Annað	4.6	2.9	3.6	6.3	6.8
Útlán alls	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0

E. FJÖLDI OG DREIFING AFGREIÐSLUSTAÐA.

	Sameinaði bankinn B.Í. + Ú.Í.	Landsbankinn
Reykjavík	9 (7)	8
Reykjanes	7 (7)	3
Vesturland	2 (2)	3
Vestfirðir	1 (1)	2
Norðurland vestra	6 (6)	0
Norðurland eystra	2 (1)	4
Austurland	3 (2)	6
Suðurland	8 (8)	6
	38 (34)	32

Í ofangreindri töflu er sýndur fjöldi útibúa og umboðsskrifstofa, sem leyfi hefur verið veitt fyrir í árslok 1978.

Ef gert er ráð fyrir sameiningu aðalafgreiðslna Búnaðarbankans og Útvegsbankans í miðbænum í Reykjavík, sameiningu Austurbæjarútibús Búnaðarbankans og Laugavegsútibús Útvegsbankans og sameiningu útibúa á Akureyri og ennfremur að umboðsskrifstofa Búnaðarbankans á Reyðarfirði verði lögð niður, yrði fjöldi afgreiðslustaða Sameinaða bankans eins og fram kemur í svigatölunum í töflunni.

Yfirlitið sýnir, að í heild verður að telja, að jafnræði yrði með bönkunum í fjölda afgreiðslustaða, og að miklu leyti má segja það sama um dreifingu afgreiðslustaðanna á landshluta.

Fram kemur hér á undan, að sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans hefði í för með sér nokkra fækkun afgreiðslustaða, og jafnframt skal bent á, að sameiningin kæmi í veg fyrir þá fjölgun afgreiðslustaða, sem væntanlega ætti sér stað, ef ríkisbankarnir væru þrír.

F. STARFSMANNAMÁL.

Ljóst er, að ef ákveðið yrði að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann, hlytu að skapast margvísleg og viðkvæm vandamál að því er starfsmenn bankanna tveggja varðar. Starfsfólk Búnaðarbankans var 266 talsins í árslok 1978 en starfsfólk Útvegsbankans 305.

Talið er mjög mikilvægt að þessi mál verði tekin réttum tökum, ef til sameiningar kemur eins og gert er ráð fyrir í ákvæðum til bráðabirgða í frumvarpi þessu.

Frumvarp það um viðskiptabanka í eigu ríkisins, sem hér er lagt fyrir Alþingi miðar annars vegar að því að fækka ríkisviðskiptabönkunum úr þremur í tvo með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans og hins vegar er með frumvarpinu stefnt að því að setja ríkisviðskiptabönkunum sameiginlega, nútímalega löggjöf, sem leysi af hólmi núgildandi lög um einstaka banka. Byggir frumvarpið um bæði þessi atriði á starfi bankamálanefndar 1972—1973 og þeirri tillögugerð, sem rakin hefur verið hér á undan.

Búnaðarbankinn er þegar orðinn stór banki með nokkru meira innlánsfé en Útvegsbankinn. Hann hefur þó ekki enn fengið réttindi til almennra gjaldeyrisviðskipta. Ástæður til þess eru einkum þær, að ekki hefur þótt ástæða til að auka enn við starfslið og reksturskostnað í bönkum vegna gjaldeyrisviðskiptanna og auk þess hefur þótt eðlilegt, að gjaldeyrisviðskipti væru bundin alhliða bankarekstri með fullum skyldum til þjónustu við allar helstu atvinnugreinar landsmanna.

Eins og nú er háttað rekstri viðskiptabanka ríkisins er ljóst, að viðskipti þeirra eru mjög misjafnlega mikil við einstakar atvinnugreinar og einnig er þjónusta þeirra misjöfn í einstökum landshlutum.

Rekstur Landsbankans er þó nokkuð alhliða og virðast lánveitingar hans skiptast nokkuð eðlilega á milli atvinnugreina og landssvæða. Útvegsbankinn er hins vegar mjög bundinn af viðskiptum við sjávarútveg og Búnaðarbankinn við landbúnað og ýmis konar viðskipti.

Með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans væri miklu auðveldara að skipuleggja rekstur þeirra þannig, að unnt væri að veita alhliða bankaþjónustu og sinna helstu atvinnugreinum landsmanna, eftir því sem þörf krefur hverju sinni. Með tveimur öflugum viðskiptabönkum yrði miklu auðveldara að skipuleggja útibúakerfi bankanna, án óþarfa eyðslu, þannig að það veitti þjónustu um allt land.

Í nútíma atvinnurekstri er góð bankaþjónusta frumskilyrði. Fyrirtækin verða sífellt stærri og til þess að hægt sé að veita stórum fyrirtækjum góða þjónustu þarf stærri banka. Sá tími er liðinn, að hægt sé að miða rekstur banka við aðeins eina starfsgrein. Landbúnaður verður ekki rekinn nema í nánum tengslum við verslun og viðskipti og víðast hvar hér á landi er sjávarútvegur, eða iðnaður einnig nátengdur öðrum rekstri. Góður viðskiptabanki þarf því að sinna á alhliða hátt öllum atvinnurekstri, sem nauðsynlegur er á því starfssvæði, sem bankinn vinnur á.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til, að ríkisviðskiptabankarnir verði tveir, Landsbanki Íslands og Búnaðar- og Útvegsbanki Íslands í stað þriggja áður, sem er í samræmi við álit bankamálanefndar, sem vikið er að í almennum athugasemdum hér að framan. Um nánari framkvæmd á sameiningu bankanna tveggja vísast til ákvæða til bráðabirgða og athugasemda um þau. Ákvæði málsgr. þessarar skýra sig annars sjálf, en rétt þykir að benda á, að meðal þeirra réttinda, sem Búnaðar- og Útvegsbankinn tekur við, er núverandi heimild Útvegsbankans til að versla með erlendan gjaldeyri, sbr. 19. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, og ákvæði 23. gr. frumvarps þessa.

2. mgr. er efnislega samhljóða núgildandi ákvæðum 1. gr. laga nr. 28/1976 um Búnaðarbankann, 1. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbankann og 1. gr. laga nr. 12/1961 um Útvegsbankann.

Um 2. gr.

Í þessari grein felst breyting frá samsvarandi ákvæðum gildandi laga. Auk reglu um ábyrgð ríkissjóðs á öllum skuldbindingum viðkomandi ríkisviðskiptabanka eru ákvæði um, að til þess að taka lán erlendis, án tryggingar í sjálfs sín eignum, þurfi ríkisviðskiptabanki sérstaka lagaheimild hverju sinni. Þessi síðast nefndu ákvæði hafa vakið ýmsar spurningar. Hallast hefur verið að því, að hér sé annars vegar um að ræða takmörkun á ábyrgð ríkissjóðs, að því er erlendar lántökur varðar, og hins vegar sjálfstæð heimild til lántöku erlendis gegn tryggingu í eignum bankanna. Ennfremur hafa í sambandi við þessa sjálfstæðu lántökuheimild vaknað spurningar um tengsl hennar við ákvæði laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, þar sem erlendar lántökur til lengri tíma en eins árs eru háðar samþykki ríkisstjórnarinnar. Þar er um gjaldeyrisreglur að ræða og má með rökum halda því fram, að þær gildi um bankana þrátt fyrir ákvæði um sjálfstæða lántökuheimild. Þess ber að geta, að í gildandi lögum um ríkisviðskiptabankana, eru ekki frekari ákvæði um erlendar lántökur þeirra.

Í þessu frumvarpi er vafaatriðum þeim, sem að framan greinir, eytt. Kveðið er á um ábyrgð ríkissjóðs í þessari grein. Í því efni skipta og máli 40. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæði í lögum nr. 37/1961 um ríkisábyrgðir, t. d. 2. gr. þ. l. Tekin eru upp í frumvarpið ákvæði, sem afmarka heimildir ríkisviðskiptabankanna til að taka erlend lán. Eru þær reglur í 23. gr. frumvarpsins og er heimildin bundin við yfirdráttarheimildir erlendis til skamms tíma. Að öðru leyti er sjálfstæð „stjórnarfarsleg“ heimild ríkisviðskiptabankanna felld niður og skýrt kveðið á um í 5. mgr. 23. gr., að bankarnir séu háðir ákvæðum laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála um lántökur erlendis að undanteknum ofangreindum yfirdráttarheimildum hjá erlendum bönkum.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli. Lagt er til, að hlutverk ríkisviðskiptabankanna sé að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi, sbr. 1. mgr., sem verður nánar skilgreind í IV. kafla frumvarpsins, og vísast til athugasemda um greinar þess kafla. Rétt þykir að benda á, að hér er lagt til, að fallið verði frá þeirri stefnu, að ríkisviðskiptabankarnir sérhæfi sig í þjónustu við tilteknar atvinnugreinar, eins og verið hefur hingað til, (á það sérstaklega við um Búnaðarbankann og Útvegsbankann), með það fyrir augum, að þeir geti veitt öllum greinum atvinnuvega landsmanna almenna og alhliða bankaþjónustu.

Í 2. mgr. er lagt til, að ríkisviðskiptabönkunum einum sé heimilt að reka almenna viðskiptabankastarfsemi hér á landi, nema lög ákveði annað. Með ákvæði þessu er ætlunin að girða fyrir það, að nýir viðskiptabankar geti hafið starfsemi hér á landi, án þess að fyrir liggi samþykki löggjafarvaldsins. Ákvæði þetta mun ekki hafa áhrif á starfsemi þeirra viðskiptabanka, sem nú eru reknir skv. sérstökum lögum og eru í formi hlutafélaga.

Í 3. mgr. er lagt til, að Seðlabanka Íslands, ríkisviðskiptabönkunum og viðskiptabönkum í formi hlutafélaga, sem starfa skv. sérstökum lögum, verði veittur einkaréttur á orðinu „BANKI“ til notkunar í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni og öðrum ótilgreindum orðum, sem benda til þess, að um seðlabanka- eða viðskiptabankastarfsemi sé að ræða. Ennfremur er lagt til, að ráðherra sá, sem fer með bankamál, geti veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstakar ástæður mæla með því. Nái ákvæði þetta fram að ganga, er ljóst, að nokkrir aðilar verða sviptir rétti til að nota orðið „BANKI“ í firma sínu. Má sem dæmi nefna, að til eru fyrirtæki hér, utan hins almenna bankakerfis, sem skírð hafa verið „Eignabankinn hf.“, „Hugmyndabankinn“ og „Verðbréfabankinn“. Eðlilegt þykir, að þeir

aðilar, sem heimild hafa lögum samkvæmt, til að reka almenna bankastarfsemi hér á landi, fái einkarétt á orðinu „BANKI“, þó að það svipti nokkra aðila rétti til notkunar orðsins, sem ekki stunda almennan bankarekstur. Eins og fram kemur hér að framan er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá ákvæði þessu. Ástæðan fyrir því er sú, að sérstakar ástæður geta mælt með því, að fyrirtæki eða stofnanir, sem ekki eru bankar í almennum skilningi þess orðs, geta átt erfitt eða ómögulegt með að finna annað jafngott orð yfir starfsemi sína, og var t. d. „Blóðbankinn“ hafður í huga í því sambandi.

Um 5. gr.

1. mgr. þarfnast ekki nánari skýringa.

Samkvæmt 2. mgr. starfar veðdeild Búnaðarbankans sem fjárhagslega sjálfstæð deild undir sömu stjórn og Búnaðar- og Útvegsbankinn. Vegna þess hlutverks, sem deildinni er ætlað, er nafni hennar haldið óbreyttu þrátt fyrir sameiningu bankanna.

Um starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins fer eftir lögum nr. 45/1971, sbr. lög nr. 68 frá 30. apríl 1973.

Hér er gert ráð fyrir, að Stofnlánadeildin verði tengd Búnaðar- og Útvegsbankanum með sama hætti og Búnaðarbankanum áður.

Um 6. gr.

Nokkrar fjárfestingalánastofnanir og sjóðir eru nú í rekstrartengslum við Búnaðarbankann eða Útvegsbankann án þess að teljast „deildir“ í þessum bönkum. Hafa þessi tengsl ýmist komist á með ákvæðum í löggjöf eða með samningum.

Enda þótt slík rekstrartengsl haldist óbreytt eftir sameininguna, vegna ákvæðis 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, þótti rétt að leggja áherslu á þetta atriði með ákvæðum 6. gr.

II. KAFLI

Um 7. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 8. gr. núgildandi laga um Landsbankann og Útvegsbankann. Skv. 58. gr. núgildandi laga um Búnaðarbankann fer ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, með umsjón bankans. Eðlilegt þykir að leggja til í frumvarpi þessu, vegna sameiningar Búnaðarbankans og Útvegsbankans, að sami ráðherra, þ. e. ráðherra sá, sem fer með bankamál, hafi yfirstjórn ríkisviðskiptabankanna beggja.

Í 2. mgr. er nauðsyn að geta þess, að umsjón (yfirstjórn) Veðdeildar Búnaðarbankans og Stofnlánadeildar landbúnaðarins er í höndum ráðherra þess, sem fer með landbúnaðarmál, en ekki ráðherra þess, sem fer með bankamál, en það er undantekning frá hinni almennu reglu.

Í 3. mgr. er lagt til, að bankastjórn hvors ríkisviðskiptabanka sé skipuð þremur mönnum.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samhljóða gildandi ákvæðum um Landsbankann og Útvegsbankann að öðru leyti en því, að hér er gert ráð fyrir, að bankaráð sé skipað sjö mönnum í stað fimm eins og nú er hjá nefndum bönkum. Í núverandi bankaráði Búnaðarbankans sitja einnig fimm menn.

Að undanförnu hefur sá háttur verið á hafður að kjósa sjö menn í opinberar stjórnir og ráð og má til nefna stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Er hér lagt til, að sami háttur verði á hafður um skipan bankaráðs ríkisviðskiptabankanna, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða um gildistöku ákvæðis þessa gagnvart Landsbankanum.

Eðlilegt þykir að halda ekki í frumvarpi þessu ákvæðum 2. mgr. 9. gr. laga um Landsbankann og Útvegsbankann, sem kveða á um, að bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skuli búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru efnislega hliðstæð samsvarandi ákvæðum í gildandi lögum um Landsbankann, Útvegsbankann og Búnaðarbankann að öðru leyti en því að um aðstoðarbankastjóra er hér fjallað í 11. gr. Þær breytingar eru þó, að hinn gagnkvæmi uppsagnarfrestur bankastjóra er styttur úr 12 mánuðum í 6 mánuði.

Um 11. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Skv. núgildandi lögum um Landsbankann ræður bankaráð eftirtalda starfsmenn, án tillagna frá bankastjórn: aðalféhirði, aðalbókara, forstöðumann endurskoðunardeildar og útibúa utan Reykjavíkur. Sama gildir um Útvegsbankann að undanskildum forstöðumanni endurskoðunardeildar, sem ekki er nefndur í hliðstæðri lagagrein í Útvegsbankalögunum. Lög Búnaðarbankans kveða á um, að bankaráð skipi aðalbókara, aðalféhirði og stjórnendur útibúa bankans.

Í 1. mgr. er lagt til, að bankaráð ráði, að fengnum tillögum bankastjórnar, aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra, og segi þeim upp starfi. Þykir eðlilegt, að bankastjórar ríkisviðskiptabankanna eigi tillögurétt um stöður þessar innan sinnar stofnunar, þar sem þær eru svo nátengdar störfum þeirra sjálfra.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að bankaráð ríkisviðskiptabanka ráði forstöðumenn endurskoðunardeildar bankanna, án tillagna frá viðkomandi bankastjórn. Heyra endurskoðunardeildir því undir bankaráð og er það eðlilegt, ef tekið er tillit innri uppbyggingar bankanna.

Í frumvarpi þessu er ekki sagt berum orðum, hverjir ráði aðra starfsmenn bankanna og segi þeim upp starfi. Þykir óþarfi að nefna það, þar sem eðli málsins samkvæmt hljóta það að vera bankastjórnirnar, sem annast daglega stjórn bankanna og standa fyrir rekstri þeirra.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Hér eru taldir upp fimm málaflokkar, sem lagt er til, að bankaráð skuli ávallt taka ákvarðanir um að fengnum tillögum bankastjórna. Eru þeir það mikilvægir fyrir starfsemi og stefnumótun bankanna, að ástæða þykir til að nefna þá sérstaklega. Að sjálfsögðu fjalla bankaráð um önnur mál, er varða starfsemi bankanna annað hvort að sjálfsdáðum eða skv. tillögum bankastjórna, sbr. 3. mgr. greinarinnar og önnur ákvæði frumvarpsins.

Í 2. mgr. er mikilvægt nýmæli, þar sem bankaráði er gert að setja, að fengnum tillögum bankastjórnar, almennar reglur um lánveitingar bankans. Hér er alls ekki um það að ræða, að bankaráð gefi fyrirmæli um einstakar lánveitingar, heldur verður hér aðeins um almenna stefnumörkun að ræða með setningu slíkra almennra reglna.

Um 14. gr.

Greinin er að meginefni samhljóða hliðstæðum greinum í gildandi lögum um ríkisviðskiptabankana.

Um 15.—16. gr.

Efnislega eru greinar þessar samhljóða þeim ákvæðum laga, sem um þessi mál gilda nú.

Um 17. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að efni til hliðstæð þeim ákvæðum laga, sem um þessi mál gilda nú. Lagt er fortakslaust bann við því, að bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar stundi sjálfstæðan atvinnurekstur. Að því er varðar þátttöku þeirra í stjórn eða rekstri annarra fyrirtækja en viðkomandi banka sem stjórnarmenn, starfsmenn eða á annan hátt þurfa þeir auk leyfis bankaráðs samþykki ráðherra og er það breyting frá gildandi lögum. Í 21. gr. laga um Seðlabankann eru aukastörf bankastjóra þess banka háð samþykki ráðherra, en ráðherra skipar bankastjórana. Þótt ráðherra skipi ekki bankastjóra ríkisviðskiptabankanna er ekki óeðlilegt, að hann hafi afskipti af þessum málum auk bankaráðs með hliðsjón af hlutverki hans í yfirstjórn ríkisviðskiptabankanna samkvæmt þessu frumvarpi.

Um 18. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru í samræmi við gildandi ákvæði.

Um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins hafa nýlega verið sett sérstök lög, l. nr. 34, 12. maí 1977.

III. KAFLI

Um 19.—21. gr.

Að þessum kafla frumvarpsins er vikið í almennum athugasemdum hér að framan. Eins og fram kemur þar, er hér um nýmæli að ræða. Þrátt fyrir það, að hér sé um nýmæli að ræða, er efni kaflans um samstarfsnefndina þannig vaxið, að það þarfnast ekki nánari skýringa hér.

IV. KAFLI

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er gerð tilraun til þess að skilgreina hugtakið bankastarfsemi. Þessi skilgreining sýnist komast næst því, sem almennt er álitið felast í hugtakinu bankastarfsemi. Eins og fram kemur í athugasemdum við 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins, hefur verið fallið frá þeirri stefnu að afmarka starfsemi ríkisviðskiptabankanna við ákveðnar atvinnugreinar, heldur eru þeir gerðir að alhliða viðskiptabönkum, sem eiga að geta þjónað landsmönnum og atvinnuvegum þeirra á öllum sviðum bankastarfsemi.

Með ákvæði 1. mgr. er fallið frá þeirri venju að tíunda hvernig viðskiptabankar leysi hlutverk sitt, sbr. eftirfarandi upptalningu, sem er 5. gr. laga um Landsbankann:

„Hlutverk sitt leysir Landsbankinn af hendi með því:

a. Að taka fé til ávöxtunar og varðveislu með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum;
b. að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir;
c. að kaupa og selja verðbréf;
d. að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar;
e. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og reka hvers kyns erlend bankaviðskipti;
f. að taka við geymslufé (depositum) og hafa með höndum umsjón og varðveislu eigna;
g. að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf“.

Með ákvæðum 1. mgr. er síður en svo verið að þrengja starfsvettvang ríkisviðskiptabankanna frá því sem nú er, og má segja, að í ákvæðum 1. mgr. felist öll

þau atriði, sem talin eru í a—g liðum 5. gr. Landsbankalaganna, auk annarra atriða sem fólgin eru í banka- og þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

2. mgr. takmarkar starfsvettvang ríkisviðskiptabankanna innan ramma frumvarps þessa.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. er vísað til þeirra reglna, sem nú gilda, þ. e. í lögum um Seðlabankann, viðvíkjandi rétti til verslunar með erlendan gjaldeyri. Í 19. gr. Seðlabankalaganna er svo kveðið á, að auk Seðlabankans hafi Landsbankinn og Útvegsbankinn rétt til að versla með erlendan gjaldeyri, en bankastjórn Seðlabankans sé heimilt að fengnu samþykki ráðherra, að leyfa öðrum bönkum svo og póststjórninni að versla með erlendan gjaldeyri innan takmarka, sem bankastjórnin ákveður. Með þessu frumvarpi verður því engin breyting á núverandi skipan þessara mála.

Innstæður, sem ríkisviðskiptabankarnir eignast erlendis umfram eðlilegar viðskiptaþarfir, verður að skoða sem hluta af þeim gjaldeyrisvarasjóði, sem landið ræður yfir. Skv. lögum er Seðlabankanum falið að varðveita gjaldeyrisvarasjóð landsins. Þykir því eðlilegt, að Seðlabankinn geti fengið keyptan slíkan gjaldeyri, ef hann telur nauðsyn bera til, t. d. vegna ástands gjaldeyrismála. Það er á sama hátt nauðsynlegt, að lántökur bankanna erlendis séu innan marka eðlilegra viðskiptaþarfa, og að jafnaði ekki umfram það, sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma. Er nauðsynlegt, að Seðlabankinn geti fylgst með slíkum lántökum ríkisviðskiptabankanna. Um erlendar lántökur bankanna er nánar fjallað í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins.

Um 24. gr.

Hér er um nýmæli að ræða bæði í 1. og 2. mgr. Lagt er til, að ríkisviðskiptabönkunum sé óheimilt að eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi þeirra eða vegna líklegrar aukningar á starfseminni. Rök fyrir þessu ákvæði eru þau, að óeðlilegt þykir, að ríkisviðskiptabankarnir geti fest laust fé sitt í fasteignum, enda samrýmist það ekki hlutverki þeirra skv. 22. gr. frumvarpsins.

Ákvæði þessu er þó ekki ætlað að koma í veg fyrir það, að bankarnir geti leigt út húsnæði, enda sé það í byggingu, sem sé að megintilgangi ætluð starfsemi bankans. Sérstaklega á þetta við um byggingar útibúa bankanna, þar sem opinberir aðilar eru oft leigjendur.

Í 2. mgr. er ríkisviðskiptabönkunum bannað að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum.

Undantekningar frá þessum ákvæðum eru annars vegar í 25. gr. um yfirtöku eigna til fullnustu kröfu og í 3. mgr. þessarar greinar, þar sem ríkisviðskiptabönkunum er veitt heimild til að eiga aðild að fyrirtækjum eða stofnunum, sem reka bankastarfsemi eða aðra starfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við hana. Má hér til telja Reiknistofu bankanna, Útflutningslánasjóðs og The Scandinavian Bank Ltd., London.

Um 25. gr.

Hér er lagt til að yfirtaka eigna sé heimil, t. d. þegar banki eignast fasteign á nauðungaruppboði. Óraunhæft þykir að setja ákveðna fresti fyrir bankana til að selja eignir, sem yfirteknar eru á þennan hátt, þar sem eignir þessar geta verið torseljanlegar.

Um 26. gr.

Hér er um merkt nýmæli að ræða. Þess hefur talsvert gætt að undanförnu, að innlánsreikningar hafa verið opnaðir án þess að getið sé nafns reikningseigenda. Með samþykkt þessarar greinar yrði slíkt óheimilt eins og orðalag greinarinnar ber með sér.

Þetta ákvæði tekur ennfremur til þegar stofnaðra nafnlausra innlánsreikninga, sem ber að færa í löglegt horf innan árs frá gildistöku laga þessara.

Um 27. gr.

Æskilegt er, að innlánsstofnanir leiti samþykkis Seðlabankans á formum innlánsreikninga, m. a. með tilliti til vaxtaákvörðunarvalds bankans.

Um 28. og 29. gr.

Samhljóða gildandi ákvæðum.

Um 30. gr.

Önnur gr. laga nr. 14/1905 kveður m. a. svo á, að kröfur á hendur banka um endurgjald á fé, er lagt hefur verið í bankann, fyrnist á 20 árum. Tilkynningarfrest mætti setja í reglugerð.

Önnur mgr. er efnislega í samræmi við núgildandi ákvæði.

Um 31. gr.

Í 5. gr. núgildandi laga um Landsbanka, Útvegsbanka og Búnaðarbanka segir m. a., að þessum bönkum sé heimilt að:

Kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir,

kaupa og selja verðbréf,

veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar.

Önnur ákvæði, sem varða tryggingar fyrir útlánum er ekki að finna í núgildandi lögum um ríkisviðskiptabanka.

Í 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er kveðið á um, að fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til gagnvart ríkisviðskiptabanka, skuli að jafnaði teknar fullnægjandi tryggingar að mati bankans.

Með tryggingum er hér fyrst og fremst átt við veðsetningu eða ábyrgð, sbr. 2. mgr.

Á síðari árum hefur það farið í vöxt, að bankarnir afli reglulegra upplýsinga frá lánsviðskiptaaðilum um afkomu þeirra og efnahag og noti þessar upplýsingar til að meta almennt lánshæfi viðkomandi aðila. Ljóst er, að í framtíðinni verður slíkum vinnubrögðum beitt í vaxandi mæli við afgreiðslu á lánsumsóknum. Með hliðsjón af þessari þróun, sem telja verður eðlilega og æskilega, er ríkisviðskiptabanka í 2. mgr. heimilað að lána út fé án veðs eða ábyrgðar annarra, ef lánveitingin er byggð á mati bankans á afkomu og efnahag lántaka. Í slíkum tilfellum skal bankinn fylgjast reglulega með fjárhag lántaka, þannig að ef þörf krefur megi í tæka tíð grípa til ráðstafana til að tryggja hagsmuni bankans.

Rétt er að leggja áherslu á, að í 2. mgr. eru ekki settar nákvæmar reglur um form og umfang þeirra upplýsinga, sem bankinn aflar um afkomu og efnahag lántaka né hvernig fylgst skal með þessum atriðum á lánstímanum. Um þetta fer eftir mati bankans og hlýtur m. a. að miðast við lánsupphæð og lánstíma hverju sinni. Telja verður því t. d., að hin svokölluðu sparilán Landsbankans myndu samrýmast þessum kröfum, þar sem bankinn byggir lánveitinguna á því, að lántakinn hefur sparað reglulega í bankanum og sýnt fyllstu reglusemi í þeim viðskiptum.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því, að heimilt verði að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr., þegar um mjög smávægilega fyrirgreiðslu er að ræða miðað við eigið fé bankans, enda liggi fyrir fullnægjandi vitneskja að mati bankans um greiðslugetu viðskiptaaðilans.

Um 32. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru til komin vegna þeirrar áhættu, sem í því getur falist, ef viðskiptabanki lánar einum viðskiptaaðila mjög háar upphæðir miðað við eigið fé bankans. Við mat á þessari áhættu þarf að sjálfsögðu að taka tillit til öryggis þeirra trygginga, sem settar hafa verið fyrir lánunum og vitneskju bankans um fjárhagslegan styrk lántaka.

Nefna má, að í almennri viðskiptabankalöggjöf í Danmörku og Noregi eru nákvæmar reglur settar um hámark lánveitinga til eins viðskiptaaðila, þar sem tekið er mið af eigin fé bankans og þeim tryggingum, sem fyrir lánunum eru. Í viðskiptabankalöggjöf Finnlands og Svíþjóðar eru hins vegar almenn ákvæði um þetta efni í líkingu við ákvæði frumvarpsgreinarinnar. Þar sem um nýmæli er að ræða í viðskiptabankalöggjöf hérlendis, þótti ekki rétt að leggja til, að lögfestar yrðu ófrávíkjanlegar reglur um þetta atriði, þegar í hlut eiga viðskiptabankar í eigu ríkisins.

Um 33. gr.

Í 2. mgr. 17. gr. laga um Landsbankann, Útvegsbankann og Búnaðarbankann eru ákvæði sem banna bankastjórum og starfsmönnum að vera skuldugir viðkomandi banka, sem skuldunautar eða ábyrgðarmenn annarra. Ákvæði í Landsbankalögunum veita undanþágu, er varðar skuldbindingar sem þessir aðilar stofna til við veðdeild bankans.

Í 1. mgr. er lagt til, að bann við skuldbindingum nái til allrar yfirstjórnar banka og útibúa, hvort sem þeir aðilar séu kjörnir eða ráðnir til starfa, endurskoðenda og maka allra þeirra, sem taldir eru í málsgreininni. Ákvæðinu er ætlað að koma m. a. í veg fyrir, að þessir aðilar geti notað aðstöðu sína innan viðkomandi banka í sambandi við lánafyrirgreiðslur til sín eða maka sinna.

Um aðra starfsmenn, þ. e. almenna starfsmenn, er lagt til í 2. mgr. að gildi önnur regla, sem er nýmæli. Hún felur í sér, að þeir geti m. a. fengið lán hjá þeirri stofnun, sem þeir vinna hjá eftir reglum, sem bankaráð setur, að fengnum tillögum bankastjórnar. Ákvæði hliðstæð þessu er að finna í viðskiptabankalögum á Norðurlöndum.

Ákvæði 3. mgr. er ekki í gildandi lögum um ríkisviðskiptabanka, en hliðstætt ákvæði er að finna í reglugerð fyrir Seðlabankann.

Í 4. mgr. er lagt til, að hlutaðeigandi bankastjórn meti í hverju tilviki, hvort ástæða sé til að breyta áður gerðum skuldbindingum bankaráðsmanna, varamanna þeirra eða endurskoðenda við hlutaðeigandi banka. Ákvæði þetta kemur m. a. í veg fyrir framlengingu á áður umsömdu láni, á meðan aðilar þessir eru í tengslum við bankann.

V. KAFLI

Um 34. gr.

Þau ákvæði í gildandi lögum um einstaka ríkisviðskiptabanka, sem miða að því að tryggja lausafjárstöðu þeirra, eru í 6. gr. laganna. Í þessum ákvæðum er m. a. að finna fyrirmæli um, að bankarnir skuli eiga að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í „tryggum og auðseldum verðbréfum".

Aðstæður á peninga- og lánsfjármarkaðnum geta breyst mjög á tiltölulega skömmum tíma og reynslan hefur sýnt, að óraunhæft er að setja í lög nákvæmar og ófrávíkjanlegar reglur um lausafjárstöðu banka og annarra innlánsstofnana.

Með frumvarpsgreininni er reynt að leysa þetta mál með því að skilgreina laust fé bankans sem peninga í sjóði, óbundnar nettóinnistæður í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir, jafnframt því sem kveðið er á um almenna skyldu þeirra til að gæta þess að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilega lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi þeirra fylgja.

VI. KAFLI

Um 35. gr.

Að miða reikningsárið við almanaksárið er í samræmi við gildandi ákvæði.

Í 2. mgr. eru settar fram almennar reglur um gerð ársreiknings og er vísað til laga og hugtaksins góð reikningsskilavenja. Þetta hugtak er þegar til í lögum hér á landi, þ. e. a. s. lögum nr. 51/1968 um bókhald. Segja má, að með þessu hugtaki sé einkum átt við, að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við það, sem almennt gerist hjá sérhæfðu og samviskusömu fólki, sem að reikningsskilum vinnur á hverjum tíma. Þau lög, sem átt er við, eru fyrst og fremst lög um bókhald.

Í 3. mgr. er ráðherra gert skylt að setja nánari reglur um gerð ársreikninga að fengnum tillögum bankaeftirlitsins. Fyrirmynd þessa ákvæðis er í lögum nr. 26/1973, um vátryggingarstarfsemi, þar sem tryggingamálaráðherra ákveður form ársreikninga vátryggingarfélaga og hefur verið gefin út reglugerð (nr. 77/1975) um ársreikninga þessara félaga. Eðlilegt er að gera ráð fyrir tillögugerð bankaeftirlitsins varðandi reglur um gerð ársreikningsins. Vegna eftirlitsstarfa sinna og skýrslugerða hefur bankaeftirlitið innheimt um nokkurt skeið rekstrar- og efnahagsreikninga frá viðskiptabönkunum í samræmdu formi. Engu að síður mun ennþá nokkuð mismunandi, hvernig einstakir bankar setja reikninga sína upp og birta þá opinberlega.

Um 36. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nokkuð fyllri en hliðstæð ákvæði í gildandi lögum.

Tímamörk varðandi lok reikningsskila eru ekki í gildandi lögum um bankana, en í reglugerð fyrir Landsbankann og Útvegsbankann er svo kveðið á, að ársreikninga skuli birta í B-deild Stjórnartíðinda fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

Um 37. gr.

Ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

VII. KAFLI

Um 38., 39. og 40. gr.

Í 1. mgr. 38. gr. er gert ráð fyrir, að haldið sé því fyrirkomulagi að Alþingi kjósi tvo endurskoðendur fyrir hvorn ríkisviðskiptabanka. Sú breyting er þó gerð, að hér er lagt til að endurskoðendurnir verði kosnir til fjögurra ára í senn í stað tveggja eins og er samkvæmt gildandi lögum. Það mikilvæga nýmæli er í 1. mgr., að lagt er til að auk hinna þingkjörnu endurskoðenda skuli starfa að endurskoðun ríkisviðskiptabanka löggiltur endurskoðandi, sem ráðherra skipar.

Í 39. gr. er mælt fyrir um, að við hvorn ríkisviðskiptabanka skuli starfa endurskoðunardeild, sem annast skal um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, og í 40. gr. segir m. a. að endurskoðendum sé heimilt að byggja endurskoðun sína á starfsemi endurskoðunardeildar.

Ákvæði þessara frumvarpsgreina verður að skoða í ljósi þeirra staðreynda, að fjölþættari starfsemi og vaxandi umsvif banka og annarra innlánsstofnana, ásamt breyttri tækni við bókhald og á fleiri sviðum, krefst aukinnar faglegrar þekkingar af þeim, sem við endurskoðun fást í þessum stofnunum og breyttrar skipulagningar þessara starfa. Má benda á, að á Norðurlöndum hafa kröfur til faglegrar þekkingar þeirra, sem ábyrgð bera á endurskoðun hjá innlánsstofnunum, farið sífellt vaxandi, og inn í flest þau lög, sem slíkar stofnanir varða, er nú komið ákvæði um, að löggiltur endurskoðandi skuli eiga aðild að endurskoðuninni. Telja verður, að skipulag og framkvæmd endurskoðunar hjá innlánsstofnunum hér á landi kalli

á ýmsar breytingar, bæði hjá minni stofnunum og hinum stærri, þ. á m. ríkisviðskiptabönkunum.

Í heild er með ákvæðum 38.—40. gr. miðað að aukinni faglegri þekkingu þeirra, sem að endurskoðun starfa hjá ríkisviðskiptabönkunum, jafnframt því sem stefnt er að breytingum á skipulagi og framkvæmd þessa starfsþáttar í samræmi við þær breyttu aðstæður í þessum efnum, sem vikið var að hér á undan.

Um 41. gr.

Hér er kveðið á um áritun endurskoðenda skv. 38. gr. á ársreikninginn og um það, hvernig þeir skuli gera frekari grein fyrir endurskoðun á árinu og niðurstöðum hennar. Ennfremur er hér almennt fjallað um störf og skyldur endurskoðendanna, þ. á m. um upplýsingaskyldu þeirra gagnvart bankaeftirlitinu.

Greinin þarfnast að öðru leyti ekki skýringa.

Um 42. gr.

Grein þessi þarfnast ekki sérstakra skýringa.

VIII. KAFLI

Um 43. og 44. gr.

Greinar þessar gefa ekki tilefni til sérstakra skýringa.

IX. KAFLI

Um 45. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við gildandi ákvæði um ríkisviðskiptabankana, en í lok 1. mgr. er nýmæli, sem þykir rétt að setja m. a. með tilliti til þess, að ríkisviðskiptabankarnir greiða nú landsútsvar.

Um 46., 47. og 48. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 49. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að hér er notað tækifæri til þess að fella úr gildi lög um sveitabanka og Ríkisveðbanka Íslands, en bæði þessi lög hafa verið í gildi yfir fjóra áratugi án þess að ákvæði þeirra hafi nokkurn tíma komið til framkvæmda.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um 1.—3. tölulið.

Samkvæmt 1. málsgr. 49. gr. öðlast lögin gildi 1. janúar 1981 og fyrr tekur hið nýja bankaráð Búnaðar- og Útvegsbankans ekki formlega til starfa. Hins vegar ber nauðsyn til að bankaráðið komi saman áður til undirbúnings ýmissa ráðstafana í sambandi við sameininguna. Er því í 49. gr. gert ráð fyrir slíkum undirbúningsstörfum bankaráðsins fyrir gildistöku meginefnis laganna.

Í samræmi við þetta er í 1. tölulið bráðabirgðaákvæðanna mælt fyrir um, að hið nýja bankaráð skuli kosið þegar er lögin hafa hlotið staðfestingu. Í næstu tveim bráðabirgðaákvæðum er síðan að finna dæmi um mál, er koma munu til kasta bankaráðsins, áður en hinn nýi banki tekur formlega til starfa.

Annars vegar er þar um að ræða undirbúning ráðningar þeirra bankastjóra, sem kveðið er á um í frumvarpinu. Samkvæmt 2. tölulið bráðabirgðaákvæðanna fellur umboð bankastjóra Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands niður við gildistöku laganna og ganga verður frá ráðningu bankastjóra, áður en viðskipti hefjast fyrsta starfsdag bankans eftir 1. janúar 1981.

Hins vegar kemur hér til það, að í 3. tölulið bráðabirgðaákvæðanna er mælt fyrir um tilnefningu þriggja manna til að taka við verðmætum, skuldum og skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands úr höndum bankaráða og bankastjóra bankanna. Þessir menn skulu tilnefndir, áður en lögin öðlast gildi, og skal einn þeirra valinn af bankaráði hins nýja banka, en Búnaðarbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands tilnefna sinn manninn hvor.

Það fyrirkomulag, sem hér er haft á formlegri yfirtöku eigna og skulda við sameininguna, þarfnast ekki skýringa, en nefnt skal, að hliðstætt fyrirkomulag hefur áður verið notað til breytingar á skipulagi opinberra stofnana, sbr. lög nr. 66/1966 um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð og lög nr. 75/1966 um Fiskveiðasjóð Íslands.

Til þess að valda sem minnstri röskun á starfsemi Landsbankans við gildistöku laga þessara er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því, að nýtt bankaráð verði ekki kjörið fyrir Landsbankann, fyrr en að loknu yfirstandandi kjörtímabili núverandi bankaráðs, og í öðru lagi er gert ráð fyrir, að núverandi bankastjórar hans haldi umboðum sínum.

Um 4. tölulið.

Hér er tekið fram, að bankaráði sé heimilt að reka Búnaðar- og Útvegsbankann sem tvær reikningslega aðskildar einingar til 30. júní 1981, enda þótt bankinn komi fram sem persóna að lögum frá gildistöku laganna.

Þetta þýðir, að til júníloka 1981 getur hvor bankinn um sig komið fram sem sjálfstæð reikningsleg eining út á við. Í ákvæðinu felst, að allt til loka frestsins má notast við það innra skipulag hvors banka, sem nú er fyrir hendi, en það gefur stjórnendum hins nýja banka m. a. aukið svigrúm til að takast á við þau vandamál, sem snúa að starfsmönnum bankanna tveggja, sbr. það, sem um þau mál segir undir 8. tölulið hér á eftir.

Um 5. tölulið.

Rétt þykir og í samræmi við kröfu um atvinnulýðræði, að fulltrúar Sambands ísl. bankamanna, Starfsmannafélags Búnaðarbankans og Starfsmannafélags Útvegsbankans eigi þess kost, eftir að frumvarp þetta er orðið að lögum, að tilnefna fulltrúa er taki þátt í sameiningu Búnaðar- og Útvegsbankans með fullu málfrelsi og tillögurétti.

Um 6. tölulið.

Þetta ákvæði felur það í sér, að eigi síðar en 1. október 1981 skulu að fullu hafa verið sameinaðar allar þær deildir í núverandi aðalstöðvum Búnaðarbankans og Útvegsbankans, sem hliðstæðar eru. Einnig hefði hinn nýi banki frá sama tíma aðeins einar aðalstöðvar, eftir því sem nánar verður ákveðið af stjórn hans.

Um 7. tölulið.

Miðað við núverandi aðstæður felst m. a. í þessu ákvæði skylda til að sameina fyrir 1. október 1981 annars vegar Austurbæjarútibú Búnaðarbankans og Laugavegsútibú Útvegsbankans og hins vegar útibú þessara banka á Akureyri.

Um 8. tölulið.

Í kaflanum um hugsanlega sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans í álitsgerð bankamálanefndar, sem að mestu er tekinn upp orðréttur hér á undan, leggur nefndin áherslu á mikilvægi þess, að starfsmannamálin verði tekin réttum tökum, ef til sameiningar kemur.

Ein höfuðröksemdin fyrir sameiningu banka almennt er sú aukna rekstrarhagkvæmni, sem að vissu marki leiðir af myndun stærri rekstrareininga, en hún kemur m. a. fram í fækkun starfsfólks. Horfast verður því í augu við þá staðreynd, að með sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans er stefnt að fækkun núverandi starfsliðs þessara banka og felst í þessu önnur hlið þess vanda í starfsmannamálum, sem leysa þarf í kjölfar sameiningarinnar. Hin hlið vandans er sú, að jafnvel þótt starfsmanni verði ekki sagt upp starfi, er sú hætta fyrir hendi, að staða hans hjá hinum nýja banka verði ekki jafn góð og hún var hjá Búnaðarbankanum eða Útvegsbankanum. Sérstaklega á þetta við um ýmsa af starfsmönnum í aðalstöðvum bankanna og í þeim útibúum, sem sameinuð kunna að verða.

Rétt er þó að benda á, að líklegt er, að þessi vandamál verði auðveldari viðfangs en ætla mætti í fljótu bragði. Kemur hér annars vegar til, að alltaf er nokkuð af starfsfólki hjá bönkunum, sumt af því lausráðið, sem aldrei hefur haft í huga að starfa þar til langframa. Vegna þessa, og af öðrum ástæðum, hljóta á nokkru tímabili að losna ýmsar stöður hjá Búnaðar- og Útvegsbankanum án þess að fólki sé sagt upp starfi. Ef nýtt fólk er ekki ráðið í staðinn, leysist þar með hluti af umræddu vandamáli. Hins vegar ber að hafa í huga, að af eðlilegum ástæðum eykst starfsemi bankakerfisins hérlendis með ári hverju og að öðru jöfnu þarf aukið starfslið til að sinna auknum verkefnum. Má búast við því, að aukning á starfsemi Búnaðar- og Útvegsbankans muni stuðla að lausn starfsmannavandamálsins án þess að með því sé á nokkurn hátt rýrð sú hagkvæmni sem af sameiningunni mun leiða.

Þrátt fyrir það, sem nú hefur verið rakið, er fullljóst, að sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans verður ekki framkvæmd án þess að það valdi röskun á stöðu og högum einhverra af núverandi starfsmönnum bankanna. Við meðferð þessara mála verður að taka tillit til þess, að bankarnir hafa siðferðilegar skyldur að rækja við starfsfólk sitt umfram þær skuldbindingar, sem fram koma í kjarasamningum starfsmanna bankanna.

Með fyrirmælum og heimildarákvæðum í 8. tölulið bráðabirgðaákvæðanna er að því stefnt, að draga úr röskun á stöðu og högum starfsfólks við sameininguna. Skýra þessi ákvæði sig sjálf, en rétt þykir þó að taka fram, að bankinn, en ekki viðkomandi lífeyrissjóðir, mun bera þann aukakostnað, sem leiða kann af ákvæði b-liðs þessa töluliðs.

Ákvæðið í 8. b. nær til margra. Nú er sá háttur með fullorðna starfsmenn Útvegsbanka Íslands, sem náð hafa samanlagt í aldri og starfsaldri 90 árum, að þeir geta starfað áfram til 70 ára aldurs og vinna sér 1% rétt á ári auk 75% almennra eftirlauna, þ. e. öðlast allt að 85% fullra launa.

Varðandi yngri starfsmenn Útvegsbanka Íslands og starfsmenn annarra ríkisbanka gilda 65 ára aldurstakmörk, að því er 75% eftirlaun varðar og að auki 2% á ári fram að 70 ára aldursmörkum, eða m. ö. o. 85% samtals.

Ákvæði í 8. c. vísar til laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, en skv. þeim á opinber starfsmaður sem sagt er upp starfi rétt til 6 mánaða launa og 12 mánaða launa hafi hann starfað í 15 ár eða lengur.

Um 9. tölulið.

Vegna nýmæla þeirra, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu varðandi endurskoðun í ríkisviðskiptabönkunum, þykir rétt að gera ráð fyrir því, að nýir þingkjörnir endurskoðendur verði valdir skv. ákvæðum 38. gr. Eðlilegt þykir, að kjörtími hinna nýju endurskoðenda verði til ársloka 1984, en þá verður einnig kosið í bankaráð ríkisviðskiptabankanna.

Um 10. tölulið.

Ákvæði þessa töluliðs um 1 400 millj. kr. nýtt stofnfé til Búnaðar- og Útvegsbankans, sem ríkisstjórninni sé heimilt að taka að láni hjá Seðlabankanum, er efnislega í samræmi við tillögur bankamálanefndar, sem teknar eru upp í hinar almennu athugasemdir hér að framan. Um röksemdir fyrir ákvæði þessu vísast til þess, sem þar er sagt.

Sþ. 38. Fyrirspurn [36. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra varðandi eftirlitsskyldu Tryggingastofnunar ríkisins á gjaldtöku tannlækna og framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. Hvernig er háttað eftirliti Tryggingastofnunar ríkisins á gjaldtöku (gjaldskrám) tannlækna og tannréttingalækna, miðað við þær greiðslur er ríkið, sjúkrasamlög og sveitarfélög greiða til þeirra skv. lögum?
2. Hversu há fjárhæð var greidd til þessara aðila gegnum kerfið árið 1978 og það sem af er árinu 1979?
3. Hvernig er háttað eftirliti Tryggingastofnunar ríkisins með gjaldtöku og greiðslu til lækna í heilsugæslukerfinu almennt?
4. Hvað líður útgáfu margræddra reglugerða varðandi framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978 (áður nr. 56/1973)?
5. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu heilbrigðismálaráðuneytisins til að jafna þann mikla aðstöðumun sveitarfélaga sem er varðandi greiðslu kostnaðar við rekstur heilsugæslustöðva, sem ekki eru reknar í beinum tengslum við sjúkrahús?

Nd. 39. Frumvarp til laga [37. mál]

um greiðslu bóta á óverðtryggðan útflutning búvara.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Lúðvík Jósepsson, Þórarinn Sigurjónsson, Kjartan Ólafsson, Páll Pétursson.

1. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði 3 milljarða króna til að bæta bændum að nokkru óverðtryggðan útflutning landbúnaðarafurða á síðasta verðlagsári og til að greiða fyrir sölu á þeim búvörubirgðum, sem voru óseldar við upphaf yfirstandandi verðlagsárs. Af framangreindri fjárhæð verði 2 milljarðar greiddir á þessu ári, en 1 milljarður í upphafi næsta árs.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán til að standa straum af þessum greiðslum, sem síðan verði endurgreitt með framlögum á fjárlögum næstu 3 ár.

Landbúnaðarráðuneytið setur reglur um greiðslu þessara bóta til bænda að fengnum tillögum frá stjórn Stéttarsambands bænda og skal Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslurnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ljóst er, að bændur verða fyrir mjög tilfinnanlegri tekjuskerðingu vegna óverðtryggðs útflutnings búvara á síðasta verðlagsári og vegna óhjákvæmilegs útflutnings á búvörum, sem í of stórum mæli voru óseldar við upphaf nýs verðlagsárs 1. sept. s. l. Í því skyni að jafna út halla vegna vöntunar útflutningsbóta á síðasta verðlagsári, hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveðið innheimtu verðjöfnunargjalds sem hér segir:

Fyrir hvert kg innv. dilkakjöts kr. 190.00
— hvert kg innv. kjöts af fullorðnu kr. 90.00
— hvern innv. mjólkurlítra kr. 15.00

Innheimtu þessa gjalds er nú langt komið.

Til viðbótar þeirri tekjuskerðingu, sem leiðir af þessari gjaldtöku, koma svo erfiðleikar vegna harðindanna í vor og sumar, aukinn fóðurkostnaður og óhjákvæmileg skerðing á bústofni nú í haust vegna lítils heyfengs. Þá er ljóst, að fallþungi dilka er mun minni en undanfarin ár, og veldur það einnig verulegri tekjurýrnun hjá bændum. Ljóst er því, að efnahagsvandi bænda er mjög alvarlegur og er því mjög þýðingarmikið að draga úr tekjuskerðingu þeirra vegna vöntunar á útflutningsbótum.

Í maí s. l. skipaði landbúnaðarráðherra nefnd sem m. a. fékk það verkefni að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um lausn á vandamálum bænda vegna söluerfiðleika erlendis á umframframleiðslu landbúnaðarafurða, þannig að tekjuskerðing bænda verði sem minnst.

Í nefnd þessari áttu sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna ásamt fulltrúum frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins, fulltrúi Alþýðuflokksins skilaði séráliti.

Í áliti meiri hlutans segir m. a.:

„Vegna þeirra sérstöku aðstæðna, sem skapast hafa vegna óheftrar framleiðslu undangenginna ára, telur meiri hluti nefndarinnar rétt að lagt verði fram fé að þessu sinni til viðbótar lögboðnum útflutningsbótum. Meiri hlutinn álítur að hinar nýju heimildir Framleiðsluráðs til aðgerða, sem ætlað er að koma skipulagi á framleiðslu landbúnaðarvara, muni fremur ná því marki að aðlaga framleiðsluna þörfum þjóðarinnar, ef ekki þarf að fást við fjárhagsvanda frá fyrri árum og söluerfiðleika vegna eldri birgða. Meiri hluti nefndarinnar leggur því eftirfarandi til við ríkisstjórnina:

1. Að hún útvegi viðbótarfjármagn að upphæð 3 milljarðar króna til að bæta bændum að nokkru óverðtryggðan útflutning landbúnaðarafurða á yfirstandandi verðlagsári og til að greiða fyrir sölu á þeim búvörubirgðum, sem í of stórum mæli eru óseldar við upphaf nýs verðlagsárs. Fjárhæð þessi svarar til ⅔ hluta af þeirri tekjuskerðingu sem annars blasir við að bændur verði fyrir, ef ekkert er að gert.
2. Af framangreindri upphæð verði tveir milljarðar króna útvegaðir svo fljótt, að þeir komi til nota fyrir lok verðlagsársins svo að Framleiðsluráð geti dregið verulega úr innheimtu þess verðjöfnunargjalds, sem þegar hefur verið ákveðið.

Á þessu áliti meiri hlutans, sem er samkomulag fulltrúa Framsóknarflokksins, Sjálfstæðisflokksins, Alþýðubandalagsins, Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags

Íslands, er þetta frumvarp byggt. Það gerir ráð fyrir, að ríkisstjórnin greiði á þessu ári 2 milljarða króna í auknar útflutningsbætur og 1 milljarð í upphafi næsta árs. Til þess að standa straum af þessum greiðslum, er ríkisstjórninni heimilað að taka lán, sem síðan verði endurgreitt með framlögum á fjárlögum næstu 3 ár.

Nd. 40. Frumvarp til laga [38. mál]

um greiðslu bóta vegna óverðtryggðrar framleiðslu landbúnaðarvara.

Flm.: Pálmi Jónsson, Eggert Haukdal, Friðjón Þórðarson, Sverrir Hermannsson, Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal útvega fjármagn, er nemi þremur milljörðum króna, til að bæta bændum að nokkru halla af óverðtryggðum útflutningi landbúnaðarafurða á síðasta verðlagsári og til að greiða fyrir sölu á þeim búvörubirgðum, sem óseldar voru við upphaf þessa verðlagsárs.

Af fjárhæð þessari verði tveimur milljörðum króna þegar varið til endurgreiðslu á verðjöfnunargjaldi, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins innheimti af framleiðslu síðasta verðlagsárs, en einum milljarði til þess að greiða fyrir sölu á birgðum og framleiðslu búsafurða á fyrri hluta þessa verðlagsárs.

Byggðasjóði verði gert að leggja fram einn milljarð króna á ári að hámarki á næstu þremur árum til endurgreiðslu á láni sem tekið kann að verða í þessu skyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Alkunn eru þau margvíslegu vandamál, sem að bændum hafa sótt á þessu ári. Stórlega skortir á að fullt verð náist fyrir framleiðslu síðasta verðlagsárs, vegna halla af útflutningi búvara. Harðindi, sem gengið hafa yfir landið í vor, sumar og haust, hafa valdið gífurlegu tjóni. Heyfengur er nú minni en um árabil og verulega skerðing bústofns blasir við í heilum landshlutum. Dilkar eru óvenjurýrir, eða víða nálægt 2 kg léttari en í fyrra, og kýr hafa mjólkað illa vegna tíðra hrakviðra. Verulegur samdráttur blasir við í búvöruframleiðslu á næsta ári samfara versnandi afkomu bænda.

Hinn 5. júní s. l. skipaði landbúnaðarráðherra nefnd, sem m. a. fékk það verkefni að gera tillögur um „lausn á vandamálum bænda vegna söluerfiðleika erlendis á umframframleiðslu landbúnaðarafurða, þannig að tekjuskerðing bænda verði sem minnst".

Nefndin skilaði áliti 28. júlí og varð meiri hluti hennar sammála, þ. e. fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins, Alþýðubandalagsins, Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Þessir nefndarmenn létu þó fylgja tillögum sínum sérstakar bókanir. Fulltrúi Alþýðuflokksins skilaði á hinn bóginn séráliti.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er alfarið byggt á tillögum meiri hluta nefndarinnar. Með frumvarpinu eru prentuð sem fylgiskjöl greinargerð og tillögur meirihlutans, ásamt þeim bókunum, sem fram voru settar af þeim mönnum sem meiri hlutann skipuðu.

Frumvarpið þarfnast því ekki ítarlegra skýringa.

Frá því nefndin skilaði áliti er ekki vitað til þess, að landbúnaðarráðherra eða ríkisstjórnin, sem nú er fyrrverandi, hafi á nokkurn hátt reynt að koma tillögum nefndarinnar í framkvæmd. Hlýtur það að teljast ámælisverður sofandaháttur í þessu máli. Frumvarpið er því flutt til þess að koma málinu fyrir Alþingi, en eins og áður sagði stóðu fulltrúar þriggja flokka að þeim tillögum, sem það er byggt á. Þótt núverandi aðstæður í stjórnmálum hindri það, að frv. nái fram að ganga um sinn, mun það tekið upp þegar Alþingi kemur saman að nýju.

Fylgiskjal I.

Greinargerð og tillögur meiri hluta Harðindanefndar.

Í samræmi við erindisbréf sitt hefur meiri hluti nefndarinnar kannað ýmsa helstu þætti í verðlags- og sölukerfi búvara og horfur í framleiðslu- og sölumálum landbúnaðarins. Einnig hefur verið rætt við marga forstöðumenn landbúnaðarstofnana og sölufélaga bænda.

Mikill samdráttur er fyrirsjáanlegur í mjólkurframleiðslunni á þessu ári vegna erfiðs tíðarfars. Nýjasta áætlun Framleiðsluráðs gerir ráð fyrir að hún verði í ár 5% minni en á árinu 1978.

Af þessum sökum er unnt að draga nokkuð úr framleiðslu smjörs og hefur verið hætt við fyrri áform um að flytja út 500 tonn.

Gert er ráð fyrir að um næstu áramót verði smjörbirgðir í landinu um 1180 tonn eða 150 tonnum minni en um s. l. áramót.

Á fyrstu 9 mánuðum þessa verðlagsárs varð ca. 19.7% söluaukning á kjöti hér innanlands. Hins vegar verður útflutningur kindakjöts um það bil 800 tonnum minni á verðlagsárinu en ráðgert var og birgðir þeim mun meiri 1. september.

Þá náðist ekki að flytja út osta eins og ætlað var svo að birgðir 1. september munu verða að minnsta kosti helmingi meiri en eðlilegt getur talist, eða 1400 tonn af 45% osti í stað 700 tonna, sem væri hóflegt að hafa í birgðum. Þessi birgðavandi flyst því yfir á næsta verðlagsár. Í heild verður útflutningsbótaþörfin sem næst 4.5 milljarðar króna vegna útflutnings þessa verðlagsárs og þeirra birgða af framleiðslu verðlagsársins 1978—1979, sem flytja þarf út.

Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem skapast hafa vegna óheftrar framleiðslu undangenginna ára telur meiri hluti nefndarinnar rétt að lagt verði fram fé að þessu sinni til viðbótar lögboðnum útflutningsbótum. Meiri hlutinn álítur að hinar nýju heimildir Framleiðsluráðs til aðgerða, sem ætlað er að koma skipulagi á framleiðslu landbúnaðarvara, muni fremur ná því marki að aðlaga framleiðsluna þörfum þjóðarinnar, ef ekki þarf að fást við fjárhagsvanda frá fyrri árum og söluerfiðleika vegna eldri birgða.

Meiri hluti nefndarinnar leggur eftirfarandi til við ríkisstjórnina:

1. Að hún útvegi viðbótarfjármagn að upphæð 3 milljarða króna til að bæta bændum að nokkru óverðtryggðan útflutning landbúnaðarafurða á yfirstandandi verðlagsári, og til að greiða fyrir sölu á þeim búvörubirgðum sem í of stórum mæli eru óseldar við upphaf nýs verðlagsárs.

   Fjárhæð þessi svarar til ⅔ hluta af þeirri tekjuskerðingu sem annars blasir við að bændur verði fyrir, ef ekkert er að gert.
2. Af framangreindri upphæð verði tveir milljarðar króna útvegaðir svo fljótt, að þeir komi til nota fyrir lok verðlagsársins, svo að Framleiðsluráð geti dregið verulega úr innheimtu þess verðjöfnunargjalds, sem þegar hefur verið ákveðið.

Jafnframt leiti ríkisstjórnin eftir því við Framleiðsluráð, að við innheimtu þess verðjöfnunargjalds, sem óhjákvæmilegt reynist að taka, verði notuð heimild í lögum til að innheimta mishátt framleiðslugjald eftir bústærð.

3. Ríkisstjórnin beini því til sláturleyfishafa og annarra söluaðila landbúnaðarins að þeir taki tillit til þess sérstaka vanda, sem nú er við að fást, og hækki endanlegt útborgunarverð til bænda vegna framleiðslu verðlagsársins 1978—1979, t. d. með því að fresta afskriftum.
4. Fjárútvegun þessi verði tengd aðgerðum til að koma skipulagi á framleiðslu landbúnaðarvara með það að markmiði að framleiðslan aðlagist sem best neysluþörfum þjóðarinnar.

Ingi Tryggvason.
Ásgeir Bjarnason.
Kjartan Ólafsson.
Steinþór Gestsson.
Jón Guðmundsson.

Fylgiskjal II.

Bókun á fundi Harðindanefndar 28. júlí 1979.

Við undirritaðir leggjum áherslu á, að þær aðgerðir, sem framkvæmdar verða til að aðlaga framleiðslu landbúnaðarvara sem best neysluþörfum þjóðarinnar, verði með þeim hætti, að þær valdi sem minnstri röskun á högum bænda, og verði við það miðaðar, að ekki þurfi að flytja inn landbúnaðarvörur.

Við erum því fylgjandi, að gerð verði áætlun til 5 ára til að ná þessum framleiðslumarkmiðum. Til að ná þeim viljum við leggja til að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar:

1. Á næstu 5 verðlagsárum verði útflutningsbótaréttur óbreyttur að verðgildi frá því sem er á þessu ári.
2. Fjármunir þeir, sem sparast kunna á næstu 5 árum vegna minnkaðrar framleiðslu, verði notaðir til að endurgreiða viðbótarútflutningsbætur þær, sem greiddar verða á verðlagsárunum 1978—1979 og 1979—1980, og til að aðstoða bændur við að aðlaga framleiðslu sína settum markmiðum.
3. Niðurgreiðslur á smjöri og dilkakjöti lækki ekki hlutfallslega á næsta verðlagsári.
4. Teknir verða upp samningar milli ríkisvaldsins og bænda um nánari framkvæmd þessara tillagna.

Ingi Tryggvason.
Jón Guðmundsson.
Ásgeir Bjarnason.
Kjartan Ólafsson.

Fylgiskjal III.

Bókun Steinþórs Gestssonar á fundi Harðindanefndar 28. júlí 1979.

Aðild undirritaðs að tillögum meiri hluta Harðindanefndar er við það miðuð, að viðbótarfjárveitingar ríkissjóðs verði ekki aflað með nýrri skattheimtu, heldur verði fjáröflun þannig:

a) Byggðasjóði verði gert að leggja fram einn milljarð króna á ári að hámarki, á næstu þremur árum, til greiðslu upp í þessa viðbótarfjárveitingu ríkissjóðs.
b) Á næstu þremur árum verði það fé, sem gengur af útflutningsbótum vegna minnkaðrar framleiðslu, látið ganga til greiðslu í sama skyni.
c) Beitt verði aðhaldsaðgerðum í opinberum rekstri og því fé, sem þannig sparast, beini ríkisstjórnin m. a. til þess að lækka framlag Byggðasjóðs.
d) Ríkissjóður greiði vexti og annan fjármagnskostnað.

Í öðru lagi legg ég áherslu á þá tillögu meiri hluta nefndarinnar, að sláturleyfishafar hækki endanlegt útborgunarverð til bænda vegna kindakjötsframleiðslunnar 1978 með því að endurgreiða af innheimtum sláturkostnaði kr. 12.00 af hverju kg kjöts, en það svarar til þess að afskriftum verði frestað um eitt ár og að dregið verði úr viðhaldskostnaði sem svarar kr. 6.00 á hvert kg kjöts.

Þessi aðgerð mundi minnka tekjuskerðingu bænda um því sem næst 185 milljónir króna, og með endurgreiðslu Búvörudeildar S.Í.S. og Osta- og smjörsölunnar, að þessu sinni, á hluta af umboðslaunum þeirra af útfluttum búvörum á árinu 1979, t. d. um 100 milljónir króna, væri af þessum aðilum tekið nokkurt tillit til þess vanda sem nú er við að fást.

Tillögur meiri hluta Harðindanefndar eru í samræmi við erindisbréf hennar einskorðaðar við vanda bænda vegna söluerfiðleika erlendis á umframframleiðslu landbúnaðarvara frá verðlagsárinu 1978—1979 og fyrri árum.

Líka verður það að teljast eðlilegra að Alþingi og ríkisstjórn fjalli um þau vandamál, sem upp kunna að koma um það leyti eða eftir að Alþingi kemur saman til funda.

Ég hef því ekki getað fallist á að nefndin gerði frekari tillögur en hér eru settar fram. Um ástand og horfur í haust eru enn of margir óvissuþættir til þess að tillögugerð geti orðið með raunsæjum hætti, þar sem tillögurnar hlytu að byggjast á getgátum að mestu leyti.

Steinþór Gestsson.

Sþ. 41. Nefndaskipun.

(101. löggjafarþing.)

Fastanefndir.

A.
Í sameinuðu þingi:

1. *Fjárveitinganefnd:*
   Pálmi Jónsson,
   Geir Gunnarsson,
   Eiður Guðnason,
   Þórarinn Sigurjónsson,
   Lárus Jónsson,
   Helgi F. Seljan,
   Finnur Torfi Stefánsson,
   Ellert B. Schram,
   Alexander Stefánsson.

2. *Utanríkismálanefnd:*
   Aðalmenn:
   Ragnhildur Helgadóttir,
   Árni Gunnarsson,
   Gils Guðmundsson,
   Einar Ágústsson,
   Friðjón Þórðarson,
   Karl Steinar Guðnason,
   Jónas Árnason.

   Varamenn:
   Geir Hallgrímsson,
   Finnur Torfi Stefánsson,
   Svava Jakobsdóttir,
   Ingvar Gíslason,
   Eyjólfur K. Jónsson,
   Jóhanna Sigurðardóttir,
   Kjartan Ólafsson.

3. *Atvinnumálanefnd:*
   Jón G. Sólnes,
   Björn Jónsson,
   Kjartan Ólafsson,
   Þórarinn Sigurjónsson,
   Friðrik Sophusson,
   Jóhanna Sigurðardóttir,
   Stefán Valgeirsson.

4. *Allsherjarnefnd:*
   Lárus Jónsson,
   Jónas Árnason,
   Gunnlaugur Stefánsson,
   Páll Pétursson,
   Ellert B. Schram,
   Ólafur Ragnar Grímsson,
   Bragi Níelsson.

5. *Kjörbréfanefnd:*
   Finnur Torfi Stefánsson,
   Friðjón Þórðarson,
   Eðvarð Sigurðsson,
   Einar Ágústsson,
   Gunnlaugur Stefánsson,
   Eyjólfur K. Jónsson,
   Jónas Árnason.

6. *Þingfararkaupsnefnd:*
   Sverrir Hermannsson,
   Garðar Sigurðsson,
   Árni Gunnarsson,
   Ingvar Gíslason,
   Friðjón Þórðarson,
   Stefán Jónsson,
   Eiður Guðnason.

B.
Í efri deild:

1. *Fjárhags- og viðskiptanefnd:*
   Jón G. Sólnes,
   Ólafur Ragnar Grímsson,
   Karl Steinar Guðnason,
   Jón Helgason,
   Eyjólfur K. Jónsson,
   Geir Gunnarsson,
   Björn Jónsson.

2. *Samgöngunefnd:*
Jón G. Sólnes,
Karl Steinar Guðnason,
Stefán Jónsson,
Jón Helgason,
Guðmundur Karlsson,
Bragi Níelsson,
Helgi F. Seljan.

3. *Landbúnaðarnefnd:*
Eyjólfur K. Jónsson,
Helgi F. Seljan,
Bragi Níelsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson,
Þorv. Garðar Kristjánsson,
Stefán Jónsson,
Karl Steinar Guðnason.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*
Oddur Ólafsson,
Björn Jónsson,
Stefán Jónsson,
Alexander Stefánsson,
Guðmundur Karlsson,
Karl Steinar Guðnason,
Geir Gunnarsson.

5. *Iðnaðarnefnd:*
Þorv. Garðar Kristjánsson,
Stefán Jónsson,
Björn Jónsson,
Jón Helgason,
Ragnhildur Helgadóttir,
Ólafur Ragnar Grímsson,
Bragi Níelsson.

6. *Félagsmálanefnd:*
Þorv. Garðar Kristjánsson,
Björn Jónsson,
Stefán Jónsson,
Alexander Stefánsson,
Guðmundur Karlsson,
Bragi Níelsson,
Ólafur Ragnar Grímsson.

7. *Heilbrigðis- og tryggingnefnd:*
Oddur Ólafsson,
Helgi F. Seljan,
Bragi Níelsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson,
Ragnhildur Helgadóttir,
Geir Gunnarsson,
Björn Jónsson.

8. *Menntamálanefnd:*
Ragnhildur Helgadóttir,
Bragi Níelsson,
Ólafur Ragnar Grímsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson,
Oddur Ólafsson,
Karl Steinar Guðnason,
Helgi F. Seljan.

9. *Allsherjarnefnd:*
Jón G. Sólnes,
Ólafur Ragnar Grímsson,
Bragi Níelsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson,
Eyjólfur K. Jónsson,
Jón Helgason,
Karl Steinar Guðnason.

C.
Í neðri deild:

1. *Fjárhags- og viðskiptanefnd:*
Matthías Á. Mathiesen,
Lúðvík Jósepsson,
Finnur Torfi Stefánsson,
Halldór E. Sigurðsson,
Ólafur G. Einarsson,
Kjartan Ólafsson,
Eiður Guðnason.

2. *Samgöngunefnd:*
Friðjón Þórðarson,
Árni Gunnarsson,
Garðar Sigurðsson,
Halldór E. Sigurðsson,
Sverrir Hermannsson,
Finnur Torfi Stefánsson,
Kjartan Ólafsson.

3. *Landbúnaðarnefnd:*
Pálmi Jónsson,
Eðvarð Sigurðsson,
Finnur Torfi Stefánsson,

Stefán Valgeirsson,
Eggert Haukdal,
Lúðvík Jósepsson,
Eiður Guðnason.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*
Matthías Bjarnason,
Eiður Guðnason,
Garðar Sigurðsson,
Páll Pétursson,
Sverrir Hermannsson,
Gunnlaugur Stefánsson,
Lúðvík Jósepsson.

5. *Iðnaðarnefnd:*
Gunnar Thoroddsen,
Kjartan Ólafsson,
Árni Gunnarsson,
Ingvar Gíslason,
Jósef H. Þorgeirsson,
Eðvarð Sigurðsson,
Gunnlaugur Stefánsson.

6. *Félagsmálanefnd:*
Gunnar Thoroddsen,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Eðvarð Sigurðsson,
Stefán Valgeirsson,
Eggert Haukdal,
Gunnlaugur Stefánsson,
Páll Pétursson.

7. *Heilbrigðis- og tryggingnefnd:*
Matthías Bjarnason,
Jónas Árnason,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Einar Ágústsson,
Jósef H. Þorgeirsson,
Garðar Sigurðsson,
Árni Gunnarsson.

8. *Menntamálanefnd:*
Ellert B. Schram,
Eiður Guðnason,
Svava Jakobsdóttir,
Ingvar Gíslason,
Ólafur G. Einarsson,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Jónas Árnason.

9. *Allsherjarnefnd:*
Matthías Á. Mathiesen,
Svava Jakobsdóttir,
Árni Gunnarsson,
Einar Ágústsson,
Friðrik Sophusson,
Gils Guðmundsson,
Jóhanna Sigurðardóttir.

Sþ.

42. Erindaskrá.

— Raðað eftir stafrófsröð. —

Aðflutningsgjöld af tölvu fyrir Bændaskólann á Hvanneyri. Magnús B. Jónsson fer fram á að fjvn. beiti sér fyrir að aðflutningsgjöld verði felld niður af tölvu sem starfsmenn Bændaskólans á Hvanneyri hyggjast gefa skólanum í tilefni 90 ára afmælis hans. — Bréf 25. maí. (Db. 7).

Aðflutningsgjöld og söluskattur af efni til dísilrafstöðvar fyrir Vestmannaeyjakaupstað. Rafveitustjórinn í Vestmannaeyjum fer fram á að heimilað verði skv. 6. gr. fjárl. 1980 að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni til dísilrafstöðvar ásamt tilheyrandi fyrir Vestmannaeyjakaupstað. — Bréf 21. sept. (Db. 163).

Aðgerðir Flugleiða hf. til að draga úr hallarekstri. Félag íslenskra atvinnuflugmanna vekur athygli á aðgerðum þeim er stjórn Flugleiða hf. hyggst framkvæma til þess að losa félagið við halla sem verið hefur á rekstri þess undanfarið. — Bréf í ágúst. (Db. 120).

Aðlögunargjald, sjá Ráðstöfun jöfnunargjalds og.

Aðstoð við þroskahefta. Bæjarstjórinn á Akranesi fer fram á framlag úr ríkissjóði skv. lögum um aðstoð við þroskahefta. — Bréf 13. ágúst. (Db. 101).

Afnám heimildar til sölu á tollfrjálsu áfengi og tóbaki í Norðurlandaferðum. Norræna bindindisráðið fer fram á að afnumin verði heimild til sölu á tollfrjálsu áfengi og tóbaki í ferðum milli Norðurlandanna. — Bréf 20. maí. (Db. 8).

Akranes, sjá: Aðstoð við þroskahefta, Bygging við Fjölbrautaskólann á.

Akureyri, sjá: Styrkur vegna reksturs Matthíasarhúss á, Styrkur til Náttúrugripasafnsins á, Styrkur til greiðslu launa garðyrkjuráðunautar á Norðurlandi, Styrkur til Zontaklúbbs.

Alþjóðaleiklistarsambandið, sjá Árgjöld Þjóðleikhússins.

Alþýðusamband Íslands, sjá Styrkur til.

Ari fróði, sjá Styrkur til Menningarfélags Staðarsveitar.

Atlantshafsbandalagsríki, sjá Þingmannasamtök Norður-.

Auðkúluhreppur, sjá Vetrarflutningar og snjóbílastyrkir 1.

Austur-Barðastrandarsýsla, sjá Vetrarflutningar og snjóbílastyrkir 2.

Austur-Eyjafjallahreppur, sjá Fyrirhleðslur í ár og varnir gegn ágangi vatna 1.

Ályktanir Evrópuráðs. Ritari Evrópuráðs sendir ýmsar ályktanir og skjöl varðandi fund þingmannasamtaka ráðsins sem haldinn var í maí. — Bréf 29. maí. (Db. 18).

Ályktanir Landssambands veiðifélaga.

1. Valgerður Bjarnadóttir sendir ályktun aðalfundar Landssambands veiðifélaga 11.—12. júní um fjárveitingu skv. fjárl. 1980 til fiskeldistilrauna og eflingar Fiskræktarsjóðs. — Bréf 20. júní. (Db. 31).
2. Valgerður Bjarnadóttir sendir ályktun aðalfundar Landssambands veiðifélaga 11.—12. júní, þar sem skorað er á fjárveitingavaldið að veita fé skv. fjárl. 1980 til greiðslu kostnaðar við stofnun útibús Veiðimálastofnunarinnar á Austurlandi. — Bréf 20. júní. (Db. 32).

Ályktanir þings Landssamtakanna Þroskahjálpar. Formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar sendir ályktanir landsþings samtakanna 22.—23. sept. — Bréf 26. sept. (Db. 240).

Árgjöld Þjóðleikhússins til Alþjóðaleiklistarsambandsins og Norræna leiklistarsambandsins. Menntmrn. sendir og mælir með erindi þjóðleikhússtjóra, sem fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 til greiðslu árgjalda fyrir aðild að Alþjóðaleiklistarsambandinu og Norræna leiklistarsambandinu. — Bréf 16. okt. (Db. 271).

Árnaðaróskir í tilefni 17. júní. Forseti þings Búlgaríu sendir árnaðaróskir í tilefni þjóðhátíðardagsins 17. júní. — Símskeyti 15. júní. (Db. 25).

Ásgeir Bjarnason, sjá Eftirlaun.
Ávarp þings Pólska alþýðulýðveldisins. Forseti þings Pólska alþýðulýðveldisins sendir ávarp þings alþýðulýðveldisins í tilefni þess, að 40 ár eru liðin frá upphafi síðari heimsstyrjaldarinnar. — Bréf 7. sept. (Db. 277).

Bandalag íslenskra leikfélaga, sjá Styrkur til.
Barnaverndarráð Íslands. Formaður Barnaverndarráðs Íslands sendir fjvn. kostnaðaráætlun Barnaverndarráðs Íslands fyrir árið 1980. — Bréf 11. sept. (Db. 161).
Belgía, sjá Þingmannasendinefnd frá.
Birgitte Hövring, sjá Styrkur til bókaforlags.
Bjargráðasjóður, sjá Styrkur til byggðarlaga vegna vorharðinda.
Bjarkarlundur, sjá Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu 1.
Blönduós, sjá: Bygging barnaheimilis á, Bygging íþróttamannvirkja á, Hafnargerðir og lendingarbætur 1.
Boð til forseta Sþ. í tilefni 1000 ára afmælis þings eyjarinnar Manar. Ritari þings Manar ritar forseta Sþ. bréf varðandi heimsókn hans til eyjarinnar í tilefni 1000 ára afmælis þingsins. — Bréf 13. júní. (Db. 41).
Bolungarvík, sjá Varanleg gatnagerð í þéttbýli 1.
Borgarnes, sjá: Bygging íþróttamannvirkja í, Byggingarframkvæmdir við grunnskólahús í, Styrkur til Hesteigendafélags, Styrkur til Listaverkasafns.
Bráðabirgðalánveitingar úr hafnabótasjóði. Samgrn. óskar eftir samþykki fjvn. til tiltekinna bráðabirgðalánveitinga úr hafnabótasjóði. — Bréf 5. okt. (Db. 251).
Brjánslækur, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 2.
Búnaðarfélag Íslands, sjá Byggingarframkvæmdir við Bændaskólann á Hólum.
Byggð og gisting, sjá Styrkur til að halda uppi.
Byggðasjóður, sjá Greiðsla vaxta og afborgana vegna grasköggla verksmiðju í Flatey í Mýrahreppi.
Bygging barnaheimilis (leikskóla) á Blönduósi. Sveitarstjóri Blönduóshrepps sendir fjvn. afrit af erindi til menntmrn. varðandi byggingu barnaheimilis (leikskóla) á Blönduósi. — Bréf 3. okt. (Db. 214).
Bygging barnaheimilis (leikskóla) á Hvammstanga. Sveitarstjórinn í Hvammstangahreppi fer fram á að veittar verði 4 millj. kr. skv. fjárl. 1980 vegna byggingar barnaheimilis (leikskóla) á Hvammstanga. — Bréf 5. maí. (Db. 227).
Bygging barnaheimilis (leikskóla) á Höfn í Hornafirði. Sveitarstjórinn í Hafnarhreppi fer fram á að veittar verði 26.6 millj. kr. vegna byggingar barnaheimilis (leikskóla) á Höfn í Hornafirði. — Bréf 6. okt. (Db. 229).
Bygging barnaheimilis (skóladagheimilis) í Hafnarfirði. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði sendir ljósrit af erindi til menntmrn. varðandi kaup og lagfæringu skóladagheimilis (barnaheimilis) að Kirkjuvegi 7 í Hafnarfirði. — Bréf 2. júlí. (Db. 52).
Bygging barnaheimilis (dagheimilis) í Neskaupstað. Bæjarstjórinn í Neskaupstað sendir afrit af erindi til menntmrn. varðandi fjárveitingu skv. fjárl. 1980 til greiðslu kostnaðar við byggingu barnaheimilis (dagheimilis) í Neskaupstað. — Bréf 28. júní. (Db. 79).
Bygging barnaskóla í Eiðahreppi. Oddviti Eiðahrepps fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna viðbyggingar við barnaskólann á Eiðum. — Bréf 20. júní. (Db. 29).
Bygging barnaskóla í Neskaupstað. Bæjarstjórinn í Neskaupstað sendir fjvn. afrit af erindi til menntmrn. varðandi ósk um fjárveitingu skv. fjárl. 1980 vegna barnaskólabyggingar í Neskaupstað. — Bréf 28. júní. (Db. 76).
Bygging barnaskóla í Svalbarðsstrandarhreppi. Oddviti Svalbarðsstrandarhrepps fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar barnaskóla í hreppnum. — Bréf 22. sept. (Db. 174).

Bygging dráttarbrautar á Húsavík. Bæjarstjórinn á Húsavík sendir fjvn. gögn varðandi byggingu dráttarbrautar á Húsavík. — Bréflaust. (Db. 237).

Bygging gagnfræðaskóla á Höfn í Hornafirði. Sveitarstjórinn í Hafnarhreppi fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar II. áfanga gagnfræðaskóla á Höfn í Hornafirði. — Bréf 6. okt. (Db. 231).

Bygging grunnskólahúss í Fáskrúðsfirði. Sveitarstjóri Búðahrepps í Fáskrúðsfirði fer fram á að veittar verði 34.2 millj. kr. skv. fjárl. 1980 vegna byggingar grunnskólahúss í Fáskrúðsfirði. — Bréf 6. okt. (Db. 233).

Bygging grunnskólahúss og skólastjóraíbúðar að Núpi í Dýrafirði. Oddviti Mýrahrepps fer fram á að veittar verði 10 millj. kr. skv. fjárl. 1980 vegna byggingar grunnskólahúss og skólastjóraíbúðar að Núpi í Dýrafirði. — Bréf 24. sept. (Db. 242).

Bygging heilsugæslustöðvar á Djúpavogi. Oddviti Búlandshrepps fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar heilsugæslustöðvar á Djúpavogi. — Bréf 17. sept. (Db. 153).

Bygging heilsugæslustöðvar á Fáskrúðsfirði. Sveitarstjóri Búðahrepps í Fáskrúðsfirði fer fram á að veittar verði 49 millj. kr. skv. fjárl. 1980 vegna byggingar heilsugæslustöðvar á Fáskrúðsfirði. — Bréf 6. okt. (Db. 232).

Bygging heilsugæslustöðvar á Hvammstanga. Stjórn Sjúkrahúss Hvammstanga fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar heilsugæslustöðvar á Hvammstanga. — Bréf 5. júní. (Db. 20).

Bygging heilsugæslustöðvar á Höfn í Hornafirði. Hermann Hansson fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar heilsugæslustöðvar á Höfn í Hornafirði. — Bréf 7. okt. (Db. 228).

Bygging heilsugæslustöðvar á Seyðisfirði. Bæjarstjórinn á Seyðisfirði sendir fjvn. afrit af erindi til heilbrrn. þar sem farið er fram á fjárveitingar skv. fjárl. 1980 vegna byggingar heilsugæslustöðvar, hjúkrunarheimilis og elliheimilis á Seyðisfirði. — Bréf 22. júní. (Db. 37).

Bygging heilsugæslustöðvar í Stykkishólmi.

1. Sveitarstjórinn í Stykkishólmi sendir fjvn. samrit af erindi til heilbrrn. varðandi fjárveitingu skv. fjárl. 1980 vegna heilsugæslustöðvar á staðnum. — Bréf 21. maí. (Db. 12).
2. Sveitarstjórinn í Stykkishólmi fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar heilsugæslustöðvar og læknisbústaðar í Stykkishólmi. — Bréf 2. okt. (Db. 194).

— Sjá einnig Bygging læknisbústaðar.

Bygging íþróttamannvirkja á Blönduósi.

1. Sveitarstjóri Blönduóshrepps fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar við íþróttahús og sundlaug á Blönduósi. — Bréf 25. sept. (Db. 180).
2. Sveitarstjóri Blönduóshrepps sendir fjvn. afrit af erindi til menntmrn. varðandi fjárveitingu skv. fjárl. 1980 vegna byggingar íþróttamannvirkja á Blönduósi. — Bréf 25. sept. (Db. 221).

Bygging íþróttamannvirkja á Hvammstanga.

1. Sveitarstjórinn í Hvammstangahreppi fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna framkvæmda við íþróttavöll á Hvammstanga. — Bréf 27. júní. (Db. 55).
2. Sveitarstjórinn í Hvammstangahreppi fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna sundlaugarbyggingar og byggingar íþróttahúss á Hvammstanga. — Bréf 27. júní. (Db. 56).

Bygging íþróttamannvirkja á Seyðisfirði. Bæjarstjórinn á Seyðisfirði sendir fjvn. afrit af erindi sínu til menntmrh., þar sem farið er fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar og endurbóta á íþróttamannvirkjum á Seyðisfirði. — Bréf 22. júní. (Db. 39).

Bygging íþróttamannvirkja á Tálknafirði. Oddviti Tálknafjarðarhrepps fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar íþróttamannvirkja á Tálknafirði svo og vegna hafnargerðar þar. — Bréf 5. okt. (Db. 275).

Bygging íþróttamannvirkja í Borgarnesi.

1. Sveitarstjórinn í Borgarnesi fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna framkvæmda við íþróttamannvirki í Borgarnesi. — Bréf í maí. (Db. 57).
2. Sveitarstjórinn í Borgarnesi fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1979 vegna byggingar vallarhúss við íþróttavöllinn í Borgarnesi. — Bréf í maí. (Db. 64).

Bygging íþróttamannvirkja í Grundarfirði. Sveitarstjórinn í Grundarfirði fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna ýmissa framkvæmda í Eyrarsveit, svo sem til byggingar íþróttamannvirkja, barnaheimilis, heilsugæslustöðvar og vegna hafnargerðar. — Bréf 8. okt. (Db. 225).

Bygging íþróttamannvirkja í Hafnarfirði. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði sendir ljósrit af erindi til menntmrn., þar sem farið er fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar íþróttamannvirkja við Víðistaðaskóla í Hafnarfirði. — Bréf 29. júní. (Db. 48).

Bygging íþróttamannvirkja í Stykkishólmi.

1. Sveitarstjórinn í Stykkishólmi sendir fjvn. afrit af erindi til menntmrn., þar sem farið er fram á tilteknar fjárveitingar vegna íþróttamannvirkja í Stykkishólmi. — Bréf 21. maí. (Db. 11).
2. Sveitarstjórinn í Stykkishólmi fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar íþróttamannvirkja í Stykkishólmi. — Bréf 2. okt. (Db. 195).

Bygging íþróttamannvirkja í Vestmannaeyjum. Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendir fjvn. afrit af erindi varðandi byggingu skipalyftu í Vestmannaeyjum. — Bréf 31. ágúst. (Db. 133).

Bygging íþróttamannvirkja í Vík í Mýrdal. Oddviti Hvammshrepps sendir fjvn. afrit af erindi til menntmrn. varðandi fjárveitingar skv. fjárl. 1980 vegna sundlaugarbyggingar í Vík í Mýrdal. — Bréf 17. ágúst. (Db. 156).

Bygging íþróttamannvirkja í Vogum. Sveitarstjórinn í Vatnsleysustrandarhreppi sendir fjvn. afrit af erindi sínu til menntmrn. varðandi fjárveitingu skv. fjárl. 1980 til sundlaugarbyggingar í Vogum. — Bréf 18. sept. (Db. 169).

Bygging íþróttamannvirkja við Hrafnagilsskóla. Byggingarnefnd Hrafnagilsskóla fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna áframhaldandi framkvæmda við íþróttamannvirki við skólann. — Bréf 30. maí. (Db. 14).

Bygging íþróttamannvirkja við Laugagerðisskóla á Snæfellsnesi. Formaður skólanefndar Laugagerðisskóla á Snæfellsnesi fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar íþróttahúss fyrir skólann. — Bréf 26. ágúst. (Db. 123).

Bygging kennaraíbúðar í Grímsey. Oddviti Grímseyjarhrepps fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna kennaraíbúðar í Grímsey. — Bréf 19. júlí. (Db. 91).

Bygging kennaraíbúðar í Vík í Mýrdal. Oddviti Hvammshrepps sendir fjvn. afrit af erindi sínu til menntmrn. varðandi byggingu kennaraíbúðar í Vík í Mýrdal. — Bréf 17. ágúst. (Db. 154).

Bygging læknisbústaðar í Stykkishólmi. Formaður byggingarnefndar heilsugæslustöðvar í Stykkishólmi fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar læknisbústaðar í Stykkishólmi. — Bréf 23. maí. (Db. 5).

Bygging skólastjórabústaðar í Vík í Mýrdal. Oddviti Hvammshrepps sendir fjvn. afrit af erindi til menntmrn. varðandi fjárveitingu skv. fjárl. 1980 vegna framkvæmda við skólastjórabústað í Vík í Mýrdal. — Bréf 17. ágúst. (Db. 155).

Bygging skólastjóraíbúðar fyrir Reykhólaskóla. Formaður skólanefndar Reykhólaskóla fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar íbúðar fyrir skólastjóra. — Bréf í júlí. (Db. 112).

Bygging skólastjóraíbúðar við Þverárhreppsskóla í Vestur-Húnavatnssýslu. Oddviti Þverárhrepps í Vestur-Húnavatnssýslu fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar skólastjóraíbúðar í hreppnum. — Bréf 14. júlí. (Db. 90).

Bygging Stóru-Vogaskóla. Sveitarstjórinn í Vatnsleysustrandarhreppi sendir fjvn. afrit af erindi sínu til menntmrn., þar sem farið er fram á fjárveitingu skv. fjárl. 1980 vegna lokafrágangs við Stóru-Vogaskóla. — Bréf 19. sept. (Db. 171).

Bygging sundlaugar í Staðarsveit. Oddviti Staðarsveitar fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar sundlaugar í Staðarsveit. — Bréf 2. okt. (Db. 239).

Bygging Vesturhópsskóla. Óskar E. Levy tilkynnir að hann hafi sent menntmrn. reikninga að upphæð 2 284 þús. kr. vegna byggingar Vesturhópsskóla og biður fjvn. að taka tillit til þess. — Bréf 2. okt. (Db. 213).

Bygging við Barnaskóla Selfoss. Bæjarstjórinn á Selfossi sendir fjvn. samrit af erindum til menntmrn., þar sem farið er fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar við Barnaskóla Selfoss. — Bréf 20. sept. (Db. 244).

Bygging við Fjölbrautaskólann á Akranesi. Fræðslustjóri Vesturlandsumdæmis sendir ályktun fræðsluráðs Vesturlands frá 1. okt. varðandi nauðsyn þess, að hafist verði handa við byggingu heimavistarskóla við Fjölbrautaskólann á Akranesi. — Bréf 4. okt. (Db. 219).

Byggingarframkvæmdir við Bændaskólann á Hólum. Stjórn Búnaðarfélags Íslands leggur áherslu á nauðsyn þess, að hafin verði bygging hesthúss við Bændaskólann á Hólum í Hjaltadal. — Bréf 20. sept. (Db. 157).

Byggingarframkvæmdir við grunnskólann að Laugum í Dalasýslu. Framkvæmdanefnd Laugaskóla fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna framkvæmda við grunnskólann að Laugum í Dalasýslu. — Bréf 12. sept. (Db. 141).

Byggingarframkvæmdir við grunnskólann í Borgarnesi. Sveitarstjórinn í Borgarnesi fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna viðbyggingar við grunnskólahúsið í Borgarnesi. — Bréf í maí. (Db. 58).

Byggingarframkvæmdir við Héraðsskólann að Laugum. Skólanefnd Héraðsskólans að Laugum fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingarframkvæmda við skólann. — Bréf 29. júlí. (Db. 97).

Byggingarframkvæmdir við Héraðsskólann að Núpi. Skólastjóri Héraðsskólans að Núpi fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar nýs kennsluhúsnæðis fyrir skólann. — Bréf 25. júlí. (Db. 99).

Byggingarframkvæmdir við Héraðsskólann í Reykholti. Forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins fer fram á að flýtt verði framkvæmdum við byggingu húsnæðis fyrir mötuneyti við Héraðsskólann í Reykholti. — Bréf ódagsett. (Db. 96).

Byggingarframkvæmdir við íþróttamannvirki í Neskaupstað.

1. Bæjarstjórinn í Neskaupstað sendir fjvn. afrit af erindi til menntmrn. varðandi fjárveitingu skv. fjárl. 1980 vegna framkvæmda við íþróttasvæði í Neskaupstað. — Bréf 28. júní. (Db. 77).
2. Bæjarstjórinn í Neskaupstað sendir fjvn. afrit af erindi sínu til menntmrn. varðandi fjárveitingu skv. fjárl. 1980 vegna framkvæmda við endurbætur á hitakerfi búningsklefa á íþróttasvæði. — Bréf 28. júní. (Db. 78).
3. Bæjarstjórinn í Neskaupstað sendir fjvn. tvö afrit af erindum til menntmrn. varðandi fjárveitingu skv. fjárl. 1980 vegna framkvæmda við íþróttahús í Neskaupstað. — Bréf 28. júní. (Db. 80).

Byggingarframkvæmdir við skólann á Syðra-Laugalandi í Eyjafirði. Oddviti Öngulsstaðahrepps fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar rotþróar við grunnskólann að Syðra-Laugalandi í Eyjafirði. — Bréf 26. sept. (Db. 243).

Byggingarframkvæmdir við Sólvang og heilsugæslustöð í Hafnarfirði. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði sendir ljósrit af erindi til heilbrrn. varðandi byggingu heilsugæslustöðvar og aukins húsakosts fyrir Sólvang. — Bréf 29. júní. (Db. 50).
Byggingarframkvæmdir við Öldutúnsskóla í Hafnarfirði. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði sendir ljósrit af erindi til menntmrn., þar sem farið er fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar 3. áfanga Öldutúnsskóla. — Bréf 29. júní. (Db. 49).
Bændaskólinn á Hólum, sjá Byggingarframkvæmdir við.
Bændaskólinn á Hvanneyri, sjá Aðflutningsgjöld af tölvu fyrir.

Djúpivogur, sjá: Bygging heilsugæslustöðvar á, Hafnargerðir og lendingarbætur 3, Vetrarflutningar og snjóbílastyrkir 3.
Drangur, sjá Flóabátaferðir 1.

Efnahagsmál, sjá Stjórn.
Eftirlaun Ásgeirs Bjarnasonar. Ásgeir Bjarnason fyrrv. alþm. sækir um eftirlaun úr Lífeyrissjóði alþingismanna frá og með 6. sept. — Bréf 16. ágúst. (Db. 117).
Eftirlaun og styrktarfé.
1. Tryggingastofnun ríkisins sendir skrá yfir þá eftirlaunaþega skv. fjárl. sem látist hafa á árinu 1979 (fram í september). — Bréf ódagsett. (Db. 258).
2. Elínbjörg Þorsteinsdóttir. Skólameistari Menntaskólans á Akureyri fer fram á að Elínbjörgu Þorsteinsdóttur fyrrum matselju við skólann verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1980. — Bréf 7. sept. (Db. 162).
3. Friðrik Árnason. Helgi F. Seljan, 3. þm. Austurl., fer fram á að Friðrik Árnasyni fyrrv. hreppstjóra á Eskifirði verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1980. — Bréf 1. okt. (Db. 186).
4. Svanbjörg Einarsdóttir. Svanbjörg Einarsdóttir fyrrv. lestrarsalsvörður Alþingis fer fram á að henni verði veitt eftirlaun skv. fjárl. — Bréf 10. okt. (Db. 211).
5. Sveinbjörn Egilsson. Sveinbjörn Egilsson fer fram á að honum verði veitt eftirlaun skv. fjárl. 1980. — Bréf 14. sept. (Db. 140).

Einar Jónsson, sjá Styrkur til Listasafns.
Einar Ól. Sveinsson, sjá Styrkur til.
Elínbjörg Þorsteinsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 2.
Ellilífeyrisgreiðslur til Soffíu Touvinu. Tryggingastofnun ríkisins sendir skjöl varðandi ellilífeyrisgreiðslur til Soffíu Touvinu. — Bréf 1. okt. (Db. 199).
Endurbætur á læknisbústað í Hveragerði. Sveitarstjóri Hveragerðishrepps sendir fjvn. samrit af erindi til heilbr.- og trmrn., þar sem farið er fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna endurbyggingar læknisbústaðar í Hveragerði o. fl. — Bréf 2. okt. (Db. 247).
Endurbætur og stækkun á félagsheimili Gaulverjabæjarhrepps. Oddviti Gaulverjabæjarhrepps fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna framkvæmda við endurbætur og stækkun á félagsheimili sveitarinnar. — Bréf 2. okt. (Db. 245).
Endurgreiðsla stimpilgjalda af afsali vegna b/v Haffara. Lárus Guðmundsson fer fram á að heimilað verði að endurgreiða stimpilgjöld af afsali vegna b/v Haffara SH-175 (ex Hafþór RE-75). — Bréf 5. júlí. (Db. 67).
Endurreisn Reykholtsstaðar. Snorri Þorsteinsson fer fram á f. h. skólanefndar Héraðsskólans í Reykholti og Reykholtsnefndar að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 til greiðslu kostnaðar við að gera verulegt átak til að auka veg og reisn Reykholts. — Bréf 23. júlí. (Db. 114).
Evrópuráð, sjá Ályktanir.

Fáskrúðsfjörður, sjá: Bygging Heilsugæslustöðvar á, Hafnargerðir og lendingarbætur 4.
Ferðaleikhúsið, sjá Styrkur til.
Ferðaskrifstofa ríkisins, sjá Byggingarframkvæmdir við Héraðsskólann í Reykholti.
Félag íslenskra atvinnuflugmanna, sjá Aðgerðir Flugleiða hf. til að draga úr hallarekstri.
Félag íslenskra auglýsingateiknara, sjá Styrkur til.
Félagsmálaráðuneyti, sjá Vinnumálaskrifstofa innan.
Félagssamtökin Vernd, sjá Styrkur til.
Fiskræktarsjóður, sjá Ályktanir Landssambands veiðifélaga 1.
Fjárfestingarframkvæmdir á Húsavík. Bæjarstjórinn á Húsavík sendir umsóknir um fjárveitingar skv. fjárl. 1980 vegna ýmissa framkvæmda á Húsavík. — Bréf 18. maí. (Db. 6).
Fjárfestingarframkvæmdir í Hólmavíkurhreppi. Oddviti Hólmavíkurhrepps fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna tiltekinna fjárfestingarframkvæmda á Hólmavík, svo sem hafnargerðar, byggingar heilsugæslustöðvar og byggingar barnaheimilis o. fl. — Bréf 1. okt. (Db. 190).
Fjárfestingarframkvæmdir í Höfðahreppi. Sveitarstjórinn í Höfðahreppi fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna byggingar dráttarbrautar, lagfæringar á hafnaraðstöðu, byggingar grunnskólahúss og endurnýjunar og breytinga á heilsugæslustöð. — Bréf 1. okt. (Db. 250).
Fjárfestingarframkvæmdir í Mosfellshreppi. Sveitarstjórinn í Mosfellshreppi fer fram á tilteknar fjárveitingar skv. fjárl. 1980 vegna ýmissa fjárfestingarframkvæmda í hreppnum. — Bréf 3. okt. (Db. 197).
Fjárfestingarframkvæmdir í Neshreppi utan Ennis. Sveitarstjórinn í Neshreppi utan Ennis fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna skólabyggingar á Hellissandi, vegna byggingar íþróttamannvirkja þar svo og vegna byggingar barnaskóla (leikskóla). Jafnframt sendir hann afrit af bréfi til þingmanna Vesturlandskjördæmis, þar sem farið er fram á aðstoð þeirra við útvegun fjár til annarra framkvæmda, svo sem hafnarframkvæmda o. fl. — Bréf 5. okt. (Db. 224).
Fjárfestingarframkvæmdir í Ólafsfirði.
1. Bæjarstjórinn á Ólafsfirði fer fram á tilteknar fjárveitingar skv. fjárl. 1980 vegna fjárfestingarframkvæmda í Ólafsfirði. — Bréf 22. maí. (Db. 9).
2. Bæjarstjórinn á Ólafsfirði fer fram á að tilteknar fjárhæðir verði veittar skv. fjárl. 1980 vegna ýmissa fjárfestingarframkvæmda í kaupstaðnum. — Bréf 1. okt. (Db. 196).

Fjárfestingarframkvæmdir í Ólafsvík. Sveitarstjórinn í Ólafsvík sendir fjvn. afrit af erindum til ýmissa ráðuneyta, þar sem farið er fram á fjárveitingar skv. fjárl. 1980 vegna skólabygginga, byggingar íþróttamannvirkja, heilsugæslustöðvar o. fl. í Ólafsvík. — Bréf 31. maí. (Db. 19).
Fjárfestingarframkvæmdir í Patrekshreppi. Sveitarstjóri Patrekshrepps fer fram á tilteknar fjárveitingar skv. fjárl. 1980 vegna ýmissa fjárfestingarframkvæmda í hreppnum. — Bréf 24. sept. (Db. 175).
Fjárfestingarframkvæmdir í Presthólahreppi. Oddviti Presthólahrepps fer fram á tilteknar fjárveitingar skv. fjárl. 1980 vegna ýmissa framkvæmda í hreppnum. — Bréf 25. júní. (Db. 43).
Fjárfestingarframkvæmdir í Suðureyrarhreppi. Oddviti Suðureyrarhrepps setur fram óskir um fjárveitingar skv. fjárl. 1980 vegna framkvæmda í Suðureyrarhreppi. — Bréf í ágúst. (Db. 106).
Fjárlög 1980.
1. Háskóli Íslands. Menntmrn. sendir erindi Háskóla Íslands ásamt fskj. varðandi rekstrarfjárveitingar skv. fjárl. 1980 til Háskólans. — Bréf 17. sept. (Db. 147).

2. Náttúrufræðistofnun Íslands. Forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands fer fram á að leiðrétt verði í frv. til fjárl. ársins 1980 áætlun um 3 millj. kr. tekjur stofnunarinnar því hún hefur engar raunverulegar tekjur. — Bréf 26. sept. (Db. 173).
3. Rannsóknaráð ríkisins. Rannsóknaráð ríkisins sendir fjvn. skjöl varðandi fjárveitingabeiðnir rannsóknastofnana atvinnuveganna vegna fjárl. 1980 svo og langtímaáætlun ráðsins. — Bréf 4. júlí. (Db. 65).

Fjármálaráðuneyti, sjá: Leigumál Þorgeirs Þorgeirssonar 2, 4, Vonarstræti 12 afhent Alþingi.

Fjárveitingar til Menntastofnunar Bandaríkjanna á Íslandi. Menntmrn. sendir erindi formanns stjórnar Menntastofnunar Bandaríkjanna á Íslandi, þar sem farið er fram á að fjárveiting skv. fjárl. 1980 hækki verulega frá því sem verið hefur. — Bréf 9. okt. (Db. 212).

Fjárveitingar vegna heilbrigðismála á Ísafirði. Bæjarstjórinn á Ísafirði sendir fjvn. afrit af erindi sínu til heilbrrn., þar sem farið er fram á tilteknar fjárveitingar skv. fjárl. 1980 vegna heilbrigðismála. — Bréf í júní. (Db. 44).

Fjárveitingar vegna Iðnskóla Austurlands og Fjölbrautaskólans í Neskaupstað. Bæjarstjórinn í Neskaupstað sendir fjvn. afrit af erindi til menntmrn. varðandi fjárveitingar skv. fjárl. 1980 vegna Iðnskóla Austurlands og Fjölbrautaskólans í Neskaupstað. — Bréf 10. júlí. (Db. 81).

Fjórðungssamband Vestfirðinga. Framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga sendir skjöl varðandi málefni þau sem rædd voru á fundi framkvæmdastjóra og formanns sambandsins með fjvn. 8. okt. — Bréflaust. (Db. 222).

Flateyri, sjá Vetrarflutningar og snjóbílastyrkir 4.

Flóabátaferðir. Norðurlandsbátur. Steindór Kr. Jónsson sendir rekstrar- og efnahagsreikning Flóabátsins Drangs hf. fyrir árið 1978 svo og rekstraráætlun fyrir árið 1979. — Bréflaust. (Db. 82).

Flókalundur, sjá Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu 1—2.

Flóttamannavandamál Suðaustur-Asíu. Peter Leung ritar forseta Sþ. bréf varðandi flóttamannavandamál Suðaustur-Asíu. — Bréf 7. júlí. (Db. 75).

Flugfélag Austurlands, sjá Styrkur til.

Flugfélag Norðurlands, sjá Styrkur til.

Flugfélagið Ernir hf., sjá Styrkur til.

Flugstöðvarbygging á Keflavíkurflugvelli. Utanrrh. sendir skýrslu um flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli. — Bréf 10. okt. (Db. 207).

Flutningur á safni Jóns Sigurðssonar til Hrafnseyrar við Arnarfjörð. Þjóðminjavörður mótmælir þeirri hugmynd að flytja safn Jóns Sigurðssonar að Hrafnseyri við Arnarfjörð. — Bréf 31. júlí. (Db. 129).

Fóstureyðingar, sjá Ráðgjöf og fræðsla.

Framkvæmdasjóður, sjá Yfirtaka hafnabótasjóðs.

Framkvæmdastofnun ríkisins, sjá Hagkvæmni í flutningum.

Framleiðsluráð landbúnaðarins. Stéttarsamband bænda sendir afrit af erindi til fjmrh. varðandi útvegun fjár til Framleiðsluráðs landbúnaðarins. — Bréf ódagsett. (Db. 215). — Sjá einnig Nýbyggingargjald af útihúsum.

Friðjón Þórðarson, sjá Hafnargerðir og lendingarbætur 5.

Friðrik Árnason, sjá Eftirlaun og styrktarfé 3.

Fuglabændur, sjá Styrkur til Samtaka.

Fyrirhleðslur í ár og varnir gegn ágangi vatna.

1. Austur-Eyjafjallahreppur. Oddviti Austur-Eyjafjallahrepps fer fram á að veittar verði 5 millj. kr. skv. fjárl. 1980 til greiðslu kostnaðar við að hefta ágang vatna og fyrirhleðslur í ár í hreppnum. — Bréf 10. sept. (Db. 132).
2. Kolgríma. Ragnar Sigfússon fer fram á að veittur verði styrkur skv. fjárl. 1980 vegna fyrirhleðslu í ánni Kolgrímu í Borgarhafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu. — Bréf 1. okt. (Db. 201).
3. Markarfljót. Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 til greiðslu kostnaðar við fyrirhleðslur og varnargarða við Markarfljót. — Bréf 28. sept. (Db. 202).
4. Þjórsá. Átta bændur í Skeiðahreppi í Árnessýslu fara fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna fyrirhleðslu í Þjórsá fyrir landi jarða þeirra. — Bréf í sept. (Db. 182).

Garðyrkjuráðunautur á Norðurlandi, sjá Styrkur til greiðslu launa.
Gaulverjabæjarhreppur, sjá Endurbætur og stækkun á félagsheimili.
Gestur hf., sjá Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu 1.
Golfklúbburinn Leynir, sjá Styrkur til.
Grasögglaverksmiðja í Flatey í Mýrahreppi, sjá Greiðslur vaxta og afborgana vegna.
Greiðslur vaxta og afborgana vegna grasögglaverksmiðju í Flatey í Mýrahreppi. Stjórn Byggðasjóðs sendir fjvn. afrit af erindi sínu til Landnáms ríkisins varðandi greiðslur vaxta og afborgana af bráðabirgðalánum vegna grasögglaverksmiðju í Flatey í Mýrahreppi. — Bréf 7. júní. (Db. 17).
Grímsey, sjá Bygging kennaraíbúðar í.
Grundarfjörður, sjá Bygging íþróttamannvirkja í.
Grunnskólar, sjá Niðurskurður.
Guðmundur Böðvarsson, sjá Styrkur til Minningarsjóðs.
Gufudalshreppur, sjá Skólabygging í.

Haffari, sjá Endurgreiðsla stimpilgjalda af.
Hafnabótasjóður, sjá: Bráðabirgðalánveitingar úr, Yfirtaka á skuldbindingum ýmissa Vestfjarðahafna.
Hafnarfjörður, sjá: Bygging barnaheimilis í, Bygging íþróttamannvirkja í, Byggingarframkvæmdir við Sólvang og heilsugæslustöð í, Byggingarframkvæmdir við Öldutúnsskóla í, Sjóvarnargarðar og varnir gegn ágangi sjávar 1, Styrkur vegna byggingarframkvæmda við Hrafnistu í Hafnarfirði 1, Sundlaugarbygging í.
Hafnargerðir og lendingarbætur.

1. Blönduós. Sveitarstjórinn í Blönduóshreppi sendir fjvn. afrit af erindi til vita- og hafnamálastjórnar um hafnamál á Blönduósi. — Bréf 17. sept. (Db. 218).
2. Brjánslækur við Breiðafjörð. Formaður Flóabátsins Baldurs hf. sendir ályktun aðalfundar hlutafélagsins 12. ágúst, þar sem skorað er á fjvn. að láta endurbæta bryggjuna á Brjánslæk og aðra hafnaraðstöðu við Breiðafjörð. — Bréf ódagsett. (Db. 179).
3. Djúpivogur. Oddviti Búlandshrepps fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna hafnargerðar á Djúpavogi. — Bréf 17. sept. (Db. 149).
4. Fáskrúðsfjörður. Sveitarstjóri Búðahrepps í Fáskrúðsfirði fer fram á að veittar verði 115 millj. kr. vegna hafnarframkvæmda í Fáskrúðsfirði. — Bréf 6. okt. (Db. 234).

5. Hjallanes á Fellsströnd. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl., fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna endurbóta á bryggjunni í Hjallanesi á Fellsströnd. — Bréf 31. júlí. (Db. 113).
6. Hvammstangi. Sveitarstjórinn á Hvammstanga fer fram á að veittar verði 30 millj. kr. skv. fjárl. 1980 vegna Hvammstangahafnar. — Bréf 3. okt. (Db. 226).
7. Höfn í Hornafirði. Sveitarstjóri Hafnarhrepps fer fram á að veittar verði 130 millj. kr. skv. fjárl. 1980 vegna hafnarframkvæmda á Höfn í Hornafirði. — Bréf 6. okt. (Db. 230).
8. Ísafjörður. Bæjarstjórinn á Ísafirði sendir fjvn. afrit af erindi sínu til samgrn., þar sem farið er fram á tilteknar fjárveitingar skv. fjárl. 1980 vegna hafnarframkvæmda á Ísafirði. — Bréf í júní. (Db. 46).
9. Seyðisfjörður. Bæjarstjórinn á Seyðisfirði sendir fjvn. afrit af erindi til samgrh., þar sem farið er fram á fjárveitingu skv. fjárl. 1980 vegna bryggjusmíði á Seyðisfirði. — Bréf 22. júní. (Db. 38).
10. Samgrn. sendir fjvn. erindi bæjarstjórans á Seyðisfirði varðandi óhapp við hafnarframkvæmdir á Seyðisfirði á s. l. ári og óskar jafnframt eftir samþykkt fjvn. til tiltekinna ráðstafana vegna þess. — Bréf 25. júlí. (Db. 105).
11. Stykkishólmur. Sveitarstjórinn í Stykkishólmi sendir fjvn. samrit af erindi sínu til samgrn. varðandi fjárveitingu skv. fjárl. 1980 vegna Stykkishólmshafnar. — Bréf 21. maí. (Db. 13).
12. Sveitarstjórinn í Stykkishólmi fer fram á að veitt verði fé skv. fjárl. 1980 vegna tiltekinna hafnarframkvæmda í Stykkishólmi. — Bréf 2. okt. (Db. 193).
13. Súðavík. Oddviti Súðavíkurhrepps sendir fjvn. samrit af erindi til Vita- og hafnamálaskrifstofunnar varðandi hafnarframkvæmdir í Súðavík. — Bréf 28. sept. (Db. 192).
14. Vatnsleysustrandarhreppur. Sveitarstjórinn í Vatnsleysustrandarhreppi sendir fjvn. afrit af erindi til Vita- og hafnamálaskrifstofunnar varðandi fjárveitingu skv. fjárl. 1980 vegna hafnarframkvæmda í hreppnum. — Bréf 18. sept. (Db. 168).

— Sjá einnig Bráðabirgðalán úr hafnabótasjóði.

Hafþór, sjá Endurgreiðsla stimpilgjalda af afsali.

Hagkvæmni í flutningum. Framkvæmdastofnun ríkisins sendir boð frá Norrænu nefndinni um hagkvæmni í flutningum til ráðstefnu um menntun á þessu sviði. — Bréflaust. (Db. 185).

Hallarekstur Flugleiða hf., sjá Aðgerðir til að draga úr.

Háskóli Íslands, sjá Fjárlög 1980 1.

Heilsugæslustöð í Kópavogi, sjá Styrkur vegna.

Heilsugæslustöðvar, sjá Bygging.

Heimilisiðnaðarfélag Íslands, sjá Styrkur til.

Heimsókn þýskra sveitarstjórnarmanna. Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga fer fram á að fá að heimsækja Alþingi 12. júní með hóp þýskra sveitarstjórnarmanna sem hér verða í heimsókn. — Bréf 22. maí. (Db. 3).

Helgi F. Seljan, sjá Eftirlaun og styrktarfé 3.

Hellissandur, sjá Fjárfestingarframkvæmdir í Neshreppi utan Ennis.

Héraðsskólinn að Laugum, sjá Byggingarframkvæmdir við.

Hið íslenska kennarafélag, sjá Styrkur til.

Hitaveituskattur, sjá Skattur á notendur hitaveitna.

Hólmavík, sjá Fjárfestingarframkvæmdir á.

Hrafnagilsskóli, sjá Bygging íþróttamannvirkja við.

Hrafnista í Hafnarfirði, sjá Styrkur vegna byggingarframkvæmda við.

Hraungerðishreppur, sjá Skólabygging í.

Húsavík, sjá: Bygging dráttarbrautar á, Fjárfestingarframkvæmdir á.
Húsnæðismálastofnun, sjá Lánveitingar vegna íbúða í stað heilsuspillandi húsnæðis.
Hvammstangi, sjá: Bygging barnaheimilis á, Bygging heilsugæslustöðvar á, Bygging íþróttamannvirkja á, Hafnargerðir og lendingarbætur 6, Styrkur vegna breytinga á Sjúkrahúsi, Stækkun grunnskólahúss.
Hveragerði, sjá: Endurbætur á læknisbústað í, Varanleg gatnagerð í þéttbýli 2—3.
Höfðahreppur, sjá Fjárfestingarframkvæmdir í.
Höfn í Hornafirði, sjá: Bygging barnaheimilis á, Bygging gagnfræðaskóla á, Bygging heilsugæslustöðvar á, Hafnargerðir og lendingarbætur 7, Styrkur vegna rannsókna á Hornafjarðarósi, Vetrarflutningar og snjóbílastyrkir 3.
Hörður Guðmundsson, sjá Styrkur til flugfélagsins Ernir hf.

Iðnaðarráðuneyti, sjá Ráðstöfun jöfnunargjalds og aðlögunargjalds.
Iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, sjá Tollfrjálst.
Ísafjörður, sjá: Fjárveitingar vegna heilbrigðismála á, Hafnargerðir og lendingarbætur 8, Skólabyggingar á, Styrkur vegna byggingar leiguíbúða á.
Íslensk málnefnd.
1. Stjórn Samtaka móðurmálskennara sendir fjvn. afrit af ályktun samtakanna um Íslenska málnefnd. — Bréf 13. sept. (Db. 142).
2. Stjórn Samtaka móðurmálskennara sendir ályktun samtakanna um Íslenska málnefnd. — Bréf 13. sept. (Db. 143—144).

Íslenski refurinn, sjá Styrkur vegna rannsókna á atferli og vistfræði.
Íþróttamannvirki, sjá Bygging.

Jöfnunargjald, sjá Ráðstöfun.
Jökull, tímarit, sjá Styrkur til.

Karvel Pálmason, sjá Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu 2.
Keflavíkurflugvöllur, sjá: Flugstöðvarbygging á, Tollfrjálst iðnaðarsvæði.
Kjördæmamálið. Sveitarstjóri Mosfellshrepps sendir ályktun hreppsnefndar Mosfellshrepps frá 10. okt. um kjördæmamálið. — Bréf 11. okt. (Db. 266).
Kolgríma, sjá Fyrirhleðslur í ár og varnir gegn ágangi vatna 2.
Kópavogur, sjá: Skattur á notendur hitaveitna, Styrkur vegna heilsugæslustöðvar í.
Krabbameinsfélag Íslands, sjá Styrkur til.
Kristín Magnús Guðbjartsdóttir, sjá Styrkur til Ferðaleikhússins.
Kvenfélagasamband Íslands, sjá Styrkur til.
Kvennasögusafn Íslands, sjá Styrkur til.
Kvikmyndagerð, sjá Styrkur vegna íslenskrar.

Landmælingar Íslands, sjá Styrkur til.
Landspítalinn, sjá Ráðning sérfræðinga.
Landssamband veiðifélaga, sjá Ályktanir.
Landsvirkjun, sjá Lántökuheimild.
Landvernd — landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands, sjá Styrkur til.
Laugagerðisskóli, sjá Bygging íþróttamannvirkja við.
Laugaskóli í Dalasýslu, sjá Byggingarframkvæmdir við grunnskólann að Laugum í Dalasýslu.
Lántökuheimild fyrir Landsvirkjun. Aðstoðarframkvæmdastjóri Landsvirkjunar æskir heimildar fjvn. til lántöku fyrir fyrirtækið, en lánið á að ganga til greiðslu eldri lána þess. — Bréf 4. sept. (Db. 124).

